Alþingi sett og fyrsti fundur í sameinuðu þingi. Ár 1897, hinn 1. dag júlímánaðar, var hið 14. löggefandi alþingi sett í Reykjavík. Fyrst söfnuðust alþingismenn ásamt landshöfðingja Magnúsi Stephensen saman í alþingishúsinu og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni. — Þingm. Barðstrendinga, Sigurður prófastur Jensson, prjedikaði.

Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aptur í þinghúsið og inn í þingsal neðri deildar. Lanbshöfðingi gekk því næst til forsetasætis og las upp skipun konungs til sín um að setja þingið svo hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum allramildilegast þjer sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi vald til að setja hið reglulega alþingi, er kemur saman fimmtudaginn 1. júlímánaðar næstkomanda og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hjermeð fylgir og dagsettur er í dag.

Þetta er vilji vor!

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 21. maí 1897.

Uudir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

Til Vors elskulega herra Magnúsar Stephensens kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi.

Að því búnu kvaðst landshöfðingi samkvæmt því valdi, er honum þannig allramildilegast væri veitt, lýsa því yfir, að

alþingi Íslendinga væri sett.

Stóð þá upp þingm. Norður-Þingeyinga, Benedikt Sveinsson og mælti:

„Lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi!“ og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Því næst las landshöfðingi upp boðskap konungs til alþingis svo hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora konunglega kveðju!

Vjer þökkum hjartanlega fyrir hinar góðu óskir til handa Oss og Vorri konunglegu ætt, er neðri deild alþingis hefur tjáð Oss í ávarpi til Vor, og Vjer metum mjög mikils hollustu þá, er þar og svo opt áður hefur komið fram við Oss af hálfu alþingis.

Vjer höfum mjög alvarlega hugleitt þingsályktanir þær, er báðar deildir alþingis hafa samþykkt og mælt er fram með í ávarpinu til Vor, þar er skorað er á stjórn Vora að koma til leiðar mikilvægum breytingum á stjórnarfyrirkomulagi hinna sjerstöku íslenzku mála, en Vjer höfum eigi sjeð Oss fært að taka þær til greina, og eru til þess þær ástæður, er ráðgjafi Vor fyrir Ísland mun skýra frá á öðrum stað.

Hins vegar mun alþingi í ýmsum lagafrumvörpum, er nú verða fyrir það lögð, mega sjá vott um tilraunir Vorar og stjórnar Vorrar, til þess í samvinnu við þingið að efla og vernda atvinnuvegi Íslands, bæta samgöngur þess og gæta heilbrigðis almenn-

ings og einstaklinga og vinna þannig að framförum í þeim greinum, er mest um varðar fyrir landið nú um stundir.

Oss hefur verið það sönn ánægja að taka eptir þeim framförum, er orðið hafa þegar í þessum greinum á síðustu áratugum, og er það von Vor, að sá apturkippur, er hætt er við, að hinir skaðvænu jarðskjálptar síðastliðið haust kunni að hafa í för með sjer fyrir þau svæði, er þeir gengu yfir, reynist skammvinnur.

Með innilegri ósk um að starfi alþingis verði landinu til hamingju og blessunar heitum Vjer því hylli Vorri og konunglegri mildi

Ritað á Amalíuborg 21. maí 1897.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Rump.

Boðskapur konungs til alþingis.

Allir þingmenn voru komnir til þings og voru þeir þessir:

A. Konungkjörnir:

L. E. Sveinbjörnsson, 1. kgk. þm.
Hallgrímur Sveinsson 2. kgk. þm.
Kristján Jónsson 3. kgk. þm.
Árni Thorsteinsson 4. kgk. þm.
Jón A. Hjaltalín 5. kgk. þm.
Þorkell Bjarnason 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir:

Benedikt Sveinsson, þm, N.-Þingeyinga.
Björn Sigfússon, 1. þm. Húnvetninga.
Einar Jónsson, 1 þm. Norður-Múlasýslu.
Eiríkur Gíslason, þm. Snæfellinga.
Guðjón Guðlaugsson, þm. Strandamanna.
Guðl. Guðmundsson, þm. V.-Skaptfellinga.
Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múlasýslu.
Halldór Daníelsson, þm. Mýramanna.
Jens Pálsson, þm. Dalamanna.
Jón Jakobsson, 2. þm. Skagfirðinga.
Jón Jensson, þm. Reykvíkinga.
Jón Jónsson, þm. A.-Skaptfellinga.
Jón Jónsson 2. þm. Eyfirðinga.
Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múlasýslu.
Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbr.- og Kjósars.
Klemens Jónsson, 1. þm. Eyfirðinga.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þingeyinga.
Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga.
Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-Múlasýslu.
Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.
Skúli Thoroddsen, 2. þm. Ísfirðinga.
Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Árnesinga.
Valtýr Guðmundsson, þm. Vestm.eyinga.
Þórður Guðmundsson, 2. þm. Rangvellinga.
Þórður Thoroddsen, 1. þm. Gullbr.- og Kj.s.
Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgfirðinga.
Þorlákur Guðmundsson, 2. þm. Árnesinga.
Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.

Þá settist elzti þingmaðurinn Sighvatur Árnason 1. þm. Rangæinga eptir áskorun landshöfðingja í forsetasæti, þangað til kosinn væri forseti hins sameinaða þings og kvaddi sjer til aðstoðar, sem skrifara Sigurð Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga og Þorleif Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.

Því næst var kosinn forseti hins sameinaða alþingis og hlaut kosningu:

Hallgrímur Sveinsson, 2. kgk. þm. með 18 atkv.

Gekk hann þá til forsetasætis.

Þá var gengið til kosninga á vara-forseta hins sameinaða alþingis og fór hún svo, að

Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga fjekk 14 atkv. og Sigurður Gunnarsson, 1. þm. S.-Múlasýslu 8 atkv. og 6 þingmenn þaðan af færri atkv.

Þar eð enginn þeirra hafði nægan atkvæðafjöld , var aptur kosið og hlaut þá kosningu:

Ólafur Briem með 19 atkv.

Þá voru kosnir skrifarar og hlutu kosningu:

Sig. Stefánsson, 1. þm. Ísf. með 32 atkv. og Þorl. Jónsson, 2. þm. Húnv. með 23 atkv.

Fyrsti fundur í efri deild, fimmtudaginn 1. júlí, kl. 1 e. h. — Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum eptir fyrirmælum þingskapanna tók efri deild alþingis sjer sæti í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir mættir:

A. Konungkjörnir:

1. L. E. Sveinbjörnsson, 1. kgk. þm.
2. Hallgrímur Sveinsson, 2. kgk. þm.
3. Kristján Jónsson, 3. kgk. þm.
4. Árni Thorsteinsson, 4. kgk. þm.
5. Jón A. Hjaltalín, 5. kgk. þm.
6. Þorkell Bjarnason, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir:

1. Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múlas.
2. Jón Jakobsson, 2. þm. Skagfirðinga.
3. Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múlasýslu.
4. Sigurður Jensson, þm. Barðstrendinga.
5. Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.
6. Þorleifur Jónsson, 2. þm. Húnvetninga.

Elzti þingmaður deildarinnar, Árni Thorsteinsson, 4 kgk. þm., stýrði forsetakosningu og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara Jón Hjaltalín 5. kgk. þm. og Jón Jakobsson 2. þm. Skagfirðinga. — Forseti var kosinn *Árni Thorsteinsson*, 4. kgk. þm., með 10 atkv. Síðan gekkst hann fyrir kosningu varaforseta deildarinnar og var kosinn L. E. Sveinbjörnsson, 1. kgk. þm., með 10 atkv.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar og hlutu kosningu:

Jón A. Hjaltalín með 10 atkv. og
Þorleifur Jónsson — 10 —

Annar fundur, föstudaginn 2. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Landshöfðingi lagði fram þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frv. til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl.
2. — — — — að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.
3. Frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.
4. — — — — breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki.
5. — — — — nýbýli.
6. — — — — undirbúning verðlagsskráa.
7. — — — — sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.
8. — — — — uppreist á æru án konungsúrskurðar.
9. — — — — breyting á lögum 16. sept. 1893 um hafnsögugjald í Reykjavík.
10. — — — — heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar.
11. — — — — lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi.

Þriðji fundur, laugardag 3. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um aðra skipun læknahjeraða o. fl.; 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje valin til að íhuga þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Sigurður Jensson með 8 atkv.
Jón A. Hjaltalín — 8 —
Þorkell Bjarnason — 7 —
Þorleifur Jónsson — 7 —
Guttormur Vigfúss. — 6 —

Frv. til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað; 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd sje valin til að íhuga þetta mál.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 7 atkv. gegn 2 og í hana kosnir:

Hallgrímur Sveinsson með 8 atkv.

L. E. Sveinbjörnsson — 7 —

og með hlutkesti milli Guttorms Vigfússonar og Jóns Jónssonar:

Guttormur Vigfússon.

Frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum: 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg býst við því, að h. þingmenn hafi kynnt sjer frv. þetta og hafi gefið því gætur, að það að sumu leyti skerpir ákvarðanir laganna frá 10. nóv. 1894, en að sumu leyti linar ákvarðanir sömu laga.

Linunin er einkum fólgin í því, að hæstu sektarákvarðanir eru færðar niður úr 10,000 kr. í 4000. En breyting þessi hefur í rauninni litla þýðingu; það hefur aldrei komið fyrir enn, að svo háum sektum hafi verið beitt og getur naumast komið fyrir.

Annað breytingaratriði í þessum nýju lögum er það, að heimilað er botnvörpuskipunum að fara til veiðistöðva gegnum sundið milli Vestmannaeyja og meginlands og milli Reykjaness og Fuglaskerja, þótt í landhelgi sje. Bannið eptir hinum eldri lögum er svo skarpt, að það kemur í bága við alþjóðlegan rjett, sem viðurkenndur er, enda þótt um þau skip sje að ræða, er stunda atvinnu, sem ekki er heimil að lögum í landhelgi. Jeg hef talað um þetta atriði við herforingja af öðrum skipum en enskum, eða þeim, sem hjer eiga hlut að máli, og hafa þeir lýst því yfir, að ákvæði þau, er í hinum eldri lögum standa um þetta atriði, kæmu í bága við alþjóðarjett, og að það mundi ekki verða polað í neinu landi, að banna skipum almenna sjóleið, þótt í landhelgi sje, og enda þótt þau reki þá atvinnu, er menn hafa ýmigust á Þetta er í sjálfu sjer eigi að skoða sem ívilnun, heldur sem leiðrjetting á hinum eldri lögum. Hið sama er að segja um það, að ekki á framvegis að valda sektum, þótt botnvörpuskip lendi innan við landhelgi án vilja og vitundar, annaðhvort sakir þoku eða straums; ákvarðanir um það eru einnig byggðar á alþjóðlegum rjetti. Aptur á móti eru ákvæðin gegn botnvörpuveiðurunum skerpt í þessum nýju lögum með því, að ákveðið, er að allur afli skal vera upptækur, ef skipin gjöra sig sek í broti á móti 1. gr. Þetta ákvæði er öldungis nauðsynlegt, þar sem ekki er hægt að vita, hver hluti veiðinnar er fenginn á ólöglegan hátt innan landhelgi, og hver utan landhelgi. Hið sama er og að segja um veiðarfæri þau, sem notuð eru við veiðina. Jeg skal leiða athygli að ákvörðunum þeim, sem standa í lögunum frá 10. nóv. 1894. Þar er sem sje ákveðið, að hin „ólöglegu veiðarfæri" skuli upptæk, og hafa þau ákvæði verið skilin þannig í framkvæmdinni, að meint sjeu veiðarfæri þau, sem brúkuð eru í hvert skipti við hina ólöglegu veiði. En með því að sjaldnast er hægt að sanna, hver veiðarfæri hafi verið notuð af þeim, er skipið hefur innanborðs, er ákvæði þetta miður vel til fallið. Því var sem sje svo varið, þá er hin eldri lög voru samin, að botnvörpuskipin höfðu að eins þunga, stóra botnvörpu; en nú á síðari árum hafa þau í þess stað tvær eða jafnvel fleiri vörpur, og er það því nauðsynlegt, að öll veiðarfæri, er finnast innanborðs, sjeu gjörð upptæk. Það hefur sem sje opt borið við, að botnverpingar hafa skilað þeirri botnvörpu, er var minnst nýtileg, en haldið hinum eptir, er betri voru. Það væri því betur til fallið, enda hefur foringinn á varðskipinu mælt með því, að ákveðið væri, að öll veiðarfæri skuli upptæk vera.

Í hinum eldri lögum stendur svo, að sektum varði, ef botnvörpuskip eru í landhelgi án þess að þau sjeu að leita „hafnar í neyð". Þessi ákvæði hafa verið þannig skilin, að slíkt varði ekki sektum, jafnvel þótt ekki sje stormi um að kenna

eða skipskaða, heldur og þá er þau vantar vatn eða vistir eða jafnvel kol. Gufuskip, sem er kolalaust, er eins illa statt og seglskip, sem er seglalaust. Neyðin knýr það þá til að leita hafnar til að fá sjer kol. Eptir hinum eldri lögum máttu botnvörpuskipin, hversu opt sem vera skyldi, leita hafnar, ef þau voru í neyð, t. a. m. vantaði vatn, vistir eða kol, en nú eru ákvarðanir settar um, að þeim skuli ekki vera það heimilað nema einu sinni á hverri vertíð. Í sjálfu sjer eru ákvarðanir þessara nýju laga töluvert skarpari en hinna eldri, eins og jeg vona, að hinum h. þingdm. skiljist.

Jeg býst við því, að h. þingd. muni setja nefnd í þetta mál, þar sem það er svo mikilsvarðandi, og er jeg fús til að láta nefnd þeirri í tje allar þær upplýsingar, er jeg get gefið.

Sigurður Jensson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Kristján Jónsson með 9 atkv.
Jón Jakobsson — 7 —
Sig. Stefánsson — 7 —

Frv. til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki; 1. umr.

Þorleifur Jónsson: Jeg held ekki, að það muni verða neinn ágreiningur um breytingar þær á hinum eldri lögum, sem farið er fram á í frv. þessu, en jeg hygg þó, að rjett sje að kosin sje nefnd til að íhuga það, því að ástæða kann að vera til að gjöra meiri breytingar á lögunum en hjer er gjört.

Jeg hef heyrt ýmsa tala um, að æskilegt væri að fá breytingar á tveimur atriðum í ákvæðum laganna.

Í fyrsta lagi óska sumir, að setja nákvæmari ákvarðanir um, hverjir sjeu gjaldskyldir til þessara sjóða og enn fremur um reglur fyrir útbýtingu á vöxtum þeirra.

Það kemur að því eptir 3 ár, að vöxtunum þarf að útbýta, og úr því að farið er að breyta lögunum, álít jeg rjett, að hvorttveggja þetta, sem jeg hef bent á, sje íhugað um leið.

Jeg skal því leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

Þorleifur Jónsson með 10 atkv.
Jón Jónsson — 7 —
Hallgr. Sveinsson — 6 —

Frv. til laga um nýbýli; 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um undirbúning verðlagsskráa; 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Fjórði fundur, mánudag 5. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum; 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar; 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á lögum 16. sept. 1893 um hafnsögugjald í Reykjavík; 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg hef í höndum skjal, máli þessu viðvíkjandi, frá bæjarfógetanum í Reykjavík, er hefur gefið tilefni til þess, að þetta frv. hefur komið fram. Jeg skal leyfa mjer að afhenda hinum hæstv. forseta skjal þetta til þess að hann geti látið nefnd það í tje, er kann

að verða skipuð í þetta mál; en verði nefnd ekki valin, mun vera rjettast, að skjalið sje lagt fram á lestrarsalinn.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar; 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og vikið er á í athugasemdunum við frv. þetta, hefur stjórnin enn þá skoðun, að rækileg endurskoðun á helgidagalöggjöfinni í sömu stefnu og farið var fram á á alþingi 1891 og 1893 væri mjög æskileg, og álítur hún óheppilegt, hvernig þeim frv. hefur verið tekið á þinginu; en stjórnin hefur þó ekki álitið rjett, að koma nú fram enn á ný með frv. í sömu átt, þvert ofan í ítrekaðan vilja þingsins. Ýmsum kann nú ef til vill að hafa snúizt hugur síðan og kynni því að vera ástæða til að kjósa nefnd til að íhuga þetta mál, og hvort ekki virtist ástæða til að breyta helgidagalöggjöfinni frekar en farið er fram á í frv. þessu.

Að minnsta kosti verð jeg að vona, að allir sjeu einhuga um, að nauðsyn sje til að breyta löggjöfinni í þá átt, sem farið er fram á í frv., meðal annars vegna fjárflutningaskipanna, þar sem á haustin er allra veðra von; en, sem sagt, ef menn kynnu að vilja breyta fleiru, þá væri ef til vill ástæða til að setja nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi o. fl.; 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg hef einnig í höndum ýmisleg skjöl viðvíkjandi þessu máli, sem jeg skal leyfa mjer að afhenda hæstv. forseta, til þess að nefnd, er kann að verða valin, geti kynnt sjer þau, eða þá til framleggingar á lestrarsalinn.

Það munu vera fleiri mál á leiðinni um samskonar breytingar á prestakallalögunum og ætti því eigi illa við, að nefnd yrði kosin til að íhuga allar slíkar fjárgreiðslur.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 10 atkv. og í hana kosnir:

Hallgr. Sveinsson með 10 atkv.

Sigurður Stefánsson — 6 —

og með hlutkesti milli Jóns Jónssonar og Guttorms Vigfússonar:

Jón Jónsson.

Fimmti fundur, fimmtudag 8. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um nýbýli (C. 40); 2. umr.

Kristján Jónsson: Jeg hef leyft mjer að koma með breyt. atkv. við frv. þetta, og er það prentað á þingskj. 40. Það er í raun rjettri ekki annað en breyting á skipun orðanna í 4. gr. Mjer finnst sem sje að orðin í frv.: „sbr. 2. lið 1. gr.“ eigi við 1. málsgr. 4. gr. og eigi því að koma á eptir orðunum: „Nú vill maður taka upp nýbýli í afrjett eða almenningi“; við þessa breytingu verður öll setningin ljósari og eðlilegra mál á henni.

Annars álít jeg frv. þetta góða rjettarbót. Eins og mönnum er kunnugt, mun það í öllu verulegu vera samhljóða frv. því, er alþingi samþykkti í hitt eð fyrra, og þekkja því allir h. þingdm. það.

Landshöfðingi: Jeg er h. 3. kgk. (Kr. J.) samdóma um það, að breyt.till. hans er ekki efnisbreyting. Jeg kann einnig betur við, að þessi grein sje orðuð, eins og hann stingur upp á. Jeg vil því mæla með því, að breyt.till. verði samþ.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. samþ. í e. hlj.; breyt. (C. 40) við 4. gr. samþ. í e. hlj.; 4.—8. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um undirbúning verðlagsskráa (C. 32); 2. umr.

Guttormur Vigfússon: Jeg hef leyft mjer að koma fram með litla breyt.till. við frv. þetta, af því að mjer virðist dálítið ónákvæmt orðalag 2. gr., þar sem talað er um, að sýslumaður skuli semja eina aðalskýrslu fyrir „hjerað hvert“ eptir verðlagsskýrslum þeim, sem honum hafa sendar verið. Jeg vil, að hjer sje sagt: „sýslu hverja“ fyrir „hjerað hvert“; það mun víst einnig eiga að vera meining frv. „Hjerað“ þýðir í daglegu máli allt annað en „sýsla“. Þetta á ekki að vera efnisbreyting, heldur að eins til þess að gjöra orðin ljósari.

Landshöfðingi: Jeg get ekki fallizt á breyt.till. h. þm. S.-Múl. (G. V.) vegna þess, að það er ekki meiningin, að ætið skuli falla saman við eina sýslu svæði það, er sýslumaðurinn safnar verðsskýrslunum fyrir; því að ef kaupstaður er á viðkomandi svæði, eiga skýrslurnar þaðan einnig að fylgja með. Einmitt vegna þess er orðið „hjerað“ valið, sem er yfirgripsmeira, en ekki „sýsla“, og er þannig gjört af ásettu ráði til þess að bæjarfjelag geti fylgzt með.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal játa það, að athugas. hæstv. landsh. mun vera öldungis rjett. Jeg hafði einmitt tekið eptir þessu, eptir að breyt.till. var samin, að bæjarfjelag innan sýslu á að fylgja með sýslunni, en jeg vona, að það mætti lagfæra til 3. umr., ef deildarmenn fjellust á það. Það sem vakti fyrir mjer, þegar jeg samdi breyt.till. mína, var það, að „hjerað“ er haft í daglegu máli yfir allt annað en „sýsla“, svo sem læknahjerað, sjerstakir landshlutar o. fl. Mjer er því eigi breyt.till. svo föst í hendi, að jeg leggi nokkurt sjerstakt kapp á að koma henni fram.

Þorkell Bjarnason benti á, að betra mál væri, að orðinu „og“ væri bætt inn í 1. gr. 4. línu að neðan á undan orðinu „skal“.

Sigurður Jensson: Það er ein lítil athugasemd, er jeg vildi gjöra út af 1.gr. frv. Þar er sagt svo, að prestur og formaður skattanefndar og *þriðji* maður, kosinn af hreppsnefnd eða bæjarstjórn, skuli semja skýrslurnar um verðlagið. Mjer finnst það nauðsynlegt, að tekið sje fram, hvort kosning þessa 3. manns sje að eins fyrir eitt ár í senn eða þá fleiri ár, og þá hve mörg ár.

Yfir höfuð virðist mjer lög þessi vera til bóta; þau eru gjörð í þeim tilgangi, að verðlagsskrárnar verði sem rjettastar og þeim tilgangi er líklegt, að þau geti náð, bæði með því, að láta 3 menn semja þær og með þessu ákvæði um, að skrárnar eigi að liggja frammi almenningi til sýnis. En mjer virðist líka, að nauðsynlegt væri að gefnar væru út reglur eða leiðarvísir fyrir þessa menn að fara eptir við samningu verðlagsins. Þegar svo hefur borið við, að kvartanir hafa fram komið yfir verðlaginu, og verðið þótt of hátt sett í verðlagsskránum, og þessar kvartanir hafa verið á rökum byggðar, þá hefur skekkjan opt komið af því, að þeir, er undirbúningsskýrsluna hafa samið, hafa ekki vitað, eptir hvaða reglum þeir hafa átt að setja verðlagið, t. a. m. mun það opt hafa verið svo, að prestar og hreppstjórar hafa ekki vitað, að þeir hafi átt að reikna verðlagið eptir peningaverði, eða með öðrum orðum: þeir hafa ekki þekkt kgl. úrsk. 16. júlí 1817. Eins er og hitt, að menn hefur greint á um, hvernig skilja ætti t.a.m. dagsverk, hvernig reikna ætti verðlag þess. Það hefur stundum komið fyrir — mjer er það kunnugt sem prófasti — að mikill munur hefur verið á verðlagi dagsverks hjá hreppstjóra og presti, og hefur það stafað af því, að prestur hefur reiknað bæði kaup og fæði í dagsverkinu, en hreppstjóri að eins kaup, eins og rjettara mun vera. — Jeg álít því, að heppilegt væri, um leið og þessi breyting yrði gjörð á tilbúningi skránna, að í lögunum væri tekið

fram, að gefa skyldi út leiðarvísi um það, eptir hvaða reglum verðlagið skuli reikna, og mun jeg bera mig saman við h. þdm. um það til 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: H. þm. Barðstr. (S. J.) óskaði eptir því, að búinn yrði til í lögin leiðarvísir eða reglur fyrir þá að fara eptir, er verðlagið eiga að setja. Jeg hygg, að það hafi átt að vera hugsunin með síðari málsgr. 1. gr., að vera einmitt slíkur leiðarvísir; þar er tekið fram hið helzta, sem hægt er að taka fram í almennum orðum í þessu efni. Að sjálfsögðu hljóta jafnan að koma fyrir ýmisleg ófyrirsjáanleg tilfelli, þá er verðlagið er sett, svo að ekki er við því að búast, að allir þeir, er að verkinu vinna, geti alltaf orðið sammála, en þá er einmitt svo skipað fyrir í 1. gr., að allir þessir 3 menn beri sig saman og reyni að komast að heppilegri niðurstöðu, ef ekki á annan hátt; þá með því að láta meðaltalið ráða. En meðan, eins og áður var, tveir sömdu verðlagið, hvor í sinu lagi, gat ágreiningurinn ekki jafnazt; úr þessu er bætt með ákvæðum frv. Jeg hygg því, að allar frekari reglur um þetta sjeu óþarfar; þær geta, hvort sem er, aldrei orðið tæmandi eða náð til alls þess, er fyrir kann að koma.

H. sami þm. (S. J.) nefndi t. d. dagsverkið, hvernig það ætti að verðleggjast. Jeg hygg, að það sje hin almenna regla, að verðlag þess innibindi bæði kaup og fæði vinnandans. Það mun vera víða venja, þar sem unnin er skylduvinna, skyldukvöð, að vinnandinn fæði sig sjálfur. Jeg man ekki betur, en að þetta væri venjan þar sem jeg ólst upp, í Miðfirði; auðvitað gjörði presturinn, er unnið var hjá, vinnandanum jafnan eitthvað gott, en það var ekki að skoða sem fæði fyrir daginn, heldur að eins sem ábætir, góðgjörðir eptir íslenzkri tízku. Ef þetta er ekki rjett skoðun, eða öðru vísi en venja er til annarstaðar á landinu, vona jeg að h. þdm. leiðrjetti það. Jeg hygg, að það sje rjett, þá er verðlag er sett á dagsverkið, að hvortveggja sje haft fyrir augum og reiknað með, bæði kaup og fæði. Jeg hygg því, að í dæmi því, er h. þm. Barðstr. (S. J.) tók, hafi skoðun prestsins verið rjett.

ATKVÆÐAGR.: (Gutt. Vigfússon tók aptur br.till. þingskj. 32). 1.—4. gr. samþ. í e hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hljóði.

Frv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. 41); 2. umr.

Kristján Jónsson: Fyrri liður br.till. minnar á þingskj. 41, er að eins orðabreyting nfl. að fyrir: „er meiri sje“ komi: „er lengri sje“. Jeg hygg, að hitt sje málleysa. Hin síðari breyt.till. er sú, að í stað: dómritaranum“ komi: „dómaranum“. Eins og menn vita, eru engir sjerstakir dómritarar hjer á landi, og hafa ekki verið síðan, lögþingið við Öxará var uppi. Jeg hygg því varla, að almenningur þekki þá nú, og að orðið: „dómritaranum“ geti valdið misskilningi. Hjer á landi eru það nú dómararnir, er „ex officio“ hafa dómritarastörfin sjálfir á hendi og þess vegna er það rjett, að nefna hér dómarann, en ekki dómritarann.

ATKVÆÐAGR.: Br.till. (C. 41) við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; breyt.till. (C. 41) við 2. gr. samþ. í e. hlj; 2. og 3. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar (C. 39); 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef leyft mjer að koma með breyt.till. við frv. þetta, eigi á efni þess, heldur að eins máli. Mjer fannst málið á því allt annað en gott. Jeg hef viljað koma því á liðlegra íslenzkt mál, en það er á frá stjórninni. Jeg vona að efnið hafi ekki breytzt neitt og leyfi

mjer því að óska, að breytingarnar verði samþykktar.

Hallgrímur Sveinsson: Það er að eins lítil ath., er jeg vildi gjöra við síðari orðabreytinguna, síðustu málsgr., hvort ekki væri rjett að skjóta þar inn orðinu: „þar“ o: „þar er hann dvelur“. Jeg hygg að það verði rjettara mál. Þetta má laga án sjerstakrar br.till., þá er frv. verður nú prentað til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. (C. 39) samþ. í e. hlj.; 2. br. (C. 39) samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (C. 29); 1. umr.

Flutningsm. (Gutt. Vigfússon): Jeg vona, að jeg þurfi ekki að tala mikið fyrir þessu litla frv. Jeg skal vísa til skjala um þetta efni, er lögð eru fram á lestrarsalnum. Þar eru greinilega teknar fram ástæðurnar fyrir frv. þessu, sem sé þær, að húsastæði nær því öll eru uppbyggð orðin á kaupstaðarlóðinni. Jeg óska þess, að frv. fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Sjötti fundur, föstudaginn 9. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á lögum 16. sept. 1893, um hafnsögugjald í Reykjavík; 2. umr.

Kristján Jónsson: Þá er mál þetta var til 1. umr. hjer í þessari háttv. þingd., leit jeg í fljótu bragði svo á það, að það snerti eingöngu Rvík, og með því, að það var undirbúið og samþ. af bæjarstjórn og bæjarfógeta í Rvík, athugaði jeg það þá ekki neitt nákvæmar. Jeg hef nú kynnt mjer atvik máls þessa nákvæmlega síðan, og við það komizt að nokkuð annari niðurstöðu, nfl. þeirri, að frv. þetta ætti ekki að fá framgang.

Það er nokkuð einkennilegt, að frumkvæði frv. þessa er ekki frá stjórninni, landshöfðingja nje bæjarfógeta (í Rvík) eða bæjarstjórn í Rvík, heldur frá frönsku stjórninni, eða franska sendiherranum í Höfn eða foringjanum á varðskipi Frakka hjer við Ísland. Hann hefur skýrt frá því, sbr. ástæðurnar fyrir frv. stjórnarinnar, að Frakkar eigi hjer í Rvík forðabúr fyrir frönsk fiskiskip, svo og sjúkrahús og hafi hjer lækni við það. — Vjer þekkjum allir forðabúrið, þessi fallegu, svörtu pakkhús hinu megin við Austurvöll, en sjúkrahús þeirra hjer og lækni þekki jeg ekki. Annað mál er það, að þeir munu, eins og hverjir aðrir, geta fengið eptir því, sem þörf er á og kringumstæður leyfa aðgang að sjúkrahúsi bæjarins, og vera sýnd öll mannúð og gestrisni af lækni þess; en þetta mun þeim veitt hafa verið og veitt verða, án alls tillits til þessara laga.

Frv. þetta fer fram á það, að löguum frá $^{16}/_{9}$ '93, sem ákveða hafnsögugjald af öllum skipum, er hingað koma, skuli breytt á þann hátt, að útlend fiskiskip skuli því að eins borga það gjald, að þau noti hafnsögumann. Eptir þessum lögum áttu öll skip að greiða gjaldið, hvort sem þau notuðu hafnsögumann eða ekki, og gjaldið er ákveðið 5 a. af smálest hverri af útlendum fiskiskipum. Þetta gjald er nú upp og ofan frá 4—6 kr., fyrir hvert frakkneskt fiskiskip, er hingað kemur, eptir stærð, eða að meðaltali um 5 kr. (4—6 kr) fyrir hvert skip, eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef aflað mjer, og gjaldið greiðist eigi optar en einu sinni á ári, nema því að eins að skipið noti hafnsögumann. — Það er nú þetta gjald, einar 5 kr. á ári, af skipi hverju, sem talin er orsök til þess, að hin frakknesku fiskiskip eru hætt að koma hingað, og vegna þess er stungið upp á, að afnema það með öllu, að því er þessi skip snertir. Það er ekki farið fram á að lækka það, t. a. m. um

1—2 au. á smálest hverri. heldur hitt, að afnema það með öllu.

Það er nú öldungis ekki sannað, að það sje þessu gjaldi að kenna, að þessi skip eru hætt að koma hingað; meira að segja, það er enda mjög ólíklegt, að þetta litla gjald, einar 5 kr. af skipi, geti verið þessu valdandi. Jeg hygg því, að til þess hljóti að vera einhverjar aðrar orsakir. Jeg er ekki kunnugur sjálfur útgerð Frakka hjer við land, en mjer hefur verið sagt, að hún muni vera heldur að minnka, þeim skipum muni vera að fækka, er þeir senda hingað til fiskiveiða og getur það meðal annars verið orsök til þess, að hingað hafa komið færri frönsk fiskiskip hin síðustu ár. Jeg hef enga skýrslu um þetta, svo jeg veit það ekki með vissu, en hitt er ósannað með öllu og enda mjög ólíklegt, að hægt sje að kenna það þessu litla hafnsögugjaldi. Jeg tel það því næsta ólíklegt, að þótt frv. þetta verði að lögum muni það hafa þær afleiðingar, sem menn vilja og æskja eptir. Þá er annað atriði í þessu máli, er jeg vil sjerstaklega benda á. Ef þetta gjald er með öllu afnumið fyrir útlend fiskiskip, en látið haldast fyrir verzlunarskipin, þá er þar með gjörður hinn mesti ójöfnuður. Þau skip, sem gjöra oss gagn og greiða, færa oss brauð og vín og hunang og alla aðra gagnlega vöru, þau eru þá látin borga gjaldið, en hin, sem vjer ekkert gagn höfum af, þau eiga að sleppa gjaldlaus Það lítur svo út, sem vjer viljum hrinda frá oss þeim skipum, er vjer höfum gagn af, eru oss nauðsynleg og nytsöm, en hæna hin að oss, er fremur gjöra oss tjón en gagn; ívilna þeim á kostnað hinna. Þess vegna verð jeg að vera á móti frv. þessu. Mjer virðist það fara svo í öfuga átt við þá politik, sem vjer höfum fylgt hingað til með tilliti til útlendra fiskiskipa. — Hvers vegna eigum vjer nú, að fara að hæna að oss með ívilnunum þessi útl. fiskiskip? Hvaða gagn gjöra þau oss annað, en að greiða oss þessi skipagjöld? Alls ekkert. Jeg hef spurt mig fyrir um það hjer, hvort þau gjöri ekki nokkra verzlun, sem til gagns sje, og fengið þau svör, að það sje ekkert, er teljandi sje. Að sjálfsögðu veita þau dálitla atvinnu smiðum hjer, þá er svo stendur á, að þau hafa eitthvað laskazt og þurfa aðgerða við. En 4—6 kr. gjald mun ekki gjöra það að verkum, að þau eigi leiti hingað eptir sem áður, til aðgerða, þegar svo stendur á fyrir þeim, að þeirra þarf með. Hjer í ástæðunum fyrir frv. er skýrt svo frá, að tapið á vitagjaldi og hafnargjaldi nemi að meðaltali á ári 1300 kr. og 330 kr., ef frönsku fiskiskipin hættu að koma hingað, og þetta er í sjálfu sjer ekki svo lítið tap. En það er öldungis ósannað, að það bæti nokkuð úr, að þetta gjald verði afnumið. Það er öldungis óvíst, að þau komi hingað fremur fyrir það.

Hin ástæðan er líka ein út af fyrir sig nægileg fyrir mig til þess, að greiða atkv. móti frv., nfl. sú, að frv. fer í þá átt, að gjöra útl. fiskiskipum hærra undir höfði, en verzlunarskipum og öðrum skipum; að með því breiðum vjer svo að segja út faðminn á móti eigi að eins frönskum fiskiskipum, heldur einnig enskum botnvörpuveiðurum, línufiskiskipum, amerískum flyðruveiðurum og öllum þess háttar óþjóðalýð.

Landshöfðingi: Þá er lögin frá $^{16}/_{9}$ '93 voru til umr. á þinginu 1893, voru allmargir á móti þeim, en þau voru samt samþ., af því, að þau snertu Reykjavík eingöngu og rjett þótti að láta það eptir bæjarstjórn Rvíkur, er æskt hafði eptir þeim. Nú eru líkar ástæður fyrir hendi; bæjarstjórn Rvíkur hefur sjeð sig um hönd og hefur óskað eptir, að þessar breyt. yrðu gjörðar á þeim lögum og virðist því vera rjett einnig nú, að fara að vilja hennar.

H. 3. kgk. (K. J.) vill ekki trúa bæjarstj. til þess, að það sje hafnsögugjaldið, er fæli frönsk fiskiskip frá að koma hing-

að, en jeg hygg þó, að það liggi næst, þar sem það er sannfæring bæjarstjórnarinnar; enda er full ástæða til að álykta svo, þar sem svo gjörsamlega hefur stungið í stúf með komu þeirra hingað síðan 1893.

Mjer er ókunnugt um, hvort frönskum fiskiskipum muni hafa fækkað hjer við land nú á síðari árum; jeg hygg þó, að fiskifloti þeirra muni vera að tonnatali líkur og áður. Það er víst rjett hjá h. þm. (Kr. J.), að það er næsta ótrúlegt, að einar 4—6 kr. fæli þessi skip frá að koma hingað; en það er nú svo með Frakka, að þeir eru yfir höfuð mjög fjesparir, svo munu og skipstjórar ekki hafa nema lítið með sjer af peningum; getur því vel skeð, að þeir forðist að koma hjer inn á höfn, nema þá er nauðsyn krefur.

Það sem mjer hefur gengið til að leggja með þessu er einungis ósk bæjarstjórnar Rvíkur, þar sem líka mál þetta snertir Rvík eingöngu.

Kristján Jónsson: Mjer þykir ekki neitt athugavert við það, þó stjórnin og hæstv. landsh. hafi lagt með þessu máli og borið það fram fyrir þingið, samkv. ósk bæjarstjórnar og bæjarfógeta í Rvík. Um það hef jeg ekkert að segja. En það er að eins eitt atriði, sem jeg enn fremur vildi taka fram og bæta við það, er jeg áður hef sagt. Jeg hef átt tal við verzlunarfulltrúa Frakka hjer í bænum og spurt hann um, hvort hann gæti staðhæft, að þetta hafnsögugjald væri orsök til þess, að svo fá frönsk skip hafa komið hingað á síðari árum. Hann kvaðst alls ekki geta staðhæft það, að það væri af þeim orsökum einum, og þótti eins líklegt, að til þess lægju ýmsar aðrar ástæður.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, til þess að styðja málstað h. 3. kgk. (Kr. J.), að úr því sá rekspölur er kominn á hin síðustu 2 ár, að fækkar þeim frönsku fiskiskipum, sem hingað koma, er ekki líklegt, að aptur verði breyting á því, þótt frv. þetta verði að lögum og þetta litla gjald af ljett. Nú í ár eru Frakkar, eins og kunnugt er, að reisa sjer sjúkrahús á Fáskrúðsfirði og má því búast við, að þeim verði hjer á eptir ljúfara að sækja þangað heldur en hingað til Rvíkur. Jeg hygg að þetta, að þeir eignast sjálfir sjúkrahús á Fáskrúðsfirði, hljóti að draga fiskiskipin hjeðan þangað austur, enda þótt frv. þetta verði að lögum. Ef þær verða þá afleiðingar laganna, að frönsku fiskiskipin hænist ekki að, en hingað laðist botnvörpuveiðarar, línufiskarar og flyðrufiskarar, þá getur svo farið, að bæjarstjórn Rvíkur sjái sig enn á ný um hönd, sannfærist um, að þessi nýju lög komi ekki að tilætluðum notum. Mjer virðist því frv. þetta talsvert varhugavert. Samt sem áður vil jeg þó gefa atkv. með því, að frv. sje leyft að ganga til 3. umr.; jeg vil kynna mjer betur ástæður bæjarstjórnarinnar. En jeg geymi mjer rjett til að greiða öðruvísi atkv. við 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 10 : 1 atkv.

Frv. til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 44); 2. umr.

Jón Jakobsson: Jeg stend eigi upp til þess að mæla á móti þessu frv., því að jeg var 1893 með stj.frv. um breyt. á helgidagalögunum, og eins er jeg með þessu frv., þótt það sje að eins lítið brot af því; og það því fremur sem mjer er kunnugt um, að helgidagalögin eru óeðlilegt farg á mönnum og menn eru nauðbeygðir til að brjóta þau á ýmsan hátt. Mjer er kunnugt um það, að Coghill hesta- og fjárkaupmaður sagði hlutaðeigandi presti frá því fyrirfram, að hann mætti til að nota sunnudaginn til útskipunar, og borgaði svo sektina. Lögin eru sem stendur óþolandi tálmanir fyrir alla þá, er flytja hjeðan af landi hesta eða fjenað, — ef þeim annars væri hlýtt, — og því er breyting sú, er frv. þetta ræðir um, nauðsynleg rjettarbót.

Breyt.till. sú, er jeg hef komið með ásamt h. þm. Húnv. (Þ. J.), er engin efnisbreyting, heldur höfum við komið með hana í þeim tilgangi að gjöra málið á frv. íslenzkulegra. Það getur ekki „messugjörð“ farið fram annarstaðar en á kirkjustöðum og jeg hygg því, að enginn geti álitið breyt.till. okkar efnisbreytingu. Jeg vona, að h. þingd. samþ. hana.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg felli mig vel við þessa breyt.till. 2 h. þm. (J. Jak., Þ. J.), því að þótt jeg álíti, að orð frv. sjálfs varla mundu geta valdið misskilningi, verður þó málið liðugra á frv. eptir breyt.till.

En að því er viðvíkur efni þessa frv., þá er hjer um eigi alllítið vandamál að ræða. H. þm. Skagf. (J. Jak.) áleit hin gildandi helgidagalög óþolandi tálmanir fyrir þá menn, er flytja hesta og fjenað hjeðan af landi, en mjer er ekki kunnugt um, að aðrar þjóðir álíti slíkt nægar ástæður til að breyta þess vegna helgidagalöggjöf sinni, og hygg jeg, að Englendingar muni ekki hafa liðið Coghill það, að skipa þar í land fjenaðarförmum sínum á helgum degi, heldur að hann hafi orðið að geyma fjenaðinn í skipinu þangað til virkur dagur kom, ef komudagur hans þangað var helgur dagur. Jeg hygg, að Englendingar haldi löggjöf sinni um helgidagahald öldungis óbreyttri, enda þótt að segja megi í ekki fáum tilfellum þar, að við það hafi ýmsar atvinnugreinir talsverðan hnekki. Jeg hefði þess vegna kunnað betur við, að vjer þyrftum heldur ekki að gjöra þessa undantekning frá helgidagalöggjöf vorri.

En aptur á móti verður því ekki neitað, að kringumstæðurnar eru hjer við land eigi alllítið á annan hátt en í útlöndum. Hjer hagar víða svo til, að ferming og afferming skipa er mjög langsótt og því seinleg og erfið, og því meiri nauðsyn er til þess, að nota gott og hentugt veður, hvenær sem það fæst. Reyndar er í hinni gildandi helgidagalöggjöf gjörð undantekning um ferming og afferming skipa á höfnum, er liggja fyrir „opnu hafi“ og víða hjer við land eru skip varnarlaus eða varnarlítil fyrir stormum, líkt og fyrir opnu hafi; en hins vegar mun það rjett sagt í aths. við frv., að einungis sje hægt að segja það um örfáar hafnir hjer í ströngum skilningi, að þær liggi fyrir opnu hafi. En það sem aðallega gjörir frv. þetta þó aðgengilegt fyrir mínum sjónum er sú venja, sem á er komin hjer við land, að leyfa þessar athafnir á helgidögum gegn einhverju gjaldi; við það eru lögin komin í niðurlægingu að minnsta kosti hjá þeim, er að slíku verki vinna. Það er og annað atriði, er heldur ekki eykur virðinguna fyrir lögunum. Þótt við afferming eða ferming skips á helgum degi vinni eigi alllítill hópur manna þekki jeg ekki dæmi þess, að aðrir greiði sekt fyrir það en farmeigandi eða sá, er verkið lætur vinna, en allur vinnulýðurinn, máske 40—50 að tölu, sleppur án þess að gjalda nokkra sekt. Jeg veit til þess, að bent hefur verið á, að þetta sje þó ekki að hlýðnast lögunum, en allt hefur, eptir sem áður, setið við sama keip. Þetta er ekki æskilegt ástand og miðar ekki til að innræta mönnum virðingu fyrir lögunum. Jeg verð því að kannast við það, að töluverð ástæða sje til að breyta lögunum í þessu efni, enda þótt jeg óttist, að heimildin muni verða notuð, bæði þá er nauðsyn krefur og endrar nær, þegar hún er gefin svona takmarkalaus. Jeg get ekki neitað því, að það er óviðfeldið, að lögin heimili að nota helgi- og hvíldardaginn á þennan hátt, hvort sem þeir, er að verkinu vinna, vilja eða vilja ekki. Og aldrei getur hjá því farið, að slík vinna raski að meiru eða minna leyti kyrð og helgi dagsins, auk þess sem menn fara á mis við þá helgidagshvíld, er menn eiga rjett á að fá að njóta. Menn kunna að svara þessu svo, að verkamönnum sje í sjálfsvald sett, hvort

þeir vinni eða ekki á helgum dögum. En rjett skoðað er því ekki svo varið. Vjer getum vel hagsað okkur það dæmi, að verkamennirnir segja: „Það er engin þörf á því að skipa upp nú í dag“, en vinnu veitandi svarar: „Því að eins getið þjer búizt við að fá vinnu hjá mjer hina virku daga, að þjer einnig vinnið á sunnudögunum, þegar mjer býður svo við að horfa“. Menn verða sviptir frelsi sínu á þennan hátt. Þó að vinnunni sje nú aptur hætt laust fyrir kl. 12, við byrjun messugjörðar t. d. hjer í Rvík, er verkamönnunum samt fyrirmunað að fara í kirkju þann dag; menn þurfa að fara heim og skipta klæðum, ef menn ætla sjer í kirkju, og til þess gengur nokkur tími, svo að messugjörð er byrjuð löngu áður en því er lokið. Á þennan hátt verður mörgum manni fyrirmunað að ganga í kirkju, sem annars ef til vill hefði gjört það, auk þess sem hvildartíminn er skertur.

Jeg hefði því óskað, að auðið væri að orða frv. þetta svo, að numdir væru af því þessir agnúar, en mjer hefur ekki tekizt að finna þau orðatiltæki, er gætu fyrirbyggt alla misbrúkun, ef mönnum byði svo við að horfa. Jeg hef því ekki fundið ástæðu til að koma með breyt.till. við frv.

Þó að mjer sje ekki vel við frv., verð jeg þó, úr því sem ráða er, að gefa því atkv. mitt. Jeg vil heldur hafa skýr lög, sem hægt er að framfylgja, en að sú venja haldizt, að menn fari á snið við lögin eptir geðþótta sínum, og verði ekki hjá því komizt, að nota helgidaga til að ferma skip og afferma, kýs jeg heldur, að það sje gjört eptir lagafyrirmælum, en eptir venju, sem fer á snið við gildandi lög.

Jón A. Hjaltalín: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra út af þeim orðum h. 2. kgk. (H. Sv.), þar sem hann sagði, að hestar og fjenaður, er kæmi til Englands á helgum degi, mundi geymdur vera í skipinu, þangað til virkur dagur kæmi. Þetta er ekki svo. Mjer er mjög kunnugt um þetta; jeg hef opt verið í Granton á sunnudegi, þegar skip með hestafarm eða sauðfje hefur komið þar inn, og hefur farminum jafnan verið jafnskjótt hleypt í land, enda þótt helgur dagur væri.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 44) samþ. með 10 atkv. Frv. þannig breytt samþ. með 10 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um eptirlaun (C. 34); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Frv. þetta er enginn nýr gestur; það er kunnugt frá tveimur undanfarandi þingum og samþykkt af þeim, enda þótt stjórnin hafi ekki viljað gjöra það að lögum. En þrátt fyrir það, þótt stjórnin hafi ekki fundið ástæðu til að ráða til staðfestingar frv., svo að það gæti orðið að lögum, hefur henni ekki tekizt að sannfæra kjósendur nje þingmenn um hinar skaðvænlegu afleiðingar, sem slík lög mundu hafa í för með sjer.

Það hefur áður verið svo mikið talað um þær breyt., er frv. þetta gjörir á gildandi lögum, að óþarft er að fara langt út í þær nú. Það er kunnugt, að þær eru einkar hóflegar.

Það sem stjórnin hefur einkum fundið frv. til foráttu er það, að eptirlaunin, sem ætluð eru hinum hæstlaunuðu embættismönnum í því, sjeu of lág. Til svars upp á þetta hefur verið bent á, að lögin fara ekki að verka fyrri en að löngum tíma liðnum og þá fyrst er hægt að segja, að eptirlaunin sjeu of lág, þegar það sýnir sig, að ekki fást hæfir og duglegir menn í þessi embætti af þeim ástæðum, að þeim finnst ekki staðan lífvænleg. Jeg held að hitt sýni sig fremur hjer á landi, að embættismannaefnin sjeu fremur ofmörg en offá. Það lítur ekki út fyrir, að það bóli mikið á skorti slíkra manna. Þetta sýnir, að lítil og hófleg lækkun eptirlaunanna

muni vart hafa þau áhrif, er stjórnin notar sem ástæðu til að neita óskum þjóðar og þings. Og þegar ekki er með sönnum ástæðum hægt að benda á neinar skaðlegar afleiðingar laganna eða verkanir, á maður heimting á því, að stjórnin líti á eins eindreginn vilja þjóðarinnar, eins og hann ætíð sýnir sig í þessu máli.

Að því er snertir eptirlaun hinna hæstlaunuðu embættismanna, þá hefur verið bent á það, að mestu líkur eru til, að einmitt þeir emb.menn geti í embættistíð sinni búið sig undir ellidagana, og því sje það ekkert óeðlilegt, þótt epirlaun þeirra sjeu ekki tiltölulega eins há og hinna, er meira hefur verið klipið við nögl sjer við meðan þeir þjónuðu í embætti.

Eins og kunnugt er, liggur nú fyrir þinginu frv. um að fjölga um 20 embættismönnum landsins. Í sambandi við þetta, hafa þær raddir heyrzt, hvort slík fjölgun væri gjörleg vegna eptirlaunabyrðarinnar sem því hlýtur að verða samfara. Jeg skal nú ekki leggja svo mikla áherzlu á það; embætti þessi eru láglaunuð, en samt má búast við því, að eptirlaunin, sem af þeim stafa verði með tímanum eigi alllítil byrði.

Stjórnin ætti nú að fara að komast til æðri og betri þekkingar í þessu efni og taka tillit til eindreginna óska þjóðarinnar, svo að frv. þetta þurfi eigi lengur að vera á þráflutningi milli þings og stjórnar. Stjórnin má ekki búast við því, að hún geti sannfært þjóðina um, að málstaður hennar sje annað en sanngjarn og kröfur hennar höglegar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um horfelli á skepnum (C. 36); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hef verið svo heppinn, að jeg hef aldrei fellt úr hor allt til þessa dags, en en jeg er nú samt hálfhræddur um, að frv. þetta kunni að falla.

Þetta er mjög mikið vandamál, og jeg skyldi vera þakklátur hverjum þeim manni, sem sannfærir mig um, að ekki sje þörf á, að löggjafarvaldið hafi afskipti af því.

Jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða það, að árlega sje fellt meira eða minna úr hor af búpeningi þessa lands, og mun hver, sem gefur gaum að atburðunum í búnaði vorum geta sannfærzt um þetta. Að þetta sorglega mein í búskaparlífi voru krefjist bóta, vona jeg að engum geti blandazt hugur um, en hitt er annað mál, að vandkvæði geta verið á, að finna góðan veg til þess að úr því verði bætt.

Vjer höfum marga sorglega þætti í sögu vorri, en einn ljótasti og sorglegasti þátturinn er þó saga horfellisins á Íslandi. En það má segja um þetta, eins og margt annað, að það er hægra að tala um það en ráða bót á því. Menn vilja ógjarnan kenna sjálfum sjer um, að fénaður þeirra fellur úr hor og harðrjetti, en leiðast til að kasta skuldinni á guð og náttúruna; segja að það sje ekki meðferðinni um að kenna, heldur vondum heyskap, vetrarharðindum, vorhretunum o. s. frv., en í raun og veru er engu þessu um að kenna, heldur vanhyggni og mannúðarleysi landsmanna sjálfra.

Frumvarp þetta er í raun og veru frumvarp til friðunarlaga. Það er auðvitað allt annað en skemmtilegt fyrir löggjafarvaldið að þurfa að semja lög til að friða búpeninginn fyrir bændunum sjálfum. En hitt vona jeg, að menn muni játa, að úr því að löggjafarvaldið hefur gefið lög um friðun á fuglum himinsins og dýrum merkurinnar, og talið þá friðun nauðsynlega, þá sje þessi friðun ekki síður nauðsynleg.

Nú um stundir heyrum vjer mikið talað um framfarir í landbúnaði vorum.

En mjer virðist það kasta æði-miklum skugga á þessar glæsilegu framfarir, er menn láta svo mikið af, að ekki þarf nema nokkurra daga hret á vorin til þess að hlaða stórum valköstum af horföllnu fje umhverfis bændurnar á Íslandi. „Af ávöxtunum skuluð þjer þekkja þá“, og sannarlega eru ávextirnir sorglega litlir af öllu landbúnaðar framfaraskvaldrinu, meðan bændurnir hafa ekki komizt lengra áleiðis í landbúskapnum, en reynslan sýnir í þessu efni.

Hve marga búnaðarskóla, sem vjer ölum á landsfje, hve margir búfræðingar, sem sveima um landið, hve mörg búnaðar- og framfarafjelög, sem vinna fyrir styrk úr landsjóði, hve margar dagsláttur, sem sljettaðar eru, já, þótt allt Ísland væri einn einasti töðuvöllur, þá stoðar allt þetta lítið, meðan bændurnir á Íslandi ekki hafa lært það fyrsta stafróf búnaðarins, að setja hyggilega á og fara vel með skepnur sínar.

Horfellirinn er alls ekki harðindum að kenna. Það er innanhandar fyrir hvern mann, að hafa ekki fleiri skepnur, en hann hefur nægan forða fyrir. Það er hörmulegt til þess að vita, að sú hagfræðislega heimska skuli enn vera svo almennt ríkjandi og svo rótgróin hjá bændastjett vorri, að fleiri eða færri skuli á hverju ári gjöra sig seka í því að fella skepnur sínar úr hor sjer til óbætanlegs efnatjóns.

Það er ekki að eins efnalegt tjón, sem hjer er um að ræða, heldur er það líka svívirðilegt og viðbjóðslegt er það er skoðað frá mannúðarlegu og kristilegu sjónarmiði. Það þarf sannarlega grimmt og guðlaust hjarta til þess, að geta horft á skepnur sínar kveljast til dauða úr hor og hungri.

Það kunna nú að vera þeir menn, sem segja, að ekki sje þörf á að ræða þetta mál, en því fer fjarri að svo sje; hjer er um mjög alvarlegt mál að ræða, hjer er um það að ræða, að ráða bót á stórtjóni fyrir þjóðina, er einstaklingarnir nú geta gjört henni að ósekju, hjer er að ræða um svartan, siðferðislegan blett í lífi þjóðarinnar, blett, sem hver maður og ekki sízt löggjafarvaldið ætti að telja sjer skylt að reyna að afmá.

Þingið hefur áður haft þetta mál til meðferðar, þar sem það samdi lög um horfelli á skepnum 12. jan. 1884, og þó meiningin með þeim lögum væri góð, þá hafa þau samt ekki orðið að tilætluðum notum; menn hafa samt sem áður fellt úr hor allt til þessa dags, án þess að þeim hafi verið refsað fyrir. En jeg fyrir mitt leyti, kenni nú reyndar ekki lögunum eingöngu um þetta; það hefði að sjálfsögðu mátt beita þeim betur, ef tilfinningin fyrir tjóni því, sem þetta mein hefur í för með sjer og mannúðartilfinningin hefði verið næmari. Lögin frá '84 ákveða að vísu, að hreppstjórar og hreppsnefndir skuli hafa eptirlit með því, að skepnur sjeu ekki felldar úr hor, en þau ákveða ekkert um, hvernig þessu eptirliti skuli hagað í framkvæmdinni, enda hefur reynslan sýnt, að menn hafa látið sig það litlu skipta, þar sem ekki voru nein bein ákvæði í lögunum um, hvernig eptirlitið skyldi vera.

Eptirlitið með því, að lögunum um þetta efni sje hlýtt, verður jafnan nokkrum vandkvæðum bundið, og erfitt í einstökum tilfellum að sanna, að brot hafi verið framin gegn þeim. En þetta frv. inniheldur nokkru ákveðnari ákvæði um eptirlitið með skepnuhöldum manna. Það fer fram á, að fjárskoðanir skuli fram fara á vissum tíma á ári hverju, og svo auk þess, þegar hreppsnefnd þykir þess þörf; jeg hygg því, að það sje heldur í áttina til þess að eptirlitið verði betra en hingað til, ef það yrði að lögum.

Jeg vil segja svo mikið, að þótt ekki fengist meiri bót með frv. þessu en svo, að $^1/_{50}$—$^1/_{100}$ parti fjelli minna úr hor en

áður, þá mundi það, ef það yrði að lögum, verða að miklu gagni.

Jeg sje að vísu ýmsa agnúa á frv., en jeg býst við, að nefnd verði sett í málið á sínum tíma, þótt það ekki verði gjört nú þegar, og vona jeg, að sú nefnd gjöri nægileg ákvæði málinu til heppilegra úrslita, og að hún gjöri sitt til að lagfæra og bæta lögin, og skal jeg því ekki orðlengja þetta meira að svo stöddu.

Jón Jakobsson: Jeg er alveg samdóma hinum háttv. þm. er síðast talaði, að því er snertir inngangsræðu hans; en lengra get jeg ekki fylgt honum, af þeirri einföldu ástæðu, að þótt frv. yrði samþykkt, þá mundi reka að hinni sömu niðurstöðu, að því er snertir árangur og afleiðingar þessara laga, eins og reyndin hefur orðið á með lögin frá 12. jan. 1884. Það er auðvitað æskilegt að setja á pappírinn lög, er geti miðað að því, að kveða niður draug þennan, ef sýnilegt væri, að þau fengju nokkru áorkað, en því hygg jeg ekki sje að fagna, þótt *þetta* frumv, yrði að lögum.

Jeg skal leyfa mjer að taka fram eitt atriði í frv. þessu, nfl. þar sem talað er um skoðunarnefnd. Í 2. gr. frv. er það tekið fram, að á tímabilinu frá 15. marz til 15. maí ár hvert skuli hreppsstjóri ásamt 2 mönnum úr hreppsnefndinni, er hann kveður til þess, skoða allan búpening í hreppnum og grennslast eptir fóðurbirgðum og meðferð fjárins; en þetta er einmitt á þeim tíma, þegar fjeð er farið að falla í horfellisárum; með þessu móti verður nefndin hegningarnefnd og lögin hegningarlög.

Jeg fyrir mitt leyti álít það betra, að lögin miðuðu að því að koma í veg fyrir þetta mikla þjóðarmein, heldur en að eins að sekta menn, þegar þeir eru búnir að missa lífsbjörg sína.

Aðalgallinn á frv. þessu er því að mínu áliti sá, að það er eingöngu hegnandi frv. en ekki fyrirbyggjandi.

Mjer þykir leitt, að sá maður ber fram þetta frumv., sem 1887 barðist mest á móti frv. um forðabúr og heyásetning, því að þess vegna eru mjög litlar líkur til, að hann fáist til að breyta frv. sínu á þann veg, sem þá var reynt að fara í þessu máli, og sem að mínu áliti er sá heppilegasti og *eini*, sem hægt er að fara.

Þingmaðurinn hristir höfuðið, en frv. hans batnar ekki fyrir það, enda munu fljótt koma í ljós ýmsir gallar á frv. þessu, þegar til framkvæmdanna kemur.

Það er hart að segja 15. maí við heylausan bónda, sem ef til vill býr á beztu beitarjörð, að hann skuli skera niður fjárstofn sinn og það þótt sjeu 9 mögulegleikar á móti 10 fyrir því, að fjeð geti komizt af á útiganginum einum; það er ekki sá vissasti vegur til að venja viðkomandi mann af að horfella, heldur miklu fremur til að koma honum á vonarvöl. Að því er skoðunargerðirnar snertir, þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að ef þær eiga að verða að nokkru liði, þá þyrftu þær helzt að fara fram 3 sinnum á ári, nfl. á haustin, um miðjan vetur og á vorin.

Bezt er sú skoðunargjörð, er fram fer að haustinu til, því að þá er hægt að fækka fjenu, svo að ekki verði því um kennt, hve mikið hafi verið á sett, og mögulegleiki á að fá yfirlit yfir heybjörg manna.

Að því er snertir orðið „horfellir“, þá er jeg fyrir mitt leyti í vafa um, hvað það eiginlega er. H. þm. Ísf. (S. St.) segist aldrei hafa fellt úr hor? Er það nú víst, að hann hafi aldrei gjört það? Jeg fyrir mitt leyti skal játa það, að jeg hef einusinni misst 3 gemlinga úr hor, en úr hor, sem jeg gat ekki við ráðið og stafaði af megnri lungnaveiki.

Eptir mínum skilningi á orðinu „hor“, þá getur það einnig náð til skepna, sem aldrei hafa fengið á fóðurskorti að kenna, heldur sýkzt af óhollu fóðri, því lungna-

veiki og margir fleiri kvillar, geta stafað af óhollum heyjum, svo að fjeð verður ófóðrandi vegna þess. Það mun vera eigi óalmennt að reyna heyjaskipti og jafnvel lækningar við slíkum kvillum; aptur á móti eru aðrir, sem láta það bíða, í von um að kindinni batni af sjálfri sjer, og afleiðingin verður þá opt sú, að skepnan drepst úr hor. Jeg hef heyrt marga tala um þetta; margir hafa ætlað að reyna að lækna kindina, en hafa svo komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki hægt.

Vorið 1887 var mesta horfellisvor; þá missti t. d. einn hinn bezti heyjabóndi í Skagafirði margt fje, en átti samt sem áður nóg hey; aðalorsökin til fellisins var sú, að heyin voru vond; svo kom hret og hríð á sjúkt fjeð og afleiðingin varð sú, að það fjell unnvörpum. Það er ætíð hægt að fella dóma um slíkt, en verra að sanna, að þeir ætíð séu á rökum byggðir. Aðferðin, sem talað er um í frv, þessu, er í aðalatriðinu alveg sú sama og í lögum frá 12. jan. 1884. Þar er líka talað um, að skoðanir skuli fara fram; að því er snertir upphvatning til bænda um að setja vel á, og að hafa nægilegt húsrúm og fóður handa fjenaði sínum, þá er það einnig gjört í lögum frá 12. jan. 1884.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál; jeg hef komið fram með þessar athugasemdir til leiðbeiningar fyrir nefnd þá, er væntanlega verður sett í málið.

Jón Jónsson: Jeg get sagt alveg það sama, sem sessunautur minn, h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.), að jeg get undirskrifað hvert orð í inngangsræðu hins h. flutnm. þessa máls (Sig. Stef.), að það er bæði skömm og skaði að láta þetta mein haldast við í landinu. Skaðinn er ekki einungis falinn í því, að menn fella skepnur úr hor, heldur einnig í því, að árlega verður svo mikill afnotabrestur fyrir illt fóður, á því fje, sem lifir, að það nemur mörgum, já, jeg vil segja tugum þúsunda yfir land allt. En jeg get ekki verið samdóma h. 2. þm, Skagf. í því, að frv. það er hjer liggur fyrir, taki ekki fram hinum eldri lögum um horfelli.

Aðalatriðið í þessum nýju lögum er það, að þau löggilda fjárskoðanir á tilteknu tímabili, nfl. frá 15. marz til 15. maí. Þetta er að mínu áliti rjett, en mjer finnst h. flutnm. ekki hafa stigið hjer sporið nema til hálfs. Ef skoðanirnar eiga að verða að tilætluðum notum, álít jeg líka nauðsynlegt, að skoðuð sjeu bæði hús, fóðurbirgðir o. s. frv., að hausti til.

Jeg held sem sje, að slík skoðun á haustin sje alveg nauðsynlegur undirbúningur undir skoðanirnar á vorin, Það er alveg nauðsynlegt, að þeir menn, sem eiga að dæma um, ef skepnur hafa fallið, hvort það hafi verið af fóðurskorti, vanhirðingu eða harðýðgi, að þeir hafi fyrir fram að haustinu kynnt sjer, hvernig fóðrið hefur verið, sem fjenaðinum var ætlað, hvernig húsrúmið sje o. s. frv. — Auk þess gætu þær gefið bændum ýmsar bendingar viðvíkjandi ásetningi, sem gæti orðið töluvert áhrifameiri fyrir það, að bændur vissu, að þeir ættu þessa menn yfir höfði sjer, til að dæma um hirðingu og meðferð fjárins, ef illa færi.

En jeg get heldur ekki verið samþykkur frv. í því, að binda skoðanirnar við hreppstjóra og hreppsnefnd; jeg hygg ekki, að þeir sjeu færari til þess en aðrir. Það geta verið menn í hreppsnefnd, sem sveitamenn hafi gott traust á í sveitamálum yfir höfuð, þótt þeir sjeu ekki fjármenn. Jeg ímynda mjer, að heppilegast væri, að velja fyrir skoðunarmenn einhverja beztu fjármennina, sem hægt er að fá í hreppnum. Jeg veit til þess, að slíkar fjárskoðanir hafa verið reyndar í ýmsum hjeruðum landsins og hafa þær borið góðan ávöxt.

Jeg er sannfærður um, að það mundi hafa góð áhrif, ef slíkar fjárskoðanir af

beztu fjármönnum úr hverju hjeraði, væru skipaðar fyrir með lögum.

Jeg er ekki á þeirri skoðun, að þessu landsmeini voru verði kippt í lag með sektum eingöngu, en að bezta ráðið til að koma lagi á fjárhirðinguna sje, að vekja tilfinninguna hjá mönnum fyrir þeim skaða og þeirri skömm, er hlýzt af þessu þjóðarmeini.

Þar sem h. flutnm. þessa máls (Sig. Stef.) tók það fram, að þótt Ísland væri allt einn töðuvöllur, þá mundu menn samt sem áður fella úr hor, þá er jeg honum alveg samdóma í því.

Við vitum víst allir, að þeir menn eru til, sem fella úr hor, þótt þeir hafi nóg hey handa skepnum sínum, og það er altítt, að þeir selja hey, taka fyrir það kindur, drepa þær svo aptur úr hor o. s. frv. Jeg hef ekki trú á hreppstjórunum yfirhöfuð til að brýna fyrir bændum góðan ásetning. Það er ekki neitt leyndarmál. að það hefur opt komið fyrir, að hreppstjórar sjálfir hafa drepið úr hor.

Jeg er h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) samdóma um það, að það er mikill vandi að segja með vissu, hvenær fje drepist úr hor og hvenær ekki, en einmitt það ætti að vera hvöt til þess, að skoðanir fari optar fram en á vorin. Því betur sem skoðunarmenn þekkja allar ástæður, því færari eru þeir um að dæma um, hver orsök sje fellisins, eða vesældar skepnanna.

H. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) sagði, að hann hefði sjálfur fellt 3 lömb úr hor; en jeg hygg, að hann hafi hjer blandað saman horfelli og veiki í skepnum. Jeg ætla að hann viti það, að skepnur geta veikst, einkum lömb á haustin og framan af vetri. Það tekst stundum að rjetta þau við, en stundum mistekst það. En þetta sýnir einmitt bezt þörfina á að skoða fjeð framan af vetrinum og jafnvel optar.

Jeg vil þess vegna af alefli styðja að því, að bætt verði svo úr göllunum á frv. þessu, að það geti náð tilgangi sínum.

Þorkell Bjarnason: Það gladdi mig mikið, er jeg sá, að frv. þetta kom fram. Árið 1882 var fellivetur mikill á Suðurlandi. Þessi fellir varð tilefni til þess, að lög voru samin á alþingi 1883 um horfelli á skepnum. En það hefur sýnt sig síðan, að lög þessi voru ekki eins nákvæm og ekki eins ákveðin, eins og æskilegt hefði verið. Sektir þær, er þau ákváðu, voru svo lágar, að engu nam fyrir svo illmannlegt brot. Nú í vor hefur líka orðið horfellir mikill, og má hiklaust telja það miklu meiri skaða, sem af fellinum hefur leitt nú í vor, en tjón það, er af jarðskjálftunum hlauzt í fyrra. Þar hafa góðviljaðir menn í öðrum löndum hlaupið undir bagga með oss.

En þar sem um tjón það, er af horfellinum hlýzt, er að ræða, þá er ekki von til, að menn hlaupi þar undir bagga með oss, því að þar erum við okkar eigin böðlar. Jeg vil síður en ekki gera lítið úr lungnaveiki, uppdráttarsýki, ormasýki eða hverju nafni sem það svo nefnist; en hitt er víst, að sá, sem fer vel með skepnur sínar, mun sjaldan verða fyrir þessari veiki að vori til. Jeg hefi nú búið yfir 30 ár, og jeg get sagt alveg það sama, sem hinn h. flutningsm. þessa máls (Sig. Stef.), að jeg hef aldrei misst úr hor og aldrei úr lungnaveiki að vori. Jeg hef ávallt gjört mjer far um að fara svo vel með mitt fje sem auðið er, og hygg jeg, að það sje sú bezta regla og trygging fyrir því, að það ekki falli. Veturinn 1882 var fellir mikill, eins og jeg hef áður tekið fram, og felldu þá nálega flestir í Kjósinni, og það af sjálfskaparvítum.

Jeg álít, að frv. þetta taki mikið fram lögunum frá 1884 um horfelli, en þó eru ýmsir gallar á því, er sjálfsagt má bæta.

Það væri æskilegt, að þingið 1897 svaraði hinu sama upp á horfellinn, sem það gjörði 1883 og það á að gjöra það. Það á að sýna, að það álíti þetta sjálfskaparvíti með því að gefa út ný lög, er

ákveði nákvæmari og þyngri hegningu, en hin eldri lög gjörðu.

Hinn h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) tók það fram, að það væri hart, að skipa mönnum að skera fje í maí, er það er horað og liggur við dauða. En það er ekki hart. Það verður að beita hörku við menn til þess að útrýma þessum ófögnuði. Ef menn vita það með vissu fyrirfram, að kindur þeirra verði skornar niður vægðarlaust, er það er fyrirsjáanlegt, að þeir ætli að horfella þær, þá er það einmitt öflugt keyri á menn til þess að sjá þeim fyrir nægum forða og láta þær ekki horast.

Sem sagt, mjer þykir vænt um, að frv. þetta hefur komið fram, því að horfurnar um það, að menn hætti að drepa úr hor, eru mjög ískyggilegar, og ef það yrði framvegis eins og það hefur verið í vor. Sá, sem drepur úr hor, setur ekki að eins sjálfan sig í voða, en svo getur farið, að heilar sveitir kæmust í vandræði af því. Menn eru svo brjóstgóðir og hjálpfúsir við slíka menn, þótt þeir viti, að þetta eru sjálfskaparvíti. Það mætti sjálfsagt setja nákvæmari ákvarðanir um, hvenær skepna sje svo á sig komin, að hegningarvert sje fyrir eiganda hennar. — Í Jónsbók stendur, að grannar skuli meta það og það. Jeg sje ekkert á móti því, að svo sje og gjört hjer. Það er nauðsynlegt, að það fáist fullkomlega lagaleg sönnun fyrir því, hvort skepnan drepist af fóðurskorti, illri meðferð, veikindum, o. s. frv.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira, en óska frv. góðs gengis og að menn bæti úr göllum þeim, er á því kunna að vera.

Flutningsmaður (Sig. Stefánsson): Jeg er þakklátur hinum h. 6. kgk. (Þ. B.), er síðast talaði og h. þm. N.-Múlas. (J. J.) fyrir undirtektir þeirra undir þetta mál; en aptur á móti er jeg ekki sjerlega þakklátur h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.). Margt í ræðu hans hef jeg opt heyrt áður. Það er gömul ræða, sem heyra má af munni horkonganna, þegar gemlingarnir eru teknir að falla hjá þeim, að það sje lungnaveiki, sem þeir deyi úr, en íslenzki hordauðinn heyrist aldrei nefndur.

Það er satt, sem h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) sagði, að tilgangur frv. þessa er fremur sá, að hegna fyrir framinn horfelli, heldur en sá, að koma í veg fyrir hann fyrirfram, með því að taka af mönnum umráð eigna sinna eða beita öðrum slíkum þvingunum. Mín skoðun á þeirri aðferð er hin sama nú og hún hefir verið. Jeg vil ekki, að það verði lögskipað, að taka megi fram fyrir hendurnar á nokkrum manni í bjargræðisvegum hans, meðan hann hefur ekkert brotið gegn lögunum, en hitt tel jeg rjett, að hegna honum að maklegleikum, er hann hefur brotið hin gildandi lög, hvort sem er um horfelli eða annað. Af þessu er jeg mótfallinn valdboðnum heyásetningum og þvingunarákvæðum til þess að koma í veg fyrir horfelli, með því að slík ákvæði hljóta að drepa niður þeirri sjálfsábyrgðartilfinningu, sem hver maður verður að hafa til þess að hann verði ekki annara handbendi fyr eða síðar.

En þó jeg að þessu leyti vilji hafa ströng hegningarákvæði, þá hef jeg ekkert á móti því, að fleiri fyrirbyggingarákvæði gegn horfelli sjeu tekin í frv. og þess vegna get jeg vel fallizt á, að fjárskoðanir fari optar fram en til er tekið í frv. þessu, en jeg vil ekki láta taka ráðin af mönnum eða að beitt sje þvingunum við þá, fyr en þeir hafa gjört sig seka í broti á lögunum.

H. þm. Skagf. (J. Jak.) talaði um, að til lítils væri að sekta menn fyrir horfelli, þegar allar skepnurnar væru fallnar og ekkert til í sektirnar, en til þess liggur það svar, að þá getur hann afplánað sektirnar með fangelsi; þeim piltum er slíkt lítt vorkennandi. Horfellir er í raun og veru miklu verri glæpur, en margir aðrir glæpir, sem menn missa æru og mannorð

fyrir. Hinn h. 2. þm. Skagf. gat þess, að það væri hart, að skipa mönnum að skera niður skepnur sínar, jafnvel þótt líkur væru til þess, að þær gætu lifað; það stendur hvergi í frv., heldur þegar þeim sje ekki „lífvænt“; en sje þeim ekki lífvænt, þá fer því svo fjarri, að þetta sje hart, að það er sjálfsögð mannúðarskylda, að stytta þá sem skjótast eymdarstundir skepnanna. Skepnan getur orðið svo horuð og langdregin, að hvorki gagni gott fóður eða góð beit; þá er henni ekki lengur við bjargandi og því eina rjetta ráðið að taka af henni lífið. Lungnaveiki sú, sem h. 2. þm. Skagf. lagði svo mikið upp úr, er opt og tíðum ekkert annað en íslenzkur hor, einkum þessi vorlungnaveiki. Þegar fjenaður er langdreginn og horaður undan vetri, þá þolir hann ekki gróðurinn á vorin og veslast upp úr allskonar „ótyrming“, er horkongar svo nefna, en sem er í raun og veru hreinn og beinn hor, stafandi af illri meðferð um lengri tíma vetrarins. Á tímabilinu frá 15. marz til 15. maí fara einmitt fyrst horfrjettir að koma, og því er hentugast, að láta þá fjárskoðanir fram fara. Það er engin bót í máli, að sumir felli úr hor, þótt þeir hafi nægilegt fóður handa skepnum sínum; það er þvert á móti enn meira þrælabragð og lýsir enn meiri harðýðgi, vanhyggni og heimsku, að fella skepnur sínar úr hor með nógum heyjum, heldur en þótt mönnum verði sú skyssa á, að ætla þeim oflítið fóður. Það er annars næsta merkilegt, að maður skuli heyra raddir, sem segja, að það sje bæði skaði og skömm, að fella úr hor, en vilja þó ekkert gera til þess að komið verði í veg fyrir það. Jeg get ekki ætlað, að menn vanræki algerlega að framfylgja lögunum, ef þau eru skýr og ákveðin. Í hinum eldri lögum voru ekki gefin skýr ákvæði um eptirlit með fóðurbirgðir, hirðingu og meðferð fjárins, eins og gjört er í þessu frv. En hinsvegar skal jeg ekki neita því, að margt má að frv. finna. Jeg vona, að hin h. deild setja málið í nefnd og mun jeg með þakklæti taka öllum þeim upplýsingum, sem koma frá henni. Að því er skoðunargjörðirnar snertir, þá mun jeg gjarnan fallast á fleiri en eina; það er mjer ekkert kappsmál.

Jón Jakobsson: H. 1. þm. Ísf. (S. St.) þóttist ekki skilja, að þeir hinir sömu menn, sem segðust hafa viðbjóð á að fella úr hor og teldu það skömm og skaða, vildu samt ekki láta hegna fyrir það. En það eru til þeir menn, sem vilja heldur fyrirbyggja slys en hegna fyrir það. Hinn h. þm. sagði enn fremur, að það væri að leggja höpt á frelsi manna, að leyfa þeim ekki að setja á eptir vild sinni. Jeg neita því að svo sje; hjer eru að eins tekin ráðin af einstaklingunum í þarfir heildarinnar, það er að segja þeim einstaklingum, sem ekki hafa vit á að sjá, hvað þeim er fyrir beztu. Það má opt heyra nóg glamur, bæði í þingsölunum og utan þeirra, um hið friðhelga frelsi einstaklinganna, en þeir, sem mest um það tala, gleyma því, að fullkomið frelsi fyrir einstaklinginn er alls ekki til, og getur ekki verið til, því allt siðað mannlegt skipulag er því skilyrði bundið, að einstaklingurinn leggi á sig bönd í þarfir hins „sócíala“ lífs og öll borgaraleg lög eru höpt á slíku frelsi. En það getur þó vart verið meiningin í öllu þessu glamri, að menn vilji upphefja borgaraleg lög og þar með mannlegt skipulag.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) gat þess rjett áðan í ræðu sinni, að lungnaveiki væri ekkert annað en hreinn og beinn ísl. hor. Jeg neita því ekki, að þau tilfelli geti átt sjer stað, að það sje kallað lungnaveiki, sem er hreinn og beinn hor af fóðurskorti; en það eru líka mörg dæmi upp á hið gagnstæða. Skepnur fá þessa lungnaveiki strax á haustin, og virðast jafnvel stundum koma með hana í sjer af afrjettum og þá varðar mestu á hvaða hey skepnan er sett. Ef mosk og leir er í heyjunum, eins

og á sjer stað á mörgum jörðum, þá geta verið nógir agnúar á að fóðra heilbrigt og fullorðið fje, hvað þá ungt og veikt? Þótt skepnur á þeim jörðum, þar sem svo er ástatt, fái lungnaveiki og deyi, þá kalla jeg ekki, að þær horfalli af fóðurskorti eða vanhirðingu. Jeg held því fast fram, eins og jeg sagði áður, að það sje hart fyrir menn, að þurfa að skera fje sitt í maí; með góðum útigangi mundu margar af þeim skepnum, sem mönnum væri boðið að skera niður, geta slórt af, og illmögulegt fyrir skoðunarmenn að segja, þegar sá tími er kominn, hverju sje lífvænt og hverju ekki. Jeg hef tekið þetta atriði fram um lungnaveikina vegna þess, að jeg hef heyrt ýmsa góða búmenn halda því fram, að það væri betra að drepa þær kindur, sem bæri á talsverðri lungnaveiki í, þegar í stað, heldur en að reyna að halda í þeim lífinu, því þótt þeir gjörðu allt, sem í þeirra valdi stæði, til að halda í þeim lífinu, þá dæju þær þó opt og tíðum af heyjum samt sem áður eða yrðu gagnslausar; en það er mönnum vart láandi, þótt þeir hugsi sig vel um áður en þeir fara að murka niður skepnur sínar, þegar mikið bólar á veikinni í fjenu, og ef til vill fullur þriðjungur eða helmingur er veikur, eins og stundum vill verða. Að kenna allan felli fóðurskorti einum er fráleitt, því eins og jeg hef drepið á áður, getur fjeð drepizt úr lungnaveiki með nógum heyjum.

Jeg tek þetta fram sem „korrektiv“ við ákvæði frv. Hor getur átt sjer stað án þess að viðkomandi húsbóndi sje valdur að því.

Eins og jeg hef áður tekið fram, þá mundi jeg vera frv. hlynntur, ef það væri fyrirbyggjandi, en af því að það er að eins hegnandi, þá get jeg ekki verið því hlynntur. Jeg er viss um, að ef þannig lagað frv. yrði samþykkt, þá mundi þessum nýju lögum ekki verða fremur hlýtt en lögunum frá 12. jan. 1884, vegna þess að þau eru eingöngu hegnandi, og menn kynoka sjer almennt við að framfylgja slíkum lögum, nema ef til vill í sjerstökum tilfellum, þegar úr hófi þykir keyra hjá einhverjum einstakling. Heilum hjeruðum mundi aldrei verða hegnt á þann hátt.

Flutningsmaður (Sig. Stefánsson): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. 5 manna nefnd með 10 atkv., og í hana kosnir:

Sig. Stefánsson	með	10	atkv.
Þorkell Bjarnason	—	10	—
Kristján Jónsson	—	10	—
Þorleifur Jónsson	—	7	—
Jón Jónsson	—	7	—

Frv. til laga um gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík o. fl. (C. 45); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Hjaltalín): Eins og menn muna, kom frv. þetta fram á síðasta þingi, en fjekk þá skjót afdrif, þar sem það var fellt þegar við 1. umr. En það voru fleiri en jeg, sem þótti það ekki vera makleg afdrif og fannst það vera of fljótt að farið; jeg hef komizt að því, að menn hafa viljað íhuga málið betur, ef ske kynni, að það gæti komið til íhugunar í báðum deildum. Eins og við vitum, þá hefur þingið í fleiri skipti farið fram á, að málinu yrði hreyft í þá átt, að annað og betra skipulag gæti komizt á kennsluna í latínuskólanum. Jeg veit til þess, að það er víða um land töluverður áhugi á því, að breyting komizt á kennsluna í tjeðum skóla. Það eru ýmsir, sem vilja takmarka kennsluna í gömlu málunum, en jeg er hræddur um, að það fáist því að eins, að fyrirkomulagið verði líkt eins og það, sem hjer er farið fram á.

Þess vegna kom jeg fram með þetta frv. nú. Jeg vona, að það komist að minnsta kosti eins langt eins og á síðasta þingi og helzt lengra. Jeg óska gjarnan,

að nefnd verði kosin í málið, en vil láta það bíða, ef fleiri vildu ræða um málið.

Jón Jakobsson: Það er sá góði munur á þessu frv., sem hjer liggur fyrir, og frv. því, er kom fram á síðasta þingi, að hjer er að eins farið fram á 7 ára námstíma í staðinn fyrir 8 áður. Þetta frv. er þess vegna $^1/_8$ aðgengilegra en hið fyrra frá mínu sjónarmiði. En samt sem áður er það ekki fullkomlega aðgengilegt vegna þess, að námstíminn er lengdur um 1 ár frá því sem hann nú er, vegna þess að hinn gamli draugur, latínan og gríska, er enn þá ekki kveðinn niður. Ef þetta frv. yrði samþykkt, fæ jeg ekki sjeð, hvernig hægt væri að kenna eins mikið í gömlu málunum á 4 árum, eins og nú er gjört á 7—8 árum, að meðtaldri kennslunni undir skóla. Ef útgjört væri með kennsluna í gömlu málunum, sjerstaklega gríska, þá mundi 3 ár í hvorri deild vera nægur tími og þá mundi skólatíminn ekki verða lengri en hann er nú. Jeg hef ásett mjer, eptir heimild frá þingmálafundi Skagfirðinga og af eigin hvötum, að koma fram með þingsályktunartillögu mína frá 1893 um kennslu í grísku og latínu. Það er þegar komin mikilsvarðandi hreyfing á þetta mál hjá Norðmönnum, þar sem þeir hafa fyrstir manna á Norðurlöndum stigið það spor, að afnema alveg gömlu málin úr lærðu skólunum. Það er þess vegna því meiri ástæða fyrir okkur til þess að taka nú þetta mál til yfirvegunar, og þar sem jeg býst við, að nefnd verði sett í þetta mikilvæga mál, þá hef jeg í hyggju, að vísa tillögu minni til þeirrar nefndar.

Jeg skal svo ekki að sinni orðlengja meir um þetta, en leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 8 atkv. og í hana kosnir:

Jón Hjaltalín með 10 atkv.
Jón Jakobsson — 9 —
Hallgr. Sveinsson — 8 —
Sigurður Jensson með 8 atkv.
Sigurður Stefánsson — 7 —

Sjöundi fundur, laugardag 10. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um nýbýli (C. 54); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um undirbúning verðlagsskráa (C. 53, 59); 3. umr.

Sigurður Jensson: Jeg hef komið með breyt.till. ásamt 2 h. þm. við frv. þetta. Jeg gat um það við 2. umr. af hvaða ástæðum það væri, og þó að breyt. sje ekki stórvægileg, vona jeg að h þingd. sje mjer samdóma um það, að nauðsynlegt sje að hafa í lögunum greinileg ákvæði um það, fyrir hve langan tíma kosning þessa 3. manns eigi að vera. Jeg þykist svo ekki þurfa að tala meira fyrir breyt.till., það liggur í augum uppi, til hvers hún miðar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 59) samþ. í e. hlj. Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. 52, 62); 3. umr.

Þorleifur Jónsson: Jeg á dálitla breyt.till. við frv. þetta ásamt 2 h. þm. og vil jeg því leyfa mjer að tala fáein orð.

Jeg skal benda á það fyrst, að svo lítur út, sem breyt.till. sje ekki rjett, en það kemur til af því, að í frv. er prentvilla: „því blaði“ í staðinn fyrir „blaði því“, eins og á að standa í frv. Á síðasta þingi kom jeg með frv. um þetta mál, og þá stóð í því ákvæði um að stefnurnar til ógildingardóma skyldi prenta í Stj.tíð. B-deild, og var það gjört í þeim tilgangi, að spara landssjóði þann kostnað,

er af því leiðir, að birta þær í því blaði hjer á landi, er flytur hinar opinberu auglýsingar og í Berl. Tid. í Danmörku, eins og gjört er ráð fyrir í lögunum frá 16. sept. 1893. Þetta ákvæði frv. varð nú samt þess valdandi, að stjórnin hefur ekki sjeð sjer fært að ráða til, að það fengi kgl. staðfestingu, og í stað þess frv. hefur nú stjórnin komið með frv. það, sem hjer liggur fyrir.

Jeg var að hugsa um það, að koma fram með þessa breyt. till. við 2. umr. frv., en jeg hætti þó við það aptur, einkum vegna þess, að jeg vissi ekki um, hve dýrar þessar auglýsingar eptir lögum 16. sept. 1893 hafa orðið landsjóði. En nú er síðan landsreikningurinn fyrir 1894 og 1895 kominn og hann ber með sjer, að auglýsingakostnaðurinn hefur orðið á 4. þús. kr. Nú getur maður búizt við, að auglýsingakostnaðurinn eptir þessum nýju lögum muni verða allt að eitt þúsund kr., og þessi kostnaður er það, sem jeg vil spara landsjóði, með því að láta prenta stefnurnar í Stj.tíð.

Þá er litið er á ástæður stjórnarinnar fyrir því, að synja frv. frá 1895 staðfestingar, þá er fyrst að líta á það, hvort Stj.-tíð. hafi minni útbreiðslu en blað það, er birtar eru í opinberar auglýsingar. Ráðgjafinn álítur, að að eigi sje nægilega tryggt að auglýsa í Stj.tíð. Nú veit maður það, að Stj.tíð. eru send öllum embættismönnum, hreppstjórum, hreppsnefndaroddvitum, þingmönnum, auk þeirra er kaupa þau sjerstaklega. Það er því full trygging fyrir því, að 2—3 eintök af Stj.-tíð. komi í hvern hrepp. Aptur á móti er engin trygging fyrir því, að það blað, sem flytur opinberar auglýsingar komi í allar sveitir; það geta verið ýmsar sveitir, sem það blað kemur alls ekki í. Það er því fullkomlega eins mikil trygging fyrir, að almenningur sjái auglýsingar þessar, þótt þær sjeu prentaðar í Stj.tíð. eins og í blaði því, er flytur hinar opinberu auglýsingar.

Ef vjer nú gætum að, hverjar afleiðingar það hefur, ef breyt. till. þessi verður samþ., þá er ekki nema um tvennt að gjöra: annaðhvort verður frv. staðfest eða ekki staðfest. Ef það verður staðfest, er allt gott og landsjóður sparar sitt fje. Það eru enda eigi svo litlar líkur til, að frv. verði staðfest, þótt breyt. komist að. Vjer vitum það, að stjórnin lagði fyrir þingið 1885 frv. um að birta mætti hinar opinberu auglýsingar í Stj.tíð. Og engar ástæður eru síðan fram komnar, er valdið gætu því, að stjórnin hafi breytt þeirri skoðun sinni; meira að segja munu Stj.tíð. vera útbreiddari nú en þá.

En verði aptur á móti frv. synjað staðfestingar vegna þessarar breyt., sem maður getur þó varla búizt við, þar sem um hag landsjóðs er að ræða, þá er þó ekki hundrað í hættunni. Það tefur að eins framkvæmd þessara laga í nokkur ár, og er enginn stór skaði skeður af því. Haldi stjórnin enn fast við það, að vilja ekki birta auglýsingarnar í Stj.tíð., þá er hægt síðar meir, ef manni sýnist svo, að láta undan og birta þær í blaði því, er opinberar auglýsingar flytur.

Landshöfðinginn: Jeg hygg, að engum háttv. þm. geti blandazt hugur um það, að það að samþ. breyt. till. þessa sje sama sem að fella þetta frv. Það er eigi hægt að vonast eptir því, að stjórnin líti öðruvísi á þetta mál 1897, en hún leit á það 1896. Í brjefi ráðgjafans dags. 17. ágúst 1896 er sagt með berum orðum, að það sje allt of ísjárvert, að fara svo langt út fyrir hinar almennu reglur um innkallanir, að láta sjer nægja að birta ógildingarstefnurnar í Stjórnartíðindunum. Það sem undir kemur, er sem sje ekki einungis það, hvort Stj.tíð. koma á fleiri heimili en önnur blöð, heldur hitt, að auglýsingar þessar sjeu birtar í því blaði, sem lögboðið er, að birta skuli í allar opinber-

ar auglýsingar, því að þeir, er þurfa að lesa þessar auglýsingar, hljóta að leita þeirra þar, en ekki í Stj.tíð. Það er í þessu tilli öldungis þýðingarlaust, þótt stjórnin vildi 1885 birta hinar opinberu auglýsingar í Stj.tíð.; úr því að það varð ekki að lögum leita menn þeirra ekki á þeim stað.

Jeg get ekki gert svo mikið úr kostnaði þeim, er þessi lög geta bakað landsjóði. Nú er þegar búið að auglýsa öll veðbrjef, er um getur verið að ræða, eldri en frá 1873 úr öllum sýslum landsins nema Suður-Múlas. og Þingeyjars. Þess ber líka að gæta, að eptir lögunum frá 16. sept. 1893 þurfti einnig að auglýsa veðbrjefin í Berl. tíð., en nú er ekki farið fram á það í þessu frv.

Jeg álít að það hafi talsverða þýðingu, að frv. þetta fái framgang, einkum vegna þessara tveggja sýslna, til þess þær geti orðið sömu rjettinda aðnjótandi, sem hinar aðrar sýslur hafa þegar fengið.

Mjer virðist hreinlegra að fella þetta frv., en breyta því í þá átt, er menn vita fyrirfram, að veldur því, að það nær ekki staðfestingu. Jeg vil því ráða háttv. þd. frá því að samþ. þessa br. till.

Þorkell Bjarnason: Jeg held að hjer sannist málsháttúrinn gamli: „Spilla má með sparsemi“. Ef br. till. þessi verður sþ. hjer í háttv. þd., þá er það bersýnilegt, að háttv. þm. meti meira að spara nokkur hundruð kr. en að almenningur fái að sjá auglýsingar þær, er hjer er um að ræða.

Jeg skal ekki neitt um það segja, hverja útbreiðslu blað það kunni að hafa í einstökum sveitum norðanlands, er flytur hinar opinberu auglýsingar, en eptir því, sem jeg þekki til mun útbreiðsla þess á móts við útbreiðslu Stj.tíð. vera eins og 20 á móti 1.

Eptir því, sem jeg því lít á þetta mál, hefur það meiri þýðingu, að almenningur fái að sjá þessar auglýsingar heldur en hitt, hvort landsjóður sparar nokkur hundruð kr. Jeg hygg því, að allir þeir, er eigi vilja láta slíkar auglýsingar verða duldar almennningi hljóti að greiða atkv. móti breyt. till. þessari.

Þorleifur Jónsson: Jeg hef eigi breytt skoðun minni þrátt fyrir ræðu hæstv. landsh. Jeg get ekki sjeð mikinn skaða í því, þótt lög þessi bíði ein 2 ár, ef þau vegna þessarar br. till. geta ekki öðlazt staðfestingu.

Hæstv. landsh. sagði að í þessu máli kæmi ekki til greina eingöngu útbreiðsla þess blaðs, er auglýst væri í, heldur hitt, að þessar auglýsingar væru birtar í blaði því, sem lögboðið er að birta stjórnarvalda auglýsingar. Jeg veit nú ekki betur en að það sje lögboðið, að birta slíkar auglýsingar, sem hjer er um að ræða, þ. e. stefnur til ógildingardóma einnig í Berl. Tíd., en þó er því ekki fylgt í þessu frv. Þessi lög gjöra breyt. á eldri lögum í þessu efni og þau skýra hverjum og einum frá því, hvar hann á að leita að þessum auglýsingum.

Hæstv. landsh. sagði ennfremur, að þessi lög, þessar auglýsingar mundu ekki kosta landsjóð mikið, því að nú væri eigi ætlazt til, að birta þær í Berl. Tíd. Jeg skal út af þeim ummælum leyfa mjer að geta þess, að jeg hygg, að það muni fáir sýslumenn hafa auglýst eptir hinum eldri lögum í Berl. Tíd., svo að það mun ekki hafa hleypt svo mjög auglýsingakostnaðinum fram.

Gagnvart h. 6. kgk. (Þ. B.) skal jeg taka fram, að blað það, er auglýstar eru í hinar opinberu auglýsingar er ekki eins útbreitt fyrir norðan, eins og það víst er í kringum hann eptir ræðu hans að dæma. En hitt er víst, að Stj.tíð. lesa á norðurlandi fleiri en hreppsnefndir, því eins og menn vita, er það skylda þeirra að lána mönnum þau, er um það biðja. En ef til vill kæra menn í Kjósinni sig ekki mikið um að vita, hvað í Stj.tíð. stendur og biðja því ekki um að lána sjer þau til lesturs.

ATKVÆÐAGR.: Br. till. (C. 62) samþ. með 6 : 5 atkv. Frv. þannig breytt samþ. með 9 atkv. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðar á Eskifirði (C. 29); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og vísað til 3. umr.

Áttundi fundur, mánudaginn 12. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um heimild til að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 44, 63); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgr. til Nd.

Frumv. til laga um eptirlaun (C. 34); 2. umr.

Kristján Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að tala nema örfá orð um þetta frv., að eins til að lýsa því yfir, hverníg jeg muni greiða atkv. um það.

Jeg skal þá taka það fram þegar í stað, að jeg mun greiða atkv. á móti frumvarpinu.

Jeg ætla alls ekki að reyna að koma fram með tillögur til breytingar á því; jeg álít það ekki vera til neins eptir því sem reyndin hefur á orðið á undanfarandi þingum. Það hafa verið gjörðar tilraunir til þess á síðast undanförnum þingum, en það hefur reynzt árangurslaust.

Aðal-ástæðan til þess að jeg get ekki gefið frv. þessu atkv. mitt er sú, að lækkun sú á eptirlaununum, sem það fer fram á, í sambandi við lækkun þá á ýmsum embættislaunum, sem tekin hefur verið í lög, eigi alls fyrir löngu, er að mínu áliti hóflaus og gengdarlaus.

Launalögin 15. okt. 1875 höfðu töluverð áhrif í þá átt, að eptirlaun embættismanna lækkuðu yfir höfuð að tala. Meðan launin fóru hækkandi eptir embættisárafjölda, gátu menn venjulega búizt við því, að komast á hin hæstu laun, sem lögin ákváðu, það er að segja, að ná hámarki launanna, en það var eptir 29 ára embættisþjónustu. Eptirlaunin voru svo miðuð við embættislaunin 5 síðustu árin. Meðan fyrirkomulagið var þannig, urðu eptirlaunin venjulega hærri en síðar, þótt embættislaunin hafi síðar orðið hærri að meðaltali, vegna þess að hin hæstu embættislaun voru áður miklum mun hærri, en hámark launanna var sett með lögunum 15. okt. 1875. Þannig höfðu þessi lög óbeinlínis áhrif á eptirlaunin, þannig að þau yfirleitt hlutu að lækka.

Launalögin 9. desbr. 1889 lækkuðu laun embætta þeirra, sem þau ræða um, að miklum mun; að vísu voru sum embættislaunin hækkuð dálítið, en yfir höfuð voru þau lækkuð, og það að mjög miklum mun Þetta hefur haft beinlínis áhrif á eptirlaunin, þeim til lækkunar.

Þessi lækkun virðist ekki hafa þótt nóg, því nú er farið fram á að lækka beinlínis sjálf eptirlaunin. Af því að jeg veit ekki, hvort hinum h. þm. er ljóst, hversu mikil lækkunin verður, þá hef jeg reiknað hana út og legg til grundvallar embættislaunin, eins og þau voru ákveðin með launalögunum 1889 fyrir þau embætti, sem þar eru nefnd.

Setjum svo að embættismaður fái lausn eptir 30 ára þjónustu; eptir launalögunum 9. desbr. 1889 verða þá eptirlaunin þessi fyrir eftirnefnda embættismenn.

	Eptir núgild. eptirl.lög.	Eptir frumv.
Biskup og amtmaður	3333 kr.	1600 kr.
Justitiarius	3200 —	1560 —
Yfirdómarar og landfóg.	2333 —	1300 —
Prestaskólaforstöðum.	2666 —	1400 —
Rektor lærða skólans	2666 —	1400 —
1. kennari prestaskól. 1 og 2. kenn lærða sk.	1867 —	1160 —
2. kennari prestaskól. 3. og 4. kenn lærða sk.	1600 —	1080 —
5. kenn. lærða skól.	1333 —	1000 —

Þetta eru embætti þau, sem nefnd eru í lögunum 1889.

Jeg hef lesið upp þessar tölur, til að rökstyðja orð mín um, að lækkunin væri hóflaus og gengdarlaus; minni lækkun, en til helminga, og þar yfir, mætti sannarlega gjöra gagn. Og þó þetta frv. nái fram að ganga, munu menn varla láta þar staðar numið.

Jeg ber kvíðboga fyrir því, að þegar búið er að lækka eptirlaunin, svo sem nægja þykir, eða gjörlegt álízt, þá muni koma fram ellistyrks-skyldulögin, sem ekki eru óþekkt hjer á þingi. Þá er eitt atriði, sem jeg er hræddur um, að ekki hafi verið athugað sem skyldi við samningu þessa lagafrumvarps, nefnilega lífsábyrgðarsjóðs-greiðslu-byrðin, er hvílir á mönnum, einnig eptir að þeir hafa sleppt eða fengið lausn frá embætti og eru komnir á eptirlaun.

Jeg skal leyfa mjer að lesa upp lífsábyrgðarsjóðsgjöld nokkurra embættismanna, eins og þau eru nú:

Amtm. yfir Suður og Vesturamt.	kr. 384,37
Landfógetinn	— 361,98
Justitiarius	— 473,81
Biskup	— 734,92
Forstöðumaður prestaskólans .	— 268,38
Yfirkennari lærða skólans . .	— 592,04

Þegar gætt er að upphæðum þeim, er jeg las upp áður, sem væntanlegum eptirlaunum og svo athugað þetta gjald til lífsábyrgðarsjóðs, sem eptirlaunamenn verða einnig að greiða, munu menn sjá, að eptirlaunin munu allopt verða fremur lítilfjörleg.

Jeg hef til dæmis að taka þekkt einn embættismann, er galt nálega 1100 kr. árlega til lífsábyrgðarsjóðs, og það var ein af aðal-orsökunum til þess, að hann ekki sagði af sjer embætti, þótt hann fyrir aldurs sakir væri orðinn lítt fær að þjóna því. Hann sá, að hann mundi tæplega geta komizt af með stórt og þungt heimili hjer í Reykjavík, ef hann kæmist á eptirlaun, og yrði svo árlega að borga af þeim um 1100 kr. til ekkjusjóðs. Eptirlaun hans hefðu þó orðið fullar 2600 krónur.

Þetta dæmi er vel kunnugt. Það mætti segja margt fleira um þetta mál, sem mundi hljóta að verða á móti frumvarpinu; en jeg vildi að eins taka fram hið allra nauðsynlegasta því til skýringar. En svo mikið mun óhætt að segja, að ef frv. þetta nær fram að ganga, mun afleiðingin af því vafalaust verða sú, að menn munu sitja í embættum svo lengi sem kostur er á, og yfirboðarar þeirra munu þá eðlilega í lengstu lög kynoka sjer við, að setja þá frá embættunum, er þeir ættu ekki á öðru von en fátækt, örbirgð og jafnvel því að komast á sveitina.

Flutningsmaður (Sig. Stefánsson): Mjer kemur ekki til hugar að halda langa ræðu gegn tölum þeim, er h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) las upp; jeg veit, að þær muni allar vera rjettar. En þar sem hann gat þess, að lækkunin væri hóflaus og gengdarlaus, þá getur það máske verið álitamál. Við vitum það mikið vel, að frv. lækkar að mun eptirlaunin. Við vissum líka, að launalögin 1889 lækkuðu þau frá því sem áður var. En jeg held samt, að frumv. þetta hafi við töluverð rök að styðjast.

Margir gjaldendur til landssjóðs álíta, að það ætti ekki að eins að lækka eptirlaunin, heldur jafnvel taka þau alveg af; en svo langt vil jeg ekki fara; jeg vil ekki nema þau alveg af, enda þótt jeg viti, að sú skoðun sje ríkjandi, nál. í hvers manns brjósti meðal almennings. En þrátt fyrir tölur þær, er h. 3. kgk. þm. las upp viðvíkjandi lækkun eptirlaunanna, held jeg samt, að þau eptirlaun, sem farið er fram á í frv. þessu, sjeu ekki svo lág, að þau getí fælt efnilega menn frá að ganga embættisveginn framvegis.

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók það fram, að afleiðingin af frv. þessu, ef það næði fram að ganga, mundi verða sú, að menn sætu

eins lengi í embættunum og nokkur kostur væri á, og yfirboðarar þeirra myndu um of veigra sjer við að hreyfa nokkuð við þeim, þar sem ekki lægi fyrir þeim annað en örbirgð og jafnvel skortur, er þeir misstu embættistekjurnar; þetta er spádómur, sem hefur ekki við mikil rök að styðjast.

Jeg þykist eins vel geta spáð því, að það muni verða völ á nógum embættismönnum, þótt frv. þetta verði að lögum, svo ekki þurfi að halda gömlum og uppgefnum mönnum í embætti um skör fram. Jeg hygg að þeir muni verða margir, sem þakka fyrir að fá embætti, jafnvel þótt þeir ekki ættu von á neinum eptirlaunum. Jeg skal leyfa mjer að benda á eina stjett embættismanna, nfl. prestana.

Fjöldi þeirra hefur ekki meiri laun alla æfi en eptirlaun þau, sem hinir hálaunuðu embættismenn hafa; en guð hefur hingað til blessað þá svo, að þeir ekki hafa komizt á vonarvöl. Það er minni hvöt fyrir embættismann að leggja upp fje til ellidaga sinna, þegar hann veit að honum er borgið, þótt hann hætti að vinna; en hins vegar er meiri hvöt fyrir hann til að fara haganlega með efni sín, er hann veit, að eptirlaunin eru lítil, og að hann ekki muni geta komizt vel af, ef hann ekki hefur lagt upp frá vinnuárunum.

Jeg veit sem sagt, að það eru fleiri raddir fyrir engum eptirlaunum; en þann veg hef jeg ekki viljað fara; jeg vil að eins að lækkunin sje hófleg, þótt sumir vilji ætla, að hún sje hóflaus og gengdarlaus. Slíkt er jafnan álitamál.

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók það fram í ræðu sinni áðan, að lífsábyrgðargjaldið væri þungt. Jeg viðurkenni fullkomlega, að það sje satt. Það er bæði gamalt og ósanngjarnt og vonandi að þeim lagaákvæðum, er það styðst við, verði bráðum breytt.

Hallgrímur Sveinsson: Mjer dettur alls ekki í hug að áfella h. flutningsm. þessa frv. (S. St.), þótt hann komi með það inn á þingið og mæli með því; hann hefur fullkomlega rjett fyrir sjer í því, að í gegnum það tala allsterkar raddir frá almenningi. Það er og ógnar skiljanlegt, þegar litið er á hag þann annarsvegar, er almenningur á við að búa og hins vegar hitt, að honum hlýtur að vera eigi fullkunnugt um hag og allar kringumstæður embættismannanna. En aptur á móti verður einnig að líta á, hvernig mál þetta horfir við nú sem stendur.

Jeg tók það þegar fram á alþingi 1893, að allar vonir væru til, að raddir kæmu fram frá þjóðinni um að lækka nokkuð eptirlaunin og jeg sýndi mig þá reiðubúinn til að miðla málum. Jeg gjörði þá ýmsar tilraunir til að mæta flytjendum þessa máls á þinginu á miðri leið, og reyndi að finna mælikvarða, er menn gætu orðið á eitt sáttir um; en allt reyndist það árangurslaust, — allar mínar till. voru felldar. — Jeg tók það þá fram, að í þessu máli hlytu menn að fara varlega, þar sem um það er að ræða, að breyta mjög verulega lífsvenjum manna. Þær uppástungur, er jeg gjörði þá, miðuðu í þá átt, að ljetta þó að miklum mun eptirlaunabyrðinni fyrir landssjóð, — en, sem sagt, mínar till voru virtar að vettugi, og hef jeg því ekki sjeð það til neins fyrir mig, að koma nú fram með br. till. við frv. þetta. Jeg hef sömu skoðun og áður á þessu máli og verð því að vera á móti frv. í meginatriðum þess.

H. flutningsm. (S. St.) benti á það, að mikill hluti af einum embættismannaflokki þessa lands, sem sje prestunum, lifði alla æfi við eigi hærri laun, en eptirlaunin yrðu eptir frv. þessu, og samt sem áður hafi þeir komizt þolanlega af. Þetta er að vísu satt. En hjer er ýmislegt að athuga við. Þess ber að gæta, að prestar í sveit lifa undir allt öðrum kringumstæðum en embættismenn, er í kaupstöðum búa. Þeir hafa að jafnaði búskap við að styðjast, og tekjur þeirra verða þess vegna

drýgri í hendi, en þær sýnast vera, — þótt undantekningar eigi sjer stað. Embættismenn þeir aptur á móti, er hjer er um að ræða og h. 3. kgk. (Kr. J.) tók dæmi af, lifa allir hjer í Reykjavík og verða þess vegna að lifa langtum kostnaðarsamara lífi en komast má af með í sveitunum. Jeg vil að eins benda á eitt í þessu tilliti: það eru húsakynnin Viðvíkjandi húsakynnum eru gjörðar allt aðrar kröfur til embættismanns, er lifir hjer í Reykjavík, heldur en þess, er í sveit lifir; og sjálfur verður hann að setja kröfurnar langt um hærri. Hjá þessu verður alls ekki komizt. Hjer hefur enginn embættismaður fastan embættisbústað nema landshöfðinginn, sem þó er tízka í öðrum löndum, og neyðast þeir því opt og einatt til að hleypa sjer í miklar skuldir, þegar í upphafi til þess að eignast bústað, sem svo verður þeim þung byrði alla æfi og sem þeim opt gengur erfitt að losna við á elliárunum. Þannig verður opt og tíðum hinn sami kostnaður að viðhaldast eins eptir sem áður, þótt embættismaðurinn hafi sleppt stöðu sinni og hafi eigi þörf alls þess húsrúms, sem hann áður þurfti með.

Allt þetta og mjög margt fleira verður að gjöra sjer ljóst, þá er um þetta mál er að ræða, og vegna þess er það mjög ískyggilegt að gjöra stór stökk allt í einu; hitt er hyggilegra að feta sig áfram smátt og smátt; gagngjörð breyting allt í einu má búast við, að reynist vanhugsuð.

Jeg finn enn eigi ástæðu til að fara ítarlegra út í þetta mál, það hefur verið all-rækilega rætt á undanfarandi 2 þingum. Jeg hef að eins viljað gjöra grein fyrir atkv. mínu.

Það er þó eitt atriði, sem jeg vil benda á. Stjórnin hefur nú tvívegis neitað frv. þessu um staðfestingu, og má því telja hæpið að koma með sama frv. óbreytt þing eptir þing. Mjer virðist full ástæða til að láta mál þetta bíða um hríð; það er hætt við, að stjórnin muni líta á þetta frv. nokkuð líkt og áður, og hvað er þá unnið?

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 9 atkv.; 2. gr. samþ. með 8 atkv.; 3.—11. gr. samþ. með 9 atkv. hver. Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 3 atkv.

Frv. til laga um endurgreiðslur á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli o.s.frv. (C. 55); 1. umr.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Eins og h. þingd. er kunnugt, kom fram á síðasta þingi, — eptir beiðni prófastsins á Hólmum, — líkt frv. og þetta. Fór það fram á, að Hólmapresti væri gefin upp skuld sú, er hann var kominn í við landssjóð fyrir vangoldið árgjald af brauðinu, enn fremur að árgjald prestakallsins væri fært niður að mun og það losað við eptirlaunabyrðina til uppgjafaprestsins. — Mál þetta var sett í nefnd hjer í h. deild og rækilega rætt þar og rannsökuð öll skjöl málinu viðvíkjandi, enda komst bæði nefndin og öll h. þingd. að þeirri niðurstöðu, að það væri bæði rjettlátt og sanngjarnt, að presturinn væri losaður við árgjaldsskuldina til landssjóðs og prestakallið losað við eptirlaunabyrðina.

En máli þessu reiddi svo af í h. Nd., að einungis var ljett af prestakallinu eptirlaunabyrðinni; hinar aðrar kröfur vildi sú þingd. ekki taka til greina, og þannig varð svo frv. á endanum, þá er það var samþ. af þinginu.

Nú leitar prestur þessi enn á ný til þingsins, og eins og h. þm. mun þegar kunnugt liggja skjöl frá honum og skilríki frammi á lestrarsalnum, er sýna það og sanna, að prestakallið er ólífvænt orðið með svona háu árgjaldi. Í frv. þessu er farið fram á það, að endurborga prestinum eptirlaun þau, er hann útborgaði af tekjum prestakallsins frá 1893—1895, því að þar sem alþingi 1895 viðurkenndi, að rjett væri, að losa prestakallið við eptirlaunin,

þá leiðir og af sjálfu sjer, að sanngjarnt er að endurborga prestinum þau eptirlaun, er hann hafði þegar útborgað, áður en lögin öðluðust gildi. Jeg skal ekki fara frekar út í ástæður prestsins nú í þetta sinn, en einasta geta þess, að orsökin til þess, að presturinn kom ekki fram með þessa kröfu á síðasta þingi um að fá endurborguð þessi eptirlaun, stafaði af því, að hann hugði sjálfsagt, að alþingi mundi svo sanngjarnt þá, að gefa eptir árgjaldsskuldina og lækka hið árlega afgjald, úr því að prestakallið er orðið svo rýrt, að í stað þess að borga af því 600 kr. á ári þyrfti að leggja því 600 kr. á ári til uppbótar, ef það ætti að vera líkt að gæðum því sem gjört er ráð fyrir í endursk. brauðamati á Íslandi 3. okt. 1884.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um mál þetta; jeg býst við að því verði vísað til nefndar þeirrar, er þegar hefur verið kosin til að íhuga frv. um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi o. fl., og jeg þykist viss um, að nefndin muni við íhugun málsins sannfærast um, að það kemur ekki hjer inn á þingið ár eptir ár fyrir þvergirðingsskap eða tráss, heldur að full nauðsyn liggur til grundvallar fyrir því og rjettlæti og sanngirni mælir með því.

Hallgrímur Sveinsson: Af því að h. flutningsm. (G. V.) hefur svo rækilega skýrt frá ástæðunum fyrir frv. þessu, skal jeg ekki fara út í það að lýsa þeim; að eins vil jeg lýsa yfir því, að jeg er þessu frv. mjög hlynntur. Jeg vil biðja h. þingd. að taka því sem allra bezt og virðist mjer sennilegt, að það fari þann veg, er h. flutningsm. (G. V.) benti á.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Úr því að ekki fleiri óska að taka til máls, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að frv. verði vísað til nefndar þeirrar, er jeg gat um áðan.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til þeirrar nefndar með 10 atkv.

Frv. til laga um uppreist á æru án konungsúrskurðar (C. 51, 64); 3. umr.

Landshöfðingi: Orsökin til þess, að jeg hef komið fram með breyt.till. við frv. þetta, er sú, að svo hefur atvikazt með breyt. þeirri, er gjörð var á frv. við 2. umr., að það hefur fengið dálitla efnisbreyt., er mjer þó skildist á flutningsm. breyt.till., að hann ekki ætlaðist til. Eptir orðalagi frv. nú er áherzlan lögð á það, að manni hafi eigi nema einu sinni verið hegnt fyrir brot, þar sem hugsunin er, eptir frv. stj., að áherzlan liggi á því, að maðurinn hafi ekki nema einu sinni framið þann verknað, er hann er dæmdur fyrir. Þetta er nokkuð annað, því að það má með sama dóminum dæma mann í hegningu fyrir mörg brot, og ákvæði laganna eiga ekki að ná yfir þau tilfelli.

Jeg vona því, að h. þingd. samþykki breyt.till., því að hún gengur út á það, að hin upphaflega hugsun frv. breytist ekki.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 64) samþ. í e. hlj. Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Níundi fundur, þriðjudag 13. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði (C. 29); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um breyting á lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 61); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson): Jeg sje ekki ástæðu til að ræða mikið um þetta frv. við þessa 1. umr. þess.

Það er algjörlega samhljóða frv. því, er samþykkt var á síðasta þingi. Ástæð-

urnar fyrir því voru þá teknar svo greinilega fram, að mjer finnst ekki þörf á að orðlengja um þær nú. Aptur á móti gæti máske verið meiri ástæða til að minnast á, hvers vegna stjórnin hefur neitað frv. um samþykki sitt. En jeg hef leitað fyrir mjer í dag á skrifstofu alþingis, á landsbókasafninu og hjá afgreiðslumanni Stjórnartíðindanna, til að fá Stjórnartíðindin, en mjer hefur ekki tekizt að fá þau. Jeg verð að játa, að jeg hafði ekki þá fyrirhyggju, að flytja þau með mjer að heiman, og jeg verð líka að játa á mig þann breyskleika, að jeg kann ekki utan bókar allt, sem stjórnin segir, og jeg hef heldur ekki haft skap til að ganga fyrir hvers manns dyr hjer í Reykjavík, til að biðja um Stjórnartíðindin.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um frv. að þessu sinni. Okkur flutningsmönnum mun gefast kostur á að minnast á ástæður stjórnarinnar við 2. umr., ef okkur þykir svo við eiga.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og hinn h. flutningsm. þessa frv. (J. J.) tók fram áðan, sje jeg heldur ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. að þessu sinni. En þar sem h. flutningsm. gat um, að sjer hefði ekki heppnazt að ná í Stjórnartíðindin, til þess að geta glöggvað sig á svari stjórnarinnar og ástæðum þeim, er hún færði fyrir því, að neita frv. um samþykki sitt, þá skal jeg geta þess, að jeg mundi hafa verið hinn fúsasti til að gefa honum kost á, að glöggva sig á þeim hjá mjer, því að jeg á einmitt þau Stj.tíð., sem um er að ræða, og hef sjálfur kynnt mjer þau rækilega. Jeg get frætt h. flutningsm. um það, að stjórnin í ástæðum sínum fyrir að synja frv. um staðfestingu, blátt áfram skírskotar til þeirra röksemda, sem áður hafa verið fram fluttar í þessu máli af hennar hálfu. Þær eru hinar sömu, sem fyrir neituninni 1893 og eru að lesa í Stj.tíð. fyrir 1894.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að mjer er ekki skiljanlegra en áður um nauðsyn þessa frv. Jeg get ekki sjeð, að söfnuðirnir sjeu svo þvingaðir enn þá, að þeir geti ekki unað við þessi 11 ára lög. En úr því að þetta nú samt sem áður sýnist vera almennur vilji safnaðanna, þá finnst mjer það ekki nema eðlilegt, að þjóðkjörnir þingm. vilji verða við óskum þeirra. En ef stjórnin, þegar til hennar kemur, einungis synjar á ný og skírskotar til fyrri ástæða sinna fyrir synjuninni á lögum þessum, þá er ekki mikið unnið við það. Mjer fyrir mitt leyti er ekki svo fast í hendi það litla vald, sem hið kirkjulega veitingarvald hefur í þessu máli, að jeg geti ekki gjarnan sjeð af því. Jeg er reyndar eins vel ánægður með þetta frv., eins og hin núgildandi lög fyrir veitingu brauða; hvorugt er að mínu áliti í bezta lagi. Það voru töluverðir agnúar á frv. þessu, þegar það kom fyrst fram fyrir nokkrum árum, en margir af þeim eru horfnir við endurbætur þingsins á frv. síðan. En á hinn bóginn tel jeg það mjög óvíst, að söfnuðirnir yrðu ánægðari með þessi nýju lög, þegar búið væri að beita þeim um nokkurn tíma, þar sem söfnuðirnir eptir núgildandi lögum ekki mega velja nema um 3, þá getur að vísu í vissum tilfellum farið svo, að þeir eigi um töluvert fleiri að velja, en mjög hætt við, að valið takist ekki betur en nú, þegar veitingarvaldið setur 3 menn á skrá, og þessir 3 munu í mörgum tilfellum vera einmitt þeir, sem söfnuðirnir helzt vildu kjósa; og þótt veitingarvaldinu sje álasað fyrir að velja ekki úr þá menn, sem helzt áttu að koma til greina eptir óskum safnaðarins, þá fer því svo fjarri, að veitingarvaldið skeyti ekkert um framkomnar eða áætlaðar óskir safnaðanna, að það þvert á móti gjörir sjer far um, að synja ekki rjettmætum kröfum safnaðarins. Það hefur áður verið slegið fram ýmsum svigurmælum um, að lögum þessum væri ekki rjettilega beitt; en slíkt kostar ekkert, ef

sönnunum er sleppt. Það er betra að vita, hvað menn meina og eiga við, svo að veitingarvaldið geti lært af því, ef aðfinningarnar skyldu reynast á góðum rökum byggðar, sem jeg reyndar hygg að ekki verði. Frá mínu sjónarmiði sje jeg ekki ástæðu til að mæla á móti frv. þessu, en jeg get ekki sjeð, að sönnum þörfum safnaðarins sje borgið með því; og þar sem mjög lítil von er um, að samþykki stjórnarinnar fáist fyrir frv. þessu, þá sje jeg það varla gjörlegt, að halda áfram með að halda frv. þessu til streytu, eptir þeirri reynslu, sem menn hafa frá undanfarandi þingum.

Flutningsmaður (Jón Jónsson): Jeg ætla mjer að eins að tala fá orð á móti ræðu h. 2. kgk. (H. Sv.). Hann spurði, hvað menn meintu með að biðja svona hvað eptir annað um breytingar á lögum þessum. Jeg skal svara hinum h. þm. blátt áfram. Orsökin til þess, að beðið er um breytingar á lögum þessum, er sú, að þjóðinni þykir veitingarvaldið hafa misbrúkað rjett sinn til að ryðja burt umsækjendum, sem söfnuðirnir vilja kjósa. H. 2. kgk. (H. Sv.) vildi fá nefnd einhver dæmi. Jeg er nú hvorki við því búinn nú á þessari stundu, enda nógur tími til þess síðar, ef það þykir nauðsynlegt. Jeg fyrir mitt leyti álít það nú ekki vel viðkunnanlegt, að vera að fleygja fram í þingræðum nöfnum einstakra manna.

Þar sem h. 2. kgk. (H. Sv.) tók það fram, að lítil líkindi mundu til samþykkis stjórnarinnar í þessu máli, þá er það alls ekki sjeð, að hún muni alltaf synja frv. samþykki sínu. Við erum nú margir hjer á þingi svo skapi farnir að ímynda okkur, að stjórnin geti látið sannfærast, enda þótt sömu menn sjeu í stjórninni, en auk þess er alls ekki víst nema nýir menn komi í stjórnina, sem líti á þetta með öðrum augum, og vjer höfum mörg dæmi þess, að stjórnin hefur látið sannfærast, og það er öll ástæða til að vona, að hún einnig gjöri það nú, er hún sjer, að þinginu er full alvara og að vjer færum gildar ástæður fyrir máli voru. Jeg gæti nefnt ýms dæmi þess í þingsögu vorri, að stjórnin hefur látið undan óskum þingsins. En jeg veit, að hinum h. þm. er þetta eins kunnugt eins og mjer, og sje því ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að menn ættu ekki að vera svona þrásæknir með önnur mál en þau, sem rjettmætar ástæður væru fyrir. En um það má nú lengi deila, hvaða ástæður sjeu rjettmætar, og hvaða ástæður sjeu ekki rjettmætar. Einn álítur þetta rjettmætt, annar hitt. Vjer, sem höldum fram þessu máli, álítum okkar skoðanir rjettmætar, og mótmælendurnir álíta sínar skoðanir rjettmætar líka.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frv. nú við hina 1. umr. þess, en geyma það heldur til 2. umr. Jeg vona, að h. þingd. verði sjálfri sjer samkvæm og að hún felli ekki frv. þetta nú, sem hún ljet ganga gegnum allar umr. á þingi 1895.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað (C. 68); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Mál þetta er ógnar einfalt og breyt.till. nefndarinnar heldur ekki flóknar, og er því engin ástæða til að fara mörgum orðum um frv. við þessa umr., það er tími til þess við 2. umr.

Jeg skal endurtaka það, sem í nefndarálitinu stendur, að breyt. eru ekki efnisbreyt., heldur miða að eins til þess, að færa málið á frv. í eðlilegri búning.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2 umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C. 69); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): Það er hið sama að segja um þetta mál sem hið næsta á undan. Nefndin hefur ekki gjört verulegar efnisbreytingar við það og nefndarálitið er stutt og þarf ekki langra skýringa.

Jeg skal að eins minnast lítið eitt á tvö atriði í frv. Nefndin hefur bætt inn í 1. gr. 1—2 ákvæðum til þess að taka ákveðnara og skýrara fram það, sem þar er sagt; en efnisbreyt. er það ekki. Svo hefur hún í 3. gr. leiðrjett villu, er óvart hefur slæðst inn í ísl. textann, en sem er rjett í hinum danska texta, og er því að eins vangá eða röng útlegging, „hreppsnefnd“ í stað „sýslunefnd“ á tveimur stöðum; en að svo sje, verður ljóst, þegar frv.gr. er borin saman við athugas. við frv. En svo hefur nefndin bætt einu nýmæli inn í lögin. Hún áleit fulla ástæðu til, að gjörðar yrðu ráðstafanir til þess, að útbýting þess fjár, er fellur innan fárra ára til útbýtingar úr þessum sjóðum, gæti orðið föstum reglum bundin, er væru sameiginlegar allstaðar á landinu, til þess að koma í veg fyrir, að sveitarstjórnir gætu beitt gjörræði í því efni, eða að sín reglan myndaðist á hverjum stað. Ákvæði um þetta vantar í hin eldri lög; þar hefðu þau eiginlega átt að vera. — Nefndin hefur því lagt til, að landshöfðingi semji slíkar reglur eptir tillögum amtsráðanna, og vona jeg, að h. þingd. geti aðhyllzt till. nefndarinnar í þessu tilliti.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en vona, að það gangi hiklaust til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 71); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Ástæður stjórnarinnar fyrir frv. þessu eru talsvert ítarlegar og í nefndarálitinu er einnig nokkuð nákvæmlega gjörð grein fyrir breytingum þeim á gildandi lögum, sem frv. fer fram á að gjörðar sjeu, og leyfi jeg mjer að vísa til þessa hvorstveggja.

Jeg skal þó minnast stuttlega á aðalbreytingarnar, sem ætlazt er til að gjörðar verði á lögunum 10. nóv. 1894, þó að málið sje nú að eins til 1. umr.

Breyt. eru aðallega tvær á gildandi lögum; sú er önnur, að lækkað er hámark sektarinnar frá því sem það er ákveðið í lögunum frá 10. nóv. 1894, 2. gr. þeirra, en í sambandi við það hefur nefndin leyft sjer að koma með breyt. í þá átt, að öll veiðarfæri skuli vera upptæk, í stað þess, er áður var, að að eins hin „ólöglegu veiðarfæri“ skuli verða gjörð upptæk. Hin breytingin er við 3. gr. Það getur nú verið álitamál, hvort það er í sjálfu sjer breyting eða að eins útskýring orðanna í hinum eldri lögum: „að leita hafnar í neyð“. En hvernig sem það er annars skoðað, hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að mæla með þessari breyt., sem einnig er hið verulegasta atriði í þessum nýju lögum.

Jeg skal geta þess sjerstaklega, með tilliti til afstöðu minnar í málinu, að jeg álít það ekkert vafamál, að það eigi að lina ákvæði laganna í þá átt, sem stjórnin hefur stungið upp á, því að þegar á þinginu 1894, þá er lögin voru fyrir til umræðu, virtist mjer það mjög hæpið, að þessi ákvæði 3. gr. gætu staðizt eptir alþjóðlegum (international) rjettarreglum. Jeg gaf greininni atkvæði mitt einungis vegna þess, að jeg vissi til þess, að landshöfðingi hafði gefið þá yfirlýsingu í Nd., að ekkert mundi vera greininni til fyrirstöðu, og enda mælti með ákvæðum hennar, eins og þau þá voru sett. Í mínum augum var það mjög hæpið, að leyfilegt

væri, eptir alþjóðlegum rjettarreglum, að setja það ákvæði í lögin, að taka skyldi skip og leggja refsingu á skipshöfnina einungis fyrir það, að það hittist innan landhelgi, án þess að nokkuð sje sannað um það, hvort það hefur framið lagabrot eða einu sinni ætlað að fremja það. Sjóinn ber allstaðar að skoða sem þjóðveg, almenningsveg, eins innan landhelgi sem utan, og má ekki banna umferð um hann með lögum, að sínu leyti eins og bóndi getur ekki bannað umferð um land sitt, ef þar hefur vegur verið að fornu fari. Enska stjórnin hefur og látið megna óánægju í ljósi yfir lagaákvæði þessu, einmitt af því, að það kæmi í bága við viðurkenndan alþjóðarjett, og hafa um það orðið brjefaskipti milli hennar og hinnar dönsku stjórnar.

En svo er og annað atriði, sem gjörir þessi ákvæði hinna gildandi laga mjög athugaverð og nær því óviðunanleg, og það er, að það hefur sýnt sig, að hvorki vjer nje Danir erum færir um að framfylgja þeim bókstaflega, því að til þess þyrfti að minnsta kosti 3 hraðskreið og vel útbúin varðskip, en svo mörg varðskip geta Danir ekki haft hjer í kringum landið. Sjálfir getum vjer ekkert í því efni, eins og allir vita. Þetta er reynslan búin að sýna og sanna. En ströng lög, sem ekki verður framfylgt, eru verri en engin lög, verða manni sjálfum, sem lögin eru gjörð fyrir, til gremju og skapraunar, en til athlægis og spotts fyrir aðra.

Fyrir því er það, að nefndin öll í heild sinni hefur fallizt á tillögu stjórnarinnar um að breyta þessum ákvæðum.

Um hinar einstöku breyt.till. nefndarinnar, sem ekki eru mikilsverðar, nema breyt. við 2. gr. um veiðarfærin, verður talað við 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tíundi fundur, fimmtudag 15. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um eptirlaun (C. 74); 3. umr.

Kristján Jónsson: Jeg vildi mæla fáein orð til viðbótar því, er jeg sagði um frv. þetta, þá er það var hjer til 2. umr.

Jeg minntist þá á það, og það var viðurkennt af formælendum frv., að launalögin frá 1875 hefðu haft veruleg áhrif til lækkunar eptirlaunanna, enn fremur að launalögin frá 1889 hefðu haft enn verulegri áhrif í sömu átt, og loks væri nú með frv. þessu farið fram á beinlínis að lækka eptirlaunin að stórum mun. Jeg sýndi þá og með tölum hversu stórkostleg þessi lækkun verður, og benti jeg á þær afleiðingar, sem þetta að líkindum hlyti að hafa. Aptur á móti hef jeg ekki minnzt á ástæður þær, er hafðar eru af talsmönnum frv. fyrir því, og þykir mjer því rjett, að minnast á þær með nokkrum orðum.

Aðalgrundvöllur frv. mun talinn vera óskir og vilji almennings, eins og tekið var fram við 2. umr. af h. 2. kgk. (H. Sv.). Það má vel vera, að svo sje, að vilji almennings komi fram í frv. þessu, en þá verður einnig að gefa gætur að því, hvernig sá almenningsvilji er undir kominn; almenningsviljinn getur bæði verið rjettmætur og rangur, eða, sem jeg leyfi mjer að segja, ómóralskur, siðferðislega rangur. Sá almenningsvilji, sem er rjettur og hefur full rök við að styðjast, á að sjálfsögðu að vera leiðarvísir fyrir þm., en aptur á móti er það skylda þm., að leiða almenningsviljann á rjettan veg, þegar hann villist út í einhverjar ógöngur; og í þessu máli virðist mjer almenningsviljinn vera ekki á rökum byggður. Þegar svo stendur á, er það ekki rjett af þm., að koma fram með frv. og með því ala hinn ranga vilja ár eptir ár, í stað þess að stríða á móti honum og leiðrjetta hann.

En hvernig hefur þessi almenningsvilji myndazt? Öll þessi launalækkunarlög ásamt ellistyrksfrumv., er eitt sinn var tll umræðu á þinginu, eru ávöxtur af almenningsáliti, sem myndaðist á árunum frá 1877—1880. Saga þessi er ekkert glæsileg, ef ætti að rekja braut hennar. Þetta almenningsálit er myndað, tilbúið af einstökum mönnum, er hægt væri að nefna með nöfnum, en sem eiga nú ekki lengur sæti á þingi. Að saga þessi sje ekki fögur, geta menn sjeð, þegar þess er gætt, að með þessu var skapaður rígur milli stjetta landsins innbyrðis; kom það fram bæði í blöðum og ritum, og kvað svo rammt að, að brúkaðar voru nafnagjafir og smánaryrði, svo sem hálaunaðir landsómagar, hálaunadyngjur og fleiri orð, er jeg fyrir mitt leyti ekki tek með þökkum. Þessi hreyfing á rót sína að rekja til ástæðulausrar öfundar og tortryggni En jeg skal játa það með ánægju, að þessi stefna er nú að mestu undir lok liðin. Eptir 1890 hefur hennar lítið orðið vart; en þó sjáum vjer nú þennan afspring hennar, er kemur fram í frv. þessu, og mun afspringur þessi lifa helzt á „agitationum". Fyrir þessar sakir er það, að jeg álít, að þingmenn eigi ekki að láta stjórnast af þessum almenningsvilja, heldur eigi þeir að leggja fram krapta sína til þess að breyta honum og leiða hann á rjettan veg.

Það mun nú vera ýmislegt fleira en almenningsviljinn, sem menn hafa fært og færa sem ástæðu fyrir frv. þessu, svo sem einkanlega hagur landssjóðs. Það er vitaskuld, að frv. þetta mun, þá er það er farið að verka sem lög, spara talsvert mikið fyrir landssjóð, og allur sparnaður, byggður á gildum og góðum rökum, er í alla staði góður. En þegar, eins og hjer er farið fram á, á að breyta ungum lögum, skyldi maður ætla, sje það gjört sparnaðarins vegna, að sjerstakar ástæður væru fyrir hendi, að því er landssjóð snertir. En ef vjer gætum að hag landssjóðs nú, sjáum vjer, að hann hefur aldrei verið eins góður eins og einmitt nú. Tekjur hans hafa á hinum síðari árum aukizt að miklum mun meira en útgjöld hans, og fyrir því var viðlagasjóður í síðustu árslok í hæsta lagi, sem hann nokkurn tíma hefur áður verið, og peningaforðinn sömuleiðis. Þá áttum vjer inni hjá ríkissjóði 357 þús. kr., þar sem vjer skulduðum nær því eins mikla upphæð fyrir 6—7 árum síðan. Þetta bendir allt á það, að lög þessi sjeu ekki svo einkar nauðsynleg vegna landssjóðsins.

Meðmælendur frv. kunna að hafa það sem ástæðu fyrir því enn fremur, að nú sje kostnaðarminna að lifa en var fyrir 40 árum síðan. En hvernig það á að eiga sjer stað, fæ jeg ekki skilið. Öllum kemur saman um það, að ýmsar — ekki svo fáar — lífsnauðsynjar eru einmitt nú dýrari en þá var, þannig, að maður kaupir nú minna fyrir 1 kr. en 1855, eða með öðrum orðum, að vörur hafa hækkað í verði. Í sambandi við þetta vil jeg einnig minnast á annað: Ef vjer gætum í verðlagsskrárnar, sjáum vjer, að dagsv. var 1855 lægra metið en 1875, og 1875 einnig lægra en 1897, og það þýðir sama sem, að borgunin fyrir vinnu hefur farið hækkandi; hin vinnandi stjett fær nú hærri borgun fyrir verk sín heldur en var fyrir 40 árum síðan. En þessu er þveröfugt varið með embættismennina; þeir fá alltaf minna og minna fyrir sína vinnu, sitt starf. Þá er embættismaður þarf að kaupa vinnu hjá öðrum, verður hann nú að borga hærra gjald fyrir hana en var fyrir 40 árum síðan, en sjálfur fær hann miklu minni borgun fyrir sín verk en þá var.— Verðlagsskráin sýnir yfir höfuð, að innlendar vörur hafa farið hækkandi í verði, og að ýmsu leyti má einnig segja hið sama um hinar útlendu vörur og allt þetta ber þess ljósan vott, að það er dýrara að lifa nú heldur en var fyrir 40 árum síðan, og maður skyldi ekki ætla, að það væri

til þess að mæla með frv. þessu. Nú er einnig þess að gæta, að fyrir utan allt þetta hafa á síðustu áratugum myndazt nýjar þarfir, nýjar kröfur til lífsins, er áður voru hjer ekki til. Það dugar ekki að segja, að þarfir þessar og kröfur sjeu ónauðsynlegar, því að þær hafa skapazt af lífinu sjálfu, og þeir, er ekki hafa vit og vilja til að fullnægja kröfum lífsins, standa á hinu lægsta stigi menntunar og framfara; vaxandi löngun til að fullnægja þörfum lífsins er jafnan vottur, ótvíræður vottur um framfarir og menningu. Frægur þýzkur framsóknarmaður hefur sagt við fylgismenn sína: „Það er yðar mesti ókostur, að þjer þekkið engar þarfir; ef þjer að eins hafið dálitla brauðskorpu og ölsopa og svo yðar svefn, þá látið þjer yður nægja það. Ef þjer hefðuð meiri þarfir, munduð þjer veita mjer öflugra fylgi". Þetta sýnir, hvernig menn líta á lífið og þarfir þess í heiminum í kringum oss. Og hvar sem vjer lítum á, sjáum vjer, að kröfurnar eru sívaxandi. Lítum á klæðnaðinn, á fæðuna, á húsin, lítum á eldiviðinn, á lýsingu húsanna; vjer sjáum tröppustigann: grútarlampana, kertaljósin, olíulampana. Enn fremur aukin bókakaup, stærri og dýrari og fleiri blöð — allt þetta sýnir, að þarfirnar eru sumpart dýrari og sumpart meiri og fleiri, er fullnægja þarf ár frá ári.

Ef til vill kunna menn að segja, að undirbúningurinn til embættisstöðunnar sje á síðustu áratugum ljettari en áður var. Þessu er alls ekki þannig varið; hitt er nær sanni, að hann verði æ lengri og lengri, erfiðari og erfiðari. Embættismannsefnið eyðir einu ári til undirbúnings lærða skólanum, í honum 6 árum og, að því er þá embættismenn snertir, er helzt er hjer um að tala, sjálfsagt 6 árum á háskólanum. Þetta eru til samans 13 ár. Auk þess má búast við 2—3 ára bið áður en veiting fæst fyrir embætti. Alls má því reikna undirbúninginn 15—16 ár, og er það þó minna en meðaltal eptir reynslu vorri síðastl. 20 ár. Það gæti jeg sýnt með tölum. Jeg verð nú að ætla, að sá maður, sem eyðir 15—16 árum æfi sinnar til undirbúnings einhverri stöðu, eigi sæmilegt tilkall til endurgjalds á tíma þeim, kröptum og fje, er hann hefur eytt. Menn munu máske svara mjer, að hagur sá, er embættismaðurinn kemst að með embættinu, sje svo, að hann þurfi ekki eptirlaun, þegar ellin ber að dyrum. Í þessu tilliti er þó sagan allt annað en skemmtileg. Allt fram á fyrri öld voru embættismennirnir hinir efnuðustu menn þessa lands, en nú er komin gjörsamleg breyting á þetta, og jeg skal fullyrða það, að síðan 1870 hefur enginn embættismaður hjer á landi auðgazt af embætti sínu, að undanskildum ef til vill einstöku presti. Þessi hlið málsins er harla dökk; það eru ekki fáir embættismenn, er fallið hafa frá á síðustu 10 árum, sem hafa skilið eptir þrot í búi og á fje, og það þótt þeir hafi verið stakir reglu- og hófsemdarmenn í alla staði. Sjerstaklega vakir mjer fyrir sjónum í þessu efni eitt dæmi, er nýlega hefur komið fyrir hjer nærlendis. Allt þetta sýnir ljóslega, hversu mál þetta er athugavert. Jeg hygg, að það geti ekki verið meinabótin, að fara nú einnig að setja eptirlaunin niður um helming eða niður í einn þriðja part.

Jeg gat þess um daginn, að ein afleiðing þessa frv. mundi verða sú, að embættismenn mundu reyna að hanga í embættunum svo lengi, sem kostur væri á, og við annari afleiðing má einnig búast hjer á landi, sem alkunnug er í öðrum löndum. Árið 1875, þá er jeg var í Khöfn, var almenn kvörtun yfir því, að efnilegustu mennirnir vildu ekki líta við embættum ríkisins; þeir yrðu bændur, kaupmenn, málfærslumenn — er þá var ekki stjórnarembætti — og margt annað. Yfir höfuð vildu efnilegustu námsmennirnir heldur snúa sjer að einhverju öðru en stjórnar-

embættunum. Það var mikið umtal um þetta og að þetta þyrfti að breytast. Mjer er ekki fullljóst, hvort breyting er orðin þar á þessu, og ef það er ekki, getur það verið ógn skiljanlegt vegna þvergirðings þess, er allt af er milli flokkanna þar, hægri manna og vinstri. Hin sama umkvörtun hefur og komið fram á Englandi. Það er skýrt í enskum blöðum, er jeg nýlega hef lesið af hendingu, frá ræðu einni, er stjórnmálamaðurinn Chamberlain hjelt í borginni Birmingham. Hann hefur áður verið í embættum borgarinnar í mörg ár, borgarstjóri o. fl. og var boðinn þangað til þess að halda þar tölu. Hann sagði þá meðal annars: „Hvernig getið þjer búizt við, að þjer fáið störf þau, er þjer þurfið að láta vinna fyrir yður, almennilega af hendi leyst, ef þjer tímið ekki að launa fyrir þau? Kaupmaðurinn hjerna við hliðina á yður tekur frá yður alla beztu kraptana, hann launar betur heldur en þjer, efnilegustu mennirnir vilja heldur vinna fyrir hann, heldur en fyrir yður, hann borgar betur". Hjer var þó um laun að ræða, er nema frá 9000 kr. til 36000 kr. á ári, en hlutfallið getur verið rjett hjer á landi eins fyrir því, og afleiðingarnar hinar sömu sem þar. Jeg þekki líka þau tilfelli hjer á landi og það fleiri en eitt, að faktorsstörf eru betur launuð heldur en hin svo kölluðu hálauuðu embætti. Menn skyldu ekki halda, að þetta ástand sje meðmæli með þessu frv.

En skilyrðin fyrir því, að jeg gæti verið með slíku frv. sem þessu, eru aðallega tvö. Í fyrsta lagi það, að embættislaunin væru hækkuð að miklum mun á sama tíma og frv. á að verða lög, og í öðru lagi, að undirbúningstíminn undir embættin yrði styttur að miklum mun, yrði helzt eigi lengri en 5—6 ár alls; og þetta tel jeg aðalatriðið. Ef menn þurfa að eins fá ár sjer til undirbúnings, er allt öðru máli að gegna; en á meðan undirbúningurinn undir embættin tekur 15—16 ár af lífi manns, er ómögulegt að líta á þetta mál á annan hátt fyrir mig en jeg hef nú gjört. Lög þessi geta, þá er til framkvæmdanna kemur, orðið hrein kúgunarlög, þ. e. a. s. kúgað lífið úr embættismönnunum. Jeg gæti heldur verið með því, að afnema eptirlaunin með öllu, ef með því fylgdi tilsvarandi hækkun embættislaunanna; þá gætu einnig verið því samfara vonir um það, að alþingi veitti einstökum mönnum ellistyrk, þegar verðleikar og þarfir eru fyrir hendi.

Með þessum orðum og með því, sem jeg talaði um frv. við 2. umr. þess, þykist jeg hafa rjettlætt það, að jeg greiði atkv. á móti því.

Flutningsmaður (Sigurður Stefánsson): Jeg hafði ekki ásett mjer, að tala meira fyrir frv. þessu, en hin langa ræða h. 3. kgk. (Kr. J.) knýr mig til að standa upp. Hann fór nú æði víða í ræðu sinni, svo að jeg býst ekki við, að jeg endist til að fylgja honum út í alla afkima, og það því fremur sem mjer virtist, að margt af því, sem hann sagði, gæti heimfærzt undir þessa gömlu setningu: Sá, sem sannar ofmikið, sannar ekki neitt.

Hann kallaði almenningsálit það, er liggur á bak við frv. þetta, ómóralskt. Jeg hef aldrei heyrt það fyrri, að slíkt almenningsálit væri siðferðislega rangt. Mjer væri það kært, ef h. þm. (Kr. J.) vildi benda mjer á það boðorð, sem brotið er með frv. þessu. Ef hjer væri um það að ræða, að baka þeim, er nú sitja í embættum, efnalegt tjón, með því að svipta þá þeim rjetti til eptirlaunanna, er þeir hafa að lögum, þá gæti jeg skilið, að hann gæti kallað þær hvatir ómóralskar, er slíkt frv. væri sprottið af; en ekki hitt, þótt gjörðar sjeu tilraunir til að sníða laun og eptirlaun embættismanna í framtíðinni meir en hingað til eptir efnum og ástæðum þessa fátæka lands.

Það er rjett, sem hann gat um, að talsvert hefur áður verið gjört til þess

hjer á árunum, að vekja ríg milli hinna ýmsu stjetta landsins og er slíkt ósæmilegt. Yfirvöld og undirgefnir eiga að lifa saman í friði, en frv. þetta er ekki í minnsta máta fallið til þess að rjúfa slíkan frið eða samkomulag, því að einskis manns rjettur, er í embætti situr, er skertur. Frv. nær eingöngu til óborinna embætttismanna og annara, sem ekki eru komnir í embætti. Jeg verð að neita því, að þetta sje nokkurt ranglæti, þangað til mjer er sýnt það boðorð, sem það brýtur á móti.

Það eru heldur ekki agitationir einstakra manna, er komið hafa þessu máli á stað, heldur einmitt eptirlaunaupphæðin í fjárlögunum. Það var fyrir nokkrum árum síðan $^1/_7$—$^1/_8$ hluti allra tekna landsjóðs, er til slíkra eptirlauna gekk, og jeg hygg, að engum geti blandazt hugur um, það, að vjer erum ekki svo efnaðir að vjer höfum ráð á því, að verja svo miklu fje til launa þeirra manna, er hættir eru öllum störfum fyrir þjóðfjelag vort. Það er þetta, sem komið hefur frv. þessu á stað, og þó að eptirlauna upphæðin sje nú sem stendur eigi eins há á fjárlögunum, þá er slíkt periódiskt; fyrir 5—6 árum síðan gengu til þeirra $^1/_7$—$^1/_8$ hluti allra tekna landssjóðsins.

Háttv. sami þm. talaði mikið um það, að það væri dýrara að lifa nú en fyrir 40 árum síðan, það fengist minna nú fyrir 1 kr. en þá, og því til sönnunar tók hann til dæmis eldivið og lýsing; nú væru notaðir olíulampar í stað grútarlampa í gamla daga, og kol í stað gamla eldsneytisins og olía í stað lýsislampanna. En jeg verð að segja það, sem mína reynslu, að þessi breyting er einmitt í efnalegu tilliti til batnaðar; og það þori jeg að ábyrgjast, að ef háttv. þm. (Kr. J.) mætti mólest ofan úr mýrum og annari lest með kol, fyrir 3 kr. skp. mundi hann heldur velja kolin; hann mundi álíta það meiri búhyggindi, að kaupa kolin heldur en móinn, eins og það er líka; og þó er mórinn víst orðinn ódýrari nú, en hann var um 1855. Nei, jeg hygg að þessi dæmi, sem háttv. þm. tók, sanni einmitt á móti honum sjálfum. Hitt er auðvitað satt, að tíminn hefur skapað hjer ýmsar nýjar þarfir, en það er líka orðið jafnframt ódýrara en áður var, að fullnægja þeim þörfum Að þessu styður hin mikla breyting, sem hefur orðið á verzlun allri. Þá, um 1855, voru að eins, er eptirlaunalögin voru út gefin, ein eða mjög fáar verzlanir á hverjum verzlunarstað; samkeppnin var þá miklu minni en nú, og öll verzlun því töluvert óhagstæðari en nú, þá er úir og grúir allstaðar af kaupmönnum og vegna samkeppninnar hefur verðlagið batnað stórum. Það er allt annað að koma í búð hjer í Reykjavík nú til að verzla, heldur en var jafnvel fyrir einum 10 árum síðan. Hinar vaxandi framfarir í öllum samgöngum hafa gjört alla samkeppni meiri, verðlagið hefur því fallið á allri útlendri vöru, og þar af leiðir, að orðið er að mörgu leyti ódýrara að lifa en áður var. Allt þetta sannar einmitt með frv., en móti háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.).

Háttv. sami þm. sagði, að kostnaðurinn við skólanám og allur undirbúningur undir embættisstöðuna væri hinn sami eða jafnvel meiri og örðugri en áður var. Hvað sem þessu líður, sýnir nú reynslan samt, að þeim fjölgar heldur en fækkar, sem skólaveginn ganga. Og þeir, er þann veg ganga, munu þó nær því eingöngu gjöra það í þeim tilgangi, að komast á sínum tíma í embætti. Nú er talað um of lítið rúm í lærða skólanum, en 1855 var hann nærri tómur. Þetta virðist benda á, að annaðhvort sje efnahagur manna betri en áður var, eða hitt, að embættisvegurinn er ekki að áliti manna dýrari, menn láta það ekki fæla sig frá að ganga þann veginn; eptir einhverju þykir mönnum vera að slægjast. Og þó er hjer aðgætandi, að menn vita það ógn-

ar vel, að hverju menn eiga að ganga. Enginn rennur blint í sjóinn; hver og einn getur spurt sjálfan sig: „Er nú þetta tilvinnandi fyrir mig, að eyða fje mínu og tíma til þessa náms? Eru laun þau og eptirlaun, sem jeg get átt von á, svo ríflég að lifandi sje af þeim? Og komist hann að þeirri niðurstöðu, að ekki fáist í aðra hönd svo mikið, að tilvinnandi sje að ganga þessa leið, þá tekur hann að sjálfsögðu eitthvað annað fyrir. En meðan ekki bólar neitt á því, að ekki nægilega margir, jafnvel óþarflega margir, fáist til að ganga þennan veg, þarf ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, að þurð verði á embættismannaefnum. Maður hefur líka dæmin árlega fyrir sjer. Þingið hefur nú í nokkur ár aukið við eigi allfáum aukalæknishjeruðum, er engan eptirlaunarjett hafa, og að eins eru launuð með 1000 kr. Það hefur þó ekki borið á öðru, en að læknaefnin hafi viljað þau; auðvitað búast þeir við, að þurfa ekki að vera þar nema fá ár, og geta síðan hækkað upp í hin föstu læknahjeruð, en launin þar eru heldur ekki ýkja há.

Það má auðvitað þræta um það aptur og fram, hvað sjeu sanngjörn eptirlaun; en hitt vil jeg segja, að eðlilegast er það, að embættismanninum sje launað sómasamlega og eptir efnum og ástæðum þjóðarinnar, meðan hann vinnur fyrir þjóðfjelagið, en að hann sjái fyrir sjer sjálfur eptir það að hann er hættur vinnunni. Það er þó ekki farið fram á það hjer, að afnema eptirlaunin með öllu, heldur hitt, að miða þau við efnahag þjóðarinnar.

Háttv. sami þm. gat þess enn fremur, að enginn embættismaður hefði auðgazt á embætti sínu síðan 1870. En það getur þó ekki bent neitt á það, að eptirlaunavonin sje neitt skilyrði fyrir því, að geta auðgazt í embætti. Að minsta kosti getur maður ekki vænt þess, að þær 10 kr., sem prestarnir eiga í vændum, sem eptirlaun fyrir hvert þjónustu ár, hleypi miklum gróða upp í búi þeirra. En það mun heldur vera orsökin, hvað prestana snertir, sem háttv. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram um daginn, að við það að lifa í sveit, verður þeim lífið að öllu samtöldu nokkuð ódýrara en hinum, sem í kaupstöðum búa En lífnaðarhættir þeirra eru sannarlega ekki þeim mun ódýrari, sem eptirlaun þeirra eru minni en annara embættismanna, og fyrir því eru eptirlaun þessara embættismanna tiltölulega miklu lægri en annara embættismanna; en þrátt fyrir þetta, hafa þó prestarnir, að því er hv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) fórust orð, verið þeir einu embættismenn á Íslandi, er auðgazt hafa í embættum með hinum sárlitlu embættislaunum, er flestir þeirra hafa. — Svo ekki styrkir þetta málstað hans.

Það mun vera öldungis rjett, sem sami háttv. þm. sagði, að allt fram undir aldamót voru það embættismenn landsins, sem efnaðastir voru. En þá voru engin eptirlaun til, engar vonir um nein eptirlaun. En einmitt fyrir það höfðu menn meiri hvatir til að búa í haginn fyrir sig til ellidaganna. Allt fram undir aldamót mun enginn embættismaður, nema landfógeti, hafa fengið eptirlaun. Þetta sannar því allt annað en það, sem háttv. 3. kgk. (Kr. J.) vill láta það sanna.

Ef þeir tímar koma, að svo fáir ganga embættisveginn, að hörgull verði á embættismannaefnum, og lág eptirlaun reynast að vera orsökin til þeirrar fæðar, er ætið hægt að bæta úr því, með því að hækka eptirlaunin. Þó að hægt sje að benda á það, að stöku faktorsstaða kunni að sýnast glæsilegri en embættisstaðan, þá ber þess að gæta, að jafnvel ríkustu þjóðir heimsins launa embættismönnum sínum ekki svo vel, að ýmsir kaupmenn og aðrir prívatmenn sjeu ekki miklu betur launaðir, eða hafi miklu meira upp úr vinnu sinni, — en hvað íslenzku faktorana snertir, þá vill opt verða svo, að þótt þeir sjeu í dag klæddir pelli og

purpura geta þeir verið orðnir fátækir, atvinnulausir á morgun. Sú staða er svo óviss, að hún er alls ekki berandi saman við embætti þau, er þjóðfjelagið býður embættismönnum sínum; það kemur örsjaldan fyrir, að þjóðfjelagið þurfi að láta emb.m. sína vera svo lausa í sessinum.

H. sami þm. (Kr. J.) endaði ræðu sína með því, að kalla þessi lög kúgunarlög. Jeg fæ ekki skilið það, hvernig hann getur fengið það út. Hjer er einskis manns rjettur skertur; hverjum einum er það öldungis frjálst, hvort hann vill verða emb.m. eða ekki; enginn er kúgaður til til þess með þessum lögum.

Jón Jónsson: Jeg hef litlu við að bæta ræðu h. fl.m, (S. St.). Að eins eru það fáein atriði í ræðu h. 3. kgk. (Kr. J.), sem jeg vildi svara nokkrum orðum.

Það virtist svo sem hann vildi beina því að flutningsm. frv. þessa persónulega, að þeir vildu með því ala ríg á milli embættismanna og þjóðarinnar. Þessum getsökum neita jeg gjörsamlega. Það er alls ekki í nokkurn máta tilgangur þeirra. Jeg fyrir mitt leyti álít það mjög óheppilegt, að slíkur rígur eigi sjer stað, enda þótt jeg álíti rjett og tilhlýðilegt að alþýða geti fundið að því, er aðfinningarvert er í atferli embættismanna.

Hann fann það og að frv., að það hefði ómóralskan grundvöll. Þetta eru þung orð og ekki rjett eptir því sem mjer finnst. Jeg hygg, að það sje eins athugavert, hvort það lýsir meiri móral, að halda dauðahaldi í eptirlaunin.

Þar sem sami þm. (Kr. J.) talaði um „um vaxandi vott menningar og framfara" virðist sú spurning liggja nærri, hvort það sje vottur um vaxandi menning og framfarir, að þurfa ekkert fyrir lífinu að hafa, kasta öllum áhyggjum upp á aðra og lifa eingöngu á annara sveita. Það er ekki hægt að neita því, að embættismennirnir eru nægilega launaðir, og þótt fyrir komi að einstakir embættismenn sjeu gjaldþrota, þá er þeir falla frá, sannar það ekki neitt. Ef það sannar nokkuð í þessu máli, þá er það það, að þeir lifa of vel, hugsa ekkert fram í tímann, sem þó bændur verða að gjöra. Embættismennirnir vilja ekkert fyrir lífinu hafa, vilja kasta öllum áhyggjum um framtíð sína upp á bak þjóðarinnar og láta hana ala sig, bæði meðan þeir eru í embættum og eins eptir að þeir hafa sleppt þeim; og allar þær tölur, er h. 3. kgk. (Kr. J.) kom með bæði nú og við 2. umr. sönnuðu alls ekki það, að það væri rjett, að embættismenn þyrftu ekkert fyrir lífinu að hafa, eins og allir aðrir menn.

Aptur á móti gladdi það mig, að sami h. þm. ljet í ljósi að hann væri ekki frábitinn því, að afnema eptirlaunin með öllu. Það er einmitt það sem jeg vil. Hið fyrsta frv., er inn á þingið kom og hreyfði við eptirlaununum, var frá mjer, og það fór einmitt í þá átt, að afnema öll eptirlaun, en að þingið gæti í hverju einstöku tilfelli og þegar ástæður væru fyrir hendi, veitt heiðurslaun. Jeg ber það traust til drengskapar þingsins, að slíkt mundi ekki verða misbrúkað, að slíkur styrkur mundi ekki verða veittur, nema nauðsyn og verðleikar væru fyrir hendi og ekki heldur neita slíkum styrk í þeim tilfellum. Þessa sömu skoðun hef jeg enn.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að svara h. 3. kgk. (Kr. J.) fleirum orðum, h. flutningsm. (S. St.) hefur gjört það svo rækilega.

ATKVÆÐAGR: Frv. samþ. með 8 atkv. og afgreitt til nd.

Frv. til laga um að sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12 þús. kr. úr sýsluvegasjóði til flutningabrautar (C. 72); 1. umr.

Þorleifur Jónsson: Jeg hygg, að enginn h. þm. muni verða á móti frv. þessu. En jeg skal þó eptir tilmælum eins þeirra,

er hjer eiga hlut að máli, skýra frá hvernig því víkur við.

Árnessýslubúum er það svo mikið áhugamál að fá sem fyrst flutningabraut lagða frá Eyrarbakka upp að Ölvesárbrú, að þeir vilja sjálfir verja til þess 12 þús. kr. Á síðasta sýslunefndarfundi var samþ. að veita þessa upphæð af vegasjóði sýslunnar til þessarar flutningabrautar og jafnframt hitt, að fara þess á leit við amtsráðið, að það gæfi heimild til að gjöra þetta. En þá er þessar óskir komu til amtmanns, sá hann að amtsráðið hafði eigi leyfi til að gefa þessa heimild, að verja fje af sýsluvegasjóði til þessarar flutningabrautar, þar sem eptir lögunum frá 13. apríl 1893 sú skylda hvílir á landssjóði. Ef þetta því átti að geta fengið framgang, þurfti til þess sjerstaka lagaheimild, og þess vegna er nú þetta frv. komið inn á þing.

Jeg held, að enginn muni hafa á móti frv. þessu og það því fremur, sem með þessu er ljett byrði af landssjóði; hann á samkv. vegalögunum fyr eða síðar að leggja þessa flutningabraut. Ef þingið samþ. frv. eru auk þess vonir um það, að flutningabrautin verði lögð þar fyr en ella.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C 73); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Frv. til laga um breyting á lögum um hlutföku safnaða í veitingu brauða (C 61); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Mjer virðist það næsta undarlegt, að frv. þetta skuli hafa komið fram hvað eptir annað, af því að flestir, sem jeg hef heyrt tala um þessi kosningarlög, sem nú gilda, álíta, að þau hefðu aldrei átt að koma fram.

Jeg hygg að mjer sje óhætt að halda því fram, að skipun prestakallanna hafi farið öllu lakar úr hendi síðan prestakosningarlögin komust í gildi, en áður á meðan veitingarvaldið var í höndum kirkjustjórnarinnar eingöngu, enda er það líka mjög eðlilegt. Margir í söfnuðunum, sem ekki eru kirkjulega sinnaðir, hafa allt aðrar óskir og hvatir en kirkjulegar hvatir og hirða ef til vill lítið um, að prestarnir sjeu góðir og trúaðir prjedikarar. Hvatirnar við kosningar eru margar og opt og tíðum allt annað en góðar. Það hefur líka sýnt sig, að hin núgildandi kosningalög hafa ekki gjört söfnuðina ánægðari en áður, á meðan veitingarvaldið var hjá kirkjustjórninni einni. Áður var það mjög sjaldgæft, að óánægja risi út af veitingu kirkjulegra embætta; en nú er eða hefir verið í mörgum söfnuðum megn óánægja út af kosningunni. Stundum gengur óánægjan svo langt, að þeir, sem undir verða, taka það til bragðs, að þeir leysa sóknarband, og þótt þeir ekki gjöri það, þá kemur samt óánægjan í ljós á margan annan hátt. Þetta er að ýmsu leyti mjög óþægilegt fyrir þann prest, sem á hlut að máli.

Í þessu frv. er þó gengið enn þá lengra en í prestakosningarlögunum 1886.

Eptir þessu frv. virðist beinlínis eiga að taka veitingarvaldið frá kirkjustjórninni og leggja það allt í hendur safnaðanna. Að vísu er biskupnum leyft að halda eptir umsóknarbrjefum kandídata þeirra og aðstoðarpresta, er hann álítur óhæfa til að takast prestsembætti á hendur. En hverjir eru þeir aðstoðarprestar? Menn, sem sjálfsagt hafa lifað þannig, að þeir hafa brotið af sjer allan rjett til prestsembættis. En jeg get varla hugsað mjer, að slíkir menn sjeu til. Ef þeir sýna sig óhæfa í aðstoðarpreststöðu, getur biskup að sjálfsögðu vikið þeim frá og mun gjöra það. Jeg hefði getað betur skilið þetta ákvæði frv., ef það hefði staðið „embættið“, nfl. það og það embætti,

sem um er að ræða. Því að viðkomandi kandídat eða aðstoðarprestur getur verið miður hæfur til að gegna einhverju vissu embætti, er hann sækir um, en aptur á móti vel hæfur til að gegna einhverju öðru embætti. En úr því að biskup hefur þessa heimild gagnvart aðstoðarprestum og kandídötum, þá ætti hann líka að hafa hana gagnvart þjónandi prestum, því að þau tilfelli geta komið fyrir þráfaldlega, að prestur sá, sem sækir um örðugt embætti, sje orðinn svo gamall, að hann ekki geti álitizt fær um að gegna því, enda þótt hann sje vel hæfur til að gegna sínu eigin embætti eða einhverju öðru. Að vísu hefur biskupinn eptir frv. þessu, heimild til að senda meðmælí sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið; en jeg er hræddur um, að það hafi í reyndinni mjög lítið að þýða.

Jeg hefi heyrt, að söfnuður hafi hafnað presti einmitt af því, að menn vissu, að *veitingarvaldið vildi* að hann yrði kosinn og kusu svo annan, sem þeir vissu, að veitingarvaldið vildi ekki að yrði kosinn. Þess vegna álít jeg, sem sagt, að meðmæli biskups geti opt orðið mjög lítils virði. Í frv. þessu er enn fremur sagt, að veitingarvaldið skuli gefa út veitingarbrjefið, það er, það má skrifa nafn sitt undir veitinguna, ef einhver umsækjendanna hefur hlotið að minnsta kosti $^2/_3$atkvæða þeirra er greidd hafa verið, en helmingur kjósenda hefur mætt á fundi; en veitingarvaldið getur verið sár-óánægt með kosninguna, þegar það t. d. veit, að presturinn hefur verið kosinn með „agitationum“. Það er því hvorki skemmtilegt nje mikið í það varið fyrir veitingarvaldið, að þurfa að setja nafn sitt undir veitinguna, ef hún er þannig undir komin og geta ekki haft nein áhrif á hana.

Í þessu frv. er gjört ráð fyrir því tilfelli, að kosningin sje ólögleg og eru þá úrslitin lögð í hendur veitingarvaldsins; en hjer fylgir böggull skammrifi, nfl. það, að taka það tillit til þeirra óska, er fram hafa komið af hálfu safnaðanna við kosninguna, er álitið verður að rjett sje. Veitingarvaldið er því alls ekki sjálfrátt í slíkum tilfellum.

Hver á nú að dæma um það, hvort óskir safnaðarins sjeu rjettmætar? Veitingarvaldið á að sjálfsögðu að dæma um það; en það er alls ekki víst, að söfnuðinum finnist sá dómur rjettur. Það var minni lagaheimild fyrir söfnuðina til að hafa áhrif á skipun prestakallanna í 7. grein laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda; en út úr þeirri heimild varð þó sú óánægja, að sá eini fríkirkjusöfnuður myndaðist, sem til er hjer á landi. Þetta sýnir, hvað úr slíkri heimild og er í frv. þessu, getur hlotizt. Embættið var veitt einum af hinum merkustu prestum landsins, en þó varð út úr litilli átyllu sá eldur, að fríkirkjusöfnuðurinn myndaðist. Þess vegna er það, að þótt svo fari, að kosningin ekki verði lögleg, þá er það ekkert sældarbrauð fyrir veitingarvaldið að skipa embættið, en getur þvert á móti, orðið til megnustu óánægju. Menn finna sjer allt til, þegar um kirkjumál er að ræða. Það hafa komið raddir í blöðunum, sem hafa kastað steini á biskupinn og kvartað yfir honum, ef hann ekki hefur hlaupið upp til handa og fóta til að kasta steini á þann prest, sem söfnuðurinn eða einstöku menn í honum ljetu sjer vera illa við. Jeg gæti vel nefnt dæmi upp á þetta, ef jeg vildi.

Eg veit, að almennings álitið muni verða borið fyrir frv. þessu til stuðnings og svo enn fremur samþykktirnar af sumum þingmálafundunum. En jeg held, að þeir menn, er biðja um og samþykkja breytingu á lögum um kosningu presta sjeu einmitt opt og einatt þeir, er minnst hugsa alvarlega um kirkjuleg málefni,

en sem sízt eiga að hafa hönd í bagga með veitingunni, og ef svo er getur maður sjeð, hve holl slík kosningarlög, sem frv. þetta, eru.

Prestastjettin hefur rýrust laun af öllum embættismannastjettum landsins og á við erfiðastan kost að búa og er því varla gustuk að gjöra kjör hennar verri en þau eru, en með þessu frv., ef það verður að lögum, eru þau gjörð miklu verri og óviðunanlegri. Ef þetta frumv. næði fram að ganga, mundi margur yngri maður tekinn fram yfir eldri mann, og alvörulítill maður og galgopi fram yfir alvörumann. — *(Guttormur Vigfússon:* Getsakir).

Það eru alls ekki getsakir, við höfum reynd fyrir því, að ungir menn hafa verið teknir fram yfir gamla, síðan kosningarlögin 1886 náðu gildi, og þannig getur einnig farið nú. Menn þola ekki aðfinningar af prestsins hálfu, svo mönnum mun líka betur við þann, sem að litlu finnur.

Jeg skal taka dæmi upp á það. Prestur nokkur fann að því við sóknarnefndarmann, að hann hefði ekki verið til altaris með barni sínu, eptir að það var fermt; hverju svaraði hann svo? Við næstu kosningu segist sóknarnefndarmaðurinn ekki verða framar í sóknarnefnd og færði þessa aðfinningu prestsins sem ástæðu.

Þau embætti, sem þessi lög hafa mest áhrif á, verða beztu embættin. Margir munu sækja um þau, bæði ungir og gamlir, en reyndin verður sú, að hinir ungu prestar sitja uppi með þau; en þeir, sem eru orðnir gamlir og lúnir og eru á fátækum brauðum, verða að sitja kyrrir, og ef til vill, að hýrast þar alla æfi. Áður en frv. þetta yrði að lögum, vildi jeg þess vegna fyrir mitt leyti láta jafna brauðin.

Eptir þessu frv., er engin vissa fyrir því, að þeir prestar, er með heiðri og sóma hafa setið í fátækum og rýrum brauðum, fái betri embætti með tímanum, og er það ekki mikil upphvatning.

Stjórnin hefur þegar sagt sínar ástæður fyrir synjun laga þessara; jeg efast ekki um, að frv. fái alveg hin sömu svör nú frá stjórnarinnar hálfu; og að mínu áliti mættu menn vera þakklátir fyrir það. Það er sorglegt en satt, að hin kirkjulegu lög, er gengið hafa í frelsisáttina hafa orðið til skaða en ei til til bóta fyrir málefni kirkjunnar; en það kemur til af því, að löggjafarvaldið hefur byggt á öðrum grundvelli en er; það hefur gjört ráð fyrir, góðu og heilsusamlegu kirkjulegu lífi og hugsandi mönnum; ef svo væri, þá væri ekkert á móti því, að fá söfnuðunum veitingarvaldið í hendur; en eins og ástandið er nú, er það mjög varhugavert, þar sem þeir eru næsta margir, er ekki hugsa fyrir alvöru um hin sönnu málefni kirkjunnar.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Frumv. þetta mætti svo vægum mótmælum við 1. umr. þess, að jeg hefði ekki haft ástæðu til að fara mörgum orðum um það, nú við þessa umr., ef hinn h. sessunautur minn 6. kgk. þm. (Þ. B.), hefði ekki með ræðu sinni knúð mig til að mæla fáein orð fyrir því.

Að því er snertir ástæður stjórnarinnar, þá eru þær alveg hinar sömu og áður, þær eru svo margræddar og marghraktar, að ekki er ástæða til að orðlengja mikið um þær. En það var svo margt sem sessunautur minn, h. 6. kgk. þm. (Þ. B.), hafði á móti frv. þessu, að jeg býst ekki við, að jeg geti munað það nærri allt.

Þar sem hann tók það fram, að menn væru ekki ánægðari síðan kosningarlögin náðu gildi en áður, og mundu ekki heldur verða ánægðari, þó þetta frv. yrði að lögum, þá vil jeg benda h. þm. á það, að einmitt í þessu frv. eru ákvæði, sem telja má víst, að mundu verða til þess að söfnuðirnir yrðu sem optast ánægðir með hver

brauðið fengi. Í frv. er svo ákveðið, að það þurfi að minnsta kosti $^3/_4$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið til þess að kosningin sje gild. Ef nú að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni og $^3/_4$ hlutar þeirra kjósa þann er brauðið fær og ef helmingurinn af söfnuðinum er svo áhugalaus, að hann nennir ei að sækja fund, þá er ei líkindi til annars en söfnuðurinn verði ekki óánægður með veitinguna. Jeg tek þetta dæmi af því, að þetta er sá minnsti hluti safnaðar, sem ráðið getur kosningu samkv. frv. þessu. Það getur skeð, að það geti valdið óánægju ef presturinn hefur verið kosinn með sterkum „agitationum", en það þarf þó ei ætið að vera. Jeg þekki dæmi um 2 flokka síðastliðinn vetur, er stóðu andvígir hver öðrum, við prestkosningu, en sá flokkurinn, er laut í lægra haldi og barizt hafði með presti þeim, er ekki hlaut kosninguna, sætti sig vel við kosninguna. — Það getur opt verið svo, að þó annar flokkurinn af ýmsum ástæðum kjósi fremur þenna en hinn, að báðir flokkarnir viðurkenni að hvor umsækjandanna sem kosinn verði, þá fái söfnuðurinn þó góðan og heiðvirðan prest.

H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) gat þess áðan í ræðu sinni, að síðan rýmkað hefði um frelsi safnaðanna, hefðu ýmsir í söfnuðunum leyst sóknarbandið. En þetta er engin ástæða, hvorki gegn hinum gildandi kosningarlögum, nje þessu frumvarpi. Lögin um leysing sóknarbandsins eru litlu eldri en prestkosningarlögin, og það er því engin reynsla til fyrir því, hvað margir eða fáir hefðu leyst sóknarbandið, á meðan veitingarvaldið var eitt um hituna. Það vita víst allir, bæði þingmenn og aðrir, að það var megn óánægja með ýmsa presta og ýmsar brauðaveitingar á þeim tímum.

H. 6. kgk. (Þ. B.) benti á, að menn skyldu gjalda varhuga við að veita meira frelsi, og benti í því tilliti á, að einmitt þegar söfnuðirnir hefðu fengið það frelsi, að mæla með einum umsækjanda, þá hefði orðið svo megn óánægja, þegar ein sú meðmæling hefði ei verið tekin til greina, að söfnuðurinn í Hólmaprestakalli hefði myndað fríkirkjusöfnuð, þó brauðið hefði verið veitt einum heiðarlegasta presti landsins, af því það var ei sá, er söfnuðurinn æskti eptir. Að því er þetta dæmi snertir, þá er þess að gæta, að það var ekki af því, að prestur sá, er Hólma hlaut, væri ekki viðurkenndur góður og heiðvirður prestur, en hann var þrotinn að kröptum og heilsu, og á hinn bóginn hafði söfnuðurinn mælt með manni, sem þar var uppalinn og söfnuðurinn virti og elskaði. Ef söfnuðurinn í Hólmaprestakalli hefði fengið að kjósa þann prest, mundi hann enn hafa verið í þjóðkirkjunni, svo þetta dæmi sýnir einmitt, hve varhugavert það er fyrir veitingarvaldið, að brjóta á bak vilja safnaðanna, og þess vegna sannar einmitt þetta dæmi, að frv. það, sem hjer er um að ræða, er gott og nauðsynlegt.

Þar sem h. 6. kgk. (Þ. B.) tók fram, að þeir væru mest hlynntir frv. þessu, sem hefðu minnstan kirkjulegan áhuga, þá er það nú nokkuð sleggjudómslegt. Jeg tek þessa aðfinning svo, sem hún eigi jafnt við alla, sem fylgja þessu máli fram, bæði á þingi og heima á þingmálafundunum. Og jeg vil því biðja h. 6. kgk. (Þ. B.) að athuga það, að það var forstöðumaður prestaskólans, sem bar frv. fram á síðasta þingi, ásamt einum heiðvirðum prófasti, sem mjer að minnsta kosti þykir hart, að sagt sje um, að hann sje einn af þeim mönnum, sem hafi minnstan kirkjulegan áhuga.

H. 6. kgk. (Þ. B.) gat þess enn fremur, að síðan hið kirkjulega frelsi kom, hafi yngri menn verið teknir fram yfir eldri. En er nokkur sönnun fyrir því, að veitingarvaldið ekki mundi gjöra hið sama? Hefur ekki h. 6. kgk. (Þ. B.) einhvern

tíma fundið til þess sjálfur, og fundið nokkuð sárt til þess, að veitingarvaldið hafi tekið yngri presta fram yfir hann? H. 6. kgk. (Þ. B.) tók það líka fram, að söfnuðirnir þyldu ekki aðfinningar. Það getur vel verið, að kirkjulífið sje svo nú, sem hann sagði. En hvenær hefur þannig lagað kirkjulíf myndazt? Það hefur skapazt einmitt á meðan veitingarvaldið var í höndum kirkjustjórnarinnar, en ekki safnaðanna. H. 6. kgk. (Þ. B.) spurði, hvort taka ætti alveg veitingarvaldið frá kirkjustjórninni. Svo er ekki til ætlazt; hún á að geta haft áhrif á úrslitin, og í mörgum tilfellum má búast við, að veitingin lendi alveg í höndum kirkjustjórnarinnar, því í þessu frv. eru strangari skilyrði fyrir kosningarrjetti safnaðanna en í núgildandi lögum. Það er að eins þegar töluverður áhugi og samheldni er um kosninguna í söfnuðinum, að söfnuðurinn ræður. Með því er fengin trygging fyrir því, að söfnuðurinn verði ánægður og fái þann prest, er hann óskar.

Jeg skal ekki neita því, að þetta frelsi hafi verið misbrúkað, en er það ekki optast svo í byrjuninni? Því er eins varið með þetta kirkjulega frelsi, eins og allt annað frelsi, og ekki sízt þegar mönnum hefur verið lengi haldið inni í harðlæstum ófrelsiskvíum. En menn lifa í voninni, það er að segja þeir, sem frelsinu unna, að þetta smálagist, að þeir, sem frelsið fá, muni síðar læra að hagnýta sjer það betur en í byrjuninni, svo að þetta getur ekki talizt nein sjerstök ástæða móti þessu kirkjulega frelsi. Þessa sömu ástæðu má færa móti öllu frelsi. Mjer þykir það næsta undarlegt, að sessunautur minn, h. 6. kgk. (Þ. B.) skuli hafa svo litla trú á, að frelsið geti haft sína blessunarríku ávexti, þar sem hann hefur þó í sumum málum verið formælandi fyrir einstaklingsfrelsinu.

H. 6. kgk. (Þ. B.) gat þess, að margir í söfnuðunum væru ekki kirkjulega sinnaðir. En til hvers er að senda slíkum mönnum prest, hvort sem hann er kosinn af söfnuði eða settur af veitingarvaldi? En þetta er einmitt sterk ástæða til að láta kirkjuna vera frjálsa, láta þá vera í henni, sem vera vilja, og hina fara, sem fara vilja; og ef h. 6. kgk. (Þ. B.) kemur með frv., sem gengur í þá átt, þá mundi jeg gjarnan vilja styðja það. Jeg held, að *það* mundi efla meira kirkjulegt líf, en vera að berjast á móti frv. þessu.

Hallgrímur Sveinsson: H. flutningsm. þessa frv. (J. J.) gat þess áðan í ræðu sinni, að frv. þessu hefði verið tekið svo vægilega við 1. umr. þess, að ekki væri ástæða til að ræða mikið um það nú. Jeg ímynda mjer, að hann meini þetta til ummæla minna um frv. og skal kannast við, að ummæli mín voru ekki hörð. Eins og jeg tók fram í ræðu minni við hina 1. umr. um þetta frv., þá sje jeg frá mínu sjónarmiði ekki ástæðu til að mæla harðlega á móti því, og þess vegna viðhafði jeg ekki svæsnari orð þá en jeg gjörði. En samt sem áður tók jeg það fram þá, að jeg ekki væri ánægður með frv. frá öðru sjónarmiði skoðað; en jeg fann ekki ástæðu til að rekja ástæður mínar á móti því, þar sem jeg þóttist sjá forlög Kartagóborgar, og að þess vegna mundu þær ástæður lítið megna. En samt sem áður kunni jeg ekki við að láta frv. ganga alveg gegnum allar umr., án þess að láta í ljósi skoðun mína á því. En sem sagt, hef jeg ekki farið um það hörðum orðum, enda hefur það fengið góð vottorð hjá fleirum. Það er í reyndinni í mínum augum ekki stórvægilegur munur á þessu frv. og lögunum 1886; en stjórnin hefur synjað frv. samþykkis síns, einkum af einni ástæðu; hún álítur sem sje þá frumreglu frv. alveg óhæfilega, að kirkjustjórnin sjálf hafi ekki hönd í bagga með veitingu embættanna öðruvísi en með því að staðfesta kosninguna. Þessa frumreglu frv. hygg jeg vera aðal-agnúann á frv. og aðalástæð-

una fyrir synjun stjórnarinnar. En að því er snertir afleiðingarnar og árangurinn af þessu frv., þá er jeg í efa um, hvort það muni í framkvæmdinni verða að verulegu tjóni frá því sem nú er. Þess vegna hef jeg ei farið hörðum höndum um það. Jeg get ekki neitað því, að jeg að vísu gjarnan vildi, að gjörðar væru breytingar á þessu frv., en tilraunirnar á fyrri þingum hafa sýnt, að slíkt mundi ekki hafa neina þýðingu. Þar sem hinn h. 6. kgk. (Þ. B.) tók fram, að hann hefði getað skilið ákvæði frv. betur, ef staðið hefði „embættið" í staðinn fyrir embætti, þá er jeg honum alveg samdóma í því.

Veitingarvaldið lítur sem sje ólíkum augum á hin ýmsu prestsembætti. Það er töluverður munur á, hvort embættið er eitt hið afskekktasta og fámennasta eða hið fjölmennasta. Það er mikill munur á, hvort það er t. d. dómkirkjubrauðið eða Staður í Aðalvík, er veita skal, eða Staður í Grindavík eða Vogsósar. Það er munur á því, hvort veitingarvaldið álítur, að sá eða sá sje óhæfur í *þetta* vissa embætti eða að það stimplar hann sem alveg óhæfan til prestsembættis, eins og frv. neyðir það til að gjöra, vilji það kjósa manninn frá.

H. 6. kgk. (Þ. B.) tók of grunnt í árinni, þar sem hann gat þess, að biskupi væri heimilt að senda meðmæli sín o. s. frv.. Þetta er ekki rjett. Það er tekið skýrt fram í frv., að biskup *skuli* gjöra það. Það stendur því, að það sje skylt, en ekki heimilt. Eins og tekið hefur verið fram áður hjer í dag, þá er þetta töluvert óþægilegt fyrir biskupinn, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að því verði enginn gaumur gefinn, sem hann leggur til málsins. Þar sem h. 6. kgk. (Þ. B.) tók það fram, að mönnum gæti verið svo uppsigað við veitingarvaldið, að vilja kjósa þann mann, er það sízt mundi óska, þá er það alls ekki ástæðulaust. Á æsingatímum getur opt vaknað rígur milli almennings og embættismanna; vanalega er embættismönnunum gefin sök á því, en jeg hygg það miklu optast vera getsök, sem hefur við lítil rök að styðjast. Jeg skal leyfa mjer að taka eitt dæmi. Fríkirkjusöfnuður nokkur óskaði að fá prest staðfestan af konungi. Það var óvígður kandídat. Söfnuðurinn spurði, hvar hann gæti orðið vígður. Jeg áleit rjettast, að biskup landsins gjörði það, af því að jeg þóttist vita með vissu, að söfnuðurinn fylgdi trú þjóðkirkjunnar; jeg þóttist vita, að hann mundi vilja láta skíra og ferma börn sín, fá lík sín grafin, hjón gefin saman og sakramentunum útbýtt af vígðum manni. Þess vegna lagði jeg það til við stjórnina, að biskup mætti vígja þennan fríkirkjuprest fyrir söfnuðinn. En nú fór svo, að stjórnin leit öðruvísi á málið, þegar til hennar kom, og bannaði mjer að vígja prestsefnið. En þá heyrist rödd, sem segir, að jeg af alkunnu ráðríki mínu hafi leitazt við, að hafa áhrif á það mál, sem mjer ekki komi hið allra minnsta við, og að með því að vígja utanþjóðkirkjuprestinn hafi jeg ætlað mjer að blanda mjer inn í málefni hans. Þessi tillaga mín, sem var af beztu rótum runnin, og að eins miðaði til að greiða úr vandamáli utanþjóðkirkjusafnaðarins, var þannig lögð út á versta veg. Þetta dæmi sýnir ljóslega, hversu mönnum hættir við að dæma ranglega, þegar embættismaður, ekki sízt andlegrar stjettar embættismaður, á hlut að máli.

Jeg er hræddur um, að meðmælaskyldan verði biskupnum bæði óljúf og óþægileg, sjerstaklega er hann sjer, að þau ráð, sem hann gefur söfnuðinum eptir beztu vitund, eru virt að vettugi. Þetta hefur þegar verið tekið fram, en jeg minni að eins á það nú. Þar sem h. 6. kgk. (Þ. B.) hafði svo margt á móti frv., þá skil jeg flest af mótmælum hans svo, að þau snúi sjer öllu heldur á móti hinum núgildandi lögum frá 8. jan. 1886, heldur

en sjerstaklega á móti þessu frv. Jeg kysi helzt breytingar á þessu frv., en jeg hlýt að bera kviðboga fyrir því, að þessar breyt. kynnu að vera svo verulegar, að h. þingd. yrði ekki fúsari nú heldur en á fyrri þingum, að laga frv. í þá stefnu.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál; en jeg tek það aptur fram nú, að þótt jeg ekki geti gefið frv. þessu atkvæði mitt, þá álít jeg það samt ekki verulega athugavert eða spillandi frá því ástandi, sem nú er, af því að ástandið er ekki gott.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

Hallgr. Sveinsson með 8 atkv.
Jón Jónsson — 7 —

og (með hlutkesti milli Þorkels Bjarnasonar og Sigurðar Jenssonar)

Þorkell Bjarnason.

Frv. til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað (C. 68); 2. umr.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): Eins og jeg tók fram þegar við 1. umr. um þetta frv., þá hefur nefndin ekki fundið ástæðu til að gjöra neinar verulegar breytingar á því, að því er efnið snertir. Aptur á móti þótti nefndinni æskilegt, að gjöra tillögu um breytingar á orðfærinu á nokkrum stöðum, er henni þóttu miður ljósir eða óviðfeldnir. Breyt. þessar eru 12 að tölu, en flestar lítilvægar.

Jeg vil ekki tefja tímann með því að ganga í gegnum þær allar. Vona að þær sjeu auðskildar. Það er að eins 5. till., sem ástæða er til að fara fáum orðum um. Í síðustu málsgrein A-liðs í 4. gr. stendur: „Sje *nokkur* óánægður með o. s. frv. — undir úrskurð amtsins“; í staðinn fyrir „nokkur“ hefur nefndin sett: hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi. Eins og þetta var orðað í frv. stjórnarinnar, er það töluvert ónákvæmt, og gæti gefið tilefni til þess skilnings, að hver og einn kaupstaðarbúi geti borið fram kærur, en auðvitað er það einungis sá maður, sem á hús eða lóð, sem bætur eru metnar fyrir.

Þetta vildi nefndin því ákveða ljósara og er því þessi breyt.till. að eins útskýring.

5. gr. hefur aðeins verið orðuð á annan hátt en í frv., en efnisbreyting hefur ekki verið gjörð á henni. Það getur verið, að einhver efnisbreyting á frv. hefði verið æskileg, en nefndin hefur þó ekki rekið augun í neitt slíkt, sem hún áliti nauðsyn að breyta.

Tveir af oss nefndarmönnum hafa ekki sjesrtaka þekkingu á þessu máli, þar sem þeir hafa ekki verið í bæjarstjórn eða byggingarnefnd.

Ef einhver í h. þingdeild vildi benda á einhverja sjerstaka annmarka á frv., þá mundi nefndin þakksamlega taka slíkum bendingum, ef þær reyndust vera á góðum rökum byggðar.

11. breyt.till. er sú, að „í“ á undan „sektir“ falli burt. Það er betra mál, og eiga þá aðgreiningarmerki að vera á undan og eptir sektarupphæðunum.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.; 2. gr. samþ. í e. hlj.; 1. breyt.till. (C 68) samþ. með 10 atkv.; 3. gr. samþ. í e. hlj.; 2.—11. breyt.till. samþ. í e. hlj. hver; 4. gr. samþ. með 10 atkv.; 12. breyt.till. samþ. í e. hlj.; 6. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C 69, 85); 2. umr.

Framsögum. (Hallgr. Sveinsson): Við framhald 1. umr. nefndi jeg lauslega fáeinar breytingar, sem nefndin gjörði á frv. þessu, en nefndi ekki, hvernig á frv. stæði í heild sinni, með því jeg þóttist viss um, að h. deild hefði kynnt sjer ástæðurnar

fyrir því aptan við frv. Jeg skal þó skýra nú stuttlega frá þessu.

Í lögum 11. júlí 1890 um styrktarsjóði handa alþýðufólki eru nokkur ákvæði, er ekki hafa reynzt heppileg í framkvæmdinni og sem því hafa tálmað heppilegum árangri laganna, sem er, að safna sjóði til líknar heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

Þau ákvæði í nefndum lögum, sem sjerstaklega hafa reynzt óheppileg, eru þau, að hreppstjórar og hreppsnefndir skuli aðallega hafa á hendi framkvæmdina með reikningshald styrktarsjóðanna. Það hefur sem sje komið í ljós, að þær hafa ekki hvervetna gegnt skyldu sinni í þessu efni. Enginn efast um, að þær hafi allan vilja á, að leysa þessi störf, eins vel af hendi, eins og þeim frekast er unnt, en hins vegar hefur það sýnt sig, að eigi var óhult að fela þeim þessar framkvæmdir á hendur, vegna þess að þær hafa ekki, sumar hverjar, haft næga æfingu eða þekkingu í skriptum og reikningsfærslu.

Aðalbreytingin á frv. þessu verður þá verulega sú, að flytja störfin í málum þessum frá hreppstjórum og hreppsnefndum til sýslumanna og sýslunefnda. En svo eru ýmsir aðrir breytingarliðir, sem nauðsynlega leiða af þessari aðalbreytingu.

Í 1. gr. frv. er það tekið fram, að hreppsnefndirnar skuli fyrir lok janúarm. ár hvert semja skýrslu um alla gjaldskylda menn í hreppnum eptir lögum 11. júlí 1890. Hjer er tímatakmarkið flutt 2 mánuði fram, til þess að nægur tími verði til þess að þær geti komizt í hendur sýslumönnum fyrir manntalsþing. Af sömu ástæðu er sá tími, er menn mega kynna sjer skýrslurnar, fluttur í frv. til fyrri hluta febrúarmánaðar í staðinn fyrir apríl eptir lögunum 11. júlí 1890. Ákvæðin um þetta eru að öðru leyti í frv., eins og í lögunum, nokkuð óákveðin, og hefir nefndin viljað bæta úr því, með því að tiltaka tímann nákvæmlega 1.—14. febrúar, og taka með því af allan efa.

Eins þótti nefndinni eiga vel við að bæta orðunum „innan 21. s. m.“ á eptir orðunum „að kæra það mál“, eða innan viku frá því að skráin hefði verið til sýnis. Eptir að kærurnar væru úrskurðaðar, mundi enn vera nógur tími til að koma skránum til sýslumanns.

Aðalbreytingin í 2. gr. er sú, að orðið „sýslumenn“ kemur í staðinn fyrir „hreppstjórar“.

Í 3. gr. hefur af vangá komið orðið „hreppsnefnd“, á að vera „sýslunefnd“. Að þetta er komið til af vangá, sjest af því, að eins og greinin nú er orðuð í frv. komast ákvæði hennar í bága við skýringar frumvarpsins. Þar á bersýnilega að standa orðið „sýslunefnd“.

Þess ber einnig að gæta, að þar sem stendur í 3. gr., að „hinir kosnu meðlimir“ bæjarstjórnarinnar eða sýslunefndarinnar skuli fella úrskurð um reikningana, þá er það svo að skilja, að öll sýslunefndin eða bæjarstjórnin, að oddvita undanskildum, á að fella úrskurðinn; en oddviti er ekki með, af því að hann er reikningshaldari, og þar sem stendur í 4. gr. „amtmenn“ og „amtsráð“, þá er það allt í samræmi við aðalbreytingarnar, sem gjörðar hafa verið og hefur nefndin ekkert við það að athuga.

Að nefndin hefur bætt einni grein við frv. kemur til af því, að í hin núverandi lög vantar ákvæði, sem æskilegt er að hafa, þegar útbýta skal styrknum, og úr því að farið var á annað borð að breyta lögunum, áleit nefndin rjettast að bæta um leið úr þeirri vöntun og setja reglur til að fara eptir við útbýtinguna, og henni þótti ekki hægt, að gjöra það á hagkvæmari hátt, en með því, að fela landshöfðingja á hendur að semja slíkar reglur eptir tillögum amtsráða og fyrir fróðleiks sakir birta þær í B-deild stjórnartíðindanna.

Jeg vona að það geti ekki verið neinn ágreiningur um breytingar nefndarinnar.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að breyt.till. sú, sem stendur á þingskj. 85 frá h. 6. kgk. þm. er að minni ætlun sprottin af misskilningi. (*Þork. Bjarnason:* Það er rjett; jeg tek breyt.till. aptur). Í frv. er gjört ráð fyrir, að hinir kosnu meðlimir bæjarstj. eða sýslunefndarinnar felli úrskurð um reikningana.

Þetta er í eðlilegu samræmi við að bæjarfógeti og sýslumaður hafa á hendi reikningshald sjóðanna.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal ekki eyða tímanum með því að tala lengi í þetta sinn. En þar sem jeg mun hafa verið sá eini, sem ekki stóð upp fyrir frv. við 1. umr. þess og verð nú líklega einn til þess að greiða atkv. á móti því, þó mjer þyki það leiðinlegt, þá álít jeg mjer skylt með nokkrum orðum að gjöra grein fyrir atkv. mínu.

Jeg skal þá strax taka það fram, að jeg get alls ekki sjeð, að breytingar þær, sem frv. fer fram á, sjeu til neinna bóta eða í nokkru hagkvæmari en núgildandi lög. Ástæður þær, sem færðar eru fyrir breytingum þessum eru sjerstaklega vankunnáttu margra hreppsnefnda og hreppstjóra í að annast þau störf, er lögin 1890 leggja þeim á herðar. Ástæður þessar get jeg alls ekki skilið að sjeu á rökum byggðar, því jeg þekki ekki og trúi ekki, að nokkur hreppsnefnd sje svo aum, að hún ekki geti samið skýrslur þær, sem hjer er um að ræða. (*Hallgr. Sveinsson:* Reynslan hefur sýnt það). Getur verið. En jeg dreg aðra ályktun út af reynslunni í þessu efni, nfl. hirðuleysi og eptirlitsleysi sýslunefnda þeirra, sem í hlut hafa átt með viðkomandi mönnum, en alls ekki getuleysi eða vankunnáttu þeirra. Í annan stað hefur því verið haldið fram, að margir hreppstjórur væru ekki í færum til að hafa á hendi reikningsfærslu þá, er hjer að lýtur, en jeg þori að fullyrða, að sá maður, sem getur staðið í hreppstjórastöðu, getur einnig gegnt störfum þeim, sem hjer er um að ræða. Að því leyti álít jeg frv. þarflaust og til engra bóta. Aptur á móti er einn agnúi á gömlu lögunum, sem engin breyting er gjörð á, en jeg álít að sanngjarnt hefði verið að breyta. Það er nfl. hið ósanngjarna ákvæði um að láta húsbændurna borga gjaldið fyrir hjúin. Jeg hafði hugsað mjer að koma fram með breyt.till. um þetta, en eptir að jeg hafði sannfært mig um, að slík breyting mundi ekki fá meðhald, fjell jeg frá að koma með hana, enda veit jeg mikið vel, að til þess hefði þurft að breyta hinum eldri lögum í allt aðra átt, en frv. fer fram á, þar sem innheimta á styrktarsjóðsgjaldinu á enn sem fyr, ekki að fara fram fyr en eptir hjúaskildaga, eða eptir það, að viðkomandi maður getur verið fluttur burtu úr hreppnum. Aptur á móti væri þetta mjög auðvelt, með því að breyta gjalddaganum og að með því að láta hreppsnefnd í stað hreppstjóra hafa innheimtuna á hendi.

Jeg skal sem sagt ekki fjölyrða um þetta mál, og það því síður, sem jeg veit, að það ekki muni hafa nein áhrif á framgang þess. Jeg skal samt taka það fram, að í 2. gr. laga þessara er ákvæði, sem menn eptir hinum eldri lögum hafa skilið á ýmsa vegu; þar stendur sem sje, að í kaupstöðum skuli bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta gjaldið á manntalsþingunum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins, og fyrir ómak sitt ber þeim 4% af hinu innheimta gjaldi.

Þetta atriði veit jeg, að hefur valdið misskilningi. Sumir hafa skilið þetta ákvæði laganna svo, að þeir ættu að hafa 4% af hinu innheimta gjaldi fyrir innköllunina eina, en mættu auk þess taka af peningunum endurborgun fyrir burðargjald og annan kostnað við að koma peningunum á vöxtu í

Söfnunarsjóðnum. Aptur hafa aðrir skilið það þannig, að þeir ættu að greiða af þessari þóknun bæði burðargjald og allan annan kostnað við sendingu peninganna. Spursmál þetta var mikið rætt í sýslunefnd Norður-Múlasýslu á síðastliðnum vetri, án þess nokkur niðurstaða yrði á því, hvað rjettast væri í þessu efni.

Þetta vildi jeg að eins taka fram til frekari athugunar.

Sigurður Jensson: Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um eina breyt.till. h. nefndar, sem mjer finnst ekki heppileg, en það er 3. breyt.till. við 3. gr. Fyrir orðið „hreppsnefnd“ komi „sýslunefnd“.

Nefndin vill, að sýslunefndinni skuli sendir fyrst reikningarnir og að hún skuli kjósa menn til að endurskoða þá; en það held jeg að sje óheppilegt, af því að jeg hygg, að sýslunefndin sje miður fær um að endurskoða reikningana, heldur einmitt hreppsnefndin, sem eðlilega hefur meiri „interesse“ af að reikningsfærslan sje rjett, heldur en sýslunefndin, og er þar að auki kunnugri undirbúningsskýrslunum og fjárhag sjóðsins yfir höfuð.

Jeg held að hjer sje alls ekki um prentvillu að ræða; að í enda málsgreinarinnar stendur, að hinir kosnu meðlimir sýslunefndarinnar skuli fella úrskurð um reikningana, er svo að skilja, að oddviti sýslunefndar, sem hefur reikningsfærsluna á hendi, hafi ekki atkvæði, þegar kemur til að samþykkja reikninga hans og fella úrskurð um athugasemdir endurskoðenda; jeg held þess vegna, sem sagt, að hjer sje ekki prentvilla í frv., en þvert á móti álít jeg þetta viturlega hugsað, að senda einmitt hreppsnefndinni reikningana og jeg álít, að breytingin hjá nefndinni sje ekki eins heppileg.

Jeg er þess vegna með frumvarpinu, en móti breytingu nefndarinnar.

Framsögum. (Hallgr. Sveinsson): Jeg skal leyfa mjer að lána h. þm. Barðstr.(S.J.) danska textann, til þess að hann geti gengið úr skugga um, að hjer er einmitt um prentvillu að ræða.

Skýringar stjórnarinnar við þetta frv. sýna greinilega, að tilætlunin er, að endurskoðun og úrskurður reikninganna skyldi vera hjá sýslunefndum en ekki hreppsnefndum, enda stendur í danska textanum hjer tvívegis „Sysselforstanderskabet“. Sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefur fyrst hreyft málinu og beinlínis tekið fram, að sýslunefndir ættu helzt að endurskoða og úrskurða; bæði amtsráð, amtmaður og landshöfðingi fallast á þetta og loks ráðaneytið sjálft, enda er það skýrt tekið fram í aths. stjórnarinnar við 3. gr., svo að hjer getur enginn efi á leikið. Það er og næsta eðlilegt, að sýslunefnd úrskurði þá reikninga, sem sýslumaður semur; að láta hreppsnefnd úrskurða, væri að taka undarlega niður fyrir sig.

Þar sem h. 2. þm. Suður-Múl.(G.V.) tók fram, að hreppsnefndir hefðu ekki gefið ástæðu til kvartana, þá er þess að geta, að stjórnin hefur rannsakað þetta atriði viðvikjandi hæfileika hreppstjóra og hreppsnefnda til slíkra starfa og hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir að minnsta kosti sumstaðar hafa ekki sýnt sig færa til þess. Rannsóknin hefur sýnt, að reikningshaldið hefur ekki verið í lagi, og engin ástæða er til að halda, að þetta komi af viljaleysi eða mótþróa hjá þessum mönnum, heldur af vantandi hæfileikum til reikningshalds, eða hví skyldi ekki hreppsnefnd og hreppstjóri vilja framfylgja þeim lagaákvæðum, sem miða að því, að líkna bágstöddum mönnum í sveitarfjelaginu? Jeg er sannfærður um, að allar hreppsnefndir vildu styðja að slíku. Það eru þess vegna ekki líkindi til, að það sje sprottið af viljaleysi. Það er því engin ástæða til að hafa á móti breyt.till. við frumvarpið; því jafnvel þótt flestir hreppstjórar væru færir um að gegna þessum störfum, sem hjer er um að ræða,

þá eru hinir (sýslumennirnir) þó enn betur færir til þess. Með því að málið að mínu áliti þannig er ljóst, þá hygg jeg, að ekkert sje athugavert við breytingar þær, sem frv. fer fram á.

Sigurður Jensson: Það getur verið, að það sje um prentvillu að ræða í 3. gr. frv. og að í staðinn fyrir „hreppsnefnd" eigi að standa „sýslunefnd"; en ef það á að skoðast sem prentvilla, þá finnst mjer það ekki koma heim við það ákvæði nefndrar greinar, að sýslumaður eigi að senda reikningana til endurskoðunar í janúarmánuði, því að þá heldur sýslunefndin venjulega ekki fundi. Hvernig sem þessu er varið, álít jeg hreppsnefndina færari til að endurskoða reikninga; hún hefur meira „interesse" fyrir því og meiri kunnugleik á því. Þess vegna finnst mjer allt mæla með því, að menn úr hreppsnefndinni endurskoði reikningana. Hvenær ættu sýslunefndirnar líka að gjöra það? Sem sagt, álít jeg, að það muni verða gjört rækilegar, ef hreppsnefndirnar gjöra það, þar sem það snertir þeirra hag.

Jón Jónsson: Jeg get ekki fallizt á skoðun h. þm. Barðstr. (S. J.) um, að hreppsnefndin sje færari til að hafa á hendi endurskoðun reikninganna, en sýslunefndin. Í henni sitja menn úr hverjum hreppi. Jeg held ekki að hreppsnefndin hafi betra tækifæri til þess eða gefi meiri tryggingu fyrir því, að endurskoðunin verði rjett, heldur ímynda jeg mjer það mótsetta.

Það var annað atriði, sem h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) vakti máls á, nfl. viðvíkjandi 4% þóknun til sýslumanna og bæjarfógeta fyrir ómak við innheimtu gjaldsins. Jeg hafði hugsað mjer, að koma fram með breyt.-till. við þetta atriði í nefndinni, en jeg fjell frá því. Sem embættismaður setur sýslumaðurinn þjónustufrímerki á peningasendingu þessa, svo að sjóðurinn hefur engan kostnað af borgun burðargjaldsins.

ATKVÆÐAGR.: 1.—2. breyt. (C. 69) samþ. með 10 atkv. hvor; 1.—2. gr. samþ. með 10 atkv. hvor; 3. breyt. (C. 69) samþ. með 9 atkv.; 3. gr. samþ. með 9 atkv.; 4. gr. samþ. með 10 atkv.; 4. breyt. (C. 69) samþ. með 10 atkv.; 5.—6. gr. samþ. með 10 atkv. hvor. Frv. vísað til 3 umr. með 9 atkv.

Ellefti fundur, föstudag 16. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um horfelli á skepnum (C. 36, 88); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. nú. Það hefur þegar verið ítarlega rætt við byrjun 1. umr. Nefndin hefur gjört töluverðar breytingar á frv. til bóta. Við byrjun 1. umr. var það tekið fram, að lög þessi yrðu eingöngu hegnandi, en ekki fyrirbyggjandi lög. Tilgangur minn er einmitt sá, að ákveða enn þá harðari refsingu en hingað til hefur verið ákveðin í hinum gildandi lögum; því að jeg hygg, að því þyngri sem hegningin er fyrir horfelli, því meiri trygging sje fyrir því, að lögin verði ekki brotin, og þess vegna verði þannig hegningarákvæðin líka óbeinlínis fyrirbyggjandi. Aðfinningar þær, sem áður hafa verið teknar fram á frv. hefur nefndin tekið til greina, að svo miklu leyti sem henni hefur fundizt ástæða til. Þar sem í frv. er farið fram á að eins eina skoðunargjörð, þá hefur nefndin bætt einni við. Að því leyti hefur nefndin beinlínis farið í þá átt, sem h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) vildi vera láta í þessu atriði í ræðu sinni við byrjun 1. umr. Að öðru leyti hefur nefndin ekki breytt stefnu frv., og hinar ýmsu breyt. á því miða flestar að eins til að gjöra ákvæði þess gleggri og ákveðnari, án þess að þær sjeu verulegar efnisbreytingar. Við 8. gr. hefur nefndin þó gjört þá efnisbreytingu, að ákveða sektir fyrir óhlýðni við skipun skoðunarmanna, og sömuleiðis hefur hún hækkað sektir þær, sem ákveðnar voru

í frv. fyrir vanrækslu á skyldum þeim, er skoðunarmenn hafa eptir frv. Nefndin er einhuga um, að frv. hafi inni að halda meiri tryggingar gegn horfelli en gildandi lög, og álítur þess vegna, að h. þingd. eigi að sinna því alvarlega. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira á þessu stigi málsins.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahrepp (C. 90); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Jeg hef fengið áskorun frá nokkrum kjósendum mínum um að koma fram með frv. um að fá löggiltan verzlunarstað á Firði í Múlasveit, og af því að jeg álít, að þessi áskorun hafi við nokkrar ástæður að styðjast, þá hef jeg tekið að mjer, að flytja þetta mál fram hjer á þingi.

Eins og menn vita, þá stendur svo á, að í suðurhluta og um miðbik Barðastrandarsýslu er að eins einn verzlunarstaður, og hann liggur á eyju, nfl. Flatey. Það er þess vegna opt og tíðum miklum erfiðleikum bundið, að sækja nauðsynjar í kaupstaðinn fyrir þá, sem á landi búa; opt er alls ekki hægt að komast þangað; menn geta verið veðurtepptir dögum og jafnvel vikum saman á ferðinni. Þetta getur verið mjög bagalegt og komið sjer mjög illa fyrir bændur. Stundum geta líka ísalög á vetrum bannað mönnum alveg ferðir í kaupstaðinn um lengri tíma. Af þessum ástæðum hafa menn fundið það nauðsynlegt, að hafa einhvern verzlunarstað á landi í þessum hluta sýslunnar.

Það er að vísu verzlunarstaður á Arngerðareyri við Ísafjörð, sem sækja má til að vetrinum, en það er sá hængur á að komast þangað, að það er yfir heiði að fara, en hún er opt og einatt ófær yfirferðar, og allir geta skilið það, að allir flutningar eru bæði dýrir og erfiðir yfir langan og slæman heiðarveg.

Sýslunefndin í Barðastrandarsýslu hefur því leyft að hafa sveitaverzlun á þessum stað, sem hjer er að ræða um að löggilda, og þar eru þegar komin upp dálítil verzlunarhús. Kaupmaður sá, sem þar er, ætlar nú að halda áfram að búa um sig og byggja, en hann vill, eins og eðlilegt er, fá tryggingu fyrir því, að verzlunin geti haldið áfram á þessum stað, og að hús þau, sem hann byggir, verði nokkurs virði, svo að hann geti selt húsin, ef hann hættir að reka verzlun þar. Það gæti nfl. hugsazt, að sýslunefndin leyfði einhverjum öðrum að reka verzlun á öðrum stað nálægt, en veitti ekki leyfi til sveitaverzlunar á þessum stað, þegar hann hætti verzluninni, þá yrðu húsin ekki mikils virði.

Að því er innsiglinguna þar snertir, þá er það hrein og hættulaus leið fyrir kunnuga menn. Jeg veit til þess, að skip hafa siglt þangað upp, jafnvel danska herskipið hefur siglt þar upp, ekki reyndar að Firði, en á stað þar nálægt. Höfnin er talin góð og jeg veit, að skip hefur legið þar í áköfu norðanveðri að haustinu til og ekkert orðið að, og þó er norðanátt hættulegasta áttin þar.

Jeg vona, að menn finni ekki ástæðu til að hafa neitt á móti því, að þessi staður verði löggiltur verzlunarstaður. — Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, nema einhver mótmæli komi fram.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875 (C. 89); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Í lögum 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt, kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, eru tilnefndir 6 staðir á Íslandi, þar sem skipum, er álitin eru að koma frá sýktum stöðum, er gjört að skyldu að koma á, áður en þau hafa samgöngur við land á öðrum stöðum.

Þessir staðir eru: Reykjavík, Vestmannaeyjar, Stykkishólmur, Ísafjörður, Akureyri og Eskifjörður. Að Stykkishólmur var látinn vera einn af þessum stöðum, kemur til af því, að þá var ákveðið í lögum, að læknir skyldi hafa þar aðsetur, en ekki á öðrum verzlunarstöðum milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Að öðru leyti er Stykkishólmur alls ekki vel fallinn til að vera einn af þessum stöðum. Innsiglingin er bæði löng og erfið, og þess vegna óhugsandi, að skip, sem ekki á beinlínis leið þangað, geri sjer krók þangað, til að láta lækni rannsaka sig. En aptur á móti er Patreksfjörður einkar vel fallinn til að vera í tölu þessara staða, þar sem hann liggur svo vel við fyrir þessi skip. Eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef fengið, hefur það borið ekki allsjaldan við, að skip, sem koma frá þessum sýktu stöðum, hafa farið fyrst þangað inn og fyrir það orðið að sæta sektum fyrir brot á móti sóttvarnarlögunum. Nú er eins og menn vita Patreksfjörður orðinn læknisaðsetur og það er alveg áreiðanlegt, að hjer eptir verður læknir þar búsettur og þess vegna virðist mjer fullkomin ástæða til að setja Patreksfjörð í tölu þessara hafna. Hann liggur mjög vel við fyrir öll skip frá útlöndum, sem ætla sjer til Vesturlandsins og að nokkru leyti líka til Norðurlandsins; innsiglingin er stutt og höfnin er góð, og þess vegna þægilegt fyrir skipin, að fara þangað inn, til að afljúka þessari læknisrannsókn. Í 5. gr. sóttvarnarlaganna er gjört ráð fyrir, að til sjeu á þessum höfnum hæfileg hús til að taka við mönnum, sem komnir eru að sjóleiðis og veikir eru af bólusótt, kóleru eða öðrum sjúkdómum.

Nú hefur, eptir því sem mig minnir, amtið einu sinni gjört ráðstöfun til að slíkt hús skyldi vera til í Stykkishólmi, eins og líka átti að vera eptir lögunum, en það hús hefur aldrei þurft að nota, því að aðsóknin að Stykkishólmi er mjög lítil og lítil líkindi til, að þessi tilfelli komi þar fyrir. Aptur á móti er mikil þörf á slíku húsi á Patreksfirði, ekki einungis vegna sjómanna, sem koma frá þessum sýktu stöðum, sem talað er um í sóttvarnarlögunum, heldur kemur og þangað hinn mesti sægur skipa, bæði útlendra og innlendra, og þess vegna er nauðsynlegt, að hafa þar eitthvað sjúkraskýli. Jeg veit til þess, að menn hafa á Patreksfirði komizt í hin mestu vandræði með að koma fyrir sjúkum sjómönnum. Sýslunefndin í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur fundið til þessa skorts á slíku húsi þar, og þess vegna er í undirbúningi, að koma á stofn spítala þar, til þess að bæta úr þessari þörf.

Í frv. til laga um breyt. á skipun læknahjeraða, sem stjórnin hefur lagt fyrir þingið, er gjört ráð fyrir, að koma upp sjúkrahúsum á hinum 6 fyrnefndu stöðum, og af því að jeg álít, að fáir staðir sjeu á landinu, þar sem meiri þörf er á sjúkrahúsi, þá vil jeg láta Patreksfjörð vera einn í tölu þeirra staða, er fyrst fengju sjúkrahús, og í þeim tilgangi hef jeg komið með þetta frv., og vona jeg, að h. þingd. hafi ekkert á móti að samþykkja það. Jeg er viss um, að hver þingmaður, sem þekkti til, hver fjöldi sjómanna leitar hafnar á Patreksfirði, mundi vera mjer samdóma um, að þessi staður ætti að standa framarlega í tölu þeirra staða á landinu, þar sem þingið hjálpaði til að koma upp sjúkrahúsum, því að þessir sjómenn eru ekki einungis útlendir sjómenn, Frakkar, Norðmenn, Færeyingar o. s. frv., heldur mörg hundruð íslenzkra sjómanna, bæði vestfirzkir og sunnlenzkir.

Þar sem nú er svo mikill áhugi hjá mönnum að koma upp sem flestum þilskipum og menn telja það framfarir, að þeim fjölgi sem mest, þá verðum vjer líka að hafa vilja á að gjöra eitthvað fyrir þessa menn, sem stunda fiskiveiðar á þilskipum, og eitt af því, sem þeir helzt þurfa, er að eiga víst eitthvert hæli, er þeir leita inn á

höfn með veika menn. Hjer er nú að eins farið fram á, að Patreksfjörður verði settur í tölu hinna áðurnefndu staða, þar sem útlendum skipum er fyrirskipað að koma við á til að uppfylla ákvæði sóttvarnarlaganna, og hef jeg stungið upp á þessu bæði til þess að gjöra útlendum skipum hægra fyrir að hlýða lögunum og líka af þeirri ástæðu hef jeg komið með þetta frv., að jeg álít, að þegar til þess kemur, að þingið leggur fje til byggingar sjúkrahúsa út um landið, þá eigi Patreksfjörður að vera einn af þeim stöðum, þar sem einna fyrst verður byggt sjúkrahús, því að þar er mjög mikil þörf á slíku húsi.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 71); 2. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Við frh. 1. umr. þessa máls minntist jeg á breyt. þær, er stjórnin með frv. þessu vill gjöra á lögunum frá 10. nóv. 1894. Breyt. þessar eru aðallega tvær. Hin fyrri er í 2. gr. og er fólgin í því, að færa hámark sektarinnar úr 10,000 kr. niður í 4000 kr. Hin síðari breyt. er fólgin í 3. gr. Eins og jeg hef áður tekið fram, getur verið nokkur spurning um það, hvort það er eiginlega efnisbreyt. eða að eins skýring ákvæða hinna eldri laga um það, hvenær álíta skuli, að skip þessi sjeu „í neyð“. Fyrir þessum breyt. eru færðar ítarlegar ástæður í frv. stjórnarinnar og nefndin hefur einnig fyrir sitt leyti fært skýrar ástæður fyrir því í nefndarálitinu, að hún fellst á þessar breyt., og þarf jeg því eigi að fara fleiri orðum um það.

Aptur á móti hefur nefndin sjálf stungið upp á nokkrum breyt., en flestar þeirra eru að eins orðabreyt. Að eins ein þeirra er efnisbreyt. Hún er á þingskj. 71 undir staflið 2 við 2. gr. frv. og fer í þá átt, að felld sjeu burtu orðin „hin ólöglegu“ o: veiðarfæri. Hugsunin hjá nefndinni er sú, að öll þau veiðarfæri, er að botnvörpuveiðum lúta og finnast innanborðs í botnvörpuskipi, er brotið hefur á móti 1. gr., skulu vera upptæk. Reynslan hefur sem sje sýnt það, að ákvæði hinna eldri laga um, að að eins það veiðarfæri, er notað hefur verið við það einstaka tækifæri, þá er lögin hafa verið brotin, skuli upptækt, er nokkuð hæpið og mun ekki ná tilgangi sínum. Það hefur jafnvel heyrzt, að í slíkum tilfellum hafi skipstjórinn afhent brúkaða og ónýta veiðarfæragarma, en haldið eptir í skipinu öðrum betri veiðarfærum. Nefndin stingur því upp á, að *öll* veiðarfæri, er finnast innanborðs, skuli upptæk vera; hún álítur, að tilgangi laganna verði eigi náð á annan hátt.

Hinar aðrar breyt.till. nefndarinnar eru að eins orðabreyt.

Regla nefndarinnar hefur verið sú, að leggja ekki til, að gjörð sje nein frekari linun á hinum eldri lögum, en stjórnin hefur stungið upp á. Ætla má, að stjórnin hafi, ef lögunum er þannig breytt eptir tillögu hennar, þrek og krapt til að halda þeim uppi og framfylgja þeim; og það er ekki ákjósanlegt, að hafa lögin strangari en svo, að unnt sje að framfylgja þeim, svo að þau geti náð þeim tilgangi, er þau eiga að ná. Ströng lög, sem ekki er hægt að framfylgja, gjöra að eins illt verra. Þessi linun laganna er því æskilegri, sem nú standa yfir samnings-tilraunir milli stjórna beggja ríkjanna, hins danska ríkis og Englendinga, um, að fá viss fiskimið hjer við land friðuð fyrir yfirgangi botnvörpuskipa, og sem óskandi væri, að gæti haft framgang.

Nefndin var þó í nokkrum vafa um ákvæði 3. gr., síðari málsgrein, tölul. 1., þar sem stendur: „En eigi gildir undanþágan þessi síðasttöldu skip, nema einu sinni á sömu veiðitíð, og er þeim að eins heimilt að fá sjer vistaforða, vatn og kol, er nægi þeim til næstu hafna utan Íslands“.

Nefndin efar sem sje, að ákvæði þessi sjeu framkvæmanleg. Skipið getur í sömu ferðinni komið inn á margar hafnir t. a. m. Reykjavík, Hafnarfjörð, Vogavík, Keflavík, Akranes og víðar. Á þessa mörgu staði getur skipið komið inn á 2–3 dögum; það heimtar nú ef til vill vatn, vistir og kol á öllum stöðunum; lögreglustjóri eða umboðsmaður hans hefur engin tæki til þess að vita það, hvort skipið hefur áður fengið þessar nauðsynjar á öðrum höfnum hjer við land; hann getur spurt skipstjóra, en vitanlega mun hann svara „nei", ef hann nú þarfnast kola, vatns eða vista, og vill fá það, og lögreglustjóri hefur enga heimild til að heimta af skipstjóra, að hann sanni neitun sína með skriflegum vottorðum eða á einhvern annan tryggilegan hátt. Af því leiðir, að lögreglustjóri mun jafnaðarlegast eigi þora að neita botnverpingi um vatn og vistir, þegar svona á stendur, þótt engin vissa sje fyrir því, að hann hafi ekki fengið það áður hjer við land á sömu veiðitíð.

Nefnd. áskilur sjer því rjett til að koma fram með við 3. umr., ef henni þá sýnist svo, og eptir samráði við hæstv. landsh., br.till. um, að fella burtu þessa málsgrein.

Það hefur einnig verið bent á, hvort rjett væri, að ákvæði 3. gr. um, að botnvörpuskip mættu *ekki* nema í neyð koma inn á hafnir, ættu einnig að gilda, ef Íslendingar eða menn búsettir hjer á landi, ættu skipin. Jeg fyrir mitt leyti hef ekki enn íhugað þetta atriði nógu rækilega, en álít þó sjálfsagt, að skip þau, er gjörð eru út hjer á landi eða kunna að verða gjörð út hjeðan, hafi heimild til að koma inn á hafnir hjer á landi, leggja hjer upp afla sinn, taka vistir hjer, o. s. frv.

Heimildarákvæði í þessa átt mundi geta fengizt með því, að bætt væri inn í lögin í upphafi 3. gr. þeirra orðinu „útlend", þannig að stæði: „Nú hittist *útlent* fiskiveiðaskip" o. s. frv. Þetta mun nefndin taka til íhugunar fyrir 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg er nefndinni þakklátur fyrir það, hve vel hún hefur tekið þessu frv. Hún hefur að eins gjört eina efnisbreyting við það, og álít jeg þá breyting mjög heppilega. Jeg get því fallizt á allar breyt.till. nefndarinnar.

Það kynni einnig að vera ástæða til, eins og h. framsögum. (Kr. J.) benti á, að fella burtu síðari málsgr. undir 1. lið í 3. gr. af þeim ástæðum, sem hann tók fram. Það er satt, að nokkuð hart virðist gagnvart skipum, sem í neyð eru, að þau megi ekki nema einu sinni í hverri ferð koma inn á höfn. Eptir því má skip ekki verða nema einu sinni fyrir t. d. sjóskaða í hverri ferð. Jeg er því samdóma, að lögin yrðu betri, ef ákvæði þetta yrði fellt burt En þar sem ensku stjórninni voru kunnar þær breyt., er stjórnin hefur stungið upp á að gjöra á hinum eldri lögum, og ekkert hefur komið fram um það, að hún álíti eigi þær breyt. nægilegar, hygg jeg ekki, að þetta ákvæði geti orðið því til fyrirstöðu, að samningar þeir fáist um friðun vissra fiskimiða, sem um hríð hafa staðið yfir og æskilegir væru.

Jeg læt mjer því nægja að mæla með breyt.till. nefndarinnar.

Hallgr. Sveinsson: Jeg hef skilið svo þessi ákvæði í síðari hluta 3. gr. undir stafl. 1, að þau eigi ekki við þau skip, er leita hafnar „í neyð", heldur nái að eins til hinna, sem hafna leita, „vegna skorts á vistum og kolum". Á þennan skilning virðist mjer benda orðin: „þessi síðast töldu skip".

Það er að sjálfsögðu eigi hægt að takmarka hitt, að skip, sem missa t. d. akkeri eða mastur eða laskast á annan hátt, að þau megi, hversu opt sem slíkt kemur fyrir á einni vertíð, leita inn til hafnar. Engin þjóð mundi meina skipum slíkt, þá er svo væri ástatt.

Mjer virðist því ekki, að ákvæði þetta sje svo varhugavert, sem h. framsögum. (Kr. J.) benti á. Hæstv. landsh. hefur

einnig gefið þær upplýsingar, að enska stjórnin hafi engum mótmælum hreyft gegn þessu ákvæði og vildi jeg því óska, að h. nefnd hugsaði sig vel um, áður en hún felldi burtu úr frv. þá vörn, sem í lögunum er, og sem ekki er óþolandi í þeim að hafa.

Framsögum. (Kristján Jónsson): Það er deildinni vitanlegt, að nú liggur engin breyt.till. fyrir um, að fella þetta ákvæði í 3. gr. botnvörpulaganna, sem hjer hefur verið umtalsefni, burtu, en nefudin hefur fengið yfirlýsing hæstv. landsh. um álit hans þar að lútandi; nefndin mun því taka til nánari yfirvegunar fyrir 3. umr., hvort æskileg væri breyting á tjeðri lagagrein í þá átt, sem jeg áðan benti á.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.; 1.—5. breyt.till. (C 71) samþ. í e. hlj.; 2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 6.—14. breyt.till. (C 71) samþ. í e. hlj.; 3., 4. 5. gr. samþ. í e. hlj. hver. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Till. til þingsál. um afnám grísku o. fl. (C 86) hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ.

Tólfti fundur, laugardag 17. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um að sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 12,000 kr. úr sýsluvegasjóði til flutningabrautar (C 72) 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 9 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C 73) 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Þeir, sem bera frv. þessu beztan vitnisburð, segja að það sje meinlaust og gagnslaust. Jeg fyrir mitt leyti get ekki verið með þessum vitnisburði, því jeg álít það bæði skaðlegt og meinlegt. Jeg veit, að kvennfólk, sem fyrir búi stendur og sem frv. þetta fer fram á að veita kjörgengi í hreppsnefnd, sýslunefnd o. s. frv., eru vanalega ekkjur, en þeirra hag er þaunig varið, að þær hafa um annað að hugsa en sveitarmál.

Jeg hygg, að ef þeim væri veitt þessi rjettindi, þá mundi það í flestum tilfellum reynast reglulegt harmabrauð og þung byrði. Jeg sje ekki heldur að það sje neinn verulegur áhugi meðal kvenna með að fá þessi rjettindi. Jeg veit að vísu, að það kom bænarskrá til síðasta þings um það frá kvennfólki; en það koma svo margar bænarskrár til þingsins og margt, sem kemur fram á þingmálafundunum, sem ekki er sprottið af almenningsáhuga, heldur borið fram af ötulum málsskrafsmönnum. Þeir, sem skoða þetta mál með stillingu, munu geta sjeð, að það er ekki almenningur meðal kvenna, heldur einstakir menn, sem vilja fá þetta svo kallaða frelsi. Jeg hygg, að frv. þetta sje komið fram af eins konar þjóðardrýgindum, jeg vil ekki segja þjóðarmonti. En ef menn gjöra sjer of háar hugmyndir um sjálfa sig, þá er það skaðlegt.

Vjer erum eptirbátar annara þjóða nálega í öllum efnum. Vjer höfum að vísu nóga skóla; vjer höfum 4 búnaðarskóla; en það lítur ekki út fyrir, að þeir hafi ýtt landbúnaðinum í nýtt horf; reyndin sýnir, að búfræðingar t. d. drepa úr hor engu síður en aðrir. Vjer höfum líka kvennaskóla, en stúlkur þær, sem þar hafa lært, kunna flestar ekki betur að standa fyrir búi en aðrar, sem ekki hafa þar verið.

Vjer höfum nóg af barnaskólum og umgangskennurum, en menntunin er almennt meira á yfirborðinu, en í reyndinni.

Að því er snertir hinar verklegu framkvæmdir, þá er ástandið svo bágborið, að ef t. d. skilvinda bilar, þá er líklega enginn á landinu, sem getur gjört við hjól í henni eða smíðað. Úr því að við ekki

orum komnir lengra en þetta í verklegum efnum, þá finnst mjer ekki vert fyrir oss, að fara fram úr öðrum þjóðum í svo köllnðum frelsismálum, einkum, þegar frelsið verður að byrði. Það er sannarlega gremjulegt, að fulltrúar þjóðarinnar skuli samþykkja annað eins og frv. þetta ár eptir ár. Það á ef til vill að nota það sem agitationsmeðal á móti stjórninni, að hún ekki samþykkir það, en ef svo er, þá held jeg það sje óheppilegt meðal.

Jeg hygg, að allir skynsamir menn, sem skoða þetta mál með ró og stillingu, muni sjá, að það er alls engin þörf á slíku frelsi fyrir kvennfólkið og muni því fyrirgefa stjórninni, þó hún synji því um staðfestingu. Jeg fyrir mitt leyti álít þetta hjegómamál, og jeg mun óhikað greiða atkv. á móti því, þótt allir aðrir verði með því.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 7 : 2 atkv. Fyrirsögnin samþ.. með 6 atkv. Vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað (C 108); 3. umr.

Framsögum. (Hallgr. Sveinsson): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að frv. hefur verið útbýtt nú við byrjun fundarins, og hef jeg því ekki haft tækifæri til að athuga, hvort allar leiðrjettingarnar eru komnar fram.

Jeg hef rekið augun í, að fyrsta leiðrjettingin hefur ekki heppnazt vel. 4. breytingin við 4. gr. „endurbyggir *það*“, var samþ. við aðra umr., en í frv. stendur „húsið“. Þetta þurfti nauðsynlega að leiðrjetta. Að öðru leyti hef jeg engar aðrar breytingar að athuga og finn jeg því ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um frv. þetta. Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að jeg hef áskilið mjer leiðrjettingu, ef eitthvað fleira skyldi hafa misprentazt, samkvæmt atkvæðagr. þeirri, sem áður hefur fram farið.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki (C 107); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. (C 97, 106); frh. 1. umr.

Framsögum. (Þorleifur Jónsson): H. þingd. hefur nú fyrir sjer nefndarálitið og á því sjást breyt. nefnd. á frv. Aðallega eru breyt. fólgnar í 3 atr. Í fyrsta lagi á skipting eða niðurskipun læknahjeraðanna. Í öðru lagi á launaupphæðinni og í þriðja lagi á borguninni fyrir hin einstöku verk og á dagpeningunum. Með því, að nú er 1. umr. þessa máls, skal jeg eigi fjölyrða um breyt. þessar, heldur að eins vísa til nefndarálitsins. Við 2. umr. mun gefast tækifæri til að tala nákvæmar um þær.

Í frv. þessu er farið fram á að skipta landinu niður í 40 læknishjeruð og er það stórkostleg breyting frá lögunum 17. okt. 1875. — Það er annars eigi ófróðlegt að líta yfir sögu læknamálsins hjer á landi.

Allt fram yfir miðja síðastliðna öld, var enginn læknir til í landinu.

Árið 1760 er hið fyrsta læknisembætti stofnað, landlæknisembættið. Skömmu síðar voru settir á stofn fjórðungalæknar og voru þannig 5 læknar á landinu um síðustu aldamót. Um 1850 eru þeir orðnir 8 og við það situr, unz Hjaltalín landlæknir tók að kenna læknaefnum og útskrifa þá. En eptir það fer læknum smátt og smátt að fjölga, en aðalbreytingin er gjörð með læknalögunum 15. okt. 1875. Á hinum ráðgefandi þingum hafði eigi tekizt að þoka málinu lengra áfram, en þegar á hinu fyrsta löggjafarþingi er allstórt stig stigið. Það er fyrsta verk

hins löggjefandi þings vors, að fjölga læknahjeruðunum upp í 20; þeim var það ljóst, að tala læknanna í landinu var allsendis ónóg. Það sýndi sig þó bráðlega, að þessi viðbót var ekki nægileg, því á 4. alþingi þar á eptir, á alþingi 1883 komu þegar bænir um að auka við nýjum læknum. Þá var bætt við 3 aukalæknishjeruðum; síðan hefur þeim verið fjölgað á flestum þingum. Nú eru þessi aukalæknishjeruð orðin 16, en eins og gefur að skilja hefur eigi alllítil ringulreið komizt á hin föstu læknishjeruð við þetta; sum hjeruðin eru orðin mjög lítil, jafnvel oflítil, sum haldast enn óhæfilega stór, sum eru of mannmörg, sum of mannfá og svo fram eptir götunum. Í stuttu máli: breyting frá grundvelli er orðin nauðsynleg. Það kom fram á þingi 1887 hjer í Ed. frv. um gagngerða breyting á, læknaskipuninni og farið fram á að læknishjeruðin yrðu 26 á öllu landinu. Frv. þetta fjell þá í Nd., einkum vegna þess að málið skorti nægan undirbúning; það var álitið að það fyrirkomulag, sem þá var stungið upp á mundi ekki verða til frambúðar. Síðan hefur alþing eigi treyst sjer til að koma fram með frv. um breyting læknishjeraðanna. Því var það, að síðasta alþing samþ. ályktun um að skora á landstjórnina að leggja fyrir þetta þing frv. um nýja skipting læknishjeraðanna, og þannig stendur á því, að frv. þetta er fram komið.

Gangur þessa máls hefur síðan verið sá, að landshöfðingi hefur fyrir milligöngu amtmanna leitað umsagna allra sýslunefnda á landinu um, hverjar breytingar þær vildu gera á læknishjeraðaskipuninni. Hvert amtsráð hefur tekið þetta mál fyrir í sínu amti, og samið tillögur sínar eptir tillögum allra sýslunefnda í amtinu. En þar sem hver sýslunefnd hefur að eins sagt álit sitt um skipun læknahjeraðanna í sinni sýslu, ræður að líkindum, að amtsráðin hafi orðið að breyta í ýmsu tillögum hverrar sýslunefndar. Það er af sömu ástæðum augljóst, að stjórnin hefur orðið að gjöra einnig ýmsar breyt. á till. amtsráðanna, þar sem varð að hafa allt landið fyrir augum; og loks hefur nú nefndin gjört einnig nokkrar breytingar á fyrirkomulagi því, er stjórnin stingur upp á. En eins og jeg hef áður sagt, vil jeg eigi að þessu sinni tala nákvæmlega um breytingartill. nefndarinnar, nema því að eins, að umr. kunni að gefa mjer tilefni til þess.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þrettándi fundur, mánudag 19. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi nema Á. Thorsteinsson, forseti, er tilkynnt hafði sjúkdómsforföll. Varaforseti L. E. Sveinbjörnsson stýrði fundi.

Frv. til laga um horfelli á skepnum (C. 36, 88); 2. umr.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Eins og jeg gat um, þá er mál þetta var hjer fyrir þingd. til frh. 1. umr., hefur nefndin eigi gjört stórar breyt. við frv. Flestar breyt. miða í þá átt, að gjöra ákvæði þess skýrari og gleggri. Jeg skal því láta mjer nægja að fara nokkrum orðum um hinar helztu þeirra.

Nefndin stingur upp á því, að 1. gr. sje nokkuð yfirgripsmeiri og fyllri, en hún er í frv.; hún ræður til að í hana sjeu tekin upp ákvæðin úr lögum um horfelli 12. jan. 1884 um það, að hreppstjórar og hreppsnefndir skuli hafa eptirlit með og hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði sínum, og bryni fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því, að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla. Jafnvel þótt nefndin yrði að óttast fyrir, að þetta mundi ekki út af fyrir sig hafa verulegan árangur, þá getur slíkt þó miðað til þess, að halda mönnum vakandi og meira hugsandi um það, að búa sig sem bezt

undir veturinn. Þessi ákvæði miða þannig til þess að fyrirbyggja, að horfellir verði.

Aðalbreyt. er þá í 2. gr. Nefndinni þótti ástæða til að bæta inn í þá gr. ákvæðum um, að skoðunargjörðirnar væru tvær, þar sem í frv. var að eins gjört ráð fyrir einni slíkri skoðunargjörð. Eins og menn vita, er engin slík skoðunargjörð fyrirskipuð nú í lögum og má ætla að það muni helzt verða því valdandi, að lögunum frá 12. jan. 1884 hefur verið svo lítill gaumur gefinn og árangur þeirra laga svo lítill orðinn, þar sem engar ákvarðanir eru settar um, hvernig ætti að fullnægja fyrirskipunum þeirra. Nefndin komst nú að þeirri niðurstöðu, að heppilegast mundi, að hafa þessar skoðunargjörðir tvær; hina fyrri þá er fjenaður er kominn í hús, fyrri part vetrar, þannig, að henni verði lokið fyrir miðjan vetur. Það er ekki hægt að ákveða tímatakmarkið nákvæmar, með því að það er svo mismunandi, bæði eptir sveitum og eptir árferði, hve snemma fjenaður er tekinn í hús. En þessi fyrri skoðunargjörð getur byrjað þegar á haustnóttum. Skoðunarmenn kynna sjer þá bæði heyforða, heygæði og allt ástand búpeningsins og þeir geta þá þegar aflað sjer þekkingar á því, hvort líkur sjeu til fyrir því, að búpeningur einhvers bónda kunni að tína tölunni af orsökum, sem lög varða eður af öðrum ástæðum, sem hlutaðeiganda eru ekki sjálfráðar.

Í frv. vantaði ákvarðanir um, hvaða refsing sá bakaði sjer, er óhlýðnaðist fyrirskipunum skoðunarmanna og úr þessu bætir 9. breyt.till., þar sem svo er ákveðið, að sá verði sekur um allt að 50 kr. Nefndin áleit það takmark hæfilega hátt sett. Óhlýðni við fyrirskipanir skoðunarmanna varð nefndin að álíta vegna eptirdæmis og afleiðinganna mjög vítaverða og fyrir því yrði talsvert há sekt að liggja við. Sömul. leggur nefndin til, að sektarupphæðin, er skoðunarmenn baka sjer með vanrækslu skyldu sinnar, sje færð úr 20 kr. upp í 50 kr.

Loks fer nefndin fram á, að nýrri grein sje bætt við um það, að brot á móti fyrirskipunum skoðunarmanna eptir 3. og 4. gr. og um vanrækslu skoðunarmanna á því, er þeir eiga að gjöra skuli fara með sem opinber lögreglumál. Aptur á móti verður sá sekur eptir alm. hegningarlögum, er gjörir fjenað sinn horaðan eða fellir hann úr hor.

Það sem sjerstaklega er unnið með þessu frv., er það, að á ljettan hátt fæst lögfull sönnun fyrir horfelli og annari hegningarverðri meðferð á skepnum, þar sem til þess nægja skýrslur skoðunarmanna, en áður hafa þurft til þess vitnaleiðslur og þess konar umstang, og reynslan þess vegna orðið sú, að nær því ómögulegt hefur verið að ná í þann seka og fá slíkar sannanir gegn honum, að dómstólar hafi treyst sjer að byggja á þeim sakfellingardóm.

Um orðabreyt. í nefndarál. skal jeg ekki fjölyrða.

Hallgr. Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli h. nefndar á því, hvort ákvæði 3. gr. muni ekki vera nokkuð einstrengingsleg og hörð. Þar stendur sem sje: „Nú telja skoðunarmenn skepnur *föðurlausar*“ o. s. frv. Mjer virðast þessi ákvæði naumlega geta átt við hina fyrri skoðunargjörð, því að þótt illa kunni að vera ásett, er varla þess að vænta, að skepnur sjeu að haustinu til *föðurlausar*, sje það orð tekið í eiginlegri merking sinni. Jeg hygg, að h. nefnd muni hafa viðhaft þetta orð í merkingunni sama sem: „ekki nægilegt fóður“, og virðist mjer því vera ástæða fyrir h. nefnd að íhuga, hvort ekki sje rjett að velja hjer einhver önnur orð, til þess að fyrirbyggja misskilning.

Það er og annað atr., sem jeg vildi minnast á. Jeg skil ekki vel sambandið

á milli 3. og 4. gr. Í 3. gr. er svo ákveðið, að ef skoðunarmenn telja skepnur fóðurlausar eða illa hirtar, skuli gjörðar ráðstafanir til að útvega fóður handa þeim eða lóga þeim ella. Þetta virðist mjer vera hið sama efni og aptur er tekið upp í 4. gr., þó að því viðbættu, að þar er svo gjört ráð fyrir nýrri skoðunargjörð. Hreppsnefnd á að skora á hreppstjóra að skoða enn á ný. Nú er aðgætandi, að skoðunarmenn eru samkv. frv. hreppstjórinn og 2 menn, er hreppsnefndin kýs, og þess vegna ef til vill einmitt 2 menn úr sjálfri hreppsnefndinni. Er nú ekki óviðfeldið, að hreppsnefndin skori nú á hreppstjóra, sem var með í fyrri skoðuninni, að skoða nú á ný, framkvæma aptur hið sama verk, sem þeir eru nýbúnir að vinna? Mjer virðist hjer vera ætlazt til, að fram fari 2 skoðunargjörðir hver eptir aðra, án þess að hægt sje að búast við, að hin síðari gjöri nokkurt gagn. Hjer virðist mjer vera skipun á skipun ofan, skoðun á skoðun ofan, en sem jeg get ekki fellt mig við og ekki sjeð, að þurfi eða geti orðið að verulegum notum.

Enn fremur er hjer í frv. eitt atriði sem jeg vil minnast á.

Í 3. gr. er ákveðið, að sá, er óhlýðnast skipun skoðunarmanna og þar af leiðandi fellir fjenað sinn, skuli sekur um allt að 50 kr. og í 5. gr. er hann eptir 299. gr. hegningarlaganna sekur eða fær fangelsi. Jeg fæ eigi betur sjeð, en að hjer verði hegningin tvöföld. 1. Sekt fyrir að afla eigi fóðurs handa fje sínu, svo að það fellur og 2. Sekt eða fangelsi fyrir að láta það falla úr hor eptir hegningarlögunum. Þessar bendingar vil jeg biðja h. nefnd að taka til íhugunar.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði að sjer væri ekki ljóst samband 3. og 4. gr. frv., og talaði um orðið „fóðurlausir“ í 3. gr. Það er auðvitað ekki meining nefndarinnar, að líklegt sje að fyrir komi, að nokkur sje með öllu fóðurlaus, þegar að haustinu, þá er fyrsta skoðun byrjar, en þetta kemur þó ekki í bága við hin önnur ákvæði frv. Orðið „fóðurlausar“ miðar sig við þá skyldu fjáreigenda, að afla sjer meira fóðurs og sje það ekki hægt, þá að lóga af fje sínu. En það virtist nefndinni, að það væri of hart að skipa mönnum að lóga fje, þótt fóðurskortur væri, ef von var um það, að hægt væri að fá fóður; en fóðurlausar verða skepnurnar, þá er eigi er unnt að fá fóður handa þeim.

Að það sje hið sama, sem fyrirskipað er í 3. og 4. gr., hygg jeg sje byggt á misskilningi hjá sama h. þm. (H. Sv.). Í 3. gr. er verið að tala um hinar 2 lögskipuðu skoðunargjörðir, en í 4. gr. um aukaskoðanir. Það getur sem sje viljað til, að hinar lögskipuðu skoðunargjörðir fari fram, og skoðunarmönnum virðist ekki gild ástæða til að grípa til neinna þvingandi fyrirskipana; en svo kemur sá kvittur upp, annaðhvort milli 1. og 2. skoðunar, eða eptir síðari skoðun, að illt ástand sje hjá einhverjum manni, þá er það að ný skoðun, aukaskoðun, þarf að fara fram. Þá koma ákvæði 4. gr. til greina. Jeg get heldur ekki sjeð neitt á móti því, að hreppsnefndin komi fram með áskorun um þessa skoðun, hafi „controllerandi“ vald, enda þótt einhver úr hreppsnefnd kunni að vera einn af skoðunarmönnum. Það verður að vera hreppsnefndin í heild sinni, sem aðalvegurinn og vandinn hvílir á; hún útnefnir skoðunarmenn og skipar einnig fyrir um, hve nær aukaskoðun skuli fara fram og hjá hverjum.

H. sama þm. virtist, að refsingarnar fyrir brot gegn lögum þessum væru tvöfaldar, en það er ekki svo. Refsingarnar samsvara yfirtroðslunum. Sá, sem eigi hlýðir skoðunarmönnum, verður sekur eptir 4. gr. um allt að 50 kr. Jafna sekt baka skoðunarmenn sjer eptir 8. gr., ef þeir vanrækja skyldur sínar. En sá, sem af harðýðgi eða hirðuleysi fellir fjenað sinn

úr hor, hann verður sekur eptir ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

Jón Jakobsson: H. framsögum. (S.St.) hefur nú svarað h. 2. kgk. (H. Sv.). En viðvíkjandi orðinu: „fóðurlausar“ skal jeg benda á, að jeg hygg, að það sje öldungis rjettilega viðhaft hjer í frv. og í sinni eiginlegu merkingu. Jeg skal taka dæmi þessu til sönnunar. Setjum að skoðunarmenn verði þess varir, þegar við fyrstu skoðun, að einn bóndi, sem á 40 kindur, á að eins 20 hesta af heyi. Nú er það álit skoðunarmanna, að þetta sje fóður fyrir að eins 15 kindur, þá er hinn hluti fjárins „faktiskt“ fóðurlaus.

Yfir höfuð hefur nefndin gjört gagngjörða breyt. á frv. til bóta; og þar sem hún hefur tekið til greina athugasemdir þær, er jeg gjörði við frv. við 1. umr. þess, get jeg nú gefið því atkv. mitt, enda þótt jeg sje enn nokkuð vondaufur um, að framkvæmdir þess muni hafa þann eptiræskta árangur.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C 88) samþ. með 8 atkv.; 2.—5. breyt.till. (C 88) samþ. í e. hlj.; 3. gr. samþ. í e. hlj.; 6.—9. breyt.till. (C 88) samþ. með 9 atkv.; 4. gr. samþ. með 9 atkv.; 10.—11. breyt.till. (C 88) samþ. með 9 atkv.; 5. gr. samþ. með 9 atkv.; 12. breyt.till. (C 88) samþ. með 9 atkv.; 7. gr. samþ. með 9 atkv.: 13.—14. breyt.till. (C 88) samþ. með 9 atkv.; 8.—9. gr. samþ. með 9 atkv.; 15. breyt.till. (C 88) samþ. með 9 atkv.; 11. gr. samþ. með 9 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 9. atkv. Vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi (C 90, 117); 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með dálitla viðaukatill. við frv. þetta.

Eins og h. þm. er kunnugt hafa fleiri eða færri hafnir verið löggiltar á hverju þingi, síðan það fjekk löggjafarvald, svo að þeirra tala er nú orðin legio. Það hafa alltaf komið til þingsins beiðnir um þessar löggildingar og þingið löggilt hverja vík og vog, hvort sem ástæður hafa til verið eða ekki. Þá er beiðnir þessar komu fyrst fram, voru nokkrar góðar ástæður fyrir þeim; kaupstaðir voru strjálir, samgöngur litlar og flutningur allur örðugur. En eptir því sem kauptúnum hefur fjölgað og samgöngur allar batnað, hefur nauðsyn til nýrra löggildinga minnkað, því að tilgangurinn með þeim hefur verið aðallega sá, að gjöra mönnum greiðan aðgang til að ná í nauðsynjar sínar frá kauptúnum. Nú hefur reynslan orðið sú á síðari árum, að engin byggð hefur komið á ýmsar hafnir, sem löggiltar hafa verið, engin verzlun myndast þar, engin verzlunarhús verið þar reist. Menn hafa sagt, að þetta gjöri ekkert til, þótt höfn sje löggilt og engin verzlun sje reist þar á eptir, og getur það að vísu verið satt; en þingið eyðir þeim tíma til ónýtis, sem til slíkra löggildingarfrv. er varið, og þessar hafnir verða í reyndinni sama sem ólöggiltar. Kaupmenn hafa ekkert gagn af þeim og landsmenn heldur ekki. En því verður á hinn bóginn heldur ekki neitað, að svo langt má fara í löggildingum og stofnun smákauptúna, að tjón verði að. Það dregur afl úr verzlununum. Það verður því til fyrirstöðu, að verzlanirnar sjeu kröptugar og hafi ráð á því að búa sig út með nægar vörubirgðir. Og þar sem einn og einn kaupmaður holar sjer niður, er fremur að óttast hátt verðlag, en þar sem samkeppni er meiri; enda viðhelst orðið „einokunarhola“ nú að eins við þá staði, þar sem einn smákaupmaður er einn um hituna. Jeg hygg, að sá tími geti komið, er alþing hugsar sig um, hvort eigi sje hreinlegra að löggilda í einu alla strönd landsins, en fylla stjórnartíðindin með þessum löggildingarlögum.

Jeg vil þó ekki enn vera með öllu á móti nýjum löggildingum, en jeg vil að eins bæta því við, að við hlutaðeigandi höfn sje innan 5 ára reist föst verzlun. Verði það ekki gjört, sýnir það, að engin bráð nauðsyn er til löggildingarinnar og þá er rjettast, að hún falli aptur úr gildi. Í því tilfelli, sem hjer er um að ræða, gjörir viðbót þessi ekkert til, því að þar er verzlun þegar stofnuð; enda veitir löggildingin hlutaðeiganda engan annan rjett en að geta verzlað með áfenga drykki, og þótt jeg ekki álíti þann rjett nauðsynlegan nje gagnlegan landsmönnum, vil jeg samt ekki vera á móti frv., ef viðaukatill. verður samþykkt.

Þess ber og að gæta, að því meir sem kauptúnum fjölgar, því erfiðara verður allt tolleptirlit og því hættara er við, að ekki komi öll kurl til grafar. Og þó að hagur landssjóðs sje svo góður nú, að menn finni ekki ástæðu til að fjölga tollskyldum vörum, setja toll á fleiri vörutegundir, er ekki gott að segja, hversu lengi það verður. Og fjölgi tollskyldum vörum, verður allt eptirlit og tollheimta því erfiðari, sem kauptúnin eru fleiri. Jeg skal svo ekki fjölyrða um frv.

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Af því að jeg er flutningsm. þessa frv., vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þessa viðaukatillögu. Jeg hygg, að hún sje í þessu tilfelli öldungis þýðingarlaus, eins og líka flutningsm. hennar (Sig. Stef.) kannaðist við. Á þessum stað er þegar búið að stofna fasta verzlun og henni verður haldið áfram, hvort sem viðaukatill. þessi fylgir með eða ekki. Jeg álít viðbótartill. því óþarfa og vil síður, að hún sje sett inn í frv., þótt hún í sjálfu sjer gjöri lítið til.

Sami h. þm. (S. St.) talaði um að löggildingarfrv. tefðu fyrir þinginu. Jeg get ekki gjört mikið úr því, þau flýta með án þess að þau lengi þingfundina nokkuð verulega. Um hitt er jeg honum samdóma, að athugavert geti verið að fjölga mjög löggiltum höfnum; enda hef jeg ekki stuðlað mikið til þess; jeg hef jafnvel stundum verið á móti nýjum löggildingum, hafi mjer fundizt þær ónauðsynlegar.

Það er misskilningur, að frv. þetta hafi eigi aðrar ástæður við að styðjast en þá, að útvega hlutaðeigandi kaupmanni rjett til að verzla með áfenga drykki. Jeg færði fram ástæðurnar fyrir frv. þessu, þá er málið var til 1. umr. Ástæðurnar eru þær, að í þessum hluta sýslunnar er engin önnur verzlun en út í Flatey, og þangað er opt erfitt að leita fyrir þá, er á landi búa. Önnur ástæðan er sú, að kaupmaður sá, er byrjað hefur verzlun á Firði, þarf að fá trygging fyrir, að verzlun þar eigi framtíð, og hús þau, er hann byggir þar til verzlunar, verði einhvers virði, þegar hann sjálfur hættir verzlun. Annars get jeg gefið þær upplýsingar, að það er alls eigi tilgangur hans, þótt löggilt verði höfnin, að verzla þar með áfenga drykki eða hafa þá til sölu.

Jón A. Hjaltalín: Mjer finnst ekki þessi viðaukatill. geti átt við í þessu frv., þar sem upplýst er, að á stað þeim, sem hjer er um að ræða, hefur þegar verið sett á stofn föst verzlun. Viðaukatill. verður þá næsta hlægileg og fyrir því get jeg ekki gefið atkv. með henni.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 atkv. Viðaukatill. felld með 6 : 2 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 118, 119, 124); 3. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eins og h. þingdm. muna, var frv. þetta samþ. við 1. og 2. umr. nálega óbreytt, eins og það kom frá stjórninni. Það hefur að eins verið gjörð ein efnisbreyt. við 2. gr., nfl. sú, að orðin „hin ólöglegu“, eins og stendur í frv. stjórnarinnar, falli burt, en að í stað þess komi „öll“ veiðarfæri o. s. frv., það er að segja, eptir

hljóðun frv., eins og það nú er orðið, eiga öll veiðarfæri innanborðs í botnverping, sem sannur verður að sök um brot gegn lögunum, að gjörast upptæk, án tillits til þess, hvort þau hafi verið beinlínis notuð við veiðina, þá er botnverpingurinn var tekinn. Hinar breyt. eru að eins orðabreyt., og má því búast við, að h. þingd. samþykki þær.

Nú hafa komið fram 2 breyt.till., 1 viðaukatill. á þingskj. 119 frá nefndinni; sú viðaukatill. fer fram á, að á eptir síðustu málsgrein 3. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi: „Heimilt skal þó innlendum botnvörpuveiðaskipum að leita lands til að afferma afla sinn og til að afla sjer vatns og annara nauðsynja, hvernig sem á stendur, en veiðarfæri skulu þá og höfð í búlka“.

Nefndinni kom nfl. til hugar, að ef til vill mætti búast við því, að hjerlendir menn færu að stunda fiskiveiðar með botnvörpum. Það hefur þegar komið fram opinberlega, að einn hjerlendur kaupmaður, sem mörgum er kunnur, væri þegar byrjaður, eða hefði að minnsta kosti í hyggju, að fara að reka þannig lagaðar fiskiveiðar hjer við land. Nefndin áleit þá, að það gæti ekki staðizt, að ákvæðunum í 3. gr. væri beitt við botnvörpuskip, er gjörð væru út af hjerlendum mönnum; þess vegna þótti henni sjálfsagt, að koma fram með viðaukatill. þá, er að framan er getið. En þar sem stendur í síðustu málsgrein 3. gr., að þegar skipið leitar hafnar, til að afla vista eða kola, skuli öll veiðarfæri höfð í búlka innanborðs, meðan það er í landhelgi, þá hefur nefndin lagt það til, að þetta ákvæði skuli einnig ná til innlendra botnvörpuskipa, og er það vegna sönnunarinnar, þegar spurning verður um það, hvort botnverpingur hafi fiskað í landhelgi með botnvörpu. Ef botnverpingur, þrátt fyrir þetta ákvæði og að öðru leyti nauðsynjalaust, hefur ekki botnvörpu sína í búlka, þegar hann fer um sjávarsvæðið, liggur næst að líta svo á, að hann hafi ætlað að brjóta lögin. Til þess að komast hjá þessari „præsumptio“, verður skipið að hafa veiðarfæri sín í búlka. Hin breyt.till. er á þingskj. 124 við 3. gr., 1. tölulið, og er sú, að málsgreinin: „En eigi gildir undanþágan þessi síðast töldu skip, nema einu sinni á sömu veiðitíð o. s. frv. til utan Íslands“, falli burt.

Að vísu hefur h. þingd. orð landsh. fyrir því, að ákvæðin í 3. gr. verði ekki til fyrirstöðu fyrir samningum um friðun einstakra fiskimiða hjer við land, sem enn er verið að gjöra tilraunir til að koma á; en samt sem áður hef jeg og 2 aðrir þm. komið fram með áðurnefnda breyt.till. við 3. gr. 1. tölul., því að því meira sem jeg hugsa um þetta ákvæði í nefndri grein, því athugaverðara virðist mjer það vera, og áreiðanlega verður það mjög vafasamt í framkvæmdinni, og sjálfsagt mun það gjöra áður áminnzta samninga auðveldari, ef tjeð málsgrein verður felld úr lögunum. Þar sem stendur, að botnvörpuskipum sje heimilt að fá sjer vistaforða, vatn og kol, er nægi þeim til næstu hafnar utan Íslands, þá getur það verið mjög mikið álitamál, hvað nægilegt sje í þessu efni. Ákvæðið er harla óákveðið. Lögreglustjórarnir mundu ekki þora að fella úrskurð um það gegn kröfum og yfirlýsingu skipstjóranna, að þeir eigi þörfnuðust meiri vistaforða o. s. frv, en einhverrar ákveðinnar upphæðar; þess vegna er ákvæðið bæði vafasamt og mun verða erfitt í framkvæmdinni, sjerstaklega þegar athugað er, að botnvörpuskip getur á örfáum dögum í sömu ferðinni komið á margar hafnar t. a. m. hjer við Faxaflóa á Reykjavík, Hafnarfjörð, Akranes og Búðir. Á öllum þessum stöðum má gjöra ráð fyrir því, að lögreglustjóri spyrji skipstjóra, hvort hann geti sýnt skjöl fyrir því, að hann hafi ekki fengið kol, vatn og vistir á þeim höfnum, er hann hefur komið á

næst á undan í hinni sömu ferð; náttúrlega neitar skipstjóri því, ef hann *nú* ætlar sjer að fá vistaforða o. s. frv. Lögreglustjóri hefur ekki tæki á að sanna hið gagnstæða. Nú getur einhver sagt, að skipstjóri sje skyldur til að sýna skjöl á öllum þessum stöðum; en í hinum núgildandi lögum eru engin ákvæði um það, að hann skuli hafa skilríki fyrir því, að hann hafi *ekki* tekið þær og þær vörur (t. d. vistir) á höfnum þeim, sem hann áður hefur komið á. Jeg held þess vegna, að ef botnverpingur kæmi á Búðir og vildi fá þar kol, þá mundi lögreglustjóri þar ekki þora að neita honum um það, þótt hann sýni *ekki* skilríki fyrir því, að hann hafi *ekki* áður fengið kol hjer á landi í sömu ferðinni. Og þótt skipstjóri hefði skjal, t. d. frá sýslumanninum í Hafnarfirði, um, að hann hafi fengið kol þar, þá er hann ekki skyldur til að sýna það. Hann getur sem bezt stungið því undir stól. Hann er að eins skyldur til að sýna sjálf skipsskjölin, sem sje skipverjaskrá og mælingarbrjef. Það er þess vegna ekki hægt að „controllera", hvort skipstjóri hefur fengið kol, vatn og vistir eða ekki á þeirri eða þeim höfnum, er hann kann að hafa komið á á undan í sömu ferðinni. En þegar jeg velti því fyrir mjer, að skipum þessum er bannað að koma optar en einu sinni á sömu vertíð á höfn til að afla sjer vista og kola, þá get jeg ekki skilið, hver ástæða er til að banna þeim það í öllum ferðunum, *nema þessari einu ferð*, leyfa þeim það t. d. í 1. ferðinni, en ekki í hinum 7—8—9 eða 10 ferðunum, því að það er alkunnugt, að þeir koma opt 8—12 ferðir hingað á sumri. Það getur verið, að mönnum þyki þetta ekki sterkar ástæður; en þeir, sem vilja halda þessu ákvæði laganna í 3. gr., verða að sanna, að það hafi við styrk rök að styðjast, og að unnt sje að framfylgja því. Það er áríðandi, að lögin sýnist ekki strangari, ɔ: sjeu ekki strangari á pappírnum, en þau reynast í framkvæmdinni, og af því að jeg held, að þessu ákvæði verði ekki beitt svo að gagni verði, þá miðar það að eins til að gjöra lögin óaðgengilegri í augun annara, án þess að þau reynist farsællegri í framkvæmdinni; þau eru ströng í orði, en verða ónýt í verki. Jeg hef tekið eptir því, að menn hafa vakið máls á botnvörpulögunum á ýmsum þingmálafundum, svo sem á Akranesi, í Hafnarfirði og Keflavík, og eptir þeim umræðum að dæma, þá hafa menn helzt viljað, að öllum höptum á samskiptum milli botnverpinga og landsmanna væri ljett af. Á Akranesi hafa menn almennt látið þá ósk sína í ljósi, að fá fiskimið sín friðuð, en jafnframt tekið það fram, að þeir ekki vildu hafa neinar tálmanir fyrir því, að botnverpingar hefðu samskipti við landsmenn. Sama er að segja um óskir þær, er menn hafa látið í ljósi snertandi þetta botnverpingamál, í Hafnarfirði og Keflavík. Jeg álít því, að breyt.till. við 3. gr., 1. tölulið, ætti að fá framgang.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 124) samþ. með 6 : 2 atkv. Viðaukatill. (C. 119) samþ. í e. hlj. 3. gr. í heild sinni samþ. í e. hlj. Frv. afgreitt til Nd.

Frv. til laga um innheimtu á tekjum presta (C 115); 1. umr.

Flutningsmaður (Hallgr. Sveinsson): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, hvernig á því stendur, að frv. þetta hefur komið fram, og er því frekari ástæða til að geta þess, sem slíkt frv. ekki hefur komið fram á fyrri þingum. Jeg vil þá strax taka það fram, að málið er komið hjer inn á þing eptir beinni ósk og ályktun synodusar, sem fól mjer að flytja það.

Það hefur opt verið talað um, hversu óviðfelldið það væri fyrir presta, að innheimta tekjur sínar sjálfir, því fremur sem á síðari tímum sjerstök áherzla er lögð á, að þeir komi fram sem sómi þeirra verkahring sem andlegrar stjettar menn

Nú er það kunnugt, að þegar menn eiga viðskipti saman, getur það opt borið við, að menn þurfi að minna þann, sem á skuld að lúka, á að borga hana; og er þá ekki laust við, að það vekji óvild eða kala milli viðkomandi manna, jafnvel þótt vel sje að farið. Því verður ekki neitað, að það er að mun þægilegra, að þurfa ekki að minnast á slík skuldaskipti. Sjerstaklega getur maður vel skilið, að prestar vilji helzt losast við slíkt umtalsefni.

Margir munu að vísu hafa þau svör á takteinum, að all-flestir greiði gjöld sín á rjettum tíma; við þá sje ekki erfitt að eiga og prestarnir þurfi ekki að minna þá á skuldaviðskipti þeirra. Þessu er efalaust þannig varið með suma; en hins vegar munu þeir vera mjög margir, sem ekki minnast á það sjálfkrafa og láta það dragast, að greiða gjald sitt, sumpart af því, að þeir ekki hafa það reiðum höndum, sumpart af gjaldtregðu; margir eru einnig í efa um, hvort þeir eigi að gjalda eða ekki. Ef nú prestarnir þurfa ekki að eins að minna gjaldendur sína á ógoldin gjöld, heldur einnig rökstyðja, hvers vegna þeir eigi að greiða þau, þá neyðast þeir til að ganga út fyrir þann verkahring sinn, að uppbyggja söfnuðinn kristilega og innræta honum það, sem gott er og fagurt, andlegt og háleitt.

Þetta fyrirkomulag er, svo sem jeg hef sagt, töluvert óþægilegt fyrir prestana og getur valdið kala. Margir prestar hafa því í seinni tíð lýst yfir, hversu óþægilegt það væri að þurfa að vera undir eins bæði tollheimtumenn og sálusorgarar og ekki einungis tollheimtumenn fyrir sjálfa sig, heldur einnig fyrir kirkjurnar og jafnvel landssjóð, og hafa þeir því látið í ljósi innilega ósk eptir að losna við slík störf. Þetta hefur komið til tals bæði á safnaðarfundum og hjeraðsfundum. Það hafa jafnvel komið allmargar áskoranir til mín um að gjöra ráðstafanir til þess, að slíkri gjaldheimtu yrði ljett af prestunum.

Jeg hef að vísu sjeð, að það væri mjög æskilegt, að það gæti fengið framgang, en hins vegar hef jeg líka sjeð ýmsa annmarka á því. En þegar þessi áskorun var fyrir skemmstu endurnýjuð og þess óskað af einum hjeraðsfundi, að málið væri borið upp á synodus, þá fannst mjer ekki ástæða til að skorast undan því. Málið fjekk fylgi prestastefnunnar og endalokin urðu þau, að afráðið var, að mál þetta kæmi fyrir löggjafarþingið. En þegar enginn var líklegur til að taka málið að sjer til flutnings, fól fundurinn mjer að gjöra það, og þannig stendur þá á, að mál þetta er komið fram hjer á þingið með mínu nafni.

Það er að vísu mörg sjerstök atriði í máli þessu, sem þarf vel að athuga, en af því að þetta er 1. umr. um málið, þá er ekki leyfilegt, að víkja að einstökum atriðum þess.

Jeg vona, að h. þingd. áliti sanngjarnt, að taka tillit til óska þeirra, er komið hafa fram á synodus, þótt hún ekki hafi ákvarðandi vald, og að það sjeu þess vegna einmitt meðmæli fyrir hana til að taka máli þessu vel. En hitt er annað mál, að ýmislegt getur verið að athuga við frv. þetta, í fyrsta lagi við frv. í heild sinni, og í öðru lagi geta verið ýmisleg ákvæði, sem heppilegra væri að orða á annan veg, en gjört hefur verið; það geta og verið ákvæði, sem bæta mætti við, og á hinn bóginn aptur önnur, sem fella mætti úr. Það kemur mjer því alls ekki á óvart, þótt einhver þingdm. stingi upp á nefnd í málið; sjálfur sje jeg að vísu ekki ástæðu til þess; en ef það verður gjört, þá mun jeg ekki mótmæla því, en tel það þvert á móti að mörgu leyti heppilegt.

En ef ráðstafanir skal gjöra til að losa prestana við gjaldheimtuna, hver á þá að taka hana að sjer? Það hefur verið stungið upp á, að sóknarnefndirnar gjörðu það, af því að það hefur vakað

fyrir mönnum, að þær hafa sumstaðar tekið að sjer fjárhald kirkna og hafa þá samkvæmt lögum á hendi innheimtu kirkjuteknanna og allt reikningshald fyrir þær. En það er líka lagaákvæði fyrir því, að þótt kirkjurnar sjeu í höndum prívat-eigenda, þá má fela sóknarnefndunum gjaldheimtuna gegn hæfilegri þóknun. En þegar sóknarnefnd hefur þessa gjaldheimtu á hendi, þá gæti það legið mjög nærri, að fela henni líka innheimtu á tekjum prestanna. En jeg hygg þó, að mönnum hljóti að vera ljóst, að það sje töluverðum vandkvæðum bundið, að fela sóknarnefndunum þessa innheimtu. Jeg held, að þær muni víða vera mjög ófúsar á, að taka hana að sjer; en á hinn bóginn álít jeg ekki hollt, að fela þeim hana með lagaboði. Það liggur því að minni hyggju nær, að snúa sjer til hins verzlega valds með þetta mál. Það hefur þá fyrst komið til tals, að leggja innheimtu þessa á hreppstjórana; en það eru líka annmarkar á þar og naumast gjörlegt. Það hafa nýlega verið lög um það fyrir þinginu, að losa hreppstjóra við innheimtu á öðru gjaldi, sem þó eðlilega liggur þeim töluvert nær, jeg meina á gjaldi til styrktarsjóðs handa alþýðufólki, og þær ástæður, sem teknar hafa verið fram því frv. til stuðnings, eru beint á móti því, að fela þeim innheimtu á tekjum presta. Og sá sami hugsunargangur, sem í því máli lagði innheimtuna frá hreppstjórum til sýslumanna og bæjarfógeta, bendir til að fara hjer, í frv. um innheimtu á tekjum presta, hina sömu leið. Hugsunargangurinn er alveg sá sami, nfl. sá, að ef gjaldheimtan á að takast af prestunum, þá getur varla verið um annað að ræða, en að snúa sjer til valdsmannanna, nfl. sýslumanna og bæjarfógeta; í frv. þessu stendur því, að sýslumönnum og bæjarfógetum skuli skylt, að innheimta viss gjöld fyrir þjónandi prest, þegar hann óskar þess. Það hefur ekki verið farið fram á, að þeir skyldu innheimta *allar* tekjur prestsins, enda mundi það hafa töluverð rök á móti sjer, og ekki heldur næg ástæða til að ljetta allri gjaldheimtunni af prestunum; sum gjaldheimta hefur ekki verulega erfiðleika í för með sjer og getur ekki valdið óþægindum nje misskilningi. Jeg á sjerstaklega við tekjur af fasteignum eða gjöld af kirkjueignum; því síður eru erfiðleikar með tekjur, sem koma beint frá landssjóði eða umboðsjörðum. Svo eru enn nokkrar fleiri tekjur, en ekki þótti þörf að taka þær með; jeg hef því að eins tekið nokkrar, sjerstaklega hinar smærri og sem kallaðar eru reitingssamari. Af því að þær eru smáar, hafa ef til vill sumir gjaldendur hugsað, að það munaði ekki svo mikið um, hvort þær væru greiddar eða ekki, eða hvort það væri gjört fyr eða síðar. En það má segja um þessar tekjur, þótt smáar sjeu, að safnast þegar saman kemur, og fyrir prestinn hafa þær þó töluverða þýðingu og er mikilsvert, að þær ekki hverfi alveg. Að gjöra fastar ákvarðanir viðvíkjandi almennri og sjálfsagðri innheimtu og að láta valdsmanninn innheimta, hvort sem prestur kýs það eða ekki og hvort sem honum er það ljúft eða leitt, er ekki heppilegt; þess vegna er þetta frv. að eins heimildarlög. Presturinn getur látið valdsmann takast innheimtuna á hendur, en það er ekki skyldukvöð. En með því að nota þessa aðferð, er það unnið, að þeir prestar, sem að lundernisfari eru svo gjörðir, að þeim ekki er ljúft eða þægilegt, að innheimta gjöld sín, geta látið valdsmanninn gjöra það; en fyrir hann er það ekki eins erfitt, enda gjöra menn sjer síður dælt við hann en prestinn. Jeg vona, að ákvæði frv. þyki nokkurn veginn heppileg. En jeg vona líka, að ef eitthvað þykir á bresta með það, þá lagi deildin það svo í meðferðinni, að frv. verði aðgengilegra, þegar það fer hjeðan úr deildinni.

Jeg fyrir mitt leyti gef frv. meðmæli

mín og fel h. deild það til þeirrar meðferðar, sem hún álítur heppilegasta.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: 3 manna nefnd samþ. með 8 atkv. og í hana kosnir:

Sigurður Stefánsson með 9 atkv.
Hallgr. Sveinsson — 8 —
Sigurður Jensson — 7 —

Frv. til viðaukalaga um sóttvarnarlög 17. des. 1875 (C 89); 2. umr.

Jón Jónsson: Jeg hef leyft mjer að koma fram með stutta viðaukatill. við frv. þetta, sem jeg býst við að hafi verið útbýtt nú í byrjun fundarins, en það hefur líklega gleymzt að fá samþykki deildarinnar, til þess að hún væri tekin til umr. Orsökin til þess, að jeg hafði komið fram með viðaukatillögu þessa er sú, að töluverð hreyfing hefur verið fyrir því eystra, að Seyðisfjörður væri gjörður að sóttvarnarstað, samhliða Eskifirði eða í stað Eskifjarðar. Jeg ber þess vegna það traust til h. þingd., að hún samþ. þessa breyt.-till. Það, sem helzt kynni að vera móti þessu er það, að það væri kostnaður fyrir landssjóð að byggja á Seyðisfirði sóttvarnarhús þau, sem ákveðið er að byggja skuli á sóttvarnarstöðunum, samkv. lögum 17. des. 1875. En eptir því sem útlitið er nú, held jeg að mjer sje óhætt að fullyrða, að spítali verði reistur á Austurlandi. Reyndar er ekki búið að ákveða enn, hvar spítalinn verði reistur, en mjer er víst óhætt að fullyrða, að það muni verða á Seyðisfirði, því bæjarstjórnin þar hefur veitt til þess 2000 kr. úr bæjarsjóði og sýslunefndin í Norður Múlasýslu 2000 kr. úr sýslusjóði og þar að auki hefur verið safnað til þess 3—4 þúsund kr. á Seyðisfirði; en mjer er ekki kunnugt um, að það hafi verið gjört nokkuð í þessa átt á Eskifirði, og þess vegna er jeg hjer um bil viss um, að spítalinn muni verða reistur á Seyðisfirði, og þá fellur það að sjálfsögðu burt, að landssjóður þurfi að kosta þar sóttvarnarhús, þegar spítali er kominn þar. Jeg hygg ekki, að það muni dyljast neinum, að þegar kominn yrði spítali á Seyðisfirði, þá mundi verða enn meiri aðsókn þar og er hún þó meiri þar nú, en víðast annarsstaðar, því þá mundu útlend skip leita þangað, sem þau vissu að spítali væri og þörfin því verða enn meiri að hafa þar sóttvarnarstað.

Jeg vona svo, að h. þingd. samþ. þessa breyt.till.

Hallgr. Sveinsson: Með því að þetta skjal er komið fram í byrjun fundarins, þá hjelt jeg að það mundi þurfa samþ. forseta til að taka það til meðferðar.

Forseti: Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert á móti því.

ATKVÆÐAGR.: Meginmál frv. samþ. með 9 atkv.; viðaukatill. samþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um afnám gríska o. fl. (C 86); ein umr.

Flutningsm. (Jón Jakobsson): Eins og h. þingd. er kunnugt, þá er þessi till. ekki ný hjer á þinginu, því að 1893 bar jeg fram í Nd. till. sama efnis, sem upphaflega var nokkuð frekar orðuð, en sú, sem hjer liggur fyrir, en við síðari umr. var breytt í það form, sem hún nú birtist í.

Tillaga sú vakti miklar og magnaðar umræður í Nd. og forlög hennar urðu loks þau, að henni var varpað úr götu með rökstuddri dagskrá. Ástæðan til þess var sú, að á alþingi 1891 hafði komið fram og verið samþykkt tillaga um að koma á gagnfræðakennslu við lærða skólann og og að latína skyldi ekki heimtuð til inntökuprófs, svo að tillaga sú snerti í því atriði tillögu mína 1893 og því máli var þá ósvarað af stjórnarinnar hálfu. Að jeg ekki kom fram með þessa tillögu aptur á aukaþingi 1894, kom af því, að þá var enn ekki komið svar frá stjórninni, en

svarið kom 1895 með frumvarpi því, sem stjórnin lagði þá fyrir þingið. H. þingd. er kunnugt um, hvernig því máli reiddi af hjer í deildinni og þarf jeg því ekki frekar á það að minnast. Það var fellt hjer, einmitt sökum þess, að ekki var tekið tillit til kröfu þeirrar, sem er aðalefnið í þessari þingsályktunartillögu.

Jeg ljet rækilega í ljósi álit mitt á þessu máli á þingunum 1893 og 1895 og finn því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það nú, því síður, þar sem annað frv. hefur komið fram hjer í deildinni, sem stendur í nánu sambandi við þessa tillögu og sem er afspringur stjórnarfrv. 1895. Jeg álít þess vegna umræður óþarfar á þessu stigi málsins, og þar sem nefnd hefur verið skipuð í gagnfræðamálið og sú nefnd enn þá ekki hefur gjört álit sitt uppskátt, þá vil jeg stinga upp því, að málinu sje vísað til þeirrar nefndar, enda kysi jeg helzt, að efni þessarar tillögu minnar kæmist inn í frv. það, sem nú liggur fyrir þingdeildinni viðvíkjandi skólamálinu,

ATKVÆÐAGR.; Samþ. í e. hlj. að vísa tillögunni til þessarar nefndar.

Fjórtándi fundur, þriðjudag 20. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um aðra skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl. (C 97, 106, 128, 137, 149, 150); 2. umr.

Framsögum. (Þorl. Jónsson): Það eru komnar margar breyt.till. á frv., bæði frá nefndinni og nokkrum deildarmönnum og skal jeg leyfa mjer að fara um þær nokkrum orðum.

1. efnisbreyting nefndarinnar er 3. breyt.till. við 1. gr. 1. tölul., að í staðinn fyrir: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnnes, Bessastaða og Garðahreppur í Gullbringusýslu, komi: Reyjavíkurkaupstaður, Seltjarnarneshreppur, Bessastaðahreppur, Garðahreppur og Mosfellshreppur. Breyt.till.er þá aðeins sú,að bæta Mosfellshreppi við Reykjavíkurhjerað. Ástæðan til þessarar breytingar er sú, að það er hægra fyrir Mosfellssveitarmenn að vitja læknis til Reykjavíkur en upp í Kjós. Að vetri til er vegurinn yfir Svínaskarð opt ófær fyrir hesta, en langt og erfitt mjög að fara fram fyrir Esju og inn í Kjós.

5. breyt.till. er afleiðing af hinni síðastnefndu, nfl. að taka Mosfellshrepp frá Kjósarhjeraði, en leggja nokkuð af Hvalfjarðarstrandarhreppi við Kjósarhjerað; það er hægra fyrir menn þar að sækja lækni suður í Kjós en út á Skaga. 6. breyt.till. er afleiðing af 5. breyt.till Næstu 7.—11. breyt.till. eru að eins orðabreytingar og því ekki þörf á að minnast nánara á þær. 12. breyt.till. fer fram á, að læknirinn í Siglufjarðarhjeraði sje skyldur til að vitja sjúklinga i Grímsey, þegar þess er leitað og því verður við komið, en Grímsey á að fylgja Húsavíkurhjeraði, því að þaðan eru samgöngur mestar við eyna og þar hafa þeir verzlunarviðskipti sin, en hins vegar er styttra frá eynni til Siglufjarðar og því þótti nefndinni rjett, að skylda lækninn þar til að vitja sjúklinga í Grímsey, þegar þess væri leitað og því yrði við komið. Það er sjerstaklega viðvíkjandi Eyjafjarðar og Suður-Þingeyjarsýslu, að nefndin hefur lagt til að gjöra verulegar breytingar, og hefur hún í því efni haft fyrir augum almennan vilja manna í þeim hjeruðum, eins og hann hefur síðast komið fram á þingmálafundum í Eyjafirði og Suðar-Þingeyjarsýslu á undan þessu þingi.

Breytingar nefndarinnar eru þessar, að til Svarfaðardalshjeraðs leggist Hálshreppur norðan við Hálssókn í Suður-Þingeyjarsýslu (Flateyjardalur og Flatey). Nefndin ætlast til, að læknirinn í hjeraði þessu sitji í Höfðahverfi og að læknishjerað þetta skuli því ekki heita Svarfaðardalshjerað, heldur Höfðahverfishjerað. En þar sem það liggur beggja megin við Eyja-

fjörð, þá getur opt orðið erfitt að sækja lækni austur fyrir fjörðinn vegna veðurs og íss. Þess vegna lagði nefndin það til, að læknirinn á Akureyri væri skyldaður til að vitja sjúklinga í Höfðahverfishjeraði, þegar þess er leitað og því verður við komið. En rjettara væri að orða þá breyt.-till. þannig, að hann sje skyldur til að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs, sem er fyrir vestan Eyjafjörð.

Þá kemur breyt.till. nefndarinnar við 24. tölul. 1. gr. frv., að orðin og „suðurhluti Hálshrepps“ falli burt, því að hún ætlast til að þessi hreppshluti bætist við Reykdalahjerað.

Dálítil prentvilla hefur læðst inn í nefndarálitið, því að 16. breyt.till. á að vera á undan 15. breyt.till.

Jeg hef þegar minnst á næstu breyt.-till., að norðurhluta Hálshrepps (Flateyjardalur og Flatey) sje bætt við Höfðahverfishjerað; jeg þarf því ekki að fjölyrða um hana.

21. breytingin við 29. tölul. er sú, að í staðinn fyrir Jökuldalshjerað, komi Hróarstunguhjerað, og nákvæmar talað um Jökuldalshrepp upp að Gilsá, svo og að Borgarfjarðarhreppur bætist við þetta hjerað. Menn þar eystra vilja, að Borgarfjarðarhreppur fylgi þessu læknishjeraði, en ekki Seyðisfjarðarhjeraði.

23. breyt. við 31. tölul. tekur nefndin aptur, af því að önnur breyt.till. hefur komið fram, sem er nákvæmari og ákveður hjeraðið betur.

Jeg er nú búinn að fara yfir allar hinar helztu breyt.till. nefndarinnar viðviðvíkjandi skiptingu læknishjeraðanna. En svo hafa enn fremur komið fram 3 breyt.till. frá einum af nefndarmönnum að bæta við einu læknishjeraði til, Fáskrúðsfjarðarhjeraði. Einn af tillögumönnunum, sem er í nefndinni, hreyfði þessu máli þar, en nefndin gat þá ekki fallizt á það. Þótt jeg búist við að hann færi ástæður fyrir því, sem honum þykir mæla með því, skal jeg þó taka það fram, að aðalástæðan er hinar tíðu skipakomur til Fáskrúðsfjarðar, sjerstaklega af frönskum fiskiskipum. Þar við bætist svo það, að Frakkar hafa reist þar spítala og boðizt til að lána hann Íslendingum 9 mánuði af árinu, en sjálfir ætla þeir að nota hann í 3 mánuði, þegar fiskiskip koma þangað, en þessu lofa þeir með því skilyrði, að þeir fái læknir til spítalans.

Það er ýmislegt, sem mælir með þessari breyt.till. og nefndin ætlar, eptir nákvæmari athugun að samþykkja hana, en þó með þeim fyrirvara, að setja læknishjerað þetta í 4. flokk með 1300 kr. launum, en Reyðarfjarðarhjerað í 3. flokk með 1500 kr. launum.

Enn fremur hefur nefndin gjört lítilfjörlega breytingu við niðurlag 1. gr.. nfl. þar sem talað er um, að landshöfðingi geti eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gjört breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða og eptir þessum orðum hefur nefndin viljað, að bætt væri inn í, að læknar verði að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust. Jeg vona, að öllum finnist þessi breyting sjálfsögð.

Næsta breyt.till. er við aðra gr., að fyrir orðin „álita hlutaðeigandi sýslunefnda um það“, komi „um það hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda“. Það getur opt viljað til, að það sje ekki nema ein sýslunefnd, sem hlut á að máli, og því er þessi breyt.till. rjett, enda verður þá þetta ákvæði í samræmi við ákvæðin í síðustu málsgrein 1. gr.

Næsta breytingin er sú, að orðið „Stykkishólms“ í 2. málsgrein 2. gr. falli burt, af þeirri ástæðu, að þangað koma miklu færri skip nú, en áður, og af því að kaupstaðurinn og verzlunin þar er heldur í apturför. Þessi staður ætti ekki lengur að vera einn af sóttvarnarstöðum þeim, sem ákveðnir eru í sóttvarnarlögunum 17. des. 1875 og því ekki þörf á, að

skylda læknirinn til að sitja þar. En nefndinni sýndist rjett að bæta því við, að hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði skuli vera búsettur á Patreksfirði; það er beinlínis í samræmi við það frv., sem fram hefur komið um, að Patreksfjörður skuli vera einn af þeim stöðum, þar sem þeim skipum, sem koma frá löndum með sóttnæmum sjúkdómum, skuli skylt að koma fyrst.

En af þessari breytingu leiðir þá næsta breyt.till. við 2. gr. 3. málsgrein, að tilvitnun til laga 17. des. 1875 skuli falla burt, því að það er ekki eptir þeim lögum, að sjúkrahús komi á Patreksfjörð. Því næst kemur 3. grein. Eins og menn vita, þá er læknishjeruðunum í frv. skipt í 3 flokka með mismunandi launum. Nefndinni virtist rjett að skipta hjeruðunum í flokka með mismunandi launum, því að það gefur mönnum hvöt til að standa vel í stöðu sinni, ef þeir geta átt von á betur launuðu embætti, en hinsvegar virtist nefndinni rjettara að hafa flokkana fjóra og með því að henni virtist laun þau, sem læknunum eru ætluð í frv. of há, þá lagði hún það til, að þau væru lækkuð nokkuð.

Hún ætlast til að í

1. flokki	verði 4	hjeruð	með	1900 kr.	laun.
2. —	— 7	—	—	1700 —	—
3. —	— 24	—	—	1500 —	—
4. —	— 5	—	—	1300 —	—

Jeg geng út frá því sem vissu, að sumum finnist þessi laun *of lág*, en öðrum *of há*. Gagnvart þeim, sem virðast þessi laun of lág, skal jeg taka það fram, að með þessari breytingu eru þó kjör læknanna bætt stórkostlega, því að annaðhvort fá þeir hærri laun eða embættin verða hægri eða þá hvortveggja. Svo er líka aðgætandi, að launin eru ekki hin einasta tekjugrein læknanna, því að fyrir hvert verk, sem þeir vinna, fá þeir sjerstaka borgun, og það er sumstaðar meir en launin og alstaðar til muna. Það þarf ekki heldur að bera kvíðboga fyrir því, að ekki fáist læknar framvegis í embættin með þessum launum. Þeir hafa fengizt nógir í öll embættin hingað til, þótt ver launuð sjeu og erfiðari.

Eptir tillögum nefndarinnar kostar læknaskipunarbreytingin 14000 kr. Þetta er allmikill kostnaðarauki fyrir landssjóð. Þótt hagur landssjóðs sje góður nú sem stendur, þá er ekki að vita, hve lengi það stendur. Það þarf ekki nema fárra ára harðæri til þess að hann versni. Um 1887 og þau árin fóru tekjur landssjóðs síminnkandi, svo að til vandræða horfði, og lík ár eru ekki lengi að koma aptur. En þó hagur landssjóðs aldrei nema stæði vel til lengdar, þá hefur landssjóður svo ótal margt til að gjöra og styðja. Það þarf að efla sjávarútveginn, landbúnaðinn, auka og bæta strandferðirnar og búa til góða vegi; allt þetta þarf landssjóður að styðja að meira eða minna leyti og svo margt annað, sem mætti telja. Það dugar ekki að horfa eingöngu á, hvernig hagur hans er nú í svipinn. Jeg álít því, að launin sjeu nógu há og megi ekki hækka þau landssjóðs vegna.

En svo koma aptur aðrir, sem segja, að þau sjeu *of há*. Það hafa komið fram breyt.till. á þingskj. 149 frá 2 þm., þar sem þeir ráðast á lægstu launin og færa 1300 kr. niður í 1200 kr. Það er nú ekki mikilmannlegt, að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur.

Í embættin í 4. flokki mundu venjulega verða settir kandídatar; en einmitt þegar læknar eru að byrja, þá er ýmislegt, sem þeir þurfa að kaupa, bæði verkfæri og fleira, til undirbúnings. Jeg ímynda mjer, að ef lægstu launin væru sett niður í 1200 kr., þá mundi erfiðara að fá menn í þau en með 1300 kr., því að þótt munurinn sje ekki mikill, þá munar það samt nokkru.

Það getur verið álitamál, í hvaða flokki hvert læknishjerað eigi að vera. En

eptir þeirri þekkingu, sem nefndin hefur á staðháttum og fólksfjölda í hverju hjeraði, þótti henni rjettast, að skipta hjeruðunum í flokka, eins og hún hefur gjört; en það geta síðar komið breytingar á þessu eptir upplýsingum, er fram kunna að koma. — Byrjun 4. gr. hefur nefndin viljað orða öðruvísi, en það er ekki nein efnisbreyt. En aptur á móti er það efnisbreyting, að hún vill ekki, að borgunin fyrir þau læknisstörf, sem nefnd eru í 1. tölulið 4. gr., sje alltaf hin sama, heldur að í staðinn fyrir „1 kr.“ komi „35 au. til 1 kr.“ Læknisstörf þau, sem nefnd eru í 1. tölul. 4. gr. eru mjög mismunandi. Stundum þarf læknirinn ekki að verja til þeirra lengri tíma en ef til vill að eins fáum minútum, en stundum aptur á móti einum klukkutíma eða meira. Sum útheimta nákvæma rannsókn, er tekur langan tíma. Nefndinni þótti því rjettast, að borgunin væri ekki alltaf hin sama, en mismunandi eptir ástæðum þannig, að hún væri lægst 35 a., en hæst 1 kr. Nefndin treystir því, að læknarnir hagi borguninni eptir fyrirhöfninni. Enn fremur áleit nefndin rjettast, að lækka borgunina, ef læknisins er opt vitjað eða ef sjúklingurinn kemur opt til læknisins. En aptur á móti þótti nefndinni rjett, að hafa borgunina hærri, ef læknirinn er sóttur á næturþeli. Það er töluverður munur á því fyrir lækninn, að þurfa að fara út á næturþeli, ef til vill út í slæmt veður og ef til vill nýsofnaður og nýkominn úr ferð, og þegar svo stendur á, virtist nefndinni rjettara, að hafa borgunina hærri, en þegar læknirinn er sóttur á degi.

Breyt.till. á þingskj. 150 við 4. gr. fer fram á, að í 5. tölulið komi 6 kr. í staðinn fyrir 8 og í 7. tölulið 3 kr. í staðinn fyrir 4. Þessa breyt.till. aðhyllist nefndin. Það er meðaltalið af þeirri borgun, sem ákveðin er í gildandi lögum.

Breyt.till. (106) frá formanni nefndarinnar fer fram á, að síðasta málsgrein 4. gr. falli burt; hann vill, að læknar hafi sömu borgun fyrir þessi verk sem önnur. En jeg skal leyfa mjer að geta þess, að þau læknisstörf, sem hjer er um að ræða, eru eptir frv. þau einu verk, sem læknar vinna án þess að fá borgun fyrir. Jeg sje enga ástæðu til að breyta till. stjórnarinnar í þessu. Því er svo varið í öllum embættum, að það eru ótal verk, sem menn vinna án þess að fá sjerstaka borgun fyrir þau annað en embættislaunin. En læknarnir eiga ekki að gjöra nokkurt verk án þess að fá slíka sjerstaka borgun, nema þessi, sem talin eru í niðurlagi 4. gr. Í þessu atriði finnst mjer því ekki ástæða til að breyta því, sem stjórnin fer fram á. Alveg hið sama ákvæði gildir á Færeyjum eptir lögum 8. jan. 1872. Þar er talað um, að ferðakostnaður sje minni, þegar vitjað er sveitarómaga og gæzlufanga og vildi jeg jafnvel helzt, að sama gilti einnig hjer. — Niðurlag 5. gr. vildi nefndin láta fella burt, með því að læknir mun sjaldan vera lengur en 5 tíma við að ljúka starfinu og heldur því nefndin ekki, að læknar muni missa mikið við það, þó niðurlagið sje numið burt.

37. breyt.till. nefndarinnar, sem er við 6. gr. fer fram á, að dagpeningar lækna sjeu færðir niður úr 4 kr. í 3 kr. Eptir núgildandi lögum eru þeir 4 kr.; en afleiðingin af þessum háu dagpeningum er sú, að ferðir lækna verða mjög kostnaðarsamar og allt of kostnaðarsamar fyrir fátæklinga. Margir fátæklingar verða að vera án læknishjálpar, einmitt vegna þessara háu dagpeninga læknanna, og þótt þessi lækkun sje ekki mikil, þá dregur hún þó ögn úr kostnaðinum. Jeg gjöri ráð fyrir, að allir sjeu ásáttir um þessa lækkun dagpeninganna.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að það eru enn 3 atriði í frv., sem nefndin hugsar sjer að gjöra breytingar á við 3. umr. málsins.

Einn hreppur, sem nefndur er í frv. Vallahreppur, heitir það ekki, heldur Svarfaðardalshreppur, og því þarf að breyta. Í öðru lagi þótti nefndinni rjett að geta þess, að þar sem spítali kæmi í þeim kaupstað, sem læknirinn er búsettur í, þá ætti hann að vera skyldur til að vera læknir við hann endurgjaldslaust.

Við þessa læknahjeraðabreytingu kemur ýmislegt fyrir, sem vel þarf að athuga. Sumstaðar eru teknar sneiðar af hinum núverandi læknishjeruðum, sumstaðar launin hækkuð lítið eitt, t. d. í Keflavíkurhjeraði. Þar sem launin eru hækkuð, verður sjálfsagt hlutaðeigandi læknir að fá þessi hærri laun, er lögin koma í gildi, en þar sem læknishjeruðin eru minnkuð, getur hugsazt, að hlutaðeigandi læknar segi sem svo: Fyrir þessa minnkun á hjeraði mínu eru tekjur mínar rýrðar, og það er jeg ekki skyldur til að þola endurgjaldslaust. Slíkt þref vill nefndin fyrirbyggja með því að ákveða, að allir læknar, sem nú eru í embættum, skuli verða að sætta sig endurgjaldslaust við hverja breytingu á hjeruðum þeirra eptir lögum þessum.

Guttormur Vigfússon: Jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla mikið fyrir breyt.-till. þeim, sem jeg hef komið fram með við frv. stjórnarinnar, því að jeg þykist viss um, að ef h. þm. hafa kynnt sjer ástæðurnar fyrir þeim, þá munu þeir hafa sannfærzt um, að þær eru á góðum rökum byggðar. Það þarf ekki annað en að líta á uppdrátt Íslands til þess að sannfærast um, að Eskifjarðar-læknishjerað er mjög stórt og erfitt yfirferðar. Hjerað þetta liggur á norðausturhorni landsins; þar er snjósælt mjög á vetrum og vondir firðir yfir að fara. Eptir frv. nær hjerað þetta að eins yfir 3 hreppa, nfl. Norðfjarðar, Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hreppa. En þess ber að gæta, að hjeraðið allt má heita ein strandlengja kringum alla þessa firði, en af því leiðir eðlilega, að vegalengdir frá bústað læknisins hljóta að verða miklar, auk erfiðleikanna, hvort sem farið er á landi eða sjó, einkum að vetrarlaginu.

Eins og kunnugt er, hefur læknaskipunarmálið tvívegis verið lagt fyrir sýslunefndir til álita og umsagnar, og á báðum þeim fundum, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hjelt um það mál, mælti hún eindregið með því, að Reyðarfjarðarhjeraði skyldi skipt í sundur þannig, að Fáskrúðsfjörður væri skilinn frá og þar stofnað nýtt hjerað með Breiðdalshreppi. Jeg skal nú þegar geta þess, að þar sem á breyt.till. minni er nefndur Stöðvarfjarðarhreppur, þá er það fyrir dálítinn misskilning, sem jeg mun leiðrjetta til 3. umr. Jeg vissi sem sje ekki betur, þegar jeg samdi breyt.till., en að Breiðdalshreppi mundi þegar á næsta hausti verða skipt í 2 hreppa, nfl. Breiðdalshrepp og Stöðvarfjarðarhrepp, en hjá hæstv. landsh. hef jeg síðan fengið upplýsingar um, að það muni ekki verða.

Menn kunna nú að spyrja, hvort syðsta hjeraðið sje ekki svo lítið, að óþarfi sje að taka Breiðdalshrepp frá því. En jeg skal leyfa mjer að geta þess, að þótt læknishjerað þetta verði ekki nema tveir hreppar, þá eru þeir mjög stórir og hjeraðið mun verða fullerfitt fyrir það, þar sem það er strandlengjan kringum allan Berufjörð, Hamarsfjörð og Álptafjörð suður undir Lónsheiði.

Eins og jeg gat um áður, var sýslunefndin í S.-Múlasýslu einhuga um, að skipta hjeruðunum, eins og jeg fer fram á í breyt.till. minni; en það voru ekki einasta þær; læknafundur sá, er haldinn var þar eystra, komst einnig að hinni sömu niðurstöðu. Ástæður læknafundarins fyrir þessari skiptingu var ekki einasta stærð hjeraðanna, heldur lagði hann einnig mikla áherzlu á sóttvörnina. Fáskrúðsfjörður er sá staður, þar sem flest útlend fiskiskip koma á Austurlandi, og jeg er ekki viss í, að slíkur aragrúi af skipum komi nokk-

urstaðar annarstaðar á landinu. Eins og h. framsögum. gat um, þá er nú þegar stofnaður spítali á Fáskrúðsfirði fyrir frakkneska sjómenn; við það má búast við, að menn, er hafa hættulega sjúkdóma, verði fluttir þangað, en við það auðvitað vex hættan á því, að næmir sjúkdómar flytjist út um landið, nema búsettur læknir sje á staðnum.

Jeg skal enn fremur geta þess, að hinn kaþólski prestur Friðriksen minntist á þetta mál við mig og sagði, að jeg mætti lýsa því yfir fyrir þinginu, að Íslendingar mundu fá leyfi til að nota spítalann á Fáskrúðsfirði, að minnsta kosti 9 mánuði af árinu leigulaust, ef fastur læknir hefði aðsetur þar. Af þessum ástæðum vona jeg, að h. þingd. sjái nauðsynina á því, að læknir verði settur á Fáskrúðsfjörð, og fallist á breyt.till. mína.

Að því er snertir uppástungu h. framsögum. um, að laun þessa læknis skyldu vera í 4. flokki, þá skal jeg geta þess, að mjer er það ekki svo mikið kappsmál; jeg álít það mestu varða, að læknirinn fáist; en á hinn bóginn álít jeg rjettlátara, að láta hann vera í 3. flokki, því að í fyrsta lagi verður læknirinn í hjeraði þessu skyldur til að búa í kaupstað, og í öðru lagi mun hann verða skyldur til að vera læknir við spítalann. En sem sagt er mjer þetta atriði viðvíkjandi launanum ekki svo mikið kappsmál, en meira hughaldið, að læknir fáist á þessum stað.

Jón Jónsson: Eins og h. framsögum. (Þ. J.) minntist á, má lengi tala um það fram og aptur, hvernig rjettast er að skipta niður hjeruðunum, og er ekkert ólíklegt, að sitt sýnist hverjum. Jeg skal þess vegna ekki hleypa mjer út í þá deilu. En jeg vildi minnast á eitt atriði, sem ekki er glöggt í frv. stjórnarinnar og nefndin hefur heldur ekki skýrt í till. sínum, en það er um það, hvar læknarnir eiga að hafa aðsetur sitt. Í 2. gr. frv. stendur, að læknirinn sje skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita álita hlutaðeigandi sýslunefnda um það. Þessi ákvæði virðast mjer ekki fullnægjandi. Reynslan hefur sýnt það, að það er erfitt til úrræða, ef læknirinn hefur eigi ákveðinn fastan bústað og að það er alls ónógt, að sýslunefndin tiltaki eitthvert svæði, og landshöfðinginn úrskurði, að þar skuli læknirinn eiga heima. Enginn fæst til að standa upp af jörð fyrir læknunum og læknirinn segir: „Jeg fæ engan lífvænlegan samastað, jeg get þó ekki dinglað í lausu lopti“. Þessi umkvörtun hans getur verið á fullum rökum byggð, þegar enginn fæst til að víkja fyrir honum. Jeg skal taka dæmi þessu til sönnunar: Sá læknir, er fjekk í fyrra 14. læknishjerað, gat engan fastan bústað fengið í því læknishjeraði, er hann fjekk veitingu fyrir; hann varð að hrekjast fram og aptur sjálfum sjer og öðrum til óþæginda og loks varð hann að setjast að fyrir austan Lagarfljót og þangað hefur mestur hluti hjeraðsins orðið að sækja hann yfir tvö stór vötn. Jeg hefði óskað, að nefnd sú, er um frv. þetta hefur fjallað, hefði sett inn í það ákvæði um, að sýslunefndir skyldu hjálpa læknum til að ná í fastan bústað og jafnframt sett inn í frv. ákvæði um, hve langt sýslunefndir mættu ganga í þessu efni. Það er auðvitað hart, að skipa mönnum að standa upp af jörðum, en hitt er eigi síður hart, að sjúklingarnir skuli þurfa að vera læknislausir vegna þráa einstakra manna, er eigi vilja víkja, þótt í boði sje góð jörð í staðinn. Um þetta hefur ekkert dugað að kvarta; sýslunefnd þvær hendur sínar og segir: „Jeg hef ákveðið, að læknirinn skuli sitja í þessari sveit; meira vald er mjer ekki heimilað í lögum“, og hið sama segir landshöfðingi, og sú verður niðurstaðan, að læknirinn stendur uppi jarðnæðislaus. Þannig varð niðurstaðan fyrir austan og hinn núverandi læknir varð loks að setjast að á

óhentugum stað, og enn verra var þá með lækni þann, er settur var í hjeraðinu þar á undan. Hann settist að á öðrum enda hjeraðsins, þangað sem meira en dagleið var og sumstaðar 2 dagleiðir að sækja hann fyrir flesta og mestur hluti hjeraðsins sama sem læknislaus.

Jeg vil því óska og vona, að h. nefnd taki það til íhugunar, hvað hægt væri að gjöra til þess, að útvega læknum fastan bústað í hjeraði því, þar sem ákveðið er, að hann skuli hafa aðsetur sitt.

Einnig vildi jeg minnast á skyldur hjeraðslækna til að annast sjúkrahús án sjerstakrar þóknunar. Í 2. gr. frv. er ákveðið, að þeir skuli vera skyldir til að annast sjúkrahús þau, er byggð kunna að verða á vissum tilteknum stöðum, samkv. lögunum 17. des. 1875, en samt getur verið vafasamt, hvort sama skyldan á að hvíla á þeim gagnvart sjúkrahúsum, er reist kunna að verða af rammleik einstakra manna, án aðgerða hins opinbera; t. a. m. getur verið spurning um, hvort meiningin er, að læknir í Seyðisfjarðarhjeraði, skuli skyldur til án sjerstakrar þóknunar, að annast sjúkrahús það, er í áformi er að reisa á Seyðisfirði. Það væri æskilegt, að ákvörðun um þetta yrði sett inn í frv.

Um hjeraðaskiptingarnar skal jeg ekki vera langorður; að eins skal jeg benda á það, að ástæðan fyrir því, að sýslunefnd Norður-Múlasýslu óskaði eptir að Borgarfjarðarhreppur fylgdi ekki Seyðisfjarðarhjeraði, heldur Jökuldalshjeraði, var eigi sú, að Jökuldalshjerað væri eigi nægilega stórt án þess hrepps, heldur hitt, að hún óskaði eptir, að læknirinn í Seyðisfjarðarhjeraði hefði ekki mjög stórt svæði, þar sem hún ætlaðist til, að hann yrði einnig sjúkrahúslæknir á Seyðisfirði, en það gæti verið bagalegt fyrir sjúklinga, er á það sjúkrahús yrðu fluttir, að læknirinn þyrfti að hafa löng ferðalög.

Eins og h. framsögum. (Þ. J.) tók fram, er eigi ólíklegt, að talsverður ágreiningur geti orðið um það, hvernig skipta skuli hjeruðunum niður í flokka. Það er ekki ólíklegt, að þeir sem betur þekkja til hinna ýmsu hjeraða, heldur en h. nefnd, muni hafa aðra skoðun en hún. Það hefur nú hitzt svo á, að þau læknishjeruð, sem eru í kring um nefndarmennina eru sett í 2. flokk; mun það orsakast af því, að nefndarmennirnir þekkja þar betur til, en ekki af hinu, að þeir vilji fremur draga taum þeirra hjeraða. Jeg vænti því, að nefndin muni taka vel breyt.till. annara í þessu efni, er betur þekkja til en nefndarmennirnir sjálfir. Hróarstunguhjerað ætlast nefndin til að sje í 3. flokki. Þó mun engum, er til þekkir, blandast hugur um það, að það muni vera eitt af hinum víðáttumestu hjeruðum og snjóasömustu. Yfir heiði er þar að fara til Borgarfjarðar og í Borgarfjarðarhrepp eru auk þess 4 eða 5 víkur; milli þeirra og Borgarfjarðar er einnig yfir fjallvegi að fara, þó stuttir sjeu, en þar er líka ákaflega snjóasamt á vetrum og illir vegir á sumrum. Þetta hjerað mun án efa vera eitt af hinum erfiðustu á landinu; vetrarferðir vondar í hjeraðinu yfir höfuð og snjóþyngsli mikil og sumarvegir allt annað en góðir. Þetta veit jeg, að h. þm. Suður-Múlas. (G. V.) þekkir eigi síður en jeg og sömul. h. þm. Skagfirðinga (J. Jak.), sem uppalinn er í því. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. nefndar, hvort henni virðist ekki rjett og sanngjarnt, að það læknishjerað verði sett í 2. flokk.

Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta mál að sinni. Af því að hæstv. landshöfðingi er ekki hjer inni í salnum, get jeg ekki borið upp fyrir honum spurningu um veiting þessara nýju læknahjeraða, sem jeg hafði þó hugsað mjer.

Jón A. Hjaltalín: Jeg á hjer dálitla breyt.till. um það, að síðasta málsgrein 4. gr. falli burtu. Þessi málsgrein hljóðar svo: „Læknum ber eigi borgun

eptir þessari grein fyrir að líta eptir gæzluföngum og vitja sjúklinga, er fátækrastjórn sækir þá til". Það er nú fyrst og fremst eitt að þessari málsgrein og það er, að ekki er ljóst, hvað hún á að þýða. Er það hugsunin, að læknunum ber engin borgun, þegar þeir að eins „líta eptir" eða „vitja" þessara sjúklinga, eða er hugsunin sú, að þeim ber heldur ekki borgun fyrir þau verk, er talin eru upp undir tölulið 1—7, ef um gæzlufanga er að ræða og sveitarómaga? Jeg veit ekki, hvort nokkur hjer í þessari h. þingd. er fær um að leysa úr þessari spurningu. Ef þessi orð eiga að eins að þýða það, að þeim beri engin borgun, að eins fyrir eptirlit og vitjun sjúklinga þessara, þá eru orðin nokkuð óákveðin. En eigi þessi orð að innibinda einnig þau verk, er talin eru upp, þá getur það ekki legið í þeim eptir málsvenju. Það er þess vegna ekki annað fyrir, en leiða einhverjar getur að meiningunni, eins og venja er til, þá er menn ekki geta skilið. Jeg ímynda mjer, að hugsunin eigi að vera sú, að læknarnir eigi enga borgun að fá, þótt þeir fremji allt það, er talið er upp í greininni. En hverjar ástæður eru færðar fyrir þessari grein í athugasemd við frv.? Engar aðrar en þær, að ákvæði þetta „virðist vera eðlilegt og eiga vel við". En mjer finnst ekki þetta vera í samræmi við stefnu frv. Eins og h. framsögum. (Þ. J.) tók fram, er stefna frv. sú, að læknar sjeu ekki skyldir til að gjöra neitt verk borgunarlaust. Jeg get heldur ekki sjeð samræmi í því, að læknar sjeu fremur en aðrir skyldugir til að vinna fyrir ekki neitt, þótt sveitarómagar eða gæzlufangar eigi í hlut. Það er skylda sveit nefnda að sjá ómögum fyrir húsnæði, mat og drykk og öðrum nauðsynjum og þá eins læknishjálp. Jeg hygg, að þetta geti orðið víða nokkuð hörð kvöð á læknunum og hingað til hefur eigi verið farið fram á þetta í lögum hjer á landi. Á hverju er það þá byggt og hver rök eru til þess, að þetta sje eðlilegt, eins og stjórnin segir? Ástæður stjórnarinnar segja, að það sje eðlilegt og eigi vel við af því verðskráin einnig gildir fyrir störf í þarfir hins opinbera. Þetta finnst mjer ekki vera gild röksemdaleiðsla; jeg veit ekki hvað öðrum finnst. Það bætir ekkert úr, þótt sumir aðrir fái heldur ekki neitt fyrir störf sín fyrir þessa menn, svo sem prestarnir. Það eru gamlar leifar frá kaþólsku, þá er það voru prestarnir einir, er afskipti höfðu af snauðum mönnum. Þá var það ekkert óeðlilegt, þótt þeir reiknuðu sjer ekkert fyrir prestsverk fyrir þessa menn, því að það var að taka úr einum vasanum og láta í hinn. En allt öðru máli er að gegna nú á tímum. Það er ranglátt, að prestar fái ekkert fyrir ferming o: fl. verk fyrir þessa menn. Og það ranglæti rjettlætist ekkert við nýtt ranglæti sýnt læknunum; tvöfalt ranglæti gjörir ekki eitt rjettlæti. Af þessum ástæðum er það, að jeg hef komið fram með till. um að fella burtu þessa grein. Jeg gat ekki fengið meiri hlutann fyrir því í nefndinni — því að „þetta er þverbrotin kynslóð" — en jeg vona, að jeg fái meiri hluta h. þingd. með mjer.

Framsögum. (Þorl. Jónsson): H. þm. Norður-Múlas. (J. J.) ámælti nefnd. fyrir það, að hún hefur ekki ákveðið neitt nákvæmt um bústað lækna, og kom hann með dæmi úr sínu eigin hjeraði um það, að læknir var látinn hrekjast til og frá og varð loks að taka sjer bústað á mjög óhentugum stað. Mjer finnst þessi saga ekki vera til neins heiðurs fyrir kjósendur hans. — Það liggur í augum uppi, að sje mönnum annt um að fá lækna, og vilji hafa full not af þeim, verða menn að hliðra svo til, að þeir geti fengið bústað á hentugum stað í læknishjeraðinu. Þó að ekki sjeu aðrar ákvarðanir settar í frv. þetta um bústað lækna en þær, að læknir skuli hafa þar aðsetur, er landshöfðingi ákveður eptir áliti sýslunefndar, er hjeraðs-

búum í lófa lagið að útvega lækni sínum hentugan samastað; nefndin hefur ekki búizt við því, að hjeraðsbúar mundu vera alstaðar svo ótilhliðrunarsamir, sem kjósendur h. þm. Norður-Múlasýslu (J. J.) hafa verið, eptir sögusögn hans. Samt sem áður mun nefndin ekki hafa neitt á móti því, að nákvæmari ákvæði sjeu sett um þetta atriði í frv., ef hægt er að koma því hentuglega fyrir, og úr því h. þm. Norður-Múlas. (J. J.) hefur hugsað það mál svo rækilega furðar mig á því, að hann skuli ekki hafa komið fram með breyt. og viðaukatill. í þessa átt. (*Jón Jónsson:* Nefndin var kosin til að íhuga frv.). Allir þm. eiga að íhuga bæði þetta frv. og önnur, bæði hann og aðrir og gjöra sitt til að gjöra þau vel úr garði.

Þar sem sami þm. talaði um, að vafasamt væri, hvort hjeraðslæknar væru skyldugir að annast sjúkrahús í hjeruðum sínum endurgjaldslaust, þau er reist kynnu að verða án þess hið opinbera ætti hlut að, þá lýsti jeg því yfir í hinni fyrri ræðu minni, að nefndin hefði ákveðið að koma með viðaukatill. við frv. í þessa átt.

Sami h. þm. var ekki ánægður með flokkaskipun hjeraðanna hjá nefndinni og sagði, að hjeruðin í kringum hina einstöku nefndarmenn væru sett í 2. flokk. Ekki eru þessi ummæli h. þm. rjett. Einn nefndarmaðurinn er úr Kjósarhjeraði, en það er í 4. flokki; annar er úr Akureyrarhjeraði, en það er í 1. flokki, ákveðið svo í stjórnarfrv. og, þriðji nefndarmaðurinn er úr Fljótsdalshjeraði, en það er heldur ekki í 2. flokki. Þessi ummæli hans ná því að eins til tveggja af nefndarmönnunum, h. þm. Barðstrendinga og mín. Það er nú eptir frv. stjórnarinnar, að Blönduóshjerað er sett í 2. flokk, nefndin hefur enga breyt. á því gjört. Það er því einungis Barðarstrandarhjerað, sem nefndin hefur gjört þá breyt. á að teljast skuli í öðrum flokki, og fór nefndin þar bæði eptir þekkingu sinni á því hjeraði og auk þess var ástæða hennar til þess sú, að hún fer fram á það, að hlutaðeigandi læknir skuli sitja á Patreksfirði, og þar sem honum þannig er gjört að skyldu að búa í kaupstað, er eðlilegt að honum sjeu ætluð lítið eitt hærri laun.

Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni geta verið skiptar skoðanir manna um það, hvernig sanngjarnt sje að flokka læknahjeruðin, og þó að nefndin hafi gjört það á þann hátt, sem tillögur hennar bera með sjer, má vel vera, að eins rjett sje að flokka þau á einhvern annan hátt; um það má deila fram og aptur. En nefndin hefur farið eptir þekking sinni á staðháttum, stærð hjeraðanna, mannfjölda o. fl.

Viðvíkjandi ræðu h. 5. kgk. (J. A. H.) og breyt.till. hans get jeg vísað til þess, sem jeg hef áður sagt. Að þessi grein, sem hann vill fella burtu, sje óskiljanleg, getur mjer ekki fundizt. „Að vitja sjúkra“ er ekkert torskilið mál; það nær að sjálfsögðu yfir öll þau tilfelli, sem talin eru upp í 4. gr. „Að líta eptir“ sjúkum, er ef til vill nokkuð óákveðnara, en þó getur það naumast valdið neinum misskilningi á þessum stað. Það er bersýnilega hugsunin, að læknar skuli eigi fá borgun fyrir verk þau, er talin eru upp í 4. gr., þá er um gæzlufanga eða sveitarómaga er að ræða. Aptur á móti er ætlazt til, að að þeir fái fulla borgun fyrir þau verk, hver sem í hlut á, sem þeir vinna eptir 5. og 6. gr.

Jón Jónsson: Jeg skal ekki skattyrðast við h. framsögum. (Þ. J.) Jeg viðhafði alls eigi nein ókurteis orð um gjörðir h. nefnd. í ræðu minni. Jeg skaut því að eins til hennar, hvort hún vildi ekki íhuga nákvæmar þau atriði, sem jeg minntist á. Meira sagði jeg ekki, svo að mjer finnst ekki h. framsögum. (Þ. J.) þurfa að vera svo viðkvæmur.

Það getur vel skeð, að saga sú, er jeg sagði um kjósendur mína, sje þeim

ekki til heiðurs, en jeg hygg, að víða muni vera pottur brotinn í þessu tilliti. Menn munu vera óvíða fúsir á að standa upp af ábúðarjörðum sínum, þótt hið opinbera eigi í hlut, þegar engin skylda er til þess. Jeg skal í þessu efni vísa til ritgjörðar eptir hjeraðslækninn í Reykjavík; hann fer þar þungum orðum um það, hve menn sjeu almennt tregir til hins sama, sem eptir ræðu h. framsögum. (Þ. J.) átti að vera svo sjerstakt fyrir Norður-Múlasýslu. Þessi læknir er þó ættaður úr Húnavatnssýslu og mun byggja á því, sem hann þekkir þaðan.

Jeg lastaði heldur ekki h. nefnd fyrir flokkaskipun læknahjeraðanna. Jeg sagði hið sama, sem h. framsögum., að menn færu í flokkaskipuninni eptir því, sem menn bezt þekktu til. Og jeg vil ítreka þau tilmæli mín til h. nefndar, að hún íhugi betur flokkaskipting sína. Það er að vísu satt, að jeg get komið með breyt.till. við frv., en það liggur í augum uppi að það er mikill munur á því, hvort að eins einn þingm. kemur með breyt.till. eða nefnd, sem er svo stór hluti þingd., eins og hjer á sjer stað. Þá er það líkara til að breyt. komist að, ef nefndin stingur upp á henni. Það er sjerstaklega skylda nefndar í hverju máli, að íhuga það nákvæmlega og gjöra þær breytingar á því, er nauðsynlegar eru til þess að gjöra það sem bezt úr garði og taka til greina allar rökstuddar aðfinningar. H. framsögum. (Þ. J.) þarf því ekki að stökkva upp á nef sitt, þótt honum sje bent á, að íhuga betur eitthvert atriði, þegar það er ekki gjört með ofsalegum orðum.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg leyfa mjer að gjöra þá fyrirspurn til hæstv. landshöfðingja, hvort læknahjeruðum þeim, sem með lögum þessum verða búin til upp úr aukalæknahjeruðunum, muni ekki verða slegið upp, þannig, að mönnum gefist kostur á að sækja um þau, og hjeraðslæknar þeir, sem nú eru, sjeu sjálfsagðir læknar í þeim hluta hjeraðsins, sem eptir verður, þegar aukalæknishjeraðið er frá skilið.

Landshöfðingi: Jeg skal verða við áskorun h. þm. N.-Múl. (J. J.) og svara honum, hvernig fari um aukalæknishjeruðin, ef frv. þetta verður að lögum. Jeg álít sjálfsagt, að öllum aukalæknishjeruðum, sem nú verða ný læknishjeruð, verði slegið upp sem nýjum embættum; því aukalæknar þeir, sem nú eru í þeim, fá að eins styrk sem „praktiserandi“ læknar, en eru ekki embættismenn; en nú er ætlazt til að læknar þeir, sem fá hjeruð þessi, verði embættismenn. Þau læknishjeruð, sem gjört er ráð fyrir í frv. þessu og sem falla algjörlega saman við hin eldri hjeruð, geta haldizt óbreytt, og það er ekki ástæða til að gjöra neina breytingu í embættaskipun, heldur að eins í aukalæknishjeruðunum og þeim eldri læknishjeruðum, sem kynnu að taka breytingum í þá átt, að þau yrðu miklu víðáttumeiri, en slíku mun ekki þurfa að gjöra ráð fyrir. Jeg ætla að nota tækifærið til að láta ánægju mína í ljósi yfir því, hvernig h. nefnd hefur tekið frv. þessu, því breyt. sú, er hún hefur gjört á hjeraðaskiptingunni er sjálfsagt til bóta, enda er nefndin þannig samsett, að hún hefur talsverða þekkingu á því, hvernig til hagar um land allt. En hvað breytingar þær snertir, er nefndin hefur gjört á launum læknanna, þá verður ekki annað sagt, en að úr því að nefndin gat ekki aðhyllzt stj.frv. óbreytt, þá hafi hún verið mjög varfærin í tillögum sínum, enda getur alltaf verið álitamál, hve há launin eigi að vera.

Framsögumaður (Þorl. Jónsson): Viðvíkjandi orðum h. þm. N.-Múl. (J. J.) vil jeg að eins bæta því við, að hann mátti ekki skilja orð mín svo, sem mjer þætti neitt við hann. Þar sem hann ásakar nefndina fyrir, að hún hafi ekki ákveðið læknabústaðina í frv., þá hefði verið heppilegra, að þm. hefði talað við nefndina um

þetta, meðan hún var að ræða frv. á fundum sínum, eða komið sjálfur með beina tillögu í þá átt. Því það er vandamál, að ákveða, hvernig útvega skuli læknum aðsetursstaði eða ábýlisjarðir, svo að ekki sje gengið of nærri eignarrjetti einstakra manna, eða það sje þá ekki einhverjum öðrum annmörkum bundið. Nefndin mun þó íhuga þetta atriði til 3. umr. og væri þá gott að eiga þingmanninn að með leiðbeiningar sínar.

Guttormur Vigfússon: Mjer fannst það sem h. þm. N.Múl. (J. J.) setti út á aðgjörðir nefndarinnar fyrir það, að hún hefði ekki ákveðið læknum fasta bústaði, snerta mig meira en aðra nefndarmenn, og verð jeg því að bera hönd fyrir höfuð mjer í þessu efni.

Að jeg álít þetta taka einna mest til mín, kemur af því, að okkur þm. Múlasýslna hafði verið falið að fylgja þessu fram á þinginu. Á læknafundinum í N.-Múlasýslu og sýslufundunum í báðum Múlasýslum var það tekið skýrt fram, hve nauðsynlegt væri, að ætla læknum sjerstaka bústaði; var þetta svo ríkt í meðvitund manna, að sýslunefndirnar ákváðu vissar jarðir, sem hæfileg og hentug læknasetur. Var þar gjört ráð fyrir, að hið sama yrði gjört í flestum hjeruðum landsins, því fremur sem læknarnir höfðu hreyft þessu fyrst opinberlega. Jeg hreyfði þessu atriði í nefndinni, en fjell frá því aptur, þegar jeg varð þess var, að því hafði óviða verið hreyft og ekki hafði verið stungið upp á ákveðnum föstum bústöðum, nema í þessum tveimur sýslum. Ákvæði um bústaðina var því eðlilegt að láta bíða síðari tíma, þar sem nauðsynlegt er að vera búinn að ákveða heima í hjeruðum vissa staði sem læknasetur, áður en lög eru gefin því viðvíkjandi. En finni h. þm. N.-Múl. (J. J.) ráð til að koma þessu á nú þegar, þætti mjer vænt um, að hann ljeti uppi till. sínar í því efni.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef ásamt h. þm. Skagf. (J. Jak.) komið með 2 breyt.-till. við frv. þetta. Hvað breyt.till. á þingskj. 150 snertir, þá álít jeg ekki þörf, að fara um hana mörgum orðum, þar sem nefndin vill fallast á hana. Aptur á móti hefur breyt.till. á þingskj. 149 ekki fundið náð í augum nefndarinnar og vil jeg því minnast á hana með nokkrum orðum. Hún fer fram á, að 1300 kr. laun í 5 læknishjeruðum, sem nefndin hefur sett í 4. flokk, verði færð niður í 1200 kr. — 1200 kr. eru að vísu ekki há laun, en þar sem hæstv. landsh. þótti, að h. nefnd hefði farið varlega í málið, get jeg ekki heldur álitið hjer óvarlega farið, því lækkunin er ekki mikil. Jeg vil hjer líta á sönnun þá, sem reynslan gefur oss. Hvert þingið eptir annað hafa ný aukalæknishjeruð verið sett á stofn með 1000 kr. launum, og þó hafa hingað til fengizt læknar í þessi hjeruð. Þó þessi 5 læknishjeruð sjeu með 1200 kr. launum, er engin ástæða til að óttast, að lækna mundi vanta í þau, því þess ber að gæta, að læknahjeruðin verða alls 41, og 36 önnur læknahjeruð verða því til, sem þessir læknar geta komizt í fyr eða síðar, og tíminn, sem þeir sætu með 1200 kr. laun, mundi því vanalega verða stuttur. Það má gjöra ráð fyrir, að í þessi embætti kæmu ungir og einhleypir menn, sem þá gætu lifað sæmilega af þessum launum, þótt þeir yrðu að eyða nokkru til bóka- og verkfærakaupa. En setjum nú svo, að læknar þessir yrðu að sitja mikinn part æfinnar í þessum embættum, þá gildir hið sama um þá og sagt er um prestana, að þeir geti lifað af sveitabúskap; því sje rjett að segja þetta um prestana, þá gildir einnig hið sama um þá lækna, sem sitja í fámennum hjeruðum, að þeir geta lifað á lægri launum en læknar þeir, sem eru í stærri hjeruðum, því þeir hafa betra tækifæri til að gefa sig við búskap og ýmsu öðru. Jeg hygg því, að breyt.till. gæti ekki haft skaðlegar afleiðingar, þar sem jeg álít, að

engin hætta sje á því, að læknar ekki fáist í þessi hjeruð. Hins vegar eru 500 kr. á ári þó nokkur sparnaður fyrir landssjóð, enda er ekki vanþörf á, að gæta sparnaðar, því þessi nýja skipun á læknahjeruðunum hefur æðimikinn kostnað fyrir landssjóð í för með sjer. Jeg álít því, að h. þingd. gjörði ekki neitt glappaskot með því, að fallast á þessa breyt.till., en ekki á till. nefndarinnar.

Framsögumaður (Þorl. Jónsson): Jeg get ekki látið hjá líða, að gjöra dálitla athugasemd við ræðu h. 1. Ísf. (Sig. St.). Hann bar saman laun presta og lækna og kvað læknum hægt að hafa stuðning af sveitabúskap, ekki síður en prestunum. — En hjer við er að athuga, að flestir prestar hafa vissa jörð til að búa á og að þær jarðir eru vanalega beztu jarðirnar í hverri sveit, en læknarnir hafa engan vissan bústað og verða kannske að láta sjer nægja eitthvert kot; þess vegna er ekki hægt að bera búskap presta og lækna saman. Einnig er það tæplega rjett, að læknar hafi *jafngóðan tíma til búskapar og prestar.*

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) áleit 1200 kr. nægilega há laun. Jeg álít þau heldur lág, en sje ekki ástæðu til að fara um það frekari orðum, heldur láta atkvæðagreiðsluna skera úr því.

Sigurður Stefánsson: H. framsögum. (Þ. J.) kvað prestana jafnan fá beztu bújörðina. Þetta er ekki rjett, því í æðimörgum prestaköllum eru prestsetrin engar kostajarðir og alls ekki beztu jarðirnar í prestakallinu. Að segja, að læknar muni ekki fá aðrar jarðir en kot, virðist mjer vera að gjöra landsmönnum getsakir. Jeg ber það traust til hvers þess hjeraðs, sem vill hafa lækni búsettan hjá sjer, að það taki ekki jörð af verri endanum handa honum til búsetu. Jeg álít, að hafi læknarnir í þessum 5 hjeruðum góða jörð, geti þeir stundað búskap sjer til töluverðs gagns, því reynslan sýnir, að allmargir af hinum núverandi 20 hjeraðslæknum hafa töluverðan sveitabúskap og eru þó hjeruð þeirra miklu stærri, en nú er ráð fyrir gjört. Sveitabúskapur ætti því ekki að vera ómögulegur fyrir læknana í þessum 5 hjeruðum, þar sem hjeruð þessi eru litlu stærri en stærstu prestaköll hjer á landi. En þó þetta sje sannfæring mín, vil jeg ekki gjöra þetta launaatriði að neinu kappsmáli.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 97) við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 2. br.till. (C. 97) við 1. gr. samþ. í e. hlj; 3. br.till. (C. 97) við 1. gr. 1. tölul. samþ. með 8 : 3 atkv.; 4. br.till. (C. 97) við 1. gr. 2 tölul. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 5. br.till. (C. 97) við 1 gr. 3. tölul. samþ. í e. hlj.; 6. br.till. (C. 97) við 1. gr. 4. tölul. samþ. í e. hlj. 7. br.till. (C. 97) við 1. gr. 9. tölul. samþ. í e. hlj.; 8. br.till (C. 97) við 1. gr. 12. tölul. samþ. í e. hlj.; 9. br.till. (C. 97) við 1. gr. 14. tölul. samþ. án atkv.gr.; 10. br.till. (C. 97) við 1. gr. 17. tölul. samþ. án atkv.gr.; 11. br.till. (C. 97) við 1. gr. 19. tölul. samþ. í e. hlj.; 12. br.till. (C. 97) við 1. gr. 22. tölul samþ. í e. hlj.; 13. br.till. (C. 97) við 1. gr. 23. tölul. samþ. í e. hlj.; 14. br.till. (C. 97) við 1. gr. 24. tölul. samþ. án atkv.gr.; 15. br.till. (C. 97) við 1. gr. 24. tölul. samþ. án atkv.gr.; 16. br.till. (C. 97) við 1. gr. 24. tölul. samþ. með 10 atkv.; 17. br.till. (C. 97) við 1. gr. 25. tölul. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 18. br.till. (C. 97) við 1. gr. 26. tölul. samþ. í e. hlj.; 19. br.till. (C. 97) við 1. gr. 27. tölul. samþ. án atkv.gr.; 20. br.till. (C. 97) við 1. gr. 28. tölul. samþ. í e. hlj.; 21. br.till. (C. 97) við 1. gr. 29. tölul. samþ. í e. hlj.; 22. br.till. (C. 97) við 1. gr. 30. tölul. samþ. án atkv.gr.; br.till. (C. 137) samþ. í e. hlj.; 1. br.till. (C. 128) við 1. gr. 32. tölul. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 2. br.till. (C. 128) við 1. gr. 32. tölul. samþ. með 9 : 2 atkv.; 3. br.till. (C. 128) við 1. gr. 33. tölul. samþ. án atkv.gr.; 23. br.till. (C. 97) við 1. gr. 31. tölul. tekin aptur; 24. br.till. (C. 97) við 1. gr. samþ. með

10 samhlj. atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 25. br.till. (C. 97) við 2. gr. 1. málsgr. samþ. í e. hlj.; 26. br.till. (C. 97) við 2. gr. samþ. með 9 atkv.; 27. br.till. (C. 97) við 2. gr. samþ. í e. hlj.; 28. br.till. (C. 97) við 2. gr. 3. málsgr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; br.till. (C. 149) felld með 7 : 3 atkv.; 29. br.till. (C. 97) við 3. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 30. br.till. (C. 97) við 3. gr. 3. málsgr. samþ. í e. hlj.; 31. br.till. (C. 97) við 3. gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 32. br.till. (C. 97) við 4. gr. samþ. í e. hlj.; 33. br.till. (C. 97) við 4. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 34. br.till. (C. 97) við 4. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 35. br.till. (C. 97) við 4. gr. 2. tölul. samþ. í e. hlj.; 1. br.till. (C. 150) við 4. gr. 5. tölul. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 2. br.till. (C. 150) við 4. gr. 6. tölul. með 8 samhlj. atkv.; br.till. (C. 106) við 4. gr. felld með 7 : 4 atkv.; 4. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 36. br.till. (C. 97) við 5. gr. samþ. í e. hlj.; 5. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 37. br.till. (C. 97) við 6. gr. samþ. í e. hlj.; 6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.: 7. gr. samþ. í e. hlj.; 8. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um að sýslunefndinni í Árnessýslu veitist heimild til að verja allt að 1200 kr. úr sýsluvegasjóði til flutningabrautar (C. 72); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 73); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 7 : 4 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um fátækramálefni (C. 110); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Jeg legg til, að kosin verði nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 10 samhlj. atkv. og í hana kosnir:

Þorkell Bjarnason	með	10 atkv.
Sigurður Stefánsson	—	10 —
Þorleifur Jónsson	—	9 —
Kristján Jónsson	—	7 —
Jón Jakobsson	—	5 —

Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum 12. jan. 1888 (C. 126); 1. umr.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Frv. þetta er kunnugt h. þingd. frá síðasta þingi. Augnamið frv. er að veita bólfestuleyfi þeim mönnum, er einna lakast eru settir í mannfjelaginu og þá jafnframt um leið atvinnufrelsi, sem þeir hafa ekki eptir núgildandi lögum. Engum öðrum en húsmönnum og þurrabúðarmönnum er meinað að vera hvar sem þeir vilja, nema þurfamönnum og glæpamönnum, því lausamenn mega vera hvar sem þeir vilja, hjú mega ráða sig í vist hjá hverjum sem þeim lízt, að jeg ekki nefni grasbýlismenn, þ. e. bændur, enda liggur í augum uppi, hve skaðlegt það er fyrir afkomu manna, að mega ekki vera þar sem þeir halda að þeir muni bjargast bezt. Ákvæðin um, að þurrabúðarmenn verði að leita leyfis sveitarstjórnanna til að taka sjer bólfestu, stafar frá hræðslu fyrir því, að þessir menn verði sveitlægir og þurfamenn í byggðarlaginu. En jeg álít, að vissasta ráðið til að gjöra menn ósjálfbjarga, sjeu slík ákvæði og þetta er. Sje einhver maður latur og eyðslusamur o. s. frv., þá verður hann eins ósjálfbjarga heima í sinni eigin sveit, eins og þó hann leiti sjer atvinnu annarstaðar. Atvinnufrelsið getur aldrei spillt högum hans, heldur hlýtur ætíð að bæta þá. Jeg vona, að h. þingd.

líti frv. þetta mildari augum en á síðasta þingi og að allir þeir, sem unna atvinnufrelsi, verði því meðmæltir. H. þingd. hefur nýlega samþykkt „frelsis-frumvarpið“ um kjörgengi kvenna. Það frv. veitir þó minni rjettindi en þetta frv. Jeg mun síðar, þegar aðrir hafa látið í ljósi skoðanir sínar, stinga upp á, að máli þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem fjallar um fátækramálið.

Guttormur Vigfússon: Svo sem h. þingd. mun minnast, var samhljóða frv. hjer til umræðu á síðasta þingi og þá sett í nefnd. Nefndin klofnaði og málið fjell við 2. umr. með 7 atkv. móti 4. Mjer þykir það því undarlegt, að sami h. flutningsm. (Þ. B.) skuli koma aptur með þetta sama frv., þar sem sömu menn sitja hjer í deildinni og þá, og líklegt, að þeir hafi ekki skipt um skoðun á málinu. Mjer finnst eiga hjer vel við orð h. flutningsm. um annað frumv., sem var hjer nýlega í deildinni, að það er gremjulegt, að ota inn á þing sama frv. aptur og aptur, þó vonlaust sje um, að það nái fram að ganga. Jeg óska þess fastlega, að mál þetta verði fellt með öllu, fellt frá 2. umr. og fellt frá nefnd.

Flutningsmaður (Þorkell Bjarnason): Jeg álít mál þetta mjög mikilsvert. Það lýsir ekki vantrausti mínu til hinnar h. þingd., þó jeg álíti, að menn kunni að hafa fengið betri þekkingu á þessum 2 liðnu árum, og þess vegna breytt skoðun sinni og sannfærzt um gildi frv. Jeg skal geta þess, að í 3. gr. vantar ákvæði um, að 1. gr. í lögum um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 skuli numin úr gildi.

Jeg legg til, að frv. þessu verði vísað til nefndarinnar í fátækramálinu.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 6 samhlj. atkv. að vísa frv. til nefndarinnar í fátækramálinu.

Fimmtándi fundur, miðvikudag 21. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C. 127, 151); ein umr.

Þorleifur Jónsson: H. neðri deild hefur breytt frv. því, sem hjer liggur fyrir, aptur í sömu mynd og það hafði, þegar það kom frá stjórninni, en af því að mjer finnst sú breyting ekki á rjettum rökum byggð, hef jeg leyft mjer að koma aptur með mína fyrri breyt.till., ásamt annari breyt.till., sem jeg ímynda mjer að muni gjöra hina fyrri breyt.till. aðgengilegri. H. landsh. andmælti till. minni um daginn af þeirri ástæðu, að menn leituðu að auglýsingunum í blaði því, sem ætlað er að flytja opinberar auglýsingar, því þar ættu menn von á þeim, en ekki í Stjórnartíðindunum. Nú álít jeg, að mótbára þessi sje horfin með síðari breyt.till. minni á þingskj. 151, þar sem gjört er ráð fyrir, að landshöfðingi láti auglýsa þrisvar sinnum í blaði því, er flytur opinberar auglýsingar, að ofannefndar stefnur verði birtar í Stjórnartíðindunum deildinni B. Þess vegna hef jeg leyft mjer, að koma með þessa breyt.till., þó heiðruð neðri deild hafi breytt frv. í sama form og það kom frá stjórninni og hafi ekki viljað fallast á breyt.till. mínar við það, því það er engin sönnun fyrir því, að hún vilji ekki fallast á hana nú með viðaukabreyt. þessari.

Landshöfðingi: Mig furðar á því, hvílíkt kapp h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) leggur á þessa breyt.till. um, að stefnurnar verði birtar í Stjórnartíðindunum. Jeg get skilið, þó hann ljeti ekki sannfærast af orðum mínum við 2. umr. þessa frv. hjer í deildinni, en mig furðar á, að atkvæðagr. í neðri deild skuli ekki hafa sannfært hann, þar sem breyt.till. hans var felld með 16 atkv., sem sýnir, að deildinni hefur verið full alvara með breyt. þessa. — Eitt af því, sem sjerstaklega var tekið

fram af h. flutningsmanni hjer í deildinni sem meðmæli með breyt.till. hans, var það, að hún mundi verða til að spara landssjóði fje, en í neðri deild var einmitt tekið fram, að sá sparnaður mundi ekki verða mikill, og heldur minni mundi hann verða eptir hinni nýju breyt.till., þar sem fyrst mundi ganga töluvert fje til að birta stefnurnar í Stjórnartíðindunum og svo bættist þar við sá kostnaður, að auglýsa þrisvar sinnum í blaði því, er flytur opinberar auglýsingar, hvar stefnurnar væri að finna. Yfir höfuð finnst mjer það nokkuð skrítin aðferð, að auglýsa í blaði, að leita skuli auglýsinga í öðru blaði. Að öðru leyti er það á valdi h. deildar, hvernig hún fer með þessa breyt.till.

Þorleifur Jónsson: H. neðri deild hafði ekki fyrir sjer hina síðari breyt.-till. mína, þegar málið var rætt þar, svo ekki er sagt, að hún hafi á móti breyt.till. minni með þeim viðauka, sem nú er við hana, þó hún hefði það um daginn. Hvað orð h. landsh. snertir, um að kostnaðurinn við að birta stefnurnar í Stjórnartíðindunum og auglýsa þær í blaði því, er flytur opinberar auglýsingar mundi ekki verða minni en birta stefnurnar í blaðinu, þá get jeg ekki fallizt á, að það sje rjett. Reyndar veit jeg ekki, hve dýr prentun Stjórnartíðandanna er, en eptir því sem almennt kostar að prenta bækur, þá nær það ekki neinni átt, að prentun á þessum stefnum í Stjórnartíðindunum verði nálægt því eins dýr, eins og að auglýsa þær í blaði því, er flytur opinberar auglýsingar því að eptir áætlun minni um það um daginn, mundi kostnaðurinn verða um 1000 kr. við að auglýsa þær í blaðinu. Tilgangur minn með breyt.till. minni var að spara landsjóði nokkurt fje. Jeg vona að enginn leggi mjer það illa út. Í frv. því um sama efni, sem afgreitt var sem lög frá síðasta þingi, var ákveðið, að birta stefnurnar í Stjórnartíðindunum og mælti landsh. þá með því frv. Að hann mælir mót breyt.till. minni nú, get jeg ekki skilið á annan veg, en að það sje af þeim ástæðum, að breyt.till. mín gengur á móti stjórnarfrv. Hann mun því ekki vera persónulega mótmæltur henni, heldur tala móti henni sem fulltrúi stjórnarinnar.

ATKVÆÐGR.: Breyt.till. (C 151) við 1. gr. tölul. 1 samþ. með 6 : 5 atkv.; breyt.till. (C 151) 1. gr. tölul. 2 samþ. með 6 : 4 atkv. Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 10 samhlj. atkv. og sent aptur til Nd.

Frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli (C 120); frh. 1. umr.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Það er fátt, sem jeg þarf að taka fram viðvíkjandi frv. þessu, þar sem skýrt er greinilega frá ástæðum nefndarinnar í nefndarálitinu. Slíkar bænir, sem þessar, hafa opt komið fram á þingi og hafa jafnan þótt hvumleiðar, þar eð þær fara fram á tekjumissi eða bein útgjöld fyrir landssjóð. Þó álít jeg rjett að taka tillit til beiðni þeirrar, sem hjer liggur fyrir, þar sem löggjafarvaldið sjálft hefur óbeinlínis gefið tilefni til hennar, eins og allra annara bæna, af þessu tagi.

Með lögunum frá 27. febr. 1880 um skipun prestakalla á Íslandi er ákveðið, að árgjald skuli greiða af ýmsum brauðum, sem þegar þau lög voru gefin var álitið, að hefðu svo miklar tekjur, að þau þrátt fyrir slík árgjöld mættu teljast lífvænleg. En afleiðingar þessa ákvæðis prestakallalaganna hafa orðið aðrar, en alþingi mun á sínum tíma hafa gjört ráð fyrir. Tekjur presta eru nfl. fólgnar í landaurum, jarðarafgjöldum og ýmsum hlunnindum, t. d. dún, sel- og laxveiði, en ekki peningum. Þegar prestaköllin eru metin, fara tekjur þeirra eptir því, hve mikil þessi hlunnindi eru og hvert verðlag er á þeim. Tekjur prestanna geta því hækkað og lækkað, eptir því sem hlunnindin hækka eða

lækka. Á síðuri árum hafa nú flest hlunnindi, svo sem æðardúnn lækkað stórkostlega í verði. Þar sem preststekjurnar eru fólgnar í jarðarafgjöldum, getur líka svo farið, að þær rýrni stórum, ekki þarf annað, en að jarðirnar verði fyrir stærri eða minni áföllum, svo þær byggist ekki fyrir sama eptirgjald og áður. Vegna þessa er sá agnúi á þessum árgjöldum, að tekjurnar geta rýrnað á ýmsan hátt, bæði af náttúrunnar völdum og sökum lækkunar á verði hlunnindanna, en árgjaldið frá prestakallinu er hið sama. Brauð, sem 1880 gátu vel þolað nokkurt árgjald, geta alls ekki borið það nú, sökum þess að tekjurnar hafa rýrnað á þennan hátt. Agnúi þessi kemur æ betur og betur í ljós á ári hverju, því bæði hafa ýmsar jarðir skemmst og hlunnindin rýrnað og tekjurnar þannig minnkað. Þegar svona er ástatt, hljóta allir að játa, að þótt prestar þeir, er sitja á slíkum brauðum, hafi ekki lagalega kröfu til þess að árgjaldið af brauðum þeirra sje fært niður, þá hafi þeir þó sanngirniskröfu til þess, þar sem löggjafarvaldið sjálft hefur óbeinlínis gefið tilefni til þess, að þeir eiga við svo þröngan kost að búa. Jeg álít því, að alþingi beri að líta á bænir presta, þegar svona stendur á og það því fremur sem hjer er að ræða um fjölmennustu embættisstjett landsins og jafnframt þá stjett, sem hefur allraminnst laun. Í þeim 2 prestaköllum, sem hjer er um að ræða, hafa tekjurnar rýrnað síðan 1880, bæði af náttúrunnar völdum og ýmsum öðrum orsökum, svo hvorugt þetta brauð getur nú talizt lífvænlegt með árgjöldum þeim, sem á þeim hvíla, þó ekki sje miðað hærra en við meðaltekjur presta hjer á landi. Jeg álít ekki þörf að tala frekar um þetta mál að sinni, heldur láta það bíða til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv.til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum Hólmaprestakalls (C55,120); frh. 1. umr.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Þar sem mál þetta stendur í svo nánu sambandi við næsta mál á undan og athugasemdir mínar við það frv. eiga einnig hjer við, læt jeg mjer að eins nægja að óska þess, að frv. þessu sje einnig vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um horfelli á skepnum (C 144); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi (C 90); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt til Nd.

Frv. til viðaukalaga um sóttvarnarlög 17. des. 1875 (C 145, 162); 3. umr.

Þorleifur Jónsson: Í frv. því um skipun læknahjeraða, er var hjer til umr. í gær í þessari h. þingd., var samþ. ákvörðun um, að hjeraðslæknirinn í Stykkishólmshjeraði þurfi ekki að vera búsettur í Stykkishólmi. En í sóttvarnarlögunum 17. des. 1875 er ákveðið, að Stykkishólmur skuli vera eitt af þeim kauptúnum, er útlend skip, er koma frá þeim stöðum, er pestkynjaðir sjúkdómar geisa á, skuli koma til, áður en þau leita til annara hafna. Fyrir því hefur sú ákvörðun verið gjörð, að hjeraðslæknirinn skyldi vera þar búsettur. Þar sem nú samþ. var í gær ákvæði um, að hjeraðslæknirinn í Stykkishólmshjeraði þurfi ekki að vera búsettur í Stykkishólmi, hefði jeg viljað koma að í frv. þetta breyt.till. um, að Stykkishólmur skuli ekki vera einn af hinum áðurnefndu stöðum.

Til þess nú að geta komið að slíkri breytingu, vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann ekki vilji taka mál þetta út af dagskrá.

Forseti tók þá málið út af dagskrá.

Sextándi fundur, föstudag 23 júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 (C 142); 1. umr.

Jón Jónsson: Jeg ætla ekki að vera langorður um frv. þetta, margir hafa um það sagt, að það væri gagnslaust og flestir hafa einnig viðurkennt, að það væri einnig meinlaust. En jeg vildi benda á það, hvort það sje ekki óheppilegt, að vera að samþykkja fleira en eitt frv. á sama þinginu, um breytingar á sömu lögunum. Mjer finnst það óheppilegt.

Það hafa t. d, komið opt fram kvartanir um það, bæði utan þings og á þingi, að fátækralöggjöf vor væri í sneplum og út úr því hafa menn jafnvel stungið upp á, að milliþinganefnd væri sett, til að koma öllum þeim lögum í eina heild.

Nú liggja fyrir á þessu þingi 2 lagafrv. um breyt. á sveitarstjórnarlögunum og virðist mjer því íhugandi, hvort þessi h. þingd. gjörði eigi rjettast í að reyna nú að koma þessum tveimur frv. í eitt frv. til þess að auka ekki enn meira við þennan lagafjölda, sem kominn er út um breytingar á sveitarstjórnarlögunum. Frv. þau sem jeg á við og hljóða um þetta efni, eru frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, þar sem farið er fram á, að kjósa varamenn í sýslunefndir, en hitt er frv. um að kjósa megi hreppsnefndarmenn á haust-hreppaskilum, og svo vil jeg líka benda á frv., sem nokkuð er skylt þessu, um gjaldheimtur til amtsjóða og sýslusjóða, er talsverða breyting gjörir á gjaldstofninum fyrir sýslusjóðsgjaldinu, sem tekið er í sveitarútsvörunum, og sem töluvert snertir sveitarstjórn.

Jeg vil nú leyfa mjer að skjóta því til h. þingd, hvort eigi væri full ástæða til að setja nefnd til þess að hugleiða, hvort ekki mundu ráð til að sameina þessa frv.snepla í eitt, svo að eigi komi frá sama þinginu 2 lagafrv. um breytingu á sömu löggjöf.

Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 7 : 1 atkv. og í hana kosnir:

Jón Jónsson	með 7	atkv.
Kristján Jónsson	— 6	—
L. E. Sveinbjörnsson	— 6	—

Frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvila á Holtsprestakalli (C 120); 2. umr.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Eins og h. þingd. er kunnugt, er frv. þetta komið frá stjórninni og í athugasemdum við það eru teknar rækilega fram ástæðurnar, sem með því mæla; jeg hef því þá von, að frv. fái góðan byr hjer í þessari h. þingd. Nefndin hefur einnig í áliti sínu fært til hinar helztu ástæður fyrir því.

Við frh. 1. umr. þessa máls tók jeg fram, að þó að fram komi á hverju þingi frv. um breyting á prestakallalögunum, er hafi í för með sjer sumpart tekjumissi dálítinn fyrir landssjóð og sumpart útgjöld, yrði þó, enda þótt mönnum þyki þess konar mál hvimleið, að líta á þau með allri sanngirni; og þetta mál er eitt af þeim, sem hefur hinar sterkustu sanngirniskröfur að styðjast við. — Þá er prestakallalögin voru búin til, var prestakall þetta samkvæmt brauðamatinu alllífvænlegt og þoldi þess vegna 100 kr. árgjald það, sem á það er sett með nefndum lögum. Nú hafa síðan orðið þær breytingar á því, að það hefur af völdum náttúrunnar rýrnað að mjög miklum mun, bæði tún prestakallsins og kirkjujarðir. Það kveður svo rammt að skemmdum

þessum, að 10 kirkjujarðir eru lagðar í eyði. Um þetta hefur nefndin haft skýrslur fyrir sjer byggðar á skoðunargjörð, er fram hefur farið þar. Tekjurýrnun sú, er prestakallið hefur orðið fyrir, nemur víst fleiri hundruð krónum og má því nærri geta, að hagur prestsins mun ekki góður, þar sem enn helzt árgjaldsskyldan, 100 kr. Sá skattur er orðinn beinlínis ranglætisskattur.

Sama máli er að gegna um fjárgreiðslur kirkjunnar. Eptir þeim skýrslum um tekjur hennar, er nefndin hefur haft fyrir sjer, nema þær „netto“ að eins 75 kr. á ári að meðaltali. Af nefndarálitinu sjest, að skuldin við landssjóð er nú yfir 2655 kr. og að árlega þarf að borga af henni í vexti og afborgun um 174.kr. Að skuld kirkjunnar er svo há er ekki prestsins sök, því að kirkjan fauk í ofviðri nýbyggð, og varð svo að byggja hana upp aptur. En af þessu leiðir, að presturinn verður að borga til kirkjunnar um 100 kr. á ári úr sínum eigin vasa, sem engin von er um, að hann geti nokkurn tíma fengið endurborgað. Skuldin á að endurborgast á 28 árum, lánið er tekið 1892 og eptir því á það að vera að fullu endurborgað 1920, en þá má búast við að kirkjan þurfi á öllu sínu fje að halda, til viðgjörðar sjer og viðhalds. Fyrir því er það, að presturinn hefur enga minnstu von um, að fá endurgoldið nokkuð af því mikla fje, er hann verður að greiða fyrir kirkjuna úr eigin vasa.

Jeg verð því að treysta því, að h. þingd. sjái, að hin fyllsta sanngirni er fyrir því, að samþ. frv. þetta, og að engum geti blandazt hugur um, að allt það, er frv. þetta fer fram á, bæði það, að nema burtu árgjaldið og hitt að fella burtu af kirkjuskuldinni er byggt á hinni brýnustu nauðsyn.

Hallgr. Sveinsson: Mál þetta hefur þegar verið skýrt svo rækilega í nefndarálitinu og hin helztu atriði þess hafa þegar verið skýrð svo ítarlega af hinum h, framsögum., að ekki virðist ástæða til að koma fram með frekari skýringar á því. Auðvitað er mjer málið sjerstaklega kunnugt, þar sem stiptsyfirvöldin hafa fengið kvartanir yfir rýrnun prestakalls þessa frá viðkomandi presti. En þótt mönnum kunni að virðast ótrúlegt, að 10 hjáleigur prestakallsins hafi lagzt í eyði á síðustu árum eingöngu af ágangi Holtsár, þá er það samt sem áður satt og rjett. Jeg hef sjálfur komið að Holti og sjeð með eigin augum spell þau, sem áin hafði valdið og hve lítil sneið var eptir af túninu, og þegar jeg spurði, hvar túnið hefði áður verið, var mjer bent út á mela og og eyðiurð. Þótti mjer næsta ótrúlegt, að þar hefði áður verið gott og grasgefið tún, en þegar allir luku upp sama munni um það, þá varð jeg að trúa þeim. En þegar jeg sá að eins stóran læk, þá spurði jeg, hvernig á því stæði, að hann gæti valdið slíkum skemmdum, sem þar höfðu á orðið; var mjer þá sagt og sýnt, að áin rynni um stuttan farveg úr snarbröttu fjalli, og þegar vöxtur kæmi í hana ryddi hún grjóti og möl niður úr fjallinu og bæri það yfir láglendið, og þannig gjörði hún þau spjöll, sem þar hafa orðið.

Það er eitt atriði enn, sem ætti að vera meðmæli með því, að h. deild sinni þessu máli og sönnun fyrir því, að presturinn í áðurnefndu prestakalli ekki sendir kveinstafi þessa að gamni sínu. Hann hefur sem sje reynt í verkinu að vinna bót á þeim spellum, sem þegar eru á orðin og að fyrirbyggja frekari skemmdir á jörðinni. Eptir að búfræðingur hafði skoðað spjöll þau, sem áin hafði gjört og lagt ráð á um, hvernig mætti fyrirbyggja frekari spjöll framvegis, rjeði hann til þess, að presturinn ljeti hlaða sterkan varnargarð, svo að áin gjörði ekki frekari spjöll, og hafði jafnvel von um, að sneið sú sem eyðst hefur, gæti gróið upp aptur, en að vísu ekki fyr en eptir all-langan tíma, þar

sem það nú er urð ein og melur. Hefur presturinn ásamt hjáleigubændum tekið að sjer, að verja svo miklum dagsverkafjölda, sem hann sjer sjer fært á ári hverju, til að hlaða áðurnefndan varnargarð. Til þessa hefur presturinn leitað stuðnings hjá búnaðarfjelagi Suðuramtsins, sem svo opt hefur stutt ýmsar verklegar framkvæmdir. Búnaðarfjelagið hefur brugðizt vel við þessari málaleitun prestsins með því að veita eitt sinn áður 200 kr. og nú í sumar hefur það gefið von um 200 kr. til, ef þeir fengju afkastað svo miklu, að það næmi 400 dagsverkum. Nú er það skiljanlegt, að ef hlutaðeigandi búendur leggja fram 400 dagsverk á einu ári, og presturinn, sem mun vera þeirra fólksflestur, eðlilega drjúgan hluta af því, en fá ekki meiri styrk en 50 aura fyrir hvert dagsverk, þá er það minnstur hluti af því verki og fje, sem lagt er í sölurnar; en þegar svo þar við bætist, að presturinn hingað til hefur, auk árgjaldsins, orðið að greiða af eigin fje afborganir þær til landssjóðs, sem kirkjan ekki hefur getað greitt af tekjum sínum, þá vona jeg, að það, í sambandi við, að presturinn ekki hefur lagt árar í bát, en tekizt að framkvæma svo mikið prestsetrinu til varnar, verði mikil meðmæli með því, að h. þingd. líti á nauðsyn þá til hjálpar, sem hjer er um að ræða, og að hún fallist á frv. þetta. Mál þetta hefur fengið eindregin meðmæli stiptsyfirvaldanna, landshöfðingja og stjórnarinnar og alstaðar er niðurstaðan sú sama, að sinna kröfum þeim, sem hjer eru fram komnar.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.; 2. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um endurgreiðslur á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli (C. 55, 120); 2. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það er líku máli að gegna með frv. það, sem hjer liggur fyrir, og frv. það, sem síðast var samþykkt. Eins og h. þingd. er kunnugt, var hjer samþykkt bæn prestsins í Hólmaprestakalli á síðasta þingi um að losa hann við að greiða uppgjafapresti eptirlaun af brauðinu; en þá hafði presturinn greitt eptirlaunin í 2 ár, samtals 1167 kr. 66 a. Nú fer presturinn á Hólmum fram á, að fá þessi eptirlaun endurgoldin að fullu, og finnst mjer öll sanngirni mæla með því, og álít sjálfsagt, að þingið gangi að því, þar sem það ákvað í hitt eð fyrra, að losa prestinn við greiðslu þessara eptirlauna. Hjer er líkt ástatt og í Holtsprestakalli, að rýrnun á tekjum brauðsins stafar af völdum náttúrunnar og þar að auki af verðfalli á aðalhlunnindum brauðsins. Þegar prestakallalögin voru samin 1880 var brauðið talið eitt af allra beztu brauðum þessa lands, þar sem það gaf af sjer um 300 pd. af dún og hvert dúnpund seldist þá á 18—20 kr. Þess vegna var það eðlilegt, að árgjald væri lagt á brauð þetta, úr því sú stefna var á annað borð tekin, að miðla frá hinum stærri brauðum til hinna minni.

En á síðari árum hefur æðardúnninn lækkað svo í verði, að nú fæst ekki fyrir hann helmingur þess verðs, sem hann var seldur fyrir þá, og dúntekjan hefur einnig minnkað þar að miklum mun, svo að nú fást að eins 130 pd. af dún af brauðinu, í stað þess að áður fengust nærri 300 pd. Nú kynnu menn ef til vill að álíta, að þessi rýrnun í dúntekjunni væri prestinum að kenna. Þó mun það ekki vera svo. Ástæðan til þess, að æðarvarpið hefur rýrnað svo mjög, er að sögn Austfirðinga sú, að pest hafi fyrir nokkrum árum komið í æðarfuglinn og hann drepist unnvörpum. Þannig er rýrnunin á tekjum brauðsins ekki prestinum að kenna, en hún kemur engu að síður hart niður á honum. Nefndin hefur haft fyrir sjer skýrslur um tekjur brauðsins fyrir fardagaárin 1892—1895 og hafa brutto-tekjur brauðsins þau ár

verið að meðaltali rúmar 1700 kr.; en eptir brauðamatinu eiga tekjurnar að vera 1937 kr. 81 e., þegar búið væri að draga 600 kr. árgjaldið frá. En af þessum 1700 kr. hefur presturinn orðið að greiða hin síðari árin fyrst árgjaldið 600 kr. og þar að auki í eptirlaun handa uppgjafaprestinum 583 kr. 83 a. = 1183 kr. 83 a., svo beinar tekjur prestakallsins hafa þessi ár verið að meðaltali rúmar 500 kr. á pappírnum, en í reyndinni að líkindum töluvert minni, þar sem svo miklu hefur orðið að svara frá brauðinu í peningum. Jeg álít því, að jeg þurfi ekki að fjölyrða um endurgreiðslu á eptirlaununum, þar sem þingið hefur viðurkennt rjettmæti þeirrar kröfu, og það er á móti lögunum, að presturinn borgi þessi eptirlaun, þar sem tekjur brauðsins eru svona litlar. Reyndar gjöra eptirlaunalögin 1880 ráð fyrir því, að farið sje eptir síðasta mati á tekjum brauðanna, en hjer sjá allir, að nauðsyn brýtur lög. Í 2. gr. frv. er farið fram á, að árgjaldið sje fært niður í 200 kr., og þó nefndinni virtist þessi lækkun á góðum rökum byggð, vildi hún ekki fara svo langt, heldur fara meðalveg og færa árgjaldið að eins niður um helming eða niður í 300 kr. Þó má geta þess, að nefndin stingur upp á, að þessi hluti árgjaldsins skuli greiddur að eins af tilliti til landssjóðs, því þótt árgjaldið væri með öllu afnumið, væri brauðið þó ekki stærra en meðalbrauð.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef engu að bæta við viðvíkjandi aðalatriðum þessa máls, heldur vil jeg að eins minna á, að líkt mál og þetta var borið upp fyrir h. deild fyrir 2 árum síðan, og bjóst jeg þá við einu af tvennu, að annaðhvort yrði frv. það samþykkt þannig, að árgjald þess brauðs yrði fært niður, eða ástæðum mínum fyrir því yrði mótmælt með rökum; en þessar vonir mínar brugðust gjörsamlega, þar sem áðurgreint frv. var fellt, án þess að nokkurri af hinum mörgu ástæðum mínum væri með einu orði mótmælt, því síður hrundið. Jeg vona, að menn játi nú, að þetta hafi ekki verið rjett farið að. Þegar jeg spurði h. meðdeildarmenn mína, eptir að þeir höfðu fellt frv. mitt, hvers vegna þeir hefðu greitt atkvæði á móti frv., svöruðu sumir mjer því, að prestarnir vissu, að hverju þeir gengju, þegar þeir tækju brauðin, og að ekki væri rjett, að gefa mönnum undir fótinn með því, að sinna kröfum þeirra eptir á. Ef menn vildu nú hafa þetta aptur sem ástæðu gegn kröfum Hólmaprestsins, þá skal jeg svara því þannig, að hinn núverandi prestur á Hólmum *vissi ekki*, að hverju hann gekk, þar sem hann áleit, að samkvæmt eptirlaunalögum presta 27. febrúar 1880 mætti ekki skerða tekjur brauðsins svo að þær yrðu minni en 1200 kr., og hjelt því, að eptirlaun til uppgjafaprestsins mundu að litlum hluta hvíla á sjer, en verða borgað að mestu leyti úr landssjóði. En með landshöfðingjabrjefi frá 14. júní 1893 var úrskurðað, — eins og óumflýjanlegt var, að öllum atvikum rjett athuguðum,— að reikna skyldi eptir *mati* brauðsins, en ekki eptir „faktiskum“ tekjum þess, og Hólmaprestinum bæri því að borga öll eptirlaunin til uppgjafaprestsins, að upphæð 583 kr. 83 a., þar sem tekjur brauðsins væru metnar 1937 kr., að frádregnu árgjaldinu. En matið fer nú svo fjarri sanni, að „faktiskar“ tekjur brauðsins, að frátöldum afgjöldum til árgjalds og eptirlauna, hafa um nokkur ár ekki einu sinni náð 500 kr., því ef leiðrjett er ónákvæmni í tekjuskýrslunni, þá eru þær hin umræddu 2 ár, 1893—94 og 1894—95, annað árið 434 kr. og hitt árið 476 kr., eða nál. 450 kr. að meðaltali hvort árið, og þó eru þau vanhöld ekki talin, sem vön eru að vera á tekjum presta. Þessi prestur hefur því orðið svo hart úti, að fá dæmi eru slík, og þessi prestur, sem talinn er að sitja í vildiskjörum, og á pappírnum hefur eitt af hinum beztu brauðum

landsins, hefur í raun rjettri átt við hungurskjör að búa, og hefur alls ekki getað komizt af með hin litlu laun, heldur orðið að hleypa sjer í skuldir og fá frest á greiðslu árgjaldanna, sem honum var ómögulegt að borga, í von um, að löggjafarvaldið mundi líta á sanngjarnar kröfur hans og ljetta af honum nokkru af fjárgreiðslum þessum. Jeg vona, að h. deildarmenn hafi sannfærzt um, að sanngirni mæli með endurgreiðslu þessari, bæði með því að kynna sjer málið sjálfir persónulega, og svo við upplýsingar þær, sem fram hafa komið bæði frá nefndinni og hjer í deildinni, því engu minni ástæða er til að ljetta hjer af, en það var að lækka fjárgreiðslu þá, sem hvíldi á Holtsprestakalli, sem h. deild tók svo vel í, og því fremur er ástæða til að samþykkja frv. þetta, þar sem nefndin fór svo vægilega í tillögur sínar og fór að eins fram á, að helmingur árgjaldsins skyldi falla burt.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; breyt till. n. (C. 120) við 2. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv; 2. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til viðaukalaga við sóttvarnarlög 17. des. 1875 (C. 145, 162, 168); 3. umr.

Sigurður Jensson: Breyt.till. sú, sem jeg hef komið fram með við frv. þetta ásamt 2 h. meðþingsm., er, eins og h. deild mun sjá, að eins orðabreyting, sem frv. þurfti við eptir 2. umr. til að laga á því málið, en skerðir eða breytir hvergi meiningu frv., og finn jeg því ekki ástæðu til að tala frekara fyrir breyt.till. þessari. Jeg ætla um leið að minnast á viðaukatill. h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) á þingskj. 168, sem fer í þá átt, að Stykkishólmur verði numinn úr tölu þeirra staða, er skip komi á til sóttarrannsókna. Jeg álít reyndar, að það hafi ekki stóra þýðingu, þó þessi breyt.till. kæmist að, en jeg álít hana alveg óþarfa, þar sem mjer finnst Stykkishólmur vel mega vera meðal þeirra staða, þar sem sóttvarnir fari fram, þótt ekki komi þangað mörg skip, þá er ekkert á móti því, að þau skip, sem beinlínis eiga erindi þangað, hafi leyfi til að ljúka þar af þeirri rannsókn, sem fyrirskipuð er í lögum 17. des. 1875. Tillaga þessi mun eiga að koma samkvæmni á milli laga þessara og laganna um skipun læknahjeraðanna, en þó svo sje. að í læknalögunum sje ekki beinlínis tekið fram, að læknirinn eigi að vera búsettur í Stykkishólmi, þá er ekki þar fyrir sagt, að hann verði ekki þar búsettur, heldur má telja það víst, að læknirinn í Stykkishólmshjeraði verði einlægt búsettur einmitt í Stykkishólmi, og því er það að mínu áliti alveg óþarft, að fella Stykkishólm burt úr tölu þessara hafna hjer í þessum lögum.

Þorleifur Jónsson: Jeg verð að vera á öðru máli en h. þm. Barðstr. (S. J.). Jeg játa reyndar, að breyt.till. hefur ekki mikla þýðingu, en þó get jeg ekki álitið hana alveg óþarfa. Í lögum 17. des. 1875 er gjört ráð fyrir því, að læknirinn sje búsettur í Stykkishólmi, en nú er líklegt, að breyting komist á þetta með hinum nýju læknalögum og að læknirinn í Stykkishólmshjeraði geti orðið búsettur einhverstaðar annarstaðar í því, og þá er ekki rjett að halda Stykkishólmi sem sóttvarnarstað. Breyt.till. er því að eins til að koma samkvæmni á milli laganna og jeg get ekki skilið, að nokkur skuli hafa á móti því. Það getur að sönnu borið við, að skip, sem á að fara til Stykkishólms, verði að ómaka sig til Patreksfjarðar til að fullnægja skilyrðum sóttvarnarlaganna, en það er líklegt, að slíkt komi mjög sjaldan fyrir og það því fremur sem skipaferðir til Stykkishólms eru ekki miklar, eins og h. þm. tók fram.

Sigurður Jensson: Jeg vil taka það fram, að þar sem h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.)

segir, að með læknaskipunarlögunum sje búið að samþykkja þá breytingu, að læknirinn í Stykkishólmshjeraði þurfi ekki að vera búsettur í Stykkishólmi, þá skil jeg það ekki eins og hann. Það er einungis sleppt að tala um í læknaskipunarlögunum, hvar hann eigi að vera búsettur, en þó þar sje ekki tekið fram með berum orðum, hvar hann eigi að búa, þá hagar svo til í þessu hjeraði, að læknirinn hlýtur að vera búsettur í Stykkishólmi og hvergi annarstaðar.

Þorleifur Jónsson: Það er ekki rjett, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) segir, að læknirinn þurfi að vera búsettur í Stykkish., sem sjest á því, að það stóð í stj.frv. um aðra skipun læknahjeraðanna, að hann skyldi vera búsettur þar, en því var breytt. Eptir frv. um aðra skipun læknahjeraðanna, eins og það hefur verið samþykkt hjer í deildinni, getur það vel komið fyrir, að læknirinn í Stykkishólmshjeraði búi annarstaðar en í St.hólmi.

Hallgrímur Sveinsson: Það gæti verið meinlegt nú við 3. umr. þessa máls, að breyta frv. þessu þannig og láta það svo fara í þeirri mynd hjeðan úr deildinni, því það má hugsa sjer, að h. neðri deild gjörði aptur breyt. á frv. um skipun læknahjeraðanna þannig, að læknir Stykkishólmshjeraðs yrði eptir sem áður búsettur í Stykkishólmi, og væri þá óheppilegt, að þessi fleygur væri kominn inn í lögin, svo að skip gætu ekki fengið afgreiðslu þar, þó mögulegt væri læknisins vegna, og þar af leiðandi yrði innan skamms að breyta þessu aptur. Og þó svo fari, að neðri deild gjöri læknunum ekki að skyldu, að sitja í Stykkishólmi, er þó sennilegt, að hann muni verða þar eigi að síður, því bæði er þar gamalt læknasetur, þar er lyfjabúð og þar að auki á læknirinn að vitja sjúkra þar út um eyjarnar í grendinni.

Þorleifur Jónsson: Þó svo færi, að lögin um skipun læknahjeraðanna ákvæðu, að læknirinn ætti að sitja í Stykkishólmi, þá sje jeg enga þörf á því, að Stykkishólmur sje í tölu sóttvarnarstaðanna, og því síður, sem nú er bætt við 2 nýjum sóttvarnarstöðum (Patreksfirði og Seyðisfirði). Patreksfjörður er ekki langt í burtu frá Stykkishólmi, og ættu skip þau, er fara eiga til Stykkishólms hægt með að koma þar við. Auk þess er aðgætandi, að það er kostnaðarauki fyrir landssjóð, að hafa Stykkishólm sem sóttvarnarstað, því svo er ákveðið í sóttvarnarlögunum, að koma skuli upp sjúkrahúsum á þessum höfnum, og þótt ekki sje búið að koma þeim upp enn, þá er það skylda, að koma þeim upp og rekur að því áður langt um líður; það er því óþarft að baka landsjóði frekari kostnað en þörf er á í þessu efni, og er því rjett að afnema Stykkishólm úr tölu þessara sóttvarnarhafna, sem hina óþörfustu, og miklu minni þörf að hafa hann í þeirra tölu, en marga aðra verzlunarstaði landsins.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 162) samþ. í e. hlj. Viðaukatill. (C. 168) samþ. með 7 : 3 atkv. Frv. með áorðnum breyt. samþ. í e, hlj. og afgreitt til Nd.

Seytjándi fundur, laugardag 24. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi nema Þorkell Bjarnason, er hafði fengið burtfararleyfi.

Frv. til laga um aðra skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. (C. 159, 191, 192, 193), 3. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Það hafa komið fram margar breyt.till. við frv. þetta, bæði frá nefndinni og einstökum þingdeildarmönnum, og skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um nokkrar af breyt.till. nefndarinnar.

Sú breyt.till. nefndarinnar, sem jeg fyrst vildi leiða athygli að, er við 14. og 15. tölulið 1. greinar. Þær fara fram á það, að leggja eyna Vigur við Ísafjarðar-

hjerað, en láta hana ekki fylgja Nauteyrarhjeraði.

Ef læknirinn situr innarlega í Nauteyrarhjeraði, þá er erfiðara og óþægilegra fyrir menn í Vigur að sækja hann þangað, heldur en að sækja læknirinn á Ísafirði.

Næsta breyt.till. nefndarinnar við tölulið 23 er sú, að í staðinn fyrir „Vallahreppur“ komi „Svarfaðardalshreppur“; hann heitir nú ekki Vallahreppur, heldur Svarfaðardalshreppur.

Við 24. tölulið hefur nefndin gjört þá breyt., að læknirinn í Akureyrarhjeraði skuli skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs, sem er að vestanverðu við Eyjafjörð; því að í þeim hluta hjeraðsins, sem er að austanverðu við fjörðinn er ekki þörf á því.

Breyt.till. við 25. tölulið fer fram á, að Þóroddstaður skuli teljast með Reykdælahjeraði, en ekki Húsavíkurhjeraði; afleiðingin af þessu er önnur breyt.till. við 26. tölulið, sem ekki þarf að fjölyrða um. En við prentun frv. hefur slæðst inn í þann tölulið sú prentvilla, að norðurhluti Hálshrepps eigi að fylgja Húsavíkurhjeraði, en þessi hreppshluti fylgir Höfðahverfishjeraði, eins og sjest á 23. tölulið, og vill nefndin leiðrjetta þetta með 7. breyt.till. sinni, í 23. tölulið.

Þá kemr breyt.till. við 33. tölulið, að orðið „Stöðvarfjarðar“ falli burt. Stöðvarfjarðarhreppur er sem sje enn þá ekki til; að vísu stendur það til, að Breiðdalshreppi verði skipt í tvo hreppa, en annar þeirra heiti Stöðvarfjarðarhreppur, en meðan það ekki er gjört, áleit nefndin ekki rjett, að nefna hann í lögunum.

Þá kemur næst breyt.till. við 2. málsgrein annarar greinar, nfl. að bæta Seyðisfjarðarhjeraði við þá kaupstaði eða verzlunarstaði, þar sem læknirinn er skyldur að búa. Þessi breyt.till. er eðlileg afleiðing af frv. því, sem fram hefur komið um að bæta Seyðisfirði við þá sóttvarnarstaði, sem nefndir eru í sóttvarnarlögunum 17. des. 1875. Þá kemur næst breyt.till. við 3. málsgrein annarar greinar, nfl., að orðin „þar sem tekið er við mönnum, sem veikir eru af kóleru eða þess konar sjúkdómum“, falli burt. Meining nefndarinnar með því að fella þessi orð burt er sú, að læknar skuli skyldir til að takast á hendur umsjón með öllum sjúkrahúsum á þessum stöðum án endurgjalds, bæði þeim, sem talað er um í frv. og öðrum.

Næsta breyt.till. er við 3. málsgrein 3. greinar, nfl. að taka Höfðahverfis og Reyðarfjarðarhjeruð úr 2. flokki og setja þau í 3. flokk. Samkvæmt fyrirvara nefndarinnar við atkvæðagr. við 2. umr þessa máls, leggur hún til með 15. breyt.till. á þingskjali 191, að Fáskrúðsfjarðarhjerað skuli sett í 4. flokk.

Þá er eptir 1. breyt.till. nefndarinnar við 5. tölulið 5. greinar, sú, að setja borgunina fyrir þau læknisstörf, sem þar eru nefnd, úr 3 krónum upp í 5 kr. Sum af þeim eru opt mjög vandasöm og kostnaðarsöm; ef viðhafa þarf kemiskar og mikroskopiskar rannsóknir við vörur, meðul, matvæli o. s. frv., þá er 3 kr. of lítil borgun; þess vegna þótti nefndinni sanngjarnt að setja hana upp í 5 kr.

Breyt.till. á þingskj. 192 hefur nefndin ekki neitt á móti, þótt hún hins vegar ekki geti sjeð, að sumar þeirra fari betur. Þá kemur viðaukatill. á þingskjali 193, að hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir skuli útvega lækninum aðsetursstað og ábýlisjörð, svo fljótt sem unnt er. Þetta atriði kom til tals hjer í deildinni við 2. umræðu, og var þá tekið fram, að það væri opt mjög erfitt og jafnvel ómögulegt fyrir læknana, að útvega sjer bústað sjálfir. Þeir menn, sem komið hafa fram með viðaukatill. þessa, hafa tekið þetta atriði til íhugunar, og hafa ekki getað fundið annan betri veg en þann, sem hjer er farið fram á, nfl. að viðkomandi sýslunefnd

skuli vera skyldug til að útvega læknunum aðsetursstað. Þetta ákvæði áleit nefndin heppilegt, því að það er ekki líklegt, að nokkur eigi hægra með að útvega læknisbústaðinn en sýslunefndir. En það er nauðsynlegt, að hann fái aðsetursstað, þegar er hann kemur í hjeraðið, en ef hann óskar ábýlisjarðar, þá á sýslunefndin að útvega honum hana, svo fljótt sem unnt er. Auk þess á landstjórnin að útvega læknunum landssjóðsjarðir, þar sem því verður við komið. Það liggur ekki beinna við, að þeir sjeu settir á aðrar jarðir en þær, þar sem því verður við komið.

Hallgrímur Sveinsson: H. framsögum. (Þ. J.) lýsti því yfir, að nefndin væri eigi á móti breyt.till. þeim, er jeg og 2 aðrir h. þm. höfum komið fram með við frv., jafnvel þó að hann væri í efa um, að breyt. þessar væru til bóta. Jeg hygg því, að h. þd. muni samþ. breyt.till. þessar, en samt sem áður virðist mjer rjett að benda á þessar breyt. í fáum orðum.

Fyrsta breytingin virðist mjer ekki óþörf; þar sem um yfir 40 læknahjeruð er að ræða, sýnist ekki vera efamál, að heldur eigi að viðhafa fleirtölu en eintölu, og segja „hjeruð“ en ekki „hjerað“. Önnur breyt.till. við fyrstu gr. er að eins til þess, að samkvæmni sje í frv.; þar sem alstaðar annarstaðar í því er orðið „hreppur“ að eins sett einu sinni á eptir upptalningu hreppanafnanna. 1. breyt. við 2. gr. skiptir að sönnu ekki miklu, en úr því að 1. gr. segir, að Íslandi skuli skipt í „læknahjeruð“, þá er það rjettara að viðhafa það orð, en taka ekki upp annað nýtt orð „læknisumdæmi“. Breyt. við 3. gr. er að eins rjettritunarbreyting. Við 4. gr. er breyt. heldur ekki efnisbreyting, en hún er gjörð samkvæmninnar vegna. Greinin í frv. er þannig: „Þegar ekki er samið fyrirfram við lækni um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári“ o. s. frv., en í næstu málsgrein, sem er framhald sama efnis, er farið að tala um lækna alstaðar í fleirtölu. Þetta er ósamkvæmni, sem kemur mjög óþægilega og óliðlega við og lætur mjög illa í eyrum. Breytingartill. miðar til að laga þetta.

Loks verð jeg að álíta, að síðasta breyt.till sje þó í öllu tilliti til bóta, það verði allir að viðurkenna. Hún fyrirbyggir þann misskilning, sem orðalag frv. gefur tilefni til, að í hvert skipti sem læknirinn vitjar sama sjúklingsins skuli borgunin lækka um helming. Þetta er þó án efa ekki meiningin, en enginn efi er á því, að ef breyting þessi yrði felld, hlytu menn að skilja ákvæði frv. á þann hátt, að borgunin lækkaði meira og meira í hvert skipti. Jeg verð því að álíta breyt.till. þessa alveg nauðsynlega, til þess að fyrirbyggja þennan misskilning. Breyt.till. við 2. gr. að setja „læknisептirlit við hús þessi“ í stað „umsjónina með húsum þessum“ er til þess að ákveða hugsunina skýrara. Hjer er auðvitað að eins um læknisептirlit að ræða, en í orðinu „umsjón“ innifelst ýmislegt annað, svo sem að halda húsunum hreinum, endurnýja lopt í þeim, ræsta í kring um þau o. s. frv.

Jeg vona því, að h. þd. sannfærist um, að allar breyt. þessar eru frv. til bóta, og samþ. þær.

Jeg vil áður en jeg sezt niður vekja eptirtekt á breyt.till. á þingskj. 193, hvort það er meining háttv. tillögumanna, að landsjóður skuli láta þær jarðir, sem þar er um að ræða, ókeypis eða afgjaldslausar til ábúðar fyrir lækna. Um það stendur ekkert í viðaukatill., en úr því það stendur þar ekki og þetta er 3. umræða, svo að ekki er unnt að koma að skýrari ákvæðum, þótt menn vildu, þá er nauðsynlegt að það komi fram í umræðunum, hver hugsunin er. Jeg vil ekki segja, að nauðsynlegt sje, að ákvæði um það sje berlega tekið fram í lögunum sjálfum, því að umræðurnar geta nægt til að vera

bending um, hvernig þessi ákvörðun á að skiljast.

Jón Jónsson: Út af spurning þeirri, er háttv. 2. kgk. (H. Sv.) hreyfði um það, hvort hugsunin í viðaukatill. á þingskjali 193 væri, að læknar skyldu hafa afgjaldslausan bústað á landsjóðsjörðum, skal jeg taka fram, að hugsun uppástungumanna er að eins sú, að læknar skuli sitja fyrir öðrum, að öðlast ábúð þjóðjarða, er hentugar væru sem læknissetur, eða þá ef önnur jörð, sem betur væri sett, sem læknissetur fengist í skiptum fyrir þjóðjörð, en að sjálfsögðu gegn sama jarðarafgjaldi, sem álitist hæfilegt, hver sem í hlut ætti. Þeir eiga að borga skyldur og skatta af jörðinni, eins og hver annar leiguliði.

H. framsögumaðr (Þ. J.) hefur talað svo skýrt fyrir viðaukatill. þessari, að jeg hef eigi miklu við það að bæta, og engin mótmæli hafa komið fram gegn henni. Mjer er það auðvitað ljóst, að þetta er eigi meira en hálf trygging fyrir því, að læknar geti fengið hentugt jarðnæði, en það er þó betra en um það væri alls ekkert ákveðið. Nokkur trygging fæst með því fyrir, að læknar hafi einhverstaðar höfði sínu að að halla, er þeir koma í hjeruðin. Sýslunefndir geta haft vakandi auga á því, ef hentug umboðsjörð er til í hjeraðinu, að sæta tækifæri að ná henni fyrir bústað handa læknunum. Það er óheppilegt, að læknar þurfi að flækjast hingað og þangað, án þess að geta fengið hentugan samastað, — stundum fjelitlir og hafa eigi ráð til að taka til ábúðar stóra og erfiða jörð — og verða svo loks að lenda á óhentugum stað í hjeraði sínu.

Jeg vona, að till. þessi sje þó betri en ekki neitt og að þessu sinni álítum við ekki, að hægt væri meira að gjöra í þessu tilliti.

Jón Hjaltalín: Jeg ætla að eins að minnast lítið eitt á nokkrar breyt.till. á þingskj. 192. Það er þá fyrst breyt.till. við 1. gr. 1. línu, að fyrir „læknishjerað“ komi „læknahjeruð“. Á þessa orðabreyt. get jeg ekki fallizt, því þetta er ekki rjett mál, eða hafa h. þingd.menn t. d. heyrt sagt: „Í þessu húsi voru 21 menn“? Jeg fyrir mitt leyti hef aldrei heyrt slíkt mál.

Þá er önnur breyting við sömu grein, að í staðinn fyrir að endurtaka orðið „hreppur“ allstaðar í 1. tölul. komi: „Seltjarnarnes-, Bessastaða-, Garða- og Mosfellshreppar“. Með þessu kemst að vísu samræmi á frv., en ekki batnar málið við þessa breytingu.

Enn er þriðja breytingin við 1. gr. sú, að depill komi í stað semikolons eptir hverjum tölulið. Fyrir þessa breytingu er jeg þakklátur, því mjer er meinilla við allar semikommur, og veit aldrei, hvar jeg á að setja þær. Hvað hinar breyt.till. snertir, hef jeg ekkert við þær að athuga.

Hallgr. Sveinsson: Það eru að eins 2 litlar athugasemdir, sem jeg ætla mjer að gjöra að þessu sinni. Önnur þeirra er við breyt.till. mína á þingskj. 192 við 2. gr., þar sem stendur, að í staðinn fyrir: „Í hvert læknisumdæmi“ komi „í hvert læknahjerað“. Þetta mun vera prentvilla, sem sjá má á orðinu „læknisumdæmi“, því „hjerað“ kemur hjer í staðinn fyrir „umdæmi“, en orðið á að öðru leyti að vera óbreytt og á því að standa „læknishjerað“. Hin athugasemdin var út af orðunum „að undanskildum“ í 41. tölul. 1. gr. H. deild hefur samþ., að þetta orð skyldi alstaðar gjört útlægt og óhafandi og hefur nefndinni orðið mikið ágengt í ófriðnum gegn þessu orði, en þó hefur henni yfirsjezt með eitt af þessum illræmdu orðum, er þó enn þá er eptir í 41. tölul., og mun öllum koma saman um, að það ætti ekki að vera rjetthærra þar en annarsstaðar.

Mjer væri því kært, ef h. forseta og öðrum, h. þingd.mönnum gæti komið saman um að þetta orð, sem svo margir dómar hafa gengið yfir, mætti falla einnig á

þessum stað með öðrum bræðrum sínum, svo að þetta illræmda orð „að undanskildum“, megi að öllu leyti vera horfið, áður en frv. kemur til systurdeildarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.til. (C 192) við 1. gr. 1. línu samþ. með 7 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu.

Já.	Nei.
Hallgr. Sveinsson,	J. A. Hjaltalín,
Jón Jakobsson,	Þorleifur Jónsson,
Kristján Jónsson,	Guttormur Vigfússon.
L. E Sveinbjörnsson,	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson.	

Jón Jónsson 2. þm. Norður-Múlas. greiddi eigi atkv. og var því talinn með meiri hlutanum.

Breyt.till. (C 192) við 1. gr. 1. tölul. samþ. með 8 samhlj. atkv.; breyt.till. (C 192) um að depill komi í stað semikolons á eptir hverjum tölul. samþ. með 8 samhlj. athv.; 1. br.till.n(C 191) við 1. gr. 8. tölul. samþ. án atkv.gr.; 2. br.till. (C 191) við 1.gr.14.tölul. samþ. í e.hlj.; 3. br.till. (C 191) við 1. gr. 15. tölul. samþ. án atkv.gr.; 4. br.till. (C 191) við 1. gr. 23. tölul. samþ. í e. hlj.; 5. br.till. (C 191) við 1. gr. 24. tölul. samþ. í e. hlj.; 6. br.till. (C 191) við 1. gr.25.tölul. samþ. með 8samhlj.atkv.; 7.br.till. (C 191) við 1. gr. 26. tölul. samþ. í e.hlj; 8.br.till.(C 191)við 1.gr.26.tölul. samþ.í e.hlj.; 9. br.till. (C 191) við 1. gr. 29. tölul. samþ. í e. hlj.; 10. br.till. (C 191) við 1. gr. 33. tölul. samþ. í e. hlj.; 11. br.till. (C 191) við 1.gr.39. tölul.samþ.án atkv..gr.; Samþ. án atkv.gr. að í stað orðsins „að undanskildum“ 1. gr. 41. tölul. komi „nema“; fyrri br.till. (C 192) við 2. gr. samþ. í e. hlj.; viðaukatill. (C 193) við 2. gr. samþ. í e. hlj.; 12. br.till.n (C 191) við 2. gr. 2. málsgr. samþ. í e, hlj.; 13. br.till. (C 191) við 2. gr. 3. málsgr. samþ. í e. hlj.; síðari br.till. (C 192) við 2. gr. samþ. í e. hlj.; br.till. (C 192) við 3. gr. 1. málsgr. samþ. í e. hlj.; 14. br.till.(C191) við 3. gr. 3. málsgr. samþ. í e. hlj.; 15. br.till. (C 191) við 3. gr. 4. málsgr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 16. br.till. (C 191) viðbót við 3. gr. samþ. í e. hlj.; fyrri br.-till. (C 192) við 4. gr. samþ. í e. hlj.; síðari br.till. (C 192) við 4. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 17. br.till. (C 181) við 5. gr. 5. tölul. samþ. í e. hlj. Frv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Átjándi fundur, mánudag 26. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um lækkun á fjárgreiðslum þeim, er hvíla á Holtsprestakalli (C 205) 3. umr.

ÁTKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj og afgroitt til Nd.

Frv. til laga um endurgreiðslu á eptirlaunum frá Hólmaprestakalli (C 206); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum (C 198); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosn. samþ. með 9 samhlj. atkv. og hlutu kosningu:

Hallgr. Sveinsson með 6 atkv.
L. E Sveinbjörnsson — 6 — og
Þorkell Bjarnason — 6 —

eptir hlutkesti milli þeirra og Sigurðar Stefánssonar, sem einnig hlaut 6 atkv.

Frv. til laga um skipti á 7 hndr. í Nesi og kirkjujörðinni Grænanesi (C 101; 1. umr.

Hallgr. Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að frv. þetta er komið frá stjórninni, eptir að málaleitun hafði fram farið af hlutaðeigandi presti um að skipta á þeim jarðarhundruðum, sem lands-

sjóður á í jörðinni Nesi og kirkjujörðinni Grænanesi, og eptir að hlutaðeigandi hjeraðsfundur hafði fjallað um málið og mælt með því ásamt stiptsyfirvöldunum og landshöfðingja. Neðri deild hefur afgreitt þetta mál eptir að hafa kosið nefnd í það, sem komst að þeirri niðurstöðu, að eptir ástæðum í frv. stjórnarinnar, væri æskilegt að jarðaskipti þessi fengju framgang. Málið er afareinfalt og sje jeg því ekki ástæðu til að nefnd þurfi að kjósa í það, þar sem jeg vona, að h. deild hafi ekkert við það að athuga.

Mál þetta er svo vaxið, að Skorrastaðakirkja í Norðfirði fauk fyrir nokkru og var þá ákveðið að flytja bæði kirkjuna og preststsetrið þaðan og að Nesi í Norðfirði, sem er betur í sveit komið, vegna þess að það liggur nærri miðri sókninni og þangað safnast einnig fólk saman til útræðis, svo ekki er ólíklegt, að þar geti myndazt fiskimannaþorp, sem engar líkur eru til, að geti átt sjer stað á Skorrastað. Að fengnu leyfi hefur kirkjan nýlega verið reist að Nesi í Norðfirði.

Jeg vona nú að flestir játi, að þegar kirkjan er byggð á Nesi og presstsetrið flutt þangað, sje rjett að stuðla að því, að kirkja og preststsetur geti orðið þar til frambúðar, með því að kirkjan eignaðist sjálf lóð fyrir kirkjugarð og kirkjustæði, því þó það væri leyft frá landssjóðs hálfu, að kirkjan væri byggð í Nesi, þá er það þó eðlilegra og frjálsara, að kirkjan eignaðist lóðina. Að sönnu er kirkjujörðin Grænanes hærri að mati en landsjóðseignin í Nesi, en þó hefur þetta ekki verið því til fyrirstöðu, að farið hefur verið fram á þessi skipti, því hlutaðeigendur hafa álitið, að þó eptirgjald það, sem landssjóður fengi eptir skiptin, væri nokkru ríflegra en eptirgjaldið eptir Nes, þá jafnaðist prestakallinu sá halli við hag þann, er það hefði af því að eignast sjálft jörðina og að Nes yrði preststsetur; en Nes er nú skipt, sumpart bændaeign, en eign landssjóðs eru þau 7 hundruð, sem hjer er um að ræða.

Jeg vona, að h. deild sinni málinu og greiði því sem beztan byr, því málið er áhugamál, bæði prests og safnaðar og er mjer því mjög annt um það og vil gefa því hin beztu meðmæli mín.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri (C 202); 1. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg held að frv. þetta miði naumast til bóta, frá því fyrirkomulagi, sem nú er, að hreppsnefndir hafi umsjón með eyðingu refa, undir yfirumsjón sýslunefnda. Jeg veit ekki dæmi til þess, að hreppsnefndir hafi vanrækt þessa skyldu sína, en hafi þær gjört það, hefur sýslunefndunum verið innan handa, að áminna þær um, að gæta hennar. En það er bersýnilegt, að hreppsnefndir hafa staðlega þekkingu, sem þá menn hlýtur að vanta á stundum, sem kjósa á til að hafa þessa umsjón og framkvæmd á hendi. Einnig mundi þetta nýja fyrirkomulag verða dýrara; hinir kosnu menn mundu ekki hafa minna undir en 3 hreppa hver og yrði því töluverður kostnaður við ferðir þeirra milli hreppanna. Viðvíkjandi hinum einstöku atriðum frv. get jeg ekki leitt hjá mjer, þó þetta sje við 1. umr. að benda á ákvæðið í 1. gr. um, að eitrun fyrir refi skuli fara fram að minnsta kosti tvisvar á ári. Þetta ákvæði er ekki heppilegt; það getur komið fyrir að ómögulegt sje að eitra svo að gagni sje, sökum þess að veðurátta er snjóa- og frostalítil, því tóur ganga þá ekki að eitrinu, þær hafa nóg æti, þegar tíð er góð og vilja þá alls ekki hreyfa við hinu eitraða kjöti. Að eins í harðindatíð er gagnlegt og gjörlegt að eitra, og bezt mun að eitra rjúpur, svo sem nú er orðið altítt. Að lögskipa eitrun tvisvar á ári er því mjög óhyggileg ákvörðun. En hvernig fer nú,

þegar þessir kosnu menn eiga að fara að eitra. Fyrst verða þeir, ef með rjúpu er eitrað að skjóta þær og eitra þær, svo verða þeir að ferðast á milli hreppanna Allt þetta tekur langan tíma, svo vel gæti farið svo, að hláka væri komin, áður en allt þetta væri komið í kring eða þeir væri búnir að ljúka því svæði, sem þeir ættu yfir að fra. Þetta gengur allt fljótara, þegar hreppsnefndirnar sjálfar eiga að sjá um eitrunina hver hjá sjer, því hreppsnefndunum er innan handar, að hafa menn, sem strax, þegar harðindin koma, skjóta rjúpuna og eitra hana. Jeg held því að frv. nái ekki tilgangi sínum og mundi enn fremur verða þess valdandi, að útgjöldin við eyðingu refa komi mjg órjettlátlega niður á hina ýmsu sýsluhluta, t. d. Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem svo er ástatt, að 4 nyrðri hreppar sýslunnar verða að bera mun hærra sýslusjóðsgjald, en 8 hinir syðri. Á hinn bóginn eru veiddir færri refir í norðurhreppunum en suðurhreppunum, svo að jafnvel undir núverandi lögum hefur sýslunefndin orðið að hlaupa undir bagga með suðurhreppunum og veita þeim fje til eyðingu refanna, því heimild er fyrir því í reglugjörð sýslunnar um eyðingu refa. En yrði þetta frv. að lögum, kæmi meira en helmingur alls kostnaðarins á norðurhreppana. Eins og nú er ástatt, koma 20 a. á hvert mannsbarn í 4 nyrztu hreppum sýslunnar, en 7 aurar á hvern mann í 8 syðstu hreppunum, og eptir sama hlutfalli kæmi þá refakostnaðurinn á. Hvað undirbúning málsins snertir, þá lítur út fyrir, að meiri hluti sýslunefndanna telji ekki nauðsynlegt, að ný lög komi hjer í stað hinna gömlu ákvarðana, þar sem 9 sýslunefndir voru á móti breytingu, en að eins 8 með henni, en 3 eða 4 voru þær sýslunefndir, sem ekkert álit kom frá. Þó álít jeg, að munurinn mundi hafa orðið meiri, ef álita hreppsnefndanna hefði verið leitað, því flestar þeirra mundu hafa orðið á móti breytingu af þeirri ástæðu, að þær munu hafa álitið málið eins vel komið í sínum höndum, eins og manna, sem þar til væru kosnir.

Hallgr. Sveinsson: Jeg skal játa, að jeg ber ekki mikið skynbragð á þetta mál, þar sem jeg ekki hef dvalið í sveit, síðan jeg var unglingur. Þó virðist mjer varhugavert, að vísa frv. þessu frá 2. umr., eins og h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) fór fram á, enda væri það óviðfeldið eptir undirbúningi þeim, sem mál þetta hefur fengið, þar sem það hefur verið borið undir sýslunefndir, amtsráð og landshöfðingja og verið vel tekið í h. neðri deild, sem hefur komið með ýmsar breytingar til að gjöra málið betur úr garði. Á málinu sjálfu hef jeg, eins og áður er sagt, ekki verklega þekkingu, en jeg þykist skilja, að eigi muni heppilegt, að fela hverri einstakri hreppsnefnd eitrunina á hendur, þar eð með því mundi ekki verða eins góð samvinna milli hreppanna, eins og æskilegt væri, því eins og kunnugt er, haldast refir opt við á afrjettum, sem eru sameiginlegir fyrir fleiri hreppa; og sú hætta liggur því nærri, eptir hinu núverandi fyrirkomulagi, að eigi sje gengið nógu ötullega fram í útrýmingu refa á þessum sameiginlega afrjetti, þegar ekki er unnið í sameiningu, heldur hver hreppur vinnur fyrir sig, enda eru menn jafnan deigari til framkvæmda, þegar þeir sjá, að þeir ekki eingöngu eða nánast vinna fyrir sjálfa sig, heldur fyrir bræður sína. 3 af hinum 4 amtsráðum voru algjört með breytingu á hinum núverandi lögum, af því að þau álitu, að hin stærri fjelög, sýslunefndir og amtsráð, mundu ganga ötullegar fram, heldur en hin smærri fjelög, hreppsnefndirnar, sem eptir því sem tekið hefur verið fram í Nd., hafa gengið slælega fram í þessum efnum. Það atriði, að 3 af hinum 4 amtsráðum hafa verið með breytingunni, tel jeg þýðingarmeira en hitt, að 9 sýslunefndir hafa verið á móti, en að eins 8 með; því að hin stærri fjelög

eru vanalega ekki eins hlutdræg í slíkum málum, þar sem um kostnað er að ræða, eins og hin smærri. Þetta, að flytja útgjöldin frá hreppsnefnd yfir á sýslunefnd, er einnig í samræmi við þann hugsunarhátt, sem hingað til hefur verið ríkjandi, að láta hið stærsta fjelagið, landssjóð, bera sem flestar byrðar, eða þá jafnaðarsjóðinn, sem er hið næst-stærsta.

Látum nú svo vera, að ýms ákvæði í frv. sjeu miður heppileg, þá virðist samt betra, að nefnd sje sett í þetta mál, en þó vil jeg ekki strax stinga upp á nefnd, ef fleiri, sem hafa líka skoðun á málinu og jeg, vildu láta álit sitt í ljósi um það.

H. 6. kgk. (Þ. B.) tók það fram sem meðmæli með því, að hreppsnefndir hefðu allar framkvæmdir í þessu efni, að þær væru kunnugastar öllum staðháttum í hverri sveit. Þetta mun efalaust rjett vera, að hreppsnefndir sjeu kunnugri en sýslunefndir í hverri sveit, en mjer er ekki ljóst, hvers vegna þessi kunnugleiki getur ekki komið sýslunefndunum til gagns einmitt eptir ákvæðum þessa frv. Væri enn fremur ástæða til þess fyrir sjerstök hjeruð, að gjöra sjerstök ákvæði, eins og h. þm. gat um, að nauðsynlegt væri, t. d. fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, þá mætti skjóta slíkum ákvæðum inn í frv., sem í aðalatriðum sínum gengur í rjetta átt, með því að fara fram á, að kjósa vissa menn til þessa starfa, sem hreppsnefndir og einstakir menn væru skyldir til að gefa allar nauðsynlegar upplýsingar.

Sigurður Stefánsson: Jeg þekki töluvert til þessa máls, þar sem jeg um langan tíma hef haft á hendi sveitarstjórnarstörf og er auk þess úr þeim hluta landsins, þar sem líklega mest er af refum.

Jeg er alveg á sama máli og h. 6. kgk. (Þ. B.) og vil skírskota til laga frá 22. marz 1890 um reglugjörðir sýslunefnda; þar er sýslunefndum gefið óbundið vald til að semja reglugjörðir um eyðing refa. Með þessum lögum er mjög hyggileg stefna tekin og sá sannleikur viðurkenndur, að það, sem við á í einni sýslu, sje stundum ekki heppilegt í annari, vegna mismunandi tíðarfars, landslags o. fl., og þess vegna sje það heppilegra, að sveitastjórnirnar hafi löggjafarvald í slíkum málum, en að almenn lög sjeu gefin um þau. Mjer finnst varhugavert, að breyta nýjum lögum sem þessum, sem nú fyrst eru að koma til framkvæmda. Þær reglugjörðir, sem samdar hafa verið samkvæmt lögum 22. marz 1890 eru sönnun fyrir því, að ekki sje heppilegt að gefa almenn, bindandi lög um slík efni og þetta, því að allar þessar reglugjörðir eru töluvert mismunandi og sjerstakar fyrir hvert einstakt hjerað. Jeg álít engri sýslunefnd vorkun á, að hafa eptirlit með, að hreppsnefndirnar vanræki ekki skyldur sínar í þessu efni, og að minnsta kosti væri það ekki rjett, að fara að semja ný lög vegna þess, að hinum gömlu hafi ekki verið hlýtt, því að slíkt væri að láta eptir hirðuleysi manna. Það er heldur engin vissa fyrir því, að hinum nýju lögum yrði betur hlýtt en hinum gömlu og engin sönnun fyrir því, að lögin sjeu slæm, að þeim hefur á stöku stað verið illa fylgt. H. 6. kgk. (Þ. B.) gat þess, að frv. þetta mundi hafa aukinn kostnað í för með sjer. Í þennan kostnað mundi jeg ekki horfa, ef full trygging fengist fyrir því, að það betur en hin núverandi lög stuðlaði að eyðing refa. En jeg er ekki á þeirri skoðun, að frv. þetta hafi slíkar afleiðingar, heldur mundu afleiðingarnar miklu fremur verða almennara hirðuleysi, því að sumum hreppsnefndunum mundi með þessum lögum finnast ljett af sjer eptirliti og framkvæmdum til eyðingar refum, og hugsa sem svo: Nú höfum við fengið sjerstaka eitrunarmenn og þurfum því ekki að hugsa meira um þau störf, og eitrunarmennirnir mundu að sínu leyti treysta framkvæmdum hreppsnefndanna og því fara sjer hægt í starfi sínu. Afleiðingin mundi sem sagt verða

almennari vanræksla en nú á sjer stað. Jeg er h. 6. kgk. (Þ. B.) samdóma um það, að marga vetur er tilgangslaust að eitra, nfl. þegar þíður ganga og frostleysur, og að lögskipa eitrun tvisvar á ári væri því að eins til að auka mönnum kostnað, en ekki til að eyða refum. Að öðru leyti er það aðgætandi viðvíkjandi kostnaðinum, að hann að vísu getur verið tilfinnanlegur fyrir sýslufjelögin, en þó yrði hann ef til vill enn þá tilfinnanlegri fyrir einstaklinginn, ef frv. yrði að lögum, þar sem hinir kostnu eitrunarmenn yrðu opt að takast langar ferðir á hendur á vetrum og ef til vill vanrækja heimili sitt og það fyrir smánarlega borgun eða að eins 2 kr. á dag. Afleiðingin af frv. yrði tvöfaldir refatollar, nfl. sá kostnaður við eyðingu refa, er greiðast ætti úr sýslusjóði, og kostnaður sá, sem hreppsnefndirnar hefðu við að framfylgja reglugjörðunum. Við 2. umr. þessa máls skal jeg nákvæmar ganga inn á einstök atriði, en að þessu sinni láta mjer lynda, að enda með nokkrum orðum viðvíkjandi undirbúningi þessa máls; að vísu hefur hann verið rækilegur, en þó get jeg ekki fallizt á skoðun h. 2. kgk. (H. Sv.), að meira sje vert um álit amtsráðanna en sýslunefndanna, því þar sem 9 sýslunefndir voru á móti breytingum á núverandi lögum, þá finnst mjer það ljós vottur um það, að mikill hluti landsmanna sje því mótfallinn, að hverfa frá þeirri stefnu, sem þingið hefur nýlega tekið í þessu máli, og þeim sýslunefndum, sem mælt hafa á móti nýrri lagasetningu, myndi þykja þessum lögum neytt upp á sig. Í Ísafjarðarsýslu veit jeg til þess, að menn mundu kunna þinginu óþökk, en ekki þökk, fyrir slík lög.

Nd. var engan veginn eindregið með þessu máli, því að það var að lokum að eins marið í gegn með 13 atkv., og það bendir ekki á, að þetta hafi verið deildinni áhugamál, enda hef jeg heyrt marga Nd.-þm., og það mjög skynsama menn, segja, að þeir alls ekki mundu reiðast Ed., þótt hún felldi málið með öllu.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 7 samhlj. atkv. og hlutu kosningu:

Sigurður Stefánsson með 8 atkv.
Þorleifur Jónsson — 7 —
Þorkell Bjarnason — 5 —

Frv. til laga um innheimtu á tekjum presta (C. 115, 207); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Jeg skal að eins leyfa mjer að mæla fáein orð um frv. þetta, en vísa að öðru leyti til nefndarálitsins. Eins og h. þingdeildarmenn sjá, hefur nefndin ekki fundið ástæðu til að gjöra miklar breytingar við frv., en hefur yfir höfuð fallizt á það í öllum aðalatriðum þess, því að henni virtist ekki, að innheimtu á tekjum presta yrði ráðið til lykta á heppilegri hátt, en að fela hana sýslumönnum á hendur, jafnvel þótt nefndin játi, að gjöra hefði þurft gagngjörðar breytingar viðvíkjandi tekjum presta í heild sinni, og að það sje óheppilegt fyrirkomulag, að prestar eru neyddir til að innheimta sjálfir tekjur sínar; en nefndinni virtist álitamál, hvort hægt væri að koma þessu máli í hagfelldara horf. Auðvitað væri eðlilegast og í beztu samræmi við launakjör annara embættismanna, að hin fornu og úreltu lög um tekjur presta væru numin úr gildi og að prestarnir fengju laun sín úr landssjóði, og þess veit jeg að margir prestar óska. En nefndin treystist þó ekki til að koma með þessa breytingu, þar sem engar nýjar skýrslur um tekjur presta liggja fyrir, en þær skýrslur, sem til eru, orðnar gamlar, en nýjar skýrslur verða brátt samdar, þar sem endurmat á brauðum á að fara fram á hverjum 15 ára fresti, og slíkt endurmat er nú fyrir dyrum. Það er að eins eitt atriði, sem nefndinni virtist íhugunar-

vert, nfl. það, að tíund af fasteignum er ekki ávallt fallin í gjalddaga á vorin svo snemma sem manntalsþing fara fram; en hins vegar virtist henni, að ráða mætti með hægu móti bót á því atriði og hefur hún því ráðið h. deild til að gjalddaganum sje lítið eitt breytt, þannig, að hann sje fluttur frá fimmtudegi, er 4 vikur eru af sumri til 10. dags aprílmánaðar, og gat nefndin ekki sjeð, að þetta gæti valdið neinum óþægindum, enda eru dæmi til þess í öðrum lögum, að gjalddaga hafi verið breytt; þannig hefur gjalddagi á tekjum kirkna nýlega verið fluttur töluvert fram á við og settur á síðasta dag ársins; og þegar hjer er að eins um fárra daga breytingu á gjalddaganum að ræða er ekki ástæða til að ætla, að það verði neinum óþægindum bundið.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, en vil sem flutningsm. og frams.m. þess óska, að það fái gott fylgi hjer í deildinni og að það fái að ganga hiklaust gegnum allar umr. og hjeðan til h. Nd.

ATKVÆÐAGR: Málinu vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frv. til laga um mæling vega (C. 208); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vildi að eins láta í ljósi, að mjer virðist ráðstöfun sú, sem fellst í frv. þessu, eðlileg og hagfeld. Að vísu hefur frv. orðið í Nd. fyrir töluverðum breytingum, sem í sumum atriðum hafa orðið til bóta, en það er vafasamt, hvort þær sjeu allar hagfelldar og hvort ekki sje ástæða til að íhuga frv. betur.

Þegar vjer erum komnir svo langt, að fá þó ekki sje nema nokkra vegaspotta, sem líkja má við þjóðvegi annara þjóða, er ástæða til að setja mörk á þá, svo að þeir, sem um þá fara, geti vitað, hve langir vegirnir eru, og hvar þeir eru staddir.

Hjer ræður í flestum tilfellum óvissa um það, hve vegirnir eru langir; þeir hafa verið taldir í þingmannaleiðum og bæjarleiðum; en bæjarleiðirnar eru svo mislangar, að sumar þeirra má fara á 10 mínútum, en sumar er ekki hægt að fara á skemmri tíma en heilli klukkustund. Á sjó er miðað við vikur sjávar, en allar þessar vegalengdir eru óvissar og settar mjög af handahófi út í bláinn.

Að sönnu hefur þingmannaleið fengið ákveðið gildi og verið talin 5 mílur danskar, en erfiðleikar hafa allt til þessa verið á að ákveða þessar vegalengdir í framkvæmdinni og hinar svonefndu þingmannaleiðir eru mjög mislangar. Reyndar má mæla þær út á uppdrætti landsins, en bæði eru ýmsir gallar á honum og vegirnir ekki í beinni línu, svo að þótt uppdrátturinn væri góður, getur mælingin ekki orðið svo nákvæm sem skyldi, og er því gott að ákveða, að rjett mæling á vegunum fari fram samhliða vegagjörðunum

Í frv. eru ýms önnur atriði, sem ekki má fara út í við þessa umræðu, t. d. frá hvaða stöðum mælingarnar sjeu taldar, á hvaða mælingamótum merkin sjeu sett, svo sem með 1 eða 5 kílómetra millibili, og hvar þau merki sjeu sett, sem sýna áttirnar á mælingamerkjunum; en öll þessi atriði koma til greina við næstu umræðu málsins.

Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning felld með 8 : 3 atkv. Málinu vísað til 2. umr. með 7 samhlj. atkv.

Nítjándi fundur, þriðjudag 27. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 209); 1. umr.

Jón Jakobsson: Frv. þetta er þá komið enn einu sinni inn á þing. Það er gamall kunningi. Mun vera um 30 ár

frá því það kom inn á þing í fyrsta sinn, eptir því sem jeg framast veit. Um það hafa optast orðið allmiklar umræður á þinginu og ættu því allar hrókaræður um það að vera úr þessu öldungis óþarfar. Jeg býst við því, að þeim mönnum sje frv. kappsmál, sem hafa trú á, að það mundi hafa gagnlegar afleiðingar, ef það yrði að lögum; en jeg verð að biðja velvirðingar á því, að jeg get ekki verið í flokki þessara manna. Jeg hef skoðað mál þetta frá öllum hliðum, eptir því sem jeg hef frekast mátt til, hlýtt á ræður um það og lesið það, sem um það hefur verið sagt, en jeg hef ekki getað fundið gildar og góðar ástæður fyrir því enn þá. Það eru nú líkur til, að frv. þessu muni reiða af í þessari h. þingd. á líkan hátt og á síðasta þingi, því að hjer sitja inni hinir sömu þingmenn sem þá; en með því að um frv. urðu litlar umræður hjer þá, vildi jeg nú gjöra í fáum orðum grein fyrir atkvæði mínu og hvað það einkum er, sem jeg finn að frv. þessu.

Í fyrsta lagi finn jeg það að því, að þó að yrði samþykkt og fengi staðfestingu, get jeg ekki skilið, að það mundi í framkvæmdinni hafa þann árangur, sem meðmælendur þess gjöra sjer svo háar vonir um, sem sje þær, að festa kapítalið í landinu, — sporna við því, að arðurinn af verzlun hjer á landi aðallega rynni til útlanda hjer eptir sem hingað til. Að sjálfsögðu mundu sumir auðmenn útlendir, sem hjer reka verzlun, flytja sig hjeðan alfarnir, en þeir mundu áður selja verzlanir sínar og hafa svo á burt með sjer kapítal sitt, andvirðið fyrir verzlanir sínar.

Í öðru lagi hygg jeg, að þótt ekki yrði nú farið í kringum lögin og allir kaupmenn yrðu sannarlega búsettir í landinu sjálfu, mundi eptir sem áður arðurinn af íslenzkri verzlun streyma út, bæði sem umboðslaun (Commissions-laun), vextir af lánsfje, er kaupmenn yrðu að taka í útlöndum o. s. frv. Jeg þekki persónulega eitt dæmi til þess nýlega, að innlendur kaupmaður, er komizt hefur í álnir og rekur hjer stóra verzlun, hefur nú alvarlega í hyggju, að búsetja sig erlendis, af því hann álítur það gróðavænlegra fyrir sig, að spara á þann hátt umboðslaunin og að hafa hjer á landi verzlunarstjóra fyrir sína hönd.

Í þriðja lagi óttast jeg fyrir, að lög þessi muni leiða til misbrúkunar, eins og jafnan er hætt við um lög, sem lengra ganga en frelsistilfinning manna óskar, og afleiðing þeirra verði sú, að verzlanirnar muni eigi ósjaldan sigla undir fölsku flaggi.

Í fjórða lagi virðist mjer það ósanngjarnt, að samþegnum vorum, Dönum, skuli bannað að reka hjer verzlun, nema þeir sjeu hjer búsettir, þar sem Íslendingum er heimilt að reka verzlun í Danmörku, þótt þeir sjeu ekki búsettir þar. Þetta er ekki jafnrjetti. Loks finn jeg þann agnúa á því í fimmta lagi, að mjer virðist það ópólitiskt og óhyggilegt, að keppast við að fá þessu máli framgengt einmitt á þeim tíma, þegar hæst standa tilraunir vorar til þess að ná samkomulagi við Dani um þjóðrjettindi landsins. Vjer vitum það, að Danir líta mjög óhýrum augum til þessa frv., og á ríkisþingi þeirra var 1894 vitnað í frv. þetta sem ástæðu á móti því, að aukinn væri kostnaðurinn, er Danir hafa við varðskipshald hjer við landið.

Af þessum ástæðum er það, að jeg verð að biðja góða menn velvirðingar á því, þótt jeg geti ekki verið með frv., eins og það liggur nú fyrir.

En þar sem hjer er um þýðingarmikið mál að ræða, sem er verzlunarmál landsins, virðist mjer full ástæða til að kjósa nefnd til þess að íhuga það, enda er það bæði kurteisara gagnvart meðmælendum þess, og eins er á hitt að líta, að þessi h. þingd. kaus ekki nefnd í það á síðasta þingi, heldur felldi það því nær umræðulaust.

Jeg vil leyfa mjer, úr því að engir fleiri biðja um orðið, að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að setja 3 manna nefnd, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Guttormur Vigfússon,	Hallgr. Sveinsson,
Jón A. Hjaltalín,	L. E. Sveinbjörnsson,
Jón Jakobsson,	Þorkell Bjarnason.
Jón Jónsson,	
Kristján Jónsson,	
Sigurður Jensson,	
Sigurður Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Kosnir voru í nefndina:
Jón Jakobsson með 9 atkv.
Sigurður Jensson með 7 atkv.
Kristján Jónsson með 7 atkv.

Frv. til laga um bólusetningar (C 199); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um umsjón og fjárhald nokkurra landsjóðskirkna (C. 215); 1 umr.

Guttormur Vigfússon: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að velja 3. manna nefnd með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guttormur Vigfússon,	Jón A. Hjaltalín,
Jón Jakobsson,	Hallgr. Sveinsson,
Jón Jónsson,	Kr. Jónsson,
Sig. Jensson,	L. E. Sveinbjörnss.
Sig. Stefánsson,	Þorkell Bjarnason,
Þorleifur Jónsson,	

Kosning hlutu:
Hallgrímur Sveinsson með 9 atkv.
Þorleifur Jónsson með 6 atkv.
Guttormur Vigfússon með 4 atkv.

Frv. til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum söfnunarsjóðs Íslands (C. 218); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um breytingu á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 216); 1. umr.

Jón Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til þeirrar nefndar, sem skipuð hefur verið áður til að íhuga annað frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að vísa málinu til þeirrar nefndar.

Frv. til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi (C. 219); 1. umr.

Jón Jakobsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að geta þess viðvíkjandi frv. þessu, að jeg álít fyllstu ástæðu til að skipuð verði nefnd til að íhuga það betur, bæði af því, að jeg álít sum ákvæði þess óheppileg og get jeg því fyrir mitt leyti ekki fellt mig við þau, og svo hygg jeg, að finna mætti aðra heppilegri vegi til að takmarka nautn áfengra drykkja, en hér er stungið upp á. Ennfremur hef jeg heyrt sterkan áværing um það, að sumir neðri deildar menn, sem hafa látið það sigla gegnum þá deild, hafi alls ekki verið ánægðir með það. Þess vegna er það tillaga mín, að nefnd verði kosin í það á sínum tíma.

Sigurður Jensson: Jeg fyrir mitt leyti tel frv. þetta vera til bóta og jeg álít nauðsynlegt að fá lög um þetta efni. Jeg hygg, að allir muni vera samdóma um, að nauðsyn beri til að setja einhver takmörk um sölu áfengra drykkja, og að ekki sje heppilegt að fjölga allt of mikið þeim stöðum í landinu, þar sem áfengi er selt. Eins og menn vita, er allt af verið að löggilda nýja verzlunarstaði; og það sem gjörir mig tregan til að samþykkja

þessar mörgu löggildingar, það er hugsunin um það, að með því er fjölgað áfengis-sölustöðum í landinu; því að það mun ekki hægt að bera á móti því, að því fleiri sem slíkir staðir eru, því meira vex nautn áfengra drykkja. Jeg þekki nokkra verzlunarstaði, þar sem ekkert áfengi er selt. Við Breiðafjörð eru 3 slíkir verzlunarstaðir, nfl. Flatey, Skarðstöð og Ólafsvík. Kaupmennirnir á þessum verzlunarstöðum hafa tekið það upp hjá sjálfum sjer, að hafa ekki slíka sölu um hönd, og menn eru þar almennt mjög ánægðir með það, og eru kaupmönnum þakklátir fyrir, og viðurkenna, að það hafi haft góðar afleiðingar. Það er óhætt að fullyrða, að mikið gott hefur af þessu leitt, og kaupmennirnir telja það bæði hag fyrir sig og viðskiptamenn sína, að áfengið er ekki haft til sölu.

Jeg er sannfærður um, að það mundi nú vekja megna óánægju þar, ef nýr kaupmaður setti sig niður þar og færi að verzla með áfengi. En þetta getur eðlilega komið fyrir, þegar minnst varir, því að ekki þarf annað en að einhver kaupi sér borgarabrjef og fari svo að pranga með brennivín; það er mjög freistandi fyrir þá, sem svo eru gjörðir, að þeir að eins hugsa um að græða nokkrar krónur en hirða ekkert um, hvernig gróðurinn er fenginn. Þess vegna er gott, að fá þessi lög til að hindra, að hver sem vill geti ónýtt og spillt tilraunum góðra manna, sem vilja reyna til að minnka áfengisnautnina.

Það hefur verið tekið fram, að frv. þetta veiti einstökum mönnum einkarjettindi til að verzla með áfengi. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að það sje nein mikilvæg mótbára móti frv. þessu. Það eru þó allir samdóma um, að hafa einhverja takmörkun á áfengissölunni. Vjer veitum ekki hverjum og einum takmarkalaust leyfi til að verzla með áfengi; vjer leyfum t. d. ekki þeim, er sveitaverzlun hafa, að selja áfengi, og þá hafa kaupmenn í löggiltum kauptúnum einkarjettindi fram yfir þá. Það er eðlilegt, að einhver takmörk sjeu sett fyrir áfengissölunni. Með þessum lögum mundi þeim kaupmönnum, sem áfengi selja, fækka smátt og smátt, og innan nokkurra ára mundu ekki neinir hafa rjett til þessarar sölu, þar sem almenningur vildi vera laus við áfengissöluna, og það finnst mjer alveg rjettlátt.

Jeg er ekki á móti því, að nefnd verði skipuð í þetta mál, ef einhver atriði væru, sem breytingar þyrftu við, en jeg er frumv. hlynntur í öllum aðalatriðum þess.

Jón Jakobsson: Það sem jeg einkum hef á móti þessu frv. er, að það sýnir stefnuleysi, ef þingið jafnframt því, að koma með lögin um búsetu fastakaupmanna, samþykkti önnur lög, sem gæfu stærstu kaupmönnum landsins einkarjettindi, því það yrði afleiðingin af lögum þessum, að gömlu verzlanirnar einar sætu uppi með rjettinn til að verzla með áfengi, en Íslendingar, sem settu upp verzlun við hlið hinna gömlu, dönsku kaupmanna, gætu víða ekki staðizt í verzlunarsamkeppninni, þegar þeir væru sviptir sölurjetti á þeirri vöru, sem gefur beztan arðinn, jafnvel 50—100%. Lög þessi yrðu því til hnekkis hinni íslenzku verzlunarstjett, og kæmu þannig í mótsögn við stefnu þingsins að undanförnu í verzlunarmálum, sem hefur verið sú, að efla og auka íslenzka verzlunarstjett í landinu. Af þessum ástæðum er jeg á móti frv. þessu, en aptur á móti mundi mjer ósárt um, þó allar þær verzlanir, sem verzla með áfengi, yrðu að greiða hátt gjald fyrir það í landsjóð, og reynt væri að skerða vínsöluna á þann hátt, því með því væri öllum gjört jafnhátt undir höfði, en ekki sumum leyft það, sem sumum væri bannað, eins og farið er fram á í frv. Ennfremur er jeg hræddur um, að lög þessi mundu verða hættuleg í framkvæmdinni,

og leiða af sjer agitationir, æsingar og flokkadrætti, eins og opt vill verða um samþykktarlög, að minnsta kosti höfum vjer prestskosningalögin í of fersku minni og afleiðingar þeirra, til þess að ráðlegt sje að gjöra leik til að tendra meira af þeim eldi, en þegar er búið að gjöra með fyrri samþykktarlögum.

Sigurður Stefánsson: Á undanförnum þingum hef jeg ekki stutt lagaákvarðanir í bindindisátt, sökum þess, að mjer hefur fundizt gengið með þeim of nærri rjetti einstaklingsins, en um þetta frv. er öðru máli að gegna, því hjer er frelsi einstaklingsins á engan hátt skert. Skilyrði þau, sem frv. setur fyrir því, að fá rjett til þess að verzla með áfengi, finnast mjer vera mjög eðlileg, og jeg óttast alls ekki að þau verði misbrúkuð, eins og h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) ímyndaði sjer, nema ef vera skyldi, að það yrði *of* auðfengið, að fá slíkt vínsöluleyfi hjá sveitastjórnunum, en þá yrðu heldur ekki einstakir menn „priviligeraðir" eins og h sami þ. m. sagði, að yrði afleiðing frv., því ef allir gætu fengið slíkt leyfi með „agitation", væri ekki hægt að segja, að hinir eldri kaupmenn yrðu „privilegeraðir" vínsölumenn. Afleiðingin af frv. held jeg að verði að eins eðlilegir örðugleikar fyrir þá, sem að eins ætla sjer að verzla með áfengi, en þeir menn eru sorglega margir, og er þeim því miður allt af að fjölga. Hvað misrjetti viðvíkur, þá er það misrjetti að taka rjettindi af þeim, sem hafa þau, en það gjörir frv. þetta á engan hátt, þar sem það að eins á við þá, sem ætla sjer framvegis að setja verzlanir á stofn, og þar sem h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) var hræddur við að veita stóru, gömlu verzlununum sjerstakt „privilegium", þá sje jeg ekkert á móti því, að hinar núverandi verzlanir, sem margar eru, hvorki gamlar nje stórar, megi fá þennan gróða, úr því að nokkur þarf að hafa hann, en helzt vildi jeg óska þess, að engin verzlun, hvorki stór nje lítil, ung eða gömul, hefði arð af því, að selja oss Íslendingum áfengisvörur. Einnig er það aðgætandi, að hinar núverandi verzlanir vara ekki um aldur og æfi, heldur að eins einn mannsaldur í hæsta lagi, og við það hverfur áfengissalan smámsaman alveg og mundu flestir telja það til bóta. Þótt jeg því, eins og jeg sagði áður, sje á móti þvingun á frelsi og rjetti einstaklingsins, er jeg þó með þessu frv., þar sem mjer finnst það alls ekki ganga í þá átt, að skerða það.

Þó jeg geti ekki sjeð, hvernig frv. þessu verði breytt til mikilla bóta, er jeg þó ekki mótfallinn því, að nefnd verði skipuð í það.

Hallgrímur Sveinsson: Hvert það frv., sem gengur í þá átt, að takmarka áfengissöluna í landinu, án þess að misbjóða rjettindum einstakra manna, á að mínu áliti rjett á að fá fylgi allra þeirra manna, sem starfa að löggjöf landsins, því það er ekki að eins til hagsældar fyrir landið, að áfengissala minnki sem mest, heldur miðar það einnig til siðferðisbetrunar, því þess eru ofmörg dæmi, að þar sem vínnautnin vex að miklum mun, hnignar siðferðinu að sama skapi, eins og eðlilegt er, þar sem óhófleg vínnautn deyfir tilfinninguna fyrir því, sem rjett er og gott. Þetta gjörir mig hlynntan hverju því frv., sem miðar í þá átt, að draga úr áfengissölunni. Jeg álít að frv. þetta misbjóði ekki rjettindum manna, þó ef til vill mætti bæta það í ýmsum atriðum. Það er tvennt, athugavert, sem hjer hefur verið tekið fram í máli þessu í dag, þar sem því hefur verið haldið fram, að vínverzlunin væri ábatasöm mjög, og á hinn bóginn skýrt frá því, að merkir og duglegir kaupmenn hafi hætt allri áfengissölu við verzlanir sínar. Þetta virðist koma í mótsögn hvort við annað, en jeg hygg þó, að misræmið geti horfið, sje málið betur aðgætt, því hvaða kaupmenn eru það, sem hafa

hætt áfengissölunni? Það eru þeir kaupmenn, sem verzla í stórum stil, og hafa flestar eða allar þær nauðsynjavörur, sem menn geta ekki komizt af án. Þeir álíta vínið ekki neina nauðsyn fyrir neinn mann, heldur miklu fremur hættulega skaðræðisvöru, og þeir hugsa sem svo, að þegar öllu sje á botninn hvolft, verði verzlun þeirra arðsamari án vínsölu, þar sem viðskiptamenn þeirra geti betur staðið í skilum, ef þeir kaupa ekki þessa óþarfa- og skaðræðisvöru. En hvaða kaupmenn eru það á hinn bóginn, sem álíta svo mikinn arð af vínsölunni, að þeir vilja ekki missa hana? Þ[illegible] einkum, að jeg ætla þeir kaupmenn, sem hafa litla verzlun, og verzla nær eingöngu með hina skaðvænu áfengisvöru, en hafa aðrar vörur að eins til þess, að breiða yfir áfengissöluna. Reynslan sýnir, að þessa menn vantar sjaldan kaupendu, því vínfýsnin rekur hjer harðara eptir, en nokkur önnur hvöt, þar sem ofdrykkjumaðurinn hvorki svífist þess að eyða eigum sínum meðan fjárhagur hans stendur í blóma, nje sínum síðasta eyri, þegar hann er hartnær kominn á vonarvöl, til að svala þessari óstöðvandi fýsn. Þetta sjáum vjer iðulega, því opt eru þeir menn, er vjer sjáum ölvaða, svo blásnauðir, að oss verður fyrir að spyrja: „Hvernig hefur þessi maður efni á, að verða ölvaður?

Þessa síðarnefndu kaupmenn vantar því sjaldan viðskiptamenn, og arðurinn af verzlun þeirra verður eðlilega mikill, þar sem tilkostnaðurinn er optast örlítill. Þeir þurfa jafnvel ekki að hafa í einu meira en nokkrar tylftir af flöskum og nokkrar tunnur af öðru áfengi, og með þessu reka þeir nær eingöngu verzlun sína, og viðskiptamenn koma allt af til þeirra, ef ekki í birtunni, þá í dimmunni. Og jafnótt og birgðirnar þrjóta, fá þeir nýjar í staðinn. En þessa kaupmenn skiptir það ekki svo miklu, hversu viðskiptamönnum þeirra vegnar. Á meðan þeir hafa fje handa á milli, kaupa þeir og borga út í hönd, og þegar þeir þrjóta, koma aðrir í þeirra stað.

Þegar nú hinir stærri kaupmenn hafa hætt við vínsölu og smærri kaupmenn taka sjer bólfestu við hlið þeirra, til þess að verzla að eins með áfengi, og eyðileggja þannig allt það, sem hinir hafa gjört til siðferðisbóta, þá verð jeg að álíta, að hjer sje um alvarlegt mál að ræða, og það sje því ástæða til, að hlynna að því með lögum, að takmarka sölu áfengra drykkja.

Jeg er því meðmæltur, að nefnd sje kosin til þess að athuga málið, og nema þá agnúa burtu, sem vera kynnu á frv.

Jón A. Hjaltalín: Jeg get skrifað undir margt af því sem sagt hefur verið í þessu máli, ef tilgangi frv. yrði náð. En það er að eins ein spurning, sem jeg vildi koma með: Gæti ekki einn maður fengið sjer borgarabrjef á öllum löggiltum kauptúnum í landinu, og þannig fengið einkaleyfi til ótakmarkaðrar vínsölu? En betra væri að leggja þungt gjald á þá, sem selja vín, ef þetta gæti átt sjer stað. Að öðru leyti leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþ. í e. hlj. og hlutu kosningu:

Jón Jakobsson með 7 atkv.
Sigurður Jensson með 7 atkv.
Sigurður Stefánsson með 6 atkv.

Tuttugasti fundur, miðvikudaginn 28. júlí, kl. 1. e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um skipti á 7 hundruðum í Nesi og kirkjujörðinni Grænanesi (C. 201); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um innheimtu á tekjum presta (C. 115, 207); 2. umr.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): Jeg finn eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. þetta eða nefndarálitið. Eins og jeg minntist á við framhald 1. umr., hefur nefndin eigi breytt nema einu ákvæði í frv., en sú breyting er í því fólgin, að nefndin hefur sett nýjan gjalddaga á tíund. Það er tekið fram í 3. síðustu málsgrein nefndarálitsins, að nefndin hafi fundið ástæðu til að breyta gjalddaganum á preststíund, með því að flytja hann örlítið fram, svo að það aldrei geti komið fyrir, að tíund þessi yrði ekki komin í gjalddaga, þegar sýslumenn halda manntalsþing í hinum ýmsu sýslum landsins. Að vísu mun sá tími vera nokkuð mismunandi, er manntalsþing eru haldin á, en það mun þó aldrei vera gjört svo snemma, að þessi gjalddagi sje ekki liðinn, sem til er tekinn í nefndarálitinu, nfl. 10. dagur aprílmánaðar. Nefndin gat eigi sjeð, að nein vankvæði væru á þessum gjalddaga, eða að það gæti komið í bága við framkvæmd laganna. Nefndin var samdóma mjer, sem flutningsm. þessa máls um það, að ákvæði þessara laga væru til nokkurs ljettis fyrir prestana, án þess þó að gjaldendanna hluti væri fyrir borð borinn. Þar sem komið hafa fram ítrekaðar óskir og kröfur frá prestum um, að löggjafarvaldið gjörði stöðu þeirra þægilegri eða bærilegri með því, að krefja inn nokkrar af tekjum þeirra, þá sje jeg ekki neitt á móti því, að þessum kröfum þeirra sje sinnt; þvert á móti finnst mjer sterk hvöt fyrir þingið, að taka þær til greina, ef ekki verður bent á neina sjerstaka agnúa á þeim.

Jeg vona því, að h. deild taki frumv. þessu vel. Ef einhverjar sjerstakar athugasemdir um það skyldu koma fram, mun nefndin álíta sjer skylt, að taka þær til íhugunar. Hins vegar mun jeg líka bera vörn fyrir frv., ef menn koma fram með athugasemdir móti ákvæðum þess.

Þorkell Bjarnason: Í síðustu málsgrein 2. gr. frv. er ákveðið, að lögtak sje á ábyrgð prestsins, en í fyrri setningu sömu málsgreinar stendur, að prestur skuli ábyrgjast, að skráin sje rjett. Meiningin með ákvæðum þessum hlýtur að vera sú, að presturinn verði að bera afleiðingarnar af því, ef lögtakið verður dæmt ógilt. En það getur verið, að lögtakið verði dæmt ógilt, ekki að eins af því, að skuldin sje röng, til dæmis of mikils krafizt, heldur verði það líka dæmt ógilt af formgöllum, sem presturinn á engan þátt í, t. d, ef birtingarfresturinn er of stuttur. Jeg vil nú leyfa mjer að beina þeirri spurningu til h. 2. kgk. þ. m (H Sv.), hvort það á að skilja ákvæðin í síðustu málsgrein 2. gr, að eins í sambandi við fyrri part setningarinnar, þegar það kemur í ljós, að lögtakið verður dæmt ógilt, af því að skuldin er rangt tilfærð, eða hvort presturinn að öllu leyti á að bera ábyrgð á lögtakinu, af hvaða ástæðum, sem það er dæmt ógilt, og hvort sem það svo er honum að kenna eða ekki.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal játa það, að jeg hef verið í miklum vafa um, hvernig jeg átti að greiða atkvæði um frv. þetta, en mjer finnst samt, að jeg heldur verði að vera því mótfallinn, fyrst og fremst af því, að mjer virðist það vera næsta þýðingarlítið, og í annan stað finnst mjer það vera líkast því, að sletta nýrri bót á gamalt fat, að koma fram með slíkt frv., sem hjer um ræðir.

Jeg fæ ekki sjeð, að það bæti neitt úr þeim erfiðleikum, sem nú eiga að vera á innheimtunni á tekjum presta, því það vita allir, að prestarnir hafa nú alveg sama rjett til að láta valdsmennina innheimta tekjur sínar, eins og farið er fram á í frv. þessu. Það vita allir, að prestar hafa nú samkvæmt lögum, heimild til að láta sýslumenn kalla inn tekjur þær, sem ógreiddar eru á gjalddaga eða með öðrum orðum, heimta lögtak á þeim. Þetta gengur fyrir sig á þann hátt, að sýslu-

maður sendir hreppstjóra lista yfir hin óloknu gjöld og leggur fyrir hann að innheimta þau, eða taka þau lögtaki.

Jeg get nú ekki betur sjeð, en þó frv. þetta yrði að lögum, mundi aðferðin við innheimtuna verða alveg hin sama og prestum þannig á engan hátt gjört hægra fyrir með innheimtuna en verið hefur, því fremur sem hjer er að eins að ræða um einstakar tekjugreinir. — Ef frv. þetta hefði þar á móti farið í þá átt, að skylda sýslum. til þess að innkalla allar preststekjur undantekningarlaust, hefði jeg miklu fremur getað skilið, að það væri ekki alveg þýðingarlaust og gagnlaust.

Það hefur verið tekið fram af h. flutningsm., að það sje leiðinlegt fyrir prestana að beita lögtaki við sóknarbörn sín. Jeg skal játa, að það er satt, en jeg er hræddur um, að þó þetta frv. yrði að lögum, mundu óþægindi fyrir prestana í þessu efni alls ekki hverfa, heldur mundu tilfellin fjölga, þar sem innheimtan yrði til sundurlyndis milli prests einstakra og sóknarmanna, því þegar ætti að fara að tína úr einstaka menn, sem ýmsra orsaka vegna ekki hafa lokið gjöldum sínum á rjettum gjalddaga, já máske ekki geta borgað þau fyr en í kauptíð á sumrin í innskript, eins og margir gjöra, en presturinn fer að láta sýslumann krefja menn löngu áður, þá er jeg hræddur um, að afleiðingin af því yrði sú, að af því hlytist óvild svipuð þeirri, sem gjört er ráð fyrir út af lögtakinu og sem á að synda fyrir með frv. þessu, því það er áreiðanlega víst, að þessi innköllunarmáti hjá einstökum mönnum, verður almennt skoðaður eins og hið gamla lögtak.

H. framsögum. (H. Sv.) minntist á það við 1. umr. þessa máls, að það væri sjerstaklega eitt atriði, sem væri óþægilegt fyrir prestana við innheimtu á tekjum þeirra, nfl. rjettaróvissan.

Jeg get ekki sjeð, að frv. þetta bæti neitt úr þessu vankvæði. Í frv. eru taldar nokkrar tekjur, sem prestar geti látið sýslumenn innheimta, svo sem: heytolla, dagsverk, tíundir af fasteign og lausafje og lausamannagjald. Um þessi gjöld er, að því er mjer er kunnugt alls engin rjettaróvissa, nema ef vera skyldi um lausamannagjald, en þó svo væri, þá getur sýslumaður ekki við því gjört, eða losað prestinn við neina ábyrgð, því jeg álít að sýslum. hljóti að kalla inn öll þau gjöld, sem á skránni frá prestinum standa, á hans ábyrgð, án tillits til þess, hvort þau eru rjett krafin eða ekki. Að þessu leyti bætir því frv. þetta ekkert úr rjettaróvissunni. Þótt nú prestarnir losuðust við að innheimta þessi gjöld, sem frv. getur um, þá er það samt ekki nema til hálfs; þeir þyrftu samt að innheimta önnur gjöld, svo sem kirkjufje, og úr því þeir eiga að innheimta það, þá er ekki verra fyrir þá að innkalla sín eigin gjöld.

Jeg hefði betur getað skilið, ef frv. hefði farið fram á, að prestarnir væru losaðir við alla innheimtu; þá væri fyrst verulegt gagn að því fyrir prestana.

Að því er snertir heytollana, sem sýslumenn eiga að innkalla, þá álít jeg að rjettast væri, að draga það ákvæði alveg út úr frv. Það gjald ætti alls ekki að falla inn undir innheimtu sýslumanns, einmitt af þeim ástæðum, að það getur sjerstaklega valdið misskilningi og ágreiningi milli prests og gjaldenda. Jeg get vel búizt við, að þeir prestar sjeu til, sem ekki mundu senda sóknarmönnum sínum heytolla, þegar lambsfóður eru í háu verði eptir verðlagsskránni, heldur nota sjer ákvæði þessara laga, til þess að fá lambsfóðrið borgað í peningum og innskript; enda getur opt verið talsverð freisting fyrir prestinn að nota sjer þetta ákvæði, því það kemur þráfaldlega fyrir, að lambsfóður er metið svo hátt í verðlagsskránni, að prestar geta keypt það fyrir fjórðungi minna verð, innan þeirra eigin sveitar.

Í N.-Múlas. eru þannig lambsfóður t. d. metin 4—5 kr., að meðaltali eptir verð-

lagsskrá; en til er fjöldi sveita, þar sem þau ekki eru dýrari en 3 kr., manna á milli innan sveitar, en þetta kemur til af því, að sveitirnar eru svo misjafnar; í sumum fást þau ei fyrir minna en 5 kr. Af þessu leiðir það, að prestarnir mundu sumstaðar heldur vilja fá þau greidd í peningum frá sýslumanni. Því frekar dettur mjer þetta í hug, af því að það mun vera töluverð rjettaróvissa um það, hvort prestar geti heimtað peningagjald fyrir lambsfóður eða jöfnum höndum peninga og lambsfóður á víxl eptir eigin geðþótta.

Jeg skal þá að svo stöddu ekki fara fleirum orðum um mál þetta, en einasta taka það fram, að jeg mun alls ekki greiða atkv. með því, hvorki hinum einstöku greinum nje frv. í heild sinni.

Framsögum. (Hallgr. Sveinsson: Jeg skal stuttlega svara fyrirspurn h. 6. kgk. þm. (Þ. B.). Hann lýsti yfir efa um það, hvort prestur ætti að bera ábyrgð á lögtaki, ef það af formlegum ástæðum reyndist ógilt. Eptir mínum skilningi virðist mjer það ljóst af sambandi málsgreinanna, að ábyrgðin hvílir því að eins á prestinum að það sje hans sök einhvers vegna, að lögtakið verður ógilt, en hitt getur aldrei talizt rjett, að prestur gjaldi þess, þótt einhverjum valdsmanni verði það á, að framkvæma eitthvað, sem að lögtakinu lýtur á ólöglegan eða óformlegan hátt. Presturinn ber að eins ábyrgð á, að skrá sú sje glögg og rjett, sem lögð er til grundvallar fyrir lögtakinu, svo að á henni megi byggja lögtak. Presturinn hefur að þessu leyti mikla ábyrgð og honum er því mjög áríðandi að gæta þess vel að setja eigi á slíka skrá önnur gjöld, til að beiðast lögtaks á, en þau, er hann er persónulega sannfærður um, að sjer beri að lögum. Ef presturinn hefur sterkar gætur á þessu, er hættan ekki mikil fyrir hann.

Jeg vil því næst snúa mjer að mótmælum þeim, er h. þm. Suður-Múlas. (G. V.) hreyfði gegn frv. og svara þeim nokkrum orðum. Hann lýsti því fyrst yfir sem skoðun sinni, að hann teldi frv. til lítilla eða engra bóta, og kvaðst því helzt mundi greiða atkv. á móti því. Honum þótti bótin svo lítil, að hann taldi hana sem „nýja bót á gamalt fat“, er svo mundi jafnvel fara ver á eptir. Þetta hygg jeg sje byggt á misskilningi hjá h. þm. á frv. þessu. Þess ber vel að gæta, yfir hvert svæði frv. þetta nær. Það innibindur að eins heimild, er prestur þarf eigi að beita, fremur en hann sjálfur vill. Við þá gjaldendur, er standa í skilum við hann eða þá semja við hann um gjöld sín, beitir hann að sjálfsögðu ekki heimild þessari. Og enda þótt gjaldendur ýmsir standi ekki í skilum, er prestur alls ekki samt sem áður skyldugur til, að láta lögtak fara fram hjá þeim, að eins hefur hann heimild til þess, og noti hann þessa heimild, er hann í sínum fyllsta rjetti; gjalddagi er kominn og enginn getur kvartað yfir því, þótt rjett skuld sje þá krafin inn. Það getur þó ekki verið skoðun sanngjarnra manna, að presturinn skuli ætíð líða og líða og láta rjett sinn gagnvart óskilvísum greiðendum.

Sami h. þm. áleit, að með þessu frv. fengju prestar engan nýjan rjett, sem þeir hefðu ekki áður. En jeg get þó ekki verið þessu samdóma, og prestarnir sjálfir álíta talsverða bót í þessu. Hví eigum vjer þá ekki að leyfa þeim, að fá slík lög, sem þessi, úr því þeir sjálfir æskja eptir þeim. Þess ber líka að gæta, að með þessu frv. er talsverð breyt. gjörð á því ástandi, sem nú er, þar sem valdsmaður að sjálfsögðu mundi minna greiðendur á, að standa sjer skil á greiðslunum, eptir að hann hefur fengið skrána hjá prestinum, en áður en hann færi að framkvæma lögtak. Hann áminnir hlutaðeigendur strax á manntalsþingum og beitir því að eins lögtaki, að þessi áminning hafi eigi

hinar eptiræsktu verkanir. Í þessu er fólgin allmikil breyting frá því, sem nú er.

Að óvild milli prests og safnaðar mundi fremur aukast við þessa aðferð, get jeg ekki ályktað. Frv. skipar engum presti að viðhafa þessa innköllunaraðferð, en heimilar hana að eins. Eptir sem áður, hefur prestur heimild til að biðloka við menn; en þeim mönnum, er greiða ekki lögboðin gjöld af trássi við prest sinn eða af öðrum þess háttar hvötum, þeim get jeg ekki vorkennt, þótt sýslumaður áminni þá á, að standa í skilum. En í flestum tilfellum mundu gjaldendur, er vandir eru að virðingu sinni, kjósa heldur að semja við prest sinn um greiðsluna, til þess að ekki þyrfti til þess að koma, og prestur jafnframt vera varkár að beita þessari heimild, nema hin fyllsta nauðsyn væri fyrir hendi.

H. sami þm. sagði, að eptir sem áður hjeldist hin sama óvissa þessara gjalda; þetta er öldungis satt. Frv. kemur eigi fram með neinar nýjar ákvarðanir nje skýringar á eldri lögum um gjaldskyldu til presta. Bæði var það flutningsm. frv. og nefndinni ljóst, að slíkt mál væri mjög erfitt viðfangs og þyrfti mikinn undirbúning. En afleiðing þessa er að eins sú, að prestar verða varkárir í því, að setja á lögtaksskrána gjöld, er þeir eru í vafa um, að rjett sjeu krafin, og slíkt getur þess vegna aldrei orðið greiðendum í óhag. Þetta getur því ekki verið mótbára á móti frv.

Enn fremur fann hinn sami h. þm. það að frv., að það væri hvorki heilt nje hálft, þar sem hjer væri hvorki um öll gjöld til prests að ræða, og heldur væru prestar ekki losaðir við innheimtu á tekjum kirknanna. H. þm. (G. V.) hefur ekki gætt þess að prestar eru víða eigi lengur innheimtumenn tekna kirknanna; það hafa söfnuðir tekið að sjer víða, ásamt öllu fjárhaldi þeirra. Og verði nú prestar með lögum losaðir við innheimtu ýmsra gjalda fyrir sjálfa sig, er þó nokkuð unnið. Þess ber líka að gæta, að þó að prestar hafi enn á ýmsum stöðum innheimtu á tekjum kirknanna, þá er ætíð hægra að krefja inn gjöld fyrir aðra, en gjöld þau, er maður á sjálfur. Ef jeg á sjálfur gjöldin, hugsar án efa margur prestur, vil jeg biðloka með gjaldheimtuna, enda þótt jeg eigi það á hættu, að missa þá peninga; en allt öðru máli er að gegna, ef um þau gjöld er að ræða, sem eru annara eign; þá er það skylda, að sjá um það, að sá hlutaðeigandi bíði eigi tjón, jafnvel í þessu tilfelli borga heldur sjálfur, en slíkt komi fyrir. Jeg hygg því eigi, að þetta atriði sje á móti frv.

Loks minntist h. sami þm. á heytollinn. Hann gerði ráð fyrir því tilfelli, að hann væri settur hærra í verðlagsskrá, en það mundi í raun og veru kosta að fóðra lamb, og prestur kynni því að vilja nota sjer það, og krefjast þoss, að heytollurinn yrði borgaður með peningum en eigi með lambsfóðri. Jeg vil eigi fortaka, að slíkt kynni að koma fyrir, en þau tilfelli má vænta að verða mundu örfá. En um þetta gildir hið sama, sem segja má um flest lög, að þau eru ei svo fullkomin, að eigi sje unnt að hugsa sjer tilfelli, þar sem hægt er að misbeita þeim. En jeg ætla prestum þá mannúð, að þeir muni eigi 'spekulera' í slíku, einungis vegna fárra aura. Svo munu og prestar gæta sín, að halda eigi slíku til streitu, þar sem vafi getur á því leikið, að full lög sjeu fyrir því; þá eiga þeir á hættu, að lögtak verði dæmt ómerkt af dómstólunum og yrði það þeirra sjálfra skaði. Mjer virðist því engin hætta geta verið á því, að prestar muni misbeita frv. í þessu tilliti, þótt það yrði að lögum.

Væri nú svo, að mjer hefði tekizt með þessum athugasemdum mínum, að ryðja burtu agnúum þeim, sem h. þm. Suður-Múlas. (G. V.) fann á frv. þessu, vona jeg að hann geti gefið því atkv. sitt.

Jeg vil að síðustu benda aptur á það, að hjer er að eins um heimildarlög að ræða, sem prestar munu að sjálfsögðu eigi beita, nema töluverð ástæða sje fyrir hendi. Og jeg hygg, að h. þm. (G. V.) vilji eigi mæla þeim mönnum bót, er þverskallast ár frá ári, við það að standa skil á því, sem þeim ber að greiða.

Jón Jónsson: Jeg skal reyna að vera stuttorður í þessu máli, einkanlega af því, að jeg hef bæði kvef og höfuðverk. Jeg vildi aðeins gjöra grein fyrir því, hvers vegna jeg greiddi atkvæði móti frumv. við 1. umr. Jeg vona mjer fyrirgefist það sem gömlum neðrideildarmanni, þó jeg fái tilhneiging til, einu sinni eða tvisvar í mánuði, að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg get ekki að öllu leyti skrifað undir það, sem h. 2. þm. S-Múl. (G. V.) sagði um frv. þetta, að það væri ný, og jeg vil segja sauðsvört, bót á gamalt fat, að það sje hvorki heilt nje hálft. Mjer hefði betur getað skilizt, ef prestastjettin hefði komið með frumv. um það, að allar tekjur presta skyldu greiddar úr landssjóði. Það er princips-spursmál, sem bæði mjer og öðrum mundi hafa þótt vert að íhuga rækilega. En aðalmótbára mín móti frumv. er sú, að jeg hygg það mundi að eins verða til að auka kala milli prests og safnaðar, því menn mundu una illa við það, að presturinn færi að skilja sauðina frá höfrunum, og láta sýslumann innheimta tekjur sínar hjá sumum, en sumum ekki, og mundu þeir, sem presturinn bæði sýslumanninn að innheimta tekjurnar hjá, kalla það svo, að presturinn hefði sigað sýslumanninum á sig. Sje tilgangur frumv. sá, að tryggja prestum tekjur þeirra og sömuleiðis að losa þá við ókirkjulegt starf, nfl. gjaldheimtuna, þá virðist mjer þessi tilgangur ekki nást nema til hálfs með frv., þar sem það að eins fer fram á, að sýslumenn innheimti heytolla, dagsverk, tíundir af fasteign og lausafje og lausamannagjald, og presturinn losast því ekki með öllu við innheimtuna, heldur verður að innheimta t. d. landskuld af kirkjujörðunum, sem mun alls ekki vera vinsælla starf, heldur en að innheimta tekjur þær, er frumv. telur upp. Annars er mjer ekki kunnugt um, að gjaldheimtan vekji almennt óvild milli presta og safnaða, heldur hefur það þvert á móti orðið til þess að gjöra báða partа samlyndari. Þegar rætt er um kosti einhvers prests, er það jafnan talinn einn af hans beztu kostum, ef honum og söfnuðinum kemur vel saman um innheimtuna, og öllum slíkum prestum borgar hver maður með glöðu geði, hver eptir sínum mætti. Jeg álít því, að enginn prestur, sem vill koma sjer vel við söfnuð sinn, mundi nota þessi nýju lög, heldur mundu að eins þeir prestar nota þau, sem semur illa við sóknarmenn sína einhverra orsaka vegna, og álít jeg að ekki þurfi að semja ný lög sökum slíkra manna, þar sem það liggur beinast við fyrir þá að nota lögtaksrjettinn. Þegar um innheimtu á tekjum er að ræða verður einnig að taka tillit til gjaldendanna, og þ í verður ekki neitað, að þessi gjaldheimta sýslumanna yrði greiðendum til óþæginda, þar sem þeir með þessu yrðu að gjalda helming í peningum, en mættu að eins borga helming í innskript, því jeg býst við, að sýslumenn mundu heimta helming í peningum, þar sem þeim er gjört að skyldu að svara eigi meiru en helming gjaldanna í innskript en hinum helmingnum í peningum. Þetta yrði gjaldendum tilfinnanleg breyting, þar sem margir prestar hafa verið mjög tilhliðrunarsamir með gjaldeyrinn, og lofað fátækum gjaldendum að gjalda í vinnu, sauðfjenaði og ýmsum öðrum afurðum, sem gjaldþegninum er hægra að láta en peninga, því það eru opt margir, einkum efnamenn, sem bæði geta og vilja borga presti sínum í peningum, ef hann þarf peninga með. Af þessari ástæðu er jeg á móti frv. Ætti að gjöra breytingu á núverandi lögum, held jeg að

prestunum væri mestur hagur í, að losna við umsjón kirkjujarðanna. Innheimta landskuldanna, og bygging kirkjujarðanna, er það sem ekki hefur minnstri óánægju valdið við prestana. Það er ekki minni miskliðarefni en hvað annað, að meta hvernig landsskuld er úti látin, og bygging kirkjujarðanna hefur opt valdið prestum óvinsælda, t. d., þegar kirkjujarðir liggja í annari sveit en presturinn býr í, þá gjörir hann það opt fyrir sína sveit, að byggja inn á kirkjujarðirnar mönnum, sem sveitarstjórnin vill fjarlægja og gjöra þá þannig sveitlæga í þeim hreppi, sem kirkjujarðirnar liggja í, ef hann fær einhverja trygging fyrir afgjaldinu. Jeg þekki dæmi til slíks.

Hefði frumv. viljað losa prestana við umsjón kirkjujarðanna, hefði jeg miklu fremur getað verið því meðmæltur, en eins og það er nú, get jeg ekki annað sjeð, en það sje til þess að spilla góðu samkomulagi milli prests og safnaðar.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): H. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) var samþykkur mótmælum og athugasemdum h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.), og sje jeg því, að mjer hefur ekki tekizt að sannfæra hann, þegar jeg svaraði h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) og álít jeg því ástæðulaust, að fara að halda sömu ræðuna upp aptur. En þar, sem h. þm. lýstu því yfir, að þeir mundu verða með frv., sem færi fram á víðtækari breytingar viðvíkjandi launum presta, og jafnvel því meðmæltir, að setja presta á föst laun úr landssjóði, þá þakka jeg þeim fyrir þau ummæli, og gleðst yfir að hafa fylgi þeirra, ef frvumvarpið í þá átt kæmi fram síðar meir. *(Jón Jónsson:* Jeg hef aldrei lofað að verða með slíku frumv.). Það kann að hafa verið, að það hafi ekki verið nema hálft loforð, en jeg vona, að það verði heilt, þegar á þarf að halda. Hvað þær ákvarðanir snertir, sem eru í 3. gr., frv. um að sýslumaður skuli greiða prestinum gjöldin að helmingi í peningum og að helmingi í innskript, þá sje jeg ekki, að önnur eins vandkvæði sjeu á því og haldið hefur verið fram, því að vísu er valdsmönnum gjört að skyldu, að greiða prestunum fjeð á þennan hátt, en þar með er engin ákvörðun sett um það, að hann megi ekki heimta þau inn á annan hátt, því að sýslumönnum mundi verða innanhandar að jafna þetta, þar sem efnamennirnir mundu gjalda nærri allt í peningum, og fátæklingar þessvegna gætu fengið að borga allt í innskript. Auk þessa er samkomulag ekki útilokað með því, þó sýslumönnunum væri falin gjaldheimtun, þar sem presturinn kynni opt að geta notað meira en helming í innskript. Það þyrfti því eptir minni skoðun ekki að óttast, að gengið yrði of hart að gjaldendunum, þó þetta frv. yrði að lögum.

Að lokum vil jeg geta þess, að það er hart, að prestar skuli ávallt verða að láta hlut sinn, þegar um innheimtu á tekjum þeirra er að ræða, og verða að sæta því, að missa mikið af þeim. Vona jeg því, að h. þingdm. verði með þessu frv., sem aðeins miðar til þess, að gjöra prestunum hægara fyrir að ná tekjum sínum hjá þeim, sem ógreiðlega borga, en fer alls ekki í þá átt, að siga sýslumanni á góða gjaldendur.

Guttormur Vigfússon: Jeg skal taka það fram, að mjer var það fullljóst, að hjer er aðeins um heimildarlög en ekki skyldulög að ræða, og vegna þess ber jeg þau saman við lög um lögtak. En einmitt af því, að þau eru heimildarlög, er jeg á móti þeim, þar sem þau mundu vekja óvild, svo að enginn mundi beita þeim, nema þeir prestar, sem ættu eitthvað útistandandi við söfnuðinn. Og viðvíkjandi innheimtu prestanna mundi allt verða í sama horfi og nú er, þó frv. þetta yrði að lögum, því prestar mundu kveinka sjer við, að brennimerkja sóknarmenn sína með því að láta sýslumanninn innheimta

hjá þeim þó þeir hefði ekki borgað gjöld sín til þeirra fyrir 15. marz, en fæstir bændur eru búnir að greiða gjöld sín fyrir þann tíma, ekki af „trássi“, heldur af því að á þeim tíma hafa fæstir bændur handbæran gjaldeyri, enda munu fæstir prestar svo sanngjarnir, að ætlast alls ekki til að fá tekjur sínar greiddar, að neinu ráði fyr en í sumarkauptíð. Af þessu mundi leiða, að fjöldi presta mundi ekki nota þessi lög, heldur mundu þau aðeins verða vopn í höndum einstakra presta, sem stæði algjört á sama, hvernig samkomulag væri milli sín og safnaðarins. *(Hallgr. Sveinsson:* Jeg neita því algjörlega). Jeg álít lögin því þarflaus, nema fyrir einstaka menn, sem þó eins vel gætu notað lögtaksrjettinn.

Kristján Jónsson: Jeg hjelt, að frv. þetta mundi ganga hljóðalaust í gegn um deildina, enda hef jeg ekki heyrt nein mótmæli gegn því, fyr en nú við umr. í dag.

Þó jeg álíti, að rjett sje, að samþykkja frv. þetta, eins og h. framsögum. (H. Sv.) hefur borið það fram fyrir þingið, stend jeg ekki upp til að halda varnarræðu fyrir því, en það eru ein tvö atriði í nefndarálitinu, sem jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast á.

Í nefndarálitinu stendur: „Þessi innheimta er bæði leiðinleg fyrir prestana, og *getur* líka spillt samkomulagi milli prests og safnaðar“. Þetta, að innheimtan *geti* spillt góðu samkomulagi milli prests og safnaðar, er ekki gild ástæða fyrir lögum þessum, og það *má ekki* telja það meðal ástæðna fyrir þeim. *(H. Sv.:* Hvers vegna?) Jeg held ekki, að það sje nein reynsla fyrir því hjer á landi, að spurning um innheimtu á tekjum presta, eins og hún er nú, hafi leitt til ósamkomulags milli prests og safnaðar; jeg held, að söfnuðir og prestar hafi hingað til útkljáð þetta sín á milli, án þess að það hafi þurft að verða veruleg rekistefna út af því. Hjer eru því í nefndarálitinu gjörðar getsakir annaðhvort prestunum eða söfnuðunum, sem jeg álít, að ekki megi koma fram sem ástæða fyrir lögunum.

Hitt atriðið í nefndarálitinu, sem jeg vildi gjöra athugasemd við, er það, að nefndin segir, að hún álíti það æskilegast, að sú breyting sje gjörð, að prestar fái laun sín úr landssjóði. Jeg vil mótmæla þessu, þegar það kemur svona órökstutt fram, til þess að það sjáist, að þetta er ekki yfirlýsing frá deildinni, heldur að eins skoðun nefndarmannanna; hvort þessi skoðun þeirra hefur við rök að styðjast, þarf nákvæmlegrar athugunar við, og má ekki samþykkjast orðalaust.

Svo komu þau ummæli fram við umræðurnar, að prestar „bæru ætíð lægra hlut hjer á landi í málum sínum“. Jeg á fjölda presta í minni ætt, hefi fengið undirbúningskennslu mína og uppeldi að nokkru leyti hjá 2 merkisprestum, og er þar að auki allkunnugur prestastjett landsins, og hef jeg þó aldrei orðið var við það, að prestar yrðu jafnaðarlega að láta sinn hluta í málum sínum. Jeg vil því mótmæla því, að þetta sje rjett.

Þá kom það og fram í umræðunum, að gjöld greiddust illa hjer á landi. Jeg hef verið sýslumaður í 8 ár og þá átt að innheimta milli 20 og 30 þús. kr. árlega, og síðan hef jeg haft á hendi opinbera gjaldheimtu í 3 ár, og get jeg ekki sagt annað en að mjer hafi verið goldið skilvíslega yfir höfuð að tala, þótt stundum hafi orðið að beita lögtaki. Mín reynsla sem gjaldheimtumanns er sú, að gjöld greiðist fremur skilvíslega hjer á landi.

Þá skal jeg drepa á fyrirspurn þá, sem h. 6. kgk. (Þ. B.) kom fram með, og sem h. framsögum. (H. Sv.) svaraði, viðvíkjandi því, hvernig ætti að skilja þessi orð: „ábyrgist prestur að skráin sje rjett, enda sje lögtak á hans ábyrgð, ef til þess kemur“. Jeg skal nú láta álit mitt í ljósi um það, hvernig eigi að skilja þessi

orð. Jeg fyrir mitt leyti er í engum vafa um það, að sje lögtak ólöglegt, þá beri lögtaksbeiðandi ætíð ábyrgð á því, en á hinn bóginn getur hann stundum átt rjett til skaðabóta („regres"-rjett) á hendur þeim, sem heimilar lögtakið.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): Á þessum athugasemdum átti jeg ekki von frá h. 3. kgk. (Kr. J.), en þó skal jeg reyna að svara nokkuð mótmælum hans. Eru þá fyrst mótmæli hans gegn þeim ummælum nefndarinnar, „að innheimtan *geti* spillt góðu samkomulagi milli prests og safnaðar". Þrátt fyrir ummæli h. þm. vil jeg undirstryka þetta tvisvar sinnum, því sambandið milli prests og safnaðar er þannig, að það þolir ekki að ósekju neinn áblástur, og slíkur kaldur áblástur er innheimta prestanna á tekjum sínum, þar sem tregða og vanskil eiga sjer stað. Þessi orð eru því á fyllstu rökum byggð og það gagnar ekki hið minnsta, þó einn einasti maður mótmæli þeim og segi að þau sjeu ekki rjett, þar sem jeg hef orð margra manna fyrir því, að þessu er þannig varið. Mjer skildust svo orð h. þm. (Kr. J.) sem hann kenndi prestunum þetta ósamkomulag. *(Kristján Jónsson:* „Nei"). En hjer á víst við málsháttúrinn, að „sjaldan veldur einn, þegar tveir deila".

Í öðru lagi eru mótmæli h. sama þm. (Kr. J.) gegn þeim ummælum mínum, að prestar biði jafnan lægra hlut. En jeg leyfi mjer að spyrja: Hver bíður lægra hlut, sá, sem missir rjett sinn, lætur ganga á sig og verður að gefa upp gjöld sín, eða hinn, sem þrjóskast við alla borgun og helzt það uppi án þess að lögum sje beitt við hann? Eða sannar það ekki, að prestar verða undir í þessum viðskiptum sínum við söfnuðina, að þegar sumir þeirra fara frá brauðunum, getur það komið fyrir og hefur komið fyrir, að þeir eiga svo þúsundum króna skiptir af ógreiddum gjöldum hjá söfnuðunum. Því það væri þó of bersýnileg mótsögn, að kenna prestinum um það, að hann á gjöld útistandandi hjá söfnuðinum, fyrir þá, sem játa, að presturinn geti ekki heimt gjöld sín inn með lögtaki, nema hann verði fyrir óvild manna.

H. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) hjelt því fram, að ef prestar samkvæmt frv. ljetu sýslumenn innheimta gjöld sín hjá sumum gjaldendum, þá væri það sama sem að merkja þá gjaldendur eða taka þá úr sem illa lita sauði, en fann ekkert að því, þó prestar heimtu tekjur sínar inn með lögtaki eptir núgildandi lögum. Hvaða samræmi er nú í þessu, að þykja ekkert varúðarvert fyrir prestinn, að beita lögtaki við menn, en að álíta það merking á mönnum, þó sýslumenn sendi þeim kröfuseðil fyrir óloknum gjöldum? Og ef menn yfir höfuð verða merktir við það, þótt kallað sje eptir gjaldi hjá þeim, þá verða æði margir í þeirra flokki, því þá mætti einnig segja, að þeir væru merktir, sem sýslumaður sendir uppboðsseðla fyrir ógreiddum uppboðsgjöldum. En sannleikurinn er sá, að það er ekki slíkur skuldheimtuseðill, sem merkir menn sem óáreiðanlega gjaldendur, heldur merkja þeir menn sig sjálfir, sem ekki inna gjöld sín af hendi.

Jón Jónsson: Jeg ætla mjer að eins að mótmæla orðum h. framsögum. (H. Sv.), þar sem hann sveigði að því, að jeg hefði lofað að gefa atkvæði mitt með frv. í þá átt, að prestar yrðu settir á föst laun úr landssjóði. Slíka yfirlýsingu gaf jeg alls ekki, heldur tók jeg það að eins fram, að mjer fyndist frv. það, er hjer liggur fyrir, tómt kák, og því gæti jeg ekki verið því meðmæltur. En kæmi fram frv. um að setja presta á föst laun, áliti jeg það stórt „princips"-spursmál og mundi alvarlega íhuga það mál.

Þar sem sami h. þm. (H. Sv.) komst svo að orði, að menn væru eins merktir, ef þeir fengju uppboðsseðil frá sýslumanni, eins og þó þeir fengju áminningu frá hon-

um um að borga prestgjöld sín, þá er þetta ekki rjett, þar sem uppboðsseðlar eru gefnir út vegna þess, að ómögulegt er opt að borga við hamarshögg, og menn geta ekki munað, hvað þeir hafa keypt, þegar þeir t. d. kaupa 30—40 númer. — Það er sitt hvað, að sá, sem á að innkalla, sendi gjaldanda reikning, eða að sá, sem á að innkalla, segi við gjaldanda: „Jeg get ekki átt við þig. Jeg verð að biðja annan, sem harðara getur gengið að þjer, að krefja þig. Jeg sagði aldrei um lögtakið, að mönnum geðjaðist vel að því, en það er neyðarvörn, sem prestarnir hafa þegar þeim eru sýnd vanskil, og sá rjettur ætti að nægja þeim.

Kristján Jónsson: Jeg man ekki, hvort jeg tók fram áðan, að jeg væri frv. meðmæltur, en ræða h. 2. kgk. (H. Sv.) gefur mjer tilefni til að lýsa því yfir nú.

Athugasemdir mínar, sem jeg gjörði í ræðu minni þá, voru sprottnar af ummælunum í nefndarálitinu og umræðum þeim, sem hafa verið um málið í dag.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 8 : 2 atkv.; viðaukatill. nefndarinnar við 1. gr. (C. 207) samþ. með 8 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. samþ. með 8 samhlj. atkv.; 3. gr. frv. samþ. með 8 : 1 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 8 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 8 : 3 atkv.

Frv. til laga um mæling vega (C. 208); 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla mjer að eins að tala fáein orð til þess að skýra breyt.till. minar. Hin fyrri er sú, að í stað orðanna í 2. línu: „Og halda því áfram jafnótt og vegirnir eru lagðir“ komi: „Svo skulu og eptirleiðis slíkir vegir mældir, jafnótt og þeir eru lagðir.“ Meining mín með þessari breyt. var fyrst og fremst sú, að laga málið, sem mjer finnst óviðfelldið og jafnvel málleysa, eins og það stendur í frv. Frv. talar um, að mæla vegi, sem þegar er búið að leggja, og svo stendur aptur í sömu málsgrein „vegirnir“, eins og væri verið að tala um að mæla aptur hina sömu vegi. Eptir orðum frv. er hjer einhver skekkja; að líkindum eru það breytingar, fram komnar við úrfelli eða viðauka undir meðferð málsins og atkvæðagreiðslur í h. Nd., sem valdið hafa þessari skekkju. Tilgangur minn með þessari breyt. var ekki sá, að gjöra efnisbreyt., heldur að eins sá, að laga málið, svo að það yrði óbjagað. Hin breyt.till. er sú, að í stað orðanna í síðustu línu: „á þeirri hlið marka, er veit mót norðri“ komi: „á þeirri hlið marka, er veit að veginum, nfl. til að taka það fram, á hvaða hlið tölur standi. Eins og frv. er nú orðað, geta tölurnar vitað burt frá veginum, svo að sá, sem um hann fer, getur ekki sjeð þær og þarf því að fara út af veginum til að lesa þær hinum megin. Allir heilvita menn hljóta að sjá, að það er barnaæði, eða rjettara sagt óðs manns æði, að merkja veginn þannig, að þeir ekki geti lesið merkin, sem um veginn fara. Hjer er um tvennt að ræða, nfl. í hvaða átt sje farið og hver vegalengdin sje, sem farin er. Vegirnir geta legið í allar áttir kompássins, en jeg held því fram, að tölurnar eigi æfinlega að sjást af þeim, sem um veginn fer. Jeg er samþykkur því, að það fari vel, að merkja vegina móti norðri, en það verður að vera rjett norður og ekki kompás-norður, sem getur munað töluverðu frá rjettri átt. Jeg get ekki sjeð, að það sje neinn vandi, að framfylgja þessum ákvæðum, þó steinninn sje auðkenndur með tölum á annari hliðinni og svo líka með bókstafnum N á hinni hliðinni, svo að það sýni áttina. Menn þurfa því að eins að skoða áttamerkið nákvæmlega, að þeir þurfi að átta sig. En jeg vil, að það sje orðað þannig, en ekki eins og í frv., af því að það fullnægir ekki tilganginum, eins og það stendur þar. Það má nú að vísu segja, að ekki sje þörf á neinum ákvæðum um þetta

mál, því að vegastjórnin sje sjálf farin að mæla vegi og setja mörk á þá. En hvaða ógagn getur verið að hafa föst ákvæði um málið í lögum? Sje ráðstöfunin rjett og góð, þá er betra, að tryggja hana með föstum ákvæðum, því að þó að hinn núverandi landshöfðingi álíti það rjett, að haga þessu þannig, þá er ekki víst, að næsti landshöfðingi álíti hið sama. En ef lög eru til um það, þá er skorið úr allri þrætu.

Sigurður Jensson: Jeg vil að eins koma með stutta athugasemd, til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Aðaltilgangurinn með þessu frv. er sá, að sýna, hvernig mörkunum skuli hagað, þegar vegirnir eru mældir, því að hitt álít jeg óþarft, að skipa fyrir með lögum, hvernig mæla skuli vegina. Það hygg jeg að landstjórnin muni gjöra og að ekki þurfi nein sjerstök lög um það. Það væri nægilegt með þingsályktun að skora á stjórnina, að láta mæla vegina. Aðalatriðið í lögunum er sem sagt að sýna, hvernig mörkunum skuli háttað.

H. 2. kgk. (H. Sv.) kvaðst hafa komið fram með breyt.till. sínar af því að það sje óhentugt, eins og Nd. hefur ákveðið, og hann sagði, að úr því merki væru sett á annað borð, þá verði það að vera gjört með viti. Jeg fyrir mitt leyti get ímyndað mjer, að betra sje að haga merkjunum eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) vill vera láta; en jeg get líka hugsað mjer, að einhver gæti fundið aðra enn betri aðferð, og þá er ekki heppilegt, að vera búnir að binda það með lögum, að merkjunum skuli endilega hagað svona og ekki öðruvísi; því að landstjórnin neyddist þá til þess annaðhvort að brjóta lögin, eða hún yrði að bíða, þangað til þingið breytti lögunum á ný.

Jeg held því, að það megi vel missa sig, að ákveða þetta með lögum, og að bezt sje að fela landstjórninni, að haga þessu, eins og hún sjer þjenanlegast eptir ráðum þeirra manna, er bezt hafa vit á þessu. Jeg álít frv. alveg óþarft og mun greiða atkv. á móti því.

Lárus E. Sveinbjörnsson: Jeg vil að eins fara fáeinum orðum um breyt.till. þær, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) hefur komið fram með.

Fyrri liður breyt.till. er sá, að í stað orðanna: „Og halda því áfram jafnótt og vegirnir eru lagðir“ komi: „Svo skulu og eptirleiðis slíkir vegir mældir, jafnótt og þeir eru lagðir“.

H. 2. kgk. (H. Sv.) reyndi til að gjöra grein fyrir þessari breyt. sinni og tók það fram, að hitt væri jafnvel málleysa, eins og það stendur í frv. frá nefndinni. Jeg get ekki sjeð, að breytingin sje til neinna bóta; mjer getur ekki skilizt, að hægt sje að misskilja frv., eins og það hefur komið frá nefndinni.

Hin breyt. er um mörkin. Jeg játa, að það er hægðarauki, að tölurnar sjen ávallt settar á þá hlið, er veit að veginum. En ef þeir, sem um veginn fara, vilja vita, hve langt þeir eru komnir, þá vorkenni jeg þeim ekki að skreppa af baki til þess að gæta að því. Svo bætist og kostnaður við, þegar mörk skal setja á 2 hliðar marksteinsins, sem ávallt verður, þegar vegalengdarmarkið ekki er látið vita í norður. Þótt hægra sje að sjá vegalengdarmarkið, ef það jafnan er sett á þá hlið, er veit að veginum, eins og farið er fram á í breyt till., þá álít jeg samt ekki takandi í mál, að samþykkja hana, af því hún er svo lítilsverð, og það væri að eins til að eyðileggja hinn stutta og dýra tíma þingsins og jafnvel kveikja óvild milli deildanna, ef Ed. er að breyta frv. Nd., þegar að eins er um smámuni að ræða, sem hvorki gjöra frá nje til.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C. 237) við 1. gr. 1. tölulið felld með 6 : 1 atkv.; 2. breyt.till. (C. 237) við 1. gr. 2. tölulið samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já.	Nei.
Þorl. Jónsson,	Jón A. Hjaltalín,
Hallgr. Sveinsson,	Guttormur Vigfússon,
Jón Jakobsson,	Jón Jónsson,
Kristján Jónsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sig. Stefánsson,	Sigurður Jensson.
Þorkell Bjarnason.	

1. gr. frv. felld með 6 : 2 atkv.; 2. gr. frv. felld með 6 : 5 atkv. og var frv. þannig fallið.

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 3 2. febr. 1894 um breyt. á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. mai 1863 (C 225); 1. umr.

Sig. Stefánsson: Jafnvel þótt frv. þetta sje eigi langt, eru sum ákvæði þess þó athugaverð og mun því vera nauðsynlegt að það sje allt í heild sinni ítarlega yfirvegað. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að því sje vísað til nefndar þeirrar, er áður hefur verið kosin til að íhuga ýms frv. um breytingar á fátækralöggjöfinni.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 8 atkv. að vísa frv. til þeirrar nefndar.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C 229); 1. umr.

Hallgr. Sveinsson: Eins og menn hafa orðið varir við, hafa jafnan, þá er slík mál, sem þetta, hafa komið fram á þinginu, verið skiptar skoðanir um það, hvernig sinna ætti slíkum bænum, um að fá keyptar landssjóðsjarðir; og þingið hefur jafnan eytt talsvert löngum tíma máli þessu til íhugunar, enda standa mörg og ítarleg skjöl og skilríki í sambandi við það, sem bæði nefndir þær, er um málið fjalla, þurfa að kynna sjer og aðrir þeir, er vilja setja sig inn í málið. Í þingsölunum hafa einnig spunnizt út úr því alllangar og margar ræður, þar sem einn hefur viljað lækka, annar hækka kaupverð einhverrar jarðar o. s. frv. og verður það opt að kappsmáli fyrir mönnum, það sem þeir hafa að athuga við söluverðið.

Jeg vil nú leyfa mjer að vekja máls á því, hvort það sje þó ekki nokkuð íhugunarvert, að selja þannig, þing eptir þing, heilan hóp af landssjóðsjörðum; til þess veljast að jafnaði beztu jarðirnar, því að helzt óska menn eptir að fá þær keyptar; og afleiðingin getur með tímanum orðið sú, að allar beztu jarðeignir landssjóðs sjeu farnar, en hann sitji eptir með hinar rýrari og verðminni jarðir, en verður þó að eyða eigi svo lítilli fyrirhöfn og kostnaði til þess að gæta þeirra.

Menn hafa sagt, að slík jarðasala væri hið bezta ráð, til að efla sjálfsábúð í landinu, en eins opt hefur það einnig verið tekið fram, að næsta lítil trygging sje fyrir því, að jarðir þessar muni ekki ganga, jafnvel á fyrsta ári, úr eign ábúanda; um þær fari sem aðrar bændaeignir, þær gangi kaupum og sölum og komist á margar hendur, verði sundurskipt í smáparta, en sem talið er hið mesta niðurdrep góðs landbúnaðar. Með þessu er eigi þeim tilgangi náð, sem menn ætla sjer með slíkum lögum.

Frv. það, sem nú liggur hjer fyrir, er nú að nú að sönnu hingað komið frá systurdeild vorri, en svo voru skiptar skoðanir um það þar, að þaðan var það sent nærri því með jöfnum atkvæðum með og móti. Mjer virðist því harla athugavert, hvort hjer sje eigi að ræða um eitt af þeim málum, sem þingið gjörði rjettast í, að eyða eigi tíma sínum til. Mjer virðast þeir agnúar vera á þessu máli og það hafi svo lítinn meiri hluta við að styðjast, að h. þingd. gjörði rjettast í að fella það. Á undanförnum þingum hefur komið fram spurning um, hvort eigi mundi heppilegri önnur aðferð við afhendingu þjóðjarða, heldur en að selja þær á þann hátt, sem frv. gjörir ráð fyrir, og mjer er eigi kunnugt um, hvort menn hafa áttað sig svo vel á því máli, að menn sjeu með

öllu horfnir aptur frá þeirri aðferð. Þetta er í mínum augum einnig ástæða á móti frv. þessu, eins og það liggur nú fyrir. Ef einhverjir skyldu óska að málið væri athugað betur, væri rjettara að kjósa nefnd til að hugleiða það, heldur en að samþ. frv. umsvifalaust.

Guttormur Vigfússon: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 7 atkv. að kjósa 3 manna nefnd og hlutu kosning:

Sigurður Stefánsson	með	9 atkv.
Þorleifur Jónsson	—	7 —
Hallgr. Sveinsson	—	5 —

með hlutkesti milli hans og Gutt. Vigfússonar, er sama atkvæðafjölda hlaut.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði (C 231); 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Jeg hef tekið að mjer að gjörast flutningsmaður þessa frv. og vil jeg því í fáum orðum gjöra grein fyrir, hverjar ástæður eru fyrir því.

Á síðasta þingi var verzlunarstaður þessi löggiltur, en sakir þess, að menn bjuggust ekki við, að þar mundi verða mikil keppni um að byggja á verzlunarlóðinni, var hið löggilta verzlunarsvæði ekki nema lítið. Nú hefur reynslan orðið sú, að það er orðið oflítið; annar kaupmaður hefur óskað eptir, að setja þar verzlun, en fær eigi lóð til að byggja verzlunarhús á. Fyrir því er nú farið fram á, að stækka verzlunarlóðina.

Jeg vona því, að h. þingd. taki frv. vel, og finn svo eigi að sinni ástæðu til að mæla með því meira.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 29. júlí. kl 1 e. h. Allir á fundi nema Jón Jakobsson, 2. þm. Skagfirðinga, er hafði tjáð forföll.

Frv. til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðs Íslands (C 218); 2. umr.

Hallgr. Sveinsson: Jeg ætla ekki að halda langa ræðu fyrir frv. þessu, heldur að eins lýsa því yfir, að þóknun sú, sem frv. fer fram á að veita forstjórum og sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins er mjög hófleg, og að það er sanngjarnt, að þeir fái þóknun fyrir starf sitt, sem er allmikið, og þar sem söfnunarsjóðurinn er svo efnum búinn, að hann á hægt með að borga þessa litlu upphæð, vona jeg að frv. fái góðan byr og fylgi h. deildarmanna.

Sig. Stefánsson: Jeg tel það eðlilegt, að þessir menn fái þóknun fyrir starfa sinn; en jeg hafði hugsað mjer að koma fram með breyt.till. við frv., en hætti við það. Jeg vil því láta mjer nægja að minnast á það atriði hjer við umræðurnar, í stað þess að frv. sje breytt. Svo sem kunnugt er, er Söfnunarsjóðurinn opinn að eins einu sinni á mánuði. Þetta er allt of lítið og getur verið bagalegt fyrir menn út um landið, sem hafa viðskipti við sjóðinn. Jeg hef sjálfur orðið fyrir óhagræði af þessu fyrirkomulagi, þannig, að jeg varð eitt sinn að fresta að gefa reikning til sýslunefndar fyrir sjóð, sem jeg er riðinn við, sökum þess, að jeg gat ekki fengið afgreiðslu í Söfnunarsjóðnum. Margir hafa einnig kvartað yfir þessu við mig. Það er því brýn þörf á að breyta þessu, en ástæðan til þess, að jeg kom ekki með breyt.till. við frv. í þessa átt, var sú, að mjer þótti það ekki eiga við, en jeg kem hjer með umkvörtun yfir þessu, til þess að landsstjórnin gjörði breytingu á reglugjörð sjóðsins í þessa átt. Jeg álít nauðsynlegt, að sjóðurinn sje að minnsta kosti opinn tvisvar í mánuði. Fengi starfsmenn sjóðsins síðar

hærri þóknun, væri ástæða til að íhuga, hvort Söfnunarsjóðurinn ætti ekki að vera opinn optar, en nægur tími er til að hugsa um það, þegar þar að kemur.

Hallgr. Sveinsson: Mjer virðist þetta atriði geta komið fram í þingsályktun eða fyrirspurn til hæstv. landsh. og virðist mjer þörf á því, þar sem hæstv. landsh. er ekki viðstaddur, og hefur því ekki heyrt þessa aths. í umræðunum.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 2. gr. frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um bólusetningar (C199); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. —13. gr. samþ í e. hlj. hver. Fyrirsögn frv. samþ. i e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878 (C 240); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Tuttugasti og annar fundur, föstudag 30. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um skipti á 7 hndr. í Nesi og kirkjujörðinni Grænanesi (C 201); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um innheimtu á tekjum presta (C 244); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. samþ. með 8 : 3 atkv. og afgr. til Nd.

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði (C 231); 2. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um að koma á gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík (C 45, 239); frh. 1. umr.

Framsögum. (Jón Jakobsson): Jeg vona að h. þingd.m. hafi kynnt sjer n.ál. ásamt stundatöflu þeirri, er því fylgir. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram nú þegar, að 2 prentvillur hafa slæðst inn í töfluna. Önnur er i dálkinum yfir „Samtals stundir", þriðja talan í röðinni á að vera 24, en ekki 21, eins og hægt er að sannfæra sig um við samlagning talnanna í dálkunum út af námsgreininni „Enska". Hin prentvillan er í síðasta dálki; þar standa 2 tölur í 3. línu, 20 og 23, en á að eins að vera 23.

Eins og nefndarál. ber með sjer, hefur nefndln eigi borið gæfu til þess, að verða alveg samtaka og sammála um frv. þetta og er þetta því leiðara, sem sá h. þm., er skarst úr leik frá oss hinum nefndarmönnum er í yfirstjórn lærða skólans og hefði því getað orðið máli þessu til sjerstaklega mikils stuðnings, ef oss hefði heppnazt að geta fengið hann, sem einn af talsmönnum þess.

Nefndin hefur gjört 2 aðalbreytingar á frv. Hin fyrri er sú, að hún ætlast til, að námstíminn sje styttur um eitt ár. Hin önnur er sú, að afnema grísku, sem skyldunámsgrein og minnka latínunámið, eða stundafjöldann til latínunáms, að miklum mun. Þessi síðari breyting er nauðsynleg afleiðing hinnar fyrtöldu breytingar, þeirrar að stytta námstímann um eitt ár.

Í nefndarál. eru færðar ástæður fyrir breyt. þessum, en jeg skal þó leyfa mjer til frekari skýringar að fara um þær nokkrum orðum.

Meiri hluti nefndarinnar var samdóma um það, að eigi væri gjörlegt, að lengja

námstímann í skólanum fram yfir það, sem hann er nú. Eptir því sem háttum vorum er hagað hjer á landi, mun flestum finnast hann vera nú fulllangur, og þjóðin er yfirleitt of fátæk til þess að kosta sonu sína til náms hjer í Reykjavík, þar sem svo dýrt er að lifa, um meiri árafjölda en nú er heimtað. Auk þess eru þau embætti, sem í boði eru í aðra hönd, svo rýr, að ekki er gjörlegt að hækka kröfurnar og gjöra náms- og undirbúningsárin fleiri, en hingað til hefur verið. Í þriðja lagi var það skoðun nefndarinnar, að þar sem mannlífið er svo stutt, væri það of dýrt fyrir einstaklinginn að eyða frá störfum lífsins fleiri árum til undirbúningsins.

Um hina aðra aðalbreyting nefndarinnar, breyt. á kennslugreinunum, það, að afnema grísku-kennsluna og minnka latínukennsluna um einn þriðjung, er það að segja, að fyrir nefndinni vakti, að bæði hafa viðbæzt á síðari áratugum nýjar kennslugreinir í skólanum og ýmsar af hinum eldri hafa vaxað að miklum mun. Það verða því einhverjar námsgreinir að víkja, þoka fyrir öðrum nauðsynlegri, og var nefndinni það ljóst, að til þess yrði að velja hinar óþörfustu, þær er fjarlægast stæðu hinu daglega lífi og minnst brúk væri fyrir, þegar í embætti væri komið. Það var því eigi að undra, að hugur nefndarinnar hneigðist að takmörkun gömlu málanna. Nú sem stendur er fyrirkomulagið við skólann þannig, að fullur þriðjungur af námstímanum gengur til þess að læra latínu og grísku; en þetta er ekki í samræmi við þann algilda sannleika, að maður lærir fyrir lífið, en ekki fyrir skólann. Nú er það svo, að vjer Íslendingar stöndum ver að vígi en flestar aðrar þjóðir, að því er tungumálin snertir; vegna sambands vors við Dani, verðum vjer að nema dönsku, og móðurmál vort er erfiðara að nema en móðurmál flestra annara menntaðra þjóða, þar sem hið forna mál hlýtur að taka mikinn hluta kennslutíma-ans í íslenzku. Vjer höfum þannig einu til tveimur tungumálum fleira að nema en aðrar menntaðar þjóðir, t. d. einu tungumáli meira en Danir og tveimur meira en hinar miklu kultúrþjóðir, Englar, Frakkar og Þjóðverjar, og til þess að fá tíma til að vinna þetta upp, erum vjer nauðbeygðir til að láta hinar ónauðsynlegu námsgreinir rýma sess fyrir hinum nauðsynlegri. Stundatafla sú, er fylgir nefndarálitinu, sýnir nú, að þetta er eigi óframkvæmanlegt, og hvernig nefndin hefur hugsað sjer að þessu mætti koma fyrir. Í stundatöflunni hefur nefndin tekið til samanburðar það fyrirkomulag, er stjórnin hugsaði sjer 1895, þá er hún hafði leitað umsagnar kennara og skólastjórnar og vildi koma á 8 ára skólakennslu, og einnig sjest af stundatöflunni tímafjöldi sá, er nú er varið í lærða skólanum til hverrar kennslugreinar.

Það er eigi svo að skilja, að stundatafla sú, er nefndin hefur komið með, eigi að vera bindandi fyrir skólann; yfirstjórn hans getur að sjálfsögðu breytt henni; hún á að eins að sýna, hvernig nefndin hefur hugsað sjer, að auðið væri að koma kennslugreinunum fyrir.

Ef vjer lítum á töfluna, gjörum vjer þá merkilegu uppgötvun, að — þremur námsgreinum er þó ætlaður meiri tími í þessum 6 ára skóla, en ætlazt var til eptir uppást. kennaranna 1892 í 8 ára skóla; þessi mál eru: enska, þýzka og náttúrusaga. Þó hefur nefndin til samkomulags við kennslumálastjórnina dönsku tekið upp kennslu í frönsku öll árin í lærðu deildinni, sem felld var burtu eptir uppást. frá 1892. Í 3 fögum er stundatalan hin sama, sem eptir uppást. 1892 nfl. í sögu, eðlisfræði og landafræði. Aptur á móti eru tímarnir ögn færri í 4 fögum, nfl. íslenzku, dönsku, teiknun og söng, og talsvert færri í stærðfræði og latínu. Reyndar er áætlaður 10 st. munur í stærðfræði, en það liggur einkum í

því, að eptir uppást. 1892 var ætlazt til, að námssveinar kæmu mjög ungir í skóla, en þar sem nefndin gjörir ráð fyrir, að þeir komi eigi yngri en 14 ára, ætlast hún til, að þeir hafi þá lokið námi í undirstöðuatriðum stærðfræðinnar og verði reyndir í því til inntökuprófs. — Þá hefur nefndin tekið upp kennslu í trúbrögðum til samkomulags, þótt henni sje eigi sú till. föst í hendi, og jafnvel meiri hluti hennar álíti það eigi nauðsynlegt. Í teikningu voru ætlaðir 10 tímar, eptir nppást. 1892, en hjá nefndinni aðeins 7 tímar, en sá munur liggur einkum í því að eptir uppást. 1892 var ætlazt til, að skript væri í þeim tímum einnig kennd, en sú kennsla ætlast nefndin til að geti fallið burt, og verður því sami tími eptir til teiknunarnáms, sem 1892 var áætlaður.

Hin fjárhagslega aukning eptir uppástungu nefndarinnar er ekki tilfinnanleg; það er að eins einn kennari, sem hún býst við að þurfi að bæta við í skólanum, og sá kostnaðarauki er í sjálfu sjer miklu minni en launum þess kennara nemur, þegar þess er gætt, að borgunin til tímakennslu getur minnkað frá því sem hún er nú. Ýmsar raddir hafa heyrzt láta í ljósi óánægju yfir því, hve tímakennsla sje mikil, og heppilegra væri að bæta við einum föstum kennara, því að með þessu fyrirkomulagi væri eigi hægt að tryggja það, að skipti yrðu mjög tíð á tímakennurum, en það getur haft skaðleg áhrif á kennsluna; með því að bæta við 1 kennara, er þá einmitt gengið spor í áttina til að bæta úr þessum skorti.

Við Möðruvallaskólann er kostnaðarauknin meiri, því að fyrirkomulag það, sem stungið er upp á, útheimtir 3 ára námstíma á skólanum, það er, að bætt sje þar við einu ári við námstímann, eins og hann er nú. Um þetta atriði vil jeg skirskora til nefndarálitsins. Ef skólinn yrði fluttur til Akureyrar, mundu Akureyrarbúar að líkindum fúsir til að leggja fram talsvert fje upp í þann kostnað, sem sá flutningur hefði í för með sjer.

Þótt kostnaðurinn við skólann á Norðurlandi vaxi nokkuð, sparast þar á móti óbeinlínis talsvert fje á þann hátt, að menn í Norður- og Austlendingafjórðungum þurfa eigi að senda sonu sína hingað til Reykjavíkur, en geta haldið þeim við nám í 3 ár á skólanum í Norðurlandi, þar sem lífsviðurværi er ódýrara en hjer í Reykjavík.

Viðvíkjandi aldurstakmarkinu til inngöngu í skólana hefur meiri hluti nefndarinnar sett það eigi lægra en 14 ár, því að hún lítur svo á, að það sje í flestum tilfellum óheppilegt að senda sveina yngri en 14 ára í skóla þessa; það getur haft skaðvænleg áhrif á heilsu þeirra og eðlilegan líkamsþroska, að þurfa að leggja svo mikið náms-erfiði á sig daglega, eins og í þeim skólum verður að heimta fyrir 14 ára aldur. Þess vegna ætlast nefndin einnig til, að undirbúningur undir skólana verði þeim mun betri. Nefndin ætlast til, að til inntöku útheimtist meiri kunnátta en fæst í hinum fullkomnustu barnaskólum, svo sem barnaskólanum í Reykjavík. Með því væri bæði fyrirbyggð ofmikil aðsókn að skólunum og á hinn bóginn getur þessi meiri undirbúningur vegið á móti hinum 2 fyrstu skólaárunum, er ætlazt var til eptir uppást. 1892. Við það, að undirbúningurinn er betri og piltarnir sjálfir þroskaðri, geta þeir tekið á móti meira námi og numið meira þau 6 ár, sem þeim er ætlað að dvelja í skólanum.

Jeg skal lýsa gleði minni yfir því, að h. minni hluti (H. Sv.) kannast við það, að æskilegt sje að minnkuð væri kennslan í lærða skólanum í latínu og grísku; en aðalagnúar á því að minnka að miklum mun eða nema burtu kennslu í þessum málum, er samband lærða skólans við háskólann og prestaskólann. Jeg get þó ekki sjeð, að agnúar þessir þurfi, að því er háskólann snertir, að ná til annara en guðfræðinga; en það er ekki

líklegt, að margir verði til þess hjeðan af að nema guðfræði við háskólann, einkum eptir að prestakosningarlögin eru komin, því að síðan standa þeir litlu nær því, en guðfræðingar frá prestaskólanum í Rvík, að fá hin betri prestaköll. Það er því orðin lítil ástæða fyrir menn að eyða tíma og peningum til þess, úr því að litlar líkur eru til, að það gefi meira í aðra hönd.

Jeg skil eigi í öðru, en að stúdentar geti orðið svo vel að sjer í latínu, eptir 28 stunda latínunám, að þeir geti fleytt sjer svo í því máli sem nauðsynlegt er til laganáms, og Dönum er þá ekki alvara með, að vilja halda íslenzkum stúdentum til náms við háskólann, ef þeir útiloka þá þaðan fyrir þessar sakir.

Jeg býst við því, að frv. þetta geti fengið góðar undirtektir í þessari h. þingd. og þar sem þgsál. sú, er jeg kom með um þetta mál, er nú öll að efninu til komin inn í frumv. þetta, eptir breyt.till. meiri hluta nefndarinnar, þá tek jeg hana hjer með aptur.

Jeg skal að lokum geta þess, að nefndin mun að líkindum við 2. umr. koma fram með breytingu á tímatöflunni í þá átt að flytja eðlisfræði úr lærðu deildinni yfir í real-deildina, því að það væri ef til vill rjettara, samkv. þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið um þetta atriði, frá mönnum, sem stundað hafa gagnfræðakennslu.

Hallgrímur Sveinsson: Mjer þykir tilhlýðilegt, að taka stuttlega fram ástæður mínar fyrir ágreinings-atkvæði mínu í þessu máli, og gjöra grein fyrir því, að jeg hef ekki getað fallizt á álit meðnefndarmanna minna, þótt jeg gjöri ráð fyrir, að h. þingm. hafi lesið nefndarálitið og sjeð, að ágreiningurinn í raun rjettri ekki er svo mikill, eins og framsögum. einnig gat um í ræðu sinni, þar sem hann vjek að því, að sjer þætti mikið varið í, að jeg, sem væri viðriðinn stjórn skólans, hefði ekki tekið óvægilega eða harðara í málið en jeg gjörði.

Jeg játa, að aðalstefna nefndarálitsins og frumv. hefur við allmikil rök að styðjast. Aðal-ágreiningurinn byggist því á því, að vér lítum öðruvísi á horfurnar fyrir framgangi málsins hjá stjórninni. Jeg er sannfærður um, að stjórnin muni aldrei samþykkja þessi lög, meðan ástandið í Danmörku ekki þokast í þessa átt. Því jeg er þess fullviss, að Dönum muni það mótfallið, að vjer Íslendingar, hin fámenna og afskekkta þjóð, höldum okkar eigin menntunar leið, og gjörumst forkólfar í því að afnema hina klassisku menntun. Væri breyting komin á í Danmörku í þessa átt, mundi jeg ekki ófús á að fylgja nefndinni í flestum atriðum.

Og jeg stend ekki einn uppi með þessa skoðun, því þegar stjórnin, eptir þgsál.-till. 1891, leitaði álits stiptsyfirvaldanna um þetta efni, þá kom okkur, mjer og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) saman um, að betra væri heima setið, en taka breytingum þeim, sem stjórnin stakk upp á í frumv. sínu, að lengja skólatímann um 2 ár og hafa skólann tvískiptan með 8 bekkjum, og halda bæði grísku og latínu. En stiptsyfirvöldin voru á því að gjörlegt væri. að koma gagnfræðakennslunni að, án þess að auka námstímann, ef hafna mætti gömlu málunum, eða hafna öðru og takmarka hitt, og einnig að hin klassiska menntun ekki þyrfti að hverfa, þótt tungan legðist niður.

Jeg get hjer minnzt orða, sem höfð voru eptir heiðursmanni, sem nú er dáinn, í minni skólatíð, að það væri bæði mjög nytsamt og ánægjulegt, að lesa klassisku höfundana í danskri þýðingu. Það var þá gjört gaman að þessum orðum og þau fyrirdæmd, en í raun og veru munu þó margir seinna hafa fylgt gamla manninum í þessu, þó þeir brostu að orðum hans í fyrstunni, og get jeg talið mig einn á

meðal þeirra. Jeg felst á aðalhugsunina í orðum hans, því í raun rjettri græða menn minna á að nema hin gömlu tungumál, en menn skyldu ætla, og kemur það af því, að undurbúningurinn við að læra málfræðina, sem þó að eins er verkfæri til að skilja málið, tekur svo langan tíma. Einnig fer mikill tími í að kynnast setningaskipun og orðalagi, og er það ekki ávaxtasamur tími, sem gengur til þess.

Það er efni hinna gömlu rita fornþjóðanna, sem er menntandi, en ekki hinn ytri búningur, sem efni þetta er fært í. Þess vegna er ekki óumflýjanlega nauðsynlegt, að nema latínu og grísku, eins og nú er gjört, til þess að njóta góðs af andlegum fjársjóðum hinna gömlu menntaþjóða, því góðar þýðingar gætu gefið efni rita þeirra. Hjer við bætist, að eptir 7—8 ára latínunám og 5 ára grískunám eru fæstir svo færir í þessum málum, að þeir geti hiklítið lesið ljetta bók á grísku eða latínu, án málmyndalýsingar og orðabókar. Þetta er harla sorglegt og harla tátæklegur árangur af svo miklu og löngu striti, og hve miklu meiri menntun mætti ekki fá, ef að eins helmingi, eða jafnvel þriðjungi þessa tíma væri varið til að kynna sjer efni hinna lesnu bóka eptir góðum og nákvæmum þýðingum. Í Bessastaðaskóla var, eins og öllum er kunnugt, mest áherzla lögð á kennsluna í latínu og grísku, og sá þótti ekki maður með mönnum, sem ekki gat skrifað rjettan og smellinn latneskan stíl, eða lesið Hómer á frummálinu sjer til skemmtunar. En þá var ekki að tala um gagnfræði, jafnvel sögu mannkynsins, landafræði og stærðfræði var lítill gaumur gefinn að tiltölu, að jeg ekki nefni náttúrufræði. Nýju málin, enska og franska, voru alls ekki kennd, en þýzka að eins á lágu stigi. Nú er kennsla komin á í öllum þessum greinum, og sýnir sú breyting, að vjer þokumst áfram á þessa leið nauðugir viljugir.

En ef nýtt kennsluefni bætist við árfrá ári og öllu hinu gamla er haldið eptir sem áður, þá er hætt við, að hjer fari líkt og með bókasöfnin, þau springa. Að bæta allt af við og lengja þannig námstímann er ógjörlegt, þar eð lífið er svo stutt, eins og h. framsögum. (J. Jak.) rjettilega komst að orði. Það er þess vegna óumflýjanlegt, að finna ráð til þess að geta bætt nýjum, nauðsynlegum fræðigreinum við kennsluna, en til þess er engin önnur leið en að ryðja einhverjum af hinum gömlu námsgreinum úr sæti. En jeg álít ómögulegt að fá þessu nú framgengt, því jeg er sannfærður um, að stjórnin muni neita slíkum lögum staðfestingar, þótt frv. væri samþykkt í báðum deildum.

Þessar praktisku ástæður gjöra mjer það ómögulegt, að aðhyllast álit meiri hluta nefndarinnar. En auk þess þykir mjer of langt gengið í nefndarálitinu með því að afnema grískukennsluna sem skyldugrein og gjöra hana að eins að frjálsri aukanámsgrein. Sem fyrstu ástæðu fyrir þessu skal jeg tilfæra, að flestum nemendum mundi það ofmikill ábætir, að taka grísku sem aukanámsgrein, því hún er erfið námsgrein, og því ólík viðbót sem aukagrein, en leikfimi, söngur eða skólaiðnaður, sem stundum er ráðgjört að skuli bætast við hinar fastákveðnu 6 daglegu kennslustundir. Þá yrði einnig undirbúningstíminn lítill, ef auk 35—36 vikulegra kennslustunda væri bætt við ekki að eins leikfimi, söng og skólaiðnaði, heldur einnig grísku, og er hætt við, að fyrir meðalgáfumenn og þaðan af minna yrði þetta ofætlun. Einnig efast jeg um, að þeir væru margir, sem væru svo fastráðnir, hvaða nám þeir ætluðu að stunda, að þeir t. d. 2—3 árum áður en þeir ættu að útskrifast hefðu ákveðið, hvort þeir gengju guðfræðisveginn eða ekki, til þess að taka þátt í aukakennslu í grískunni, ef þess væri þörf. En hefðu þeir ekki nógu snemma byrjað á grískunáminu í lærða skólanum, væru að eins 2 vegir mögulegir,

annar sá, að þeir kæmu illa undirbúnir á hina æðri menntastofnun, hinn, að þeir yrðu að lesa áfram til að búa sig undir að ganga sem guðfræðingar á prestaskólann eða háskólann. Hvorugt væri gott. Öllum er ljóst, hve skaðlegt það er, að koma illa undirbúinn á hvern skóla sem er, og hvað yrði úr styttingu kennslutímans, ef menn þyrftu að nota hinn sparaða tíma til að undirbúa sig sjerstaklega til að geta gengið á hina æðri skóla.

Mjer finnst því meiri hluti nefndarinnar ganga of langt með því að vilja afnema gríska kunna með öllu og setja hana sem aukagrein, sem tilsögn gæti fengizt í fyrir þá, er þess óska. Þó henni væru að eins ætlaðar fáeinar stundir, væri það betra en ekki.

Hvað takmörkun latínunnar snertir, finnst mjer álit meiri hlutans á betri rökum byggðar, einkanlega þar sem ætlazt er til, að piltarnir byrji ekki á henni fyr en þeir eru komnir á sinn bezta þroskaaldur.

En þar sem meiri hluti nefndarinnar vill stytta námstímann um 1—2 ár frá því sem nú er, þegar piltar eru 6 ár í skóla og 1—2 ár að læra undir skólann, og láta nemendurna ekki koma í skólann yngri en fullra 14 ára, þá hef jeg þar við að athuga, að mörgum þykir nú heppilegt, að geta komið sonum sínum 12 ára gömlum í skólann, og þó yrði með þessu meiri ástæða til að senda þá þangað unga. Því hvað eiga t. d. drengir úr Reykjavík og nærsveitunum, sem til mennta eru settir, að læra á skeiðinu frá 11—14 ára. Latínu þurfa þeir ekki að læra, hún yrði ekki nauðsynleg til inntöku; reikning væri heldur ekki þörf á að kenna þeim til muna, fram yfir það, sem þeir hafa lært í barnaskólanum, og gagnfræði væri þá hið einasta, sem þeir gætu byrjað á, til þess að þeir kæmust ekki út í sollinn með því að vera iðjulausir, sem jafnan er hætt við í stærri bæjum. Það væri því efasamt, hvort þetta aldurstakmark, 14 ára aldurinn, væri heppilegt fyrir þá pilta, sem eru frá Reykjavík eða úr grenndinni. Jeg játa, að 12 ára aldurinn er of lágt aldurstakmark fyrir þá sveina, sem yrðu að ferðast langt að til skólans, fyrir þá er 14 ára takmarkið eðlilegt. En nú hefur nefndin gjört ráð fyrir, að piltar frá Norðurlandi fái fræðslu á Möðruvallaskólanum til 17. árs og yrðu því lausir við hinar erfiðu ferðir, fyr en þeir hafa náð þroskaaldri. Mjer virðist því uppfærslan á inntökualdrinum frá 12—14 ára ekki vera fullkomlega vel ráðin, þar sem milliliggjandi ár yrðu fyrir þroskaða pilta, að mínu áliti, hálfgjörð vandræðaár.

Meiri hlutinn hefur takmarkað stærðfræðina um $^1/_3$, og framsögum. kom með þá ástæðu fyrir þessu, að þar sem undirbúningurinn eptir þessu fyrirkomulagi yrði meiri en verið hefur, og þar sem stærðfræði ætti nú að kenna í öllum bekkjum, og piltar því betur þroskaðir en áður til að skilja hana, mundi þetta vinnast upp. En þó mikið sje hæft í orðum framsögum., þá þykir mjer þó niðurfærslan vera fullmikil.

Þá er einnig að athuga, að þar sem nefndin gjörir ráð fyrir, að kennslan við Möðruvallaskólann verði aukin svo mikið, að sá skóli geti að öllu leyti svarað til realdeildar Reykjavíkurskólans, þá er þetta varhugavert meðan skólatíminn ekki er jafnlangur á báðum skólunum. Því kennslan á Möðruvallaskólanum stendur ekki yfir nema $7^1/_2$ mánuð, en á Reykjavíkurskólanum 9 mánuði. Munurinn er því $1^1/_2$ mánuður, og þegar Möðruvallaskólinn er settur samhliða Reykjavíkurskólanum, ætti afleiðingin að vera, að skólatíminn yrði aukinn um þennan $1^1/_2$ mánuð, nema menn vilji ætla, að kennslan á Möðruvöllum sje á svo miklu hærra stigi en hjer í Reykjavík, að piltar þaðan með $7^1/_2$ mán. námstíma sjeu jafnvel að sjer og piltar frá Reykjavík með 9 mánaða árlegum

kennslutíma. En það mun þó ekki vera skoðun manna.

Jeg ætla nú, að jeg hafi nægilega lýst skoðun minni til þess að sýna fram á, að þótt jeg sje hlynntur aðalstefnu frv., get jeg þó ekki gengið að áliti meiri hluta nefndarinnar, þar sem ástandið í Danmörku er ekki komið lengra í þessa átt en tilfellið er.

Framsögum. meiri hl. (Jón Jakobsson): Jeg er þakklátur h. framsögum. minni hl. (H. Sv.) fyrir það, hve hlýjum orðum hann fór um frv. það, sem hjer liggur fyrir, og breyt. till. nefndarinnar við það, og sje jeg af orðum hans, að hann óskar að fá hinu sama framgengt sem vjer. En hvað agnúa þá snertir, er honum virtust á frv., þá vil jeg fara um þá nokkrum orðum.

H. framsögum. minni hl. (H. Sv.) gat þess, að sökum sambands vors við Kaupmannahafnarháskóla væri lítil von til þess, að vjer, sem erum fámenn, fátæk og afskekkt þjóð, fengjum því framgengt gagnvart háskólanum, að gjöra gagngjörða breytingu á kennslu gömlu málanna eða afnema nám annars þeirra. Það er mín sannfæring, að þótt vjer sjeum fámennir og afskekktir og höfum lítinn skerf að leggja til menningar heimsins, þá sjeum vjer hvorki of fámennir, fátækir nje of afskekktir til þess að gjöra lærða skóla vorn að fyrirmyndarskóla, og jeg álít, að samband vort við Kaupmannahafnarháskóla væri okkur allt of dýrt, ef hann sæti oss í vegi fyrir slíkum endurbótum á skólafyrirkomulagi voru, sem tíminn og þarfir vorar gjöra nauðsynlegar.

Þar sem h. framsögum. minni hl. (H. Sv.) sagði, að námsefnið hlæðist æ upp meir og meir, svo nauðsyn krefði, að draga úr einhverju af hinu eldra námi fyr eða síðar, þá get jeg bætt því við, að hjer hefur allt til þessa verið allt of lítill gaumur gefinn hinum praktisku fræðum, og kemur það æ meira og meira í ljós eptir því, sem samband vort vex við önnur lönd; og það ber ekki vott um blómlegan árangur námsins, að þegar margir piltar koma úr latínuskólanum eptir 6 ára námstíma, eru þeir nær því mállausir gagnvart útlendingum og geta ekki gjört sig skiljanlega á þeim málum, er þeir eiga að hafa lært í latínuskólanum, hvorki í hinum nýju nje hinum gömlu.

Hvað prestaskólann snertir og skaða þann, er hann gæti beðið af því, að gríska væri numin burt úr latínuskólanum, þá var meiri hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að sú grísku-þekking, sem piltar fengju í latínuskólanum, væri svo lítil, að hún mundi til lítils verulegs gagns fyrir guðfræðisnámið, enda mundi það vera undantekning, að prestar notuðu gríska „originalinn“ til leiðrjettingar við hinn íslenzka texta nýja testamentisins. En ef svo færi, að sú grískuþekking, sem piltar eptir hinu nýja fyrirkomulagi gætu orðið aðnjótandi á lærða skólanum, þætti algjörlega ónóg, þá kæmi til álita, hvort ekki mundi tiltækilegt, að koma upp „cursus“ í grísku við prestaskólann. *(Hallgr. Sveinsson:* „Það lengir tímann“). Að vísu kynni svo að fara, að tíminn lengdist við það, en það er þó ekki víst, því hann er nú þegar lengdur um þriðjung við það, sem hann hefur verið að undanförnu, og því alls ekki óhugsandi, að bæta mætti þessu „cursus“ við að ósekju, án þess að íþyngja námsmönnum með lengri verutíma, og þar sem 2 ára prestaskólanám þótti áður nóg, ætti 3 ára nám ekki að vera of stutt, þó nokkuð af þeim tíma yrði varið til grískunáms.

Þar sem mjer virtist það koma fram í ræðu h. framsögum. minni hl. (H. Sv.), að það væri harðdrægt gagnvart tilvonandi guðfræðingum, að hafa ekki grísku að skyldunámsgrein í latínuskólanum, þá er það þó enn þá harðdrægara, að gjöra grískunám þeim að skyldu í latínuskólanum, sem alls ekki þurfa að læra hana lífsstöðu sinnar vegna, og má segja, að

fyrir þá sje þetta nám ónauðsynlegt glingur.

Hvað aldurstakmarkið fyrir inntöku í latínuskólann snertir, þá getur það verið rjett, að fyrir þá pilta, er eiga heima hjer í Reykjavík eða í nágrenninu verði tíminn frá 12–14 ára aldurs að litlu gagni, en jeg hef ekki skilið þetta svo, að þótt yfir höfuð væri ákveðið 14 ára aldurstakmark fyrir inntöku í skólann, þá mættu stjórnendur hans ekki gjöra undantekningu frá þessari reglu, þegar um efnilega pilta væri að ræða, og þess væri beiðst, auk þess sem slíkir piltar gætu þá lesið utan skóla undir neðstu bekkina og gengið fyrst inn í 2. eða 3. bekk.

Hvað þá athugasemd snertir, að nefndin hefur ekki gjört ráð fyrir því, að lengja námstímann á vetri hverjum við Möðruvallaskólann til að koma honum í fullt samræmi við latínuskólann í því efni, þá játa jeg, að það er eingöngu af gleymsku nefndarinnar og mun það verða lagfært til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C 61, 245); frh. 2. umr.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Það er kunnugt, að lög 8. jan 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, veita söfnuðunum mikla hluttöku í skipun prestsembætta. En samt sem áður kom það fljótt í ljós, að söfnuðirnir ekki eru alls kostar ánægðir með lög þessi. Það hafa opt á þingmálafundum komið fram óskir um, að söfnuðirnir mættu kjósa um alla þá, sem í boði eru. Jeg held, að þetta sje fremur af því, að þegar menn rjetta litla fingur fram í frelsisáttina, þá vilji menn fá þann næsta og svo alla hendina að lokum, heldur en af því, að veitingarvaldið noti frákosningarrjett sinn illa í flestum tilfellum. Nefndarmenn voru allir á því, að það væri rjett, að láta eptir óskum safnaðanna, en meiri hlutinn þó því að eins, að um leið væri búið svo um hnútana, að kosningin yrði sem allratryggilegust, og lagði því til, að 4 breytingartill. væru gjörðar á frv.; um 2 af breytingartill. voru allir nefndarmenn samdóma.

1. breyt.till. nefndarinnar við 2. málsgrein 1. gr. er sú, að biskup skuli halda eptir umsóknarbrjefum þeirra sækjenda, er hann álítur óhæfa til að takast það prestsembætti á hendur. Eins og ákvæðið er orðað í frv. er það almenns eðlis. Biskup mátti eptir frv. kjósa þá kand. og aðstoðarpresta frá, sem hann áleit óhæfa að takast prestsembætti á hendur yfir höfuð; þess vegna kom nefndin sjer saman um, að miða frákosningarrjett biskups við það brauð, sem er undir veitingu *þá*. Nefndin áleit það sem sje auðsætt, að menn alls ekki þyrftu að vera óhæfir til prestskapar yfir höfuð, þó þeir kynnu af einhverjum ástæðum að vera óhæfir í prestsembætti það, sem um er að ræða. Nefndinni fannst því full ástæða til, að rýmka lítið eitt þetta frákosningarvald biskups, þannig, að það nái ekki að eins til kandídata og aðstoðarpresta, heldur einnig til þjónandi presta. Það er varla hægt að hugsa sjer aðstoðarpresta, sem biskup leyfði að þjóna, en væru þó óhæfir í prestsstöðu. Nefndin vildi nú láta frákosningarrjettinn ná til allra. Það er vel hugsandi, að gamlir prestar sæki um brauð, sem þeir ekki eru færir um að þjóna og verður maður þá að ætla, að kirkjustjórnin þekki þetta betur en viðkomandi söfnuður. Það segir sig sjálft, að biskup mundi ekki nota þenna frákosningarrjett, nema brýn nauðsyn bæri til og hefði gildar ástæður við að styðjast.

2. breyt.till. nefndarinnar er við 3. málsgr. 1. gr. nfl., að í stað orðanna „skal hann senda“ komi „getur hann sent“.

Þessi breyting þótti nefndinni nauð-

synleg; henni virtist óheppilegt og óþægilegt að lögskipa það, að biskup skuli endilega ætíð vera lögskyldur til að senda meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið. Það getur hugsazt, að þeir, sem sækja, sjeu svo líkir að hæfileikum, að lítt mögulegt sje fyrir biskup að velja á milli þeirra eða að taka einn fram yfir annan. Það getur einnig hugsazt, að biskup fari nær um, að söfnuðirnir ekki meti meðmælingu hans að miklu, og þá er óþægilegt fyrir hann að vera skyldur til að senda hana.

Svo koma 2 síðustu breytingartillögurnar. Um þær varð nefndin ekki samdóma. Í fyrri breyt.til. fór meiri hlutinn fram á að breyta, að í staðinn fyrir „$^2/_3$ atkvæða“ komi: „$^3/_4$ atkvæða.

Síðan farið var að nota kosningarlögin 8. jan. 1886, hefur eins og kunnugt er, víða orðið kapp mikið um kosningarnar. Menn hafa skipst í 2 flokka og þessir tveir flokkar hafa sótt málið með miklu kappi; afleiðingin af þessari flokkaskiptingu hefur orðið sú, að það hefur æst hugi manna, og að sá flokkurinn, sem undir hefur orðið, hefur á stundum lagt fæð á þann prest, er kosinn var, þótt hann væri góður og heiðarlegur maður. Þetta vildi meiri hlutinn reyna að koma í veg fyrir með því að tryggja kosninguna betur en gjört er í frv., þannig að kjósendurnir hljóti að vera nokkurnveginn samhuga um hana, ef hún á að verða lögleg og gild. Munurinn er að vísu ekki mikill, að eins $^1/_{12}$ partur af þeim sem kjósa, en hann gengur þó í áttina til að tryggja kosningarnar og útiloka agitationir. Meiri hlutinn vildi gjöra sitt til, að agitationirnar gætu minnkað.

Um 4. breyt.till. nefndarinnar nfl. að orðin í enda 2. gr. „ella skal . . . að rjett sje“, falli burtu, gátu menn heldur ekki orðið samdóma í nefndinni. Meiri hlutinn gekk út frá því, að veitingarvaldið mundi að sjálfsögðu telja sjer skylt, að taka allt sanngjarnt tillit til framkominna óska af hálfu safnaðarins. En ef veitingarvaldið ekki gjörði það, til hvers væri þá að láta þetta ákvæði standa í lögunum. Hver getsannað að veitingarvaldið gjöri það ekki? Það mundi að eins verða til þess, að það gæti gjört söfnuðina óánægða, að láta ákvæðið standa, og þó veitingarvaldið aldrei nema taki tillit til óska safnaðarins, þá er samt ekki hægt fyrir það að ábyrgjast, að söfnuðurinn eða allir í honum geti sætt sig við það. Nú skiptist t. d. söfnuðurinn í 2 flokka nærri því jafna; lægri flokkurinn álítur ef til vill sinn hlut fyrir borð borinn. Þess vegna er það, að ef þetta ákvæði stæði, þá mundu kjósendurnir á því byggja von eða óskir, er gætu gjört þá óánægða á eptir, ef þær ekki uppfylltust eða rættust. Meiri hlutinn vildi því fella þetta ákvæði burtu, og áleit það óþarft og að það gæti jafnvel orðið skaðlegt í sumum tilfellum. Ef það er fellt burtu, þá hafa söfnuðirnir enga von um, að geta haft áhrif á kosninguna, og getur það orðið hvöt fyrir þá, til að nota kosningarrjett sinn sem bezt og til þess, að sameina sig, svo að ekki komi til fyrir veitingarvaldið að veita brauðið. Jeg held því, að frv. með þessum breytingum, einkum 2 seinni breytingunum, sje fullt eins gott, eins og hin núverandi prestakosningarlög. Jeg hygg, að ef söfnuðirnir vildu nota kosningarrjett sinn sem bezt, þá mundi það verða til þess að útrýma öllu sundurlyndi, þá mundu ekki verða neinar agitationir eða flokkaskipting. En eins og lögin eru nú, gefa þau jafnvel tilefni til agitationa, sem er næsta óheppilegt, bæði fyrir söfnuðina og prestana.

Jón Jónsson: Jeg finn ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta. Það eru ekki nein stórvægileg atriði, sem mjer og meiri hlutanum ber á milli. Um þær breytingar, sem felast í fyrsta og öðru niðurlagsatriði meiri hlutans, hef jeg ekki

viljað gjöra ágreining. Fyrstu breyt.till. gat jeg gengið að af þeirri ástæðu, að biskup mundi að sjálfsögðu beita frákosningarrjetti sínum varlega, því það hlýtur ætíð að vera skerðing á áliti þess prests, sem úr er kastað, ef biskupinn álítur hann óhæfan til að þjóna einhverju embætti, ef orsökin til þess er ekki elli eða heilsulasleiki.

Jeg hygg því, að biskup muni gæta hinnar mestu varúðar í að skerða álit viðkomandi prests og það muni því vera hættulítið að samþykkja þessa breytingu, þó það sýnist svo í fljótu bragði, sem biskupi sje með þessu veitt ærið vald. Aðra breyt.till. hef jeg líka getað fallizt á,nfl.að skylda ekki biskup til að senda meðmæli sín með þeim sækjanda,sem hann álítur hæfastan og verðugastan til að fá embættið, því að jeg ætla, að söfnuðinum muni heldur ekki fast í hendi að fá þessi meðmæli; ef veitingarvaldið æskir ekki að hafa þessa skyldu, munu söfnuðir ekki æskja þess svo mjög.

3. breyt.till. er svo lítilfjörleg, að varla er vert að deila um hana.

Eins og jeg hef bent á í ágreiningsatkvæði mínu,þá er það meginregla í löggjöf vorri við atkvæðagreiðslu, þegar nauðsyn þykir til bera, að tryggja atkvæðagreiðsluna, að það sje ekki meira en $^2/_3$ hlutar, sem heimtað er. Jeg þarf ekki að fara að telja dæmi, sem sýna að þetta er rjett. það þekkja allir þm. þau, t. d. hjer á þinginu, við allar mest um varðandi atkvæðagreiðslur, sömuleiðis í flestum samþykktarlögum o. s. frv.

Þar sem því hjer ekki er um þýðingarmeira atriði að ræða en þetta, þá finnst mjer ekki vert að gjöra það að kappsmáli; en hins vegar virðist ekki ástæða til, að víkja frá meginreglunni í þessu efni.

4. breyt.till. hef jeg heldur ekki getað fallizt á. Jeg hef ekki getað sannfærzt um, að það sje rjett, að sleppa því ákvæði, sem meiri hlutinn vill láta fella burt.

Jeg álít sanngjarnt og eðlilegt, að veitingarvaldið sje skylt að taka það tillit til óska safnaðarins, sem því sýnist rjettlátlegt, og því finnst mjer rjett, að þetta ákvæði standi í lögunum.

Það getur komið fyrir, að kosningin farist fyrir af ófærð og illri veðráttu, því jeg hef skilið hin gildandi prestkosningarlög þannig, að prófastur sje ekki skyldur að kalla saman fund að nýju, þó fundur farist fyrir, vegna óviðráðanlegra atvika. Það getur því opt staðið svo á, að söfnuðurinn eigi ekki kost á, að kjósa prestinn og verður því opt að láta sjer nægja með að senda álit sitt um þann prest, er hann vill kjósa; þess vegna er það sanngjarnt, að ákvæði það, sem felst í 4. breyt.-till. standi í lögunum og að veitingarvaldið sje skylt til að taka tillit til óska safnaðarins, því það er ekki víst, að vilji safnaðarins og veitingarvaldsins falli saman. En það mun jafnan hollast verða fyrir kirkjulíf hvers safnaðar, að söfnuðurinn fái þann prest, sem honum er geðfelt. Mjer finnst jeg sem flutningsm. hafi miðlað svo til, sem jeg hef frekast getað. Jeg hygg, að sannfæring þm. um frv. þetta, sje svo fast ákveðin, að jeg ekki mundi sannfæra þá, þó jeg hjeldi lengri ræðu og skal jeg því láta hjer staðar numið.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg þarf ekki að halda langa ræðu að þessu sinni, af því að h. framsögum hefur tekið rækilega fram hin helztu atriði málsins.

Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls að sá agnúi, sem sjerstaklega hamlaði frv. þessu frá samþykki stjórnarinnar, væri sá, að það mundi þykja ótilhlýðilegt, að veitingarvaldið hyrfi alveg úr höndum stjórnarinnar.

Jeg gat ekki fallizt á, að veitingarvaldið missti alveg atkvæði sitt, því að þá yrði starfi þess þýðingarlaus og að eins sá, að setja innsigli á það, sem meiri hluti safnaðarins yrði ásáttur um.

Þess er getið í áliti nefndarinnar, að

ef breyt.till. væru teknar til greina, mundi það verða hóti nær til að ná samþykki stjórnarinnar, en jeg skal engar getur leiða að því, hvort svo muni fara. Það má vera, að stjórninni þyki vel mikið dregið af valdi hennar, svo að of lítið verði eptir handa henni, en svo sem allt lagt söfnuðinum í hendur. Jeg hef þegar áður lýst yfir þeirri skoðun minni, að ef breytingarnar næðu fram að ganga í sömu stefnu, sem farið er fram á í nefndarálitinu, þá mundi jeg gefa frv. atkvæði mitt, af því að jeg álít það ekki stóran feng fyrir veitingarvaldið að halda þeim rjetti, sem það nú hefur, svo að það er bitamunur en ekki fjár, hvort hin núverandi lög eða breytingar þær, sem hjer er farið fram á verða gildandi. Það er þess vegna reyndar að eins með hangandi hendi, að jeg greiði atkvæði með þessu frv., en þó mun jeg gjöra það, ef 3 fyrstu breytingar nefndarál. ná fram að ganga. 4. ákvæðið er mjer ekki fast í hendi með; það getur að vísu vakið sundrungu í söfnuðinum, en á hinn bóginn hygg jeg, að þó það væri fellt burtu, þá mundi hvert samvizkusamt veitingarvald ávallt telja sjer skylt, að taka allt sanngjarnt tillit til framkominna óska af hálfu safnaðarins, ef þessar óskir koma fram á skýran og greinilegan hátt.

Þar sem h. 6.kgk.þm.(Þ.B.)gat þess, að söfnuðirnir mundu smátt og smátt vilja færa sig upp á skaptið, þá hygg jeg að hann kunni að hafa rjett fyrir sjer í því.

Eptir lögunum hafa söfnuðirnir ekki leyfi til að láta í ljósi álit sitt og óskir, fyr en kjörskráin er komin út. En sumir söfnuðir hafa verið svo bráðlátir og mjer liggur við að segja, svo heimtufrekir, að þeir hafa sent veitingarvaldinu óskir sínar og kröfur um vissa menn fleiri eða færri, áður en þeir hafa fengið kjörskrána. Í slíkum tilfellum koma óskirnar ekki á rjettum tíma og veitingarvaldið þarf því ekki að taka tillit til þeirra. En eins og veitingarvaldið hingað til hefur tekið tillit til verulegra og skýrra óska safnaðarins, eins hygg jeg að það muni gjöra hjer eptir og þess vegna álít jeg breyt.till. í 4. staflið d. eigi gjöra mikið til; það getur að vísu ef til vill valdið sundrungu að ákvæðið sje látið standa óbreytt, eins og það er nú í lögunum, en jeg hygg, að þau tilfelli muni vera færri.

Þar sem h.2.þm. N.-Múlas. (J.J.) heldur því fram, að ekki sje ástæða til að víkja frá þeirri meginreglu, að ekki sjeu meira en $^2/_3$ hlutar, sem heimtað skuli, þegar mest nauðsyn þykir til bera, að tryggja það, að vilji meiri hlutans ráði, og að það sje þýðingarlítið að breyta því í $^3/_4$, eins og meiri hlutinn fór fram á í nefndarálitinu, þá er það að vísu satt, að það gjörir ekki stóran mun og venjulega mun það ekki muna meiru en 2 eða 3 atkvæðum. En það er athugandi, að þegar meiri hlutinn þarf þó ekki að vera nema rúmlega $^1/_3$ partur alls safnaðarins, þá er það ekki stórt. Ef $^2/_3$ allra kjósenda eru á fundi, þá er þetta of langt farið. En þegar ekki nema helmingur af kjósendunum taka þátt í kosningunni og svo að eins $^2/_3$ af þeim atkvæðafjölda eiga að ráða kosningunni, þá virðist ekki vera of langt farið, þó hert sje svo mikið á hinu núgildandi ákvæði, að það skuli vera $^3/_4$ í staðinn fyrir $^2/_3$ partar. Ef söfnuðirnir ekki vilja gjöra sig ánægða með lögin með þessari breytíngu, þá mættu þeir vera töluvert heimtufrekir. Setjum svo, að gott brauð sje undir veitingu og að 8—11 prestar sjeu á kjörskrá fyrir söfnuðinn að velja um; ef nú vilji safnaðarins er ekki svo einbeittur að hann geti safnað $^3/_4$ pörtum af þeim kjósendum, sem atkvæði greiða um einn þeirra, þá er efasamt, hvort söfnuðurinn á heimtingu á, að sú kosning verði staðfest.

Jeg tek það fram enn, eins eg jeg hef gjört áður, að atkvæðagreiðsla mín um málið í heild sinni mun verða bundin

því skilyrði, hvernig menn taka þessum breyt. nefndarinnar.

Sigurður Jensson: Áður en til atkvæða er gengið, vil jeg gjöra grein fyrir atkvæði mínu, að því er eina breyt.till. nefndarinnar við frv. snertir, sem jeg get ekki gefið atkv. mitt. Það er 2. br.till. nefndarinnar við 1. gr. um meðmæli þau, er biskup sendir söfnuðum með einhverjum umsækjanda, að í stað orðanna: „skal hann senda" komi: „getur hann sent", og get jeg ekki sjeð, að ástæður þær, er nefndin færir fyrir þessari breyt.till. sje fullnægjandi. Nefndin segir, að verið geti að það komi fyrir, að biskup þyki ekki við eiga, að senda slík meðmæli með neinum umsækjanda, en jeg get ekki skilið í því, að það sje svo mikill vandi fyrir biskup, að senda söfnuðunum þessi meðmæli, að neitt þyrfti að vera því til fyrirstöðu. Það ætti ekki að vera meiri vandi fyrir biskup, að senda söfnuðunum slík eindregin meðmæli, heldur en það er fyrir hann, að senda þau til landshöfðingja, svo sem nú mun eiga sjer stað, eða að minnsta kosti hefur átt sjer stað, þegar prestaköll voru veitt eptir tillögum biskups. Að segja, að biskup *geti* sent söfnuði slík meðmæli, eða að hann megi mæla með vissum manni, virðist óþarfi að standi í lögunum, því biskup hefur auðvitað leyfi til þess, án nokkurra laga, og ekki einungis hann, heldur meira að segja hver einasti maður. Það er ekki bannað neinum manni, að gefa söfnuðinum góð ráð og leiðbeina honum til þess að kosningin fari sem bezt. Jeg vil einmitt, að hjer standi orðið „skal", því jeg álít, að biskup sje til þess settur, að sjá um, að sem bezt fari fram í kirkjunni, og þar af leiðandi eigi hann að gjöra sitt til að sem hæfastir menn komist í prestsembættin. H. framsögum. (Þ. B.) sagði, að þetta gæti opt verið óþægilegt fyrir biskupinn. Jú, „vandi fylgir vegsemd hverri", og biskup verður auðvitað, eins og aðrir menn, að gjöra opt fleira en gaman eða þægilegt þykir. Jeg skil ekki, að það geti verið óþægilegra fyrir biskup, að senda eindregin meðmæli með einum umsækjanda, en það, sem honum er falið að gjöra samkvæmt 1. breyt.till. nefndarinnar, nfl. að halda eptir umsóknarbrjefum þeirra umsækjenda, er hann álítur óhæfa til prestsembættisins. Þetta getur líka verið óþægilegt og vandasamt fyrir biskup. Jeg álít líka, að það geti opt haft töluverða þýðingu fyrir kosninguna, að söfnuðurinn viti fyrir fram, hvern biskup álítur hæfastan mann til embættisins, því að söfnuðurinn getur gengið að því sem vísu, að sá maður fái embættið, og þá er engin ástæða fyrir söfnuðinn að vera að kjósa, ef menn eru almennt ánægðir með þann, er biskup mælir með. Jeg veit dæmi til, að svo hefur verið. Voru þar 3 menn í kjöri, að mörgu leyti jafnir að verðleikum, svo söfnuðurinn gat ekki haft hugmynd um, hverjum mundi verða veitt brauðið, ef engin kosning færi fram, þar sem engin skýr leiðbeining kom frá biskupi, hvern umsækjandann hann áliti hæfastan; urðu ýmsir leiðandi menn í söfnuðinum að gjöra sjer mikið ómak til þess að fá lögmætan kjörfund, svo þeir væru vissir um, að fá þann fyrir prest, sem þeir vildu helzt hafa, en jeg hef þá skoðun, að sá maður hefði fengið veitingu fyrir embættinu, hvort sem hann hefði verið kosinn eða ekki. Gæti söfnuðunum sparazt slík fyrirhöfn, ef biskup sendi þeim ávallt eindregin meðmæli með einum umsækjanda fyrir fram, því jeg skil meðmælin þannig, að svo framarlega sem prestskosningarfundur verður ekki lögmætur, þá fái sá umsækjandi brauðið, sem biskup hefur gefið meðmæli sín.

Hvað 3. breyt.till. nefndarinnar snertir, að fyrir „$^2/_3$ atkvæða" komi „$^3/_4$ atkvæða", álít jeg, að það standi á litlu, hvoru ákvæðinu verður haldið; en þar sem jeg álít, að sú breyt.till. geti heldur spillt fyrir málinu, þegar það kemur til h. Nd.,

þá mun jeg ekki gefa henni atkvæði mitt. Jeg álít, að ef frv. yrði samþ. með seinustu breyt.till. nefndarinnar, yrðu lögin heppilegri í því formi, heldur en hin núgildandi lög, og þess vegna vil jeg ekki bæta við neinu ákvæði, sem gæti orðið til að fella þetta frv.

Framsögumaður (Þorkell Bjarnason): Jeg ætla mjer að eins að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. þm. Barðstr. (S. J.), þar sem hann vildi ekki aðhyllast breyt.till. nefndarinnar, er fer í þá átt, að biskup *geti* sent meðmæli sín með einum umsækjanda til safnaðar, er prest á að kjósa, en vildi, að hann væri skyldur að gjöra það. — Jeg skal taka það fram, að jeg skil þetta svo, að meðmæli sje annað en umsögn. Jeg er þessu auðvitað ekki kunnugur, en jeg hygg, að biskup muni optast senda söfnuðunum umsögn sína um presta þá, sem um embættið sækja, ásamt umsóknarbrjefum þeirra, en meðmæli þau, er frv. talar um, er eins og sjerstök áskorun til safnaðarins, að kjósa þennan prest. Þegar umsögnin er því send, fær söfnuðurinn að vita, hverjir og hvernig þeir menn eru, sem sækja um brauðið, en það getur stundum verið mjög óþægilegt fyrir biskup, að senda meðmæli með einum umsækjandanum, þegar 2 eða 3 menn sækja, sem biskupi virðast svo jafnir að verðleikum, að hann getur naumast gefið einum þeirra meðmæli fremur en öðrum, en þegar umsögnin er send, nægir hún söfnuðinum til að þekkja manninn, að svo miklu leyti sem hann gjörir það ekki áður, og hann getur kjörið hvern umsækjandann sem honum sýnist. Umsögnin er honum til nægrar leiðbeiningar við valið.

Jeg lýsi því yfir, að verði þessar br.til.n. ekki samþ., get jeg ekki gefið frv. atkv. mitt.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og h. 6. kgk. (Þ. B.) vil jeg lýsa því yfir, að jeg álít, að ótti h. þm. Barðstr. (S. J.) sje ekki á rökum byggður. Í lögum þeim, er nú gilda, eru engin ákvæði um það, að biskup skuli senda söfnuðum meðmæli með einhverjum umsækjanda, heldur að eins umsögn um alla þá, sem valdir eru á skrána, ef honum finnst ástæða til þess. H. þm. Barðstr. (S. J.) hlýtur að muna eptir því, að hann hefur sem prófastur fengið slíkar leiðbeinandi umsagnir, þegar útlit var fyrir, að umsækjendurnir væru söfnuðinum lítt kunnir, en aptur á móti hef jeg sleppt því, þegar svo hefur verið ástatt, að augljóst var, að söfnuðurinn mundi þekkja umsækjendurna, því þá virðist rjettast, að hafa engin áhrif á sannfæring safnaðarins. Þar sem sami h. þm. saknar orðsins „skal“, þá ímynda jeg mjer, að í framkvæmdinni muni orðið „geta“ koma að sömu notum, svo framarlega sem biskup finnur, að söfnuðirnir taka meðmæli hans nokkuð til greina, og þá er ekki hætt við, að hann láti undir höfuð leggjast, að senda meðmæli sín. En sjái biskup á hinn bóginn, að söfnuðirnir gjöri sjer jafnvel far um, að kjósa allt annan, en mælt hefur verið með, og sem biskup hefur gjört eptir beztu sannfæringu, þá er eðlilegt, að hann vilji ekki vera skyldur til að senda slík meðmæli í hvert sinn, sjeu þau stöðugt að vettugi virt, og afleiðing þeirra verði, að hinn miður hæfi umsækjandi verði af þeim orsökum kjörinn til prestakalls þess, sem um er að ræða.

Þar sem h. þm. Barðstr. (S. J.) minntist á, að dæmi væri til því til sönnunar, að það hefði valdið söfnuði mikilla örðugleika með að koma á lögmætum prestskosningarfundi, sökum þess, að biskup hefði ekki sent meðmæli sín með neinum umsækjenda og söfnuðurinn ekki þekkt þá, þá kannast jeg ekki við slíkt dæmi og held, að það hafi ekki komið fyrir í minni embættistíð, því hafi það komið fyrir, að engin bending hafi komið frá mjer, hefur það að eins verið af því, að jeg hef þótzt fullviss þess, að umsækjendur væru söfnuðinum kunnir og meðmælin mundu því vera þýðingarlaus eða að það

mundi ekki valda neinum skaða, þó meðmælin vantaði.

Þar sem sami h. þm. sagði, að það væri sama fyrir biskup, hvort hann sendi meðmæli sín með umsækjanda til yfirmanns síns, landshöfðingja, eða til safnaðarins, þá verð jeg að segja, að þar er tvennu mjög óliku saman að jafna. Fyrst er það, að það er föst venja, að undirmenn eru skyldir að senda yfirboðurum sínum umsagnir og álit um hvert það mál, sem yfirboðari í embættisröðinni æskir eptir, og þar að auki er þess eðlilega meiri von, að rökstudd meðmæli hafi meiri áhrif á einn mann, heldur en marga, og það er töluverður mismunur þess, að leggja meðmæli sín fram fyrir landshöfðingjann einn eða fyrir fjölmennan kjörfund, sem sóttur er með kappi og æsingum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. (C 245) a við 1. gr. samþ. í e hlj.; br.till. nefnd. (C 245) b við 1. gr. samþ með 10 samhlj. atkv.; 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 10 samhlj. atkv.; br.till. nefnd. (C 245) c við 2. gr. felld með 7 : 4 atkv.; br.till. nefnd. (C 245) d við 2. gr. samþ. með 8 : 2 atkv.; 2. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 10 : 1 atkv.; 3. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 4. gr. samþ. með 7 samhlj.atkv. Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. með 7 samhlj. atkv.

Tuttugasti og þriðji fundur, laugardag 31. júlí, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um þóknun handa forstjórum og sýslunarmönnum söfnunarsjóðs Íslands (C 218); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um bólusetningar (C 199); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breyting á lögum um lausafjártíund 12. júlí 1878 (C 240, 271); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg á hjer dálitla breyt.till. á þingskj. 271 við frv. þetta. Hún er við 4. gr. og vil jeg biðja h. þingd.m. að lagfæra það hjá sjer, því að það vantar inn í á þingskjalinu.

Þá er lagt er í tíund, er það tvennt, er taka verður tillit til, bæði verðmæti þess, er tíunda skal, og afrakstur sá, er það gefur af sjer. Meira verð í hverju hundraði af því, sem engan eða lítinn arð gefur. Þannig er það, að 100 kr. í lausafje, er gefur arð af sjer, er hærra í tíund en 100 kr. virði í lausafje, er engan arð gefur. 6 ær eru t. d. ekki keyptar fyrir eins mikið verð í peningum, eins og 24 gemlingar, en þó eru þær í sömu tíund, og kemur það til af því, að ærnar gefa meiri arð af sjer.

Sje nú borið saman verð gripa þeirra, er lagðir eru í tíund í 1. gr., við verð þilskipanna, sem lögð eru í tíund í 4. gr., þá kemur fram mjög mikill munur. Þilskip, sem er 41 smál. og þar yfir, sting jeg t. d. upp á, að lagt sje í tíund sem 10 hndr. Þess konar skip mun kosta frá 5—10 þús. kr. Maður getur varla gjört ráð fyrir minna en að það sje 7000 kr. virði, og sje það stórt, máske yfir 80 smál., er það miklu meira en 10,000 kr. virði. En aptur á móti eru 10 hndr. í lausafje ekki meira en hjer um bil 1100 kr. virði í peningum reiknað. Tökum dæmi:

40 ær	á 11 kr.	hver	. .	kr. 440
2 kýr	- 100	—	. .	— 200
4 hross	- 70	—	. .	— 280
24 geml.	- 8	—	. .	— 192
		Eða samtals		kr. 1102

Á þessu sjest, hversu verðmunurinn er afarmikill; hann er allt að því tífaldur á 10 hndr. í lausafje og 10 hndr. í þilskipum, eptir minni uppástungu. Þegar um arðinn er að ræða, er ekki gott, að bera hann saman eða ætlast á með hann.

Arður af lausafje er talsvert mismunandi, bæði eptir því hver tegund reiknuð er, og eins hitt, eptir hvaða sveit reiknað er. Jeg ætla þó, að nóg muni vera að reikna að meðaltali 25 kr. arð af lausafjár hndr. Um þilskipaarðinn er aptur á móti ekki gott að segja; en það bendir þó ekki á lítill arð af þeim, að eigendur þeirra borga formönnum sínum frá 9—1400 kr. kaup auk fæðis fyrir 6—7 mán. vinnu af árinu. Bóndi, sem býr á 10 hndr. jörð og tíundar 10 hndr. í lausafje, getur ómögulega borgað ráðsmanni sínum helming, ekki einn þriðjung af þessu kaupi, hvað þá meira. Mjer virðist þetta benda á, að þilskip sjeu svo lágt lögð í tíund í frv., að það nái engri átt í samanburði við lausafjeð. Þótt þessi stærstu skip væru lögð í tíund, sem 10 hndr., nemur gjaldið sem leiðir af tíundinni samt ekki nema 11—12 kr. af skipi, sem er 10 hndr., sem má heita hverfandi upphæð í samanburði við umsetning þeirra.

Tíund 9 álnir á 50 aura =	4,50.
Lausafjárskattur	5,00.
Jafnaðarsjóðsgjald . . .	2,00.
Samtals kr.	11,50.

Jeg held því, að það sje alveg nauðsynlegt að samþ. breyt.till. mína, svo að það stingi ekki allt of mikið í augun, að sjávarútveginum sje hlíft í samanburði við landbúnaðinn. Arðurinn af sjávarútveginum eða þilskipunum er opt og tíðum frámunalega mikill, og hygg jeg að þetta litla gjald muni ekki draga miklu; þar sem 12—20 manns eru á svona skipum, lifa margar familíur af arði eins einasta skips.

Jeg vona því að h. þd. samþ. breyt. till. mína og sjái að hún er rjett og eðlileg.

Sigurður Stefánsson: H. 6. kgk. þm. (Þ. B) hefur fært bæði margar og merkilegar ástæður fyrir sinni skoðun á þessu máli, en mjer er ekki hægt að vera honum samdóma í þessum röksemdum hans. Það getur vel verið, að þilskip sjeu nokkuð lág í tíund, þegar miðað er við verð þeirra. En það dugar ekki að miða tíundina á þeim við það, hve mikið þau hafa kostað, heldur við þann arð, sem þau gefa af sjer, og sjerstaklega við það, að arðurinn sje viss. Þegar um lausafjártíund er að ræða, þá er það að miklu leyti á sjálfs manns valdi, hvort arðurinn er mikill eða lítill; ef maður leggur t. d. 6 ær í tíund, þá er það að miklu leyti á sjálfs manns valdi, hve mikinn arð þær bera, eptir því hve vel er farið með þær. Auðvitað geta komið óhöpp fyrir, en þá falla þær líka í tíund. Með sjávarútveginn er aptur á móti allt öðru máli að gegna. Með arðinn af þilskipum renna menn alveg blint í sjóinn, og hann er opt og tíðum alveg „negativur".

H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) fer í breyt.-till. sinni fram á, að tíundin verði því hærri því stærri sem skipin eru. Þetta er að vísu rjett, þegar miðað er við þá peninga, sem í skipunum liggja; en arðurinn er engan veginn að því skapi jafnan meiri, sem skipin eru stærri; margir telja meðalskipin vanalega arðmeiri en hin stærstu.

Eins og jeg tók fram áður, þá er arðurinn af sjávarútveginum næsta óviss. Ein vertíð getur verið góð, og töluverður ágóði fengizt af henni; en svo geta aptur komið fleiri vertíðir, hver á eptir annari, sem menn tapa stórfje á. Það má heldur ekki miða arðinn af þilskipunum við það, að fólkshaldið á þeim er svo dýrt; dýrleiki fólksins kemur af eklunni, og þótt þau veiti mörgum mönnum atvinnu, þá sannar það ekki, að eigendurnir græði á þeim; en þegar menn á annað borð hafa lagt stórfje í þilskipaútveg, þá eru menn neyddir til að halda þeim úti, því að öðrum kosti eiga þeir víst að hafa enga rentu af peningum sínum, og það vilja menn ógjarnan; þess vegna streitast þeir við að halda skipunum úti, í þeirri von, að þeir

hafi hagnað af þeim, en þessi von bregst mjög opt. H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) hefur, eptir því sem hann hefur sagt mjer sjálfur, átt þilskip og tapaði á því fleiri hundruð krónum á ári; en þó hafa sjálfsagt margir haft atvinnu á því, og ef til vill borið góðan hlut frá borði; þess vegna má ekki miða tíundarhæðina við verð skipsins, eða þá atvinnuveiting, er af þeim stafar, heldur við arð útvegsbóndans; og mjer er nær að halda, að ef h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) hefði átt þetta þilskip nú, þá mundi hann ekki hafa fundið ástæðu til að hækka tíundina á þilskipuuum.

Eitt atriði skal jeg leyfa mjer að taka fram enn. Hverjir eru það eiginlega, sem haldast við á þilskipaútveginum? Það eru ekki almennt bændur, heldur þeir, sem geta gjört það á annan hátt; það eru kaupmenn, sem helzt græða á honum; en þess munu fá dæmi, að bændur auðgist á þilskipaútveginum. Kaupmennirnir græða á umsetningunni, sem þeir hafa af útgerðinni. Aptur á móti er allt öðru máli að gegna með bændurna. Þeir verða að kaupa allt, sem til útgerðarinnar þarf í búðinni hjá kaupmanninum opt og tíðum með uppskrúfuðu verði; þar af leiðir, að fáir bændur auðgast á útgerðinni; en þess munu miklu fleiri dæmi, að þeir verði fegnir að losast við hana eptir fáein ár, eins og h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) um árið. Jeg hef sjálfur haldið úti þilskipi nokkur ár, og jeg get tekið undir með h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) í því, að jeg hef sífellt tapað á því. Það getur verið, að stöku menn græði á þilskipaútgerðinni, en meðan fleiri tapa en auðgast á henni, er ekki ástæða til að hækka tíundina á þeim. Jeg fyrir mitt leyti mun þess vegna greiða atkvæði á móti breyt till. þessari.

Þorkell Bjarnason: H. 1. þm. Ísfirðinga (S. St.) sagði ýmislegt á móti athugasemdum mínum, og get jeg engan veginn skrifað undir það allt saman. Hann sagði, að arðurinn af kvikfje væri viss, og að hann væri á sjálfs manns valdi. Þetta er að vísu rjett að nokkru leyti. En það er þó ekki að öllu leyti komið undir manni sjálfum. Það geta komið hörð vor, og menn geta misst undan ám sínum, þótt þær sjeu í góðu standi. Ef svo kemur slæmt sumar, þá verða gagnsmunirnir af þeim miklu minni en í góðu ári. Sama er að segja um kýrnar, þegar taðan hrekst. Jeg hef sjálfur haft svo slæma töðu, að snemmbærar kýr, sem áður höfðu vanalega komizt í 12 merkur, komust ekki nema í 4, vegna þess hve taðan var ljeleg og hrakin. H. 1. þm. Ísf. (S. St.) tók það fram, að það sje ekki rjett, að tíundin hækki eptir því sem skipið fer stækkandi. Það kann vel að vera að svo sje. En jeg hafði dæmi hans sjálfs fyrir mjer, þegar jeg kom fram með þessa breyt.till mína. Jeg man ekki betur, en að h. þm. á þingi 1893 kæmi með lög um, að tíund á gufuskipum yrði hækkuð að sama skapi og hjer er farið fram á; jeg fór því eptir hans eigin reglu. Það getur vel verið, að hún hafi ekki verið rjett og þá hef jeg glæpst á henni.

Þar sem h. þm. gat þess, að arðurinn væri lítill, þá getur hann stundum verið lítill, en stundum aptur mikill; það mun optast vinna sig upp. Jeg þekki menn hjer við Faxaflóa, sem hafa grætt stórfje á þilskipaútvegi sínum.

Þar sem h. þm. gat þess, að jeg hefði átt þilskip áður, þá er það satt, að jeg átti part í þilskipi og tapaði á því; en það sannar ekki, að menn fyrir því ekki geti grætt á þilskipaeign. Við, sem áttum þetta skip, bjuggum upp í sveit og höfðum því ekki hið rjetta lag á útgerðinni, og gátum ekki litið eptir, eins og þurfti, þar sem við vorum svo langt í burtu; ef vel á að fara, þarf maður að vera sjálfur við og hafa hönd í bagga með. Jeg komst brátt að raun um, að það er hrein og bein glópska fyrir menn upp til sveita, að hafa slíka útgerð. Ann-

að mál er um sjómenn, sem jafnvel geta sjálfir verið formenn fyrir skipunum. En þegar þess er gætt, hve gjaldið er lítið, sem lágt er á skip þessi með tíundinni, þá fæ jeg ekki skilið, að það geti dregið menn nokkru, þegar arðurinn er á stundum svo þúsundum króna skiptir. Tíundahækkun þessi er svo lítil, að það munar sáralítið um hana.

Sigurður Stefánsson: Þar sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) gat þess, að gjald þetta væri svo lítið, að menn munaði ekkert um það, þá vil jeg leiða athygli hans að því, að hinir stóru þilskipaútvegsmenn hafa ýms gjöld, sem landbóndinn veit ekkert af; þeir verða að borga útflutningsgjald bæði af fiski og lýsi, og auk þess leggjast hinir óbeinu skattar miklu þyngra á þá en landbændurna. Þar sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) minntist á tíundarhækkun mína á gufuskipum fyrir nokkrum árum, þá er það rjett, að jeg mælti með því, að tíund yrði hækkuð á hvalveiðagufuskipum. En það er ekki hægt að jafna þorskaveiðaskipum saman við hvalveiðagufuskip, er bera í hverri viku tímunum saman margar þúsundir króna að landi. Jeg hygg, að þó mörgum vaxi í augum brúttótekjur þilskipaútgerðarmannanna, þá mundi þeim samt bregða í brún, ef þeir sæju nettótekjur þeirra. Það eru sem sagt helzt kaupmenn, sem haldast við af þilskipaútgerðinni, en þeir græða meira af umsetningunni við útgerðina en beinlínis af aflanum. Fyrir hina hefur þilskipaútvegurinn ekki reynzt nein gullnáma; hann er miklu óvissari en landbúnaðurinn, ef hann er rekinn með nokkurri skynsemi og forsjá.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. hver; breyt.till. (C. 271) samþ. með 7 : 3 atkv.; 4. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 7 : 3 atkv.; 5. gr. samþ. með 8 samhlj atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 7 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 7 samhlj. atkv.

Frv. til laga um lögaldur (257); 1. umr.

Kristján Jónsson: Jeg get ekki stillt mig um, að minnast á eitt atriði í frv. þessu, og er það 21 árs aldurinn, sem myndugleika aldur, eða það aldurstakmark, þá er maður skal verða fullveðja.

Mjer er ekki vel ljóst, til hvers gagns það yrði, að breyta hinu núgildandi aldurstakmarki, sem sett er fyrir því, hvenær menn skulu vera fullveðja. Reyndar veit jeg, að á þingi hafa áður komið fram till. um, að fá takmarkið fært niður, en hver hugsun vakir fyrir þeim, sem vilja hafa breytingu á því og hverjar eru ástæður þeirra fyrir því, er mjer ekki kunnugt.

Ef þeir hafa rannsakað löggjöf vora, sem ætlast má til, að þeir hafi gjört, þá ætti þeim að vera það kunnugt, að fram um 1830 giltu ákvæði Jónsbókar hjer á landi um það, að hver maður skyldi vera fullveðja 20 ára gamall. En með tilskipun 21. des. 1831 voru norsk lög um myndugleika innleidd hjer á landi „holt og bolt“ og án greinarmunar.

Þó jeg fyrir mitt leyti ekki sjái, að veruleg þörf sje á að breyta ákvæðum þeim um myndugleika, sem gilt hafa síðan 1831, þá skyldi jeg þó ekki vera því mótfallinn, ef jeg sæi, að það væri ósk manna almennt. En áður en lögunum er breytt, álít jeg það nauðsynlegt, að athugað sje, hvað bezt hentar oss eptir hinni eldri löggjöf vorri, öðrum núgildandi lögum og hugsunarhætti þjóðarinnar. Jeg hygg að ákvæði gömlu laganna sjeu ekki almennt gleymd. Eptir Jónsbókarlögum voru menn fullveðja 20 ára, hjer er farið á, að 21 árs aldur sje takmarkið. Sje farið að lækka aldurs-takmarkið úr 25 árum, er þá ekki eðlilegast að taka aptur upp ákvæði Jónsbókar um 20 ára aldurstakmarkið? Í þessu sambandi má og benda á það, að karlmenn mega kvongast hjá oss tvítugir að aldri. Þá fer frumv. fram á það, að hver maður skuli verða fjár

síns ráðandi með tilsjónarmanni 18 ára. Er þetta aldurstakmark ekki of hátt eptir annari löggjöf vorri. Eptir dönskum lögum verða menn persónulega myndugir 18 ára, og er það þar eðlilegt, því að þá verða menn einnig „hálfmyndugir“, sem það þar er kallað Hjá oss verða menn persónulega myndugir, það er ráðandi yfir vinnukrapti sínum og kaupi sínu, þá er þeir eru 16 ára, samkvæmt vinnuhjúalögunum frá 1866. Eptir því virðist 16 ára aldur hjá oss hið rjetta aldurstakmark, þá er menn einnig skulu verða myndugir með tilsjónarmanni. 20 og 16 ára aldurstakmörkin eru þannig samkvæmust vorum eldri lögum, og hið síðara einnig mest í samræmi við hina yngri löggjöf vora, og væri því að mínu áliti rjettast, að taka þau upp, ef breytt væri til.

Jeg bjóst við að einhverjir fleiri mundu taka til máls um þetta frv., en þareð svo er ekki, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd til að athuga málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 6 : 2 atkv. og í hana kosnir:

Kristján Jónsson með 10 atkv.

L. E. Sveinbjörnson með 9 atkv.

Jón Hjaltalín með 5 atkv.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1894 og 1895 (C. 274); hvernig ræða skuli.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg álít ekki þörf að kjósa nefnd í þetta mál.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþykkt.

Tuttugasti og fjórði fundur, þriðjudag 3. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um að koma á gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík (C. 45, 239, 290); 2. umr.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða um aðalbreytingar þær, sem nefndin leggur til, að gjörðar sjeu við frv. þetta, þar sem jeg hafði tekið hið helzta fram í því efni við frh. 1. umr. En af því þetta er 2. umr. málsins, þykir mjer hlýða að minnast á hinar einstöku breyt.till. hverja fyrir sig. Eru þær 6 að tölu, því einn stafliðurinn kemur ekki til greina.

Aðalbreyt. er við 1. gr. frv. 1 staflið og fyrir utan orðabreyt. er hún einkum í því fólgin, að í stað þess að nemendur lærða skólans í Reykjavík dvelji 4 vetur í lærðu deildinni sje sá námstími að eins 3 vetur. 2. breyt.till. sem á við 2. gr. er að orðin „svo að kennslan í þeim skóla“ til enda greinarinnar falli burtu. Þetta hafði nefndin gjört til að laga málið á frv., en við frh. 1. umr. kom það í ljós eptir því, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) benti á, að ef piltar, sem hefðu tekið burtfararpróf frá Möðruvallaskólanum eptir 3 vetra nám, gæti gengið próflaust í 4. bekk latínuskólans í Reykjavík yrði að lengja skólatímann á Möðruvöllum þannig, að hann yrði 9 mán. á ári, eins og í Reykjavík. En ef 2. gr. frv. heldur sjer óbreytt, þá er þessi agnúi fallinn, því kennslan á Möðruvöllum hlýtur þá eins að samsvara kennslunni í Reykjavík með tilliti til tímans sem annars. Nefndin hefir því fallið frá þessari breyt.till. og lýsi jeg yfir því fyrir nefndarinnar hönd, að hún er tekin aptur.

3. breyt.till. er við 3. gr. frv., að orðin „og einum kennara auk þeirra, sem nú eru“ falli burt. Þessi breyt.till. er eðlileg afleiðing þess, að þegar námstíminn við Reykjavíkurskólann verður ekki nema 6 ár verða nægir kennslukraptar af föstum kennurum, með því að bæta við hann einum yfirkennara með 2800 kr. launum.

5. breyt. till. er eðlileg afleiðing hinnar 3., því ekki þarf að ákveða laun til þess kennaraembættis, sem ekki er stofnað. 4. breyt. er og við 3. gr. og ákveður hún að kennari sá, sem bætt skuli við

Möðruvallaskólann skuli vera 2. kennari; þar sem hann á að hafa 2000 kr. laun, virðist ekki fara vel á því, að hann verði talinn 3. kennari, þar sem hinn núverandi 2. kennari hefur að 1600 kr. laun. Auðvitað er núverandi 2. kennara frjálst að sækja um hið nýstofnaða embætti.

6. og 7. breyt.till. miðar að eins til þess að bæta formið á frumvarpinu. Verði þær samþykktar, þá verður 4. gr., sem þær eiga við, þannig hljóðandi:

„Kennslugreinir í Möðruvallaskólanum skulu vera hinar sömu, og taldar eru í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík í 1. gr.“.

Síðasta breyt. fer fram á, að fyrirsögn frumvarpsins sje breytt þannig, að hún verði í samræmi við hinar breytingarnar, sem er eðlileg afleiðing þess, að frv. í heild sinni hefur verið fært dálitið í annan farveg en áður var.

Skal jeg svo ekki fjölyrða að sinni í máli þessu, og það því síður, sem frv. hefur mætt hlýjum undirtektum hjer í deildinni, ekki að eins hjá þeim, sem með því eru, heldur jafnvel einnig hjá þeim, sem að nokkru leyti eru á móti því.

Jón A. Hjaltalín: Jeg leyfi mjer að byrja á hinu sama og h. framsögum. (J. Jak.) að þakka h. framsögum. minni hluta (H. Sv.) fyrir þá ágætu ræðu, sem hann hefur haldið í máli þessu. Hann sýndi fram á, hve langur tími gengi til þess, að nema grísku og latínu, og að árangurinn af því námi væri ekki í hlutfalli við tíma þann, er til þess væri varið. Auk þess minntist hann á, að uppbót mætti fá á minni kunnáttu í málum þessum með því að lesa grísk og latnesk rit í útleggum. Jeg er honum samdóma um þetta efni. Á ensku er til ritsafn, sem nefnist: „Höfundar Rómverja og Grikkja fyrir enska lesendur“. Ritsafn þetta þekki jeg af eigin reynslu, og fannst mjer enda að jeg kæmist betur inn í anda fornmálanna, með því að lesa það, en hið sama efni á frummálinu. Ætti aðgangur námsmanna vorra að þessum þýðingum, að verða ljettari þegar enskunám yrði aukið að töluverðum mun.

H. framsögum. minni hluta (H. Sv.) fór svo hlýjum orðum um stefnu frv., að mjer fannst hann taka það sárt að geta ekki verið með oss meiri hlutanum að öllu leyti, og að allar tilfinningar hans í þessu máli væru með oss en ekki á móti.

Það sem fyrst og fremst kom mjer til að koma fram með frv. þetta, var sú almenna umkvörtun yfir því, að nám nýju tungnanna væri ekki eins fullkomið og bæri og fer þó fjarri því, að jeg álíti, að kennslunni sje ábótavant eða kennararnir standi ekki vel í stöðu sinni. En þegar jeg lít á stundatöfluna og sje, að til sumra mála er ekki varið meira en 2 stundum í viku ár eptir ár, þá er jeg hræddur um, að nokkuð af tímanum fari forgörðum, og að námið gangi ekki eins greitt og það færi fram á færri árum með fleiri stundum í viku, því þegar svo langt líður milli kennslustunda og nú á sjer stað, mun töluvert af nýlærðu vera gleymt í hinni næstu kennslustund, sem lært var í hinni síðustu næst á undan.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) ljet það einkum í ljósi, að hann gæti ekki verið með okkur sökum sambands vors við háskólann. Jeg skal ekkert segja um, hvað háskólinn mundi segja, þótt grískunám vort yrði nokkuð ófullkomið. Að minnsta kosti hefur nám í öðrum tungum, sem áður voru kenndar hjer, ýmist minnkað eða horfið með öllu, og þó hafa ekki heyrzt mótmæli gegn því frá háskólans hálfu. En færi svo, að hann mótmælti, mætti taka examen artium við háskólann. Gull má jafnvel kaupa of dýrt og sama er að segja um samband vort við háskólann, ef það ætti að valda því, að vjer mættum ekki kenna það, við vora eigin skóla, sem vjer álítum oss fyrir beztu sjálfir, eða

kennslu vorri á þann hátt, er oss þykir hentast.

Þar sem sami h. þm. (H. Sv.) talaði um hve mikinn örðugleika grískuafnámið mundi valda þeim, er ætluðu að ganga á prestaskólann, þá bið jeg menn að minnast þess, að grískunni er ekki algjörlega bolað í burtu, þar sem ætlazt er til að meginhluti guðfræðisnámsins sje í því innifalinn, að piltar væri látnir lesa ýmsa staði í Nýja Testamentinu á frummálinu, og auk þess gætu þeir, er vildu, fengið aukatíma í grísku. Hebreska er skyldunámsgrein fyrir guðfræðinga við háskólann og hún var einnig kennd áður hjer á landi, en þó olli það engum vandkvæðum að afnema hana hjer, og hvað getur þá verið á móti því, að láta hið sama ganga yfir grískuna hjer sem hebreskuna. Vjer könnumst þó allir við, að Gamla testamentið sje eigi síður ritning en Nýjatestamentið.

Þar sem sami h. þm. (H. Sv.) spurði, hvað efnilegir piltar ættu að gjöra milli 11 og 14 ára aldurs, þegar þeir fengju ekki inntöku í skólann yngri en 14 ára, þá hefur h. framsögum. (J. Jak) tekið það fram meðal annars, að þeir gætu lesið gagnfræði, bæði mál og annað svo þeir yrðu tækir í 2. eða 3. bekk, þegar þeir hefðu náð inntökualdri, og sparað sjer þannig einn eða tvo vetur í skólanum, og virðist mjer að slíkt geti verið mjög vel mögulegt.

Frv. þetta hefur mætt svo góðum undirtektum hjer í deildinni, að jeg vona, að það gjöri það enn, og ekki að eins hjer, heldur og í h. Nd., því mjer þykir mikils um vert, að báðar deildir ljetu uppi álit sitt um það, hverja skoðun þær hefðu á máli þessu.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg játa að jeg talaði fremur hlýlega um aðalstefnu frv. þessa við 1. umr., enda hef jeg uppskorið ríkulegt þakklæti. Mjer er það kært, að ekkert missætti varð milli mín og meðnefndarmanna minna, þótt skoðanir vorar væru mismunandi, en jeg er hræddur um, að þeir hafi lagt vel mikið inn í meðhald mitt, þar sem jeg þó hvorki gat verið með frv. nje breyt.till. Þetta kom ekki af því, að jeg væri mót aðalstefnu frv. heldur af því, að jeg áleit að sambandið við hinar æðri menntastofnanir væri klemma því til fyrirstöðu, að stjórnin sinnti málinu. En væri sá rekspölur kominn á í Danmörku, sem búizt er við að kæmi hjer með frv. þessu, þá gæti jeg verið því meðmæltur, að málið kæmist hjer í sama horf. Jeg álít frv. því ekki vel tímabært.

Jeg benti á eitt atriði, sem gjörði mig frumv. mótfallinn, og það var útrýming grískunnar úr skólanum, því jeg álít að henni sje byggt út og afnumin, þótt aukakennsla fáist í henni. Þetta er mikið tap fyrir guðfræðisnemendur, bæði hjer og við háskólann, þar sem þeim, eins og öllum er kunnugt, er gjört að skyldu að lesa og skýra nýja testamentið á grísku að miklu eða öllu leyti.

H. meðnefndarmaður, sem talaði síðast gat þess, að gríska kennslan væri ekki afnumin, þar sem öllum væri heimilt að nema hana og fá kennslu í henni í skólanum, og að nota mætti þær 2 stundir í viku, sem ætlaðar eru til trúbragða í 3 efstu bekkjum skólans, að miklu leyti til að lesa nýja testamentið á grísku. Einnig gat hann þess, að eigi fyrir alls löngu hefði hebreska verið kennd hjer á landi, og þó hefði háskólinn ekki verið neitt því til fyrirstöðu að afnema hana, og eins mætti fara með gríska. Þessu má svara á þá leið, að þar sem gríska yrði ekki skyldunámsgrein við skólann, mundi aldrei mega búast við, að nemendur fengi neina verulega kunnáttu í málinu, og viðvíkjandi hebreskunni, þá er það erfiðleiki fyrir guðfræðinga, að verða að byrja á því námi fyrst við háskólann, en ekki væri betra að erfiðleikarnir tvöföld-

uðust með því, að hið sama yrði um grískuna. Guðfræði við háskólann er þungt nám, eins þungt eða þyngra en lögfræði og allar aðrar námsgreinir, nema ef til vill lítið eitt auðveldara en læknisfræði. Ef nú ætti að bæta við eins verulegri námsgrein og grísku frá rótum, þá mundu fæstir sjá sjer fært að leggja út í að lesa jafn erfiða námsgrein, sem guðfræðin þá yrði. Menn gætu svarað, að þá þyrftu engir að fara utan til að lesa guðfræði, heldur gætu allir gengið á prestaskólann. Það er satt, en ekki er það heppilegt, að bola þeim frá hærri menntun, sem mikinn hug hafa á að afla sjer hennar, en það væri mönnum með þessu fyrirkomulagi, þar sem þeir yrðu að minnsta kosti að bæta heilu ári á sig, er gengju á háskólann. Þetta er töluverður agnúi, og hann er einnig fyrir þá, sem færu á prestaskólann, því það yrði þeim sömuleiðis eigi lítill ábætir, að lesa svo mikið í grísku, að þeir yrðu færir um að fylgja með í útlistun nýja testamentisins á frummálinu. Einn vegurinn til að bæta úr þessu, væri annaðhvort, að piltarnir sjálfir útveguðu sjer kennslu í grísku eða sjerstökum „cursus“ yrði bætt við á prestaskólanum, til þess að kenna þessa tungu. Hvorttveggja væri erfitt, og ef setja ætti slíkan „cursus“ við prestaskólann, mundi bæði þurfa nýjan kennara og sjerstakt húsnæði til þess. Þetta fyrirkomulag yrði því erfitt í framkvæmdinni, þótt ekki sje litið út fyrir landsteinana.

Við 1. umr. fjellu, ef jeg man rjett, orð á þá leið, að hætta mætti við grískuna á prestaskólanum, og að það væri ekki annað en nokkurs konar fordild að vera að lesa nýja testamentið á frummálinu, og láta sjer ekki nægja góðar þýðingar. Það er erfitt að tala um þetta svo sannfærandi sje fyrir leikmenn, en það er álit þeirra, sem mest og bezt hafa fengizt við þýðingu og skýringu nýja testamentisins, að það sje óhjákvæmilega nauðsynlegt, að hafa frummálið til samanburðar og hliðsjónar, ef skýra eigi hugsunina til hlítar. Ef til vill má segja, að flestir prestar láti sjer nægja að lesa nýja testamentið í þýðingu, en leiti ekki til frummálsins. Slíkt getur verið satt, en þó hafa hinir sömu menn að líkindum fengið dýpri skilning á nýja testamentinu, en þeir ella mundu hafa fengið, einmitt vegna þess að þeir á námsárum sínum lásu það á frummálinu, og svo geta hinir einnig verið allmargir, sem hafa hvöt til vísindalegra rannsókna, og mundu því finna sárt til þess, ef þeir hefðu ekki kunnáttu til að nota frumtextann til samanburðar. Yfir höfuð er erfitt að segja, hve mikla praktiska ávexti hver einstakur hefur af þessu námi, en jeg hygg að flestir hafi þó nokkurn, og ekki allfáir mjög verulegan.

En ef nú Danir nema grískuna burt, hvernig fer þá? Þá kæmumst við auðvitað í sömu kröggurnar, en ef til vill hugkvæmdist þeim einhver ráð, sem væru betri en þau, er oss nú hefur hugkvæmst, og þau mundum við þá nota oss.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara út í einstakar breyt till., frekar en framsögumaður og skrifari nefndarinnar tóku fram.

Í nefndaráliti mínu tók jeg fram, að jeg óttaðist að gagnfræðakennsla í þrem bekkjum mundi reynast miður fullnægjandi, til þess að veita fullkomna gagnfræða-menntun út af fyrir sig, eða nægan undirbúning undir lærða skólann, því þetta yrði mikil stytting á tímanum frá því sem nú er, þar sem undirbúningurinn, 1—2 ár, eru numin burt, og aukin kennsla í sumum greinum, án þess að miklu sje sleppt öðru en grískunni. — Mjer finnst hæpið að leggja út í slíka breytingu og þetta er, nema kennararnir hafi átt kost á að kynna sjer málið, og áliti ómögulegt að framkvæma það. Reyndar gáfu kennarar skólans álit sitt um frv. það, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1895.

En þar var öðru máli að gegna en hjer, þar sem í því frv. var farið fram á lenging skólatímans um 2 ár. Kennurunum myndi því finnast gengið fram hjá sjer, ef þeir væru ekki spurðir til ráða í þessu, og er það eðlilegt, þar sem æfistarf þeirra er að framkvæma það, sem hjer verður gjört að lögum.

Framsögum. (Jón Jakobsson): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg við framsögu mína gleymdi að minnast á viðaukatillögu við breyt.till. við frv. frá meiri hluta nefndarinnar, á þingskj. 290 við breyt.till. 1. við 1. gr. nefnilega, að á eptir „náttúrufræði“ bætist inn í: „eðlisfræði“. Nefndin hefur bætt þessu við af þeirri ástæðu, að kennslufróðir menn álíta óheppilegt að sleppa eðlisfræði í gagnfræðadeildinni. En tímatöflunni gjörir það lítinn óskunda, af því, að svo ríflegur tími er ætlaður til náttúrufræðinnar, nefnil. 18 stundir, en eptir uppástungu kennaranna 1892, að eins 15 stundir í 8 ára skóla. Viðvíkjandi ástæðum minni hlutans, sem komið hafa fram við þessa umræðu; þá eru þær að eins endurtekning af því, sem hann tók fram við 1. umr. þessa máls. H. minni hluti gat þess, að samband okkar við háskólann í Kaupmannahöfn væri klemma á þessu máli. Jeg skal játa, að það er satt, að því er gnðfræðingana snertir, en enga aðra. En jeg skal leyfa mjer að taka það skýrt fram nú, eins og við 1. umr., að það eru engar líkur til, að það verði nein vandræðaklemma hjer eptir, því að prestakosningarlögin eru svo úr garði gjörð, að lítil ástæða er til að ímynda sjer, að nokkur maður, sem ekki hefur því sterkari innri hvatir til að nema guðfræði á æðra stigi, en hjer er kostur á, vilji kasta út fje og tíma í 6 ára nám í Kaupmannahöfn og eiga svo í vændum, að ekkert tillit verði tekið til hans af söfnuðinum fram yfir þá, sem minnu hafa til kostað. Síðustu ára reynsla, hvað snertir kosningar safnaðanna, virðist benda á, að skoðun mín sje rjett í þessu efni. Jeg get þess vegna ekki skilið annað, en að þeir verði örfáir, sem vilja fara til Hafnar, til að leggja stund á guðfræðisnám við háskólann; það mundu varla aðrir verða til þess, en einstaka frábærir gáfumenn, sem stefna vildu hærra en aðrir, svo sem að biskupsembættum eða kennaraembættum við prestaskólann. Þessum mönnum, sem stæðu fyrir ofan meðaltalið að gáfum og dugnaði, ætti ekki að vera það ókleyfir örðugleikar, þótt þeir í lærðu deildinni, sem er áframhald af hinni í öllum málum, nema latínu, þýzku og frönsku, læsu nokkuð í grísku að auki; jeg get ekki sjeð, að það gæti verið miklum örðugleikum bundið fyrir gáfupilta. Svo er líka einn vegur enn til að spara tíma, en sem nefndin ekki hefur viljað fara fram á, nefnil. sá, að stryka út frönskuna; en nefndin hafði það hugfast, að þegar þess var farið á leit í uppástungu kennaranna 1892, þá áleit próf. Gertz það óhæfu; það mætti líka haga því svo, að ekki væri gefinn vitnisburður í henni til burtfararprófs og að þeir, sem vildu lesa grísku, gætu losazt við frakknesku; það væri þó ætíð nokkur úrlausn.

Jeg er ekki hræddur um, að háskólaklemman yrði svo mikil; ef alþingi tæki málið fyrir með alvöru og samþykkti það 2—3 þing, hvað eptir annað, þá hygg jeg, að sú gryla mundi hverfa, því að það er óhugsandi, að lögfræðingar háskólans mundu gjöra fækkun kennslustunda í latínu að ástæðu móti þessu máli, úr því stjórnin ekki vill samþykkja hjer innlendan lagaskóla, því með því væri vorri innlendu lagaskólahreyfing hrundið drjúgum áleiðis af sjálfum andstæðingum hennar.

Í Danmörku stendur þetta mál svo af sjer, að margir menntamenn og prófessórar við háskólann álíta illa varið svo miklum tíma og fje til latínu og grísku, eins og nú er gjört.

Jeg skal sjerstaklega nefna prófessor Gertz, inspector kennslumálanna í Danmörku; hann hefur sagt, að það sje sorglegt að sjá, hve lítill árangurinn sje af þeim mikla tíma, sem eytt er til gömlu málanna, latínu og grísku. Hann hefur sagt, að það ætti að koma að góðu gagni að lesa hina gömlu höfunda í þýðingu, og ef að sjer sje boðinn þungur grískur höfundur, sem hann ekki hafi lesið áður, þá kjósi hann heldur góða þýðingu, en að lesa höfundinn á frummálinu. Þegar sjálfir vísindamennirnir segja þetta, hvað mega þá þeir segja, sem tæplega eru stautandi í þessum málum? Ætli slíkir menn glöggvi sig mikið á nýjatestamentstextanum gríska fram yfir það, sem „Vulgata“ og ágætar þýðingar á nýjum tungumálum gefa? Jeg held þess vegna, að það hafi litla þýðingu fyrir Íslendinga og hina íslenzku prestastjett, hvort menn lesa grísku á prestaskólanum eða ekki. En þótt nú svo væri, að það væri nauðsynlegt fyrir prestaskólann, þá get jeg ekki sjeð, að það ætti að vera ómögulegt að hafa sjerstakt „cursus“ í grísku við hann, ef kennslan í lærðu deildinni í latínuskólanum væri svo ófullkomin og ófullnægjandi, að prestaskólamenn þyrftu frekari fræðslu í þeirri grein. Jeg hef getið þess áður við 1. umr., að þar sem búið er að lengja guðfræðisnámið um þriðjung, þá get jeg ekki sjeð, að það þurfi að vera ókleyft að nota þessa aðferð. Ef þingið hefur eindreginn vilja á þessu, get jeg ekki hugsað mjer, að það skeri svo við neglur sjer, að það ekki vilji veita dálítinn styrk til þessarar kennslu. Mig minnir, að h. minni hluti segði, að jeg hefði kallað það fordild, að vera að lesa textann á grísku; að vísu brúkaði jeg ekki það orð, en jeg tek það nú upp, sem mitt eigið. Jeg álít það nokkurs konar fordild, að lesa höfundinn á því máli, sem maður ekki skilur. H. minni hluti taldi það hæpið, að 3 ár mundu nægja til gagnfræðakennslunnar, en jeg tók það fram, þegar við 1. umr. þessa máls, að á tímabilinu frá 12 til 14 ára aldurs, væri ætlazt til, að unglingar gætu búið sig undir gagnfræðisnámið. Það var ekki meining nefndarinnar, að þeir ættu að komast próflaust inn í skólann.

Skólastjórninni ætti að vera í sjálfsvald sett, að aka seglum eptir vindi með inntökuskilyrðin og gjöra þau þannig úr garði, að þau yrðu sem haganlegust með tilliti til 3 ára námstíma. Frá aldursins sjónarmiði skoðað, er fullkomin ástæða til, að hafa nokkur skilyrði fyrir inntökunni, úr því nemendurnir ekki eru teknir inn fyr en þeir eru 14 ára gamlir. H. minni hluti gat þess, að hann áliti óheppilegt, að samþykkja þessa breytingu, án þess að gefa kennurum lærða skólans kost á að hugleiða hana. Það var hvorki tilætlun mín, nje nefndarinnar að svo yrði gjört.

Jeg hef gengið út frá því sem sjálfsögðu, að þótt frv. yrði samþykkt í báðum deildum, þá yrði það af stjórninni borið undir kennarana og alla hlutaðeigendur, áður en það yrði staðfest. Það er ekki búið að staðfesta það, þótt það sje komið út úr þinginu og stjórnin hefur fullkomlega frjálsar hendur og nægilegt svigrúm til að leita álits allra hlutaðeigenda, áður en hún ræður máli þessu til lykta.

Kristján Jónsson: Það, sem gefur mjer tilefni til að taka til máls, er sjerstaklega það, að h. 2. kgk. (H. Sv.) minntist á það hjer um daginn, þá er frv. þetta var til frh. 1. umr., að jeg hefði sem stiptsyfirvald fyrir nokkrum árum síðan verið með til þess að gefa í embættisnafni álit um breytingar á latínuskólanum, sem þá voru ráðgjörðar og að jeg hefði þá verið mótfallinn breyt. þeim, er þá var um að ræða og sem fóru nokkurnveginn í sömu átt og frumvarp þetta. Mjer virðist því eðlilegt, að jeg bendi með fáum orðum á þær ástæður, er til

þess voru, að jeg var mótfallinn breytingunum.

Aðalástæða mín til þess, að ráða frá breytingunum, var sú, að kennarar þeir, er þá rjeðu mestu í stjórn lærða skólans, lögðu eindregið á móti breytingunum. Jeg minnist þess, að á fundi okkar stiptsyfirvaldanna, þá er við ræddum um þetta mál, var þetta hin helzta ástæða, sem jeg hafði til þess, að vilja ekki ráða til, að þessar breytingar væru gjörðar. Þar að auki var jeg mjög á móti þeirri lenging skólatímans, sem farið var fram á í tillögum stjórnarinnar 1893 um málið, og sem hlaut að leiða af hinu nýja skólafyrirkomulagi. Jeg þykist hafa fengið fulla reynslu fyrir því, að mjög langur námstími sje ekki hollur nje heilsusamlegur fyrir líkamlegan og sálarlegan þroska námsmannsins.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg minnast á fáein atriði þessa máls og lýsa skoðun minni á þeim. Í tillögum þeim, er lágu fyrir 1892, og sem jeg hef talað um, var, ef jeg man rjett, eigi farið fram á það, að taka af með öllu kennslu, hvorki í latínu nje grísku, heldur að eins að minnka að mun kennsluna í þessum málum. Jeg leit þá svo á, að það væri ógjörlegt, að minnka kennsluna í þessum tveim tungumálum, ef á annað borð þeim væri haldið sem skyldunámsgreinum eptir sem áður; jeg áleit, af reynslu, þekking stúdenta í þessum málum yfir höfuð, þá er þeir útskrifast úr lærða skólanum, svo litla, að kennslan mætti með engu móti minnka; tíminn, sem til þeirra væri varið mætti ekki styttast, ef á annað borð ætti að halda þeim, sem skyldunámsgreinum. Jeg komst því að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera rjettara að taka heldur af með öllu nám í báðum þessum gömlu málum, enda þótt mjer væri ljóst, að ýmsir agnúar væru á því, að koma því til framkvæmda, heldur en að rýra enn meir kennsluna í þeim, og gjöra hana enn gagnsminni. Ástæður mínar fyrir þessari skoðun eru þær, að vjer höfum svo brýna þörf á að nema svo margt og mikið annað, sem er bráðnauðsynlegt; náminu er þannig háttað hjá oss, að við verðum að nota við lærdóminn bækur á ýmsum útlendum tungum, og þau tungumál þurfum vjer þess vegna um fram allt að læra. Og eins og tekið hefur verið fram hjer í þessari h. þingd., þurfum vjer að læra að minnsta kosti einu tungumáli fleira en aðrar þjóðir, sem vjer getum borið oss saman við. Enn fremur hef jeg fengið þá reynslu hin síðustu 10—11 ár, sem jeg hef kynnzt skólanáminu, sem „censor“ við burtfararpróf, og á annan hátt, að þekking stúdenta í þessum gömlu málum þá er þeir útskrifast úr skólanum, er yfir höfuð svo bágborin, að hún má kallast næsta gagnslítil. Að vísu eru heiðarlegar undantekningar, en þær eru sárfáar. Menn kunnna að segja, að námið í gömlu málunum hafi samt þýðingu fyrir lærisveinana, sem sjerstök andleg æfing. En jeg hygg, að slíka æfing sje auðið að veita þeim á notasælli hátt. Jeg hygg, að hægt sje að fá eins hentugt meðal eins og gömlu málin, til þess að æfa greind og hugsun námsmannanna, t. a. m. stærðfræðina, en sú fræðigrein er einnig gagnsamleg í öðru tilliti.

Af þessum ástæðum er mín skoðun orðin sú, að rjettast muni að afnema með öllu kennsluna í báðum gömlu málunum, hvenær sem við getum fengið því framgengt.

Menn hafa bent á ýmsa agnúa, sem mundu leiða af afnámi gömlu málanna, svo sem það, að stúdentar þeir, sem ganga á prestaskólann og sem eiga að kunna grísku samkvæmt prestaskólareglugjörðinni, mundu þá enga kennslu fá í námsgrein þessari, og mundu því ekkert kunna í grísku, er þeir koma á prestaskólann. En til þess liggur það svar, að eins og kunnátta stúdenta nú er í grísku yfir höfuð að tala, mun óhætt að fullyrða, að það sje ekki meira en tíundi hver stúdent, sem

getur lesið nýja testamentið á grísku, svo að hann hafi verulegt gagn af því, sízt meira gagn, en ef hann læsi það í útleggingu á einhverju öðru tungumáli. Það eru til svo vandaðar útleggingar af nýja testamentinu, að maður getur sízt búizt við að stúdent frá latínuskóla geti fengið betri skilning á efni þess með því að lesa það á grísku, en með því að lesa það í enskri, franskri eða þýzkri þýðingu. Eg álít því, að það sje engin nauðsyn fyrir því, að stúdentar á prestaskólanum lesi nýja testamentið á frummálinu, og má breyta reglugjörð skólans í þessu efni, án þess að lög þurfi til þess.

Í öðru lagi hafa menn bent á það, að meðan háskólinn í Khöfn heimtar sem inntökuskilyrði vissa kunnáttu í gömlu málunum og meðan stúdentar hjeðan þurfa og vilja sækja til hans, sje ekki hægt að koma þessu til framkvæmdar. En samt sem áður er það ekki tilgangslaust að samþykkja frv. í þá átt, sem þetta frv. fer; það er þá að skoða sem áskorun til stjórnarinnar um það, að hún fái þeim höptum burtrýmt, að því er snertir aðgang að háskólanum, sem eru þessu frumv. til fyrirstöðu. En fáist eigi skilyrðunum fyrir aðgöngu að háskólanum breytt í þessu efni, getur þetta mál ekki komizt til framkvæmda. En þingið getur ekki látið skoðun sína á grískunáminu, og þann vilja sinn, að það sje eptirleiðis eigi skilyrði fyrir aðgöngu Íslendinga á háskólann, í ljósi á annan gleggri hátt, en einmitt með því, að samþ. þannig lagað frv.

Jeg hef sjálfur haft frá því jeg varð stúdent, og hef enn, persónulega mikla ánægju af latínu og grísku, svo að mjer er það ekki ljúft, að mæla með afnámi þeirra sem kennslugreina í lærða skólanum; en jeg vona, að mönnum sje ljóst. hverjar ástæður jeg hef til þess að gjöra það samt. Hjer er nú eigi heldur farið fram á meira að þessu sinni, en að afnema kennsluna í öðru málinu, grískunni. En jeg hika minna við að vera með þessari tillögu, af því að jeg hef sjálfur fengið reynslu fyrir því, hversu hægur aðgangur er að því, að kynnast fjársjóðum hinna klassisku bókmennta af þýðingum á önnur tungumál. Jeg hef t. d. að taka sjálfur lesið Apologiu Platos og rit Sallustius í þýðingum, áður en jeg las þau rit á frummálinu, og jeg held að þessi skoðun mín á latínu- og grískunámi hafi mest styrkst við það, að lesa rit þessi í ágætum þýðingum. Apologiuna las jeg í hinni ágætu þýðingu eptir próf. Gerz, og er jeg viss um, að jeg hef haft meira gagn af að lesa hana í svo ágætri þýðingu, en þó jeg hefði reynt að lesa hana á frummálinu. Sagnarit Sallustiusar las jeg fyrir mörgum árum í svo ágætri enskri þýðingu, að mjer virðist hún fullkomlega jafnast við ritið á frummálinu, sem jeg hef lesið síðan. Þessi dæmi hef jeg tilgreint, af því að þau eru persónuleg reynsla mín.

Þó að mjer virðist frv. þetta að ýmsu leyti eigi vera sem bezt samið, mun jeg þó gefa því atkv. mitt, af ástæðum þeim, sem jeg nú hef leyft mjer að tjá h. deild.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. (C. 239) samþ. með 10 atkv. Viðauki á þingskj. 290 samþ. með 10 atkv. 1. og 2. gr. samþ. með 10 atkv. hvor.; 3., 4. og 5. br. (C. 239) samþ. með 10 atkv.; 3. gr. samþ. með 10 atkv.; 6.—7. br. (C. 239) samþ. með 10 atkv.; 4.—5. gr. samþ. með 10 atkv.; 8. br. (C. 239) samþ. með 10 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 10 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 (C. 281); 1. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg leyfi mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði skipuð í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþ. með 10 samhlj. atkv. og hlutu kosningu:

Kristján Jónsson með 10 atkv.
Jón A. Hjaltalín — 9 —
Hallgr. Sveinsson — 9 —
Sigurður Stefánsson — 9 —
Guttormur Vigfússon — 7 —

Frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði (C. 231); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886, um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 286); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Frumv. til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (C. 256); 1. umr.

Jón A. Hjaltalín lagði til að málinu væri vísað til nefndarinnar við frv. um gagnfræðakennslu við lærða skólann í Rvík, sem enn væri til.

Hallgrímur Sveinsson lagði til að kosin væri sjerstök 3 manna nefnd í málið, þar málefni þessi væri svo ólík hvort öðru.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 7 atkv. að vísa frv. til gagnfræðanefndarinnar.

Tuttugasti og fimmti fundur, miðvikudag 4. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breytingu á lausafjártíund 12. júlí 1878 (C. 292); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 8 samhlj. atkv. og afgreitt aptur til Nd.

Frv. til laga um breytingu á 6. gr. tilskipunar 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi (C. 216,280); frh. 1. umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson): Í nefndarálitinu er gjörð grein fyrir því, að nefndin hafi fallizt á efni frv. og eptir því hvernig þingd. hefur áður tekið frv., var ekki ástæða til að gjöra breytingar á því, að því er efnið snertir. Í nefndarálitinu er einnig gjörð grein fyrir því, að nefndin áleit heppilegra, að því er formið snertir, að sameina þetta frv. við frv. það, sem er á dagskrá næst á eptir. Hún vill leggja þetta frv. til grundvallar sem aðalfrv., en ætlast til að greinar síðara frumv. komi fram sem br. till. við frumv. það, sem deildin samþykkir. Þetta þótti mjer nægilega greinilega tekið fram, þegar nefndarálitið var samið, en síðan hef jeg athugað það nánar, en nú þykir mjer það nokkuð vafasamt, að tillögurnar í nefndarálitinu sjeu eins skýrar og æskilegt væri. Nefndin ætlast til þess, að frv. á þingskj. 216 verði við 2. umr. lagt til grundvallar sem aðalfrv., og að hinar einstöku greinar frv. á þingskj. 142 verði teknar sem breytinga- eða viðaukatillögur við nefnt frv.; og er þetta tekið fram í nefndarálitinu, þingskj. 280. Ef svo þetta frv. á þingskj. 216 verður samþykkt, með svofelldum viðauka, þá er hitt frv. á þingskj. 142 að sjálfsögðu dottið úr sögunni. Ef h. forseti óskar breyt.till. á sjerstöku skjali, mun nefndin auðvitað koma fram með hana fyrir 3. umr.; en jeg fyrir mitt leyti álít það ekki nauðsynlegt. Jeg legg því til, að málið gangi til 2. umr., eins og það nú er í garðinn búið.

Forseti: Það er óvanalegt, að 2 frumv. sje steypt saman í eina heild; en jeg skal láta þess getið, að jeg sje ekki neitt á móti aðferð nefndarinnar og óska ekki neinnrar sjerstakrar breyt.till. í þá átt. Við 2. umr. álít jeg rjettast, að ræða bæði frv. í einu. Það er fyrst við 2. umr. að sameiningin getur átt sjer stað.

Framsögum. (Kr. Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að frv. á þingskj. 216 með breytingu eða viðaukatill. yrði rætt fyrst; verði það gjört, og verði það samþ., eins og nefndin leggur til, þá er frv. á þingskj. 142 þarmeð að sjálfsögðu fallið úr sögunni.

ATKVÆÐAGR: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um viðauka við lög nr. 1. 9. jan. 1880 (C. 142,280; frh. 1. umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson: Eptir því sem jeg tók fram áðan, álít jeg rjett, að frv. þetta gangi til 2. umr. Ef breyt.till. nefndarinnar við fyrra frv, verður samþ., þá er þetta frv. sjálffallið. Jeg legg til að það gangi til 2. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til viðaukalaga við lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 279); 1. umr.

Flutningsm. (Guttormur Vigfússon): Jeg skal játa, að það er með dálitlum kvíða, að jeg stend upp til að tala fyrir frumv. þessu. Það er ekki af því, að kröfur þær, sem það fer fram á. sjeu ósanngjarnar; en hitt er það, að mjer hefur fundizt, að önnur skyld mál þessu, hafi venjulega mætt bæði ofmiklum andróðri og óþarflega kappsmiklum umræðum. Frv. þetta fer fram á eina lagabreytingu, nfl. þá, að losa utanþjóðkirkjumenn við gjöld, sem er gjörsamlega óeðlilegt, að þeir greiði, sem sje, fasteignartíund til presta og kirkna þjóðkirkjunnar, þar sem þeir verða að leggja á sig gjald til sinnar eigin kirkju og gjalda þannig tvöfalt gjald við aðra landsbúa. Annað atriði frv. er, að prestar þjóðkirkjunnar skuli skyldir til að inna af hendi prestsverk fyrir þá utanþjóðkirkjumenn, sem þess óska, þangað til þeir hafa fengið prest eða forstöðumann með konunglegri staðfestingu. Þetta er ekki lagabreyting, heldur nýmæli, sem þarf að leiðast í lög, til þess að hjálpa þeim söfnuðum, er standa fyrir utan þjóðkirkjuna, meðan þeir ekki hafa fengið formann eða prest. Þetta atriði verður ekki hægt að tala nákvæmlega um, nema ganga inn á einstakar greinar frv, sem auðvitað á ekki við að gjöra, við þessa umr. málsins. Jeg get ekki betur sjeð, en að hugsunin í frv. sje alveg rjett, að það sje bæði rjett og sanngjarnt, að utanþjóðkirkjumaður, sem hefur allar skyldur við prestinn, hafi líka rjett til að leita til hans, þegar þörf gjörist, þangað til hann hefur fengið annan mann, sem hann hefur lagalegan rjett til að snúa sjer til. Jeg skal ekki að svo stöddu vekja meiri umr. um þetta mál, en vona, að h. þingd. verði svo velviljuð frv. þessu, að hún lofi því að ganga til 2. umr., svo að menn þá geti gengið rækilega inn á hinar einstöku greinar þess.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg get vel skilið, að h. flutningsm. (G. V.) játaði, að hann bæri frv. þetta fram með nokkrum beig, af því að hann óttaðist óblíð forlög þess; jeg skil það svo vel af því að frv. þetta er næsta einkennilegt. Það eru sjerstaklega tvö atriði, sem frv. þetta fer fram á.

Í fyrsta lagi, að skylda presta þjóðkirkjunnar til að inna af hendi prestsverk fyrir utanþjóðkirkjumenn, meðan þeir ekki hafa fengið prest með konunglegri staðfestingu. Í öðru lagi, að losa utanþjóðkirkjumenn við þau einu gjöld, er þeir eiga að inna af hendi til presta og kirkna þjóðkirkjunnar. Loks fer 3. gr. frv. fram á, að skylda landssjóð til að bæta prestum þann tekjuhalla, er leiðir af ákvæðum 2. gr. Þessi atriði álít jeg töluvert athugaverð. Jeg veit ekki, hvort hægt sje að finna í lögum vorum nokkurt annað tilfelli sem þetta, að skylda presta til að inna af hendi prestsverk fyrir þá menn, er gengið hafa út úr þeirra eigin söfnuði.

Þessi sama skoðun, sem jeg hef á þessu máli, kom einnig fram hjá stjórninni, þegar hún átti að staðfesta prest fyrir hinn nýja utanþjóðkirkjusöfnuð. Hún komst sem sje að þeirri niðurstöðu, að það væri gagnstætt öllum rjetti og allri

sanngirni, að þjóðkirkjan skyldi brjóta sig í mola til þess að hjálpa þeim mönnum áfram, er ekki vilja hafa neitt saman við hana að sælda. Það er ekki eðlilegt samband, að þjóðkirkjan skuli hjálpa mönnum, sem standa fyrir utan hana, til að fá mann, er geti gjört þeim mögulegt, að lifa undir öðrum lögum. Það er sama sem að hjálpa þeim til að vera utanþjóðkirkjumenn, en eiga þó aðgang að prestum þjóðkirkjunnar. Þetta virðist mjer vera næsta óeðlilegt samband. En nú er það borið fyrir, að utanþjóðkirkjumenn sjeu í nauðum staddir og þess vegna verði að greiða úr því með nýjum lögum. En hvernig stendur á þeirri neyð? Hafa þeir ekki vísvitandi stofnað sjer í hana sjálfir? Við þessa menn vildi jeg segja: „Leyfið mjer, góðir menn, að leggja yður heilræði: Blessaðir verið þið kyrrir í þjóðkirkjunni; enginn amast við ykkur; úr því að þið getið notað presta þjóðkirkjunnar, þá getur hún ekki verið ykkur andstæðileg“.— Það er auðvitað, að utanþjóðkirkjumenn munu vilja nota prjedikun þjóðkirkjuprestanna, þegar þeir vilja nota þá til að skíra, ferma, gipta og jarðsyngja. Þetta sýnir, að þeir í rauninni eru samkristnir bræður vor þjóðkirkjumannanna. En þeir vilja lengja titilinn. Þeir vilja heita *utan*þjóðkirkjumenn, en eru þó í rauninni í þjóðkirkjunni. Þetta á jeg erfitt með að skilja. Ef jeg mætti ráða þessum mönnum heilræði, þá mundi jeg — eins og jeg fyr gat um — vilja segja við þá: „Góðir menn! Ykkur skilur ekkert á við okkur þjóðkirkjumenn. Þið hafið sömu trú og sömu kirkjusiði; verið þess vegna kyrrir í okkar kirkju, þangað til þið eruð búnir að stofna ykkar eigið kirkjufjelag; en tildrið ekki upp neinu nafni, fyr en þið eruð viðbúnir, svo að þið ekki þurfið að fá undantekningarlög til að lifa kristilegu lífi“. Þetta finnst mjer vera gott ráð og jeg vildi óska, að menn vildu sinna þessu heilræði. En þeir munu líklega ekki vilja taka þetta ráð til greina, þegar þeir eru búnir að fá sinn eiginn prest; þá eiga þeir hægt með að lifa í sínu eigin kirkjufjelagi. Mjer finnst aptur á móti óeðlilegt, að segja við þann þjóðkirkjuprest, sem jeg gjöri ráð fyrir að hafi haft óhagnað, óánægju, strit og stríð við að missa þessa menn úr söfnuði sínum, þótt hann óskaði helzt, að mega halda þeim þar kyrrum, að hann skuli vera boðinn og búinn til að inna af hendi prestsverk fyrir þá menn, er sögðu við hann: „Vjer viljum ekki vera í þínum söfnuði“; og það er óneitanlega hart aðgöngu fyrir kirkjustjórnina, að leggja svo óeðlilegar kvaðir á presta þjóðkirkjunnar, og næsta eðlilegt, að hún kynoki sjer við að gjöra það.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að frv. þetta, ef það verður að lögum, gefi mönnum undir fótinn til að losa sig að nafninu úr þjóðkirkjunni, án þess að þeir þar fyrir þurfi að hafa neinar knýjandi hvatir. Þeir geta nfl. sagt: „Jeg er utanþjóðkirkjumaður, en hef samt sama aðgang, eins og áður að þjóðkirkjuprestinum“. En það er auðvitað, að þeir menn gætu verið til, sem teldu það skemmtilegra, frjálslegra og samboðnara skoðunum nútímans, að vera að nafninu laus við öll bönd. Mjer virðist þetta atriði frv. óeðlilegt.

Jeg get ekki sjeð, að þessi h. þingd. geti samþykkt eða stjórnin á sínum tíma ráðið konungi til að staðfesta svo óeðlileg lög. H. flutningsm. (G.V.) gat þess, að lík mál og þetta hefðu vakið óþarflega kappmiklar umræður; jeg skil ekki, að það geti verið annað en hans eigin tilfinning, sem metur þetta svo. Mjer hefur jafnan fundizt, að hin h. deild hafi varðveitt ró og stillingu við allar sínar umræður, og maður getur naumlega hugsað sjer, að h. Ed. komist í bál og brand út af svo litlu frv. sem þessu; jeg hygg því, að h. flutningsm. hafi sagt ofurlítið meira, en hann meinti; jeg hygg því ekki, að þetta mál muni vekja meiri andróður en hvert annað mál,

þar sem skoðun stendur gegn skoðun. Jeg vona, að það sje ekki hægt að álasa mjer fyrir apturhaldsskoðanir í slíkum málum; jeg hef þvert á móti, eins og kunnugt má vera, haft svo meinlega frjálslegar skoðanir á þeim, að þær hafa bakað mjer ofanígjöf og næstum því komið mjer í ógöngur, svo að jeg varla hef komizt óskemmdur að landi. Jeg vona því, að h. flutningsm. hafi ekki þá skoðun, að það sje af óvild eða kappi, að jeg er á móti þessu frv. Það er af allt öðrum ástæðum. Það eru sem sje margir gallar á frv., sem gjöra það að verkum, að jeg hlýt að andmæla því. H. flutningsm. vill afnema tíund til presta og kirkna af fasteignum, sem er hið eina gjald, sem utanþjóðkirkjumenn, er hafa konunglega staðfestan prest, eiga nú að greiða. En skyldi það nú vera sprottið af gleymsku á sinni tíð hjá þinginu, að þetta gjald var ekki afnumið með hinum? Alls ekki, heldur hefur þetta gjald verið eptirskilið af sínum sjerstöku ástæðum. Hjer er sem sje um gjald að ræða, ekki á mönnum, heldur á eignum. Ef utanþjóðkirkjumenn flytja burtu, þá hvílir ekki þetta gjald á þeim; það hvílir ekki á þeim sem utanþjóðkirkjumönnum, heldur sem búendum á jörðunni. Lagamenn hafa tekið það fram, að ef gjaldið er gefið eptir, þá hækkar jörðin í verði. H. flutningsm. tók fram, að utanþjóðkirkjumenn þyrftu að gjalda sínum eigin presti gjaldið. Það getur verið; en þegar þeir losa sig við kirkjuna, þá gjalda þeir ekki tíund, offur, dagsverk, en ákveðið gjald í einni heild. En það er ekki sagt, að það sje jarðartíund, sem þeir eiga að greiða. Af þessu má sjá, að jarðartíundin hvílir á eigninni, en ekki á persónunni. Jeg sje því ekki ástæðu til að breyta því ákvæði, sem sett hefur verið af ásettu ráði, í lögum, sem eru að eins 11 ára gömul. H. flutningsm. sagði, að það væri ekki lagabreyting. Jú, það er lagabreyting, þegar ákveðið er í lögum, að gjöra presti að skyldu, að inna af hendi þau verk, sem hann ekki er skyldur til að vinna eptir núgildandi lögum. Jeg vona, að þetta, sem jeg nú hef tekið fram, sje nægilegt til þess að sýna, að frv. þetta er athugavert. Það eru svo miklir gallar á því, að mjer finnst ekki, að það geti eða eigi að ganga áfram hjer í deildinni.

Flutningsmaður (Gutt. Vigfússon): H. 2. kgk. (H. Sv.) hefur farið ítarlegum orðum um þetta mál, og svo sem við var að búast var auðheyrt, að varla mundi von á atkvæði hans með því í þetta sinn; en hann hefur þó ekki enn getað sannfært mig með ræðu sinni um það, að fyrra atriðið í frv. væri óeðlilegt, nfl. það, að gjöra prestum þjóðkirkjunnar að skyldu, að gegna prestsverkum hjá þeim utanþjóðkirkjumönnum, sem væru prestinum gjaldskyldir, á meðan menn þessir hefðu ekki fengið sjer utanþjóðkirkjuprest, því það er hreint ekki sagt, og meira að segja mjög ólíklegt, að utanþjóðkirkjumenn almennt geti fylgt ráðum þeim, er h. 2. kgk. (H. Sv.) vildi ráða þeim til, að ganga aptur inn í söfnuð þjóðkirkjunnar.

H. 2. kgk. (H. Sv.) þykir það óeðlilegt og ólíklegt, að söfnuður, sem hefur sagt sig úr þjóðkirkjunni, gæti eða vildi nota presta þjóðkirkjunnar til embættisverka; en þetta þarf alls ekki að vera neitt óeðlilegt, því orsakirnar til þess, að menn ganga úr þjóðkirkjunni, geta verið svo margar og ýmislegar; þær geta t. d. verið áhugaleysi á kirkjulegum málum í einhverja sjerstaka átt, þótt trúaratriðin sjeu algjörlega hin sömu; þær geta líka verið, að þeir í ýmsum atriðum sjeu ekki samdóma skilningi þjóðkirkjunnar á sjerstökum trúaratriðum, og þeir geta þrátt fyrir það notað prest þjóðkirkjunnar til ýmsra aukaverka, þótt þeir vilji, vegna sjerskoðana sinna, stofna sjerstakt fjelag í þeim tilgangi, að þjóna guði eptir sínum skilningi og sannfæringu. Er þá ekki óeðlilegt, að þessir menn sjeu útilokaðir frá

að nota prest, meðan þeir hafa ekki fengið löggiltan utanþjóðkirkjuprest, að þeir sjeu útilokaðir frá allri prestsþjónustu, þó þeir gjarnsamlega vilji nota hana. Það er ekki alveg rjett, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að fríkirkjusöfnuður gæti myndazt, þegar hann væri búinn að fá löggiltan prest. Nei, fyrst verður söfnuðurinn að myndast, áður en hann geti ráðið sjer prest, og til þess kosning prestsins geti fengið staðfestingu eru útheimt gild skilríki fyrir löglegri stofnun safnaðarins og að hann hafi fullgilt hús til að halda guðsþjónustugjörð í. Meðan á þessu stendur, vantar söfnuðinn algjörlega prest, og reynslan hefur sýnt, að slíkt tímabil getur orðið æðilangt og erfitt fyrir utanþjóðkirkjusöfnuðinn. En á þessu tímabili hefur sóknarpresturinn þó rjett til að krefjast allra prestgjalda af þessum mönnum, sem ekkert kirkjulegt eiga orðið saman við hann að sælda. En komi þeir til prestsins og biðji hann að framkvæma eitthvert prestsverk fyrir sig, segir hann, að sjer sje bannað það af yfirstjórn sinni. Komi utanþjóðkirkjumaður úr prestlausum söfnuði til prestsins og biðji hann að skíra fyrir sig veikt barn, kveðst hann ekki mega það. Komi maðurinn með látið lík þess til grafar og biðji hann að jarða það, segir hann: „Viljirðu ganga í þjóðkirkjuna, skal jeg gjöra það; annars má jeg það ekki“. En legkaup og líksöngseyri má hann krefja að lögum. Ef þetta er ekki ósanngjarnt, veit jeg ekki, hvað ósanngjarnt er. Þetta tímabil, frá því utanþjóðkirkjusöfnuður er myndaður og þangað til hann hefur fengið sjer prest, getur verið æði langt og haft ýmislegt illt í för með sjer með lögum þessara tíma. En ef frv. þetta yrði að lögum, gæti það ef til vill orðið til þess að sameina aptur prestinn og söfnuðinn, þar sem lögin, eins og þau nú eru, gjöra allt til þess að hrinda presti og söfnuði hvorum frá öðrum. — Frumvörp þau um gjaldfrelsi utanþjóðkirkjumanna, sem komið hafa hjer fram á síðustu þingum, hafa aðallega farið fram á, að losa hvern einstakling við öll gjöld til presta og kirkna þjóðkirkjunnar, undir eins og þeir hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni. Jeg vona, að h. þingd.m. sje það ljóst, hversu miklu skemmra þetta frv. fer, þar sem ekkert er farið fram á, að breyta gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna, heldur að eins að gjöra þetta samband í millibilsástandinu eðlilegra milli prests og safnaðarins eða með öðrum orðum þannig, að þessir fríkirkjumenn fái að njóta sömu rjettinda eins og aðrir, meðan þeir gjalda til prests og kirkju, sem þeir eru skyldaðir til með lögum.

Hvað hið annað atriði snertir, að utanþjóðkirkjumenn sjeu losaðir við fasteignartíund til prests og kirkju, þá skil jeg ekki, að það geti verið á móti grundvallarreglu allra rjettarhugmynda annara laga, eins og sagt hefur verið. þótt jeg sje auðvitað ekki lögfróður maður. Jeg skil ekki, hvernig það getur verið óeðlilegra, að losa utanþjóðkirkjumenn við fasteignartíundina, heldur en lausafjártíundina, því hún var þó ein af föstum tekjum presta, en þó var henni svipt af með lögum. Tíundir þessar eru, að því er jeg frekast veit, báðar jafngamlar, og þannig jafnrjettháar að því leyti. Jeg skal játa, að þetta atriði getur verið nokkuð athugavert, en nema jeg sje sannfærður með gildum rökum um hið gagnstæða, get jeg ekki fallið frá því, að eins hægt sje að losa utanþjóðkirkjumenn við fasteignartíund til þjóðkirkjunnar, sem lausafjártíundina, því það er sannfæring mín, að óeðlilegt sje, að utanþjóðkirkjan þurfi að gjalda nokkuð til þeirrar kirkju, sem þeir mega ekki nota, því frekar sem þeim er gjört að skyldu, að koma upp kirkju hjá sjer sjálfir, sem sje eins vel úr garði gjörð og hver önnur kirkja, er þjóðkirkjan notar.

Jón Jónsson: Jeg er ekki á sama máli og h. 2. kgk. (H. Sv.), að frv. þetta

sje óeðlilegt. Jeg álít miklu fremur, að það sje óeðlilegt, að utanþjóðkirkjumönnum sje neitað um þann rjett, sem frv. þetta fer fram á að veita þeim; jeg álít óeðlilegt, að þjóðkirkjuprestar þurfi ekki að gjöra prestsverk fyrir fríkirkjumenn meðan þá vantar prest, því það gengur opt ærinn tími í að fá prestinn löggiltan, og ekki trútt um, að söfnuðunum finnist, að hindranir sjeu lagðar í veginn fyrir það á hærri stöðum. Það er óeðlilegt, að fríkirkjumenn eru skyldir að gjalda þjóðkirkjunni gjald, en fá ekki prestinn til að gjöra prestsverk, ef á þarf að halda, og það er óeðlilegt af kirkjunni, sem kennir mönnum að elska óvini sína, að sparka strax í fríkirkjumennina, er þeir hafa yfirgefið þjóðkirkjuna, og neita þeim um prestsverk gegn fullri borgun. H. 2. kgk. (H. Sv.) sagði, að það væri óeðlilegt, að skylda þann prest, er fríkirkjusöfnuður hefur yfirgefið, að hann gjöri prestsverk í fríkirkjusöfnuðinum, en til þess þarf ekki að koma, því fríkirkjumenn geta leitað annara presta.

Hvað hitt atriðið snertir, þá virðist það líka óeðlilegt, að þegar fríkirkjumaður hefur tekið sjer nýjar skyldur á herðar með því að taka sjer prest og byggja kirkju, þá verði hann þó að gjalda fasteignartíund til þjóðkirkjunnar og þjóðkirkjuprests. Þetta virðist mjer beinlínis vera brot á almennum mannrjettindum og alls ekki vera kirkjunni til gagns. Hvað þá lagaskýringu snertir, að fasteignartíundin sje gjald, sem hvíli á jörðinni, þá sýnist mjer það eins vel mega kallast persónulegt gjald, því þó fríkirkjumaður sje laus við gjaldið, meðan hann býr á jörðinni, þá fær kirkjan gjaldið, þegar þjóðkirkjumaður kemur á jörðina og þá á kirkjan það. Jeg held, að það geti verið spurning um, hvort gjald þetta sje ekki nú að nokkru leyti persónulegt gjald samkvæmt lögum, þótt sýna kunni mega með einhverjum lagakrókum, að gjaldið sje bundið við jörðina.

Jeg hlýt því að vera með frv. þessu, því mjer finnst það eðlilegt og kristilegt, að þjóðkirkjan slaki til við þá menn, sem gengið hafa í fríkirkjusöfnuð, því opt mun lítill skoðanamunur vera milli þeirra, en slík tilslökun mundi miklu fremur leiða af sjer gott en illt.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg heyri að h. þingmenn Múlasýsl. (G. V. og J. J.) hafa ekki skilið orð mín, og því síður að þeir hafi samræmt við þau, þar sem þeir telja allt það eðlilegt, sem jeg kalla óeðlilegt, þó menn gangi úr einhverjum fjelagsskap og krefjist svo jafnt allra réttinda eptir sem áður. Þeir telja það ekki óeðlilegt, þótt menn gangi úr þjóðkirkjunni og jafnvel taki aðra trú, verði Adventistar eða Tyrkjatrúar, og þrátt fyrir það krefjist þjónustu af prestinum. Þeim finnst eðlilegt, að prestar þjóðkirkjunnar sjeu skyldugir að gjöra öll prestsverk fyrir menn með hvaða trúarskoðun sem koma kynni upp í landinu, ef þeir að eins beiðast þess og vilja þiggja þjónustu hans. En samkvæmt skipun þjóðkirkjunnar, mega prestar ekki vinna prestsverk fyrir þá, sem standa á öðrum grundvelli en hin lúterska kirkja, t. d. fyrir útlendinga, sem eru katólskir eða annarar trúar, sem eptir þessu frv. gætu heimtað þjónustu af prestum þjóðkirkjunnar. Þeir, sem ganga úr þjóðkirkjunni, *geta* haft mjög misjafnar ástæður til þess, þeir geta einnig gjört það vegna mismunandi trúarskoðana, þótt vjer höfum gengið út frá, að þeir, sem hingað til hafa gjört það, væru vorir samkristnir bræður. En þótt þeir nú hefðu aðrar trúarskoðanir, vilja menn engu að síður heimta, að prestar vorir sjeu skyldir til að veita þeim prestsþjónustu. Jeg heyrði, að h. þingm. Múlasýsl. tóku fram, að þetta ætti að eins að gilda um vissan tíma, frá því að söfnuðurinn segði sig út úr þjóðkirkjunni og þangað til hann hefði fengið löggilta staðfestingu og útvegað sjer prest, og að þessi millibilstími yrði

optast stuttur, ef til vill að eins fáir mánuðir. En hvaða trygging er fyrir því, að þetta geti ekki orðið mörg ár? Reyndar munu sumir ef til vill svara, að ekki sje hætta á því, nema kirkjustjórnin dragi staðfestinguna með vilja, og það er auðvelt og hjá mörgum þakklátt verk, að kenna kirkjustjórninni um allt og slengja allri skuld upp á hana, þótt skjöl og skilríki vanti og málin sjeu að öllu illa og óformlega úr garði gjörð. Jeg tek hjer upp aptur, það sem jeg sagði áðan, að menn ættu að vera kyrrir í þjóðkirkjunni, þangað til þeir hafa búið sig að öllu undir að geta gengið úr henni án þess að þurfa að leita hennar aptur. Í bókinni, sem allir þekkja, stendur: „Hver er sá af yður, sem vill byggja turn, er ekki setjist fyrst niður og reikni kostnaðinn, hvort hann hafi það, sem til þess þarf“. En ef á að fara að búa til lög fyrir þá menn, sem ekki fylgja þessari gullnu reglu, þá fær þingið nóg að starfa.

H. flutningsm. frv. (G. V.) sagði, að ástæðan til þess að menn gengju úr þjóðkirkjunni, þyrfti ekki að vera ágreiningur í trúarefnum, heldur gæti hún einnig verið meiri áhugi. Er þjóðkirkjan þá orðin svo dauð, að þeir, sem lifandi eru og áhugamiklir, geti ekki lifað í henni, heldur neyðist strax til að yfirgefa hana, þegar áhuginn vaknar? Þetta er þó víst ekki ætlun h. flutningsm. (G. V.).

Jeg get ekki minnzt á þetta, án þess um leið að líta á, hvernig ástatt er með eldinn og áhugann í þeim utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem eru hjer á landi. Á prestastefnunni í sumar var vísað til þessara safnaða og bent á þá ávexti, sem þar þroskuðust sem afleiðing þessa fyrirkomulags. Þá stóð upp einn af fundarmönnum, stilltur og gætinn prestur, sem allra presta er kunnugastur þessum hlutum, og sagði með mestu hógværð: „Vitnið ekki til ávaxtanna af fríkirkjuhreyfingunni á Austurlandi, því þeir eru ekki góðir nje glæsilegir“. Og ytri lífsmerki fríkirkjunnar í Reyðarfirði eru ekki glæsileg, nema menn telji það góða ávexti, að sjaldan sje messað, að prestur og söfnuðir sjáist sem sjaldnast, og að presturinn breyti til um trúarskoðun og þó sje sama sambandið milli hans og safnaðarins eptir sem áður. Þetta er ekki heilbrigður áhugi, enda get jeg fullvissað h. þm. (G. V.) um, að áhuginn má verða mörg stig, þangað til hann rúmast ekki í þjóðkirkjunni.

H. flutningsm. (G. V.) kvað utanþjóðkirkjumenn útilokaða frá öllu góðu. En hver útilokar þá, leyfi jeg mjer að spyrja? Það er ekki presturinn, sem gjörir það, heldur þeir sjálfir, því það leiðir af sjálfu sjer, að segi menn sig úr einhverjum fjelagsskap, útiloka þeir sig um leið frá þeim rjettindum og gæðum, sem fjelagsskapurinn veitir.

Þar sem h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að þjóðkirkjan sparkaði þessum mönnum frá sjer og slíkt væri ekki kristilega gjört, þá vil jeg snúa setningunni við og segja: Það eru þessir fríkirkjumenn, sem sparka bæði presti og kirkju frá sjer, og getur nokkur krafizt þess, að þeir, sem sparkað er út, fari að ganga eptir þeim með grasið í skónum. Að gjöra þetta að lögum, væri að gefa mönnum undir fótinn um allt land og eins og hvetja þá til að leysa þjóðkirkjuna í sundur. Því ekkert mundi öflugar geta stutt að sundrungu þjóðkirkjunnar en þetta, að menn gætu yfirgefið hana eptir vild sinni, og þó eptir sem áður átt heimtingu á að njóta þeirra rjettinda, sem hún veitir. Samvizkufrelsi er sjálfsagt, og eðlilegt að menn geti sagt skilið við þjóðkirkjuna, ef mönnum líkar ekki við hana, en þá eiga þeir að segja sig úr henni með öllu, en ekki eptir sem áður flagga með þjóðkirkjunnar flaggi, vera með annan fótinn í, hinn fyrir utan, því slíkt er óeðlilegt og ómögulegt samband, sem leiðir til glundroða, sundurlyndis og hjegóma.

H. flutningsm. (G. V.) sagði, að ef þetta frv. næði lagagildi, mundi það einmitt verða til að sameina og gjöra prestinn og söfnuðinn samlyndari en áður. En þá skil jeg ekki, hvað sundrung eða sameining er, ef þetta yrði afleiðingin. Hvað væri þá orðið um eldinn og áhugann, sem var ástæðan til sundrungarinnar, ef lítill, já óeðlilegur greiði frá prestsins hendi gæti sameinað allt aptur.

H. flutningsm. (G. V.) lýsti ástandinu voðaega, svo að barn sem lægi fyrir dauðanum, fengist ekki einu sinni skírt. En þetta getur ekki verið rjett, því í slíkum neyðarkringumstæðum, er það skylda hvers prests sem er, að hlaupa undir bagga og skíra barnið. Hafi það komið fyrir, að einhver prestur hafi neitað að vinna slíkt verk, þá hefur hann misskilið skyldu sína. En til þess að fyrirbyggja slíkt, á ekki að gefa út ný lög.

H. 2. þm. N-Múl. (J. J.) kvað ef til vill hægt með lagakrókum að sanna, að fasteignartíund sje ekki persónulegt gjald, heldur gjald sem fylgi jörðunni. Þetta er óvirðulegt orð, sem jeg bjóst ekki við að mundi heyrast hjer í hinni ráðsettu efri deild. Lagakrókar og lagaskýringar er tvennt ólíkt, og það má ekki ætla æztu dómurum vorum, að viðhafa lagakróka, þótt skýringar þeirra falli manni ekki í geð. En heldur h. þm. (J. J.) að það hafi verið gleymska, að fasteignartíund var ekki tekin með hinum afnumdu gjöldum fyrir 11 árum. Nei, það var fyllilega vísvitandi og byggt á rökum, sömu rökum, sem nú eru fyrir því að halda henni. Þm. sagði, að þótt fríkirkjumaðurinn ekki þyrfti að gjalda jarðartíund, þá kæmi hún þó aptur og yrði borguð prestinum, ef ábúandinn gengi í þjóðkirkjuna eða nýr ábúandi, sem væri í henni, kæmi. Þetta er vitanlega satt, en tíundin á aldrei og má aldrei falla í burtu, þar sem þetta er ekki persónulegt gjald, heldur kvöð sem hvílir á jörðunni, og jörðin er hvorki í þjóðkirkju nje fríkirkju, gengur því hvorki úr nje í. Þetta gjald má eiginlega skoða sem part eða einn hluta af landsskuldinni, og engum mun finnast eðlilegt, að landsskuldir falli burtu, þótt ábúandi gangi úr þjóðkirkjunni.

Jeg býzt ekki við, að hafa sannfært h. þm. Múlasýslnanna, því þeirra skilningur er auðvitað hinn eini rjetti, en jeg get ef til vill búizt við, að hinir aðrir h. þm. taki tillit til orða minna í þessu máli, og þessvegna hef jeg fjölyrt um málið.

Flutningsm. (Guttormur Vigfússon): Jeg hygg, að h. 2. kgk. (H. Sv,) hafi eigi skilið rjett ákvæði frv., þar sem um er að ræða skyldu prests til að inna af hendi verk fyrir utanþjóðkirkjumenn. Mjer virtist hann ganga út frá því, að prestur væri skyldugur til, að framkvæma prestsverkin eptir þeim reglum, sem hver og einn kynni að heimta, hvort sem í hlut ætti t. d. katólskur eða einhver annar, er aðra trú hefði en presturinn sjálfur og ríkiskirkjan, að það væri hægt að heimta það af prestinum að framkvæma prestsverkin eptir þeim kreddum, sem hlutaðeigandi beiðandi tæki til. En þetta er ekki meining frumv. og heldur ekki er hægt að draga þá ályktun út úr mínum orðum. Meiningin er sú, að sjálfsögðu, að presturinn fremji embættisverkin eptir þeim reglum, sem fylgt er í þjóðkirkjunni. Það var og annað atriði í ræðu h. kgk. þm. (H. Sv.), sem jeg þarf að leiðrjetta, og sem ekki er meining frv., sem sje það, að einn og einn maður geti gengið úr þjóðkirkjunni, en heimtað svo, þegar honum sýndist af þjóðkirkjupresti, að hann gjöri samt prestverkin fyrir sig. Orð frv. eiga ekki að skiljast svo. Meiningin á að vera sú, að heimild þessi nái að eins til utanþjóðkirkjusafnaðar, er þegar er myndaður. Til þess að geta átt heimting á slíkum prestsverkum, verður að eiga í hlut heill söfnuður, sem

er í undirbúningi með að fá sjer hirði eða forstöðumann.

Jeg er eigi svo skarpur, að jeg skilji vel dæmi það af turnbyggingunni, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók. Eptir því dæmi, ef það á að heimfærast upp á þetta tilfelli, sem hjer er um að ræða, virðist mjer hann ætlast til, að menn skuli ekki segja sig úr þjóðkirkjunni fyrri en þeir sjeu búnir að sjá sjer fyrir presti. En þetta er ekki mögulegt. Söfnuðurinn getur ekki útvegað sjer prest, fyrri en hann er myndaður og getur sem ein heild farið að semja við einhvern sjerstakan mann. Á annan hátt getur hann ekki komið sjer fyrir, og virðist mjer það ekki bera vott um neina óforsjálni.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) minntist á vitnisburð eins prests á synodus um dauða utanþjóðkirkjusafnaðanna á Austurlandi. Um þetta atriði get jeg ekki fyllilega dæmt, því að jeg þekki að eins til annars þessa safnaðar. En um hann er mjer óhætt að fullyrða, að í honum ríkir ekki meiri dauði en allvíða mun eiga sjer stað í söfnuðum þjóðkirkjunnar, og svo mikið er víst, að sá söfnuður stendur engum að baki, að því er uppfræðing ungmenna snertir. Presturinn hefur sjerstaklega tekið að sjer að vera barnakennari safnaðarins allan veturinn, og jeg er þess viss, að börn þau er njóta uppfræðingar hans, munu ekki standa í neinu tilliti á baki börnum annara safnaða. Að þessu tilliti vil jeg bera blak af söfnuðinum, því að um þetta er mjer kunnugt.

Jón Jónsson: Mjer virðist það fremur lítilfjörleg ástæða, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) hefur aptur og aptur fært fram gegn frv. þessu, að það muni ekki hafa verið af gleymsku, þá er lögin um utanþjóðkirkjumenn voru samin, að þeir voru þá ekki einnig losaðir við tíund til prests og kirkju þjóðkirkjunnar. Jeg hef aldrei heyrt það fyrri, að slík ástæða, sem þessi, væri borin fram á móti nokkru frv., enda veit h. þingd. það, að það er alls ekki ótítt, að jafnvel yngri lögum, en ellefu ára gömlum, hefur verið breytt með nýjum lögum. Tímarnir breytast og mennirnir einnig, og skoðanir þeirra, og þetta á sjer stað jafnt um kirkjumál sem önnur mál.

H. sami þm. minntist á, að á synodus hefði komið fram rödd um það, að hið andlega líf mundi dauft í einum fríkirkjusöfnuði á Austurlandi. Um þetta, eða hvort þetta sje í raun og veru satt, skal jeg ekki segja, en þó svo væri, virðist mjer ekki rjett, að fordæma allt utanþjóðkirkjumálið eptir reynslu þessa eina safnaðar, þó að þessum eina söfnuði kunni að hafa eitthvað misheppnazt að koma sjer saman við prest sinn, sem jeg hef ekki heyrt neinn ávæning um, og þý jeg þó nær honum en h. 2. kgk. þm. (H. Sv.). Og jeg hygg, að ekki sje sjerstaklega erfitt að finna ýmsa söfnuði innan þjóðkirkjunnar, þar sem hið kristilega líf er ekki fjörugra, en það er í þessum söfnuði. Jeg vil ekki nefna nöfn, en ekki munu líkur til, að ástandið sje betra þar, sem rignir kærum frá söfnuðinum yfir prestinn ár eptir ár. Jeg hygg því að nokkuð sje varasamt, að fordæma þennan utanþjóðkirkjusöfnuð. En úr því að minnst hefur verið á synodus, þá vil jeg benda á eitt mál, sem var á dagskrá hjá synodus í sumar, og sem synodus á að þakka þetta litla lífsmark, sem hún hefur nú. Þetta mál er aðskilnaður ríkis og kirkju og það á án efa rót sína að rekja til utanþjóðkirkjusafnaðanna, og þeirrar hreyfingar í kirkjumálum, sem sú stefna hefur komið af stað.

H. sama þm. virtist tilgangslaust að tala í þessu máli, til þess að reyna að sannfæra okkur meðmælendur þess. Við getum sagt hið sama, að okkur heppnast ekki að sannfæra hann. Það er því ekki hægt að leggja okkur það til lasts, þótt við breytum ekki okkar sannfæringu, þar sem hún er gagnstæð hans sannfæringu.

Honum þótti ýms orð, sem jeg hafði við haft fremur óviðurkvæmileg, og skal jeg ekki þræta um það. Mjer er tamt að tala hjer á þingi blátt áfram, það sem jeg hugsa, eins og jeg gjöri hversdagslega. Jeg vona, að h. þingd. sje ekki svo viðkvæm, að hún hafi ekki þolað það, þó jeg viðhefði hin umræddu orð. Jeg skal játa það, að h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) er lagið að viðhafa það orðalag, sem ekki er hætt við að hneykslun valdi og getur hann því djarft úr flokki talað.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1894 og 1895; (C 274) ein umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort eigi megi gjöra ráð fyrir því, að hver töluliður í tillögum þessum verði borinn upp til atkvæða fyrir sig, en ekki till. í einni heild að eins. Í því trausti, að hver töluliður fyrir sig verði verði borinn undir atkvæði, svo að skoðanir h. þm. geti komið fram um hvern einstakan lið, vil jeg leyfa mjer að minnast fáum orðum á 2 af þessum liðum.

Hinn 6. tölul. hljóðar þannig: „Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af brauðum sínum“. Jeg skal eigi bera á móti því, að sýnd hafa verið af sumra presta hálfu töluvert seðn skil með greiðslu á árgjöldum þeim, er þeim ber að inna af hendi samkvæmt lögum og hefur því bæði umboðsstjórnin og þingið haft talsverða fyrirhöfn út af þessu. En jeg vona, að þó sje nú svo komið á síðustu árum, að mál þetta sje komið í betra horf; jeg veit eigi betur, en að allgóð lögun sje nú komin á vanskil þau, sem áður hafa verið. Umboðsstjórnin hefur á síðari árum gengið frekara eptir því, að prestar ljetu eigi árgjaldaskuldir safnast upp hjá sjer og jafnvel látið þá skilja það, að þeir mundu eiga von á, að við þá yrði beitt þvingunum, ef þeir eigi hlýddu þessum fyrirmælum. Það hefur enda komizt til tals, að taka fasteignir frá prestaköllunum og leggja þær út í árgjöldin og einnig að megn vanskil gætu valdið embættismissi. Afleiðingin af þessum ströngu fyrirskipunum hefur orðið sú, að jeg hygg, að árgjaldaskuldir sjeu nú sem stendur talsvert minni, en þær voru fyrir 1—2 árum síðan; þetta mun hæstv. forseta (A. Th.) vera manna kunnugast um. Stiptsyfirvöldin hafa það hugfast, að varna því, að skuldir geti safnazt hjá prestum, og beita heldur hörðu, en fleiri missira árgjaldagreiðslur lendi í eptirstöðvum. Þetta eru gjöld, er prestum er lögboðið að greiða og greiðslan verður því tilfinnanlegri fyrir hvern einstakan, því meira sem safnast fyrir, er þá þarf að inna af hendi á stuttum tíma. Það er því stefna stiptsyfirvaldanna, að hafa vakandi auga á því, að gjöld þessi hrúgist ekki upp í eptirstöðvum hjá prestunum. Það er eigi svo að skilja, að jeg vilji mótmæla þessum 6. tölulið, en jeg vildi, að sú skýring kæmi fram hjer í h. þingd., að greiðslur þessar eru nú á betri vegi, en yfirskoðunarmennirnir ef til vill hafa búizt við. Athugasemdir þeirra eru um landsreikningana 1894 og 1895 og þá mun ástandið í þessu efni hafa verið nokkuð óskyggilegt; þess munu þeir hafa orðið varir og álitið því nauðsynlega þessa tillögu.

Hið annað atriði, sem jeg vildi minnast á, er 7. tölul. Jeg álít að sönnu till. þá ekkert óeðlilega, en mjer virðist þó að þingið í því efni eigi að fara fremur gætilega. Vjer verðum að minnast þess, að þeir voru tímarnir og það eigi fyrir löngu síðan, að landssjóður var í allmikilli skuld við ríkissjóðinn, án þess þó, að það fje væri talið eptir eða farið fram á, að greidd væri leiga af upphæðinni. Mjer virðist því miður vel viðeigandi, að kalla nú strang-

lega eptir þessu fje eða heimta leigu af því. Jeg er ekkert á móti því, ef upphæð þessi yrði sjerlega há, að farið væri fram á, að sendur væri hingað upp einhver hluti hennar eða lagður á vöxtu hjá einhverjum banka. En hitt álít jeg ekki rjett eða kurteist að gjöra þær kröfur, að öll innieignin sje gjörð arðberandi. Vjer vitum það, að upphæð þessi er ekki stöðug heldur færist ýmist upp eða niður, eptir því, hvort borgað er á einum tíma meira inn en út við aðalfjehirzluna, og það er einkar hentugt að eiga þar fyrirliggjandi jafnan nokkurt fje, sem hægt er að grípa til, þegar landssjóður þarf á að halda og getur ávísað, þegar byggðar eru brýr eða önnur minnismerki, er landssjóður kostar. Jeg hygg því ekki, að það sje meining yfirskoðunarmanna, að öll upphæðin skuli gjörast arðberandi, heldur að eins einhver hluti hennar, er yfirstígur eitthvert visst takmark, og með þessum skilningi gef jeg tillögunni atkv. mitt.

Sigurður Jensson: Út af ummælum h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) um 6. till. skal jeg taka fram, að sú till. er komin fram frá yfirskoðunarmönnunum. Þeir urðu þess vísir af landsreikningunum 1895, að þá voru í árslok talsverð vanskil á ársgjaldagreiðslum, en í svari landshöfðingja er bent á, að skuldin sje nú ekki eins mikil eins og ætla má eptir landsreikningnum fyrir 1895, án þess þó berlega sje tekið fram og upplýst, hve mikið af skuldunum hafi verið innborgað seinna. Yfirskoðunarmennirnir ljetu sjer því nægja, að minna á ráðgjafabrjef 21. sept. 1894 að farið verði eptir því, og gjörðu eigi aðra till., en að þetta sje til athugunar við yfirskoðun næsta landsreiknings. Það er nefndin í h. Nd., sem búið hefur tillöguna til og komið fram með hana.

Hið annað atriði í ræðu h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) var 7. till. um það, að eign landssjóðs í aðalfjehirzlu ríkisins sje gjörð arðberandi fyrir landssjóðinn. Mjer virðist það í alla staði eðlilegt, þegar upphæð þessi er orðin mjög há, að hún sje gjörð arðberandi. Í lok reikningsársins 1895 mun upphæð þessi hafa numið rúmlega 280 þús. kr. og er það ofhá upphæð til þess að láta hana liggja öldungis arðlausa.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. stafl. samþ. í e. hlj. hver; 4. stafl. samþ. með 10 atkv.; 5. stafl. samþ. í e. hlj.; 6. stafl. samþ. með 9 atkv.; 7. stafl samþ. í e. hlj. Till. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreiddar til landshöfðingja.

Tuttugasti og sjötti fundur, fimmtudag 5. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað (C 217, 291); ein umr.

Framsögum. (Hallgr. Sveinsson): Það þarf ekki að eyða mörgum orðum til að sýna afstöðu þessa máls. Eptir að þessi deild hafði gengið frá frv., gjörði hin h. neðri deild þá litlu breytingu við 4. gr. stafl. B. 2 línu, að bætt væri inn í orðunum: „nema eldtraustur veggur sje á milli; að öðrum kosti“. Þetta ákvæði um, að ákveðið millibil skuli milli húsa eða eldtraustur veggur, til þess að eldsvoða sje ekki eins að óttast, gildir hjer í Rvík, og fyrst ekki þykir fulltryggilegt hjer, nema svona sje gengið frá, er eðlilegt að setja þessa ákvörðun líka fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Þetta er því bót á frv., sem jeg vona að h. deild samþykki, einkanlega þar sem þröngt er á Seyðisfirði og lítið byggingarpláss og því heppilegt, að geta byggt sem mest í samfellu. Nefndin ræður því til, að frv. verði samþ. með breytingu neðri deildar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning

þeirra á opinberan spítala (C 198, 293); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Hallgr. Sveinsson): H. þingd. hefur nefndarálitið liggjandi fyrir sjer og fær sjeð af því, að nefndin hefnr yfir höfuð getað fallizt á ákvæði frv.

Eins og kunnugt er, er frv. þetta komið frá stjórninni og hefur tekið upp aptur flest þau ákvæði, sem voru í frv. því, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1895, en sem þingið breytti og gaf allt annað form. Þetta frv. þingsins taldi stjórnin svo takmarkað og ófullnægjandi, að hún hafnaði því. Nú hefur stjórnin tekið þetta frv. upp aptur og aukið það eptir tillögum Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar, er sendur var til Noregs næstliðið sumar til að kynna sjer fyrirkomulag holdsveikisspítala þar í landi. 4 fyrstu greinarnar, sem eru viðbót við frv. frá 1895, teknar upp eptir tillögum nefnds læknis, álítur nefndin góðar og hagfelldar. Þá kemur breytingarákvæði Nd. í 10. gr. um, að allur kostnaður við flutning hinna holdsveiku á spítalann og dvöl þeirra þar skuli greiðast úr landssjóði. Tilgangur þessarar breyt. er, að gjöra mönnum sem hægast fyrir að nota spítalann, því æskilegt er, að spítalinn verði notaður sem mest, verði notaður bæði af þeim, sem ekki geta fengið nægilega hjúkrun á heimili sínu, og af þeim, sem hættulegt er að umgangast vegna sóttnæmis. En þegar nú spítalinn verður gefinn landinu, til líknar og hjúkrunar hinum holdsveiku mönnum, sem eiga svo þungum kjörum að sæta, og þegar landssjóður vitanlega verður að leggja árlega töluverðan kostnað fram til þarfa spítalans, þá er það líka æskilegt, að hann komi að sem mestum tilætluðum notum, og þar til heyrir fyrst og fremst, að svo margir sjúklingar fái þar hjúkrun, sem rúmið leyfir. Þess vegna er það rjett hugsun, að gjöra spítalann sem aðgengilegastan hinum holdsveiku. Yfir höfuð álítur nefndin frv. þetta heppilegt og fellst á það með að eins fáum breytingum, sem að mestu leyti eru orðabreytingar eða til að taka sum ákvæði skýrar og skipulegar fram, en gjört var í frv.

Af því þetta er framhald 1. umr. má ekki fara nánar út í einstök atriði málsins. Jeg skal ekki fjölyrða frekar, en að eins biðja menn að láta málið hiklaust ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (C 294); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Jeg stend að eins upp til að geta þess, að misprentazt hefur í 4. gr. Orðin „. . . í gagnfræðadeild lærða skólans í Reykjavík og . . .“, sem áttu að falla burt, standa þar enn. Aptur hefur „í“ fallið burt í sömu grein á eptir Reykjavík, og verður því að bætast inn í. Jeg bið skrifara deildarinnar að athuga þetta.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 : 1 atkv.

Till. til þingsályktunar um frímerki (C 289); hvernig ræða skuli.

Þorleifur Jónsson: Jeg sting upp á, að till. verði rædd í einni umr.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Tuttugasti og sjöundi fundur, föstudag 6. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi (C 216, 280); 2. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Við frh. 1. umr. samþ. h. þingd., að vísa þessu frv. ásamt frv. því, er fer næst á eptir á dagskránni, til 2. umr. Eins og nefndarálitið ber með sjer, ræður nefndin

h. þingd. til að samþykkja þetta frv. og hefur hún enga efnisbreyt. við það gjört, en að eins þá formbreyt., að þetta frv. og næsta frv. á dagskránni sje sett saman í eina heild þannig, að greinunum í hinu næsta frv. verði bætt aptan við frv. það, sem hjer liggur nú fyrir.

Jeg bið hæstv. forseta, að taka tillit til þessa við atkv.gr.

Jeg hef svo ekki meira um þetta frv. að segja.

ATKVÆÐAGR: Frv. (C 216) samþ. í e. hlj; 1. breyt. (C 280) o 1. gr. 142 samþ. í e. hlj.; 2. breyt. (C 280) o 2. gr. 142 samþ. í e. hlj; 3. breyt. (C 280) o 3. gr. 142 samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1889 (C 142, 280); 2. umr.

Frv. þetta var ekki lengur til sem sjerstakt frv. samkvæmt atkv.gr. við næsta mál á undan.

Frv. til laga um viðauka við lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C 279); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: Af því að jeg gef frv. þessu atkv. mitt, álít jeg mjer skylt, að gjöra grein fyrir, hvernig á því stendur. Mjer virðist þetta frv. bera vott um raunalegt ástand í kirkjunni, þegar þess er gætt, af hvaða ástæðum það er, að slíkt frv. sem þetta kemur fram á alþingi. Ástæðan til þess er sú, eptir því sem skýrt hefur verið frá, að prestur nokkur í þjóðkirkjunni íslenzku, þar sem fríkirkjusöfnuður hefur myndazt, hefur neitað fríkirkjusöfnuðinum um að gjöra prestsverk fyrir hann. Þess ber nú vel að gæta, að fríkirkjusöfnuðurinn er prestslaus, frá því að hann myndast og þangað til hann hefur fengið löggiltan prest handa sjer, en allan þennan tíma á söfnuður þessi eða einstakir meðlimir hans að borga til prests þess, er hann ætlar að skilja við, og til kirkjusafnaðarins öll venjuleg gjöld, eins og þjóðkirkjumenn. Jeg hefði eigi ímyndað mjer það, að nokkur prestur þjóðkirkjunnar mundi neita nokkrum manni, sem innir af hendi til hans öll lögboðin prestsgjöld, um venjuleg prestsverk. Jeg hefði ekki hugsað mjer, að nokkur maður mundi gjöra slíkt, sízt nokkur prestur, að neita t. d. að þjónusta mann, er lægi á banasænginni, eða skíra dauðveikt barn, eða jarða lík. Jeg get varla hugsað mjer neitt, sem er óprestslegra, en að neita slíkum bænum. Jeg get ekki skilið, að þetta sje meðal til að hæna menn að þjóðkirkjunni, eða að hamla því, að menn snúi við henni bakinu; jeg hygg, að sú aðferð muni líklegri til þess að æsa menn á móti þjóðkirkjunni og að flæma menn frá henni, því að þetta sjá fleiri en þiggja eiga.

Það hefur verið skýrt svo frá, að þessi prestur, sem hjer á hlut að máli, hafi sagt, að sjer hafi verið bannað, að framkvæma prestsverk fyrir utanþjóðkirkjumennina. Og sje það satt, að honum hafi verið bannað það, sem jeg get ekki trúað, hlýtur það að vera kirkjustjórnin, sem þetta hefur bannað. Og þá vil jeg segja, að kirkjustjórn vor sje komin í óefni, ef hún skuldbindur flokk manna til að greiða vissum presti öll lögboðin prestsgjöld í lengri tíma, en bannar þó prestinum að inna af hendi prestsverk fyrir þennan sama flokk manna. Jeg veit eigi, með hverju er hægt að sundra þjóðkirkjunni, ef það er ekki með þessu. Jeg hafði ímyndað mjer, að prestar væru lögskyldir til að inna af hendi öll venjuleg prestsverk fyrir utanþjóðkirkjusöfnuð, þangað til hann er seztur á laggirnar og hefur fengið löggiltan prest, því til hvers annars eiga þessir menn að gjalda prestinum, en að þeir fái hjá honum prestsþjónustu, ef þeir vilja. En sje svo, að prestur geti að lögum neitað þeim mönnum um, að

jarða lík þeirra, þjónusta sjúklinga þeirra, skíra börn þeirra o. s. frv., þá vil jeg, að þeir sjeu skyldaðir með lögum til að gjöra það. Jeg vil ekki að það geti komið fyrir optar, að nokkrum söfnuði sje meinað það, að geta fengið prest til að gjöra þau verk fyrir sig, sem hann óskar.

Mjer hefur skilizt svo á h. flutningsm. (G. V.) þessa frv., að hann ætli sjer að koma með til 3. umr. breyt.till. í þá átt, að frv. skuli að eins ná til þeirra, er myndað hafa fríkirkjusöfnuð, og álít jeg það rjett, því að ekki þarf að búast við því, að einstakir menn, er segja sig úr þjóðkirkjunni og í engan söfnuð ætla, muni kæra sig um að nota þann rjett, sem frv. veitir; en þar sem um heilan söfnuð er að ræða, sem ætlar að fá sjer prest, er öðru máli að gegna; þar er fengin vissa fyrir, að sá söfnuður sje kristinn söfnuður, eins og vjer þjóðkirkjumenn, og jeg get ekki fellt mig við, að slíkur söfnuður skuli vera með öllu prestslaus lengri eða skemmri tíma. En sú aðferð, að neita mönnum um þjónustu sína í slíkum tilfellum, en taka þó af þeim gjöldin, hygg jeg vera eigi að eins mjög óhyggilega, heldur ómannúðlega, óprestslega og jafnvel ókristilega. Jeg hygg, að það muni vera greiðari vegur til samkomulags milli prests og slíks safnaðar, að gjöra fyrir söfnuðinn þau verk, sem nauðsyn krefur og hann óskar eptir, og má þá nota slík tækifæri til að tala sig saman og jafna ágreininginn. En sá maður, sem kominn er með lík að grafarbakkanum, en fær það ekki grafið á kristilegan hátt, nema hann sje neyddur til að ganga aptur inn í þjóðkirkjuna, hann mun varla verða hollur og uppbyggilegur safnaðarmeðlimur hennar. Og að þetta hefur komið fyrir og geti komið fyrir í þjóðkirkju vorri, það særir tilfinningar mínar. Jeg hika því ekki við að gefa 1. gr. frv. þessa atkv. mitt.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg get ekki neitað því, að mig furðar mjög á ræðu h. 6. kgk. (Þ. B.). Jeg fæ ekki betur sjeð, en að hjá honum sje hinn sami hugsunarháttur sem hjá öðrum meðmælendum frumv., sá hugsunarháttur, að sá flokkur manna, sem gengur út úr þjóðkirkjunni og út úr vissum söfnuði, hann hafi enga sök, ef eitthvað þykir að, en öll sökin sje hjá prestinum, sem sjer hópinn fara út úr söfnuði sínum. Hann skal bara vera prestur þeirra einstöku sinnum, þegar þeim þóknast að óska eptir því. — Jeg held ekki, að það sje eðlilegt ástand, að þeir, sem hafa sagt sig úr einum fjelagsskap, skuli þó eiga að halda sömu rjettindum sem fjelagsmenn.

H. 6. kgk. (Þ. B.) sagði, að þetta frv. bæri vott um raunalegt ástand. Jeg held að það raunalega sje einmitt það, að slíkir menn skuli ekki hafa þá hina sömu skyldu sem aðrir menn, að sjá fótum sínum forráð og taka eðlilegum afleiðingum af ráðstöfunum sínum. Jeg skil ekki, hvernig menn geta hugsað sjer það ástand, að allt verði leyst í sundur, en allt skuli þó vera eins og áður var. Það er ekki prestsins skuld, að menn fara úr söfnuðinum, ef hann hefur ekki gefið neitt tilefni til þess. Ef jeg er sóknarprestur og einhver maður úr söfnuðinum kemur til mín og segir: „Nú eru margir úr söfnuðinum búnir að segja sig úr þjóðkirkjunni". „Jæja", segi jeg, „við það er ekkert að gjöra; þeir ráða því sjálfir". En á jeg þá að láta svo sem þeir hafi aldrei farið og gjöra öll prestsverk fyrir þá eptir sem áður? Jeg segi nei. Þeir vita sjálfir, hvað þeir hafa gjört og undir hvaða lögum þeir eiga að búa, eptir því ástandi, sem þeir hafa sjálfir komið sjer í. Jeg fæ ómögulega skilið, hvernig kirkjustjórnin gæti skoðað þá menn, sem hafa sagt sig út úr öllum fjelagsskap við hana, bæði sem heyrandi til fjelagsskapar þjóðkirkjunnar og ekki heyrandi til hans. Að einn maður geti bæði verið innan þjóðkirkjunnar og utan

hennar, það fær mitt höfuð ekki gripið.

H. 6. kgk. (Þ. B.) talaði um ómannúðlegar, óprestlegar og ókristilegar fyrirskipanir þær, að þjóðkirkjuprestur skyldi ekki eiga að inna af hendi embættisverk fyrir utanþjóðkirkjumann, hve nær sem slíkum manni þóknaðist að heimta það. Jeg skal játa það, að jeg hef sagt við einn þjóðkirkjuprest, sem þannig hefur staðið á fyrir, að um það skuli lög ráða; einkis rjetti skuli hallað eða þröngvað, hvorki þeirra sem út úr söfnuðinnm hafa gengið nje þjóðkirkjuprestsins. Jeg fæ eigi betur sjeð en að landsins lög eigi að gilda jafnt fyrir báða hlutaðeigendur. Jeg fæ eigi það skilið, að einn maður geti bæði verið utan þjóðkirkjunnar og heyra undir þau lög, sem þar til heyra, og einnig innan þjóðkirkjunnar og hafa öll þau rjettindi, sem þjóðkirkjan veitir. Og það finnst mjer mjög óviðfeldið, að þjóðkirkjuprestur skuli eigi meiga greina á milli og vita það, hverjum mönnum hann er skyldugur að veita þjónustu sína, og hverjum ekki. Að hann eigi að vera skyldugur til, að hlaupa eptir geðþótta einhverra manna, sem hafa sagt sig úr öllum fjelagsskap við hann og ekkert vilja við hann hafa að sýsla, — bara þegar þeim þóknast og býður svo við að horfa — það skil jeg ekki. Það virðist mjer ekkert jafnrjetti. Og að það sje „raunalegt ástand“ að það skuli ekki vera, það kemst ekki inn í mitt höfuð. Að þjóðkirkjuprestur breyti ómannlega, óprestlega og ókristilega, þótt hann láti ekki þá menn, sem hafa algjörlega sagt sig úr öllum fjelagsskap við hann, snúa sjer í kringum sig, eins og þeim býður við að horfa — það fæ jeg ekki skilið. Jeg bið mig frítekinn frá þess konar röksemdaleiðslu. H. 6. kgk. þm. (Þ. B. talaði um, hvort kirkjustjórnin hefði bannað presti, að gjöra prestsverk fyrir utanþjóðkirkjusöfnuð, en það er alls ekki svo. Kirkjustjórnin hefur að eins svarað þeirri fyrirspurn frá presti neitandi, hvort hann sje skyldugur til, að inna af hendi prestsverk fyrir þá menn, sem hafa sagt sig út úr söfnuði hans, og þar með lýst því yfir, að þeir vilji ekkert við hann eiga. Og það verð jeg að skoða sem óeðlilegt, að skylda prest til í slíkum tilfellum að standa boðinn og búinn til þjónustu fyrir slíka menn, eins og frv. þetta gjörir. Hjer er ekkert takmark tímans, hvort það varir 2 mánuði eða 20 ár, hvort í hlut eigi margir eða fáir, einstakir menn eða flokkur manna; allt er hjer óákveðið. Jeg heyri um það talað, að það eigi að koma með skýrari ákvæði við frv., en eins og málið liggur nú fyrir, er það í slíku óefni, að jeg skil ekki, hvernig þingið getur samþykkt það.

Þorkell Bjarnason: H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) talaði um, að prestar þjóðkirkjunnar ættn engan rjett að hafa eptir frv. þessu. Jeg hygg þó, að þeir sjeu ekki sviptir öllum rjetti, þar sem þeir hafa öll gjöld frá utanþjóðkirkjumönnum allan þann tíma, sem þeir hafa ekki fengið lögskipaðan prest. Þetta finnst mjer ekki vera lítill rjettur. Það er engin ástæða til að ætla, að heill utanþjóðkirkjusöfnuður myndist, nema það sje af einhverjum ástæðum, sem honum finnast gildar. Og úr því að slíkur söfnuður myndast, vil jeg að hann sje skoðaður eins og kristnir menn. Jeg veit ekki til, að þjóðkirkjuprestar láti sjer detta það í hug, að neita kaþólskum mönnum um það að jarðsetja fyrir þá lík; og er það þá ekki ómannúðlegt, óprestlegt og jafnvel ókristilegt að vilja ekki gjöra slík prestsverk fyrir þá menn, sem sömu trú hafa og vjer sjálfir. Frá mínu sjónarmiði er það svo. Mjer finnst það vera í alla staði óeðlilegt, að þeir menn, þó utan þjóðkirkjunnar sjeu, skuli engan rjett hafa til prestsþjónustu af þeim presti, sem þeir greiða öll prestsgjöld.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) neitaði því, að kirkjustjórnin hefði bannað þjóðkirkju-

presti að gjöra prestsverk fyrir utanþjóðkirkjumenn; hún hefði að eins svarað neitandi fyrirspurn um það, hvort hann væri að lögum skyldugur til að gjöra prestsverk fyrir þá. Þetta er allt annað en að banna þjóðkirkjupresti prestsverk fyrir þá; þetta er lagaskýring, og lagaskýringar eru yfirvöld skyldug til að gefa eptir sínum skilningi. En það get jeg ekki skilið, að það kasti neinum skugga á þjóðkirkjuna, þótt prestur hennar gjöri embættisverk fyrir utanþjóðkirkjumann, þegar hann kemur og biður um það og einkis þriðja manns rjettur er á nokkurn hátt skertur og verkið kemur ekki í bága við trúarskoðun prestsins. Mjer dettur ekki í hug að mæla því bót, að menn gangi út úr þjóðkirkjunni og myndi sjerstakan söfnuð, allra sízt ef það er ekki af trúarlegum ástæðum. Jeg skoða það sem böl. En úr því slíkur söfnuður myndast, vil jeg að hann geti fengið rjett til þess að fá nauðsynleg prestsverk unnin af presti þeim, sem hann greiðir öll lögboðin prestsgjöld; á því á hann að minni ætlun tilkall, þangað til gjaldskylda hans til prestsins er fallin.

Sigurður Jensson: Við 1. umr. gaf jeg hvorki atkv. með nje móti þessu frv. Ástæðan var sú, að jeg þekki ekki dæmi þess, að þörf sje á lögum um þetta efni og hafði því ekki fasta skoðun á málinu. En eptir að hafa heyrt ástæður þær með og móti frv. finnst mjer það ekki komið fram alveg að ástæðulausu. Um 1. gr. er jeg samþykkur h. 6. kgk. þm. (Þ. B.). Jeg get ekki betur sjeð, en að þessir utanþjóðkirkjumenn, sem enn þá borga öll gjöld, hafi nokkurn rjett til prestsins. Með lögum um utanþjóðkirkjumenn er mönnum gefið leyfi til að segja sig úr þjóðkirkjunni af hvaða ástæðu sem er, hvort sem það er óánægja með prestinn eða mismunandi trúarskoðanir, en meðan hinn nýji söfnuður ekki hefur fengið sjer annan prest eða forstöðumann, sem hefur konunglega veitingu, verður hver meðlimur hans að gjalda öll gjöld til þjóðkirkjuprestsins og kirkjunnar. Meðan presturinn heimtir tekjur af þessum mönnum, finnst mjer ekki rjett af honum að neita þeim um alla þjónustu, og jeg er h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) samdóma í því, að það sje bæði óhyggilegt og ókristilegt fyrir prestinn að neita að gjöra prestsverk fyrir þessa menn, þegar þeim liggur á. Miklu hyggilegra fyrir prestinn mundi vera að koma til þessara manna, þegar þeir óska þess, tala við þá og reyna með góðu að vinna þá aptur fyrir þjóðkirkjuna. Ef presturinn tekur við gjöldum, því á hann þá ekki að finna sjer skylt að gjöra eitthvað fyrir þessa menn? Og að ætla sjer að nota vandræði þeirra og neyða þá til að ganga í þjóðkirkjuna, ef þeir vilja fá barn sitt skírt eða einhvern af sínum jarðaðan, það finnst mjer óhyggilegt og ókristilegt. Jeg hef heyrt á umræðunum, að þetta frv. er komið fram vegna ósamkomulags í einum söfnuði. Það er mjög óheppilegt, að þurfa að búa til lög fyrir allt land, og það lög, sem grípa mikið inn í fyrirkomulag kirkjunnar, vegna ólagsins í einum söfnuði og ósamkomulags milli prests og safnaðar. Jeg skal ekki dæma um það, hvort ósamkomulagið er prestinum eða söfnuðinum að kenna, en jeg hygg, að það megi heimfæra þar til málsháttinn, að sjaldan veldur einn, þegar tveir deila, og það verð jeg að segja, að það er óheppilegt, að kirkjustjórnin skuli ekki hafa myndugleika til að gjöra enda á þessu ólagi, þar sem presturinn getur ekki lifað í friði við söfnuð sinn. Jeg álasa ekki kirkjustjórninni fyrir það, þar sem hún hvorki hefur vald til að flytja hann í annað embætti nje til að veita biðlaun, en það er eigi að síður óheppilegt, að þurfa að búa til lög fyrir allt land, vegna þess að einn prestur lifir í ósamkomulagi við sóknarbörn sín.

Hvað viðvíkur 2. gr. í frv., þá er

hún nokkurs konar áframhald af 16. gr. í lögunum um utanþjóðkirkjumenn, þar sem ákveðið er, að þeir skuli vera lausir við öll gjöld, nema fasteignartíund til prests og kirkju, þegar þeir hafa fengið prest, er hefur konunglega staðfestingu; nú er hjer farið einu skrefi lengra og þeir eru líka losaðir við að greiða fasteignartíund. Ef maður á annað borð er með því að losa utanþjóðkirkjumenn við gjaldskyldu, þá álít jeg að fasteignartíundin geti vel fylgt með. En jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að meðan þjóðkirkjufyrirkomulagið helzt hjer á landi þá sje það brot á allri meginreglu, að gefa nokkurn mann lausan við gjaldskyldu til kirkjunnar, og það hlýtur ávallt að leiða til vandræða, svo framarlega sem menn neyta þessa rjettar, sem þeim er gefinn með utanþjóðkirkjulögunum. Þegar landsstjórnin á að sjá um, að hin evangelisk-lúterska kirkja sje styrkt, getur hún það ekki með öðru móti, en að leggja gjöld á þegna þjóðfjelagsins. Ef þessi 16. grein laganna um uatanþjóðkirkjumenn kæmist almennt til framkvæmda og heimildin til að losast við gjaldskyldu til þjóðkirkjunnar væri almennt notuð, mundi það baka landsstjórninni mikla örðugleika og hún gæti ekki haldið uppi hinni evangel.-lút. kirkju nema með því að fá styrk úr landssjóði, því ef $^1/_2$ eða $^2/_3$ í hverjum söfnuði mynduðu utanþjóðkirkjufjelag og væru lausir við öll gjöld til þjóðkirkjunnar, þá væri landsstjórninni eigi að síður skylt að hjálpa þeim partinum, sem eptir væri, til að hafa prest og kirkju og þá væri það ómögulegt nema landssjóður hlypi undir bagga og hjálpaði og á þennan hátt losnuðu utanþjóðkirkjumennirnir þó ekki við gjaldið, þar sem þeir einnig yrðu að borga í landssjóð til þessara útgjalda. Jeg álít þess vegna, að lögin um utanþjóðkirkjumenn sjeu slæmur fleygur, eins og þau eru, og það mundi gjöra ástandið enn verra, ef þetta ákvæði um fasteignartíundina bættist við. Jeg vil nefna t. d. kirkjurnar. Það er nú orðin venja að byggja laglegar kirkjur og flestar eru nú byggðar fyrir lán, sem tekin eru úr opinberum sjóðum og lánið fæst vegna þess að kirkjurnar hafa vissa von á árlegum tekjum til að afborgu lánin og leigur af þeim. En eiga nú kirkjur þessar tekjur með vissu? Nei, engan veginn. Ef utanþjóðkirkjusöfnuður myndast í söfnuðinum, þá getur kirkjan misst mikið af þessum tekjum, eptir núgildandi lögum allar nema fasteignartíundina og eptir þessum lögum allar tekjur. Hver á þá að borga lánið? Afleiðingin af því að losa utanþjóðkirkjumenn undan gjaldskyldu getur orðið sú, að kirkjurnar missi allt lánstraust. Utanþjóðkirkjulögin, eins og þau eru nú, og þá því heldur, ef þessi viðbót kemur til, geta því spillt því, að kirkjubyggingar geti komizt í lag. Jeg segi þetta t. d. um, hvað þessi undanþága frá gjaldskyldu á illa við fyrir þjóðkirkjufyrirkomulagið, eins og það er. Jeg get því ekki verið með 2. gr. þessa frv., þó jeg gefi atkv. með 1. gr. þess.

Flutningsm. (Guttormur Vigfússon): Jeg er h. þm., sem síðast hafa talað, þakklátur fyrir undirtektir þeirra. Mjer dettur heldur ekki í hug að álasa h. 2. kgk. (H. Sv.), þótt hann geti ekki verið með máli þessu og jeg ímynda mjer, að jeg muni ekki snúa honum með frv., þótt jeg hjeldi langa ræðu; skal jeg þess vegna að eins tala örfá orð.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) byrjaði ræðu sína á því að tala um sök og ábyrgð hjá þeim, sem gengju úr þjóðkirkjunni. Jeg get alls ekki álitið það neitt saknæmt að mynda utanþjóðkirkjusöfnuð, þar sem það er heimilað með gildandi lögum, en ábyrgð hvílir auðvitað á þeim, sem slíkt gjöra, eins og hverjum manni, eða fjelagi, sem eitthvað ætlar að aðhafast.

Þá segir sami h. þm., að prestar hefðu engan rjett, ef þetta frv. næði laga-

gildi. Jú, þeir hafa eptir sem áður allan sama rjett og þeir hafa áður haft, en frv. gengur út á það, að rjetturinn verði jafn á báðar hliðar. Frv. fer fram á, að söfnuðurinn, sem hefur sagt sig úr þjóðkirkjunni, hafi rjett til að leita til prestsins, meðan gjaldskyldan hvílir á honum. H. 2. kgk. (H. Sv.) álítur það óhugsandi, að menn úr utanþjóðkirkjusöfnuði vildu nota prest þjóðkirkjunnar. En slíkt getur vel komið fyrir, og það jafnvel þótt ágreiningurinn hefði verið um trúaratriði eða einhverjar „ceremoniur“ kirkjunnar. Eins og nú er, hefur söfnuðurinn að eins skyldur, engin rjettindi, presturinn aptur á móti engar skyldur, að eins rjettindi.

Jeg skil ekki enn þá, hvernig söfnuðirnir eiga að fara að til þess að sjá fótum sínum forráð, eins og h. ræðumaður (H. Sv.) komst að orði, nema skilja megi lögin á annan hátt, en menn hafa gjört hingað til. En slíkan skilning held jeg verði mjög bágt að leggja í lögin. Eptir núverandi skilningi á þessum lögum, gengur það þannig til við myndun utanþjóðkirkjusafnaðar: Menn koma sér fyrst saman um að mynda söfnuð og reglur fyrir hann; svo er prófasti tilkynnt þetta, og þá er söfnuðurinn úr þjóðkirkjunni; nú fyrst getur söfnuðurinn leitast fyrir með að fá staðfestan prest; við skulum ganga út frá því, að söfnuðurinn hafi verið svo hygginn að semja áður við mann um að vera prestur þeirra. Lengra en þetta getur söfnuðuriun ekki gengið í því að sjá fótum sínum forráð, en svo geta liðið 1—2, jafnvel þrjú ár, áður en staðfestingin kemur, hvort sem ástæðan er sú, að umsóknarskjalið, eða bæði umsóknarskjalið og „konvolutten“, vantar eitthvað af þeim kommum og punktum, sem eigá að vera þar eptir „kúnstarinnar reglum“, eða hlutaðeigandi yfirvöld ekki kæra sig um að flýta málinu, kemur fyrir eitt, en að slíkt hafi komið fyrir hefir reynslan sýnt. — En reynslan hefur líka sýnt, að einmitt á þessu tímabili getur margt örðugt og leiðinlegt komið fyrir, og til að koma í veg fyrir þetta leiðinlega og jeg vil segja rangláta, er 1. gr. frv. samin.

Það hefur verið tekið fram, að frv. þetta mundi eiga rót sína að rekja og vera komið fram vegna eins viss safnaðar. Þetta er ekki rjett, þar sem enginn söfnuður er nú án prests eða forstöðumanns. Nei, frv. er komið fram til þess, að nýir söfnuðir, sem kynnu að myndast, ekki þurfi að berjast sömu baráttunni og þeir, sem nú eru til hafa þurft.

Hvað því viðvíkur, að kirkjustjórnin hafi ekki bannað neinum presti að vinna verk fyrir utanþjóðkirkjumenn, þá hlýtur h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) að vera það kunnugra en mjer, en jeg veit að presturinn í Vallanessöfnuði hefur sagt við þá utanþjóðkirkjumenn, sem hafa leitað hans, að hann *mætti ekki* vinna prestsverk fyrir þá. Hvort hann hefur borið fyrir sig skipun frá kirkjustjórninni eða verzlegu yfirvöldunum, er mjer ókunnugt, en hitt þori jeg að láta hann lesa í þingtíðindunum, að hann hafi sagt, að hann *mætti ekki* skíra, jarða eða gjöra önnur prestsverk fyrir utanþjóðkirkjusöfnuðinn. Jeg get skilið að það sje satt, að presturinn hafi ekki leyfi til að neita að gjöra prestsverk í nauðsyn, t. d. skíra dauðveikt barn eða þjónusta mann, sem liggur í andlátinu; en þegar presturinn einu sinni fyrir allt, hefur lýst því yfir, að hann megi ekki gjöra prestsverk fyrir þessa menn, þá er skiljanlegt, að þeir geti ekki fundið út í hvaða tilfelli hann muni hjálpa þeim, og í hvaða tilfellum ekki, og sitja þess vegna heima án þess að leita hans.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að það væri óákveðið, hvað lengi millibilsástandið gæti varað, hvort það varaði 2 mánuði eða 20 ár. Þessu má svara, að ef 20 ár liðu áður en einhver söfnuður fengi sjer prest eða forstöðumann, þá væri

hann annaðhvort alvörulaus eða honum stæði á sama, hvernig allt væri, og slíkur söfnuður myndi aldrei fær að ganga út úr þjóðkirkjunni, heldur vera ánægður þar sem hann er.

Það er einungis til að leiðrjetta dálítinn misskilning hjá h. þm. Barðstr. (Sig. J.), að jeg vil minnast á ástæðurnar til þess, að utanþjóðkirkjusöfnuðurinn í Vallanessókn myndaðist. Mjer fannst h. þm. Barðstr. (Sig. J.) leggja hörð orð til sóknarprestsins, en jeg lýsi því hjer með yfir, að fríkirkjusöfnuðurinn myndaðist ekki af óvild til prestsins, hann var þeim þá ókunnugur, og að fjandskapur hefur aldrei átt sjer stað þeirra í milli, því maðurinn er heiðvirður sem prestur. Það hefur verið minnst á 2 ástæður, sem gætu verið til þess að fríkirkjusöfnuðir mynduðust: óánægja með prestinn, eða mismunandi trúarskoðanir. Hjer var enn ný ástæða: óánægja með kirkjustjórnina, sem þeim fannst hafa beitt sig rangindum.

Viðvíkjandi 2. gr., þá er jeg ekki enn sannfærður um, að ósanngjarnt eða rangt sje að losa utanþjóðkirkjumenn við að gjalda fasteignartíund til prests og kirkju. Að minnsta kosti hvað prestinum viðvíkur, finnst mjer ekki ósanngjarnt að þeir sjeu sviptir þessum tekjum, auðvitað mót því að þeir fái tekjuhallann endurgoldinn úr landssjóði. Með fasteignartíund til kirkna er jeg í meiri vafa, þó jeg viti með vissu, að það var einungis vegna samkomulags, að þingið ekki einnig sleppti fasteignarrjettinum, þegar lögin um utanþjóðkirkjumenn voru samþykkt.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal ekki tala langt, þar sem deildin mun hafa fengið nóg af umræðunum. Mjer virðist h. 6. kgk. (Þ. B.) og h. þm. Barðstr. (S. J.) vera með 1. gr. þessa frumv. af næmri mannúðartilfinningu, og mjer skildist sem þeir köstuðu allri skuld á prestinn, teldu hann sekan, og því ætti að vísa honum út úr kirkjunni og jafnvel úr kristinna manna tölu. Nú veikjast þessar ástæður, þar sem flutningsm. (G. V.) hefur lýst því yfir, að frumv. væri ekki komið fram vegna neins núverandi safnaðar, heldur vegna liðinnar og ef til vill komandi neyðar. Jeg hjelt, að ástæðan væri ástand eins viss safnaðar og hans vegna væri fumv. komið fram, og hefði það verið, hefði jeg viljað spyrja: Var söfnuður þessi nokkurn tíma í neyð? Lýsti söfnuðurinn því ekki yfir, að hann segði sig í fjelag með utanþjóðkirkjusöfnuðinum í Reyðarfirði, og tók sá utanþjóðkirkjuprestur ekki við söfnuðinum? Hafi svo verið, hefur hann aldrei verið prestlaus og því aldrei verið í neinni neyð. En hafi þetta að eins verið yfirskyn og hafi þeir að eins haft Reyðarfjarðarprestinn fyrir prest að nafninu, þá er öðru máli að gegna, og það er ef til vill prestinum og þjóðkirkjunni að kenna!! Jeg veit, að presturinn í Reyðarfirði gaf kost á sjer, og jeg áleit, að samningur milli þessara tveggja parta væri alvara. Hefur söfnuðurinn ekki síðan fengið staðfestan prest eða forstöðumann? Heldur ekki nú er hann þá í neyð.

Þar sem h. 6. kgk. (Þ. B.) og h. þm. Barðstr. (S J.) því voru með 1. gr. frumv. vegna þess, að þeir vildu leysa úr yfirstandandi neyð, þá fellur þessi ástæða burt, þar sem um engan hnút er að ræða. En að fara að gefa lög fyrir komandi tilfelli, mun ekki þörf, því vonandi er, að jafn-vondir menn, sem breyta eins ómannúðlega (!) og ókristilega (!) og presturinn í Vallanesi, sjeu ekki á hverju landshorni, og slíkt ástand og þetta komi því sjaldan fyrir.

Jeg vona því, að löggjafarvaldið fari ekki að hvetja menn með slíkum lögum, til að segja sig úr þjóðkirkjunni fyrir litlar eða engar sakir. Jeg vil að menn skoði þetta sem alvörumál, en gefi ekki út lög sem segja: Hvort sem þið segið ykkur úr þjóðkirkjunni eða eruð í henni

kyrrir, þá hafið þjer sömu rjettindi gagnvart prestinum. — Hversvegna hafa ekki söfnuðirnir gjört fyrirspurn til kirkjustjórnarinnar um hvaða kjör þeir gætu fengið í millibilsástandinu? Flutningsmaður veit þó, að ýmsar slíkar fyrirspurnir hafa verið gjörðar, t. d. af Hólmaprestinum um rjettindi sín og skyldur gagnvart utanþjóðkirkjumönnum. Meðan slíkar fyrirspurnir ekki hafa verið gjörðar, og því ekki komið í ljós, hvort ekki væri gjörlegt að kippa á auðveldan hátt í lag því, sem mönnum hefur þótt að, finnst mjer ekki ástæða til að fara að gefa lög um þetta, því ef lög eru gefin um eins sjerstakt mál og þetta er, þá eru engar skorður framar fyrir því um hvað beiðast megi laga frá alþingi, þar sem allt mögulegt getur komið fyrir.

Hvað viðvikur ummælum flutningsm. (G. V.) um, að presturinn í Vallanesi hafi sagt, að sjer væri skipað að gjöra engin prestsverk fyrir fríkirkjusöfnuðinn þar, þá skal jeg ekki svara því ákveðið nú, heldur athuga það til 3. umr. og þá gefa allar upplýsingar, sem mjer er frekast unnt.

Jón Jónsson: H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) tók fram eitt atriði í ræðu sinni, sem jeg gjarnan vildi minnast lítið eitt á. Hann gaf í skyn, að breytingin á lögunum næði ekki til einstaklinganna, eða til eins eða tveggja manna, er gengju úr söfnuði þjóðkirkjunnar, og hann sagði, að flutningsm. mundi koma fram með breyt.till. í þá átt. Þessari skoðun er jeg algjörlega mótfallinn. Mjer finnst sú skoðun vera sorglegur misskilningur á persónulegu frelsi manna. Ef margir utanþjóðkirkjumenn eiga rjett til þess, að prestar þjóðkirkjunnar inni af hendi prestsverk fyrir þá, meðan þeir eru honum gjaldskyldir, hví skyldu þá ekki einstaklingarnir hafa þennan sama rjett líka? Getur það ekki komið fyrir, að einhver einstaklingur vilji fá þjóðkirkjuprestinn til að inna prestsverk af hendi, áður en hann hefur fengið ráðrúm til að ganga inn í lögbundinn utanþjóðkirkjusöfnuð, og hví skyldi hann ekki alveg eins hafa þennan rjett til þjónustu þjóðkirkjuprestsins, eins og þó fleiri sjeu eða heill söfnuður? Jeg er því alveg á móti þeirri breytingu. Jeg þarf ekki að fjölyrða um þetta atriði frumv. nú, af því að jeg gjörði grein fyrir því við 1. umr. þessa máls, hvers vegna jeg gæfi 1. gr. frv. atkv. mitt Sama er að segja um 2. gr. frv., henni er jeg líka algjörlega samþykkur. Jeg fæ ekki skilið annað, en að því sje alveg eins varið með fasteignartíund eins og lausafjártíund, nfl. að það sje persónulegt gjald. Sönnunin fyrir því er auðsæ, þegar utanþjóðkirkjumaður fer af jörðunni og aptur kemur á hana maður, sem er í þjóðkirkjunni, þá fellur gjaldið aptur til þjóðkirkjunnar. Gjaldið er miðað við tölu þeirra jarðarhundraða, sem bóndinn býr á, en er persónulegt gjald, sem fellur til þess kirkjufjelags, sem maðurinn er í.

H. þm. Barðstr. (S. J.) gat þess, að það væri brot á meginreglunni, að láta ekki öll gjöld til kirknanna renna í landssjóð, af því að landstjórnin væri skyldug til að sjá um, að þjóðkirkjan hefði sæmileg hús til að halda uppi guðsþjónustunni. Það getur vel verið, að svo sje, að þjóðfjelagið finni það skyldu sína. En jeg hef ekki sjeð, að þjóðfjelagið hafi tekið að sjer skyldur þessar fyrir utanþjóðkirkjusöfnuðina; ef svo væri, þá styrkti það hvorttveggja, bæði þjóðkirkjusöfnuðina og utanþjóðkirkjusöfnuðina til að byggja kirkjur. En úr því að fríkirkjusöfnuðirnir verða að spila upp á sínar eigin spítur, bæði að því er snertir laun presta og bygging kirkna, þá er ekki nema eðlilegt og rjett, að þeir sjeu lausir við öll gjöld til þjóðkirkjunnar og presta hennar. Eða hví skyldu þeir ekki vera lausir við þau, úr því þeir ekki hafa þau rjettindi, sem þeim eru samfara? Það hefur mikið verið talað um, hvort lögin um utanþjóðkirkjumenn væru fram komin fyrir einn sjerstakan söfnuð, en þau munu að vísu ekki vera komin fram fyrir þörf

nokkurs safnaðar nú sem stendur. En þau eru fram komin fyrir reynslu eins safnaðar, til að fyrirbyggja, að slíkt hneyksli komi fram í kirkjunni framvegis, að mönnum, sem gjalda til kirkjunnar öll gjöld, sje neitað um prestþjónustu fyrir borgun. Þetta hneyksli hefur orðið eptir því sem upplýst er hjer við umræðurnar engu síður af völdum kirkjustjórnarinnar en prestsins. Hvort það er þjóðkirkjunnar skuld eða fríkirkjumanna, að menn ganga úr þjóðkirkjunni, skal jeg ekkert um segja. Mjer þykir líklegt það sje þar sem optar, að sjaldan valdi einn þegar tveir deila.

En mjer þótti h. 2. kgk. (H. Sv.) fara nokkuð hörðum orðum um þetta, þegar hann sagði, að það væri eingöngu fríkirkjumönnum að kenna. Það þarf ei að líta í hvern krók og kima þjóðkirkjunnar til að sjá, að það eru svo margir skuggablettir á henni, að það er alls ekki að ástæðulausu, þó ýmsir hugsandi menn vilji yfirgefa hana. Jeg vil ekki fara fleirum orðum um þetta atriði, að þessu sinni, því h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) er búinn að tala tvisvar við þessa umr. og má því ei svara mjer. Jeg get gjört það við 3. umr., ef mjer þykir það nauðsynlegt. Jeg vona, að frv. verði látið ganga til 3. umr., svo þess verði kostur.

Flutningsmaður (Gutt. Vigfússon): Jeg vildi leyfa mjer að mæla að eins fáein orð viðvíkjandi fyrirspurn þeirri, sem h. 2. kgk. þm. gjörði. Hann spurði, hvort fríkirkjusöfnuðurinn í Vallanessókn hefði ekki verið búinn að fá sjera Lárus Halldórsson fyrir prest, þegar hann leitaði til þjóðkirkjuprestsins. Þessari spurningu get jeg svarað játandi að nokkru leyti. Fríkirkjusöfnuðurinn í Vallanesi reyndi að vita fótum sínum forráð, svo að hann ekki yrði prestslaus, og þess vegna leitaði hann til sjera Lárusar, til þess að fá hann til að vera prest þeirra, ásamt Reyðfirðinga. En út af þessu þyrfti jeg að fá að vita hjá h. 2. kgk. þm. (H. Sv.), hvort það ekki var álitið alveg ósamrýmilegt, að þessir 2 söfnuðir, Vallanessöfnuðurinn og Reyðarfjarðarsöfnuðurinn gætu haft sama prestinn. Jeg veit ekki betur, en að sjera Lárus yrði neyddur til að neita söfnuðinum um að verða prestur þeirra. Þetta samkomulag náði ekki lengra en eitt missiri, nfl frá því um sumarið 1893 þangað til um vorið 1894

Vallanesfríkirkjusöfnuðurinn er nú búinn að fá sinn prest, það er mikið satt. En það var langt tímabil frá því um vorið 1894 og þangað til um haustið 1896, en svo lengi stóð á, að löggilda prestinn. Þeir urðu því að vera full tvö ár prestslausir. En þótt utanþjóðkirkjusöfnuðurinn í Vallanessókn ekki hafi gjört fyrirspurn til kirkjustjórnarinnar, hvernig hann ætli að haga sjer, þá held jeg, að honum sje vorkunn, því að bændur þekkja ekki út í hörgul hina krókóttu skrifstofuleið, og vilja því helzt vera lausir við að skrifa fleiri brjef en nauðsyn krefur. En forstöðumenn safnaðarins fóru fyrst til prestsins í Vallanesi til að semja við hann um að gjöra prestsverk fyrir þá, jafnvel fyrir meiri borgun en lög ákveða; en svarið var að hann mætti það ekki, en eins og jeg hef áður sagt, þori jeg ekki að staðhæfa, hvort það var kirkjustjórnin eða aðrir yfirboðarar, sem bönnuðu það. Skal jeg svo ekki fjölyrða um frv. þetta, en vona að það verði samþ. af deildinni.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 7 : 3 atkv.; 2. gr. frv. felld með 6 : 5 atkv.; 3. gr. þar með fallin. Fyrirsögnin samþ. með 7 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 7 : 3 atkv.

Frv. til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri (C. 202, 295); frh. 1. umr.

Framsögum. minni hl. (Þorl. Jónsson): Það er alkunnugt, að refir gjöra mikið tjón hjer á landi, og það væri fróðlegt að vita, hve mikið það er. Þeir gjöra ekki

einungis beinan skaða á fje, heldur baka þeir líka sveitasjóðunum kostnað við að eyða þeim. Um þann kostnað geta menn farið nokkuð nærri. Í sumum hreppum er varið á ári 200—300 kr. til að eyða þeim, í sumum aptur nokkuð minna, og í sumum litlu sem engu. En það mun ekki vera of djúpt tekið í árinni þótt talið sje, að menn verji 100 kr. í hverjum hreppi á ári til jafnaðar til að eyða þeim. Nú eru alls 185 hreppar á landinu, og nemur þá þessi kostnaður 18,500 kr.

Jeg hygg ekki, að neinum geti blandazt hugur um, að hið beina tjón, sem tóur gjöra á fje manna, sje miklu meira; setjum að það sje 21,500 kr. á ári, þá verður tjónið um 40 þús. kr. árlega, en jeg held að það sje mikið meira. Þessi upphæð er eptir 25 ár orðin ein milljón, þótt ekki sjeu reiknaðir vextir og vaxtavextir.

Þetta sýnir, að hjer er ekki um neitt lítilfjörlegt mál að ræða; það er ekki að eins hreppsmál, heldur landsmál. Það er þess vegna mikið leggjandi í sölurnar til að gjöreyða refunum. En þegar um það er að ræða, verður að aðgæta, hver árangurinn hefur orðið af lögum 22. marz 1890, sem heimila sýslunefndunum að semja lög um eyðing refa. Sýslunefndirnar hafa nú flestar samið reglugjörðir og falið hreppsnefndunum allar tilraunir til að eyða refunum. En þegar litið er á, hvernig hreppsnefndirnar hafa leyst þetta starf af hendi, þá get jeg sagt af eigin kunnugleik og sögusögn annara, að sumar hreppsnefndir gjöra töluvert í þessu efni, en sumar lítið. Sumar reglugjörðir sýslunefndanna leggja meiri áherzlu á grenjavinningu en eitrun. Flestar hafa ákvæði um hvorttveggja, en fæstar leggja aðaláherzluna á eitrunina, sem þó ætti að vera, því að eina ráðið, sem dugar er eitrunin en ekki grenjavinningin. Það er þess vegna rangt, að leggja ekki aðaláherzluna á eitrunina. Það er einn af aðalgöllum reglugjörðanna og þess fyrirkomulags, sem nú er, og hinir aðalannmarkarnir eru samvinnuleysi og skeytingarleysi hreppsnefndanna. Ein hreppsnefndin gengur röggsamlega fram í eyðingu refanna, hin næsta gjörir lítið og sú þriðja ekkert. Afleiðingin af þessu verður sú, að þær sem ganga röggsamlega fram í því, trjenast upp á því, þegar þær sjá, að nágrannahreppsnefndirnar sýna hirðuleysi. Þær sjá, að það dugar ekki, þó þær sýni af sjer röggsemi, þegar hinar ekki gjöra það líka. Það kemur líka opt fyrir, að hreppsnefndirnar vantar eitur; hjeraðslæknirinn hefur það ekki til; svo verður að skrifa eptir því til næsta apótekara, og getur svo liðið langur tími, opt svo að mánuðum skiptir, þangað til þær geta fengið eitrið. Árangurinn af öllu þessu káki, eins og það er nú, verður enginn, því að sumstaðar fækka refirnir, en á öðrum stöðum fjölga þeir, og það má fullyrða, að yfirleitt sjeu þeir eins margir nú á öllu landinu, eins og þeir voru fyrir 10—20 árum.

En af því að þeir gjöra svo mikið tjón, og svo miklu fje er varið árangurslaust til að reyna að eyða þeim, þá er auðsætt, að þeirri tilhögun á refaeyðingu, sem nú er viðhöfð, er mjög ábótavant. og menn verða eitthvað að gjöra annað og meira en nú er gjört. Það dugar ekki að láta við svo búið standa. Hið eina rjetta er efalaust að eitra rækilega. En það er ekki gjört og ekki einu sinni lögskipað, heldur er sýslunefndunum með lögum 22. marz 1890 í sjálfs vald sett, hvaða ráð þær viðhafi til að eyða refum; þær eru ekki skyldar til að fyrirskipa eitrun fremur en annað. Það er því auðsætt, að það verður að lögskipa eitranir um allt land, og koma á samræmi og samkvæmni í því á öllu landinu, eins og þetta frumv. fer fram á. Jeg er því ekki í neinum vafa um, að það yrði góð rjettarbót, ef frumv. þetta yrði að lögum.

H. meiri hluti hefur ekki getað orðið á minni skoðun. Hann hefur samið ítar-

legt nefndarálit og líklega tínt til allar ástæður, sem hann hefur getað í móti frv. Fyrsta ástæða hans móti frumv. er sú, að það sje svo mismunandi ástatt hjer á landi, að því er snertir landshætti, staðhætti, veðráttufar o. fl., að ekki sje hægt að hafa sömu lögin alsstaðar.

Jeg fæ ekki skilið, hvaða sjerstakir landshættir það eru, sem gjöra það að verkum, að eitrun eigi ekki við alstaðar á landinu. Jeg vil biðja h. meiri hluta um upplýsingar í þessu atriði. Næsta á stæða meiri hlutans móti frv. er sú, að sum ákvæði þess geti komið í bága við þetta sjerstaka ástand landsins. Hver eru þau ákvæði?

Þriðja ástæðan er sú, að það sje ekki líklegt, að sýslunefndirnar vanræki almennt skyldu þá, sem á þeim hvílir með eptirlit með því, að hinum lögskipuðu reglugjörðum þeirra sje tilhlýðilega framfylgt. Hvaða eptirlit? Jeg vil segja, að það sje varla nokkur reglugjörð, sem leggur sýslunefndunum á herðar, að hafa þetta eptirlit. Það stendur í flestum reglugjörðunum, að með mál út af brotum gegn þeim, skuli farið með sem almenn lögreglumál. Það er sýslumaðurinn, sem verður að vaka yfir því, að reglugjörðunum sje hlýtt, en alls ekki sýslunefndin. Sje kært yfir brotum gegn reglugjörðunum, verður sýslumaðurinn að rannsaka það mál og höfða opinbert mál á móti þeim, sem brotið hefur, ef honum virðist ástæða til. En komi slíkar kærur fyrir sýslunefnd, vísar hún þeim frá sjer. Þessi ástæða móti frv. hefur því ekkert að segja. Síðan segir h. meiri hluti, að hann verði að ætla, að hreppsnefndunum sje þetta hið mesta alvöru- og áhugamál, að ganga sem bezt fram í að eyða refunum. En í þessu efni vil jeg leyfa mjer að skírskota til reynslunnar. Hún sýnir, að margar hreppsnefndir trassa það, sem þeim er falið á hendur í reglugjörðunum, og að þær ganga ekki röggsamlega fram í að framfylgja ákvæðum þeirra. Það dugar því ekki, að þessu fari þannig fram hjer eptir. H. meiri hluti minnist líka á, að ákvæði frv. um að sýslunefndirnar skipi 2—4 menn í hverri sýslu til að eitra, mundi leiða af sjer stórkostlegan kostnað fyrir sýslusjóðina. Það getur vel verið, að hann yrði ef til vill nokkuð meiri; en hann yrði líklega ekki meiri en hann ætti að vera, ef hreppsnefndirnar gjörðu þær tilraunir, sem þyrfti til að eyða refunum. Eins og fyrirkomulagið er nú, eru menn látnir eitra í hverri sveit. Kostnaðurinn verður ekki meiri við sjálfa eitrunina, þótt þeir menn, sem talað er um í frv. sjeu látnir framkvæma eitrunina. Það er að eins ferðakostnaður til þeirra milli hreppanna, sem við bættist, ekkert meira. Þá talar h. meiri hluti um, að starfi eitrunarmannanna verði í mörgum sýslum landsins mjög erfiður og ósanngjörn kvöð fyrir jafnlitla borgun, og að þeir muni ekki verða viljugir til þessa starfa. Menn verða opt að taka að sjer störf, sem eru erfið og þeim eru óljúf, svo sem hreppsnefndarstörf o. fl., svo að þetta er heldur ekki nein ástæða móti frv. Þá segir h. meiri hluti ennfremur, að sýslunefndin eigi óhægra með að hafa eptirlit með þessum mönnum en með hreppsnefndunum. Mjer er ómögulegt að skilja, að það sje erfiðara fyrir sýslunefndina að hafa eptirlit með 2—4 mönnum, en með mörgum hreppsnefndum, t. d. 10 eða þá öllum hreppsnefndarmönnum í sýslunni, ef annars þetta eptirlit er annað en ímyndun.

Síðasta ástæða h. meiri hluta móti frv. er sú, að 9 sýslunefndir hafi verið því mótfallnar, en 8 með því, en hinar engar tillögur látið uppi. Jeg hef gengið nákvæmlega gegnum tillögur sýslunefndanna um þetta mál og sjeð, að það er að vísu satt, að 8 sýslunefndir hafa lagt það til, að ný lög verði samin um þetta mál, en af hinum 9, sem nokkuð hafa sagt um þetta, hafa 5 verið á móti nýjum lögum, 4 af

þeim hafa stýlað þannig álit sín, að ætla mætti, að þær gætu alveg eins verið með þessu frv. eins og móti. Í sambandi við þetta skal jeg leyfa mjer að geta þess, að hjer í deildinni er einn maður úr sýslunefnd, sem ekki álítur nauðsyn á nýjum lögum; hefur hann sagt mjer, að sýslunefnd þessi hafi komið með þetta álit, einkum af því, að hún sá ekki að hægt væri, að gjöra meira en gjört er nú til eyðingar refanna. En ef sýslunefndin hefði haft fyrir sjer þetta frv., gæti vel verið, að hún hefði orðið með því. Sama má ef til vill segja um hinar sýslunefndirnar. Þeim hefur ekki dottið þetta ráð í hug, en þær, sem datt það í hug, voru þessum ákvæðum meðmæltar. Jeg er óviss í, að þær hefðu verið á móti þessu frv., ef þær hefðu átt að greiða atkvæði um það.

Það er að eins eitt atriði í þessu frv., sem jeg vildi hafa öðruvísi, nfl. að kostnaðurinn við eitrunarmennina sje borgaður af landssjóði. Þetta tjón, sem refirnir valda, er mál, sem snertir allt landið og þess vegna ekki nema eðlilegt, að landssjóður borgi þennan kostnað. Það mætti búast við betri árangri með þessu fyrirkomulagi, því að það er nauðsynlegt, að ganga milli bols og höfuðs á tóunum og gjöreyða þeim. Mjer finnst, að það hljóti að draga úr framkvæmdunum, að sveitarstjórnirnar eiga að borga þennan kostnað, og sje jeg því ekkert á móti því, að landssjóður borgi hann. En jeg hef ekki viljað koma með breyt.till. í þá átt, af því að það fjekkst ekki einu sinni fylgi fyrir því í Nd., að eitrið yrði borgað úr landssjóði.

Jeg finn ekki ástæðu til að tala meira um þetta frv. að sinni, og þarf líklega ekki að taka aptur til máls, af því að jeg ímynda mjer, að h. meiri hluti muni ekki hafa aðrar ástæður en þær, sem eru í nefndarálitinu, en þeim hef jeg nú svarað, og ef hann talar um málið, þá hygg jeg, að hann muni ekki gjöra annað en lesa upp nefndarálitið.

Framsögum. meiri hl. (Sig. Stefánsson): Það fer fjarri því, að mjer sje þetta mjög mikið kappsmál, eða að mjer detti í hug, að halda eins langa ræðu og þm. Húnv. (Þ. J.), eða fara að lesa upp nefndarálitið, heldur ætla jeg að svara að eins nokkrum ummælum h. framsögum. minni hl. (Þ. J.). Hann sagði, að kostnaður við eyðing refa mundi nema 100 kr. í hverjum hrepp að meðaltali. En sje þetta rjett, þá virðist það einmitt benda á, að töluverð gangskör sje gjörð að því, að eyða refum. Þar sem h. þm. sagði, að enginn árangur yrði af þessum kostnaði, þá vil jeg spyrja hann, hvort hann þekki yfir höfuð svo vel til víðsvegar um land, að hann geti nokkuð fullyrt um það; þó hann kunni að þekkja til í 3—4 hreppum rjett í kringum sig, þá er það of lítið svæði til að byggja á því ályktun fyrir allt landið, og þó eitthvað kunni að farast þar óhönduglega í þessu efni, er það alls engin sönnun fyrir því, að svo sje annarstaðar. Að því sem mjer er kunnugt, hefur árangur af fje því, sem kostað er til eyðingar refa víða orðið mjög mikill. Hann spurði, hvernig hreppsnefndir leystu eyðing refa af hendi, og svaraði sjer sjálfum því, að þær leystu hana illa af hendi. Þetta á h. þm. eptir að sanna, og það getur hann að eins með því að sanna, að refum hafi fjölgað síðan lögin um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda komu út, en það á hann eptir að gjöra, svo sem ef hann gæti sagt mjer, að þegar lög þessi öðluðust gildi, hafi refir verið alls 10,000, en nú sjeu þeir orðnir 5000 fleiri eða 15000, en það mun hvorki hann nje aðrir geta sannað; en væri hægt að sanna, að refum hefði fjölgað á þessu tímabili, væri fyrst hægt að segja, að hreppsnefndirnar hefðu vanrækt skyldu sína.

Sami h. þm. sagði, að eitranir væru eina ráðið til eyðingar refum. Bæði jeg og aðrir þekkjum önnur ráð, svo sem skot og grenjavinningar. Mörgum hjeruðum er

þannig varið, að eitrun dugar ekki eingöngu, heldur verður að nota önnur ráð jöfnum höndum, leita grenja á vorin, ná yrðlingunum og skjóta fullorðnu dýrin bæði vor og vetur. Þannig þekki jeg til í minni sveit, að 2 menn skutu 13 tóur í 2 nætur, og þó eru eitranir framkvæmdar þar, þegar því verður við komið. Það er heldur ekki hægt, að hafa eina undantekningarlausa reglu við eyðing refa um land allt, því hún mundi reka sig á sjerstaka staðhætti, veðráttufar o. fl. í hinum ýmsu hjeruðum, svo sumstaðar yrði eitrun ekki framkvæmd, eða kæmi að engum notum. Hef jeg reynslu fyrir mjer í þessu efni, þar sem jeg hef verið 12 ár í hreppsnefnd, og hafa stundum þeir vetrar komið, að eitranir hafa reynzt allsendis ómögulegar, því tóan hefur ekki snert agnið. Er þar landslagi svo háttað, að hún gengur niður að sjó og drepur fugla, og reynist þar því opt heppilegra, að vinna tóur með skotum og grenjavinningum. Þess vegna álít jeg mjög óheppilegt, að skylda menn til að eitra undantekningarlaust, því það mundi sumstaðar verða árangurslaust, og er meiri hluti nefndarinnar því sannfærður um, að frv. þetta mundi ekki eiga við alstaðar á landinu, og væri því óheppilegt, að gjöra það að lögum og beita svo sektum, ef því yrði ekki framfylgt.

Það er ekki rjett, að segja, að enginn árangur sje af framkvæmdum hreppsnefnda í að eyða refum, þótt einstaka hreppsnefndir kunni að vanrækja starfa þann, sem þeim er á hendur falinn í þessu efni með núgildandi lögum. Það sem einkum mun vaka fyrir h. minni hluta er hirðuleysi einstakra hreppsnefnda. En er rjett, að semja fyrir það ný lög, þó einstakir menn hlýði ekki hinum gildandi lögum? Mundi það og sýna sig í framkvæmdinni, að ekki væri síður hægt, að vanrækja eyðing refa, þótt þetta frv. yrði að lögum, heldur en nú á sjer stað, og jeg álít, að það mundi beinlínis freista manna til meira hirðuleysis.

Eptir þessu frv. eiga 2—4 menn að fara um alla sýsluna með eiturbirgðir sínar og eitra líklega í hverjum hreppi. Sje sýslan stór, skipta þeir henni í 4 eitrunarumdæmi, ferðast þangað, sem eitra á, útvega það, sem eitra skal, og koma því fyrir á hinum ákveðnu stöðum, og síðan eiga þeir að ganga á þessa staði og sjá árangurinn eða leita uppi refabelgina. — Þetta allt eiga 2—4 menn að gjöra. Þetta er auðsjáanlega mjög mikið og erfitt verk fyrir svo fáa menn. Að sönnu eiga hreppsnefndirnar að leiðbeina þeim með, hvar tóunnar sje að vænta. En jeg get hugsað mjer, að sumir hreppsnefndarmenn mundu segja: „Það þarf ekki að eitra hjer, því hjer eru engir refir“, og þannig yrði hlaupið yfir eitranir á sumum stöðum. Jeg veit, að góðar og skylduræknar hreppsnefndir mundu ekki gjöra slíkt, en hætt er við, að þeim yrði það á, sem vanrækja nú sem stendur skyldu sína, og þær eru ærið margar eptir því, sem framsögum. minni hl. segir.

H. sami þm. (Þ. J.) sagði, að sýslunefnd geti ekkert eptirlit haft með eitrunum nú. Jeg veit ekki betur en hreppsnefndir eigi að gefa sýslunefndunum árlega skýrslu um eyðing refa hver í sínum hreppi, og vanræki þær það, er innanhandar, að knýja hreppsnefndirnar til þess að gjöra það og rækja betur skyldu sína. Þar að auki getur nágrannahreppsnefnd kært þá hreppsnefnd fyrir sýslunefnd, sem vanrækir skyldu sína í þessu efni. Það leiðir af sjálfu sjer, að það er miklu hægara fyrir sýslunefndina, að hafa eptirlit með hreppsnefndunum, þar sem einn maður úr sveitarfjelagi hverju er í sýslunefndinni, heldur en með þessum eitrunarmönnum, sem eiga að fljúga enda á milli í sýslunni og strá hinu eitraða agni upp um fjöll og firnindi. Nú útvega hreppsnefnd-

irnar eitrið og eiturefnið. Þetta verður æðimikið erfiðara fyrir eitrunarmennina. Þeir verða að fara á hvern bæinn eptir annan og spyrja bóndann, hvort hann geti selt sjer hest eða sauð til eitrunar, eða geti hann það ekki, hvort hann geti þá ekki skotið fyrir sig rjúpu. En það fer á sömu leið. Skjóti eitrunarmennirnir ekki fuglana sjálfir, verða þeir að kaupa aðra menn til þess, og svo til að flytja það, sem eitra á, langar leiðir á þá staði, sem það á að vera á, og gæti jeg trúað, að það yrðu nokkuð háir reikningar fyrir þá fyrirhöfn, og það svo, að h. minni hluta (Þ. J.) blöskraði. Því þar sem engum er skylt, að greiða neitt fyrir eitrunarmönnunum og þeir yrðu að kosta ferð sína og flutning, er ekki ótrúlegt, að eitrunarkostnaðurinn yrði all-lagleg upphæð, enda skildi jeg svo niðurlagið í ræðu h. þm. (Þ. J.), að hann muni hafa rennt grun í það, og þar hafi legið fiskur undir steini, þar sem hann vildi láta borga kostnað þennan úr landssjóði, og hann hafi vantreyst öllu þessu fyrirkomulagi, nema landssjóður borgaði allt gildið, því þá gjörði ekki svo mikið til, þótt reikningarnir væru feitir. En jeg fyrir mitt leyti er algjörlega á móti því, að demba slíkum kostnaði á landssjóð. Það yrðu sannarlega engin sældarkjör, heldur miklu fremur hin mesta óhamingja, að vera skipaður til að hafa þessar eitranir á hendi, þar sem skyldukvöð þessari verður dembt á menn ef til vill þvernauðuga, og þeir verða að yfirgefa heimili sitt um langan tíma opt um hávetur, þegar karlmenn geta sízt verið að heiman, nema með því móti, að láta skepnur sínar vera hirðingarlausar. Þetta ákvæði er svo ósanngjarnt, að mjer dettur ekki í hug, að fallast á það, að gjöra einstaka menn að þeim píslarvottum fyrir tóuna, sem frumv. þetta fer fram á. Það þykir ekki orðið nóg, að hún leggist á fjeð, heldur á hún og að fara að leggjast óbeinlínis á mennina með.

Auk þess er borgunin til þessara manna svo nánasarleg, að það tekur engu tali, og eitranirnar í heild sinni tel jeg svo ófullnægjandi til eyðingar refum, að þær gagna lítið, sjeu skot og grenjavinningar þeim ekki samfara; en þann aðalstarfa eiga hreppsnefndirnar að annast eptir sem áður, en því þá ekki, að láta þær líka hafa eitranirnar á hendi.

Hvernig sem jeg lít á frv. þetta, sje jeg ekki, að í því sje nein meiri rjettarbót eða meiri trygging fyrir eyðingu refa en eptir núgildandi lögum, og að semja ný lög eingöngu af þeirri ástæðu, að einstakir menn vanræki gildandi lög, álít jeg fjarstæðu eina, því reynslan sýnir, að aldrei verður komið í veg fyrir hirðuleysi með lögum svo nægi, og hversu góð sem lögin eru, dugar það lítið, vilji menn ekki breyta eptir þeim, eins og ófullkomin lög geta komið að fullum notum, sje þeim trúlega fylgt.

Framsögum. minni hl. (Þorl. Jónsson): H. framsögum. meiri hlutans (S. St.) hefur talað æði margt, svo það mundi lítið þýða, að minnast á það allt. Sumt af því hafði jeg minnzt á áður, en sumt ekki, og skal jeg því svara honum með fáeinum orðum.

H. þm. (S. St.) sagði, að jeg hefði gjört áætlun um, hvað miklu fje væri eytt nú árlega til eyðingar refa á ári hverju, og dró af því þá ályktun, að því meira fje sem eytt væri í þessu skyni, því meiri hlyti að vera árangurinn. Jeg get alls ekki verið honum samdóma í því. Jeg þekki sveit, þar sem það kostaði 50 kr. að vinna eitt gren, og árangurinn varð að eins sá, að 2 yrðlingar náðust, en hvorugt fullorðna dýrið, svo þótt miklu fje sje varið til grenjavinnslu, *sannar* það ekki að árangurinn sje eptir því. Jeg álít, að væri því fej, sem nú er varið til grenjavinnslu, öllu varið til skynsamlegrar eitrunar, mundi árangurinn verða miklu betri en nú á sjer stað. H. þm. (S. St.) vitnaði í árangurinn í Ísafjarðarsýslu, að þar hefðu

2 menn skotið 13 tóur á 2 nóttum. Þess konar dæmi má fremur skoða sem undantekning en almenna reglu, og af því er auk þess auðsjeð, að þar hefur verið á nógu að taka, þrátt fyrir dugnað hreppsnefndanna þar, enda hef jeg heyrt, að óvíða væru refir jafnmargir sem þar.

Þar sem h. þm. (S. St.) segir, að staðhættir og veðurátta sumra hjeraða geti valdið því, að þar sje ekki til neins að eitra fyrir refi, t. d. í góðum vetrum eða góðri tíð, þá get jeg engan veginn verið honum samdóma í því eða trúað því, að svo væri, ef eitrunin færi fram á skynsamlegan hátt. Hann hefur sjálfur sagt mjer utan þings, að tóan gangi opt niður að sjó í Ísafjarðarsýslu og liggi þar í hvalleifum; þegar hún jetur gamlar og líklega rotnaðar hvalleifar, þá á jeg bágt með að trúa því, að hún æti ekki nýeitraða fugla. Því er líka neitað nú orðið, að tóan komist lífs af, þótt hún hafi jetið eitur, nái hún í vatn, og h. þm. N.-Múl. (J. J.) hefur sagt mjer, að hann viti til, að eitrað hafi verið niður við sjó í góðri tíð, og hafi tóan jetið eitrið og drepizt, og met jeg þessa reynslu meira en þá hjátrú, sem h. 2. þm. Ísf. (S. St.) byggir á.

H. sami þm. gjörði mjög mikið úr erfiðleikum þeim, er eitrunarmennirnir yrðu að berjast við, og bjó til marga ímyndaða erfiðleika, þar sem hann ætlaði, að þeir mundu þurfa að ganga fyrir hvers manns dyr til að útvega agnið: hesta, sauð eða fugla. Slíkt kæmi aldrei fyrir, því þeirra verk væri að eins, að framkvæma þau verk, er reglugjörðir þær um þetta efni, sem amtsráðin semdu eptir 1. gr. frumv., legðu þeim á herðar, og gjöri jeg ráð fyrir, að þær yrðu ekki þannig úr garði gjörðar, að þeir yrðu að fara bæ frá bæ til þess að kaupa agn. Jeg sje, að h. þm. (S. St.) hefur ekki skilið, hvað þessir menn eiga að gjöra. Þeir eiga aðeins að sjá um framkvæmd þess, sem gjöra á, og býst jeg ekki við öðru, en amtsráðin muni skipa svo fyrir, að hreppsnefndirnar aðstoði þá.

Þá sagði h. þm. (S. St.) og, að þessir menn verði að ferðast um alla sýsluna fram og aptur. Slíkt er óhugsandi, því þar sem þeir menn eru 2—4 í sýslu hverri, sem hafa þetta starf á hendi, verður sýslunni skipt milli þeirra, og þar sem í flestum sýslum eru færri en 10 hreppar, koma að eins 2—3 hreppar á hvern mann, og þó þeir eigi að ferðast um þá, sje jeg ekki, að það sje svo örðugt, að það sje ókleyft, og engum öðrum en aumingjum mundi vaxa slíkt í augum. Þetta eru að eins grýlur til að reyna að slá með þeim sandi í augu manna.

Hvað eptirlitið snertir, skil jeg ekki, að sýslunefndunum verði örðugt, að hafa það á hendi, þar sem að eins er að líta eptir 2—4 mönnum, eins og jeg hef áður tekið fram. Nú er svo ákveðið í flestum reglugjörðum um eyðing refa, að með brot gegn þeim skuli farið sem almenn lögreglumál, svo eptirlit sýslunefnda er nú því nær þýðingarlaust eða ekkert, eins og jeg hef áður sýnt fram á, enda eru þess dæmi, að sýslunefnd hefur vísað kæru yfir broti á slíkri reglugjörð frá sjer sökum áðurnefndra ákvæða.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson	Jón A Hjaltalín
Hallgr. Sveinsson	Gutt. Vigfússon
Jón Jakobsson	L. E. Sveinbjörnsson
Jón Jónsson	Sigurður Stefánsson
Kristján Jónsson	Þorkell Bjarnason
Sigurður Jensson	

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 3, 2. febr. 1894 um breyt. á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C 225, 300); frh, 1. umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson): Jeg hygg,

að h. þingd. óski ekki eptir löngum umræðum nú eptir það að hún hefur þegar heyrt svo mikið talað um utanþjóðkirkjumenn og refi.

Frv. þetta er komið frá h. Nd. og nefnd sú, sem kosin hefur verið til að íhuga það hjer í h. Ed. hefur ráðið til að samþ. það, eins og málið ber með sjer.

Aðalákvæði frv. er, að menn, sem nám stunda 6 mánuði af árinu eða lengur á einhverjum föstum skóla, skuli ekki skyldir að vera í vist og vill nefndin fallast á breytingu þá, sem þetta ákvæði fer fram á. Svo hljóðar 2. gr. um frekari útfærslu á fyrirmælum í 3. gr. laga 2. febr. 1894 um lausamenn og húsmenn, þannig, að þeir menn, sem þar er um að ræða, skuli skyldir að hafa með sjer til sýnis heimilisfangsskírteini sitt. Í 3. gr. er lausamönnum bannað að hafa hjú. Það mun nú og vera svo eptir gildandi löggjöf, að lausamönnum sje *eigi* heimilt að halda vinnuhjú, en það er engin bein ákvörðun í þessa átt í lögunum, og er þá ekki vanþörf á henni.

Jeg ætla að láta mjer nægja þessar skýringar á frv. og vísa að öðru leyti til nefndarál.; jeg óska að málið fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Frv. til laga um viðauka og breytingu á lögum 12. jan. 1888 (C 126, 301); frh. 1. umr,

Framsögum. (Kr. Jónsson): Um þetta frv. er nokkuð öðru máli að gegna en hitt, sem var til umræðu næst á undan. Það er upprunnið hjer í h. Ed. og á hjer 2 feður, sem munu geta verið formælendendur þess. Það hefur áður komið inn á þingið og fyrir þessa h. þingd., og þá ekki fengið góðan byr; nú var það ráð tekið að vísa því í nefnd.

Nefndin hefur íhugað frv. rækilega og hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. innihaldi talsverða rjettarbót, því að það sje alkunnugt og megi álíta fullsannað, að sveitarstjórnir hafi ekki farið vel með vald það, sem lögin 12. jan. 1888 veittu þeim til að geta neitað húsmönnum og þurrabúðarmönnum um aðsetursleyfi, og að það sje þess vegna full ástæða til að takmarka þetta vald sveitarstjórnanna eða taka það af þeim. Við 2. umr. mun gefast tækifæri til að skýra ákvæði frv. nákvæmar og vil jeg því láta mjer nú nægja, að óska, að frv. fái að ganga sinn gang áfram.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli falið hlutaðeigandi söfnuðum á hendur (C 215,302); frh. 1. umr.

Framsögum. (Guttormur Vigfússon): Það er nú þegar orðinn alllangur fundur svo að jeg skal ekki þreyta með langri framsögu í þessu máli nú og vísa til nefndarál. Nefndin hefur ráðið til þess, að samþykkja frv., enda þótt hún verði að viðurkenna, að það sjeu allþungir kostir, sem landssjóður á að sæta við afhending kirkna þessara í hendur safnaðanna. Jeg ætla eigi að ganga nákvæmar inn á sjerstök ákvæði frv. nú en aðeins óska að frv. fái að ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tuttugasti og áttundi fundur, laugardag 7. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (C 198, 293); 2. umr.

Framsögum. (Hallgr. Sveinsson): Við frh. 1. umr. þessa frv., drap jeg á hin helztu atriði þessa máls, sem tekin eru

fram í nefndarálitinu og þarf jeg því ekki að minnast á þau nú eða tala langt mál, heldur að eins minnast með fám orðum á þær breytingar, sem nefndin leggur til að gjörðar sjeu við frv, sem hvorki eru margar nje miklar, heldur mestmegnis orðabreytingar, til þess að færa frv. nær rjettu máli, að undantekinni einni grein, sem nefndin ræður til að breytt sje nokkuð að efni. Yfir höfuð gat nefndin fellt sig við frv., eins og það kom frá h. neðri deild.

Eins og jeg tók fram um daginn hafa menn leitazt við að tryggja það, að eptirlitið með holdsveikum mönnum yrði sem bezt. Í því skyni er ákveðið í 1. gr., að læknar skuli halda bók yfir alla holdsveika menn í umdæmum sínum og í 3. gr. að þeir skuli kynna sjer lifnaðarháttu þeirra.

Í 2. gr. er ákveðið, að þegar holdsveikur maður flytur úr einu hjeraði í annað, beri lækni þess hjeraðs, er sjúklingurinn fór úr, að tilkynna það lækni þess hjeraðs, er sjúklingurinn flytur í. Eins er tekið fram í 3. gr., að hreppsnefndir og heilbrigðisnefndir aðstoði lækni til þess að gjöra eptirlitið auðveldara og fullkomnara.

Í 4. gr. eru almennar varúðarreglur, sem allir holdsveikir eiga að gæta og þykir vel við eiga, að það sje heyrum kunnugt og allir viti eptir hverju þeir eigi að fara í meðferð holdsveikra manna og umgengni við þá.

Fyrir utan þær 6 ákveðnu og ávallt sjálfsögðu reglur, er hlutaðeigandi lækni gefin heimild til frekari eða sjerstakra fyrirskipana, þar sem honum virðist þess þurfa við.

5 gr. ákveður, að hreinsuð skuli íbúðarhús eða herbergi, föt, sængurfatnaður og því um líkt, er holdsveikir menn nota. Þessi grein fannst nefndinni ekki heppilega orðuð, því henni fannst ekki ástæða til að fyrirskipa slíkar sótthreinsanir, nema þar sem holdsveikur maður væri einn í herbergi, en væri hann í baðstofu með öðru fólki eða hefði sameiginlegan bústað með öðrum mönnum, væri ekki hægt að koma slíku við og ræður því til að greininni sje breytt í þá átt; hún eigi ekki við nema þar sem sjúklingurinn er einn sjer í herbergi.

Í 6. gr. eru ákvæði um, hversu skuli að farið, er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, og hverjum það skuli tilkynnt, til tryggingar því, að hreinsun á herbergi hans og fleiru verði framkvæmd.

Í 7. gr. er ákveðið, að holdsveikir menn, er njóta sveitarstyrks eða eru á sveit, skuli fluttir á spítala, ef hjeraðslæknir álítur slíkt nauðsynlegt, þó þannig, að hjón sjeu ekki skilin nauðug, ef annars sje kostur, og að börnum holdsveikra sje komið á önnur heimili og enn fremur, að sveitarlimur sje ekki settur á heimili þar, sem holdsveikur maður er, nema með læknisleyfi.

Í 8. gr. er svo skipað fyrir, að amtmaður geti úrskurðað, að aðrir holdsveikir menn en sveitarlimir sjeu fluttir á spítala, ef þeir ekki hlýða fyrirskipuðum varúðarreglum, eða hlutaðeigandi læknir álíti slíkt nauðsynlegt, sökum sóttnæmis.

Í 10. gr. er svo ákveðið, að allan kostnað af dvöl hinna holdsveiku á spítalanum, skuli greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra manna á spítalann, er ekki sjeu á sveit, en flutning þeirra, sem á sveit sjeu annist hlutaðeigandi framfærsluhreppur.

Um hinar aðrar greinir frv. er ekki ástæða til að tala sjerstaklega.

Svo sem jeg nefndi áður hefur nefndin gjört fáar og litlar breyt.till. við frv. 1. breyt.till. undir stafl. a. á við 5., gr., að henni sje breytt í þá átt, sem áður er nefnt. Þá er breyt.till. sú við 6. gr. stafl. b., að í stað orðsins „fregnina“, þegar lækni er tilkynnt lát eða burtför holdsveiks manns, komi „slíka tilkynningu“. Stafl. c. á við 7. gr. 2. málsgr., þar sem

stendur, að „hjón sjeu ekki skilin að nauðsyn“, sje því breytt í „þeim að nauðugu“. Sama orði er bætt inn í 8. gr. í sama sambandi undir stafl. f. og er gjört á báðum stöðunum til þess að lagfæra málið. Í 8. gr. er lagt til, að orðunum „spítala“ og „sjúkrahús“, sje á tveim stöðum breytt í „holdsveikisspítala“, því hjer er ekki að ræða um almennan spítala eða almenn sjúkrahús, heldur beinlínis holdsveikisspítalann.

Af því að engar breyt.till. hafa komið fram við frv. þetta nema frá nefndinni, álít jeg ekki ástæðu til að fara um það fleirum orðum, heldur að eins óska þess fyrir hönd nefndarinnar, að frv. nái hylli h. deildar.

ATKVÆÐAGR.: 1.—4, gr. samþ. í e. hlj. hver; br.till. (C 293) stafl. a við 5. samþ. í e. hlj.; 5. gr. frv. þar með fallin; br.till. (C 293) stafl. b við 6. gr. samþ. með 9 atkv.; 6. gr. frv. þannig breytt samþ. í e. hlj.; br.till. (C 293) stafl. c við 7. gr. samþ. í e. hlj.; 7. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; br.till. (C 293) stafl. d við 8. gr. samþ. í e. hlj.; br.till. (C 292) stafl. e og f við 8. gr. samþ. í e. hlj.; 8 gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.; 9.—13. gr. frv. samþ. í e. hlj. hver. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C 229, 304); frh. 1. umr.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Frv. þetta er komið frá h. Nd. og furðar mig mjög á því, að slíkt frv. skyldi koma fyrir þingið, því eins og h. þingd.m. muna var samþykkt þingsályktun á síðasta þingi um það, að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing frv. um, að selja landsjóðsjarðir á erfðafestu, því heppilegast mundi að hætta þjóðjarðasölu þeirri, er þangað til hefði átt sjer stað, en stjórnin hefur ekki sjeð sjer fært að sinna þessari áskorun og hefði jeg þó verið henni þakklátur fyrir það, heldur en þó hún sinnti áskoruninni um refaeitrunina.

Þótt þingið hafi verið fúst að selja þjóðjarðir á hinum fyrri þingum, hefur það jafnan sjeð tormerki á sölu þessari, þó það hafi ekki treyst sjer til þess að reisa skorður við sölu þessari. Halda aðalformælendur þjóðjarðasölunnar því fram, að með henni aukist sjálfseign og sjálfsábúð í landinu og þar af leiðandi framfarir í landbúnaði og jarðabætur verði meiri en ella mundi. Jeg verð að biðja menn að athuga vandlega, hvort þjóðjarðasalan tryggi þetta á nokkurn hátt. Jeg neita því, að svo sje, í fyrsta lagi af því, að þótt ábúandi kaupi í orði kveðnu, er það engin trygging fyrir því, að hann sje sá rjetti kaupandi og að annar standi ekki á bak við kaupin, eins og komið hefur fyrir. (*Jón Jónsson:* Hver?) Jeg ætla ekki að tilgreina dæmi. Í öðru lagi er þjóðjarðasalan engin trygging fyrir sjálfsábúð, vegna þess, að þó ábúandi kaupi ábýlisjörð sína, er engin trygging fyrir því, að hann selji hana ekki aptur. Í 3. lagi getur jörðin við erfingjaskipti skipst í marga smáa parta og getur þjóðjarðasalan því óbeinlínis orðið orsök hins mesta meins í landbúnaðinum, sem er skipting jarðanna í mörg smábýli. Þjóðjarðasalan tryggir því hvorki sjálfseign nje sjálfsábúð, heldur getur valdið því, að jörðinni verði enn meira skipt, en á sjer stað meðan landssjóður er landsdrottinn, því honum er innan handar að láta slíkt ekki koma fyrir.

Það hefur verið tekið fram sem ástæða fyrir þjóðjarðasölunni, að landssjóður væri ekki ætíð góður landsdrottinn. Mjer er ekki kunnugt að svo sje, því þar sem jeg þekki til, svo sem í Skagafjarðarsýslu og Ísafjarðarsýslu, get jeg lýst því yfir, að landssjóður er einmitt sá bezti landsdrottinn. Á landssjóðsjörðum er almennt lífsábúð, en bændaeignir eru margar

leigðar út eitt og eitt ár í senn, og með því er drepinn niður allur áhugi með að gjöra jörðinni nokkuð til góða. Jeg get ekki trúað því, er sagt var í h. Nd. um daginn, að landssjóður væri versti landsdrottinn, enda væri það þá landstjórninni og þinginu að kenna ef svo væri, en landsstjórn og þingi ætti að vera innanhandar að setja slík byggingarskilyrði, sem haganleg sjeu fyrir ábúendur, svo jeg get ekki sjeð, að slíkt geti verið nein ástæða fyrir þjóðjarðasölunni. Jeg sje ekki, að mikill munur sje á sjálfseignarábúð og lífsábúð og það er landssjóði hægt að tryggja, að sundurskipting jarða eigi sjer ekki stað.

Það væri sök sjer, þó haldið væri áfram með þjóðjarðasöluna, ef hægt væri að sanna, að almenn reynsla væri fyrir því, að landssjóður væri vondur landsdrottinn, en engar sannanir eru fyrir því, heldur einmitt því gagnstæða. Aptur á móti þykir það brenna við, að þar sem bændur eiga fleiri jarðir, en þeir búa á, að þeir hugsa meira um að fá sem mesta peninga upp úr jörðunum, en minna um að gjöra jörðunum nokkuð til góða og að leiguliðanum líði vel og eigi við góð kjör að búa. Það er auðsjáanlega til niðurdreps að margar bændaeignir eru leigðar eitt og eitt ár í senn, því jeg hygg, að sárfáir bændur byggi jarðir til lífsábúðar, þó vitaskuld hljóti að vera undantekningar í því efni. Það kann að vera, að lífsábúð á bændaeignum sje almenn í Múlasýslum en svo er ekki, þar sem jeg hef þekkt til, heldur eru jarðirnar byggðar eitt ár í senn og afgjaldið stundum hækkað við hver ábúandaskipti.

Árangurinn af þjóðjarðasölunni fyrir landssjóð verður sá, að hann selur allar beztu jarðirnar, en situr eptir með hinar. Og hvað hefur hann haft upp úr henni að öðru leyti? Jú hann hefur misst mikinn höfuðstól úr eign sinni. En hvað er orðið af verðinu? Því er eytt og þó mundi landssjóður engu fátækari, þótt engin jörð hefði verið seld, en þingið hefur haft allt það fé fyrir eyðslueyri, sem fengizt hefur upp úr þjóðjarðasölunni, og þó hafa verið seldar hátt á annað hundrað jarðir.

Afleiðing þjóðjarðasölunnar fyrir landið verður sú, að margar jarðir geta safnazt á fáar hendur, eða skiptst í marga smáparta. Af þessu leiðir, að minni hluti nefndarinnar er á móti frv. þessu, og vill, að því áformi h. Nd. á síðasta þingi, að hætta þjóðjarðasölunni, verði nú fylgt fram með því, að samþykkja ekki þetta frv., sem hjer liggur fyrir.

Þorleifur Jónsson: Eins og háttv. þdm. sjá hef jeg orðið í minni hluta í þessari nefnd og hef jeg lagt það til, að frv. yrði samþ. og ekki vikið frá stefnu þeirri, sem fylgt hefur verið á undanförnum þingum.

Allar hinar sömu ástæður, sem meiri hlutin nú færir á móti frv. hafa áður komið fram og hafa þær þá engin áhrif haft, og er því engin ástæða til, að gefa þeim meiri gaum nú.

Eins og háttv. framsögumaður (S. Stef.) sagði er það tilgangurinn með þjóðjarðasölunni að tryggja sjálfseignarábúð, og því verður ekki neitað, að hún með henni tryggist meira en áður, og þar sem jeg þekki til, hafa slík lög náð þessum tilgangi sínum. Jeg þekki ekki neitt dæmi til þess, er háttv. framsögumaður (S. St.) sagði, að salan hefði verið leppuð. Og hafi slíkt komið fyrir, er það að skoða sem undantekning frá reglunni, og sem því getur ekkert sannað.

Það sjá allir menn, að því fleiri jarðir sem seldar eru til bænda því meira er aukinn mögulegleikinn til sjálfseignarábúðar. Þessu er ekki hægt að neita og heldur ekki hinu, að sjálfseignarbændur bæta fremur jarðir sínar, og hafa meiri hvöt til þess en leiguliðar.

Að jarðirnar geti skiptst í parta við erfðir ræður maður ekki við; en þá

eru einnig líkur til að einhver einn af erfingjunum safni saman pörtunum, kaupi þá og búi svo á jörðinni.

Jeg er því í alla staði samþykkur, að það væri gott, að eitthvað yrði gjört til að tryggja enn meir sjálfseignarábúð og lægi slíkt frv. fyrir, sem hefði inni að halda heppileg ákvæði í þessa átt, mundi jeg gefa því atkvæði. En meðan þetta er ekki gjört vil jeg ekki víkja frá þeirri reglu, sem alþingi hefur hingað til fylgt.

H. framsögum. (S. St.) spurði að því, hvað yrði af öllum peningunum fyrir jarðirnar og hann sagði, að andvirði jarðanna væri jetið upp jafnóðum, svo að landssjóður væri engu ríkari eptir en áður. Þetta er öldungis röng ályktun. Útgjöld landsjóðs hafa alls ekkert breyzt við þjóðjarðasöluna og landsjóður væri því þeim krónum fátækari en nú, sem hann hefur fengið nú fyrir jarðirnar. Hitt nær ekki nokkurri átt, að peningar, sem eru borgaðir inn, sjeu ekki tekjuaukning, úr því að engin gjaldaaukning sje afleiðing af þeim. Það er á valdi þingsins, hvernig fje landsjóðs er varið og eptir minu áliti er flestöllu fje landsjóðs varið skynsamlega, að svo miklu leyti sem hægt er að ráða við það. Jeg fæ því heldur ekkert sjeð á móti því, að selja þjóðjarðirnar og verja andvirði þeirra til þarflegra fyrirtækja.

Vjer skulum veita því eptirtekt, hve miklar árlegar tekjur landsjóður hefur af umboðsjörðunum. Tekjur af þeim öllum til samans munu vera alls um 35 þús. kr. brúttó á ári, en nettó aðeins 25 þús. kr. því að um 10 þús. kr. gengur frá í umboðslaun, prestsmötu og fl. kostnað. Nú heppnast ekki ætíð vel að fá inn þessa nettóupphæð. Ýmsar eptirstöðvar eru árlega, og stundum hafa jarðarafgjöld tapazt gjörsamlega. Það munu víst margir minnast rekistefnunnar, sem varð hjer á þingi fyrir nokkrum árum út af Arnarstapaumboðinu. Þegar vjer höfum allt þetta fyrir augum, bæði það hversu miklu kostað er til að ná inn þessum tekjum, og hvernig þær rýrna í meðferðinni og jafnvel stundum tapast, þá hygg jeg, að ekki sje ofmikið sagt, þótt jeg segi, að landsjóður muni ekki hafa meira en 2—3% arð eða vexti upp úr þessum jarðeignum sínum. Og selji hann jarðirnar er honum innanhandar að fá árl. 4% í arð af andvirði þeirra. Og þannig er það beinlinis skaði fyrir landsjóðinn að eiga jarðirnar. Þetta getur háttv. framsögumaður ekki hrakið, en þessa fjárhagslegu hlið verður einnig að hafa fyrir augum, þegar um þetta er að ræða.

Ef til vill væri hægt á einhvern hátt að tryggja betur sjálfseignarábúð. Ef það væri gjört, getur vel skeð, að jeg yrði ekki með þjóðjarðasölunni, en meðan það er ekki gjört greiði jeg atkv. með frv., eins og því, sem liggur nú hjer fyrir.

Jón Jónsson: Jeg hygg, að það muni ekki duga mikið að tala fyrir frv. þessu; forlög þess munu fyrirfram ákveðin. En jeg vildi þó minnast á fáein atriði.

Háttv. framsögumaður (S. Stef.) tók það fram, að engin trygging væri fyrir því, að jarðir þær, sem landsjóður seldi, hjeldust framvegis í sjálfseignarábúð, því það væri opt, að ábúandinn væri hafður sem leppur fyrir einstaka auðmenn, sem vildu safna jörðum, og hann sagði að einstakir menn, er leigði út jarðir sínar hugsuðu mest um stundarhaginn, væru hinir verstu landsdrottnar og fyrir því til niðurdreps öllum búnaðarframförum. En jeg held nú að landsjóður sje ekki meira en í meðallegi landsdrottinn. Að vísu mun eptirgjald landsjóðsjarða eigi vera sjerlega hátt sett, svo að því leyti er landsjóður ekki slæmur landsdrottinn. En að landsjóður örfi menn til jarðabóta á landsjóðsjörðum því neita jeg alveg. Jeg veit ekki betur, en að gjörð hafi verið eigi alls fyrir löngu sú fyrirskipun, að þegar jörð losni skuli bjóða hana upp til ábúðar og byggja hana síðan hæstbjóðanda, sje hann að öðru leyti áreiðanlegur maður og líklegur til að geta

sýnt full skil. En sú regla er alls ekki viðhöfð að láta eptirkomendur þeirra, sem hafa bætt jarðirnar, sitja fyrir öðrum að fá jörðina. Með þessu er þá ekki tryggingin mikil fyrir því, að þeir fái að njóta uppskerunnar, er varið hafa fje sínu og fjöri til að bæta landssjóðsjarðirnar. Þetta getur ekki miðað til að bæta búnaðinn og hvetja þá til framkvæmda, sem búa á landssjóðsjörðunum.

Jeg þekki dæmi um mann, er tók við niðurníddri landssjóðsjörð og bærinn var einnig ónýtur og var á svo óhentugum stað, að nauðsynlegt var að flytja hann. Þetta kostaði ábúandann fleiri þús. krónur, en til þess fjekk hann einar 150 kr. úr landssjóði. Meðan hann bjó á jörðinni bætti hann túnið svo, að það gaf af sjer 60 hestum meiru af töðu í meðalári en þá er hann kom þar. Síðan sótti hann til amtsins um að fá einhverja borgun fyrir jarðabætur og húsabyggingarnar, en fær það svar, að hann fái ekkert, að hann eigi enga heimting á að fá nokkurt endurgjald; amtið hefur því skilið það svo, að hann hafi ekki sama aðgang að landssjóði, eins og leiguliðar hafa að öðrum landsdrottnum eptir landbúnaðarlögunum. Maðurinn varð því að láta sjer nægja að fá fyrir húsin, það sem hann gat samið um við leiguliða þann, er tók jörðina á eptir honum. Í þessu tilfelli, sem alls ekki mun vera eitt í sinni röð, hefur landssjóður ekki sýnt sig sem góðan landsdrottinn.

H. framsögum. (S. St.) sagði, að andvirði landssjóðsjarðanna, sem seldar væru, yrði að engu, það væri jetið upp, og því væri eytt jafnóðum. Þetta má segja um allar tekjur landssjóðs, allt það fje, sem í hann rennur. Jeg held, að það sje stórt spursmál, hvort betra er fyrir landssjóð að eiga þessa jarðarskrokka, eins mikið og til þess gengur að hafa umsjón með þeim, og innheimta afgjöld þeirra — eptir því sem h. þm. Húnv. (Þ. J.) upplýsti, — eða verja andvirði þeirra til að brúa einhverja stórána. Jeg hygg Ölfusárbrúna og Þjórsárbrúna miklu betri eign en einhverja jarðarskrokka, sem landssjóður kynni að eiga í Ölfusinu.

Það má þræta fram og aptur um framfarir í búnaði hjá sjálfseignarbændum og leiguliðum, en enginn getur neitað því, að sjálfsábyrgðin og eiginhagnaðarhvötin gefur sterkustu hvöt til að gjöra jörð sinni eitthvað til bóta: ábyrgðin á því að það sem maður gjörir sje hyggilegt, og verði til sannarlegs hags fyrir mann sjálfan og afkomendur hans. Og mjer er það kunnugt, að allvíða eru óskirnar um kaup á jörðunum komnar fram af því, að ábúandinn hefur gjört ýmsar jarðabætur, og vill tryggja sjer og sínum ávöxtinn af þeim.

Ef til vill má benda á einstöku misfellur á jarðasölunni, að annar maður kunni í rauninni að hafa keypt einhverja jörð, en sá er þess beiddist, þó jeg þekki þess ekki nein dæmi í þeim landsfjórðung, sem jeg er úr. En þá er engu síður hægt að benda á misfellur, sem því er samfara að eiga þessa jarðarskrokka; jeg held Arnarstapa-umboð sje þess ljóst merki, að slíkt sje ekki ætið mikill gróði. Allar umr. á þingi um þjóðjarðasöluna eru heldur ekki til gróða fyrir landssjóðinn; því jeg ímynda mjer, að það sjeu ekki ýkjur, að það muni nema afgjaldinu af einni jörð, sem slíkar nmr. kosta árlega hjer á þinginu.

Jeg vil gefa frv, þessu atkv. mitt; þó að hægt sje að finna einhverjar misfellur á þjóðjarðasölunni, er engu síður hægt að finna misfellur á því að eiga jarðirnar og á umboðsstjórn þeirra.

Framsögum (Sigurður Stefánsson): Jeg þarf ekki mikið að svara h. 2 þm., er síðast hafa talað. Þeir standa á öðrum grundvelli, heldur en jeg. Þeir ganga út frá því sem sjálfsögðu, að sjálfseignarábúð í landinu aukist við þjóðjarðasöluna,

en jeg neita algjörlega, að nokkur trygging sje fyrir því; það er í mesta lagi líkur til, að sá, sem fyrstur kaupir jörðina, búi á henni sjálfur, en lengra nær tryggingin ekki, Það væri allt öðru máli að gegna, ef maður gæti verið sannfærður um að jarðirnar mundu verða í ævarandi sjálfsábúð, en því er alls ekki að heilsa, og líkurnar eru meiri fyrir því, að þær verði það ekki. Þó að jeg kaupi jörð og búi svo á henni, á jeg ef til vill mörg börn, og þegar jeg fell frá, skiptist svo jörðin í marga smáa parta og þessir partar ganga svo kaupum og sölum manna á milli. Þetta er eðlileg afleiðing af jarðasölunni og erfðalögum vorum.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) gat um það, að arðurinn af umboðsjörðunum væri brúttó 35,000 kr. á ári, en nettó 25,000 kr. Þetta eru þá vextir af kapítali því, sem landssjóður á í fasteignum. En hverjir verða vextirnir, sem landssjóður árlega fær, ef hann selur þessar fasteignir? Ætli það verði ekki erfitt að benda á þá? H. þm. Húnv. (Þ. J.) segir, að landssjóður verði því ríkari sem andvirðinu nemur, en þetta kemur ekki heim við reynsluna. Það er hvergi hægt að benda á andvirðið; það verður eyðslufje, sem hverfur jafnóðum. Við það að selja jarðirnar og eyða jafnóðum andvirði þeirra, eins og nú á sjer stað, verður landssjóður fátækari; sá höfuðstóll, er hann átti í jörðinni, hverfur alveg úr eign hans. H. þm. N.-Múl. (J. J.) benti á Ölfusárbrúna og Þjórsárbrúna, en þær eru enginn ávöxtur af þjóðjarðasölunni og mundu hafa verið byggðar alveg jafnt, hvort þjóðjarðir hefðu verið seldar eða ekki. Það er gott, að selja jarðirnar að því leyti, að landssjóði vaxa tekjur dálitlar í svipinn, svo að þeir, sem örir eru á fje landsins, hafa meira úr að spila, og ofmargir á þingi eru með því marki brenndir, og geta svo ekki forsvarað fyrir þjóðinni gjörðir sínar á eptir.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) þótti ofmikið fje ganga til umboðsmanna, prestsmötu og annars kostnaðar við umsjón jarðanna og innköllun jarðaafgjaldanna. Svo var hann að tala um vanskilin, sem voru hjer um árið á afgjöldum Arnarstapa-umboðsins og vildi styðja með því þjóðjarðasöluna. En þessu má ætíð kasta fram. Allir tollar og allir skattar hafa einhvern innheimtukostnað í för með sjer og vanskil geta jafnan komið fyrir; en eptir hugsunarreglum þm. Húnv. (Þ. J.) ætti þá að afnema alla tolla og skatta. Jeg hygg, að hjer eigi það fullkomlega heima, að sá, sem sannar of mikið, sannar ekkert. Landssjóður tapaði líka einu sinni miklu fje vegna þess, að innheimtumaður stóð ekki í skilum. En h. þm. Húnv. mundi víst ekki hafa fengið marga með sjer í það, að afnema alla tolla og skatta sökum þessara vanskila. Það er ekki hægt að kenna landssjóði um það, þótt menn ræki ekki skyldu sína, og stjórn umboðsjarða hefur að öllum jafnaði farið vel úr hendi. Eitt dæmi, sem hægt er að finna, þar sem miður hefur gengið, sannar alls ekkert. H. þm. N.-Múl. (J. J.) tók fram, að það væri galli á stjórn umboðanna, að farið væri að bjóða jarðirnar upp til ábúðar. Og jeg skal játa það, að það væri ekki heppileg regla, ef hún væri almennt tekin upp. En þinginu er þá ætíð hægt að grípa fram í og skora á stjórnina, að láta slíkt eigi viðgangast.

Að leiguliði landssjóðs, sem byggt hafði upp og bætt stórkostlega ábúðarjörð sína, hafi ómögulega getað fengið neitt endurgjald fyrir það, fæ jeg ekki skilið. Jeg hygg, að honum verði ekki neitað um slíkan rjett samkvæmt gildandi lögum, ef hann hefur borið sig rjett að með kröfur sínar. En hitt er mjer kunnugt um, að bændur, sem eru landsdrottnar, borga opt og tíðum ekki eyrisvirði fyrir jarðabætur. Þeir segja við leiguliðann: „Mjer er engin þægð í, að þú sjert að gjöra jarðabætur; því ræður þú sjálfur, hvort þú gjörir þær, en jeg borga þjer ekkert fyrir þær“.

Þetta er það venjulega svar, þegar bændur eiga jarðirnar; þótt skylda hvíli á þeim að lögum, eru þeir jafnan ófúsari heldur en landssjóður, að bæta leiguliðum upp fyrir jarðabætur.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) kvaðst greiða atkvæði með þjóðjarðasölunni, svo lengi sem ekki væri betur en hingað til tryggð sjálfseignarábúð með lögum. Eptir þessum orðum að dæma, álítur þá þessi h. þm., að það megi hætta sölunni, ef vissar tryggingar eru fyrir hendi. Sú skoðun hefur þegar rutt sjer til rúms á þinginu, að nauðsynlegt væri, að fá þessum tryggingum framgengt, og fyrir því var það, að h. Nd. skoraði á stjórnina í hitt eð fyrra, að leggja fyrir þingið þess konar lög. Það er ýmsum vandkvæðum bundið fyrir þingið, að semja sjálft slík lög og af því að stjórnin stendur þar betur að vígi, óskaði þingið eptir, að hún gjörði það. Þó að slík lög sjeu enn ekki komin, er samt full ástæða til að hætta þjóðjarðasölunni. Leiguliðar landssjóðs hafa yfirleitt við betri kjör að búa, en leiguliðar annara landsdrottna, en tryggingin engin fyrir sjálfseignarábúðinni, þótt jarðirnar sjeu seldar ábúendum. Þeir geta, ef þeim sýnist, selt þær aptur einhverjum privatmanni daginn eptir að þeir hafa keypt þær og neyðast ef til vill til að gjöra það, til þess að losa sig úr skuldum, eins og jafnvel þegar er farið að bóla á.

Jeg vil að endingu skjóta því til hæstv. landsh., hvort stjórnin muni ekki leggja fyrir næsta þing lög um erfðafestu jarða, eins og h. Nd. fór fram á 1895, því að ef svo væri, gæti maður sparað sjer, að koma fram með slíka tillögu á ný.

Landshöfðingi: Jeg skal verða við ósk h. þm. Ísf. (S. St.). —

Stjórnin hefur íhugað þingsályktunina frá síðasta þingi um erfðafestu á þjóðjörðum, og hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að bæði sala og erfðafesta sje mjög óheppileg, svo hún geti ekki lagt neitt frv. fyrir þingið í þá átt. Í brjefi stjórnarinnar er þetta tekið fram og ástæður færðar fyrir því; síðan hafa komið álitsskjöl frá báðum amtmönnunum og eru þeir báðir erfðafestusölunni mótfallnir, einkanlega amtmaðurinn í norður- og austuramtinu, sem hefur mikla þekkingu og áhuga á búnaðarmálefnum, og sýnir ljóst fram á, hvílíkar óheppilegar afleiðingar slíkt mundi hafa.

H. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) tók fram, að þjóðjarðirnar hefðu verið boðnar upp og leigðar hæstbjóðanda. Mjer er ókunnugt um, að slíkt hafi átt sjer stað, og hafi það verið, hafa umboðsmennirnir gjört það í óleyfi. Ráðgjafabrjefið frá 25. maí 1880 segir svo fyrir, að ef þjóðjörð sje laus, skuli auglýsa á kirkjufundi, að hún fáist til ábúðar, og svo er ákveðið, að byggja skuli jörðina þeim af umsækjendum, sem sje mestur dugnaðarmaður og því mest útlit fyrir, að sitji jörðina vel og geti borgað eptir hana. En nú hafa amtsráðin fyrir 1880 ákveðið, hvað sje hæfilegt eptirgjald eptir hverja jörð, og fáist þetta afgjald, er jörðin leigð þeim, sem þykir verðugastur til að fá hana, þótt annar bjóði meira. Sami h. þm. sagði, að landssjóður hefði orðið fyrir tapi hjá ýmsum umboðsmönnum sínum. Ekki er mjer kunnugt um, að þetta hafi komið fyrir. Reyndar hafa afgjöld af einstaka jörð tapazt, t. d. í Arnarstapa-umboði, vegna þess, að svo mikill straumur var til Vesturheims, að sumar jarðir leigðust ekki. En þótt slíkt geti komið fyrir, þá sannar það ekki, að landssjóður bíði tjón af að eiga jarðirnar.

H. þm. Húnv. (Þ. J.) gjörði mikið úr þeim kostnaði, sem legðist á „brúttó"-tekjur landssjóðs af jörðunum. Það er satt, að hann er mikill, en þó jarðirnar yrðu seldar, fjelli ekki allur þessi kostnaður burt, t. d. ekki prestsmöturnar. Þótt t. d. allar jarðir Þingeyraklausturs og Reynistaðaklausturs væru seldar, yrði lands-

sjóður eptir sem áður að borga prestsmötumar af þeim, og það eru í fleiri umboðum há prestsmötugjöld, sem öll yrðu að greiðast úr landssjóði. Ætti landssjóður því að vera skaðlaus af að selja slíkar jarðir, ætti að taka tillit til prestmötunnar, en það hefur aldrei verið gjört hingaðtil.

Jeg er alveg samdóma framsögum. nefndarinnar.

Þorkell Bjarnason: Jeg álít óhyggilegt, að selja þjóðjarðirnar: 1) Af því að jarðirnar eru opt seldar fyrir svo lítið verð, að það svarar ekki til verðs þess, sem liggur í jörðinni. Jeg man eptir jörð, sem fyrir 10 árum var seld fyrir 6000 kr., en sem nú er 12- 15000 kr. virði. Eigi alls fyrir löngu var einnig seld jörð með laxveiði fyrir svo lítið verð, að laxveiðin borgar meira en vexti af höfuðstólnum, sem hún var seld fyrir. Það er sama sem að jörðin, að laxveiðinni fráskildri, hafi verið gefið. *(Þorl. Jónsson:* „Hvar er sú jörð?“). Það er jörð í Húnavatnssýslu. *(Þ. J.:* „Hvað heitir jörðin?“). Jeg get gjarnan nefnt nafn jarðarinnar, það eru Húnstaðir. Hún var seld fyrir 1300 kr. *(Þ. J.:* „Það er ekki rjett“), eða átti að minnsta kosti fyrst að selja hana það; en það kann að vera, að hún hafi komizt upp í 1700 kr. Þessi jörð gefur af sjer hátt á annað hundrað krónur í nettótekjur af laxveiði. Jeg gæti tilfært fleiri dæmi þessu lík.

2) Jeg er einnig á móti þjóðjarðasölunni af þeirri ástæðu, að jeg álít, að áður en langt um líður geti farið svo, að miklu verra verði að búa á hinum keyptu jörðum, en var meðan landssjóður átti þær, því landssjóður er hinn bezti landsdrottinn, sem jeg hef þekkt. Jeg vil taka dæmi úr Kjósarsýslu, þar sem jeg þekki bezt til. Þegar jeg kom að Mosfelli fyrir 30 árum síðan voru 4 bændur þar í grennd, sem bjuggu á landssjóðsjörðum. Nú eru þessir menn dánir, en afkomendur þeirra búa enn þá á þremur jörðunum, hin 4. var seld, og mjer er óhætt að segja, að þær sjeu einna bezt setnar af öllum jörðum þar í grennd. Þetta er eðlilegt, þar sem þeir hafa lífsábúð fyrir sjálfa sig, sem á þeim búa, og von um að eptirkomendurnir geti notið þar góðs af verkum þeirra. Jeg þekki ekki dæmi þess, að jarðir landssjóðs sjeu boðnar upp og leigðar hæstbjóðanda, eins og h. þm. N.-Múl. (J. J.) gat um. Jeg þekki dæmi þess í Mosfellssveit, að margir vildu fá sömu jörðina til ábúðar, en sonur ábúandans, sem verið hafði duglegur maður, sat fyrir. Svo ef einhver jörð gengur úr greipum þeirrar ættar, sem býr á henni, mun það vera vegna ódugnaðar hlutaðeiganda, en ekki af því, að hærra sje boðið í jörðina, eða vani sje að taka annan fram yfir börn ábúandans, þó hann kunni að bjóða eitthvað meira. Þannig er það eptir minni reynslu.

3) Svo held jeg, að reynsla sje fyrir því, að þegar landssjóðsjörð er seld, verður andvirðið eyðslueyrir. Það má koma með ljóst dæmi upp á þetta frá kirkjunni á Íslandi. Eptir siðabótina átti hver kirkja meiri og minni eignir, sauðfje, nautgripi, húsgögn og áhöld o. fl. þess háttar. Þetta var svo selt smátt og smátt, sumt fyrir jarðir, sumt fyrir peninga. Jarðirnar á kirkjan enn þá, en jeg veit ekki til, að mikið sje nú eptir af peningunum, nema hvað einstaka kirkja kann að eiga skuldabrjef. Jeg vil taka mitt prestakall; það átti um aldamótin síðustu 6—7 hndr. á landsvísu í búpeningi og búsgögnum, svo var þetta selt allt saman og nú er ekkert eptir af þessu fje. Þannig fer með jarðir landssjóðs, þegar þær eru seldar, andvirðið verður eyðslueyrir. Vitaskuld renna þessir peningar í landssjóð, sem við það verður ríkari, en því ríkari sem hann verður, því gjarnari verða menn á að auka útgjöld hans. Það er heppilegra, að eiga jarðir en peninga. Jörðunum verður ekki

eytt. Vitaskuld hefur landssjóður komið mörgu þörfu og góðu til leiðar, en flestir munu líka verða að játa, að fje landsins stundum hefur verið varið til miður heppilegra fyrirtækja, t. d. má þar undir telja eimskipaútgjörð landssjórnarinnar bæði í fyrra og í ár, og fleiri slík fyrirtæki mætti nefna, sem landssjóður ekki hefur spunnið silki úr. Jeg segi reyndar ekki, að landssjóður mundi ekki hafa lagt út í sum af þessum fyrirtækjum, þótt þjóðjarðir hefðu ekki verið seldar, en síður hefði þá verið hætt við því, ef peningarnir hefðu ekki verið nógir fyrir hendi.

Þorleifur Jónsson: Það er eitt atriði í síðustu ræðu h framsögum. (S. St.), sem jeg vildi minnast á. Hann sagðist ekki skilja, að landssjóður væri ríkari nú eptir að þjóðjarðaverðið væri runnið í hann, heldur væri verð jarðanna jetið út og horfið. Jeg hefði átt að nefna viðlagasjóð í stað landssjóðs, til þess að h. þm. (S. St.) hefði skilið það betur. En viðlagasjóður er ein grein af landssjóði og hann hefur auðgazt við sölina, svo framarlega sem ekki verður mælt á móti því, að ef jeg læt 1000 kr. í budduna mína, þá verður buddan 1000 kr. ríkari. Jeg geng auðvitað út frá því, að útgjöld landssjóðs hefðu orðið hin sömu, þótt þjóðjarðirnar hefðu ekki verið seldar, og þá er auðskilið, að þá hefði viðlagasjóður orðið þeim mun minni, ef jarðirnar hefðu ekki runnið í hann.

Hæstv. landshöfðingi tók fram, að ekki væri rjett að telja prestmötuna með þegar talað væri um útgjöld landssjóðs af jörðum sínum, þar eð prestsmatan hvíldi á landssjóði, þótt jarðirnar væru seldar. Þetta er satt og rjett, en þótt prestmatan sje dregin frá, verður kostnaðurinn engu að síður mjög mikill. Prestmatan af jörðum landssjóðs er á ári um 2500 kr. og sje sú upphæð dregin frá kostnaðinum við inuheimtu á tekjunum af þeim, þá verða 7500 kr. eptir sem umboðskostnaður af 35 þús. kr. og verður það 21—22% og er það æðimikið, og jeg er sannfærður um, að nettotekjurnar verða, þótt prestmatan sje dregin frá ekki meira eu 3%, en ef jarðirnar væru seldar og peningunum komið á vöxtu, fengi landssjóður að minnsta kosti 4%

Þá minntist h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) á Húnstaðina og kvað þá hafa verið selda svo lágt, að laxveiðin ein borgaði vexti af jarðarverðinu. Þetta er alveg tilhæfulaust og hefur illilega verið logið að þm. um þessa sölu. Jörðin var ekki seld fyrir 1300 kr., heldur fyrir 1700. Umboðsmaður virti jörðina á 1500 kr., en sýslunefndin feldi það mat og virti hana á 1300 kr. með 12 atkvæðum gegn einu. Laxveiði er þar ekki mikil. Landskuld jarðarinnar var 60 ál. og leigur 40 ál., hún rentaði sig því yfir c. 1250 kr., en amtið hafði samþykkt að færa skyldi afgjald jarðarinnar svo upp við næstu ábúendaskipti, að hún rentaði sig fyrir 1700 kr. Fyrir þetta verð var hún svo seld á síðasta þingi.

Ef allt annað, sem h. þm. sagði, er jafnsatt og þetta, er ekki þörf á að svara því.

Guttormur Vigfússon: Jeg veit að ekki muni vera til neins að halda langa ræðu í þessu máli, því allir munu fyrirfram ráðnir í, hvernig þeir greiði atkvæði. Samt sem áður get jeg ekki látið vera að lýsa því yfir, að mjer kemur það mjög undarlega fyrir, ef Ed. ætlar nú að taka með öllu ráðin af h. Nd. í þessu máli, og vill setja stólinn fyrir dyrnar með alla þjóðjarðasölu eða með öðrum orðum fella frv. með öllu. Eins og kunnugt er, var allt fram að 1895 þessu máli ekki einu sinni gefinn svo mikill gaumur hjer í þessari h. deild, að nokkurn tíma væri sett í það nefnd til athugunar, heldur var það samþykkt að heita mætti athuga- og umræðulaust, og virðist mjer, að deildin hafi með því viðurkennt, að hún álíti,

að mest ráðin að þessu leyti ættu að vera hjá h. Nd. En á hverju er þetta nýmæli byggt, að hætta við alla þjóðjarðasölu, fella frv. Nd., og þannig taka fram fyrir hendur þeirrar deildar með öllu? Aðalástæðan fyrir því á að vera, að halda fram nýmæli því, er kom hjer fram á síðasta þingi nfl. að hætta við að selja jarðir landssjóðs, en selja þær að eins á erfðafestu framvegis. Eins og kunnugt er, hefur þetta mál ekkert verið rætt eða undirbúið af formælendum þess á síðasta þingi, og vjer höfum nú heyrt yfirlýsingu hæstv. landshöfðingja um það, að stjórnin geti ekki stutt þetta mál, og að amtmennirnir einkanlega annar, nfl. amtmaðurinn í Norður- og Austuramtin, sem er sjerstaklega kunnugur búnaðarmálum vorum, hafi lagt mjög á móti því. Mjer finnst því að erfðafestuspursmálið ætti að vera dottið úr sögunni að sinni, eða að minnsta kosti ætti ekki að hafa nein áhrif á framgang þessa máls.

H. framsögum. (Sig. Stef.) tók það fram, sem ástæðu gegn þjóðjarðasölunni, að hún tryggði ekki sjálfseign nje sjálfsábúð í landinu. Um þetta má auðvitað þræta fram og aptur og koma með getgátur og grýlur. En mjer finnst það liggja í augum uppi, að meiri líkur eru til að þjóðjarðirnar, sem ekki *geta* verið í sjálfsábúð, eins og nú er, verði það eptir að einhver landsbúi hefur eignazt þær, þótt ekki verði alltaf sami maður eða sama ættin eigandi, því eigi landssjóður jörðina, er sjálfsábúð ómöguleg.

Hvað því viðvíkur, að einstakir menn mundu kaupa þessar jarðir, og okra á þeim, þá er það að eins grýla, sem menn búa sjer til. Að minnsta kosti á slíkt sjer ekki stað nú, og verður því þó ekki neitað, að margar góðar jarðir má kaupa fyrir utan þjóðjarðirnar, ef einhver einstaklingur vildi spekulera í að safna að sjer fasteign, og það eru engar líkur til, að slíkt geti komið fyrir, þar sem hjer eru sárfáir þeir efnamenn, sem geti hrúgað um sig jarðagóssi.

Framsögum. meiri hlutans (Sig. Sef.) bar það fram, að byggingarskilmálar á bændajörðum sjeu verri en á landssjóðsjörðunum. Þetta getur stundum verið, þótt ekki muni það vera algengt; og að bændur byggi jarðir sínar að eins til eins og eins árs í einu og setji upp landskuldina, þegar þeim sýnist; til þess þekki jeg ekki, það getur verið að svo sje í Ísafjarðarsýslu, en ekki þar sem jeg er kunnugur. Jeg hef vanalegast vitað jarðir byggðar til lífstíðar, eða á þann hátt, að leiguliði þurfi ekki að fara frá jörðinni, nema eigandi þurfi sjálfur að fá hana til ábúðar.

Framsögum. meiri hlutans (Sig. Stef.) setti það út á söluna, að peningarnir væru horfnir úr landssjóði og þeirra sæi hvergi stað. Þessu hefur framsögum. minni hlutans (Þ. J.) svarað fullnægjandi með því að benda á, að viðlagasjóður væri svo mörgum krónum auðugri, sem svaraði verði hinna seldu þjóðjarða. En vilji menn sjá nákvæmlega, hvað verði af þessum peningum, þá er ekki annað en að koma sjer saman um að semja lög um, að þessir peningar skuli lagðir í sjerstakan sjóð, sem annaðhvort má láta standa á vöxtum eða brúka til einhverra sjerstakra fyrirtækja. Með slíku frv. skyldi jeg vera, en jeg fylgi því fast fram, að það eigi að selja þjóðjarðirnar, því jeg hef reynslu fyrir því, að sá sem býr á eigin jörð, er djarfari til framkvæmda og álítur sjer skyldara að gjöra jörð sinni til góða, en leiguliðinn, hvort sem er landssjóðs eða einstakra manna.

Sigurður Jensson: Af því að jeg þykist vita, að menn muni vera orðnir þreyttir á umræðunum um þetta mál, skal jeg ekki þreyta þá frekar með langri ræðu; en af því að jeg álít þetta merkilegt mál, þá vil jeg gjarnan gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg legg það til, að frv. þetta verði fellt, af því að jeg álít, að landssjóður eigi að vera og geti verið sá bezti landsdrottinn; hann hefur öllum öðrum fremur ráð til að vera það. Ef jarðir hans eru seldar, þá er ekki gott að vita, hvað um þær muni verða. Það getur auðvitað verið gott, ef þær komast í góðra manna hendur, en það getur fljótt skipst um eigendur. Ræða hæstv. landshöfðingja sýnir það líka ljóslega, að landstjórninni er annt um að vera góður landsdrottinn. Jeg þykist hafa orðið var við það í reyndinni, að það er vilji landstjórnarinnar að vera sanngjarn landsdrottinn, og þekki dæmi til þess. Ólafsvík var þannig t. d. áður byggð einum manni, og meðan svo var, þá áttu húsmenn og þurrabúðarmenn, sem þar voru, mjög þungum kostum að sæta, og voru undir hann gefnir í öllu. Þegar hún svo losnaði úr þessari byggingu og var byggð öðrum manni, sá amtmaðurinn um, að kjör húsmannanna og þurrabúðarmannanna væru tryggð betur og að ekki var hægt að kúga þá, eins og áður. Afleiðingin af þessu varð sú, að síðan hefur byggðin aukizt mjög í Ólafsvík og nú er þar komið allstórt þorp. Þannig álít jeg að þyrfti að líta eptir fleiri jörðum, þar sem húsmenn og þurrabúðarmenn eru, eða margir hjáleigubændur.

Jeg veit til þess, að fleiri jarðir undir Jökli hafa verið byggðar þannig, að einn maður fær byggingu fyrir heimajörðinni og tilheyrandi hjáleigum. Þessi eini maður hefur svo leigt hjáleigubændum svo dýrt, að hann hefur sjálfur aðalbólið alveg frítt.

Landsstjórnin á ekki að láta þetta viðgangast, og umboðsmennirnir ættu að aðstoða hana í því, að lagfæra þetta. Landssjóður hefur bæði ráð á og á að vera bezti landsdrottinn, og ef menn halda að hann sje það ekki, þá væri betra, að þingið gjörði út menn til að kynna sjer ástandið og gefa skýrslur um kjör leiguliða landssjóðs. Hitt álít jeg vera hreint og beint „falliterklæring“ að hlaupa til að selja landssjóðsjarðirnar, í staðinn fyrir að reyna til þess að bæta og tryggja kjör þeirra manna, sem búa á þjóðjörðunum. Ranglæti það getur líka í ýmsum tilfellum orðið stórkostlegt. Það hefur komið fyrir, að einum manni hafa verið seldar heilar torfur eða hverfi án þess nokkuð hafi verið hugsað fyrir því að tryggja þá leiguliða landssjóðsins, sem bjuggu á hjáleigunum eða sjá um hag þeirra, heldur hafa þeir verið svo gott sem seldir með, og kaupandinn hefur getað unnið upp á þeim eptir vild sinni meira eða minna af andvirði jarðarinnar. Jeg er þessvegna eindregið með að fella þetta frv., af þeim ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram.

Sigurður Stefánsson: Jeg sje að mjer er ekki til neins að reyna að sannfæra h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) því að það, sem jeg segi að sje svart, segir hann að sje hvítt. En jeg vil að eins svara h. 2. þm. S.-Múl. (G.V.)fáum orðum út af tveimur atriðum í ræðu hans.

Hann sagði, að erfðafestuspursmálið hefði ekki átt upp á háborðið hjá stjórninni. En eins og jeg tók fram áður, þá álít jeg ekki, að kjör landssjóðsleiguliða sjeu svo slæm, að þau þurfi stórra umbóta við; jeg hygg, að þau sjeu svo nú, að jörðunum sje betur komið í höndum landssjóðs, en selja þær út í óvissu; og eins og h. þm. Barðstr. (S. J.) tók fram í ræðu sinni áðan, þá ætti þinginu og stjórninni að vera innanhandar að bæta kjör þessara leiguliða, svo að með rjettu mætti segja, að landssjóður væri sá allra bezti landsdrottinn.

H. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) tók það einnig fram í ræðu sinni, að það væri ekki hætt við, að fleiri jarðir söfnuðust á einstaka menn, þótt þjóðjarðasölunni væri haldið áfram, En jeg get bent á menn nú, sem safna undir sig fleiri jörðum. Jeg veit af einum manni í Eyjafjarðarsýslu

og einum í Skagafjarðarsýslu, sem beinlínis hafa „spekúlerað“ í að safna jörðum og sem hafa keypt fjölda jarða; og þótt þessir menn sjeu nú ekki svo margir, þá er það engin sönnun fyrir því, að þeir ekki geti fjölgað framvegis. Menn hefðu heldur ekki hugsað fyrir nokkrum árum, að ástandið í Bandaríkjunum yrði eins og það er nú, að því er jarðeignirnar snertir. Einstöku menn keyptu stórar landsspildur, sem þeir nú leigja með okurverði. Þetta ástand þar er nú talið hið versta böl og þjóðarmein. Rithöfundar hafa skrifað stórar bækur um þetta, og hin stærstu fjelagsmein eru risin af einveldi þessara stóru jarðeigenda, sem nú kúga margar milljónir manna með okurleigu af lendum sínum; og þótt það máske eigi langt í land hjer á landi, að slíkt ástand komist á, þá er þó ekki óhugsandi, að það geti komið fyrir; og ef afkomendur vorir yrðu að sæta sömu kjörum af hálfu jarðeignamanna, sem íbúar Bandaríkjanna sæta nú, mundu þeir fremur bölva en blessa minningu vora, er seldum jarðirnar í hendur einstakra manna. Bandaríkin eru ekki gamalt land og þó er nú svo komið ástandinu þar. Þingið og stjórnin getur verið sá bezti landsdrottinn, og því álít jeg það viðurhlutamikið, að selja landssjóðsjarðirnar út í óvissu um það, hvernig fara muni um þá, er síðar munu búa á þeim.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 6 atkv. gegn 5.

Frv. til laga um fátækramálefni (C. 110, 305); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það er tekið fram í nefndarálitinu, að höfundur frv. þess, er stendur á þingskj. 110, hafi tekið það aptur, og að nefndin hafi komið fram með nýtt frv., og ætlaðist nefndin til, að það yrði tekið fyrir nú til 1. umr.

Jeg mun ekki halda langa ræðu um þetta mál nú, því að nefndin væntir þess, að ástæðurnar fyrir frv. nefndarinnar sjeu ítarlega teknar fram í nefndarálitinu.

Það er kunnugt, að um mörg undanfarin ár hafa heyrzt tíðar raddir bæði í blöðunum og á mannfundum um það, að nauðsyn beri til þess, að endurskoða fátækrareglugjörðina frá rótum; af því er það sprottið, að h. flutningsm. (Þ. B.) hefur tekið sjer fyrir hendur að semja frv. um gagngjörða endurskoðun á fátækrareglugjörðinni 8. jan. 1834. Frv. þetta var fengið nefndinni í hendur, og eptir að nefndin hafði rætt málið ítarlega, komst hún að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að hafna tillögunni um að farið væri fram á gagngjörða endurskoðun á fátækralöggjöfinni, og hefur hún fyrir sjer í því efni aðallega 2 ástæður.

Fyrri ástæðan er sú, að málið um endurskoðun allrar fátækralöggjafarinnar hefur ekki fengið nægilegan undirbúning utanþings, og hugði nefndin því, að varla mætti við því búast, að svo umfangsmikið mál og sem snertir svo margvíslega fjelagshætti, geti orðið viðunanlega útkljáð á þessu þingi, það er að segja án enn rækilegri athugunar og meðferðar, en kostur er á nú hjer á þinginu.

Í öðru lagi vakti það fyrir nefndinni, og mjer fyrir mitt leyti var það ljóst, að gamla fátækrareglugjörðin 8. jan. 1834 er eitt af þeim lagasmíðum, sem hafa sýnt það í framkvæmdinni, að þau eru byggð á rjettum rökum, og hafa verið sniðin heppilega eptir högum þjóðarinnar. Reglugjörðin hefur allt til þessa sýnt, að hún í aðalhugsuninni hefur uppfyllt ætlunarverk lagaboðsins. Þess vegna hefur nefndin ekki lagt það til, að henni sje breytt frá rótum, eða að hún sje öll numin úr gildi, heldur hefur hún að eins farið fram á breytingu á einstökum atriðum hennar, og horfið frá því, að endurskoða hana í heild sinni. Nefndin tók samkvæmt þessu út úr hinu upphaflega frv. ákvæði þau,

sem henni þótti rjett að samþykkja, breytti sumum þeirra nokkuð, og samdi svo á þann hátt frv. það, sem nú liggur fyrir h. deild.

Um hin einstöku atriði mun verða tilefni til að tala við 2. umr., ef frv. kemst svo langt, sem jeg vona að h. deild lofi því að gjöra; en jeg vil þó nú við þessa umr. minnast lítið eitt á aðalákvæðin í því.

Það eru aðallega 3 ákvæði, sem ætlazt er til, að breyting verði gjörð á frá því sem þau eru nú í hinum gildandi lögum.

Hið fyrsta atriði, sem nefndinni þótti ástæða til að breyta, er ákvæðið um sveitfestistímann.

Með reglugjörð 8. jan. 1834 var kveðið svo á, að 5 ára lögleg, óslitin dvöl í einum hreppi, skyldi vera nauðsynleg til þess að maður öðlaðist þar framfærslurjett, en með opnu brjefi 6. júli 1848 var tími þessi lengdur svo, að hann skyldi vera 10 ár; það hefur jafnvel komið til tals áður, að lengja þennan tíma svo, að hann væri 20 ár, þó ekki hafi orðið úr því. Stefnan sýnist því áður hafa verið sú, að lengja sveitfestistímann svo, að fæðingarhreppur þurfamanns venjulega einnig yrði framfærsluhreppur hans. Þetta ákvæði um sveitvinnslutíma áleit nefndin að ætti ekki við rök að styðjast. Grundvallarhugsunin um að „vinna sjer sveit“ álítur nefndin að sje ekki rjett í eðli sínu, enda ætti þá að fara eptir því, hvar þurfamaðurinn hefur lengst unnið í sama hreppi, þó sú vinnuvera sje slitin einusinni eða tvisvar eða optar, með öðrum orðum: það ætti þá ekki að leggja áherzlu á það, að *veran* í hreppnum væri óslitin, því að þá ætti ekki að fara eptir því, hvar þurfamaður hefur síðast unnið ákveðinn tíma eptir 16 ára aldur, heldur hvar hann hefur *lengst* unnið að samtöldu. Þetta hefur þó aldrei verið lögtekið, og hefur hugmyndinni um vinnuhreppinn þannig ekki verið framfylgt nema að nokkru leyti í löggjöf vorri, en þar sem þessu „principi“ eigi hefur verið fylgt nema að nokkru leyti eða til hálfs, ef svo má að orði kveða, þá sýnist það eigi vera mjög varhugavert, að yfirgefa það allsendis. Að ákveða, að fæðingarhreppurinn skuli vera framfærsluhreppur manns, mun engum nú koma til hugar í fullri alvöru. Það liggur í augum uppi, hvílíkt ranglæti það er og hvílík eyðilegging og truflun á heimilislífi manna, ef t. d. maður á áttræðisaldri á að rekast á fjarlægan hrepp, sem hann ekki hefur sjeð síðan hann fæddist. Jeg hef sjálfur haldið próf í máli, þar sem um slíkt tilfelli var að ræða. Það var maður á áttræðisaldri, sem um var að ræða; menn þóttust ekki vita, hvar hann var sveitlægur; svo var leitað fram og aptur að framfærsluhreppum, og loks varð það úr, að hann sjötugur maðurinn hafði hvergi unnið sjer hrepp eptir 16 ára aldur; var hann því sendur á fæðingarhreppinn, en þar hafði hann aldrei dvalið, eptir að hann hafði komizt til vits og ára, var þar öllum ókunnugur, og vissi engin deili þar á högum nje háttum manna.

Úr því að það ekki getur verið fæðingarhreppurinn, sem veitir rjett til sveitfestu, og úr því að vinnuhreppshugmyndin ekki getur komið til greina, þá lá nærri fyrir nefndina að athuga, hvort eigi væri annað rjettara princip, og þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að aðallega væri það rjett, að þurfamenn væru framfærðir þar, sem þeir eiga löglegt heimilisfang, þegar þeir þarfnast sveitarstyrks. Sá maður, sem er orðinn löglega heimilisfastur í einhverri sveit, og sem fyrir einhver, honum ef til vill ósjálfráð, óhöpp, er orðinn ósjálfbjarga, á að nefndarinnar áliti sanngirnislega og siðferðislega heimtingu á því, að vera ekki hrakinn sveit úr sveit, úr því að þjóðfélagið hefur viðurkennt, að það eigi að framfæra þurfamenn sína, en það er gjört í stjórnarskránni sjálfri.

Nefndin gat ekki sjeð, að það gæti nokkru sinni verið siðferðislega rjett, að hrekja þurfamenn t. d. norður á Langanes eða Hornstrandir, eða austur í Hornafjörð, eða yfir höfuð í fjarlæg hjeruð úr heimilishreppum þeirra, til þess að njóta þar framfærslu. Þetta er sú grundvallarhugsun, sem er tekin fram í nefndarálitinu og sem jeg vona, að tækifæri gefist til að minnast á síðar, ef frumv. þetta fær að ganga lengra.

Svo er auk þess nokkur önnur ákvæði, sem nefndin vildi taka upp í frv. þetta; nefndin hugði, að ef ákvæðið um þennan stutta sveitfestistíma yrði að lögum, þá mundi að miklu leyti verða komið í veg fyrir þá smánarlegu rjettarinstitution: þurfamannaflutningana, sem hingað til hefur tíðkazt hjá oss. Jeg hef þekkt þá um mörg ár, og hygg ekki að ofmikið sje sagt í nefndarálitinu, að þeir sjeu svívirðiugarblettur á fátækrastjórn þessa lands.

Það er hörmulegt, að horfa á það, að myndarlegt fólk, sem lifað hefur sómasamlegu lífi í einhverjum hreppi, máske 7, 8 eða 9 ár, en sem fyrir einhver ósjálfráð óhöpp, ekki hefur getað komizt af lengur án þess að leita sveitarstyrks, — að sjá það vera rifið upp alltsaman, manninn, konuna og börnin, rekið burt af heimili sínu, hrakið í gegnum margar sýslur og hreppa, og vera svo loksins sett niður í einhverja ómyndarsveit, þar sem alveg efalaust mjög illa er tekið á móti því. Þessi smánarlegi landshornarekstur hugði nefndin að mundi minnka og jafnvel að miklu leyti hverfa, ef ákvæði frv. um sveitfesti og um þurfamannaflutning, yrðu að lögum. Svo mundi einnig að áliti nefndarinnar hin endalausa rekistefna um hreppshelgi manna minnka, sem hingað til hefur verið háð með brjefaskriptum, frá lægstu yfirvöldum til hinna æztu, og „vice versa“ hina öfugu leið, og sem sannlega hefur ekki bætt siðferðistilfinningu almennings, því að þessi sveita-pólitík hefur skapað menn þá hjá oss, sem í venjulegum skilningi má kalla lögkrókamenn, og skapað þann hugsunarhátt hjá hreppsnefndum og sveitarstjórnarvöldum yfir höfuð, sem leitt hefur af sjer ýmislegar athafnir og gjörðir, sem enginn privatmaður mundi vilja kannast við. Svo mundu einnig hinir alkunnu skuldakröfureikningar frá einni hreppsnefnd til annarar fara minnkandi. Það mætti fara miklu nákvæmara út í þetta mál, en jeg má ekki fara ítarlegra út í hin einstöku atriði þess, að þessu sinni.

Nefndin hefur þó takmarkað hreppshelgisrjett einstaklingsins í heimilishreppi hans, með því ákvæði, að hann skuli *því að eins* öðlast hreppshelgi þar, að hann hin síðustu 5 árin hafi verið sjálfbjarga maður, það er að segja, að hann hafi ekki þegið sveitarstyrk þessi síðustu 5 árin. Þetta ákvæði mun verða nákvæmar skýrt við 2. umr. þessa máls.

Hið annað ákvæði gildandi laga, sem ætlazt er til að breytt verði samkvæmt frv., eru fátækraflutningsfyrirmæli laganna, eins og þau nú eru. Jeg hef áður bent á, hve ósæmilegir þeir eru siðuðum mönnum, sem vilja breyta og hugsa sómasamlega. Nefndin vonar, að reglur þær, sem hún hefur sett fyrir þeim, gjöri það að verkum, að þeir verði ekki annað eins þjóðarmein, eins og þeir hingað til hafa verið, og að þeim muni verða hagað sæmilega, eins og þegar menn flytja vistferlum eða búferlum, en ekki eins og hingað til hefur átt sjer stað, að fátæklingum þessum sje kastað svo klæðlausum og illa til reika, sem menn þykjast geta látið það vera ljelegast, án þess að það beinlínis varði við lög, frá einum hreppstjóra til annars, úr einni sveitinni á aðra, og af einu landshorninu á annað.

Jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast á það í þessu sambandi, að nýlega sást barn flutt fátækraflutningi hjer í bæn-

um, bundið á klyfberaboga. Jeg segi ekki, að það hafi verið farið illa með það, en það var ekki ánægjuleg sjón, að sjá 3—4 vetra gamalt barn vera flutt bundið ofan á reiðing við klyfberaboga eptir götunum innanum annan flutning; hvort naut hafi verið bundið aptan í hestinn, veit jeg ekki, það má vel vera, að svo hafi verið, og er enda ekki ólíklegt.

Að því er kostnaðinn við fátækraflutningana snertir, þá ætlaðist nefndin til, að nokkuð af honum kæmi á dvalarhrepp þurfamannsins. Eiginlega ætti hann að hvíla á framfærsluhreppnum eingöngu, því að þurfamaðurinn er handbendi þess hrepps, og þessi kostnaður er í raun og veru að eins nokkur hluti framfærslukostnaðarins, en svo langt vildi nefndin þó ekki fara, en stakk upp á, að meiri hluti kostnaðarins, nfl. $^3/_4$, kæmu á framfærsluhreppinn. Hinn hluti kostnaðarins ætlast nefndin til að komi á heimilishrepp þurfalingsins, og er það í samræmi við stefnu frv. að öðru leyti, þar sem um rjett þurfalings í heimilishreppi hans er að ræða.

Hin önnur ákvæði eru ekki eins víðtæk eins og þessi.

Í miðhluta frv. eru ýms atkvæði um, hvernig sveitarstjórnir skuli haga sjer þegar um það er að ræða, að innheimta veittan sveitarstyrk hjá framfærsluhreppum styrkþiggenda.

Flestar þessar reglur hafa verið settar í samræmi við þær reglur, sem hin reyndustu og greindustu yfirvöld landsins hafa fylgt um undanfarin ár, og ef eitt og eitt nýmæli kann að koma í bága við þær, þá er það eigi sett af því, að nefndin hafi ætlað að breyta þessum reglum, heldur hugði nefndin að lögfesta þær reglur, sem henni virtist hagfeldastar og í mestu samræmi við sveitarvenju og „praxis“, þar sem hvorttveggja virðist vera í sem beztu lagi.

Hið síðasta atriði, sem nefndin hefur stungið upp á að gjöra að lögum, er það ákvæði, að skylda sveitarfjelögin til að greiða lítilfjörlegt árgjald af tekjum sínum í Söfnunarsjóðinn. Nefndin vonar, að ekki verði haft á móti þessu ákvæði, með því að gjaldið er mjög lítið, en getur á hinn bóginn á sínum tíma orðið að ómetanlegu gagni, þannig, að sveitarfjelögin geti orðið sjálfbjarga, þótt einhver óhöpp beri að höndum, og það svo að ekki þurfi jafnan að hækka hin venjulegu gjöld sveitarbúa, þótt eitthvað bjáti á, t. d. jarðskjálftar, fiskileysi, grasbrestur o. s. frv.

Jeg hefði þurft að fara frekar inn á ýms atriði málsins, en jeg geymi það til 2. umr.; jeg vil að eins vona, að frv. fái að ganga svo langt.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um frímerki (C. 289, 296); ein umr.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Það er mikil þýðing, sem frímerkin hafa fengið á síðari tímum, eigi að eins sem brjefburðarmerki, heldur einnig sem verzlunarvara. Það eru heilar stórverzlanir í öðrum löndum, sem að eins verzla með frímerki, kaupmannasamkundur, sem ekki fást við annað en frímerki, sjerstök blöð, sjerstakar orðabækur og miklar bókmentir að eins um frímerki. Jeg skal ekki dvelja við þetta, en að eins minnast á frímerki sem verzlunarvöru.

Þessi vara hlýðir því almenna lögmáli, að því meira sem er af þeim, því ódýrari eru þau, og því minna sem er til, því hærra verð fæst fyrir þau. Af þessu leiðir eðlilega, að frímerki stórþjóðanna eru í lágu verði, en smáþjóðanna í háu. Aðaltilgangur tillögunnar er að koma íslenzkum frímerkjum í hátt verð til hagnaðar fyrir landssjóð og einstaka menn. Því ef frímerki eru felld úr gildi, getur landssjóður annaðhvort selt þau strax fyrir ákvæðisverð eða seinna með hærra verði. Jeg hafði tillöguna sem óbundnasta, og

set að eins að frímerkin skuli „að einhverju leyti frábrugðin núgildandi frímerkjum“, og nefni í tillögunni sem dæmi að eins tvenns konar breytingu, aðra í líkingu við dönsk frímerki, því jeg hjelt að ráðgjafinn síður mundi hafa á móti því, ef tillagan að eins færi fram á, að gjörð væru ný frímerki, án þess að breytt sje um verð nje lit.

Jafnframt er farið fram á, að þau sjeu annaðhvort innleidd samhliða núgildandi íslenzkum frímerkjum, meðan þau frímerki endast, eða að núgildandi frímerki sjeu gerð ógild, um leið og nýju frímerkin verða innleidd. Hið síðara væri bezt, því þá væri hagurinn auðsær fyrir landssjóð, sem gæti þegar selt allar frímerkjabirgðir sínar fyrir ákvæðisverð, eða meira, ef þau væru geymd nokkur ár óseld, en þótt gömlu frímerkin væru ekki gjörð ógild undir eins og nýju frímerkin væru innleidd, þá gjörði það ekki mikið til, því að jeg hef fyllstu ástæðu til að halda, að einstakir menn mundu kaupa upp allar frímerkjabirgðir landssjóðs til að „spekúlera“ með þau.

Jeg var í dálitlum vafa um, hvort jeg ætti að bera þetta upp sem frv. eða till., en valdi tillöguleiðina, af því mjer fannst það þýðara form, og af því að þegar breytt hefur verið um frímerki hjá oss, þá hefur það ekki verið með lögum, heldur að eins með umboðslegum ákvörðunum.

Jeg hef komið með 2 breyt.till., sem eru á þingskj. 296, önnur fer fram á, að fyrir: „Efri deild alþingis“, komi: „Alþingi“; hin er að fyrir: „verðið“ komi: „verðtalan“, því mjer þótti það rjettara mál.

Jeg get ekki skilið, að nokkur maður geti haft á móti þessari frímerkjatill., þar sem það gjörir engum mein, en getur orðið stórkostlegur hagnaður fyrir landssjóð og einstaka menn.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg verð að játa, að mjer getzt ekki allskostar vel að þessari tillögu. Jeg hefði getað skilið, ef flutningsmaður hefði komið fram með rökstudda tillögu um breytingu á öllum frímerkjum, vegna þess að fegurðartilfinningunni væri ekki fullnægt, eða vegna þess að þau praktiskt í brúkuninni, ekki væru eins heppileg og æskilegt væri. Ef slíkir gallar hefðu fundizt á frímerkjunum, hefði verið sjálfsagt að benda landsstjórninni á þá og óska breytinga. En ástæðan fyrir tillögunni er ekki þessi, eptir því sem flutningsmaður sjálfur tók fram, heldur sú, að vjer sem smáþjóð eigum að nota oss frímerkjamarkaðinn til hagsmuna fyrir landssjóð og einstaka menn.

H. flutningsmanni er kunnugt, að frv. frá síðasta þingi, sem hafði sama tilgang, hlaut ekki staðfestingu. Aðalástæður stjórnarinnar fyrir synjaninni voru, 1. að danska póststjórnin væri breytingunni mótfallin og hefði jafnvel tekið svo hart til orða, að hún vildi alls ekki vera við slíkar breytingar riðin, nje styðja til að koma slíku í verk, 2. að henni fyndist slíkar breytingar í hagnaðarskyni ósamboðnar virðingu hverrar stjórnar eða þjóðfjelags, og 3. að allsherjar póstsambandið væri farið að hafa ýmigust á þesskonar breytingum, og því mætti búast við, að það vildi ekki viðurkenna hin nýju frímerki. Mjer finnst ekki allskostar tilhlýðilegt, að breyta um af öðrum ástæðum en þeim, að núgildandi frímerki væru óheppileg, og varúðarvert að eiga á hættu að verða vísað burt úr allsherjarpóstsambandinu eða verða lítils metin fyrir slíkar „spekulationer“.

H. flutningsmaður hjelt, að ekkert væri að óttast í þá átt, því stjórnin mundi grennslast eptir, hvort það væri alvara fyrir allsherjarpóstsambandið að neita að viðurkenna frímerkin, og ekki framkvæma lögin, ef slíkt lægi við. En jeg verð að óttast, að tormerki, sem talin eru á málinu af dönsku póststjórninni, hafi mikla

þýðingu. Að vísu þarf ekki póststjórnina dönsku til að hjálpa oss til að láta búa til ný frímerki, en hingað til hefur landsstjórnin notið tilstyrks dönsku póststjórnarinnar, og þætti mjer miður við eiga, að þurfa nú af *þessum ástæðum* að snúa sjer til annara í þessu efni.

Auðvitað mundi verkinu komið áfram án þessarar hjálpar, ef stjórn vor teldi knýjandi ástæður til að taka tillöguna til greina, en jeg er hræddur um, að hún muni ekki álíta það, heldur skírskota til sömu ástæðna, sem móti frumv. frá síðasta þingi.

Af þessum ástæðum get jeg ekki fellt mig við tillöguna, en mundi hafa verið breytingu meðmæltur, ef bent hefði verið á galla á núverandi frímerkjum.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gat ekki fellt sig við till. þar sem hún væri ekki byggð á þeirri ástæðu, að breyta þyrfti frímerkjunum fegurðar vegna, og þar sem hjer væri að eins um tillögu en ekki frv. að ræða, en kvaðst geta verið með, ef um stórkostlega breyt. frímerkjanna væri að ræða, en jeg hef einmitt stungið upp á litlum breyt. í því skyni, að málið fengi betri framgang, heldur en ef farið hefði verið fram á stærri breyt.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gjörði synjunarástæður stjórnarinnar að sínum ástæðum, og áleit það ekki sæmilegt, að nota slíka aðferð og hjer er farið fram á. Jeg verð að vera á annari skoðun í þessu efni. Sje slíkt ósæmilegt, þá verður margt ósæmilegt, þá verður öll verzlun ósæmileg og allar spekulationir. Merkur danskur maður, sem oss er að góðu kunnur, nfl. dr. Ehlers, stakk upp á því, að breyta frímerkjunum hjer, til þess að koma upp holdsveikisspítala fyrir það fje, sem græddist við það. Var það ósæmilegt. Þessu fje mætti einnig verja þannig, að það yrði til þess að koma einhverju góðu fyrirtæki á stofn, og gæti svo farið, að því yrði beinlínis varið til þess að styðja kristindóm og siðgæði. Það mætti og verja því til að styðja útgáfu á góðum og kristilegum bókum og ýmsra annara góðra og fagurra framkvæmda.

Jeg get ekki fallizt á synjunarástæður stjórnarinnar í ráðgjafabrjefinu, þar sem svo stendur, að „slík ráðstöfun, sem einkum miði að því að auka póstsjóð, sje eptir áliti hinna stærri ríkja í alþjóðapóstsambandinu, að minnsta kosti óhæfileg og miður sæmandi og hafi aldrei verið gjörð af þessum ríkjum“. Þetta eru hrein og bein ósannindi. Jeg hef bók fyrir framan mig um allar frímerkja breytingar heimsins og þar stendur, að Bandaríkin í Norðnr-Ameríku tóku upp jubil-frímerki árið 1893. en svo voru önnur frímerki tekin upp árið eptir og voru þau öðru vísi en þau frímerki, sem voru í gildi 1892. Rengi nokkur þetta, er velkomið, að jeg sýni honum það í bókinni. Þegar stærstu og auðugustu ríki heimsins gjöra þetta, þá finnst mjer ekki rjett af stjórn eins lands, að koma fram með slíka synjunarástæðu, og þessa ástæðu hefur h. 2. kgk. þm. (H Sv.) gjört að sinni ástæðu.

Jeg verð að álykta, að ekki sje hættulegt, að allsherjar póstsambandið verði á móti þessari breytingu, því fjölda mörg ríki hafa opt skipt um frímerki sín. Þannig breyttu Bandaríkin um frímerki svo sem áður er sagt, og Bretland hið mikla hefur opt breytt til um þau, að jeg ekki tali um ýms smáríki, svo sem t. a. m. Montenegro, sem hafa beinlínis spekúlerað í þess konar breytingum.

Þótt nú svo færi, að frímerkjafundur sá, sem halda skal í Ameríku þetta ár, vildi ekki samþykkja þessa frímerkjabreyting, þá yrði ekki annað, en stjórnin sinnti ekki till., en þá ætti að innleiða frímerki, sem giltu að eins hjer innanlands, öðru vísi en þau, sem nú gilda, og það kæmi alþjóðapóstsambandinu ekkert við.

Það getur vel verið, að ekki verði mikill árangur að till., en hann hefði ekki orðið meiri, þótt hún hefði verið í frumv. formi.

Mjer er mál þetta talsvert áhugamál, því það er til hagnaðar fyrir landssjóð, og mætti margt gjöra við það fje, sem annars yrði að bíða, og jeg get ekki skilið, hvers vegna h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) er á móti till., því sjerstakan sjóð mætti mynda af fje því, er fengist við frímerkjabreytinguna, og gjöra ráðstafanir til að honum mætti ekki verja nema í sjerstökum, ákveðnum tilgangi.

Landshöfðingi: Þar sem h. flutningsm. (Þ. J.) bar það fram, að ráðgjafinn hefði farið með ósannindi í ráðgjafabrjefinu 10. okt. 1896, um að ekki væri venja að leyfa að breyta frímerkjum á þann hátt, eða af þeim ástæðum, sem hjer er farið fram á, þá er jeg hræddur um, að h. flutningsm. hafi ekki lesið vel brjefið, og hvað frímerkjabreytinguna í Bandaríkjunum snertir, þá efast jeg um, að frímerki þau, sem voru þar í gildi 1892 hafi ekki verið tekin upp aptur 1894, því jeg man ekki betur, en jeg hafi aptur og aptur sjeð þau frímerki á brjefum þaðan nú á hinum síðustu árum, og verð jeg því að mótmæla orðum h. flutningsm.

Hvað till. að öðru leyti snertir, þá er það augljóst af ráðgjafabrjefinu 10. okt. 1896, að það muni ekki hafa mikinn árangur, þó till. verði afgreidd til stjórnarinnar.

Flutningsmaður (Þorleifur Jónsson): Þó ráðgjafinn hafi sagt, að oss yrði neitað um hin nýju frímerki, þá hefur hann ekki sagt það frá sjálfum sjer, heldur borið þar fyrir sig dönsku póststjórnina. Jeg held fast við það, sem jeg sagði áður, að 1894 voru búin til ný frímerki í Bandaríkjunum með sömu gerð og frímerkin 1892, nema svo lítið öðru vísi í 2 hornunum, en það voru þó ný frímerki.

Till. þessi, sem hjer liggur fyrir, fer ekki fram á að nema úr gildi gömlu frímerkin, heldur að innleiða ný frímerki, og annaðhvort nema hin gömlu úr gildi eða nota þau samhliða þeim.

Mjer þykir leiðinlegt, að hæstv. landsh. heldur, að till. fái ekki betri byr en fyr, en jeg treysti því, að þar sem hann reyndist vel með að mæla með frv. síðast, þá muni hann og mæla með till., því mjer er talsvert áhugamál, að hún fái framgang.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg get ekki viðurkennt, að jeg hafi viðhaft þau orð, að till. þessi færi fram á neitt ósæmilegt eða ókristilegt, en jeg sagði, að mjer fyndist þessi aðferð miður vel við eigandi, og þau orð ráðgjafans vil jeg gjöra að mínum eigin orðum, því jeg vil ekki, að vjer gjörum neitt, sem setur blett á virðingu vora í augum annara þjóða, og vona jeg, að h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) sje samþykkur því. Þar sem h. þm. talaði um, að yrði till. ekki samþ., þá yrðum vjer að taka til vorra ráða og innleiða frímerki, sem giltu að eins innanlands, þá held jeg þm. sje þetta ekki nægilega ljóst, því þegar ræða er um ný frímerki, þá er að eins átt við, að frímerki sje búin til með vissri verðhæð, en ekki gjörður greinarmunur á því, á hvaða brjef frímerki þessi á að brúka, en öll frímerkin eru jafnt til notkunar utanlands sem innan. Hverjum manni er frjálst að nota fá eða mörg frímerki á brjef sín innanlands og utan, þangað til þeirri upphæð er náð, sem póstlögin krefja í hverju tilfelli. Jeg má t. d. eins frímerkja einfalt brjef mitt til útlanda með fjórum 5 aura merkjum, eins og með einu 20 aura frímerki.

Þorleifur Jónsson: Þar sem jeg var að mótmæla því, að frimerkjabreyting í þeim tilgangi að græða á henni væri ósæmileg, þá átti jeg einkum við ráðgjafabrjefið um synjun á staðfesting frímerkjafrv. frá síðasta þingi. Að það sje ókristilegt eða ósæmilegt að gjöra slíka breytingu, vil jeg alls ekki fjölyrða um, því

að það nær engri átt. Ef það er ósæmilegt eða miður vel viðeigandi, þá mætti segja, að allar spekulationir í verzlun heimsins sjeu ósæmilegar eða miður vel viðeigandi. H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hefur ekki skilið fyllilega, hvað jeg meinti, er jeg talaði um sjerstök frímerki innanlands. Jeg meinti það að hafa tvenns konar frímerki, önnur, sem gilda að eins innanlands, en hin til útlanda. Þau, sem gilda að eins innanlands, gætu verið öðruvísi að gildi, lit og öllum útbúnaði og gætu þá ekki gilt sem brjefburðarmerki til útlanda. Þetta er mjög einfalt og óbrotið.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (C 296) samþ. með 9 atkv.; 2. br.till. (C 296) samþ. með 10 atkv. Meginmál og fyrirsögn till. samþ. með 10 : 1 atkv. og till. afgreidd til Nd.

Tuttugusti og níundi fundur, mánudag 9. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um breytingu á 6. gr. tilsk. 4. mai 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og um viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880 (C 313); 3. umr.

Jón Jónsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd. Jeg hreyfði því í nefndinni, að það mundi sumstaðar þykja óþægilegt að binda leyfi til kosninga í hreppsnefnd á haustbreppaskilaþingum við leyfi sýslunefndar, því að þar sem sýslunefndir koma saman að eins einu sinni á ári, þá gæti svo farið, að leyfið ekki gæti fengizt, ef ekki væri sýslufundur á haustin. En meðnefndarmenn mínir voru á þeirri skoðun, að lagalega væri ekkert á móti því, að sýslumaður veitti þetta leyfi upp á væntanlegt samþykki sýslunefndar og í því trausti, að svo muni verða í framkvæmdinni, er jeg með frv.

Kristján Jónsson: Það er að vísu satt, að h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) tók það málsatriði fram í nefndinni, sem hann gat um áðan. En nefndin fann ekki ástæðu til að koma fram með breyt.till. í þá átt, af því að það er gömul venja, að þegar ekki er hægt að halda sýslunefndarfund, þá er sýslumanni bæði heimilt og skylt, að veita samskonar leyfi og þetta fyrir hönd sýslunefndarinnar, þegar atvik mæla með því. Jeg hygg, að þessi yfirlýsing til h. þingdeildarmanna sje nægileg. Það hafa ekki nú komið fram neinar breyt.till. við frv. þetta og finn jeg því ekki ástæðu til að fjölyrða meira um það. Eins og h. þingdeildarmenn vita, þá er frv. þetta komið frá h. Nd. og fer til hennar aptur, svo að það er undir henni komið, hvort það nær endanlegu samþykki og fyrst þá verður það samþykkt sem lög frá þinginn.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um lögaldur (C 257, 309); frh. 1. umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson): Jeg hef þegar tekið fram hið helzta, sem mjer virðist þurfa að athuga um frv. þetta við 1. umr. málsins, og óska nú að eins, að það fái að ganga til 2. umr. Þá mun gefast kostur á að gjöra athugasemdir um hinar einstöku, mikilsverðu breytingar á gildandi löggjöf, sem farið er fram á í frv. því, sem hjer liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breytingu á 1. gr. og viðauka við lög nr. 3, 2. febr. 1894 um breyt. á tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C 225,300); 2. umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson): Þetta frv. er eins og h. þingdeildarmenn vita komið frá h. Nd. H. Ed. skipaði nefnd í málið og er það nú hjer til 2. umr.; nefndin leggur það til, að h. deild fallist á frv. í heild sinni með þeim breyt.till., sem hún hefur komið fram með; þær eru að eins

fáar og skal jeg nú minnast lítið eitt á. þær. 1. breyt.till. er sú, að síðari stafl. 1. gr. falli burt. Eins og jeg tók fram þegar við 1. umr. þessa máls, þá hefur nefndin fallizt á ákvæði frv. um, að þeir karlar eða konur, sem stunda nám í föstum skólum eða að minnsta kosti 6 mánuði af árinu, skuli vera undanþegnir vistarskyldunni; en nefndin vildi ekki hnýta því skilyrði aptan við þessa undanþágu, sem gjörir það að verkum, að þetta ákvæði verður sama sem þýðingarlaust, nfl. því skilyrði, að hlutaðeigandi nemendur, karlar eða konur, skuli sanna það fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta fyrir 1. maí ár hvert, að þeir fái inngöngu á skólann á því ári. Frá engum skóla hjer á landi, sem jeg þekki, er unnt að fá vottorð um þetta svona tímanlega, nema ef til vill búnaðarskólunum. Þess vegna leggur nefndin það til, að þessi stafliður skuli falla burtu. Af sömu ástæðu leggur nefndin það til, að síðasta ákvæðið í 2. gr. frv. falli burtu. Frekari breytingar hefur nefndin ekki ætlazt til, að gjörðar verði á frv. þessu, og þykist jeg því ekki þurfa að fjölyrða meira um það.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C 300) samþ. í e. hlj.; 2. breyt.till. (C 300) samþ. í e. hlj.; 2. gr. með breyt. samþ. í e. hlj.; 3. breyt.till. (C 300) samþ. í e. hlj.; 3. gr. með breyt. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um viðauka og breyting á lögum 12. jan. 1888 (C 126, 301); 2. umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson): Það hefur áður verið líkt lagafrv. og þetta til meðferðar í þessari h. þingd., og gat það þá ekki náð samþykki þingdeildarinnar. Nefndin tók nú þetta frv. til íhugunar, og hefur leitazt við að breyta því svo, að þess mætti vænta, að það gæti náð samþ. h. deildar; þessi ákvæði felast í breyt.till. nefndarinnar.

1. breyt.till. er við 1. gr. 1. málslið, og fer hún fram á það, að taka upp í frv. skilyrðið í 1. gr. þurrabúðarmannalaganna 12. jan. 1888, óbreytt eins og það stendur þar, um að þurrabúðarmaður skuli færa sönnur á, að hann, auk alls klæðnaðar fyrir sig og sitt skyldulið, eigi skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nema að minnsta kosti 400 kr. upphæð.

Það vakti fyrir nefndinni, að þó hún leggi það til, að eigi skuli heimta samþykki sveitarstjórnar til þurrabúðarmennsku, þá sje samt vafasamt, hvort rjett sje að breyta lögum, sem eigi eru eldri en lögin 12. jan. 1888 svo mjög, að sleppt sje skilyrðinu um ákveðna fjáreign fyrir tómthúsmenn. Þess vegna hefur nefndin stungið upp á því, að ákvæðið um eignarskilyrðið í þeim lögum 1888 yrði tekið upp í þessi lög. Að vísu er ekkert ákvæði um það í þessu frv., hver dæma skuli um, hvort fjáreignarskilyrðinu sje fullnægt eða ekki; en nefndin leit svo á, að þessi spurning kæmi þá fyrst til athugunar, þegar kært væri yfir ólöglegri tómthúsmennsku; sveitarstjórnir mundu finna sjer skylt, að hafa athuga á þessu, og kæra þá yfir því, ef þeim þætti tómthúsmaðurinn hafa minni efni, en lögin ákveða. — Þá mundi það koma til rannsóknar, og baka hlutaðeigendum ábyrgð. Þetta ætlaðist nefndin til að væri nægilegt í þessu efni.

2. aðalbreyt.till. nefndarinnar er sú, að húsráðandi sje skyldur til að framfæra húsmanninn eða tómthúsmanninn, ef hann verður ósjálfbjarga, eins og hann væri vinnuhjú hans. Nefndinni þótt sem sje varhugavert að afnema ákvæðið um samþykki sveitarstjórnar til húsmennsku og tómthúsmennsku, nema eitthvað kæmi til að vega salt á móti því. Nefndin sá þá

ekki annað heppilegra, en að leggja ábyrgðina á þann mann, sem tekur tómthúsmanninn heim til sín. Hann er sá, sem hefur mestan hagnaðinn af því, en á hinn bóginn líka mesta áhættu. Nefndin áleit, að með þessu ákvæði væri hag sveitarfjelaganna betur borgið. Nefndinni er það kunnugt og mjer er það líka persónulega kunnugt, að sveitarstjórnir hafa víða farið fremur ógætilega og opt ranglátlega með vald sitt í þessu efni; þær hafa optar farið eptir því, sem var þörf og vilji húsbóndans en tómthúsmannsins, og þegar svo húsbóndinn ekki hefur haft brúk fyrir tómthúsmanninn, hefur hann vísað honum frá sjer, og þá hefur hreppsnefndin tangarhald á hvorugum. En ef þetta ákvæði yrði að lögum, ætlaðist nefndin til, að hún hafi tangarhald á þeim, sem hefur meira bein í hendi, nfl. húsbóndanum; nefndin ætlaðist einnig til, að ákvæði þetta gæti orðið til þess, að fæla húsbændur frá, að taka menn ógætilega í þurrabúðarmennsku eða húsmennsku. Jeg hygg að nefndin hafi farið rjetta leið í þessu efni. Þetta er aðalatriðið í breyt.till. og sem mestu varðar, og það svo miklu, að forlög frv. eru undir því komin. Breyt.till. í 3. tölul. er að eins orðabreyt., sem ekki þarf að fjölyrða um.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal geta þess, að jeg hreyfði því í nefndinni, að jeg væri ekki ánægður með breytingartillöguna undir öðrum tölulið, þar sem ákveðið er, að húsráðandi eða bóndi, sem tekur mann í húsmennsku á heimili sitt eða tómthúsmann á lóð sína, skuli framfæra húsmanninn eða tómthúsmanninn, ef hann verður ósjálfbjarga, svo sem hann væri vinnuhjú hans. Jeg vildi setja í stað orðanna: „svo sem hann væri vinnuhjú hans“, „til næstu fardaga“. Jeg vildi ekki skylda húsbóndann til að annast og framfæra húsmanninn lengur en til næstu fardaga, en eptir hjúalögunum getur húsbóndinn verið skyldur að annast hjúið á annað ár, ekki aðeins til næsta hjúaskildaga, heldur einnig allt næsta ár; fyrir því hef jeg sjálfur reynslu. En sama á sjer stað með húsmanninn og tómthúsmanninn, eptir þessari tillögu nefndarinnar; ef þeir verða ósjálfbjarga eptir jól, þá ber húsráðanda að annast þá, eigi að eins til næstu fardaga, heldur einnig allt næsta árið þar á eptir. Jeg gef því ekki atkv. með þessari breyt.till., þótt jeg vildi ekki gjöra þetta að ágreiningsatriði í nefndinni.

Framsögum. (Kr. Jónsson): H. nefndarmaður hreyfði þessu í nefndinni, en nefndin vildi ekki ganga að tillögum hans, nema aðrar takmarkanir væru settar, eins og farið er fram á í frv. Jeg held að jeg tali hjer fyrir munn meðnefndarmanna minna.

Það er satt, að það getur komið fyrir, að húsmaður eða tómthúsmaður verði ósjálfbjarga eptir jól og húsráðandi geti ekki komið honum af sjer fyr en eptir meira en ár. En jeg álít rjett, að þetta komi niður á þeim húsráðanda, sem hefur verið svo óforsjáll, að taka slíkan húsmann fyrirhyggjulaust og skilmálalaust, eða sem hefur verið svo óheppinn, að húsmaður hans hefur af ófyrirsjáanlegum ástæðum orðið ósjálfbjarga. Hver annar á að bera afleiðingarnar af því? Ekki sveitin að mínu áliti. Sama vakti fyrir mjer, þegar jeg greiddi atkvæði um frv. það í hitteð fyrra, sem var líks efnis og þetta.

Jón Jónsson: Jeg veit ekki, hvort jeg skil hina nýju grein rjett. Jeg skil hana svo, að húsráðandinn eigi að annast hinn ósjálfbjarga mann, sem sitt eigið hjú það árið, sem hann hefur leyft honum húsmennskuna. En að hann geti orðið skyldur að framfæra hann hálft ár á undan skil jeg ei, því næsta ár á und n hlýtur ósjálfbjarga maður annaðhvort að hafa verið hjú eða húsmaður hjá öðrum húsráðanda og þá hlýtur skyldan fyrir það

árið að falla á þann, sem húsmaðurinn er þá hjá. Ef húsráðandinn endurnýjar vistarráðið fyrir næsta ár, þá hvílir að sjálfsögðu skyldan á honum fyrir tvö ár, ef hann getur ekki losað sig við vistarráðið, þó húsmaðurinn sýkist eptir að hann er ráðinn.

Ef þetta er rjettur skilningur, er jeg breyt. meðmæltur.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa, að jeg var hikandi í fyrstunni í því, hvort jeg ætti að fallast á þetta frv. eða ekki. 1. gr. breytir núgildandi lögum í því, að atkvæðis sveitarstjórnarinnar þarf ekki að leita um það, hverjir megi setjast að í hverjum hrepp. Þetta gat orðið til þess, að í vissar sveitir, einkum sjávarsveitirnar, söfnuðust þeir menn, sem eptir á yrðu sveitinni allt annað en þarfir. Til þess að koma í veg fyrir þetta, kom nefndin fram með breyt.till. sínar. Því ef húsmaður eða tómthúsmaður verður ósjálfbjarga, og framfærsluskyldan fellur á húsráðanda, þá verður slíkt til að gjöra bændur varkárari með að taka slíka menn, og það er heppilegt, að eitthvert aðhald sje til í þessu efni. En hins vegar verður því ekki neitað, að hreppsnefndir hafa stundum ekki farið sem mannúðlegast eða rjettast með þann rjett, sem þær nú hafa til að synja eða leyfa aðsetur í sveitinni. Eptir þessari breyt. verður þetta samningamál milli einstaklinganna, án allrar tilhlutunar hins opinbera, og það tel jeg kost, en ekki löst.

Jeg sje ekki, hvernig hægt er að misskilja breyt.till. undir 2. staflið, eins og h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) gjörði. Verði lausamaður ósjálfbjarga eptir jól, verður hann því að eins handbendi húsbóndans næsta ár, að hann sje búinn að fá húsmennsku hjá honum það ár, en sje það ekki, getur húsbóndinn losazt við hann í næstu fardögum.

Guttormur Vigfússon: Þegar þetta sama frv. kom fyrir þingið 1895, var jeg á móti því, af því að jeg áleit, að takmarkalaus og eptirlitslaus straumur þurrabúðarfólks úr sveitum til sjávarplássanna væri til hnekkis sjávarsveitunum og sjerstaklega til hnekkis fyrir landbúnaðinn í heild sinni. Þegar þetta frv. kom aptur í sömu mynd, var jeg eins mótfallinn því, og vildi fella það strax, og byggði jeg það á því, að jeg gat þá ekki ímyndað mjer, að flutningsm. frv. frá í hitt eð fyrra mundi gjöra sig ánægðan með eins þröng skilyrði og nefndin hefur sett í frv.

Nú horfir málið því öðruvísi við, og eru allar líkur til, að jeg gefi því atkv. mitt, ef báðar breyt.till. nefndarinnar verða samþykktar, því það er síður en svo, að jeg vilji á nokkurn hátt traðka rjetti einstaklingsins, en jeg vil líka vernda rjett sveitarfjelaganna, og jeg álít, að það sje gjört með því, að setja þau ákvæði, sem hjer er farið fram á, nfl. að viss, ákveðin fjáreign sje skilyrði fyrir því, að mega setjast að í húsmennsku. Þetta álít jeg mjög sanngjarnt, þar sem það alls ekki skerðir neitt hið persónulega frelsi einstaklingsins, en á hina hliðina tryggir þó nokkuð sveitarfjelagið fyrir takmarkalausum straum af eignalausu þurrabúðar- eða húsmennskufólki. —

Ákvæðin um, að húsbændur sjeu skyldir að annast þurrabúðarmenn og húsmenn um ákveðinn tíma, ef þeir verða hjálparþurfi, álít jeg sjálfsögð og nauðsynleg, því úr því húsbóndinn hefur ráðið manninn inn í sveitarfjelagið eptir eigin geðþótta, er líka rjett, að hann verði að bera ábyrgðina, ef hann verður fjelaginu til þyngsla.

Jeg mun því greiða atkv. með breyt. till. nefndarinnar, en komist þær ekki að, mun jeg greiða atkvæði móti frv. í heild sinni.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. (C 301) stafl. 1, viðaukatill. við 1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 1. gr. þannig breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ.

með 10 samhlj. atkv.; br.till. nefnd. (C 301) stafl. 2, ný grein, er verði 3. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv.; br.till. nefnd. (C 301) stafl. 3 við 3. gr. samþ. í e. hlj.; 3. gr. þannig breytt, er verður 4. gr., samþ. með 10 samhlj. atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frv. til laga um, að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengin hlutaðeigandi söfnuðum í hendur (C 215, 302); 2. umr.

Framsögum. (Gutt. Vigfússon): Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur nefndin ráðið h. þingd. til að samþykkja frv. þetta óbreytt. Jeg vona, að h. þingdm. hafi kynnt sjer nefndarálitið og jafnframt sjerstaklega kynnt sjer álit nefndar þeirrar, er skipuð var í málið í neðri deild, sem svo rækilega hefur íhugað það og skýrt. Eins og jeg gat um við frh. 1.umr., að jafnvel þó nefndin rjeði h. deild til að samþykkja frv. þetta, þá væri nefndin sjer þess full meðvitandi, að þetta væru engin sjerleg kostaboð frá safnaðanna hálfu, þar sem flestum kirkjunum þarf að leggja svo mikla fjárupphæð, að þær geti byggt sig upp að nýju nú þegar. En þegar nefndin athugaði betur og komst að raun um, að flestar kirkjurnar voru í slæmu ástandi, og það jafnvel þó sumar þeirra sjeu nærri nýbyggðar, en aðrar gamlar og komnar að falli, þá virtist nefndinni ekki áhorfsmál, að landssjóður ætti að losast við þær sem fyrst, og það því frekar, sem tekjur þær, sem landssjóður hefur haft af kirkjum þessum að undanförnu, hafi að miklu leyti gengið til að halda þeim við, án þess að þess sjái nokkurn verulegan stað.

Hvað hinar einstöku kirkjur sjerstaklega snertir, þá er nokkuð líkt hlutfall á á milli þeirra, hvað landssjóður á að leggja til þeirra, en þó sýnist svo í fljótu bragði, sem það verði harðast fyrir landssjóð, að skila af sjer Munkaþverárkirkju, því söfnuðurinn er ekki stór og kirkjan þar af leiðandi mundi mega vera töluvert minni en hún nú er, og þar af leiðandi mun ódýrari, heldur en ef hún yrði byggð upp í sama formi; en aptur á móti er kirkjan ein hin elzta kirkja, sem nú er uppi, byggð 1844, og eptir lýsingu að dæma er lítil von, að hún geti staðið lengur. Virtist því nefndinni eðlilegt, að landssjóður legði að tiltölu meira fje til hennar en hinna annara kirkna, sem flestar munu geta látið sjóð sinn eða tillag standa á vöxtum og aukast um fleiri ár, áður til hans þarf að taka til byggingar, en tekjur kirkjunnar eru tiltölulega litlar.

Að það sje ekki tómt mál, að landssjóður hafi lagt kirkjunum töluvert fje til viðhalds þeim eða að kostnaður við viðhald þeirra hafi verið nærri að segja óhæfilega mikill, má sjá á því, að allar „brúttó"-tekjur kirkna þessara árlega hafa verið að meðaltali c. 864 kr., en „nettó"-tekjurnar að eins 388 kr., og gengur því í kostnað meira en helmingur af öllum tekjunum árlega, eða c. 476 kr. Að sönnu er þetta mjög laust yfirlit, en jeg sje þó enga ástæðu til að fjölyrða um mál þetta, sízt meðan jeg heyri engum mótmælum hreyft móti því, enda þykist jeg vita, að h. þingd.m. hafa sett sig svo vel inn í málið, að það þarf engra frekari skýringa, og vona jeg því, að frv. verði samþykkt, eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frv.gr. samþ. með 10 samhlj. atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Þrítugasti fundur, þriðjudag 10. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um viðauka við lög 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C 314); 3. umr.

Flutningsmaður (Gutt. Vigfússon): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að prent-

villa hefur læðzt inn í viðaukatill. á þingskj. 364 í 1. gr., þar sem stendur: „á eptir frumvarpinu komi ný grein“, en á að vera: „á eptir frumvarpsgreininni komi ný grein“.

Jeg hef leyft mjer að koma fram með br.till. þessa, sem að mestu leyti er sama greinin, sem felld var úr frv. við 2.umr.; en það er þó veruleg breyting að því leyti, sem áður var farið fram á, að utanþjóðkirkjumenn skyldu vera lausir við fasteignartíund bæði til prests og kirkju; en hjer er farið fram á, að þeir losist að eins við preststíundina. Jeg hef ekki getað sannfærzt um það af ræðum h. þm., að það sje rangt „princip“, að losa utanþjóðkirkjumenn við þau gjöld, sem hjer er um að ræða. Mjer finnst hitt rjettara „princip“, að sá maður, sem ekkert verk þiggur af presti þjóðkirkjunnar, sje laus við að gjalda honum, því fremur sem hann hefur einnig hina sömu skyldu við annan mann, þar sem hann þarf að gjalda sínum presti hin sömu gjöld. Af þessari viðaukatill. leiddi, að taka varð upp aptur 3. gr., sem einnig var felld, og sem miðaði sig við ákvæði 2. gr. um preststíundina, nfl. að þeir prestar, sem fengið hafa embætti áður en lög þessi öðlast gildi, missi ekki neitt í við það af tekjum sínum, heldur fái tekjuhallann endurgoldinn úr landssjóði. Þetta ákvæði finnst mjer vera sanngjarnt, og jeg get ekki sjeð, að það hafi neina hættu í för með sjer fyrir landssjóð, því hjer getur aldrei orðið um neinar stórar upphæðir að ræða, þar sem undanþágan nær að eins til *safnaða*, sem hafa gengið úr þjóðkirkjunni, en ekki við hvern einstakling. Jeg vona þess vegna, að þótt frv. þetta væri fellt um daginn, þá vinni það nú með þessari breyt. hylli h. þingd. og að hún samþykki það.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg verð að segja, að mig furðar eigi á því, þótt h. flutningsm. ekki hafi látið sannfærast af því, sem við tókum fram um daginn, til að reyna að skýra það fyrir honum, að það standi öðruvísi á með fasteignartíund en önnur gjöld. En mig furðar meira á því, að hann skuli koma með alveg sömu orðin í þessari viðaukatill., eins og í frv., sem fellt var um daginn, en þá fellt með atkvæðagr., að undanskildum orðunum „og kirkna“. H. flutningsm. gat þess í ræðu sinni áðan, að þetta væri verulegur munur. Það er að vísu munur, en hann er ekki nógu verulegur til þess að rjettlæta endurtekninguna. Hann hefur nú innleitt í þessari viðaukatill. alveg það sama, sem fellt var um daginn hjer í deildinni. En hefur h. flutningsm. hugmynd um, að þessi 2 orð hafi verið til fyrirstöðu fyrir því, að deildin samþykkti frv.? Ef svo hefði verið, þá var það ekki nema eðlilegt, að hann felldi þau burtu, af því að þau höfðu valdið hneyksli. En jeg man ekki til, að nein slík orð fjellu þá hjer í deildinni um frv., og er því ekki von til, að deildin renni því betur niður nú.

Jeg álít, að menn verði að vera varasamir með að leggja aptur fyrir deildina alveg það sama, sem hún hefur skýrt og glögglega tekið fram, að hún ekki gæti aðhyllzt. Mjer finnst það vera æði djarft að álykta, að frumvarpsgreinin muni falla h. þingd betur í geð nú en um daginn, nema ef vera skyldi, að menn væru nú komnir á aðra skoðun. Mjer er þetta mál annars ekki kappsmál, nema að því leyti sem jeg vil, að það komist fram, sem hefur við rjett rök að styðjast, en hitt ekki.

Jeg tók það fram um daginn, að grundvöllurinn til lagasetningar þessarar sje ekki eðlilegur. Enginn söfnuður þarf nú á þessum lögum að halda. En að fara að smíða lagaákvæði að eins fyrir ókomnum og ósjeðum þörfum einhverntíma í framtíðinni, tel eg ekki eiga við. Það væri ef til vill bæði hyggilegt og góð regla, að hafa svo fullkomið lagasmíði í hverri grein, að sjeð væri fyrir öllu því, er fyrir gæti komið; en slíkt getum vjer

ekki, enda hlyti það að vera óviðráðanlega mikið verk. En jeg get ekki sjeð, að svo sje ástatt hjer. Mjer finnst það naumast samboðið þinginu, að leggja sig niður við að semja lagasmíði, sem eru eins ástæðulaus eins og það, sem hjer er um að ræða, og sem að eins eru gefin út upp á væntanlega þörf í framtíðinni. En er það nú víst, að nokkur þurfi á slíkri lagasmíð að halda? Er það víst, að þótt einhver utanþjóðkirkjusöfnuður kunni að hafa verið í slíku ástandi, sem hjer er gjört ráð fyrir, 1891 eða 1892, að þessu líkt komi aptur fyrir?

H. flutningsm. (G. V.) tók það fram, að þjóðkirkjupresturinn hefði sagt, að hann mætti ekki inna af hendi prestsverk fyrir utanþjóðkirkjumenn og að sjer væri þsð bannað. Þetta bann hjelt h. flutningsm. (G. V.) að mundi vera komið frá kirkjustjórninni.

Jeg mundi, að jeg hafði skrifað viðkomandi presti, en ekki glögglega, hver orðin voru, af því að svo mörg ár voru liðin. H. flutningsm. (G. V.) vildi ekki fullyrða, að hin efsta kirkjustjórn hefði skrifað prestinum bannið. Ef það eru mín brjefaviðskipti, sem h. flutningsm. (G. V) meinar, þá bæði get jeg og finn jeg mjer skylt mín vegna að gefa upplýsingar um það.

Svo er mál með vexti, að í septembermánuði 1892 fæ jeg brjef frá prestinum í Vallanesi um, að nokkrir menn af söfnuðinum hefði látið tilkynna sjer, að þeir ekki væru lengur í þjóðkirkjunni. Í þessu brjefi gjörði presturinn svo fyrirspurn um, hvernig hann ætti að hegða sjer gagnvart þessum mönnum. Hann stýlaði fyrirspurn sína almennt á þá leið, hvort og að hve miklu leyti sjer bæri eða bæri ekki að inna eptirleiðis prestsverk fyrir þessa menn, sem höfðu sagt sig út úr þjóðkirkjunni og söfnuði hans. En þess var ekki getið, að hjer væri að eins um örstuttan tíma að ræða.

Jeg svaraði honum þá á þá leið, að mjer væri það óskiljanlegt, að menn gætu farið úr þjóðkirkjunni og þó eptir sem áður notað og óskað að nota þjónustu þess þjóðkirkjuprests, sem þeir hefðu sagt sig frá; slíkt teldi jeg mótsögn og yrði að meta sem hjegóma eða yfirdrepsskap, sem jeg gæti ekki talið samboðið virðingu þjóðkirkjunnar að lána hönd til. Taldi jeg hið eina rjetta, að fara hreint og krókalaust eptir þeim lögum, sem væru nýlega gefin um utanþjóðkirkjumenn. Mjer var óskiljanlegt, að það gæti verið annað en hjegómi, ef vissir sóknarmenn sjera Magnúsar Blöndals kæmu til hans og segðu: „Við viljum ekki vera í þjóðkirkjunni hjá þjer, en við viljum að þú gjörir öll prestsverk fyrir okkur samt sem áður“. Þetta finnst mjer vera hrein og bein mótsögn. Jeg varð því að líta svo á, að slík úrsögn væri markleysa og hjegómi. Úr því að það hvorki eru trúarsetningar, rítus eða ceremóníur þjóðkirkjunnar, sem þessir menn höfðu á móti, þá fæ jeg ekki skilið, hvað það getur verið. H. flutningsm. (G. V.) benti á, að kirkjustjórnin hefði sýnt óbilgirni við þessa menn; en hafi þeir verið óánægðir út af því, að hún hafi beitt ranglæti við þá, þá var ekki annað fyrir þá, en fara til dómstólanna, en úr því að þeir ekki hafa gjört það, þá hefur varla kveðið mikið að þessari óbilgirni eða þessu ranglæti, sem h. flutningsm. (G. V.) gat um, og þá er athugandi, hvort þeir næðu betur rjetti sínum með þessari aðferð, að vera úr þjóðkirkjunni að nafninu til, en vera samt í henni í reyndinni, því að þar sem þjóðkirkjupresturinn innir af hendi prestsverk fyrir þá eptir sem áður, þá skil jeg ekki, hver munurinn er. En það er að eins sá munur, að þeir geta sagt: „Jeg er ekki undir þjóðkirkjuna gefinn“; en mjer finnst, að þeir hlyti í raun og veru að bæta þessu við: „og þó er jeg það, úr því að jeg get látið prest hennar gjöra öll prestsverk fyrir mig“. Nú vil jeg

spyrja h. þingdeild, hvort jeg hafi misbeitt valdi mínu, þótt jeg svaraði prestinum eins og jeg gjörði? Að öðru leyti skrifaði jeg ekki eitt orð til banns fyrir prestinn um að gjöra prestsverk fyrir þessa menn; en jeg skal játa, að jeg sagði, að mjer fyndist það hvorki eðlilegt eða á rjettum rökum byggt fyrir prestinn, að framkvæma þessi verk fyrir þá menn, sem hefðu slitið öllu sambandi við þjóðkirkjuna. En ef þeir halda, að jeg hafi beitt ranglæti við sig, þá hefði þeir átt að bera málið undir landshöfðingja, og ef það ekki dugði, þá ráðgjafann; sú leið lá allt af opin fyrir þá. En þar sem h. flutningsm. (G. V.) gat þess, að þeir ekki vildu vinna það til að skrifa kirkjustjórninni, af því að þeir ekki treystu sjer til að stýla brjefið og setja allar þær kommur og punkta, sem kirkjustjórnin krefðist, þá verð jeg að halda, að h. flutningsm. (G. V.) gjöri oflítið úr sjálfum sjer og samsýslungum sínum líka. Jeg hef sjálfur komið í Fljótsdalshjerað og sjeð, að þar eru myndarlegir menn, sem jeg hygg vera eins vel færa til að stýla og skrifa brjef og yfir höfuð til að koma fyrir sig orði bæði í orði og riti, eins og hverja aðra. Jeg held þess vegna, að það sje blátt áfram allt of mikil auðmýkt og hæverska hjá þessum mönnum., sem hefur hamlað þeim að skrifa kirkjustjórninni. En ef þeir nú hefðu viljað reyna þetta, vönduðu sig á því, þótt ekki væri nema rjett í meðallagi, þá hygg jeg, að bæði landshöfðinginn og ráðgjafinn og jafnvel jeg líka mundi geta skilið það og ekki rangfæra það.

Svar mitt verður þá þetta: Jeg kannast ekki við, að jeg hafi gefið prestinum nokkurt bann um að inna af hendi prestsverk fyrir þessa menn; en jeg hef sagt, að þeir væru í mótsögn við sjálfa sig, og þess vegna væri úrsögnin að mínu áliti markleysa og hjegómi. En þó menn ekki vilji framfylgja lögunum, nje leita fyrir sjer um meintan rjett sinn á venjulegan hátt, þá sje jeg ekki að það eigi að vera næg ástæða fyrir þingið, til þess að fara að óþörfu að gefa út ný lög, til að greiða úr þeirri flækju, sem hlutaðeigendur sjálfir hafa búið til, og ekki haft verulega viðleitni til að greiða úr á venjulegan hátt.

Jeg býst alls ekki við, að jeg hafi sannfært h. flutningsm. (G. V.) og þá, sem eru á hans máli, með þessari ræðu minni, en jeg vona samt, að hann trúi mjer til þess, að jeg hermi rjett þar sem jeg sagði, að jeg skildi það sem almenna fyrirspurn frá prestinum og þess vegna svaraði jeg, eins og jeg gjörði. En síðan hef jeg ekki látið neitt til mín heyra og hef heldur ekkert heyrt, hvorki frá prestinum eða söfnuðinum, enda eru þeir, eins og h. flutningsm. (G. V.) sagði, ákaflega ragir á að skrifa kirkjustjórninni, en það held jeg nú reyndar, að sje alveg ástæðulaust.

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon): Jeg ætla ekki að þreyta h. þingd. með löngum umræðum, sem mjer virðast vera ástæðulausar, þó jeg þurfi að tala fáein orð. Jeg ætla þá fyrst að þakka h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) fyrir yfirlýsingu hans um afskipti sín af þessu máli, og tel jeg víst, að mörgum verði eins kært að lesa hana í þingtíðindunum og mjer að heyra hana hjer, og er gott, að sannleikurinn kemur í ljós í þessu máli. Mjer virtist annars h. kgk. 2. þm. (H. Sv.) álasa fríkirkjusöfnuði þeim, sem hjer hefur einkum verið um að ræða fyrir hlægilega ósamkvæmni í því, að segja sig úr þjóðkirkjunni, en vilja þó fá prestsverk af presti þjóðkirkjunnar. Mjer virðist þetta vera ástæðulaust, og slíkt ekki vera neitt hlægilegt, meðan trúarskoðanirnar eru ekki sundurleitari en svo, að þeir geta notað prestsþjónustu hans, og það því frekar, sem þessir menn geta á annan hátt verið svo staddir, að þeir hafi eng-

an annan að leita til, og meðan þeir ekki hafa fengið konunglega staðfestingu á manni þeim, er þeir hafa valið sjer fyrir prest, og hafa því engan til að framkvæma aukaprestsverk, svo sem að skíra nýfædd börn eða jarðsyngja hina látnu. Jeg verð að halda því fram, að þeim sje ómögulegt að fá prestsþjónustu á þessu tímabili nema með því að leita presta þjóðkirkjunnar (*Hallgrímur Sveinsson):* Vallamenn gátu fengið prestinn í Reyðarfirði). Það var nú einmitt það, sem þeir gátu ekki, því þegar til kom, var það álitið ólöglegt að utanþjóðkirkjusöfnuðurinn á Völlum mætti fá prestsverk hjá utanþjóðkirkjusöfnuðinum í Reyðarfirði.

Þar sem sami h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að jeg hefði vantreyst söfnuðinum til að setja svo kommur og púnkta í bónarbrjef sín, að þau væru frambærileg fyrir augu kirkjustjórnarinnar, þá hygg jeg, að málsnilldin hafi þar lagað málið. Jeg man að sönnu ekki orðin, en til þess að þetta verði engum misskilningi undirorpið, skal jeg taka það fram, að söfnuðinum mun ekki hafa fundizt það ganga svo greitt að fá svör og upplýsingar þessu máli viðvíkjandi, að tilvinnandi væri, að senda snepla til kirkjustjórnarinnar, til þess að leita álita hennar og umsagnar, um hvert smá atriði, sem fyrir gat komið, þar sem hin mest varðandi brjef, svo sem t. d. umsókn safnaðarins um að fá prest þann löggiltann, er söfnuðurinn hafði valið sjer, ekki var skemur á leiðinni en full 2 ár.

ATKVÆÐAGR.: Viðaukatill. (C. 364) stafl. 1. að á eptir frv. komi ný grein, er verði 2 gr. samþ. með 6 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson	Jón A. Hjaltalín
Gutt. Vigfússon	Hallgr. Sveinsson
Jón Jakobsson	Kristján Jónsson
Jón Jónsson	L. E. Sveinbjörnsson
Þorkell Bjarnason	Sigurður Jensson.
Sigurður Stefánsson.	

Viðaukatill. (C. 364) stafl. 3., er verði 3. gr. frv., samþ. með 7 atkv. gegn 4.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson	Jón A. Hjaltalín
Guttormur Vigfússon	Hallgr. Sveinsson
Jón Jakobsson	Kristján Jónsson
Jón Jónsson	L. E. Sveinbjörnsson
Sigurður Stefánsson	Sigurður Jensson.
Þorkell Bjarnason.	

Málið svo afgreitt til neðri deildar.

Frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða refum með eitri (C. 202, 295); 2. umr.

Þorkell Bjarnason: H. minni hluti (Þorl. J.) hjelt við síðustu umræðu þessa frumv. fram ýmsu, sem mjer virtist vera að kasta ofþungum steini á sýslunefndir og hreppsnefndir, fyrir afskipti þeirra af eyðingu refa. Bar hann þar fram ýmislegt, sem ekki er rjett; að minnsta kosti er mjer kunnugt, að svo er ekki að því er jeg þekki til, svo sem hvað sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu snertir. Hann sagði, að sýslunefndirnar skipuðu ekki hreppsnefndunum að eitra fyrir refi, en hann hefði sagt annað, ef hann hefði lesið reglugjörð fyrir eyðingu refa í Kjósar- og Gullbringusýslu. Af þessu sagði hann að leiddi aptur, að hreppsnefndirnar hugsuðu að eins um grenjavinnslu og það áleit hann alveg gagnslaust til eyðingar refum. Jeg get þó sagt honum, að fyrir 12 árum voru 63 refir unnir við greni á einu ári, í Kjós og Þingvallasveit af einum manni, og vona jeg að h. þm. (Þ. J.) geti ekki kallað þetta gagnslaust. Það gengur ekki eins illa með grenjavinnslu hjer á Suðurlandi, eins og h. þm. (Þ. J.) lýsti því á Norðurlandi, þar sem hann sagði, að kostnaðurinn við eitt gren gæti orðið 50 til 100 kr., þótt ekki næðust nema 2

yrðlingar. Hjer í Kjósar- og Gullbringusýslu getur kostnaðurinn við að liggja á greni, þar sem ekki vinnast fleiri en 2 yrðlingar, ekki orðið meiri en 36 kr. Skyttan má ekki að mig minnir, vera lengur án leyfis hreppsnefnda en viku, og verður þá kostnaðurinn í sjö daga: 2 kr. á dag til skotmanns . . . . . 14 kr.
3 kr. á dag til vökumanns . . . 21 —
fyrir 2 yrðlinga . . . . . 1 —
Samtals 36 kr.

Frv. þetta gekk til 2. umr., þótt atkvæðamunur væri lítill, og það getur verið, að jeg gefi því atkvæði mitt til 3. umr., ef breyt.till. þær fá framgang, er við meiri hlutinn höfum komið með við það; jeg verð að álíta, að þær sjeu til töluverðra bóta.

1. breyt.till., er við fyrri málsgrein 1. greinar, og lagt til að hún orðist svo: „Eitrun fyrir refi skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári, þar sem refir hafast við“, í stað þess að í frv. stendur: „tvisvar á ári“, því það getur opt verið allsendis ómögulegt að eitra svo að gagni komi sökum veðráttunnar, og sýnist þá nóg að eitra einu sinni til ónýtis, þó það sje ekki gjört optar, og þar sem stendur, að eitra skuli „að minnsta kosti einu sinni“, sýnir það að eitra má optar, þegar veðurátta leyfir og álitið verður, að það komi til gagns, og munu sýslunefndir líka fyrirskipa, að svo sje gjört.

2. breyt.till. er við 2. gr., að í stað 2—4 eitrunarmanna komi 3—6 menn. H. framsögum. (Sig. Stef.) sýndi ljóslega fram á það um daginn, að menn mundu verða lengi burtu frá heimilum sínum í eitrunarferðum. Jeg gjöri ráð fyrir, að það geti orðið 6 dagar í hreppi hverjum. Nú þegar hver eitrunarmaður hefir 3—4 hreppa undir, eins og verður eptir frv., tæki eitrunin 18—24 daga og ef tvíeitrað væri 36—48 daga, en að vera svo lengi heiman að um vetrartímann meðan harðast er og mestrar skepnuhirðingar þarf við, gæti verið bagalegt, og gengur slíkt næst þvingunarlögum, að vera neyddur til að vera svo lengi að heiman, hvernig sem á stendur, og verða ef til vill að kaupa mann dýrum dómum í stað sinn til að vera heima á meðan. Er því farið fram á, að fjölga mönnum þessum svo, að starfið verði minna á einstakling hverjum og vona jeg að menn fallist á það.

3. breyt.till. fer fram á, að kosning þessara eitrunarmanna gildi að eins til eins árs í stað þriggja, því það virðist nóg að legga mönnum þessa þungu skyldukvöð á herðar 1 ár, þótt ekki sje lengur. Þetta útilokar þó ekki, að endurkosning geti ekki átt sjer stað, ef eitrunarmenn vilja móti kosningu taka, enda munu hlutaðeigandi sýslunefndarmenn endurkjósa þá, þegar einhver er fús á að halda starfa þessum áfram, ef hann hefur reynzt vel.

4. breyt.till. er um, að 2. málsgrein 3. greinar falli burt, eða orðin: „Allur annar kostnaður, er leiðir af ráðstöfunum þeim sem fyrirskipaðar eru í 2. gr., greiðist úr sýslusjóði og er sú breyting nauðsynleg sökum 6. breyt.till.

5. breyt.till. er við síðustu málsgrein 3. gr. um að kaup eitrunarmanna sje ekki 2. kr. heldur 3. kr. á dag; jeg held að slíkt sje ekki ofmikið, þegar menn verða að vera lengi burtu frá heimilum sínum opt á óhentugum tíma, og brjótast gegnum ófærð af snjó eða vera á ferð í illviðrum.

Vona jeg að h. þingdeild þyki hjer ekki frekliga í farið, þar sem um jafn erfiðan starfa er að ræða.

6. breyt.till. fer fram á, að aptan við 3. grein frv. bætist ný málsgrein þannig hljóðandi: „Allan annan kostnað, sem leiðir af ráðstöfunum þeim, sem fyrirskipaðar eru í 2. gr. skal greiða úr sjóði hlutaðeigandi hrepps, þar sem eitrun fer fram“. Jeg skal skýra frá, hvað meiri hlutinn á við með tillögu þessari, nfl. að hjer er átt við, að hlutaðeigandi hreppssjóður borgi t. d. kjöt það eða fugla, sem eitraðir eru í hreppnum, fylgdir, sem eitrunarmaðurinn

fær á þá staði, þar sem eitra þarf á, ef hann er ókunnugur og hjálp til að flytja kjötið og koma því fyrir. Hvaða meining er að öðru leyti í ákvæðum frv., að hreppsnefnd skuli ekki mega borga slíkt, og sækja þurfi borgunina fyrir það í sýslusjóðinn nema til þess að meira muni sett upp, þegar öllu slíku er dembt á sýslusjóði, en á hinn bóginn mun hreppsnefndin ljúfari á að aðstoða eitrunarmanninn, þegar hún veit, að hreppsjóði ber að borga. Hjer þykir sjálfsagt, að breyt.till. þessi verði samþykkt, því hún er til mikilla bóta og mun draga æðimikið úr kostnaðinum.

7. breyt.till. fer fram á, að aptan við 1. málsgrein 4. gr., sem hljóðar um skýrslur þær, er eitrunarmenn gefa, komi ný málsgrein, er ákveði, að skýrslur þessar sjeu staðfestar fyrir hvern hrepp af hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvitum. Þetta ákvæði þótti meiri hluta nefndarinnar sjálfsagt, því eptirlitið væri ómögulegt, án skýrslna, og þá er sjálfsagt, að einhver þarf að staðfesta, að skýrslan sje rjett. Jeg vona því, að jafnvel h. 2. þm. Húnv. (Þ. J.) samþykki þessa breyt.till., þó hann sje ekki mikið með nefndunum.

Síðasta breyt.till. á við 6. gr. um að breyta sektarupphæðinni fyrir brot á lögum þessum úr 300 kr. í 100 kr: Skárri er það nú sektin; sem hjer er farið fram á í frv., þrefalt hærri ent. d. fyrir verstu tíundarsvik, sem þó eru að vissu leyti þjófnaður. Mjer þykir ekki þurfa að mæla með þessari breyt.till., því hún mæli með sjer sjálf og tel víst, að h. deild samþykki hana.

Þorleifur Jónsson: H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) sneri við orðum mínum, sem jeg sagði um daginn, svo að það sem hann hafði eptir mjer, var ekki nema hálfur sannleikurinn, en þegar hálfur sannleikurinn er sagður, er það opt sama sem ósannindi. Hann sagðj, að jeg hefði sagt, að sýslunefndirnar skipuðu ekki hreppsnefndunum að eitra, en jeg sagði, að í lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, væri þeim eigi skipað að láta eyða refum með eitri, eða með öðrum orðum: eitrun fyrir refi er eigi beinlínis lögskipuð. Sýslunefndunum er ekki skipað í tjeðum lögum, á hvern hátt þær skyldu eyða refum, heldur er þeim falið það í sjálfsvald. Svo gat jeg þess og, að afleiðingin væri sú, að reglugjörðir þær, sem sýslunefndir samþykktu í þessu skyni, virtust leggja aðaláherzluna á grenjavinnslu en ekki eitranir. Jeg sagði ekki, að grenjavinnslur væru ónýtar, en að þær væru miklu verri en eitranir og opt yrði árangurinn af þeim því nær enginn. Sem dæmi upp á það, sagðist jeg vita til, að kostnaðurinn við að vinna eitt gren hefði orðið 50 kr., þó ekki hefðu náðst nema 2 yrðlingar. Það eru fleiri en jeg sem vita dæmi til slíks og get jeg í því efni nefnt merkan prest hjer sunnanlands, sjera Jóhann Þorsteinsson í Stafholti, sem ritað hefur um þetta mál blaðagrein, þar sem hann segist vita dæmi til, að kostnaðurinn við að vinna eitt gren hafi orðið allt að 50 kr. og að í hreppi einum hefði verið varið yfir 100 kr. til grenjavinnslu, en árangurinn hefði orðið sá, að 2 yrðlingar hefðu verið drepnir.

Þar sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) sagði, að rúmir 60 refir hefðu unnizt á einu ári við grenjavinnslu í Kjós og Þingvallasveit, þá ætla jeg að minna á söguna, sem sami h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) sagði um jörðina Húnstaði hjerna um daginn, og sje þessi saga eins sönn, þá er ekki mikið að marka hana. Þar sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) var að halda lofræðuna yfir sýslunefndinni í Kjósar- og Gullbringusýslu fyrir dugnað hennar í að eyða refum, þá ætla jeg að eins að minnast á nokkur orð um þetta efni, frá fyrv. sýslumanni Árna Gíslasyni í Krísuvík, sem standa í skjali einu til þingsins. Segir hann, að öll tilhögun með eyðingar refa sje árang-

urslítil og óhagkvæm og vill láta breyta allri núverandi tilhögun með eitranir þannig, að þær sjeu fyrirskipaðar með lögum, og þó glæsilegar skýrslur komi til sýslunefndanna um árangur af starfi hreppsnefnda, þá dregur það æði mikið úr, þar sem sami maður segir síðar í brjefi sínu, að „fulla sönnun virðist vanta fyrir því, að að nokkurt orð sje satt í skýrslum þeim, sem sýslunefndum eru gefnar“. Að þinginu er skrifað slíkt, getur gefið góða bendingu, og þó segir h. 6. kgk. þm. (Þ. B.), að allar sýslunefndir fyrirskipi eitranir. *(Þorkell Bjarnason:* Nei, í Kjósar- og Gullbringusýslu*)*. Nei, einmitt ekki. Eitranir eru ekki fyrirskipaðar í Kjósarsýslu, nema hreppsnefndirnar álíti það nauðsynlegt. *(Þorkell Bjarnason:* Í Gullbringusýslu?*)* Já, þar eru þær að vísu fyrirskipaðar, en þó vill einn sýslubúi fyrirskipa eitranirnar með lögum, samkvæmt skýrslunni, sem jeg minntist á.

Þá ætla jeg að minnast á breyt.till., h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) og h. þm. Ísf. (Sig. St.) við frv. 1. breyt.till. fer fram á, að eitranir sjeu að eins fyrirskipaðar einu sinni í stað tvisvar. Sprettur það af þeirri ímyndun manna, sem kom fram við umr. um daginn, að í góðum vetrum væri þýðingarlaust að eitra, því þá hefði tóan nóg annað að jeta. Þetta verð jeg að vefengja. Jeg get meira að segja nefnt dæmi þess. að slík eitrun hafi haft góðan árangur. Núverandi þm. Snæfellinga hefur sagt mjer, að í vetur hafi verið þar vestra eitraðar 70—80 rjúpur nálægt sjónum, en nokkru síðar hafi 20 tóur fundizt dauðar, og var þó eitrað í góðri tíð; þetta er ekki hægt að vefengja. Jeg er sannfærður um, að sú skoðun, að ekki þýði að eitra í góðum vetri, á við engin rök að styðjast, og eitranirnar bera árangur sjeu þær vel af hendi leystar og fnglar hafðir til eitrunar. Er jeg því á móti breyt.till., því mjer þykir ekki ofmikið, að eitranir sjeu fyrirskipaðar tvisvar á vetri.

Í sambandi við þetta skal jeg minnast á ákvæðið í síðari málsgrein 1. gr., um að amtsráðin skuli semja nánari reglur hver fyrir sitt amt, um eitrun fyrir refi. Gæti þar staðið ýmislegt, sem ekki er í lögunum, svo sem hvaða skepnum ætti helzt að eitra, hvaða eiturtegundir væru beztar, hvað mikið þyrfti af hverri eiturtegund í svo og svo þunga skepnu. Þar ætti og að vera bann gegn því, að drepa á eitrinu skepnur þær, sem eitra skal, því að eitrið verður þá kraptminna, auk þess sem það eru miklar kvalir fyrir skepnurnar. Í þessum reglum yrði og ákveðið starfsvið eitrunarmanna, og búið svo um, að samræmi yrði í störfum sýslufjelaganna, svo sem t. d. að alstaðar yrði eitrað á sama tíma, að svo miklu leyti sem því verður viðkomið.

2. breyt.till. meiri hlutans er, að framkvæmdarmenn eitrunarinnar sjeu hafðir 3—6 í sýslu hverri, í stað 2—4 í frumv. Byggir h. 6. kgk. (Þ. B.) þetta á því, að starf þeirra muni verða svo mikið við eitranirnar, þar sem hver þeirra muni þurfa annars að hafa undir 3—4 hreppa, og þeir þurfi að vera 6 daga við eitranirnar í hverjum hrepp. En, eins og tala þessara manna var ákveðin í frumv., þurfti enginn að sjá um eitranir nema í 3 hreppum, nema í einni eða tveimur sýslum, því það er að eins ein sýsla, sem hefur 14 hreppa, ein 13 hr., 2 sýslur eru með 12 hr., 2 með 11 hr., 5 með 10, en 8 sýslur með færri hreppa en hver. Yrði því, þó ákvæðum frumv. væri haldið, ekki nema 3 hreppar á mann í mesta lagi, nema að eins í tveim sýslum. Jeg held, að ef eitrunarmönnum væri fjölgað, mundi eptirlit sýslunefndanna verða örðugra, og fyrirkomulagið á eitruninni meira á sundrungu og með minni samkvæmni.

Þá er 3. breyt.till., að menn þessir

sjeu að eins kosnir til eins árs í senn. Jeg hefði ekkert á móti henni, ef jeg hjeldi, að hinir nýkosnu menn yrðu eins góðir og hinir gömlu, því að því lengur, sem menn hafa vissan starfa á hendi, því æfðari verða menn í honum og leysa hann betur af hendi.

4. og 6. breyt.till. fara í þá átt, að allan kostnað við eitranina að undanteknu eitrinu skuli greiða úr hreppsjóði. Jeg er einnig á móti þessari breyt.till. vegna þess, að það er meðfram kostnaðarins vegna, að hreppsnefndirnar láta eitranirnar farast fyrir. Auk þess eiga margir hreppar upprekstur á sama afrjettarland, eu hjer stendur ekkert um, hver skuli borga eitrunarkostnaðinn á slíkum afrjettum, en ákvæði um slíkt þyrfti, ef breyt.till. kæmist að. Væri aptur á móti ákvæðum frv. haldið óbreyttum, að sýslusjóður borgi kostnaðinn við eitranir lenti ekki í neinum flækjum um þetta atriði.

5. breyt.till. um, að dagpeninga eitrunarmanna skuli hækka úr 2 kr. upp í 3 kr., legg eg ekki mikla áherzlu á.

Viðvíkjandi 7. breyt.till. um, að skýrslur eitrunarmanna sjeu staðfestar af hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, verð jeg að benda á, að þá yrði oddvitinn að ganga sjálfur á staðinn, þar sem eitrað hefði verið, gæta þess, hvort agnið hefði verið jetið, og hvort tóur fyndust dauðar. Að öðrum kosti væri ekkert gagn í staðfestingunni.

Jón Jónsson: Jeg gaf um daginn atkvæði með því, að frumv. þetta fengi að ganga til 2. umr., og ræður þær, sem um það hafa verið haldnar, hafa ekki breytt skoðun minni á því, nje sannfært mig um, að ekki sje talsverð rjettarbót í því.

Það virðist öllum, sem kunnugir eru þessu máli, koma saman um það, að eitrunin sje hið óbrigðulasta meðal til að drepa refina, en menn greinir á um það, hvort lakara sje til góðs árangurs, að sýslunefndirnar hafi að eins rjett til að fyrirskipa eitranir, eða það skuli sett fast með lögum. Jeg verð að hallast að þeirri skoðun, að meiri vissa sje fyrir því, að eyðing refa verði rækilega framkvæmd, ef lög eins og þessi eru búin til, heldur en að það vald sje eingöngu í höndum sýslunefndanna, og því til sönnunar er, að í öllum reglugjörðum sýslunefndanna er eitrunin að eins fyrirskipuð sem aukaatriði, en grenjavinnslan sem aðalatriði. Jeg skal samt ekki vera á móti sumum af þeim breyt.till,. sem fram eru komnar við frv. Þannig er jeg samþ. breyt.till. þeirri, að þessir eitrunarmenn verði frá 3—6 eptir því sem til hagar í sýslunum. Það getur staðið svo á á afskekktum stöðum, að það verði sakir ferðakostnaðarins óhæfilega dýrt, að eitrunarmenn sjeu mjög fáir og hygg jeg að óhætt sje að treysta því, að sýslunefndirnar muni ekki samt sem áður kjósa fleiri menn til þessa starfs en þörf er á.

Aptur á móti get jeg síður fallizt á, að þeir sjeu að eins kosnir til 1 árs í senn, í staðinn fyrir 3 ára, eins og gjört er ráð fyrir í frv., einkum þar sem stungið er upp á, að auka borgunina til þeirra úr 2 kr. upp í 3 kr. á dag. Það eru meiri líkur til, að þessir menn sýni meiri alúð við það starf, ef þeir eiga að gegna því í 3 ár samfleytt, og því meiri árangurs má vænta af verki þeirra, því meiri áhuga, sem þeir hafa á því að eitra sem rækilegast.

Jeg get ekki aðhyllzt breyt.till. um, að sveitarsjóðir skuli bera kostnaðinn við eitranirnar, því að eitrunin er miklu fremur sýslumál en einstaks hreppsmál. Jeg get bent á það dæmi, þar sem 3—4 hreppar nota í sameiningu afrjett, sem tilheyrir að eins einum hreppi, og væri í þess konar tilfellum ranglátt, að að eins sá eini hreppur ætti að kosta eitrun afrjettarinnar. Jeg verð því að vera á móti þeirri breyt.till. Viðaukatillagan um, að hrepps-

nefndaroddviti staðfesti skýrslurnar virðist mjer vera ógnarlega meinlaus. Jeg hygg, að hann geti gjört það án þess að ganga sjálfur á eitrunarsvæðin og að hann muni geta tekið gilda frásögu manns þess, sem í hvert skipti fylgir með eitrunarmanninum.

Þessar breyt.till. mun jeg samþ. af því að jeg álít þær vera til bóta og svo mun jeg gefa frv. atkvæði mitt.

Þorkell Bjarnason: Mjer finnst nú vera fremur vörn en sókn af hálfu h. framsögumanns minni hlutans (Þ. J.); hann gat ekkert fundið til að mæla á móti mjer annað en það, að jeg hefði rangfært orð sín og snúið þeim svo við, að þau hefðu ekki orðið nema hálfur sannleikur. Jeg hygg þó, að h. þingd. minnist þess, að hann sagði um daginn, að árangur hefði enginn orðið að því er eyðing refa snertir af ráðstöfunum hreppsnefndanna, og að engar sýslunefndir hefðu skipað fyrir um að eitra fyrir refi. Hann bar og miklar brigður á frásögu mína um Húnsstaði og jeg hygg þó, að sá maður, sem sagði mjer þá sögu þekki þar mun betur til en h. þm. Húnv. (Þ. J.), því að sá maður á heima á næsta bæ við Húnstaði. En ef þessi saga mín ber ekki vott um áreiðanlegleik, þá hygg jeg þó að það beri ekki vott um meiri áreiðanlegleik hjá sýslunefnd Húnavatnssýslu, að hún skuli hafa með 12 atkv. gegn 1 samþ. að selja Húnstaði fyrir 1300 kr., þar sem þó kaupandinn vildi gefa 1700 kr. fyrir jörðina. Þegar jeg ber mig saman við þessa till. sýslun. Húnavatnssýslu er jeg ekki viss um, að trúverðugleikur hennar verði álitinn meiri en minn.

H. sami þm. (Þ. J.) sagði að jeg hefði lokið miklu lofsorði á sýslunefnd Kjósar- og Gullbringusýslu. Það hef jeg alls ekki gjört; jeg hef einungis sagt það, að hún hafi ákveðið það í reglugjörð sinni, að eitranir skuli fara fram í Gullbringusýslu, en Kjósarsýslu trúir hún svo vel, að hún leggur þær í vald hreppsnefndanna, hve nær sem þeim sýnist ástæða til að eitra, af því að hún þekkir þá hreppa að því, að ganga vel fram í eyðing refa. Það er eigi hægt að kalla það lofkvæði, þótt viðurkennt sje það, sem sýslunefndin hefur gjört, þegar borið er á móti því af öðrum, að hún hafi gjört það.

H. framsögum. minni hlutans (Þ. J.) hefur misskilið viðaukatill. meiri hlutans við 3. gr. Það er ekki meiningin, að allur kostnaðurinn við eitranirnar skuli greiðast úr sveitarsjóðunum. Andvirði fyrir eitur greiðist úr jafnaðarsjóði; borgunin til eitrunarmanna 3 kr. á dag svo og ferðakostnaður greiðist úr sýslusjóði, en eptir uppástungu meiri hlutans, allur annar kostnaður úr sveitarsjóði. Við meiri hlutinn kunnum sem sje ekki við það, að hlutaðaeigendur þyrftu að dandalast til sýslunefndar með reikning fyrir einn hrossskrokk svo og reikning fyrir dreng, sem væri eitrunarmanninum til aðstoðar. Við álítum miklu tilhlýðilegra, að þessir reikningar væru borgaðir af hlutaðeigandi hreppsnefnd úr sveitarsjóði.

Sami h. þm. hefur það eptir þm. Snæf. (E. G.) að 20 refir hafi drepizt þar af eitrun, sem framfór í góðri tíð. Slík dæmi eru víst ákaflega sjaldgæf, að minnsta kosti þekki jeg þau ekki. En ætli þeir hafi verið „analyseraðir“ þessir refir; ætli það sje víst, að þeir hafi drepizt af eitri, en ekki dáið kerlingardauða eða orðið sóttdauðir. Þess eru dæmin, að pest getur gengið í dýrum, eins og í mönnum. Svo hefur verið ástatt með æðarfuglinn undanfarin ár fyrir nokkru sunnanlands. og verstanlands hið sama getur maður hugsað sjer um þessa refi.

H. sami þm. (Þ. J.) hafði það á móti því, að þessi annar kostnaður væri greiddur af sveitarsjóði, að fyrir gæti komið að fleiri en einn hreppur notaði sömu afrjettina, og gæti þetta því valdið flækju. En

þetta sama má segja um ákvæði frv. sjálfs um það, að greiða þennan annan kostnað af sýslusjóði, því að fyrir getur komið, að 2 sýslur noti sömu afrjett, eins og t. a. m. á sjer stað með Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar getur því komið fyrir hin sama flækjan.

Þá var sami h. þm. (Þ. J.) heldur ekki ánægður með 7. breyt.till., af því að hreppsnefndaroddviti yrði, eins og hann sagði, að ganga á eitrunarstaðina, ef hann ætti að staðfesta skýrslurnar. En þetta get jeg ekki sjeð, að sje nauðsynlegt. Hann getur látið sjer nægja að fá skýrslu frá manni þeim úr hreppnum, sem fenginn er eitrunarmanninum til fylgdar; hreppsnefndin útvegar sjálf þann mann og má þess vegna trúa því, að hann skýri henni rjett frá. Þannig er það að öllum jafnaði með yfirvöldin, að þau verða að trúa skýrslum þeim, sem undirgefnir gefa. Landshöfðingi, biskup og amtmenn geta sjaldnast sjeð það með eigin augum, sem þeim eru gefnar skýrslur um; en þeir verða að taka þá trúanlega, sem skýrslurnar gefa, að þær sjeu rjettar. Eins er það hjer. Það mætti ef til vill segja, að óhætt væri að trúa skýrslum eitrunarmannanna sjálfra, en þessi breyt.till. er þó enn betri til að taka af allan vafa.

Þetta hygg jeg að sje nægilegt til svars upp á orð h. framsögum. minni hlutans (Þ. J.).

Þorleifur Jónsson: Eptir skilningi þeim, sem h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) heldur fram á frv. og 6. breyt.till. sinni, ætti kostnaðurinn til eitrunarmanna, dagpeningar þeirra og ferðakostnaður að greiðast úr sýslusjóði. En þetta stendur alls eigi í frv. Í frv. stendur að eins, að þeir skuli fá fæðispeninga og ferðakostnað eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar; en það stendur hvergi úr hvaða sjóði þetta eigi að borgast. Ef 6. viðaukatill. h. þm. verður samþ „að allan annan kostnað, sem leiði af ráðstöfunum þeim, sem fyrirskipaðar eru í 2. gr. skuli greiða úr sjóði hlutaðeigandi hrepps“, þá hlýtur þessi kostnaður einnig að lenda á sveitarsjóðunum; um aðra sjóði getur ekki verið að ræða, þar sem að eins sveitarsjóðir eru nefndir. Sje það því meining h. meiri hluta, að þessi kostnaður til eitrunarmannanna sjálfra skuli greiðast úr sýslusjóði, þá er ómögulegt að samþ. þessa 6. till. eins og hún er orðuð. Jeg álít það einnig í alla staði óheppilegt að leggja eitrunarkostnaðinn á sveitarsjóðinn, því að eins og jeg hef tekið fram, getur það lent í flækju með eitrun á afrjettum, þar sem fleiri hreppar eiga hlut að máli; og það bætir ekkerr úr, þó að það geti einnig lent í flækju, þegar tvö eða fleiri sýslufjelög eiga saman afrjett. Það er engin bót í máli, þótt h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) geti vitnað í, að þessi galli sje á frv. Einn galli upphefur ekki annan galla. Það væri nær að reyna að fyrirbyggja báða þessa galla.

Þá kom h. sami þm. (Þ. B.) fram með þá spurningu, hvort þessir refir, sem drápust í Snæfellsnessýslu, hefðu verið „analyseraðir“. Þetta finnst mjer ekki vera gáfuleg spurning. H. þm. hlýtur þó að vita, að ekki er hægt að analysera nema í laboratorium, og laboratorium hafa þeir ekki í Snæfellsnessýslu. En þar sem að þar var eitrað og refirnir fundust eptir það dauðir á eitrunarstöðvunum, eru líkurnar fyrir því að þeir hafi drepizt af eitri svo sterkar, að þær nálgast fullkominni sönnun. Ef aldrei er fengin sönnun fyrir því, að refir hafi drepizt af eitri, nema það sannist við það, að þeir sjeu analyseraðir, þá fara nú sannanirnar að verða torveldar. Hjer eru þó fyrir hendi sterkar líkur á móti þeirri hjátrú, að ekki dugi að eitra fyrir refi í góðri tíð, og þessar líkur hef jeg komið með, en þeir, sem á móti mjer mæla hafa engar líkur fært fram fyrir sínu máli.

Út af 7. breyt.till. verð jeg enn að

halda því fram, að oddviti hreppsnefndar getur ekki staðfest skýrslurnar og vottað að þær sjeu rjettar, nema hann sjálfur kynni sjer, að þær sjeu rjettar, og það getur hann því að eins að hann annaðhvort sendi mann á eitrunarstaðinn til að rannsaka þetta eða fari þangað sjálfur. Það dugir ekki að segja, að það nægi, að skrifa upp á skýrslurnar eptir sögusögn þess, er fylgt hefur með eitrunarmanninum, því að það þarf enginn maður að fara með honum, þegar hann fer að gæta að, hvort agnið hefur verið jetið og hvort dauðar tóur hafi fundizt.

Hjer er allt öðru máli að gegna en með skýrslur, er undirgefnir embættismenn gefa yfirvöldunum; það er varla venja, að yfirvöldin staðfesti, að slíkar skýrslur sjeu rjettar; kæmi það fyrir, mundu þau aldrei gjöra það, nema þau hafi rannsakað, að svo sje í raun og veru. Það nær því eigi nokkurri átt, að bera þetta saman; það dæmi á hjer alls eigi við.

Þorkell Bjarnason gjörði þá athugasemd, að með breyt.till til 3. umr. mætti laga frv. svo, að sú meining kæmi glögglega fram, að borgunin til eitrunarmannanna ætti að greiðast úr sýslusjóði.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (C 341) samþ. með 6 atkv.; 1. gr. samþ. með 10 atkv.; 2. br.till. (C 341) samþ. með 9 atkv.; 3. br.till. (C 341) felld með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já.	*nei.*
J. A. Hjaltalín,	Þorleifur Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	Hallgr. Sveinsson,
Sigurður Jensson,	Jón Jakobsson,
Sig. Stefánsson,	Jón Jónsson,
Þorkell Bjarnason,	Kristján Jónsson,
	L. E. Sveinbjörnsson.

2. gr. samþ. með 9 atkv.; 4. br.till. (C341) felld með 6 : 4 atkv.; 5. br.till (C 341) samþ. með 9 atkv.; 6. br.till. tekin aptur; 3. gr. samþ. með 7. atkv.; 7. br.till. (C 341) samþ. með 8 : 3 atkv. með nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín	Þorleifur Jónsson
Guttormur Vigfússon	Hallgr. Sveinsson
Jón Jakobsson	L. E. Sveinbjörnsson
Jón Jónsson	
Kristján Jónsson	
Sigurður Jensson	
Sigurður Stefánsson	
Þorkell Bjarnason.	

4. gr. samþ. með 10 atkv.; 5. gr. samþ. með 6 atkv.; 8. breyt. (C 341) samþ. með 8 atkv.; 6. gr. samþ. með 8 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 6 atkv. Frv. fellt frá 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Frv. til laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala (C 331); 3. umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg hef ásamt 3 öðrum h. þm. leyft mjer að koma fram með breyt.till. (C 353) við 10. gr. frv. þessa. Jeg skal geta þess, að prentvilla er í tillögunni, þar sem stryk vantar milli „spítala“ og „þessum“. Tillagan fer fram á, að í staðinn fyrir: „spítala — þessum“, sem falli burt, komi: „holdsveikisspítala“, og er það til þess að taka öll tvímæli af um það, að enginn, sem á spítalann kemur, skuli borga fyrir veru sína á honum.

Í 10. gr. frv. er ákveðið, að þeir menn, er njóta sveitarstyrks og gjört er ráð fyrir í 7. gr., að skuli látnir á holdsveikraspítalann, skuli vera þar borgunarlaust. Í 8. gr. er gjört ráð fyrir, að einstakir menn verði og teknir á spítalann eptir ráðum læknis og úrskurði amtmanns og eiga þeir menn einnig að fá gefins veru sína á spítalanum. Þessa 10. gr., sem skýrir frá því, að allan kostnað samkvæmt lögum þessum skuli borga úr landssjóði, verður því að skilja svo, að privatmaður, sem leggur sig inn á spítalann eptir eigin hvötum, verður sjálfur að borga allan kostnaðinn fyrir sig, því það er ekki í lögunum gjört ráð fyrir, að þeir fari á

spítalann. Þessu er jeg ekki samþykkur; jeg vil láta landssjóð borga allan kostnað fyrir hvern þann, er á spítalann fer, hvort sem hann fer þangað eptir lögunum eða beiðist inntöku sjálfur. Sveitarsjóðirnir eiga miklu hægra með að borga fyrir sína meðlimi, heldur en margur prívatmaður fyrir sig, og þeir prívatmenn, sem legðu sig inn fríviljugir, mundu fáir, svo ekki mundi það auka útgjöldin mikið við spítalann, þó þeir væru þar fyrir ekki neitt, og því ekki muna landssjóð miklu, þar sem um 20,000 kr. árlegan kostnað er að ræða, þó með því fengjust árlega segjum 200—300 kr., að láta þessa menn borga fyrir sig. Og þar sem holdsveikisspítalinn er gefinn landinu, er mannúðlegra og viðkunnanlegra, að landssjóður borgi allan kostnað fyrir veru á spítalanum. Þessi breyting er að mínu áliti rjettlát og gjörð með samráði og eptir ósk manna úr h. Nd. —

Hallgrímur Sveinsson: Jeg sje ekki, að þessi breyt. hafi stórvægilega þýðingu eða sje nauðsynleg. Þetta var að minnsta kosti skoðun okkar tveggja af hinum 3 nefndarmönnum. Jeg álít breyt. ekki nauðsynlega, því ef einhver maður vill verða lagður inn á spítalann sökum þess, að hann bresti næga aðhlynningu, eða hann álíti öðrum standa hættu af sjer, þá mun læknir fúslega gefa honum vottorð og sjá um, að amtmaður úrskurði, að leggja hann inn á spítalann, ef hann er svo veikur, að læknir álíti ástæðu til að óttast að sjúkdómurinn breiðist út, og þá fær hann ókeypis spítalavist. En nú getur annað tilfelli komið fyrir, að stórríkur maður vilji fá sig lagðan inn til að hlífa efnum sínum, af því að hann hefur reiknað út, að sjer verði ódýrara að lifa á spítalanum, en annarstaðar. Ef slíkt kæmi fyrir, sje jeg enga ástæðu til, að hið opinbera borgi fyrir slíkan mann, þegar læknir hefur ekkert stuðlað til, að hann færi á spítalann. Þeir, sem næg efni hafa, eiga að borga fyrir sig sjálfir. Jeg skal játa með uppástungum. till., að slíkur kostnaður mundi ekki vega mikið í útgjöldum spítalans, en vegna þeirrar meginreglu, að landssjóður eigi ekki að standa straum af þeim, sem næg efni hafi, er jeg breyt. andstæður.

Landshöfðingi: Út af þessum ágreiningi milli h. 2. og 6. kgk. (H. Sv. og Þ.B.) skal jeg taka það fram, að annað frv. viðvíkjandi spítala handa holdsveikum mönnum er rætt í h. Nd í dag, sem 2. liður á dagskrá. Í því frv. er svo hljóðandi grein: „Á spítala þessum skal veita móttöku sjúklingum þeim, er eptir ráðstöfun hins opinbera eru þangað sendir samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Sje rúm fyrir fleiri sjúklinga, má einnig taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir æskja að fara á spítalann, fyrir ársborgun, er landshöfðingi ákveður“ (3. gr). Þetta ákvæði um *ársborgun* fyrir þá, sem sjálfir óskuðu að komast á spítalann, var fellt í Nd., þannig, að allir holdsveikir eiga að hafa kauplausa spítalavist. Breyt.till. h. 6. kgk. (Þ. B.) er því í beinu samræmi við frv., eins og það nú er. En h. þingd. ræður auðvitað sínu atkvæði fyrir því.

ATKVÆÐAGR: Breyt.till. (C 353) við 10. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv. Frv. með breytingum samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um fátækramálefni (C 110, 305); 2. umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Við 1. umr. gjörði jeg grein fyrir aðalskoðun nefndarinnar, og þar eð engin mótmæli komu gegn frv. þá við umræðurnar, sje jeg ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði þess, en ætla að eins með fáum orðum að benda á, hvaða breytingar yrðu á núgildandi lögum, ef frv. yrði samþykkt og næði staðfestingu

Í 1. gr. er farið fram á þá mikilfenglegu breytingu á gildandi lögum, að hver maður skuli eiga rjett til framfærslu í

þeim hreppi eða því bæjarfjelagi, þar sem hann hefur síðast dvalið 1 ár búsettur, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang eptir 16 ára aldur, svo framarlega sem hann ekki hefur hin síðustu 5 ár þegið sveitarstyrk, sem er óendurgoldinn. Þetta er mikilvægasta breytingin og byggist á þeirri skoðun nefndarinnar, að heimilishreppur þurfamanns eigi aðallega að vera framfærsluhreppur hans; nefndinni virtist það fjarstætt rjettlátri lagasetningu að ákveða, að fæðingarhreppur skuli jafnan vera framfærsluhreppur, þó einstaka raddir hafi áður heyrst í þá átt, en þær munu nú að vísu vera þagnaðar. Nefndin bendir á það, að það er venjulega tilviljun ein, hvar maðurinn er fæddur, en að láta slíkt ráða og láta framfærsluna vera komna undir tilviljun einni, virtist nefndinni ekki rjett. Nefndin byggur nú að vísu, að enginn muni framar halda því fram, að rjett sje, að fæðingarhreppur sje jafnan framfærsluhreppur þurfamanna; en þá kemur spurningin um vinnuhreppinn. Hugsunin er þá sú, að maður lifi víst árabil í sama hrepp; hreppurinn nýtur þá ávaxta af iðju hans, og á þá eðlilega einnig að hafa þá skyldu, að framfæra hann, ef hann verður ósjálfbjarga. Í núgildandi lögum vorum er ákveðið, að 10 samfleytt vinnuár gefi þennan rjett, áður voru það 5 samfleytt vinnuár. En með þessu er hugsunin um vinnuhreppinn ekki færð út í æsar, því að rjettu lagi ætti að reikna saman öll vinnuárin í sama hreppnum yfir höfuð, án tillits til þess, hvort dvölin þar hefur verið samfleytt, eða maðurinn hefur flutt burt í annan hrepp um sinn, og ákveða sveitfestina eptir því, hvar maðurinn hefur lengst dvalið að öllu samtöldu eptir 16 ára aldur. En þetta yrði erfitt í framkvæmdinni, og mikið umstang og þras mundi verða afleiðing þessa, ef hugsunin um vinnuhrepp væri færð út í æsar. — Nefndin getur ekki sjeð neinar ástæður gegn þessari breyt., sem farið er fram á, sem sje, að yfirgefa ákvæðin um vinnuhreppinn, nema þá einu, að þetta verður stórvægileg breyting á gildandi lögum.

Einkanlega eptir 1840 hefur mikið verið ritað og rætt um lengingu sveitfestistímans, en það er einkennilegt, að nærri öllum ástæðunum, sem færðar eru fyrir lengingu tímans, jafnvel upp í 20 ár, má snúa við, svo þær mæli með 1 árs sveitfestistíma. Jeg skal í þessu efni vitna til ritlings um fátækramálefni, sem nýlega er útkominn og allir þingmenn hafa í höndum, sjerstaklega til þess, sem sagt er á bls. 84 og 85. Jeg talaði nokkuð ítarlega um þetta atriði síðast og skal því ekki fara frekara út í það nú.

Það er þannig skoðun nefndarinnar, að hugsunarrjett sje og einnig hagfellt, að heimilishreppur sje framfærsluhreppur þurfamanns, en þó hefur hún ekki viljað leggja til, að þetta væri tekið í lög skilyrðislaust, heldur stungið upp á eins árs heimilisfestu sem skilyrði fyrir framfærslurjetti, og þannig vikið frá grundvallarreglunni. Nefndin álítur slíka ákvörðun nauðsynlega til þess að komast hjá vafaspurningum um heimilisfang þurfamanna, sem annars mundu óhjákvæmilega verða mjög tíðar. Nefndin setti dvalartímann í hreppnum eitt ár, um það má auðvitað deila, hvort það sje heppilegt tímaákvæði, en hún áleit það nægilega langan tíma til þess, að heimilisfangsspurningin þyrfti ekki að verða mjög vafningasöm eða vafasöm. Þegar nefndin setti 1 ár sem dvalartíma, var auðvitað gengið út frá því, að maðurinn, sem spurning væri um, hefði þennan tíma verið sjálfbjarga maður; en þetta þótti henni þó naumast nógu langur tími, og færði því út þetta tímaákvæði þannig, að það skyldi ná yfir hin síðustu 5 ár, þannig, að maðurinn má ekki hafa þegið sveitarstyrk þessi síðustu 5 árin, sem sje óendurgoldinn. Í sambandi við þetta stendur ákvæðið í 2. gr., þar sem ákveðið er, að hver sá maður, karl eða

kona, er á hinum síðustu 5 árum hefur þegið sveitarstyrk, og ekki endurgoldið hann, megi ekki giptast, nema því að eins, að sveitarstjórnin þar, sem maðurinn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess. Eptir núgildandi lögum er óendurgoldinn sveitarstyrkur hjónabandstálmi, hversu langt sem liðið er frá því, að styrkurinn var þeginn. Nefndin áleit sanngirni mæla með þessari breyt. og áleit hana heppilega fyrir prestana, sem eptir núgildandi lögum opt eiga erfitt með að fá að vita um sveitarstyrk, sem ef til vill er veittur fyrir 30—40 árum síðan.

Í 3. gr. er ítarlega og með berum orðum tekið fram, að dvalarhreppi beri að veita þurfamanni framfærslu til bráðabirgða, þótt hann sje þar ekki sveitlægur. Enn fremur eru í hana settar ýmsar reglur, sem fylgja skal við veitingu sveitarstyrks, til þess að tryggja það, að ekki öðrum en sönnum þurfamönnum sje veittur sveitarstyrkur, og eru reglur þessar sniðnar eptir því, sem hinir gætnustu og merkustu embættismenn vorir hafa fylgt til þessa.

Í 4. gr. er það nýmæli, að ef reglum 3. gr. sje ekki fylgt, þá missir hlutaðeigandi sveitarfjelag tilkall til endurgjalds á hinum veitta styrk. Jeg ætla, að þetta sje í samræmi við landshöfðingjaúrskurði og amtsúrskurði, sem munu hafa farið í sömu átt og ákvæði frv., þótt þau sjeu ekki enn beinlínis tekin í lög.

Samskonar ákvæði er í niðurlagi 5. gr.

Í 6. gr. er ákvæði um, að sveitarstjórnir innan ákveðins tíma, 4 vikna, skuli svara fyrirspurnum um framfærslurjett þurfalinga í hreppi sínum. Í niðurlagi greinarinnar er bætt við, að öðrum kosti varði það sektum eptir ákvæði sýslumanns. Hjer vakti fyrir nefndinni ákvæði í lögunum um sveitarstyrk og fúlgu frá 4 nóv. 1887, 6. gr., þar sem segir, að sýslumenn skuli halda þurfamönnum til hlýðni, ef þörf gjörist, með sektum eða fangelsi, eptir málavöxtum.

Næstu 5 greinarnar (7.—11.) eru um flutning þurfamanna á framfærsluhrepp og var talað um hann við 1. umr. og færðar ástæður fyrir áliti og tillögum nefndarinnar um það atriði.

Jeg skal taka það fram, að þar sem gengið er út frá því í 10. gr., að dvalarsveit og framfærslusveit komi sjer saman um flutning þurfalingsins, en dvalarsveitin ein annist hann, ef samkomulag ekki náist, þá byggist sú ákvörðun á því, að það er vanalegast dvalarsveitin, sem óskar flutningsins og vill koma þurfamanninum af sjer. Jeg álít því þessa grein á rjettum rökum byggða.

Í 12 gr. er ákveðið, að fátækraflutningur verði ekki heimilaður, nema sveitarstyrkurinn nemi meiru en 100 kr. — Þetta er samkvæmt allri stefnu frv., að takmarka flutningana sem mest.

13. gr. talar um, hver borga eigi kostnað við flutninginn. Eptir opnu brjefi 17. apríl 1868 á flutningskostnaðurinn í einni sýslu að jafnast á alla hreppa sýslunnar eptir þeim mælikvarða, sem settur er í nefndu lagaboði. Eiginlega ætti framfærslusveitin að borga þennan kostnað, eins og hvern annan kostnað, sem leiðir af framfærslu þurfalingsins, en hjer er í frv. þó ekki farið fram á það óskorað, heldur er dvalarsveitinni gjört að skyldu, að borga $^1/_4$ hluta kostnaðarins, þannig, að framfærslusveitin á að eins að bera $^3/_4$ hluta hans og er þetta samkvæmt þeirri grundvallarreglu frv., að heimilishreppur þurfamanns sje að nokkru leyti skyldur að framfæra þurfamanninn, eða taka þátt í framfærslu hans, þótt hann sje ekki orðinn þar sveitlægur. Að öðru leyti eru ákvæðin um flutning þurfamanna að mestu sniðin eptir reglum þeim, sem amtmenn og sýslumenn hafa fylgt í þessu efni að undanförnu.

14. gr. ákveður, að leggja skuli ár-

lega 1- 4% af tekjum hreppssjóðs eða bæjarsjóðs í Söfnunarsjóðinn. — Þetta er samkvæmt þeirri stefnu, sem nú er ráðandi hjer á landi, að leggja afgangsfje í fasta sjóði (t. d. Söfnunarsjóðinn) til ávöxtunar, og til þess að safna í stofnsjóð. Jeg vona því að það fái góðan byr. — Í sömu grein eru svo nánari reglur fyrir því, hvernig sjóðurinn eigi að aukast og margfaldast, þangað til hann sje orðinn svo voldugur, að hann sje fær um að ljetta undir fjárgreiðslubyrði hreppanna, eða jafnvel ljetta henni af með öllu.

Þá hef jeg stuttlega minnst á helztu ákvæðin í frv., sem fara fram á breytingar á núgildandi lögum. En þar eð engar breyt.till. hafa komið við frv., og enginn tekið til máls nema jeg fyrir nefndarinnar hönd, þá skal jeg ekki fjölyrða frekar um málið að þessu sinni, en að eins taka það fram, að nefndin mun fúslega taka á móti bendingum og leiðbeiningum, og nota þær, ef henni sýnast þær til gagns, til 3. umr. málsins.

Landshöfðingi: Þær breytingar, sem hjer er farið fram á, að gjöra á hinni núverandi fátækralöggjöf eru bæði yfirgripsmiklar og mikilfenglegar. Það er ekki svo að skilja, að jeg sje á móti því, að fátækralöggjöfin þurfi breytinga við, eða að það mætti takast, að gjöra hana hagfelldari en hún nú er. En þar sem um slíkar breytingar frá rótum er að ræða, þá álít jeg að það væri æskilegt, að þjóðinni gæfist kostur á að sjá þær og láta í ljósi skoðun sína á þeim, áður en þær yrðu að lögum. Það er sjerstaklega breyt., um að framfærslurjetturinn skuli vera bundinn við eins árs heimilisfang í sama hreppi, sem jeg álít að þurfi vandlegrar íhugunar við. Af því að jeg býst ekki við, að það verði nægur tími til þess, að mál þetta verði útrætt á þessu þingi, þá held jeg að það væri heillaráð, ef h. Nd. vildi skoða málið rækilegar og setja það í nefnd. Jeg álít að það væri kostur, til þess að mönnum út um land gæfist færi á, að láta í ljósi skoðun sína á því.

Nefndin á samt þakkir skilið fyrir að hafa komið með þessar uppástungur í þessu máli, og jeg fyrir mitt leyti get ekki betur sjeð, en að þær sjeu rökstuddar. Hversu hentugt það sje, að breyta 10 ára dvöl í einum hreppi í 1 ár, sem skilyrði fyrir sveitfesti þurfamanna, treysti jeg mjer ekki til að segja neitt um; til þess þarf margra ára reynslu. Í lögum eins og þessum, þarf hver setning og hvert orð að vera vandlega yfirvegað, svo að ekki geti verið um neinn misskilning að ræða, enda mun þessa hafa verið gætt eptir föngum, að því er þetta frv. snertir. En af því að h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) gaf tilefni til þess, þá vil jeg leyfa mjer að benda á 2. gr. um breyt. á öreigagiptingu. Í frv. er farið fram á, að hver sá maður, karl eða kona, sem á hinum síðustu 5 árum hefur fengið sveitarstyrk og ekki endurgoldið hann, megi ekki giptast nema því að eins, að sveitarstjórnin þar, sem *maðurinn* er sveitlægur, leyfi það. En í fyrsta lagi er þetta ekki fullljóst, eins og það stendur í frv.: „þar sem maðurinn er sveitlægur“. Líklega er hjer átt við brúðgumann; en það gæti líka verið, að það yrði skilið svo sem það ætti við konuna líka, af því að greinin byrjar á „hver sá maður“, svo að þá þyrfti samþykki þeirrar sveitarstjórnar, þar sem hvort um sig væri sveitlægt.

Svo er líka annað atriði, sem jeg vildi benda á, nfl. hvort ekki mundi vera rjett að sleppa alveg þessu samþykki sveitarstjórnar, þar sem brúðguminn er sveitlægur, þegar sveitfestisdvölin er gjörð svo stutt, því að þegar maðurinn er kominn burtu þaðan, sem hann síðast var sveitlægur, og hefur verið 1 ár annarsstaðar, þá hefur samþykki sveitarstjórnarinnar á fyrri staðnum enga þýðingu eptir þessum nýju lögum.

Jeg skal taka dæmi:

Setjum svo, að maður, sem dvalið hefur síðast liðið ár í Seltjarnarneshreppi, komi hingað til Reykjavíkur og setjist hjer að. Setjum svo, að hann hafi verið formaður á bát, og vilji gipta sig um haustið. Það er þá þýðingarlítið, að hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi samþykki giptinguna; henni er óhætt að gefa samþykki sitt til þess, því að á næsta hjúaskildaga er maðurinn orðinn sveitlægur í Reykjavík, og þá lendir allt á sveitinni hjer.

Svo er annað atriði, sem h. framsögumaður benti á, og sem í sjálfu sjer kannske ekkert er á móti, nfl. viðvíkjandi sektum þeim af hálfu sýslumanns, sem getið er um í enda 6. gr. frv.; jeg fyrir mitt leyti kann ekki við, að sýslumenn sekti hreppsnefndir; mjer finnst ekki að þær ættu að sektast nema annaðhvort af amtsráðum eða þá með dómi. Það er allt öðru máli að gegna með þvingunarsektir.

Að öðru leyti álít jeg, að nefndin eigi þakkir skilið fyrir þetta lagasmíði, sem eptir mínu áliti er mjög vel af hendi leyst og sem jeg vona, að verði grundvöllur að góðum lögum.

Þorkell Bjarnason: Jeg er alveg samdóma hæsth. landsh. um, að það sje varhugavert, að ráða þessu máli til lykta áður en þjóðinni gefst kostur á, að íhuga það og láta í ljósi álit sitt um það. Af þeirri ástæðu að jeg kom svo seint fram með það, að jeg sá, að tíminn mundi naumlega verða nógur til að ráða því til lykta á þessu þingi, þá var það mín skoðun, að það ætti að komast í gegnum h. Ed., og svo í h. Nd. og setjast í nefnd þar. Jeg álít að það væri mjög misráðið, ef því yrði ráðið til lykta nú á þessu þingi, enda er ekki hætt við því, þar sem svo er áliðið þingtímans.

Jeg hygg, að h. Nd. muni vilja skoða það rækilega og vona, að hún gjöri það.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): H. 6. kgk. þm. (Þ. B.) tók fram, að það væri ekki sín meining, að frv. yrði samþykkt til fullnustu á þessu þingi; nefndin hafði heldur ekki búizt við því, en hafði hugsað sjer, að þjóðin ætti að fá tækifæri til að kynna sjer málið og láta í ljósi álit sitt um það, áður en því yrði ráðið til endilegra lykta.

Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir athugasemdir hans um frv. og álít þær í öllu verulegu vera á rökum byggðar.

Þar sem í 3 línu 2. gr. stendur: „maðurinn“, þá er með því meint karlmaðurinn. Jeg áleit að það væri nógu skýrt tekið fram í frv., en við nánari athugun hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettara sje að segja karlmaðurinn. Að því er snertir frekari breytingu á reglum gildandi laga, um þeginn sveitarstyrk sem hjúskapartálma, en farið er fram á í frv., þá mun nefndin taka það til athugunar við 3. umr., samkv. því sem hæstv. landsh. benti á.

Einnig mun nefndin taka til athugunar við 3. umr. athugasemdir hæstv. landsh. við 6. gr. frv., nfl. að því er snertir það ákvæði, að sýslumönnum sje gefin heimild til að úrskurða hegningarsektir á hreppsnefndir. Að öðru leyti er ekki tilefni til fyrir mig að ræða mál þetta frekara að þessu sinni.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 2. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.; 3.—16. gr. frv. samþ. í e. hlj. hver. Frumv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894—1895 (C. 319); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1894 og 1895 (C. 320); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð (C. 318); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Þrítugasti og fyrsti fundur, miðvikudag 11. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Forseti kvað hinn reglulega þingtíma liðinn, en þar eð mörg störf væru eptir, leitaði hann leyfis landshöfðingja, til að framlengja þingtímann. Landshöfðingi lýsti því yfir samkvæmt valdi því, sem honum væri gefið með konungsbrjefi frá 21. maí þ. á., að hann framlengdi þingtímann um 14 daga eða til 25. ágúst.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. 368); 1. umr.

Sigurður Jensson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í e. hlj. og hlutu kosningu:

Jón Jónsson með 9 atkv.
Þorleifur Jónsson með 8 atkv.
Kristján Jónsson með 8 atkv.
Sigurður Jensson með 8 atkv.
Þorkell Bjarnason með 7 atkv.

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 281, 350); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Jeg álít ekki þörf að tala margt um þetta mál að þessu sinni. Skoðun nefndarinnar á málinu er tekin fram í nefndarálitinu, og mun hún því vera öllum h. þingdm. kunn. Jeg skal þó fara örfáum orðum um málið, þar sem það horfir öðruvísi við nú en á undanförnum þingum. Sú aðferð hefur hingað til verið viðhöfð síðan stjórnarskrárbaráttan var hafin 1885, að þingið hefur farið fram á, að fá uppfyllingu á hinum fyllstu sjálfstjórnarkröfum landsins, þannig, að hvað eptir annað hefur verið samþykkt stjórnarskrárbreyting, með kröfu um innlenda stjórn með fullri ábyrgð fyrir alþingi, og landstjóra, sem sæti hjer á landi. Þessi barátta er gömul, síðan 1885 og hefur opt og einatt verið sótt með allmiklu fjöri, en þó stöndum vjer nú engu nær því, að fá þessar kröfur uppfylltar, en þegar baráttan var hafin. Enginn Íslendingur mun skilja þetta svo, að kröfurnar hafi ekki við góð og gild rök að styðjast frá Íslands hálfu, heldur munu menn miklu fremur telja óvilja stjórnarinnar sem orsök þess, að vjer enn ekki erum komnir lengra, og í mínum augum og víst flestra Íslendinga hefur sú tregða ekki við góð rök að styðjast. Það eru undirtektir stjórnarinnar, sem eru orsök til þess, að við ekki erum komnir lengra, því undirtektir hennar hafa jafnan verið bert og blátt nei. En hjer er aðgætandi, að minnsta kosti til 1895 hefur kröfunum frá Íslendinga hálfu verið framfylgt þannig, að annaðhvort var fyrir stjórnina að sinna þeim að öllu leyti eða hafna þeim að öllu leyti. Þegar svona stendur á, að 12 ár eru síðan, að baráttan var hafin, og að vjer þó erum ekki komnir lengra áleiðis en í byrjuninni, þá verður hver Íslendingur að hugsa um, hvað lengi þetta megi svo til ganga, og hvort nokkur líkindi séu til þess, að þessi barátta þannig háð, muni leiða þingið og stjórnina til samkomulags um hinar fyllstu sjálfstjórnarkröfur Íslendinga.

Jeg játa það, að samkvæmt ráðherrabrjefinu frá 23. maí þ. á., eru litlar líkur til þess, að stjórnin og þingið sjeu farin að nálgast hvort annað, líkindi til að þau mætist á miðri leið, til þess að samlaga sig um þessar fyllstu sjálfstjórnarkröfur. En hjer verður líka að líta á fleira en afstöðu stjórnarinnar í þessari baráttu, það verður einnig að líta á afstöðu þjóðarinnar gagnvart málinu og þó

jeg ekki efist um, að flestir Íslendingar sjeu einhuga um það, að halda uppi kröfum sínum, þá er þó ekki hægt að neita því, að þingið hefir á stundum á þessu tímabili sótt sjálfstjórnarmálið ærið slælega, svo að kröfurnar hafa ekki orðið eins eindregnar og ákveðnar og þær hefðu þurft að vera; fylkingarnar hafa opt enda riðlast. Þetta er sorglegur sannleikur, sem ekki tjáir að dyljast við. Þessir apturkippir geta verið eðlileg afleiðing af hinni hörðu mótstöðu frá stjórnarinnar hálfu, en stundum veldur þessu líka alvöru- og festuleysi Íslendinga sjálfra. Það er eðlilegt, að þegar ekkert gengur áfram, að menn gugni og spyrji sjálfa sig: Er til nokkurs að halda lengra áfram? Er ekki betra að bíða byrjar?

Í sjálfstjórnarbaráttunni eru til 2 aðferðir. Önnur er sú, að halda fram hinum fyllstu kröfum og heimta allt eða ekki neitt. Þessari aðferð hefir verið fylgt hingað til. Íslendingar hafa sagt: „Vjer viljum annaðhvort hafa allt eða ekkert“. Stjórnin hefir svarað: „Þið fáið ekkert“. En þegar tekið er tillit til afstöðu þjóðarinnar nú á síðustu árum, og nú síðast til þingmálafundargjörðanna frá í ár, þá verð jeg að segja, að þeir eru færri nú en nokkru sinni áður, sem vilja ganga hiklaust fram í þessu máli með hinar fyllstu sjálfstjórnarkröfur vorar. Mjer dettur ekki í hug að draga þá ályktun af þessu, að Íslendingar sjeu að gefast upp eða vilji slaka til eða slá af kröfum sínum, heldur ímynda jeg mjer, að kjósendurnir sjeu farnir að hugsa, hvort ekki sje önnur aðferð til í þessu máli. Og þessi aðferð er til, hún er sú, að reyna að fá nokkuð, þótt ekki fáist allt, að leitast við að fá það sem næst liggur og bráðnauðsynlegast virðist, þótt ekki fáist hinar fyllstu kröfur uppfylltar. Á þetta benda þingmálafundargjörðir, þar sem þingmönnum er bent á, að hafna ekki tilboðum frá stjórnarinnar hálfu, enda þótt þau innibyrgi ekki uppfylling á hinum fyllstu sjálfstjórnarkröfum. Þetta benti nefndinni á, að þótt engin breyting sje orðin á skoðun Íslendinga á málinu í sjálfu sjer, sjeu menn þó ekki orðnir ófúsir á að breyta til með aðferðina til að fá sjálfstjórnarkröfur sínar uppfylltar; og að þetta er ekki hugarburður einn, sjezt á frv. frá h. Nd. H. Nd. hefur metið raddir þessar svo mikils, að hún hefur ekki komið með frv. frá undanfarandi þingum, heldur hefur tekið aðra aðferð: að byrja með litlu og feta sig svo smámsaman áfram til hins meira. En þá er að íhuga, hvort þessi aðferð þingsins hefur meiri árangurs að vænta hjá hinum málsaðilanum, stjórninni, en hinar fyllstu kröfur. Ef h. Nd. hefði ekki álitið, að svo væri mundi meiri hluti nefndarinnar ekki hafa farið fram á að breyta til. Hjer horfir töluvert öðruvisi við með undirtektirnar frá stjórnarinnar hálfu, en að undanförnu. Eins og kunnugt er, hefur það verið til mikils meins fyrir stjórnarbótarmálið, að þingið hefur ekki haft því láni að fagna, að hafa fylgi fulltrúa stjórnarinnar í þessu máli. En nú þegar er að ræða um þessa nýju aðferð, að forminu til, þá eru miklar líkur til, að frv. h. Nd. hafi eindregið fylgi fulltrúa stjórnarinnar. Þetta eru góð umskipti. Hæstv. landsh. hefur í brjefi sínu til stjórnarinnar 20. desbr. 1895 lýst því yfir, að hann áliti heppilegt og til umbóta, ef hin 3 atriði, sem eru aðaltilgangurinn í frv. Nd. fengju samþykki stjórnarinnar. Þetta hefur líka komið h. Nd. til þess að ganga öruggar þessa nýju leið: hætta við hinar fyllstu kröfur og feta sig smátt og smátt áfram.

Í sambandi við till. sínar í brjefinu til stjórnarinnar hefur hæstv. landsh. einnig lýst því yfir í byrjun þingsins, að stjórnin mundi eigi ófús á, að ganga að þessum 3 atriðum, *sjerstökum ráðherra*, er *mæti á alþingi* og hafi *ábyrgð* fyrir alþingi á öllum stjórnarstörfum sínum. Frv.

þetta hefur því það til síns gildis, að búast má við, að sje sú leið, er það fer fram á, farin, þá geti þingið og stjórnin komið sjer saman.

En þá er eptir að athuga, hvort vjer munum nokkru nær, þótt þetta fengist, og hvort þingið á að leggja sig niður við og taka á móti þessum tilboðum stjórnarinnar: sjerstökum ráðherra, er mæti á alþingi og beri ábyrgð fyrir alþingi á öllum stjórnarstörfum sínum. Þegar maður snýr sjer að hinni núverandi stjórnarskrá, og gætir að, hverjir sjeu helztu agnúarnir á henni, þá verður maður að svara, að það sje aðallega vöntunin á uppfyllingu þessara atriða. Jeg tek það fram, og held einnig, að mjer sje óhætt að gjöra það í nafni nefndarinnar, að hefði stjórnarskránni frá 1874 verið beitt eins frjálslega og frekast var unnt samkvæmt orðum hennar og anda þá mundi minni óánægja með stjórnarskrána og stjórnarfarið hafa vaknað og stjórnarskrárbaráttan hafa verið byrjuð miklu seinna en raun er á orðin. Ef ráðgjafi Íslands hefði í raun og veru verið sjerstakur ráðgjafi, er hefði mætt á alþingi og þótt ábyrgð hans hefði ekki verið meiri en stjórnarskráin ákveður, þá tel jeg enda óvíst, að vjer hefðum þann dag í dag byrjað þessa baráttu, er nú hefur háð verið í samfleytt 12 ár. Jeg legg svo mikið inn í samvinnuna og þann kunnugleik, sem við það hefði myndazt milli þjóðar og stjórnar. Það hefir einkum verið þessi agnúi: ókunnugleiki stjórnarinnar, og fjarvist ráðgjafans og ábyrgðarleysi, sem hefur verið mesti agnúinn fyrirfarfarandi ár, og sem hefur hert á sjálfstjórnarbaráttunni, komið Íslendingum til að leggja út í hana og halda henni áfram. Úr þesum agnúum má búast við að verði bætt, ef þingið vill taka með stillingu í málið og taka við þessum breytingum. Jeg álít breytingarnar mikilvægar og að þær sjeu miklar umbætur á núverandi stjórnarfari. Það er mikill munur, hvort sá maður, sem hefur hina æztu stjórn Íslands á hendi, er útlendur maður, sem er önnum kafinn af öðrum störfum, þekkir ekkert landið, sem hann á að stjórna, mætir ekki á alþingi, þar sem hann hefur tækifæri til að heyra raddir þjóðarinnar og kynnast högum hennar, eða hann er maður, sem hefur ekki önnur stjórnarstörf á hendi, er íslenzkur maður, mætir á alþingi og hefur tækifæri til að kynna sjer hagi og hugsunarhátt þjóðarinnar. Jeg hygg, að með þessari samvinnu geti maðurinn fengið margar hvatir til gagnlegrar framtakssemi fyrir land og lýð, sem útlendum manni, er aldrei hefur sjeð Ísland, gæti aldrei komið í hug nje hjarta. Þegar svo hjer við bætist, að hann hefur ábyrgð á störfum sínum, ætti breytingin að vera til enn meira gagns fyrir þjóðina. Nefndin hugði því, að enginn vafi væri á því, að rjett væri að fylgja þeirri aðferð, sem h. Nd. hefur tekið upp. En jeg skal taka það fram, að þótt þingið fylgi þessari aðferð í þetta sinn, hefir það ekki þar með afsalað sjer neinum rjetti eða slegið af sjálfstjórnarkröfum sínum, heldur á hjer við orðtækið: „Geymt er ekki gleymt“. Fengist sú breyting lögleidd, sem hjer er farið fram á, höfum vjer stigið það spor, sem getur orðið upphaf til mikilla endurbóta á stjórnarfari voru. Nefndin álítur því, að hjer sje því ekki að eins að ræða um þessi atriði í nútíðinni, heldur standi þjóðin betur að vígi til að fá meiri rjettindi í framtíðinni. Það er hægra fyrir þingið að fá óskir sínar uppfylltar, þegar er að eiga við ráðherra, sem jafnan er viðstaddur á þinginu og hlýtur eðlilega að þekkja miklu betur, hvernig öllu hagar til hjá oss, heldur en hin núverandi ráðgjafastjórn. Þessi maður getur og helgað sig því starfi að vinna fyrir Ísland, en það getur núverandi ráðgjafi ómögulega, þó hann feginn vildi, vegna annara starfa, og mismunandi þjóðernis, þar sem hann finnur sig ekki af sama

bergi brotinn og vjer. En jeg verð að leggja þann skilning í yfirlýsing hæstv. landh., að þar sem hinn tilvonandi ráðgjafi eigi að skilja og tala íslenzku, þá verði hann að öllum líkindum Íslendingur.

Jeg skal taka það fram, að hjer er að eins um nýja aðferð að ræða, og þar sem vjer með henni náum þó nokkrum auknum rjettindum, þá eigum vjer að grípa þetta tækifæri, því það er ekki sagt, að það komi aptur í bráðina. Með því að grípa það nú þegar, blandast mjer ekki hugur um, að vjer höfum náð töluverðu, sem getur leitt meira af sjer í framtíðinni. Jeg vona, að allt þingið geti sameinað sig við fulltrúa stjórnarinnar að þessu sinni. Jeg vona einnig, að málið verði rætt með ró og stillingu hjer í deildinni, eins og hún hefur orð fyrir að gjöra í flestum málum og að þessi deild láti ekki neinn æsing eða aðdróttanir hafa áhrif á atkvæði sitt í þessu velferðarmáli.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Frv. til laga um lögaldur (C 257, 309); 2. umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson): Frv. þetta er svo stutt og ákvæði þess eru ekki svo yfirgripsmikil, að jeg þurfi að halda langa ræðu um það að þessu sinni.

Jeg hef áður við frh. 1. umr. tekið fram öll þau helztu atriði, sem þurftu skýringar við, og óska nú að eins að h. þingd. samþykki breytingar þær, sem standa í nefndarálitinu.

Að því er snertir það ákvæði frv., að menn skuli vera fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 18 ára gamlir, þá hefur það verið í gildi hjer á landi síðan tilsk. 21. des. 1831 kom út; en allt fram að þeim tíma þekktist þetta ákvæði ekki í löggjöf vorri, og lengi eptir að tilsk. 21. des. 1831 kom út, var það jafnvel lítt kunnugt öllum almenningi, enda sjezt þetta aldursákvæði ekki í einu einasta hjer gildandi lagaboði nema tilskipan þessari. En auk þess er þetta aldurstakmark alveg ósamrýmanlegt við það, að hjá oss eru menn persónulega myndugir 16 ára gamlir, það er að segja mega ráða yfir vinnukrapti sínum (ráða sig í vist) og ráða yfir því fje, sem þeir sjálfir vinna sjer inn, hvort heldur er með líkamlegri eða andlegri vinnu. Í þessu efni er nægilegt að vitna til vinnuhjúalaganna. En þar sem þetta nú eru gildandi lög hjá oss, þá þótti nefndinni það liggja beint við, að „hálfmyndugleiki“ yrði bundinn við 16 ára aldur. Nefndin vill láta það fylgjast að, að menn verði „hálfmyndugir“ (ɔ: myndugir með tilsjónarmanni) og persónulega myndugir.

Jeg hygg svo að þetta sje nægilega ljóst. Að því er hitt aldurstakmarkið snertir, þá er í frv. farið fr m á, að sá maður skuli vera fullráður fjár síns, sem er 21 árs, en nú er það hjer á landi bundið við 25 ára aldur.

Eins og tekið er fram í nefndarál. þótti nefndinni engin sjerleg ástæða til þess, að farið væri nú að breyta lögunum um myndugleika, eins og þau hafa verið hjer á landi síðan 1831, en sje farið að breyta, þá þykir nefndinni rjett, að breyta í þá átt, að hin nýju ákvæði verði sem mest í samræmi við önnur núgildandi lög hjá oss um skyld málefni, og við hina eldri löggjöf vora; þess vegna leggur nefndin það til, að þetta aldurstakmark sje sett 20 ár, sem var lögaldurstakmarkið eptir Lögbók (Jónsbók) fram að 1831, og sem er sá aldur eptir gildandi löggjöf, (tilsk. 30. ágúst 1827), er menn mega kvongast. Það liggur í augum uppi, að það er næsta óeðlilegt að maður megi gipta sig og setja upp bú (fara að búa) 20 ára gamall, en vera þó ekki full-myndugur, þannig að hægt sje að gjöra ráðstafanir hans og samninga sem snerta búskap hans, lifnaðarháttu, heimilisforstöðu

o. s. frv. ógilda, ef farið væri fram á það. Þess vegna þótti nefndinni sjálfsagt að binda þetta aldurstakmark við 20 ára aldur. Þessar breytingar eru útlistaðar í nefndarálitinu og þarf jeg því ekki að fjölyrða meira um þær. Jeg vona að eins, að þær breytingar, sem farið er fram á í þessa átt, fái góðan byr hjá h. þingd. — Hvort frv. sjálft fær góðan byr, það liggur mjer í ljettu rúmi.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (C 309) samþ. í e. hlj.; 2. br.till. (C 309) samþ. í e. hlj. Meginmál frv. með breyt. samþ. í e. hlj.;Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breytingu á 1. gr. og viðauka við lög nr. 3, 2. febr. 1894 um breytingu á tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C 361); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Frv. til laga um breytingu á tilsk. 26. maí 1863 um lausamenn og húsmenn og á lögum 12. jan. 1888 um þurrabúðarmenn (C 362); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur (C 215): 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Þrítugasti og annar fundur, fimmtudag 12. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1894—1895 (C 319); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—5. gr. samþ. í e. hlj. hver. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um samþykkt landsreikninganna fyrir 1894—1895 (C 320); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Tekjubálkurinn samþ. í e. hlj. Gjaldabálkurinn samþ. í e. hlj. Niðurlagsgr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögnin samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð (C 318); 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Þetta frv. er eitt af hinum mörgu löggildingarfrv. Það er hingað komið frá h. Nd. og má búast við að einhver þar hafi skýrt frá því, hverjar nauðsynjar liggja til grundvallar fyrir því. Hjer í þessari h. Ed. hefur engin rödd látið til sín heyra um frv. Jeg vildi gjarnan fá að heyra þær ástæður, sem gjöra frv. þetta nauðsynlegt og mun atkv. mitt um málið fara eptir þeim ástæðum. Jeg býst við, að einhver h. þingdm. sje málinu svo kunnugur, að hann geti upplýst það.

Hallgrímur Sveinsson: Mjer hafa brugðizt vonirnar um, að nokkur h. þingdeildarm. vildi skýra frá nauðsyn þessa frv. Jeg held því að ástæða sje til að láta 3 manna nefnd íhuga það, og vil jeg gjöra það að uppástungu minni.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 7 : 3 atkv. Frv. samþ. með 6 : 4 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 6 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 6 : 3 atkv.

Frv. til laga um breyting og viðauka við reglugjörð um fátækramálefni (C 380); 3. umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson): Nefndin, sem skipuð hefur verið í þetta mál, hefur verið svo heppin, að frv. hennar hefur

komizt klakklaust til 3. umr., og er nú spurningin, hvort h. þingd vill nú samþ. það og senda það niður til h. Nd., svo að henni gefist tækifæri til að íhuga það. — Eptir þeim undirtektum, sem frv. hefur fengið, býst jeg við, að svarið verði játandi og er því ekki þörf að mæla margt með frv.

Jeg stend helzt upp vegna þess, að nefndin hefur komið með br.till. á þingskj. 389. 1. breyt. er um það, að í 1. gr. komi „3 ár í stað „5 ár", nfl. að það skuli ekki koma til greina til yfirfærslu eða breytingar á framfærsluskyldunni, þótt einhver eigi óendurgoldinn sveitarstyrk frá eldri tímum en hinum síðustu 3 árum, það er, að dvalarhreppurinn skuli þá samt hafa framfærsluskylduna. Öll stefna frv. þessa fer í þá átt, að binda sveitfestina sem næst við heimilisfang, og að þessari grundvallarreglu miðar einnig breyt.till. þessi. Eptir henni á einstaklingurinn rjett til hreppshelgi í heimilishreppi sínum, ef hann hefur síðustu 3 árin verið sjálfbjarga, eða skuldar eigi neinn sveitarstyrk frá þeim tíma. Næsta breyt. er, að í 2. gr. komi: „karlmaðurinn" í stað „maðurinn", og mun ekki vera nein ástæða til að hafa á móti þeirri breyt.; ástæðan fyrir henni var tilgreind við 2. umr. málsins.

3. breyt. er við 6. gr. Nefndin hefur eptir bending hæstv. landsh. íhugað þetta atriði nákvæmar og komizt að þeirri niðurstöðu, að rjett sje, að breyta ákvæðinu í þá átt, að ekki sje vikið frá hinni almennu reglu um, að sekt sje ekki lögð á, nema með dómi.

Jeg vona, að h. þingd. samþykki br.till. þessar.

Jón Jónsson: Jeg hef ekki lengt hingað til umræður um þetta frv. og ætla mjer heldur ekki að gjöra það mikið.

Mjer hefur skilizt svo á umræðunum um frv. þetta, að meiningin sje ekki sú, að gjöra frv. þetta að lögum nú á þessu þingi, heldur að eins láta íhuga og ræða það í báðum þingd.

Það hafa opt komið fram raddir um það í blöðunum og víðar, að nauðsynlegt sje að gjöra breytingar á fátækralöggjöfinni, en þessar till. hafa verið mjög óákveðnar; ekki komið skarpt fram, hverjum atriðum nauðsynlegast sje að breyta og í hverja átt breyt. ættu helzt að ganga Það hefur komið fram á þingi till. um að setja milliþinganefnd til að íhuga málið, en sú till. hefur fallið, og á þessu þingi mundi hún heldur ekki hafa byr.

Þetta er mikið vandamál og þarf ítarlegrar og langrar íhugunar við; það er því varla við því að búast, að einstakir þm. geti gjört sjer glögga grein fyrir hverju einstöku atriði þess, og hvernig afleiðingar þeirra yrðu í framkvæmdinni. Jeg segi fyrir mig, að jeg hef ekki haft tíma afgangs frá öðrum málum til að hugleiða frv. þetta nógu rækilega, en jeg hef gefið því atkv. mitt í þeim tilgangi, að málið fengi að hugleiðast í nefndum í báðum þingd.; síðan gæfist þjóðinni kostur á í næstu 2 ár að hugsa og ræða frv., áður en það yrði útkljáð. Jeg gef þessa yfirlýsingu til þess að ekki sje hægt að skoða atkv. mitt bindandi sjerstaklega við þetta frv. eða einstakar greinar þess og einstök ákvæði, ef annað frv. kæmi síðar fram eða einhverjar breyt. á frv. þessu.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það hefur áður verið tekið fram, að meining okkar nefndarmanna er ekki sú, að þetta þing afgreiði frv. sem lög, heldur hitt, að það sje hugleitt og rætt í báðum þingd. og almenningi gefist svo kostur á, að ræða það á eptir, áður en það er til lykta leitt. En það er ekki meiningin, að þingmenn dragi sig í hlje með skoðanir sínar á því, heldur að hver og einn hjálpi til þess, að gjöra það sem bezt úr garði, og ef h. þm N.-Múl. (J. J.) hefur einhverjar athugasemdir við frv. að gjöra, er honum það innan handar, og er enda skylda

hans, að koma fram með þær, svo að nefndinni verði kunnugt um þær. Hann hefur ekki gjört þetta það sem af er meðferð máls þessa, og ekkert um frv. talað fyr en nú. Jeg efast ekki um, að nefndin muni taka þakklátlega öllum bendingum bæði frá honum og öðrum.

Jeg óska og vona, að h. þingd.samþ. breyt.till. og svo frv. í heild sinni og h. Nd. taki svo vel á móti því, sem málið á skilið, og leggi fram sinn skerf til þess að leiða það á rjetta braut.

Jón Jónsson: Það er merkilegt, að h. framsm. (Kr. J.) skyldi misskilja orð mín, eins og hann gjörði. Það var alls ekki meining mín, að álasa honum eða nefndinni. Jeg sagði þvert á móti, að nefndin hefði rutt góða braut í þessu máli, og mundi jeg því greiða atkv. með frv. þessu; ef jeg hefði verið því mótfallinn, mundi jeg hafa greitt atkvæði á móti því við 2. umr.

Jeg ætlaði að taka það skýrt fram, að það þurfi langan tíma bæði fyrir þjóðina og okkur þingmennina líka til að athuga og ræða um breytingar á lögum, sem eru orðin eins rótgróin hjá þjóðinni og, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, eins innlifuð öllum almenningi, eins og hin núgildandi fátækralöggjöf. Mjer þykir því engin skömm að játa, að jeg sje ekki við því búinn nú að koma fram með breytingar á þessu umfangsmikla máli og rökstyðja þær. En úr því að h. framsögum. gaf mjer tilefni til þess, þá skal jeg taka til dæmis ákvæðið um, að sveitfesti þurfalings sje bundin við eins árs vinnuhrepp. Jeg get ekki alveg fellt mig við þetta ákvæði. Jeg hefði fremur hallast að dvalarhreppnum. En, sem sagt, treysti jeg mjer ekki til að gjöra svo ljósa grein fyrir þessu atriði sem skyldi, án þess að jeg hafi heyrt vilja manna um það og fengið betri tíma til að athuga það frekar en nú er auðið. Jeg skal að síðustu að eins leyfa mjer að taka það fram, að jeg hef að eins gjört þessar athugasemdir til þess að binda ekki atkv.-gr. mína framvegis við það, að jeg greiði atkv. með frv. nú, svo að jeg ekki komist í mótsögn við sjálfan mig, ef jeg skyldi greiða atkv. með breytingum á því síðar, ef það skyldi koma aptur inn á þingið.

Sigurður Jensson: Eins og einn h. þm. minntist á, hefur það opt komið til orða, að setja milliþinganefnd til að rannsaka fátækrareglugjörðina frá 8. janúar 1834. Mig minnir, að það lægi einnig fyrir síðasta þingi tillaga um að setja slíka nefnd í þetta mál, en ef jeg man rjett, voru víst allir á móti því í þessari deild, nema jeg. Menn sögðu þá, að það væri alveg óþarft, að endurskoða og breyta þessum lögum og töluðu þá um, að þau væru búin að ná svo mikilli festu hjá þjóðinni, eða eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þau væru orðin „innlifuð“ öllum almenningi. Nefnd sú, sem kosin var til að athuga þetta mál, hefur mjög vandlega íhugað það, og jeg fyrir mitt leyti get ekki annað en lokið lofsorði á aðgjörðir hennar, að því sem vandvirkni snertir, en mjer sýnist hún hafa komizt að annari niðurstöðu en ætla mætti eptir inngangsorðunum í nefndarálitinu, þar sem hún hefur gjört töluverða umsteypingu á fátækrareglugjörðinni.

Jeg álít þá breyt. mjög mikla og íhugunarverða, að afnema þá reglu, sem hingað til hefur verið gildandi, að menn vinni sjer sveit, en í þessu frv. er farið fram á, að eins árs dvöl í einum hreppi skuli veita mönnum þar sveitfesti. Það er þessi stóra breyt., sem hefur gjört það að verkum, að jeg ekki get gefið frv. atkvæði mitt. Það má auðvitað segja margt bæði með og móti þessari breyt., en jeg get ekki verið með að gjöra þessa stórkostlegu breyt. svona allt í einu. Jeg álít, að það sje fullkomin ástæða til að íhuga þetta mál miklu betur en kostur er á á þessu þingi. Jeg álít heppilegt, að

málið í þessu formi væri borið undir amtmenn, sýslumenn, og enda sýslunefndir og hreppsnefndir, og þeim gefinn kostur á, að segja álit sitt um það. Jeg hef ekki greitt atkvæði með því hingaðtil og ætla mjer ekki að gjöra það nú. Mjer finnst undarlegt, að láta það mál fara út úr þingd., sem menn ekki ætlast til að verði að lögum og þess vegna gef jeg ekki frv. atkv. mitt nú.

Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til h. nefndar, hvort henni ekki finnist ástæða til að láta nú hjer við lenda með þetta mál, og skora nú á stjórnina, að hlutast til um, að málið verði lagt fyrir sýslumenn, amtmenn og jafnvel sýslunefndir og hreppsnefndir, svo að það gæti orðið vel undirbúið til að leggjast fyrir næsta þing. Jeg veit ekki, hver afdrif málið muni fá í h. Nd., en hef að vísu heyrt á þeim h. þm., sem talað hafa um það, að þeir byggjust ekki við, að það yrði afgreitt frá þessu þingi; en úr því að menn ekki vita með vissu, hvernig fara muni í hinni deildinni, þá finnst mjer ekki rjett, að láta frv. fara út úr deildinni, úr því menn ekki óska þess, að það verði afgreitt sem lög frá þinginu.

Í nefndarálitinu er talað um, hve hreppsnefndunum sje lagið að beita lögunum óheppilega. Nú vil jeg spyrja, hvort það ekki mundi geta komið fyrir, að þessum lögum yrði líka beitt óheppilega af óvönduðum hreppsnefndum. Jeg hygg, að ef frv. þetta yrði að lögum, þá mundi líka mega beita þeim svo, að afleiðingarnar yrðu slæmar og jafnvel miklu verri en af hinum núgildandi lögum. Þessi lög í sambandi við önnur lög, sem nýlega hafa verið samþ. hjer í deildinni, um að húsmenn megi setjast að í hreppi án leyfis hreppsnefndar, mundi að minni meiningu í reyndinni geta leitt til ýmsra undanbragða og vafninga, engu síður en þau lög, sem nú eru. Jeg vil spyrja, hvort ekki sje hægt fyrir hreppsnefndir, ef þær vilja, að koma mönnum af sjer á aðra hreppa og láta þá verða þar sveitfasta, ef þær eru hræddar um, að þeir verði þeim að byrði.

Jeg hygg, að það sje mjög hægt fyrir þær, að fara þannig að, ef frv. þetta yrði að lögum. Jeg álít alveg nauðsynlegt og rjett, að ganga ekki lengra að svo stöddu í þessu máli, en að þingið skori á stjórnina, að leggja málið í þessu formi undir álit þeirra valda, sem jeg áður hef talað um, og ef þeim svo sýndist, þá að leggja það fyrir næsta þing.

Þorkell Bjarnason: H. þm. Barðstr. (S. J.) minntist á, að frv. þetta gjörði stórkostlega breytingu á núverandi ástandi, eða því, sem nú eru lög. Satt er, að svo er, en jeg held, að einmitt þjóðin í heild sinni óski gagngjörðrar breytingar, eptir því sem ráða má af blöðum vorum, og tímaritum, og að hún hallist helzt að breytingu í þá áttina, að menn hafi framfærslu í dvalarhreppi sínum. Þetta frv. nálgast mjög þá stefnu, þó það hafi ekki tekið hana upp að öllu leyti. Síðan opna brjefið frá 6. júlí 1848, var gefið út, um að menn skyldu hafa unnið sjer sveit þar, sem menn hafa dvalið samfleytt 10 ár, án þess að þiggja sveitarstyrk, hefur ástandið breytzt mjög mikið í landinu; þá voru menn vanalega lengi í sama stað, bæði sem hjú og húsmenn, en nú má heita, að sumt vinnufólk sje eitt árið í Sunnlendingafjórðungi, annað árið á Vesturlandi og þriðja og fjórða árið á Norður- og Austurlandi. Kemur því mjög opt 10 ára dvalarhreppur ekki til greina, og flestir hljóta að lenda á fæðingarhrepp sínum, en jeg held, að fæðingarhreppurinn sje sá lakasti hreppur, sem menn geta hugsað sjer. Af þessu leiðir afarmikla fátækraflutninga, en jeg held, að allir sjeu samdóma um, að æskilegt væri, að þeir færi fremur minnkandi en vaxandi, ekki af því að farið sje illa með fátæklinga á flutningum þessum, því jeg ætla, að slíkt eigi

sjer ekki mjög opt stað, heldur vegna þess, hvernig þeim mönnum hlýtur að líða, og hvílíka skapraun þeir hljóta að hafa, sem teknir eru frá öllum þeim, er þeim voru kunnugastir, teknir þaðan, sem þeim var hægast að fá einhverja atvinnu, og það jafnvel á þeim tíma, þegar þeim er sárast, t. d. ekkja, þegar hún hefur misst mann sinn. Þetta er það sárasta við fátækraflutninginn. Jeg hygg því, að breyting sú, sem frv. fer fram á sje mikil, sje hún þó jafnvel nauðsynleg. Það gjörir landið hvorki fátækara nje ríkara í sjálfu sjer, hvort maður á sveit í þeim hreppi, sem hann hefur dvalið í 1 ár eða 10 ár, það gjörir landinu í heild sinni ekkert, hvort þessi eða annar einstaklingur er framfærður fyrir norðan eða sunnan, austan eða vestan, þjóðmegunin verður hin sama, en fyrir einstaklinginn verður það miklu betra að verða þar á sveit, sem hann er kunnugur, heldur en á fæðingarhreppnum, þar sem hann hefur, ef til vill, ekki komið um 20—30 ár.

H. þm. Barðstr. (S. J.) tók fram, að það stæði í nefndarálitinu, að hreppsnefndir beittu óheppilega núgildandi lögum í þessu efni.

Þetta verður ekki afmáð, því það er alkunnugt, að þegar maður er búinn að vera 8 eða 9 ár í hreppnum, gera sumar hreppsnefndir allt sem í þeirra valdi stendur til að flæma þann, sem þeim þykir líklegur að verða sveitinni til þyngsla, burt með einhverju móti. Þetta getur orðið orsök til þess, að maður kemst á sveit, þó hann hefði getað verið sjálfbjarga ef hann hefði mátt vera kyrr á sama stað. Þetta vildi nefndin láta fyrirbyggja með því, að setja 1 ár í staðinn fyrir 10, jeg skil ekki, að hreppsnefndir geti komið eins fram í þessu efni, eins og þær gjöra, því þá hafa þær ekki nema eitt ár upp á að hlaupa, en það er mikill munur, eða ef þær hafa 2—3 ár, þegar þær byrja að reyna að flæma manninn í burtu úr hreppnum, þegar hann er búinn að vera t. d. 7 ár í hreppnum, eins og eptir gildandi lögum á sjer stað. Þegar maður er kominn inn í sveitina, hvort heldur sem hjú eða húsmaður eða tómthúsmaður, get jeg ekki sjeð, að hreppsnefndin geti komið honum af sjer á einu ári. Hún gæti að sönnu, ef til vill, fyrirbyggt, að hann kæmist ekki inn í hreppinn, en þó að eins, svo framarlega sem lagafrv. um þurrabúðarmenn verður að lögum, með því, að koma í veg fyrir, að hlutaðeigandi húsbóndi taki ekki mennina. Tel jeg það mikið minni skaða, en þegar menn eru hraktir úr einum stað í annan, þegar þeir eru einu sinni komnir inn í hreppinn.

Það getur vel verið, að það sje gott ráð, sem h. þm. Barðstr. (S. J.) benti á, til að beina máli þessu í rjetta átt, að snúa því upp í þingsályktunartillögu, jeg hygg þó engu að síður, að rjettara sje að afgreiða frv. til h. Nd., svo hún geti haft tækifæri til að segja álit sitt um það, og bæði þjóðin gæti síðar yfirvegað það og þingmenn á milli þinga. H. þm. (S. J.) sagði, að engin vissa væri fyrir því nema frumv. gengi fram í h. Nd., en jeg held að engar líkur sjeu til þess. H. Nd. setur auðvitað nefnd í málið og mjer þykir skipast vel, ef frv. getur komið úr nefndinni aptur, eptir því, hvað nú er orðið liðið á þingtímann.

Þegar frv. kemur svo fyrir þjóðina getur hún sagt um, hvort hún vill sinna því, eða hún vill enn þá meiri breytingar. Hún æskir stöðugt eptir nýjum lögum um þetta efni og heldur þá, að ný gullöld renni upp í fátækramálum vorum. Þó jeg sje nú ekki þeirra trúar vona jeg samt, að þetta frv., verði það að lögum, muni miklu fremur verða til bóta heldur en í gagnstæða átt. Mest álít jeg þó um það vert, að hver einstaklingur vilji gjöra það sem í hans valdi stendur til þess að verða ekki öðrum til byrði og það sje vissasti vegur til að minnka sveitarþyngsli.

Hvað fátækraframfærið snertir þá hefur það heldur minnkað yfir land allt á hinum síðari árum, þó hreppagjöldin hafi ekki minnkað, sökum aukinna gjalda til sýslusjóða, og aukinna gjalda til menntamála og gá menn ekki almennt að þessu, þegar þeir kvarta yfir fátækraframfærinu, en það hefur farið minnkandi síðan 1890 eða eða jafnvel síðan 1887 og er það gleðilegur vottur þess, að manndómur er að aukast í landinu.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Mjer virðist svo, sem frumv. þetta hafi fengið meira hrós, en búizt var við. Það er mikið hrós að segja um frv., að ef því sje sleppt við 3. umr. í þessari deild, muni það strax hlaupa óbreytt gegnum neðri deild, gegnum allar umræðurnar þar, og verða svo að lögum. En þetta, eða einhver kvíði fyrir þessu, hefur auðsjáanlega gagnsýrt allar umræðurnar í dag, hræðsla fyrir því, að ef frv. væri hleypt til neðri deildar, mundi það óðara verða samþykkt af nefndri h. deild, fá síðan staðfestingu hans hátignar konungsins, og koma svo út sem lög fyrir þjóðina. Þetta er sannarlega gleðilegt fyrir nefndina, sem fór með málið. En þar sem sumum h. þm. nú þykir það mjög varúðarvert, ef frv. skyldi verða bráðlega að lögum, og vilja nú láta setja milliþinganefnd til að íhuga það, þá sje jeg nú ekki, hvaða gagn þessi milliþinganefnd mundi gjöra fyrir málið; við erum búnir að reyna milliþinganefndirnar, og höfum sjeð árangurinn af starfi þeirra. Sjerstaklega held jeg ekki, að milliþinganefnd muni afreka frekara gagn í máli þessu, en nefnd hjer á þingi — þó að jeg segi þetta sjálfur. Það er rjett, að til þess að breyta gömlum, rótgrónum lögum þarf mikla varhugasemi og aðgæzlu. Nefndin var því í fyrstu mjög varhugasöm og vildi fara hægt í málið, en nú er hún orðin áræðnari, eptir að hún hefur starfað að málinu svo langan tíma, og er vongóð um, að það fái framgang. Jeg vona, að málið komist til neðri deildar og fái þar þá meðferð, sem neðri deild bezt getur veitt því, en jeg fyrir mitt leyti hef aldrei búizt við því, að frv. yrði að lögum á þessu þingi. Ekki af því, að frv. hafi eigi verið nægilega athugað og rannsakað á þessu þingi og af þessari deild, heldur af því, að þjóðinni þarf að gefast kostur á að athuga það og gefa álit sitt um það. Að fara að bera málið nú undir amtmenn og sýslumenn, álít jeg ekki til neins, og fyrir því áliti mínu hef jeg nærri 20 ára reynslu á því, hvaða árangur þessháttar álitsbeiðslur hafa haft. Jeg álít nóg, að það, eptir að hafa gengið í gegnum þingið, sje rætt í blöðunum, áður en þingið aptur tekur það til meðferðar.

Jeg hef verið djarfari í máli þessu, af því að jeg veit, að almenningur hefur óskað og óskar breytinga á sveitarstjórnarlöggjöfinni, og það einmitt breytinga í þá átt, sem frv. fer fram á. Deildin hefur við 1. og 2. umr. máls þessa fallist á þessar breytingar, sem eru þó breytingar frá rótum á einstaka atriðum fátækralöggjafarinnar, en nú fyrst er sá háski kominn í ljós og virðist yfirvofandi, að deildin vilji teppa málið, stemma stigu fyrir framgangi þess, og helzt eyðileggja það. Nú þarf að sögn h. þingdm. að setja milliþinganefnd og leita álits sýslumanna og amtmanna.

Jeg óska, að h. heild, eptir að hafa fengið þessa útlistun á því, hver er stefna og grundvallarhugsun frv., leyfi því að ganga til neðri deildar, þótt þessar varhuga-raddir hafi heyrzt á móti því, sem fram hafa komið í dag, og að deildin gjöri það svo fljótt, að vjer fáum að sjá, hvað neðri deild segir um málið. Ef frv. rynni þar í gegnum deildina viðstöðulaust, og yrði síðan að lögum, þá væri sigurinn fyrir frv.-höfundinn og nefndina allmikill.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 389) við 1. gr. stafl. 1. samþ. með 9 samhlj. atkv.; breyt.till. (C. 389) við 1. gr. stafl. 2.

samþ. í e. hlj.; breyt.till. (C. 389) við 6. gr. stafl. 3. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Frv. til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi (C. 371); 1. umr.

Jón Jónsson: Það sem kemur mjer til að standa upp, er bæði það, að jeg álít þetta mál eitt af hinum mest umvarðandi málum á þessu þingi, og svo sú skoðun, sem sýslunefndin í Norður-Múlasýslu kom fram með, og sem jeg veit ekki að hafi komið fram annarsstaðar á landinu, sú skoðun, að lögskipa skuli baðanir um allt land, hvort sem kláði er eða ekki. Ástæður sýslunefndarinnar voru þessar:

1) Kláðahættan er svo mikil, að ástæða er til að gjöra allt sem hægt er til að hamla útbreiðslu hans. Þótt 1-2 baðanir ekki sjeu einhlítar til að útrýma kláðanum, þá er það þó betra en að hvorki sje baðað nje borið í. Jeg vona að enginn misskilji orð mín svo, að jeg haldi fram sjálfmyndun mauranna, út í þá sálma skal jeg ekki fara, en jeg held að öllum hljóti að vera ljóst, að því verri sem hirðingin er, því meiri sje kláðahættan.

2) Lúsaóþrif, þó ekk sje kláði, valda miklu fjártjóni, því slíkar skepnur þurfa miklu meira fóður en aðrar kindur, og afurðir þeirra verða miklu minni, svo eru óþrifin kvalræði fyrir skepnurnar, sem ætti að losa þær við, og því var hreyft af sýslunefndinni í N.-Múlas., hvort ekki væri rjett að nota kláðahræðsluna til að fyrirskipa baðanir til þess að losa fjeð við öll óþrif. Úr því að sjálfsmyndun mauranna ekki á sjer stað, er slíkt heldur ekki tilfellið með fellilús og færilús og þá má gjöreyða þeim með böðunum. Mjer finnst þessi lög standa í nánu sambandi við önnur lög, sem hjer hafa verið fyrir þinginu, horfellislögin. Lúsaóþrifin hjálpa til horfellis, svo er það að minnsta kosti þar sem jeg þekki til á Austurlandi, og líkt hefur mjer sýnzt eiga sjer stað hjer á Suðurlandi og annarstaðar á landinu, þar sem jeg hef farið um.

Jeg bið deildina að íhuga, hvort ekki sje ástæða til að setja svona lagað ákvæði inn í frv.

Eins og nú hagar til getur amtið skipað baðanir í vissum hreppum eða sýslum. Slíkt vekur úlfúð og óhlýðni, menn leyna kláðanum til þess að forðast ráðstafanir yfirvaldanna, og beita mótþróa gegn skipununum, þar sem þeim finnst sjer misboðið, þar sem næsti hreppur eða sýsla ekki fá líka skipun.

Ef almennar baðanir kæmust á, hyrfi þessi mótþrói, og þar að auki kæmist fremur upp, hvar kláði væri.

Jeg vil skjóta því til deildarinnar, hvort ekki sje rjett að setja nefnd í málið þótt áliðið sje þingtímans, en jeg vil aðeins gjöra það með því skilyrði, að málinu sje flýtt og það strandi ekki á þessu þingi, því það teldi jeg mjög óheppilegt.

Þar eð fleiri taka ekki til máls, leyfi jeg mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþykkt með 7 samhlj. atkv. og hlutu kosningu:

Jón Jónsson	með	10 atkv.
Þorkell Bjarnason	—	8 —
Guttormur Vigfússon	—	4 —

Frv. til laga um breytingu á lögum um lausafjártíund 12. júní 1878 (C. 373); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um að afnema konunglega staðfestingu á stofnunarskrá prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins (C. 374); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ. í einu hljóði.

Þrítugasti og þriðji fundur, föstudag 13. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til stjórnarskipunarlaga (C 281, 350); 2. umr.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Jeg tók það fram við frh. 1. umr. þessa máls, að nefndin hefði verið samhuga í öllum aðalatriðum um frv. og að það feldi í sjer þær umbætur á hinu núverandi stjórnarástandi landsins, sem ekki bæri að hafna, en að menn ættu að grípa tækifærið til að fá þeim umbótum framgengt nú sem fulltrúi stjórnarinnar hefði lýst yfir, að stjórnin væri fús á að ganga að. Eins og tekið er fram í nefndaráliti þessarar deildar, hefur nefndin talið þessa stefnu frv. rjetta og heppilega; en þó eru einstöku atriði, sem nefndin hefur ekki getað orðið samdóma um, og skal jeg nú leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þessi ágreiningsatriði.

Hin 1. br.till., sem meiri hluti nefndarinnar ræður til að gjörð verði á frv., er sú, að 1. gr. þess sje felld burtu. Eins og kunnugt er, þá er í yfirlýsingu hæstv. landsh. ekkert minnst á það atriði, sem h. Nd hefur tekið upp í 1. gr. frv., nfl. hvort lög þau og stjórnarathafnir, sem snerta hin sjerstöku málefni Íslands, skuli ekki borin upp í hinu danska ríkisráði eða lögð undir atkvæði þess. Jeg tek það skýrt fram aptur, að í yfirlýsingu hæstv. landsh. er ekkert tekið fram í þessa átt. En vjer vitum það af reynslunni, að þetta atriði viðvíkjandi sjermálum Íslands í ríkisráðinu, hefur valdið mestum ágreiningi hingaðtil milli Íslendinga og stjórnarinnar. Það er ekki svo að skilja, að Íslendingum hafi nokkurn tíma blandazt hugur um, að ákvæðin í 1. gr. stjórnarskrárinnar um, að Ísland hefði stjórn sína og löggjöf út af fyrir sig í sjermálum þess, væru nógu skýr og ákveðin og að stjórnin þess vegna þyrfti að fara í kringum þau. En stjórnin hefur allt til þessa dags haldið þessari venju, sem er gagnstæð orðum og anda stjórnarskrárinnar. Hjer er því um stjórnarvenju að ræða, sem hefur átt sjer stað um langan aldur, en sem ekki í minnsta máta styðst við stjórnarlög Íslands, heldur er hún augljóst brot á orðum og anda þeirra. Að þetta hafi verið meining þingsins frá öndverðu, sjest af því, að á þinginu 1875 gjörðu 2 þingmenn fyrirspurnir um það, hvort það væri samkvæmt stjórnarskránni, að ráðherra Íslands sem slíkur sæti í ríkisráðinu. Það kom þá í ljós, að spyrjendurnir voru ekki í minnsta vafa um, að þessi venja stjórnarinnar væri öldungis gagnstæð orðum og anda stjórnarskrárinnar. Fulltrúi stjórnarinnar þá bar ekki fyrir sig orð stjórnarskrárinnar, en svaraði því að eins, að það leiddi af sambandinu milli Íslands og Danmerkur, að ráðherrann sæti í ríkisráðinu. Árangurinn af þessum fyrstu mótmælum gegn þessari venju stjórnarinnar varð enginn. Danir hjeldu áfram uppteknum hætti í þessu efni eptir sem áður og Íslendingar hjeldu áfram að mótmæla því. Þessi mótmæli stjórnarinnar voru ein aðalástæðan til þess, að Íslendingar byrjuðu nýja stjórnarskrárbaráttu. Frv. var samþykkt hvað eptir annað þannig, að þingið mótmælti því, að sjermál Íslands væru borin upp í ríkisráði Dana. Stjórnin hefur jafnan haft það sem synjunarástæðu gegn endurskoðun stjórnarskrárinnar, að með því að samþykkja stjórnarskrárfrv. fyrri þinga, þá væri Ísland leyst úr alríkiseiningunni; þessar mótbárur hafa klingt við í auglýsingunum 2. nóv. 1885 og 15. des. 1894. En þrátt fyrir þessar auglýsingar stjórnarinnar hefur samt hvorki þingið eða þjóðin verið í nokkrum vafa um, að 1. gr. stjórnarskrárinnar sje brotin með þessari uppteknu venju stjórnarinnar. Síðustu mótmæli stjórnarinnar í þessu efni felast í ráðgjafabrjefi til hæstv. landsh. 29. maí þ. á., og kveður þar enn við sama tón, að stjórnin vill ekki sleppa atkvæðum rík-

isráðsins í sjermálum Íslands. Hún segir, að þetta sje sprottið af misskilningi fulltrúa stjórnarinnar, en forðast eins og heitan eld að segja, á hvaða grein stjórnarskrárinnar þessi afskipti ríkisráðsins sjeu byggð. Þrátt fyrir það, þótt hjer sje um augljóst brot á stjórnarskránni að ræða, hefur þó h. Nd. viljað reyna að skýra betur orð stjórnarskrárinnar í 1. gr., og því tekið hana upp í 1. gr. frv., með þeirri viðbót, að lög þau og stjórnarathafnir, sem snerta sjerstök málefni Íslands, skuli ekki borin upp í ríkisráði Dana eða lögð undir atkvæði þess. Þótt nefndin hafi í sjálfu sjer ekkert á móti þessari viðbót, telur hún þó viðsjárvert, eins og nú stendur á, að taka hana eða yfir höfuð 1. gr., upp í þetta frv. Það hefur verið tekið fram við umræðurnar í Nd. og í nefndaráliti hennar, að þessi viðbót hafi ekki verið sett í frv. af því, að ákvæði stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874 væru ekki nógu skýr og ákveðin í þessu efni, heldur fremur sem lögskýring (authentisk Fortolkning) á ákvæðum 1.gr. stjórnarskrárinnar. Ef Íslendingar hefðu verið í nokkrum vafa um, að þessi ákvæði væru nógu skýr, þá hefði verið ástæða til að setja þessa viðbót inn í frv., en af því að það er viðurkennt, að þessi orð stjórnarskrárinnar sjeu ljós og ákveðin, þá er undarlegt, að vera að setja lögskýringar á því, sem allir telja nógu skýrt og ákveðið. Nefndin heldur því fram, að úr því menn ekki sjeu í neinum vafa um þetta atriði í stjórnarskránni, þá sje öll frekari skýring óþörf í því efni.

Eins og kunnugt er, byggir stjórnin þessa venju sína ekki á ákvæðum stjórnarskrárinnar, heldur á grundvallarlögum Dana, eins og kemur ljóslega fram í brjefi ráðgjafans til landshöfðingja, og þó vjer færum að skýra stjórnarskrána í þessari grein, þá standa grundvallarlögin eptir sem áður óbreytt, og meðan stjórnin byggir afskipti ríkisráðsins af sjermálum vorum á þeim, stendur alveg á sama, hve margar lögskýringar vjer setjum inn í stjórnarskrá vora til að fyrirbyggja þessa venju, hún helzt alveg eins fyrir því. Stjórnin hirðir hjer ekki um lagabókstafinn í stjórnarlögum vorum, en fer eptir sínum eigin vilja; hún hefur valdið í hendi sjer og hefur sýnt það bæði fyr og síðar, að hún ekki kynokar sjer við að ganga í berhögg við þetta ákvæði 1. gr. stjórnarskrárinnar. En þegar litið er á það, hvort þessi lögskýring mundi hafa nokkur önnur áhrif á málið, þá hygg jeg, að engum geti blandazt hugur um, eptir svari hæstv. landsh. í Nd., að það sjeu næsta lítil og enda engin líkindi til, að hinar aðrar umbætur fáist, ef þær eru settar í samband við þetta ríkisráðsspursmál og þannig getur þetta ákvæði frv. orðið öllu málinu að fótakefli hjá stjórninni. Þar sem nú það liggur í augum uppi, að þetta ákvæði geti orðið til þess, að hinar aðrar umbætur, sem stjórnin býður, ekki fáist, þá finnst mjer liggja nærri að spyrja, hvort það ekki sje árangurslaust, að samþykkja frv. með þessari viðbót. Það mundi að eins verða til þess, að við fengjum aukaþing og svo aptur nei frá stjórnarinnar hálfu upp á kröfur vorar.

Jeg tek það fram fyrir hönd nefndarinnar, að væri nokkur vafi á því, að stjórnarskráin sje nógu ljós og venja stjórnarinnar ólögleg, þá hefði verið ástæða til að fá skýran lagabókstaf til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni, en því fer fjarri, að svo sje. Það er kunnugt, að þingið hefur ekki álitið, að það þurfi að breyta stjórnarskránni til að fá þessu ríkisráðsspursmáli kippt í lag; því að 1891 sendi það stjórninni áskorun um, að hún ljeti ekki bera sjermál Íslands upp í ríkisráðinu. Þessi áskorun hefði verið alveg ólögmæt, ef slík breyting hefði ekki getað átt sjer stað án breytingar á stjórnarskránni. Þessi áskorun sýnir, að þingið hefur ekki verið í vafa um, að stjórnar-

skráin hafi verið brotin. Ef menn álíta, að þær breytingar á stjórnarskránni, sem hæstv. landsh. lýsti yfir að fengist gætu, sjeu til verulegra bóta, þá hefur meiri hluti nefndarinnar litið svo á, að það væri ábyrgðarhluti að hafna því eingöngu vegna þessarar lögskýringar, sem stjórnin vitanlega ekki getur gengið að. Með því að taka 1. gr. hinnar núgildandi stjórnarskrár með áðurnefndri viðbót upp í 1. gr. frv., er enginn vafi á því, að sú viðleitni, sem fram hefur komið nú frá stjórnarinnar hálfu til samkomulags við þingið í þessu máli, muni lenda í því, að engu verði ágengt. Frá þeirra sjónarmiði, sem álíta þessar br. óverulegar, getur það rjettlætzt, að taka þessi ákvæði 1. gr. stjórnarskrárinnar upp í frv., en frá sjónarmiði hinna, sem álíta þessar breytingar til verulegra bóta, getur það ekki rjett talizt, að taka þessi ákvæði upp í frv., sem allir vita að verða til þess, að frumv. verður synjað staðfestingar og allt situr svo við hið sama.

Hæstv. landsh. hefur tekið það fram, að til þess að fá ráðna bót á þessu fyrirkomulagi um sjermál Íslands í ríkisráðinu þurfi enga stjórnarskrárbreytingu. Þessu er nefndin alveg samdóma, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, en því minni ástæða er til að setja ný ákvæði um þetta inn í frv., eins og h. Nd. hefur gjört. Meðan stjórnin ekki vill hætta þessum upptekna hætti, kemur það alveg í sama stað niður, hvort þingið sendir henni áskorun eða frumvarp í þessu efni. Það er að eins *vilji* stjórnarinnar, sem ræður í þessu atriði, og hann breytist ekkert fremur, þótt hún fái frumvarp; við höfum reynslu fyrir því. Stjórnin þarf fyrst annaðhvort að sannfærast um ólögmæti þessarar venju til þess að láta af henni, eða aðrar ástæður, sem eru ríkari, komi fram til þess að hún hætti við hana.

Jeg veit, að það er vilji þings og þjóðar, að þessu verði kippt í lag, en jeg hygg, að stjórnin muni eins hafna þessum óskum þings og þjóðar, þótt þær komi fram í frumvarpsformi, eins og þótt þær komi fram sem áskorun. Það er aðgætandi, að við höfum ekki mátt til að þvinga stjórnina í þessu efni. Fyrir nefndinni vakti þá þetta: Annaðhvort að sleppa 1. gr. frv. og halda sjer við þá aðferð, sem fulltrúi stjórnarinnar benti á, með vissri von um verulegar endurbætur á stjórnarhögum og stjórnarfari voru, eða þá að samþykkja frv. með þessari grein og með þeirri fullvissu, að þessi viðleitni stjórnarinnar til samkomulags við þingið að þessu sinni yrði allsendis árangurslaus fyrir óhönduglega aðferð þingsins.

Um hinar aðrar breytingar nefndarinnar er ekki mikið að segja. Í 3. og 6. gr. frv. er það ákveðið, að neðri deild alþingis geti kært ráðherrann, þar sem í hinni núgildandi stjórnarskrá alþingi í heild sinni er heimilaður samsvarandi rjettur. Nefndin gat ekki sjeð neinar sjerstakar ástæður til að gjöra þessa breytingu. Eins og nú er ástatt, hefur Nd. hönd í bagga með skipun efri deildar, þar sem hún kýs 6 þingmenn til hennar; það er þess vegna auðgjört fyrir hina þjóðkjörnu að vera í meiri hluta í sameinuðu þingi; en í grundvallarlögum Dana er miðað við póltíska dómstól; það er þess vegna öðru máli að gegna. Ef hjer væri slíkur landsdómur, er að meira eða minna leyti væri skipaður af Ed., þá væri ástæða til að gjöra þessa breytingu; en úr því að svo er ekki, þá sá nefndin ekki ástæðu til þess. Önnur aðalbreytingin er á 8. gr. Hún er miðuð við yfirlýsingu hæstv. landshöfðingja um að stjórnin, jafnframt því, að ganga að þeim breytingum, sem áður eru nefndar, vildi fá lögleidda þá breytingu á 61. gr. stjórnarskrárinnar, að alþingi skyldi því að eins leyst upp samkvæmt þessari grein, að stjórnin vildi styðja málið. — Þessa breytingu sá h. Nd. sjer ekki fært að fallast á, og nefndin hjer í deildinni

heldur ekki; en til þess þó að nokkru leyti að bæta úr þessum óskum stjórnarinnar, vildi hún bæta því ákvæði við, að eigi sje skylt að kveðja til aukaþings, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt 61. gr. Nefndin hugði, að stjórnin vildi síður hafa aukaþing og vildi því hafa hönd í bagga með þeim.

Því hefur opt verið haldið fram, að aukaþingin sjeu nauðsynleg. Þau geta auðvitað haft mikla þýðingu; en opt og tíðum hefur sú reyndin á orðið, að þau hafa fremur dregið úr politiskum áhuga en aukið hann. Kostnaðurinn við þau hefur af mótstöðumönnum endurskoðunarinnar verið brúkaður sem grýla og þess vegna hafa margir linazt við þann kostnað, sem þau hafa í för með sjer. Hjer er að eins farið fram á, að ekki sje skylt að kveðja til aukaþings, en þar fyrir er það ekki útilokað, að stjórnin gjöri það; en samt sem áður eiga nýjar kosningar að fara fram. Nefndin áleit það betri pólitiskan skóla; því að nýjar kosningar glæða nýtt pólitiskt líf og pólitiskan áhuga hjá þjóðinni, en sem aukaþingin opt hafa dregið úr. Með þessari breytingu hugði nefndin, að báðum yrði fullnægt, stjórninni og h. neðri deild, og að h. neðri deild mundi ekki gjöra það að kappsmáli að halda aukaþingunum. Þá hefur nefndin stungið upp á, að breyta mætti með einföldum lögum um samkomudag aldingis; þessi breyting á 19. gr. stjórnarskrárinnar er í samræmi við 15. gr. hennar, þar sem leyft er að breyta tölu alþingismanna með einföldum lögum. Nefndin áleit, að þessi breyting gæti haft töluverða praktiska þýðingu, en stjórninni getur hún ekki verið kappsmál. Hinar aðrar breytingar nefndarinnar eru svo óverulegar, að jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þær. Fyrirsögninni mun nefndin ef til vill breyta frekar síðar, áður en mál þetta fer út úr þessari deild.

Jeg skal að endingu taka það fram, að það sem meiri hluti nefndarinnar hefur óskað samkomulags um, eru þessi 3 atriði eða breytingar á hinu núverandi stjórnarfari, nfl.: að skipaður verði sjerstakur ráðherra fyrir Ísland, sem ekki hafi önnur stjórnarstörf á hendi, að þessi ráðherra mæti á alþingi og að hann beri ábyrgð gagnvart þinginu, ekki að eins á því að stjórnarskráin sje haldin í framkvæmdinni, heldur einnig á stjórnarathöfninni eða embættisfærslu sinni yfir höfuð. Þessi atriði áleit meiri hlutinn svo mikilvæg, að hann ekki vildi leggja það til, að gerðar sjeu þær óþarfa breytingar á þessu frv., sem hamli því, að stjórnin gefi því samþykki sitt.

Landshöfðingi: Sem fulltrúi stjórnarinnar get jeg ekki annað en verið hinni heiðruðu nefnd þakklátur fyrir viðleitni hennar á að reyna að koma samkomulagi á milli þingsins og stjórnarinnar.

Framsögumaður meiri hluta nefndarinnar tók fram, að engum gæti blandazt hugur um, að frv. eins og það nú er, ekki sje vel fallið til að fá konunglega staðfestingu. Nefndin hefði því leitazt við að ryðja þeim þrepskjöldum burt, sem hún áleit helzt mundu standa gegn því, að frv. yrði staðfest. En mjer dylst ekki, að nefndin hefur ekki stigið skrefið fullt út, það skref sem nauðsynlegt er til þess, að vissa eða full von sje um að hið eptiræskta samþykki fáist. Eitt stig hefur nefndin stigið með því að fella 1. gr. frv. burt. Þetta er mikilsvert stig, en jeg álít, að fleiri agnúar sjeu enn á frv. neðri deildar, þótt 1. gr. falli burt.

Nefndin hefur hreyft við einum agnúa í frv. Nd., þar sem hún leggur til að ákvæðin: „Konungur eða *neðri deild alþingis* geta kært ráðgjafann . . . .“ komi: „Konungur eða *alþingi* . . .“. En úr því nefndin hreyfði við þessu atriði, sem rjett var, því þá ekki taka skrefið fullt út og breyta þessu aptur, eins og það er í núgildandi stjórnarská: „Alþingi kemur *fyrir sitt*

leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum . . .“ Eptir því sem jeg skil setninguna, hefur þetta; „Alþingi . . . fyrir sitt leyti“ talsverða þýðingu. Það lítur út sem bæði neðri deild og nefndin skilji: „Alþingi . . .“ í mótsetningu við konunginn. En það er nú ljóst eptir því, sem stjórnin lítur á málið, að alþing er hjer ekki að eins sett í mótsetning við konunginn, heldur einnig við *ríkisþingið*. Jeg gæti hugsað mjer að ef þessu: „Alþingi fyrir sitt leyti - væri ekki haldið gæti það orðið til þess að ráðgjafinn vildi ekki samþykkja frv. Jeg vildi því skjóta því til nefndarinnar, hvort hún ekki vildi stinga uppá þeirri breytingu til 3. umr. að láta 2. málsgr. 3. gr. standa óbreytta, eins og hún er í hinni núgildandi stjórnarskrá.

Neðri deild hefur gjört viðbót eða innskot í 2. gr. frv. um, að ráðgjafinn verði að skilja og tala íslenzka tungu. Þetta finnst mjer að öllu óþörf setning, og því sem óþarft er, er bezt að sleppa, því það getur aldrei gert neitt gagn, heldur fremur skaða. Það er auðvitað, að ef ráðgjafinn situr á alþingi, verður hann að skilja íslenzka tungu. Einnig orðin: „Ráðgjafinn má eigi hafa önnur stjórnarstörf á hendi,“ eru óþörf, því ef hann situr á alþingi getur hann ekki haft önnur stjórnarstörf. Þessi orð væri því rjettast einnig að nema burt.

Jeg er ekki samþykkur 6. breytingartillögu nefndarinnar um svo hljóðandi nýja grein: „Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum“. Þetta ákvæði mun vera sett í stjórnarskrána til þess, að veita alþingi stjórnskipunarlegan rjett til að koma saman annaðhvort ár, hvort sem konungur kallar það saman eða ekki, og þá á það að koma saman 1. virkan dag í júlí. En mjer skildist framsögumaður taka þetta svo, að í breyt.till. væri farið fram á, að breyta mætti samkomudeginum með lögum; en það virðist vera næsta óþarft, þar sem konungur sjálfur getur tiltekið annan samkomudag, ef það þykir betur henta. Eins og breyt.till. er orðuð, verður hún varla skilin öðruvísi, en að tilgangurinn með henni sje sá, að með almennum lögum megi ákveða, að alþingi skuli koma optar saman en annaðhvort ár. En að ráðgjafinn sje þeirri breytingu meðmæltur, tel jeg næsta vafasamt. Ef þessar breytingar mínar verða teknar til greina, má álíta nálega fulla vissu fyrir, að samkomulag náist.

Jeg skal vekja athygli á einu enn þá, og er það, að þó nefndin hafi sýnt mikla viðleitni á að ná samkomulagi, virðist hún hún hafa kippt fótunum undan öllum samningum með þingsályktuninni á þingskj. 388. Jeg tók það fram í neðri deild, að skilyrði fyrir staðfestingu ráðgjafans væri, að stjórnarskrárfrv. þetta kæmi fram sem fullnaðarúrslit á þessari stjórnarskrárbaráttu, og að hvorki í frv. sjálfu nje í neinu fylgiskjali með því, ályktun eða ávarpi, væri bent á, að meiningin væri ekki að nema staðar við þessi lög, heldur yrði baráttunni haldið áfram.

Jeg vil brýna þetta fastlega fyrir nefndinni, að ráðgjafinn hefur tekið þetta fram. Það er því hættulegt að halda þingsályktunartillögunni fram, og ræð jeg öllum, sem óska samkomulags um hin 3 atriði, að taka tillöguna til baka.

Jón Jakobsson: Af því að jeg var sá eini, sem ekki stóð upp fyrir frv. til 2. umr., finn jeg ástæðu til að gjöra grein fyrir þessari setu minni, þar sem fólki mun þykja kynlegt, að jeg, sem stóð svo óþægilega framarlega í samkomulagsviðleitni þingsins 1895, sökum stöðu minnar sem þjóðkjörinn þingmaður efri deildar, skuli nú vera sá eini hjer í deild, sem er á móti frumvarpinu í báðum myndum þess,

sem þó verður að skoðast sem nokkurs konar afspringur þingsályktunartill. þeirrar, sem þá var samþykkt.

Jeg vona, þótt þetta mál sje komið í allmikla flækju á þessu þingi, þá takist mjer þó að sannfæra h. deild um, að framkoma mín nú og áður í þessu máli sje skiljanleg og eðlileg. Þar sem jeg að nokkru leyti var orsök þess, að þingslyktunartillöguleiðin bar hærri hlut í þessari deild 1895, þá kom það til af því, að jeg þóttist sannfærður um, að stefna sú og frumvörp, sem haldið hafði verið fram á undanförnum þingum, hefði veikt málið svo mjög í höndum þjóðarinnar, að lítið útlit væri fyrir, að haldið yrði áfram málinu eins sleitulaust og að undanförnu, nema því að eins, að áður væri reyndur — og fullreyndur til þrautar — sá vegur, sem opt hafði áður verið talað um sem heppilegan til samkomulags, þingsályktunarleiðin. Jeg hugsaði sem svo: Þegar sú gata er gengin til þrautar árangurslaust, þá hef jeg svo mikið traust til þjóðar minnar, að hún síðar meir kikni ekki í baráttunni, heldur haldi áfram í horfi réttu og finni brátt eitthvert það frumv., er hún öll — eða því nær öll — geti sameinað sig um. En satt að segja bjóst jeg ekki við, þegar þingsályktunin 1895 var samþykkt í efri deild, að hún mundi mæta nokkrum tvíveðrungi hjá stjórninni, heldur annaðhvort hreinu jái eða nei, og þá var auðveldari eptirleikurinn. Hitt kom mjer ekki til hugar, að stjórnin mundi svara samkomulagsviðleitni síðasta þings í þessu mikilsvarðandi máli, með hreinu afsvari um fordyrnar, en um leið með dræmings, hálfgildings, drattandi jái um bakdyrnar. Jeg hef yfirvegað, hvernig gæti staðið á þessu, að stjórnin ekki hefir farið að á vanalegan, formlegan hátt og annaðhvort gefið yfirlýsingu í tíma í stjórnartíðindunum eða sent frv. sem svar upp á spurningu þings og þjóðar. Mjer dettur ekki í hug að gjöra stjórninni neinar getsakir, en þar sem stjórnin er fyrir löngu orðin andstæðingar þjóðarinnar í þessu þýðingarmikla máli, þá er mjög skiljanlegt, að hún fylgi reglunni: enginn er annars bróðir í leik. Jeg álít, að stjórnin hafi verið að leika finan, pólitiskan leik við þjóðina í ár. Þingmaður úr minnsta kjördæmi landsins semur án nokkurs umboðs við stjórnina. Frá stjórninni kemur ekkert frv., heldur myndast frv., sem þessi einstaki þm. kemur fram með og jafnframt yfirlýsing stjórnarinnar til landshöfðingja um, að hann skuli styðja þetta frv. Þetta þykir mjer benda á, að stjórnin hugsi sem svo, að það sje nógu vel til fallið að láta Íslendinga sjálfa biðja um það, sem mikið efamál var, hvort þeir gætu verið þekktir fyrir að þiggja, þótt það hefði komið sem tilboð frá stjórninni í frumvarpsformi, því jeg kalla það bón, eða að minnsta kosti lítur svo út, sem þingið sækist eptir þessu hnossi, þegar „Initiativið“ (frumkvæðið) í málinu kemur frá þinginu sjálfu. Það er mjög mikill munur á að þiggja eitthvað, sem boðið er að fyrra bragði, eða biðja um það, og fari svo að þetta frumvarp með breytingum nefndarinnar verði samþykkt á þessu þingi, þá er hægt fyrir stjórnina að slá því út seinna meir, að þetta hafi verið beiðni og vilji þingsins, þetta hafi alþingi Íslendinga 1897 mælzt eptir að fá sem viðunanlega stjórnarbót.

Þá er næst fyrir að athuga þetta bakdyraatilboð, sem ekki kom hinar vanalegu leiðir gegnum frv. eða yfirlýsingu, sem eru þær 2 „constitutionellu“ leiðir, sem vjer höfum átt að venjast. Það hlýtur víst að vera eitthvert kostaboð, þetta tilboð, sem í einu vetfangi hefur gjört svo mörg kraptaverk á þessu þingi, gjört hvítt að rauðu og rautt að hvítu, kalt að heitu og heitt að köldu, íhald að framsókn og framsókn að íhaldi, og sem valdið hefur slíkri umturnun, að við sjálft hefur legið, að óvinir fjellust í faðma, og gamlir vinir færu að skatt-

yrðast. Dýrðin er fólgin í þessu þrennu: 1. sjerstökum ráðgjafa, er 2. mæti á alþingi, 3. með ábyrgð á stjórnarstörfum sínum. Fyrsti liður er ekkert annað en það, sem meiri hluti nefndarinnar viðurkennir, að vjer alltaf höfum haft á pappírnum eptir skýlausum skilningi hinnar núgildandi stjórnarskrár. Einnig Nd. fylgir þessum skilningi. Þá er einnig víst, að 2. liðurinn einnig er heimtaður í núgildandi stjórnarskrá. Þá kemur 3. liður, og þar er nýtt atriði, hið eina verulega „positiva“ í öllu þessu máli. En það dregur töluvert úr fögnuðinum, að sá ráðgjafi, sem vjer fáum eptir þessu frv., verður dæmdur af dönskum rjetti, og hvað það snertir, sem nefnt er í 3. gr. frv., að alþingi komi fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum, þá gæti orðið eins langt að bíða eptir þeim lögum fyrir oss, eins og það var fyrir Dani sjálfa, sem um 1880 sannarlega voru orðnir leiðir á að bíða eptir ráðgjafaábyrgðarlögum sínum og enn hafa víst eigi fengið þau. Skoðuð í þessu ljósi, verður því dýrðin fremur lítil. Tillagan 1895 fór fram á að fá hjer búsettan ráðgjafa óháðan ríkisráðinu í sjerstökum málum og landsdóm, sem hin nauðsynlegustu atriði, og þó það sje ef til vill ekki uppfylling á öllum kröfum, þá er það þó ekki berandi saman við frv. þetta, en upp á allt þetta, búsetuna, ríkisráð og landsdóm, höfum vjer ekkert annað svar fengið en þrefalt nei. Innlend stjórn er fyrir mjer höfuðatriðið, og jeg kýs jafnvel heldur vanmáttugt landshöfðingjavald, en almáttugt, útlent ráðgjafavald og hvað ríkisráðshnútinn snertir, þá er hann svo mikið atriði í þessu máli, að jeg skil vel, að hin sáttfúsa Nd. finni sig knúða til að setja í 1. gr, að sjerstök málefni Íslands skuli ekki borin upp í hinu danska ríkisráði, sem í frv., en jeg skil líka vel, að meiri hluti nefndarinnar í Ed. strykaði það út, því það er meiningarlaust að samþykkja frv. með einni af aðalkröfum vorum fyrir fleyg, sem allir vita, að stjórnin gengur ekki að, þegar verið er að reyna að ná samningum. Eitt af tvennu er að gjöra, annaðhvort að halda enn fram í frumvarpsformi öllum vorum gömlu aðalkröfum óbreyttum eða samþykkja frv. í því formi, sem vissa er fyrir, að nái staðfestingu, en hvað þennan, síðara kost snertir, þá skal jeg skýrt taka það fram, að jeg er ekki svo lítilþægur, að geta gengið að slíkum kjörum, nje svo samvizkumjúkur eða sannfæringarliðugur, að jeg gæti rjettlætt þá aðferð fyrir sjálfum mjer.

Jeg skal geta þess, að mjer finnst með frv. þessu vera tekin svo mikil stefnubreyting, að jeg álít ótilhlýðilegt að samþykka það að þjóðinni fornspurðri. Þjóðin hefur ekki á nokkrum þingmálafundi átt kost á að geta rennt grun í, hvernig það frv. yrði sem kæmi og búast mætti við, að stjórnin samþykkti, svo það er alveg heimildarlaust að segja, eins og talað var í h. Nd., að þjóðin sje með svona löguðu frv. Nei, þjóðin hefur aldrei verið spurð, hefur því aldrei getað svarað. Jeg hef yfirvegað þingmálafundargjörðir og hef ekki fundið, að nokkur þeirra gefi átyllu til slíkra orða, nema ef til vill þingmálafundargjörðir úr Vestmannaeyjum, sem eru minnsta kjördæmi landsins.

Jeg verð að lýsa því sem skoðun minni, að jeg álít þetta mál svo komið nú, að heppilegast sje fyrir alla parta, að það komist ekki út úr þinginu að þessu sinni. Að reyna fyrst samkomuleiðina til fullnustu, gefur betri vonir um árangur og framgang. Ef hún ekki dugir, þá má reyna frumvarpsleiðina síðarmeir með meiri samheldni og krapti.

Það kom til orða í Nd. að senda sendinefnd til Danmerkur til að semja um málið. Það upplýstist við umræðurnar í Nd., að lík hugmynd hefði vakað fyrir stjórninni. En eptir því sem mjer skild-

ust orð hæstv. landsh. til h. þm, Eyf. (J. J.) þá var sú ástæða til þess, að stjórnin vjek frá þessari hugmund, að erfitt mundi að fá ríkisdaginn til að leggja svo mikið fje fram, sem nauðsynlegt væri til að kosta alla nefndina.

Þessi ástæða missir helming af gildi sínu, þegar þess er gætt, að alþingi mun aldrei hafa dottið í hug að senda menn til Danmerkur með öðru móti, en að landið kostaði sína eigin snedimenn. Það var tekið fram sem grýla í Nd. móti sendinefndinni, að ríkisdagurinn kysi menn í þessa nefnd frá Danmerkur hálfu. Þetta er engin grýla á mig. Það er eðlilegt, að að konungur láti ríkisdaginn velja slíka menn, þar sem ríkisdagurinn er hin pólitiska þungamiðja Danmerkur og þessir menn mundu því einmitt að mestu leyti valdir úr ríkisdeginum, hver sem svo kysi þá. Við það að þessir menn yrðu kosnir af og úr ríkisdeginum, gæti unnizt stórmikið. Nú er alþingi heillar þjóðar að berjast við að fá eitthvað annað en nei út úr einum manni, ráðgjafa Íslands, en árangurslaust. Á þessu eru allir íslenzkir hlutaðeigendur orðnir fullsaddir, því verkið er síður en ekki skemmtilegt. En ef sendimenn þjóðarinnar kæmu að máli við mikilsmetna, danska stjórnmálamenn, sem ríkisdagurinn veldi, gæti það orðið málinu til mikils hagnaðar; því ef hægt væri að vinna á sitt mál eða sannfæra málsmetandi, danska ríkisdagsmenn, mundu þeir aptur hafa áhrif á ráðaneytið.

Það hefur verið tekið fram gagnvart sendinefndinni, að líkindi væru til, að Íslendingar yrðu jafnan í minni hluta, þar sem jafnmargir Danir og Íslendingar sætu í henni, en oddamaður yrði danskur, ef ágreiningur kæmi upp. Þetta er að eins grýla, því nefndin á ekki að kveða upp neinn gjörðardóm eða fullnaðarúrskurð. Meiningin með nefndinni er sú, að reyna, hvort ekki sje hægt með því að talast við um málið og kynnast því betur, að sameinast um eitthvað sem grundvöll, sem „Forhandlingsgrundlag“. En úrskurður nefndarinnar þyrfti hvorki að vera bindandi fyrir stjórn nje þing og getur eptir eðli hlutarins ekki verið það.

Jeg skal að lokum enn geta þess, að mjer finnst hugsunarrjett, að þeir, sem vilja að frv. þetta fái framgang, sjeu með því að allt sje dregið út úr því, sem ekki stóð í hinu upprunalega frv. Að setja fleyga, sem menn vita að valda því, að frv. verður ekki samþykkt, er meiningarlaust fyrir þá, sem eru frv. í heild sinni hlynntir.

Jeg fyrir mitt leyti mun, af þeim ástæðum, sem jeg þegar hefi tekið fram sitja eða öllu heldur greiða atkvæði á móti frv.

Utanþings hefur þeim spádómum verið kastað fram, að þjóðin mundi vilja taka þessu frv. Slíkir spádómar eru teknir úr lausu lopti, og það hefur sýnt sig og mun sýna sig, að þjóðin samþykkir aldrei annað frv. en það, sem hefur þó *eitthvað* af þeim *aðalkröfum*, sem þjóðin alltaf hefur barizt fyrir, en því miður hefur þetta frv. ekkert slíkt að bjóða, því jafnvel ráðgjafaábyrgð þess er „illusorisk“.

Jón A. Hjaltalín: Það gladdi mig mjög að heyra hina fögru friðarræðu h. framsögum. (Sig. Stef.), þar sem hann spáði farsællegum tíma í stjórnarbaráttu vorri framvegis, sem allir auðvitað vona; en ógæfan er sú, að það er ekki nema spádómur.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að því, sem h. framsögum. talaði um í dag, nfl. ágreiningsatriði okkar nefndarmannanna. Hann lýsti því mjög vel, að það væri gagnstætt orðum og anda stjórnarskrárinnar, að sjermál Íslands væru borin upp í ríkisráði Dana. Við erum víst allir samdóma um, að þessi skilningur sje rjettur. Hver er sú praktiska aðferð, sem vjer getum notað til þess að fá stjórnina til að breyta þeirri stjórnaraðferð, sem hún hingað til hefur beitt eptir þeim skiln-

ingi, sem hún hefur viljað lesa inn í stjórnarskrá vora? Jeg hygg, að við höfum enga aðra aðferð en þá, að taka það fram með skýrum orðum, hvort sem það er lögskýring eða ekki, að þessi skilningur ráðgjafans sje alveg gagnstæður skilningi þingsins á stjórnarskrá vorri.

Jeg fæ ekki sjeð, að annar vegur sje til þess. Jeg held ekki, að stjórnin muni gjöra allt, sem henni sýnist, þrátt fyrir það, hvernig ákvæði stjórnarskrárinnar eru orðuð. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki ætla stjórninni það. Jeg veit ekki með hvaða móti er betra að sannfæra hana um þennan ranga skilning hennar, en með því að taka það skýrt fram, að sú aðferð, sem hún hefur beitt hingað til sje ekki rjett. H. framsögum. sýndist að vera móti lögskýringu; en hvað er það annað en lagaskýring, sem hann sjálfur hefur tekið upp í 5. tölul. nefndarálitsins? Jeg hef skilið, að það væri lagaskýring, að 61. gr. stjórnarskrárinnar sje breytt þannig, að ekki sje skylt að kveðja til aukaþings, þegar alþingi er leyst upp samkvæmt þeirri grein. En stjórnin hefur skilið það öðruvísi, nfl. að hún ekki geti breytt skoðun sinni, nema það sje tekið fram með nákvæmum orðum, að þessi aðferð hennar sje röng. Það er þess vegna ómögulegt að ætlast til, að stjórnin fari að breyta þessari aðferð sinni nema eptir beinum lagaákvæðum. Það er því fremur ástæða til að taka það skýrt fram, sem ráðgjafinn í brjefi sinu til hæstv. landsh. tók það skýrt fram, að ekki hlýði annað en að sjermál Íslands sjeu borin upp í ríkisráði Dana. Stjórnin hugsar sem svo: Ef þingið gengur þegjandi fram hjá þessu, þá verðum við að telja það sem þegjandi samþykki á skilningi vorum á stjórnarskránni í ríkisráðsspursmálinu. Þessi boðskapur stjórnarinnar í ráðgjafabrjefinu 29. maí þ. á. er sá eini boðskapur frá stjórninni sem svar upp á tillöguna frá 1895. Jeg kalla það ekki neinn boðskap til þingsins, þótt fulltrúi stjórnarinnar fái brjef frá stjórninni, sem hún hefur líklega lagt fyrir hann, að hann mætti birta í heild sinni. Ef þetta var ekki meiningin, hvers vegna lagði hún þá ekki fram opinbert brjef, sem lægi fyrir þinginu og þjóðinni? Þetta eru því að eins skilaboð. En til þess að verða ekki af kostum þeim, sem boðnir voru í frv. því, sem fellt var í h. Nd., hefur nefnd sú, sem skipuð var í málið hjer í deildinni, tekið upp aptur sum af ákvæðum frv., en fellt burtu önnur, sem voru nokkurs virði. Jeg fyrir mitt leyti hefði ekki verið á móti frv., ef hið þýðingarmesta atriði þess hefði ekki verið fellt burtu. Það hefur mikið verið talað um ágæti þessa frv. eða ákvæði þau, sem stjórnin hefur boðið með því. En jeg kalla ekki, að stjórnin hafi *boðið* oss það, þótt hún hafi látið skjóta því að oss. Jeg get ekki skilið, að frv. þetta sje alveg skilgetið, því að öðrum kosti mundi stjórnin ekki hafa látið skjóta því að oss í laumi, eins og gjört hefur verið.

Jeg skildi svo ræðu hæstv. landsh. um daginn við umræðurnar í Nd., að við ekki mættum hrófla neitt við þessu frv. frá þeirri mynd, sem það birtist í fyrst hjer á þessu þingi. En það höfum við þó allir gjört og ekki síður meiri hlutinn hjer í deildinni. Jeg er þess vegna hræddur um, að það sje æði margt, sem verði frv. þessu að fótakefli, þótt 1. gr. verði tekin burtu. Það hefur einnig verið tekið fram af fulltrúa stjórnarinnar, að þetta sjeu fullnaðarúrslit á stjórnarbótarkröfum vorum, það er að segja, að við megum hvorki ætla nje skræmta um frekari breytingar á stjórnarskrá vorri um vissan árafjölda. Við höfum þá talað frá okkur allt gagn í þessu máli, bæði í Ed. og Nd. Sumir vildu byrja undir eins áframhaldandi baráttu í sömu stefnu og á fyrri þingum. — Jeg veit ekki, hvernig þingið vill lýsa yfir því, nema með því, að minnast ekki á það í sambandi við þetta frv, ef það

vill ráða konunginum til að staðfesta það. Ef svo er, þá er ekki mikið fengið í aðra hönd með frv. þessu.

Jeg verð að hafa það frv. fyrir mjer, sem fellt var í Nd. og á því má ekki gjöra neinar breyt.

Fyrsta breytingin á hinu núverandi stjórnarfari, sem fulltrúi stjórnarinnar hefur tjáð þinginu, að stjórnin mundi geta gengið að, er sú, að skipaður sje sjerstakur ráðherra fyrir Ísland, sem ekki hafi önnur stjórnarstörf á hendi, að þessi ráðherra mæti á alþingi, og að hann beri ábyrgð gagnvart þinginu á því, að stjórnskráin sje haldin og á embættisfærslu sinni. Þetta getur nú verið mikið gott. En h. framsögum. (S. St.) tók það fram í ræðu sinni í gær, að mesti annmarkinn á hinu núverandi stjórnarfari væri ókunnugleiki ráðgjafans á Íslandi og íslenzkum málum. Þetta getur nú máske verið rjett; en hvernig hefur það gengið í 23 umliðin ár? Þannig, að í öllum fjölda mála hefur ráðgjafinn farið eptir tillögum landshöfðingja um þau. Hann (landsh.) býr hjer allt árið og lifir undir sömu kjörum og Íslendingar og hefur þar að auki brjefaviðskipti við alla embættismenn landsins. Af þessu leiðir, að hann hlýtur að vera kunnugri högum og þörfum Íslendinga en ráðgjafi, sem ekki kemur hingað nema tvo mánuði á ári, en lifir annars alltaf í Danmörku. Jeg gjöri því ekki svo mikið úr ókunnugleika ráðgjafans, sem svo mikið hefur verið talað um. Jeg held, að hann verði ávallt ókunnugri högum vorum en æzti stjórnari landsins er nú. —

H. framsögum. minntist einnig á fjarvistir ráðgjafans sem einn af aðal-annmörkunum á hinu núverandi stjórnarfari þessa lands. Það er að vísu satt, að það er gott, að hafa ráðgjafann á þinginu; en út af þessum fjarvistum ráðgjafans leiddi hann samvinnuleysið við stjórnina. En jeg veit ekki, hvað hann meinar með þessu samvinnuleysi. Það eru ef til vill lagasynjanirnar. En hvaðan hefur h. framsögum. fengið brjef fyrir því, að ekki verði lagasynjanir eptir sem áður, þó ráðgjafinn sæti á alþingi. Það eina, sem þingið og þjóðin alltaf eru að klifa á, er að koma valdinu inn í landið. En jeg hygg, að það fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, mundi einmitt verða til þess, að draga úr valdi hins innlenda höfðingja. Þar sem jeg nú ekki get sjeð, að frv. þetta hafi neina verulega kosti að bjóða og þar sem á að kaupa þessa rýru kosti með því að gefa þegjandi samþykki sitt til þess, að ráðgjafinn sitji í ríkisráði Dana, að grundvallarlög Dana gildi hjer á landi, og vjer megum ekki láta til vor heyra um breytingar á stjórnarskránni, þá álít jeg, að þessir litlu kostir sjeu of dýrt keyptir.

Jón Jónsson: Það væri ef til vill rjettast fyrir mig, að tala ekkert í þessu máli, sem er svo vandasamt, að skörpustu lagamenn greinir mjög á um það í ýmsum atriðum; en af því að jeg álít, að þing og þjóð hafi rjett til þess að heyra ástæður þær, sem hver þingmaður hefur fyrir atkvæði sínu, vil jeg þó tala nokkur orð.

Jeg fyrir mitt leyti hallast að skoðunum minni hlutans, enda þótt hann hafi fengið allharðan dóm í einu af blöðunum, sem jafnvel hefur kveðið svo hart að orði, að vitið væri ekki þeim megin.

Það hefur verið um það talað, að aðferð stjórnarinnar viðvíkjandi frv. þessu sje óviðurkvæmileg; og jeg hallast að þeirri skoðun, að sú aðferð, hvernig stjórnin hefur komið svörum sínum inn á þing, sje svo löguð, að engin þjóð, sem hefur löggjafarþing, mundi hafa tekið því með þökkum, nema ef það eru Íslendingar.

Það hefur verið bent á, að það sje farið að brydda á miklu þolleysi hjá þjóðinni í stjórnarskrárbaráttunni og því til stuðnings hafa menn bent á þingmálafundagjörðirnar. En jeg get ekki skrif-

að undir þetta, að því sem mjer er kunnugt. Jeg bar fram á þingmálafundi spurningu um það, hvort menn álitu æskilegt, að þingið gengi inn á stjórnarskrárfrv., sem gengi langt í miðlunaráttina, ef það kæmi fram frá einstökum þingmönnum og kjósendur voru mjög á móti því, og svo hygg jeg að muni vera í mörgum fleiri kjördæmum. Jeg verð að taka undir með h. þm. Skagf. (J. Jak.) í því, að það er mikill munur á því, að þiggja það, sem fram er boðið af stjórninni, þótt lítið sje, heldur en að biðja um það sjálfur.

H. meiri hluti n. hefur fært ástæður fyrir því, að rjett sje nú að miðla málum, og ekki sje líklegt, að það fáist síðar, sem nú stendur til boða, ef það sje ekki þegið strax. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að miðlunin frá hálfu þingsins sje allmikil, enda þótt frv. verði samþykkt, eins og það nú liggur fyrir h. Nd. Jeg er kosinn á þing sem miðlunarmaður, og jeg vil ganga svo langt í þá stefnu, sem samvizka mín leyfir mjer, en lengra ekki, hvað sem kjósendur mínir segja. En jeg get ekki gefið meiri hluta nefndarinnar atkvæði mitt, því stefna hans er á móti minni sannfæringu. Jeg vil ekki ganga skilmálalaust að hinu fyrsta sáttaboði, sem fram kemur. Jeg átti eitt sinn tal við mjög merkan þingmann, sem nú er kominn undir græna torfu, og man jeg eptir að hann sagði: „Jeg vil ekki rjetta höndina svo langt út til samkomulags við stjórnina, að hún kippi mjer út fyrir hafið“. Jeg er sömu skoðunar.

Það hefur jafnan verið mikilsvert atriði í stjórnarskrárbaráttu vorri, að reyna að fá ráðgjafa Íslands út úr ríkisráðinu, og í því hefur þjóðin aldrei sýnt polleysi. Jeg er viss um, að þjóðin vill með glöðu geði leggja fram það fje, sem aukaþing kostar, ef með því næðist samkomulag við stjórnina um það atriði.

Mjer virðist því öldungis rjett, að setja inn í frv. þetta skýr ákvæði um, að ráðgjafi Íslands skuli ekki sitja í ríkisráðinu, enda þótt ef til vill megi skilja hina núgildandi stjórnarskrá svo, að hún gjöri ráð fyrir hinu sama, og jeg get ekki verið samdóma h. framsögum. (S. St.) um það, að stjórnin mundi eptir sem áður, ef þetta væri nú með berum orðum tekið fram, láta ráðgjafann hafa þar sæti. Jeg get ekki ætlað neinum manni það, og því síður nokkurri stjórn, að hann sje svo óærlegur, að taka ekki til greina skýr og glögg orð í samningi. Jeg get ekki gjört lítið úr því, að h. Nd. hefur sett þetta ákvæði inn í frv. og í því fylgt fram skoðun hæstv. landsh. Það hefur opt verið tekið fram í blöðunum, að það spillti mjög fyrir framgangi mála vorra, að landsh. væri oss ekki samtaka; og þetta er einnig mín sannfæring. En nú erum vjer svo heppnir, að hafa landshöfðingjann í broddi fylkingar vorrar, og í þetta er svo mikið varið að jeg vil ekki víkja frá þessari stefnu, sem hann vill nú eindregið fylgja.

Jeg þykist nú hafa fært rök fyrir því, af hverjum ástæðum jeg vil ekki ganga að þessu fyrsta og ljelegasta tilboði frá stjórninni, og það því síður, sem það er komið þessa krókaleið, eins og h. þm. Skagf. (J. Jak.) komst að orði.

Hvernig atkvæði mitt mundi falla um milliþinganefnd í þessu máli, skal jeg ekki segja nú. Jeg hef enga sterka trú á henni. En skeð getur, að jeg gefi atkv. með henni, ef ekki er um annað að gjöra. Jeg skil milliþinganefnd svo, að hún eigi ekki að kveða upp neinn fullnaðar gjörðardóm, heldur að eins að koma sjer saman við stjórnina um einhver grundvallaratriði, sem hægt væri að byggja samningatilraunina á. En um frv. það, sem hjer liggur fyrir, og br.till. við það, mun jeg greiða atkv. eptir því, sem jeg hef talað.

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Það er ekki margt, sem jeg þarf að taka fram út af ræðum þeim, er haldnar hafa verið.

Jeg ætla fyrst að leyfa mjer fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar að þakka hæstv. landsh. fyrir leiðbeiningar hans, þar sem hann leiddi menn í sannleika um það, að ef 1. gr. frumv. yrði samþykkt, þá yrði árangur frv. þessa alls enginn og voru þau orð í tíma töluð fyrir þá, sem halda, að frv. verði staðfest, þótt 1. gr. sje haldið. En þar sem hæstv. landsh. benti á önnur atriði, sem gætu spillt frv., þá mun nefndin taka það til greina til 3. umr., ef hún sjer sjer fært.

Það eru að eins fá atriði í ræðum h. þingd.m., sem jeg ætla að minnast á. Hafa þær flestar snúizt um það, hve óviðkunnanlegt það sje, hverja aðferð stjórnin hafi haft í þessu máli. Jeg játa, að hún er ekki eins góð og vera ætti, en það fælir mig ekki frá, að ganga að þeim atriðum, er hún býður, ef þau eru góð. Það hefur einnig verið mikið haft á móti því, að þingmaður hefur komið með þetta frv. til stjórnarskipunarlaga, en hæstv. landsh. að eins með skilaboð frá stjórninni, að hverju hún vildi ganga í þessu máli. Þetta finnst mjer ekkert athugavert. Jeg vil koma með eina spurningu: Hefði einhver þingmaður komið með sama stjórnarskrárfrv. og áður hefur verið samþykkt hjer á þingi, og landshöfðingi hefði öllum að óvörum lýst yfir því, að stjórnin gengi að því frv., mundi þá ekki hafa verið þakkað þingmanninum, þakkað fulltrúa stjórnarinnar og þakkað stjórninni sjálfri, og ekkert sett út á aðferðina. (*Jón A. Hjaltalín:* „Þetta er nú skáldskapur"). Þetta sýnir, að þetta eru að eins yfirdreps-ástæður gagnvart forminu. Menn nota þessa ástæðu af því, að þeim þykir tilboðið lítið, en út af fyrir sig gjörir það ekkert til, því að ef vjer hefðum fengið öllum kröfum vorum fullnægt á þennan hátt, mundum vjer hafa verið þakklátir fyrir frammistöðuna. Það er heldur engin ástæða til að kalla þetta „makk" eða „leynibrall", eins og sumum hefur þóknazt að gjöra, því enginn mun neita því, að allir þingmenn hafi leyfi til að tala við stjórnina, og þar að auki hefur þingmaður sá, sem hjer er um að ræða, ekki farið í neina launkróka með gjörðir sínar í því efni. Mjer þykir undarlegt, að menn skuli segja, að stjórnin hafi hjer farið í gegnum bakdyr, þar sem hún hefur látið hæstv. landsh. lýsa vilja sínum í þessu máli, og að segja, að orð hæstv. landsh. sjeu komin gegnum bakdyr, er óvirðulega að orði kveðið. Eða er þá munnur hæstv. landsh. bakdyr stjórnarinnar? Jeg álít, að tilboð fulltrúa stjórnarinnar sje hjer sama sem að stjórnin sjálf bæri þau fram, og það er engin ástæða til að vefengja, að þau sjeu flutt með fullri heimild frá stjórninni. Jeg get heldur ekki fallizt á það, er sagt hefur verið, að þingið fari neinn bónarveg í þessu máli, nema það sje að biðja stjórnina, að samþykkja frv. á löglegan hátt og senda það stjórninni, það mætti öllu heldur segja, að stjórnin beiddi þingið að samþykkja frv. Þetta er því engin bæn frá þingsins hálfu, heldur miklu fremur stjórnarinnar, ef um nokkurn bónarveg væri að ræða. Það mætti heldur segja, að farinn væri bónarvegur, þegar þingið sendir kröfur sínar til stjórnarinnar í áskorunarformi, því það er þó, þótt það sje rjettmætur vegur, ekki eins þingleg aðferð og frv.form.

H. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) og h. 5. kgk. (J. A. H.) sögðu, að ekkert nýmæli væri í þessu frv., nema þetta eina ákvæði um ábyrgð ráðgjafans. Jeg neita því reyndar ekki með öllu, að svo sje, eða að þann skilning megi draga út af 2. og 3. gr. stjórnarskrárinnar, að Ísland hafi sjerstakan ráðgjafa, er gegni engum öðrum störfum og að hann mæti á alþingi. En stjórnarskráin hefur ekki verið skilin svo af stjórninni, enda eru ákvæðin um þetta í stjórnarskránni ekki svo skýr, sem þau ættu að vera, og miklu eru þau óljósari heldur en ákvæði 1. gr. gagnvart ríkis-

ráðsspursmálinu, og þótt lesa megi þennan skilning út úr stjórnarskránni, hefur stjórnin ekki lesið hana svo. En þegar stjórnin býður oss þessar endurbætur, þá er eðlilegt, að vjer þiggjum þær, þótt stjórnin telji þær breyting á stjórnarskránni; með því er þá það fengið, sem vjer allir höfum óskað eptir allan þann tíma, er stjórnarskráin hefur verið í gildi.

Það hefur verið tekið fram, að það væri óvíst, að þetta væri vilji þjóðarinnar. Þetta er satt, en það er mín skoðun, að þetta verði einmitt vilji þjóðarinnar. En jeg lít svo á, að fyrst eigum vjer þingmenn að skoða hvað sje sannfæring vor í hverju máli, áður en vjer förum að ganga í miklar grafgötur um vilja kjósendanna, og jeg fyrir mitt leyti óttast það ekkert, þótt sannfæring mín í þessu máli kosti mig þingmennskuna, að minnsta kosti getur það eitt engin áhrif haft á framkomu mína í þessu máli.

En þjóðinni gefst líka færi á að segja álit sitt um frv. þetta, áður en því er ráðið til lykta, því verði það samþykkt, verður stofnað til nýrra kosninga, og þá getur hún ótvíræðast látið skoðun sína í ljósi um frammistöðu vora að þessu sinni, og álit sitt á þeim breytingum, sem hjer er farið fram á.

Hvað hið eina nýja atriði í frv. snertir, um ábyrgð ráðgjafans á öllum stjórnarstörfum, þá álít jeg að það geti orðið til mikilla bóta. Það er töluvert aðhald í því, að ráðgjafinn veit, að alþingi getur dregið hann fyrir lög og dóm fyrir hverja stjórnarathöfn, og þetta hlýtur að hafa mikið önnur áhrif á hann, heldur en hið núverandi ábyrgðarleysi hefur á landshöfðingjann. Hann hefur það bak við eyrað, að það sjeu engin ráð til að koma fram ábyrgð gegn sjer. Það er einnig mikill munur á stöðu þessa manns og landshöfðingjans, sem er milliliður milli þingsins og ráðgjafans, þar sem ráðgjafinn verður milliliður milli þingsins og konungs. Þetta hefur afarmikla þýðingu. Hvernig það verður í framkvæmdinni veit auðvitað enginn, en úr því menn játa, að ábyrgðarleysið sje versti agnúinn á stjórnarfari voru, þá er ekki rjett að spá því, að þótt úr þessu verði bætt, þá verði agnúarnir hinir sömu og áður.

H. 5 kgk. þm. (J. A. H.) tók það fram, að yfirlýsing hæstv. landsh. frá stjórninni hefði fylgt það, að þetta væru fullnaðarúrslit stjórnarbótarinnar. Jeg heyrði hæstv. landsh. aldrei segja, að þingið mætti ekki hreyfa þessu máli framar, heldur að eins að það mætti ekki gjöra frekari kröfur í þetta sinn. Hvernig getur líka stjórnin múlbundið svo þingið um allan ókominn tíma, að það krefjist engrar stjórnarbótar framar? Slíkt væri sú fjarstæða, sá kjánaskapur, að stjórninni getur ekki hafa komið slíkt til hugar. Því þó frv. þetta væri nú samþykkt fyrirvara- og skilyrðislaust er það engin viðurkenniug frá þingsins hálfu um, að það ætli aldrei framar að hreyfa sig í sjálfsstjórnarmálinu.

Á næsta þingi eru ef til vill allir aðrir menn, og það er ómögulegt fyrir okkur að binda fyrir munn þeirra, þótt vjer hefðum viljað. Þetta er því fjarstæða, að mig furðar á því, að nokkur maður skuli koma með slíkt fyrir h. Ed. í alþingi Íslendinga.

H. 5. kgk. þm. (J. A. H.) tók það fram, að ráðgjafinn væri ókunnugri högum okkar, en landshöfðinginn væri nú. Þetta er að vísu satt, að hann verður það, en að eins í þeim málum, sem alls ekkert koma honum við, svo sem í umboðslegum málum, sem landshöfðinginn hefur eptir sem áður um að fjalla, en alls ekki í þeim málum, sem sjerstaklega heyra undir ráðgjafann. Jeg hygg, ef ráðgjafinn verður íslenzkur maður, þá getur hann orðið alveg eins kunnugur í slíkum málum og landshöfðinginn er nú. H. sami þm. (J. A. H.) tók það fram, að ráðgjaf-

inn mundi í flestum málum hafa farið eptir tillögum landshöfðingjans, en það er líka eðlilegt, því hann gat ekki annað gjört, þar sem hann hefur verið öllu ókunnugur hjer og haft mjög miklum öðrum störfum að gegna, og haft íslenzk mál að eins í hjáverkum. En þótt vjer höfum kunnugan landshöfðingja, sem enga ábyrgð hefur á gjörðum sínum, þá getum vjer ætíð átt undir kasti, hvernig sá maður muni reynast, og ábyrgðarleysið hlýtur að vera freisting fyrir hann til að fremja gjörræði. Þetta hverfur alveg, þegar vjer fáum ráðgjafann, einn mann með fullri ábyrgð í stað ábyrgðarlauss millilíðs. Þessi mismunur finnst mjer riða baggamuninn í þessu máli.

H. 5. kgk. (J. A. H.) tók það fram, hvort vjer hefðum nokkurt brjef fyrir því, að lagasynjanirnar yrðu minni eptir en áður. Þessu er hægt að svara þannig: Hvaða brjef hefur þm. fyrir því, að þær verði meiri? En þegar þingið starfar að lagsmíðinni í samvinnu við ráðgjafann, er það hin næsta trygging fyrir því, að lagasynjanir verði miklu minni. Þó að landshöfðinginn vilji styðja eitthvert mál, þá getur hann ekki sagt neitt um það, hvort stjórnin muni sinna tillögum hans, eða virða þær vettugi. Aptur á móti veit ráðgjafinn, hvað stjórnin vill og getur sagt strax við þingið: hvort hann vilji ganga að þeim lögum, er þingið semur eða ekki. Og þyki þinginu ráðgjafinn misbeita valdi sínu, er því innan handar að koma ábyrgð fram á hendur honum.

Það hefur verið tekið fram, að þingið ætti að fylgja hæstv. landsh. í þessu máli, þegar hann sje samdóma þinginu í flestum aðalatriðum. Það verður ekki sagt, að nefndin hafi ekki gjört það. Hún vill fylgja honum að fá þessi 3 höfuðatriði, en við þau eykur hún einu, að ráðgjafinn sitji ekki í ríkisráðinu, en þar er sá munur á, að meiri hluti nefndarinnar vill fara fram á það í tillöguformi, alveg samkvæmt tillögum landshöfðingja, en minni hlutinn í frv. Þetta er í fyrsta sinn, sem landshöfðingi og þingið hafa verið hjer á sama máli. Álít jeg því, að þingið ætti að hugsa sig vel um, áður en það setur í frv. veruleg ákvæði, sem geta orðið framgangi þess til hnekkis. Hjer eru því tveir kostir fyrir höndum: annaðhvort að taka nú þessum tilboðum stjórnarinnar, eða þá synja allrar samvinnu við hana, og byrja nýja baráttu og taka þá upp allar hinar fyllstu kröfur vorar, en jeg held þó að áður en vjer byrjum á þeirri baráttu á ný, að oss sje hyggilegra að hafa tekið þessum bótum, sem nú bjóðast, og hafa þær endur-bætur til að byggja á nýja framsókn í sjálfstjórnarmálinu; vjer stöndum þá miklu betur að vígi en vjer gjörum nú. Vjer ættum því annaðhvort að hafna þessum tilboðum strax eða taka þeim, og mér blandast ekki hugur um, að síðari aðferðin er heppilegri og heillavænlegri fyrir land og lýð.

Jón A. Hjaltalín: Mjer gleymdist að taka áðan fram, hvað ráðgjafaábyrgðin mundi reynast þýðingarmikil. Eptir núgildandi stjórnarskrá 3. gr. „hefur ráðgjafinn ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, og alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum, eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum“. Hvaða praktiska þýðingu hefur þetta ákvæði haft í þau 23 ár, sem stjórnarskráin hefur gilt? Hefur nokkur komið með frv. í þessa stefnu? Og hvaða þýðingu er þá líklegt, að þetta ákvæði hafi í frv.? Er nokkur ástæða til að ætla, að við verðim skeleggri að koma fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum, eptir hinum nýju ákvæðum, heldur en eptir hinæm eldri? Eða eptir hverju á að dæma þetta, öðru en því, sem á undan er farið? Því hefur opt verið hreyft, að það væri brot á stjórnarskránni, að bera sjermál Íslands upp í ríkisráði Dana, en þó hefur því ekki verið skeytt nú um 23 ár.

Því hefur verið mótmælt, er jeg sagði, að landshöfðingi hefði sagt, að þær endurbætur, er nú væru boðnar, væru fullnaðarúrslit á stjórnarbaráttu Íslendinga. Jeg skrifaði þetta orð „fullnaðarúrslit“ upp eptir landshöfðingja, þegar er hann hafði talað það, svo það tekur af öll tvímæli. Hvað eru fullnaðarúrslit? Jeg veit ekki, hvort h. framsögum. (S. St.) skilur mælt mál, en það er ekki ástæða til að kalla það fíflalegt, að skilja það svo, að vjer megum ekki byrja á nýjum stjórnarbótarkröfum næsta ár. Það getur verið, að það sje ekki hyggilegt af ráðgjafanum að nota þessi orð, og því sjeu þau ómöguleg og þýðingarlaus. En þegar orðin hafa verið rjett heyrð og skilin, þá er ekki ástæða til að álasa fyrir, þó þessu hafi verið hreyft.

Landshöfðingi: Af því að mjer skilst vera ágreiningur um innihald orða þeirra og þýðing, sem jeg talaði í h. Nd. í umræðunum um þetta mál, viðvíkjandi fullnaðarákvæði þessa frv., vil jeg til skilningsauka taka fram, að jeg ætlaði mjer að segja hið sama og h. framsögum. (S. St.) hefur sagt, að fyrir þetta þing yrði frv. að vera fullnaðarúrslit: „En for Tiden endelig Lov“, þannig að í frv. væri ekki bætt neinu nýju ákvæði, og því væru heldur ekki látin fylgja nein skilyrði, hvorki í þingsályktunarformi nje frumvarpsformi, er sýni, að þingið álíti þetta frv. að eins bráðabirgða- eða millibilslög, en ætli sjer að halda fram óðara en þetta er fengið kröfum um fleiri og frekari breytingar á stjórnarskipuninni.

Hallgrímur Sveinsson: Það er nú ef til vill ekki ástæða til að lengja mikið umr. um þetta mál, þær eru þegar orðnar nokkuð langar. Jeg skal játa það, að jeg hef ekki neitt nýtt fram að bera, sem ekki er áður komið fram, sumpart í nefndarál. og sumpart í ræðu h. framsögum. (S. St.); en þetta er svo mikilsvert mál, að jeg vil þó fara um það nokkrum orðum.

Það blandast mjer ekki hugur um, að vjer höfðum búizt við liðlegri undirtektum frá stjórninni, en raun hefur á orðið, upp á till. þá í þessu máli, er báðar þingd. samþ. og sendu 1895; svörin eru eigi svo ákjósanleg, sem vjer vonuðumst eptir. Meira að segja, vjer getum eigi lesið annað út úr ráðgjafabrjefinu frá 29. maí, en blákalt nei upp á óskir alþingis, sem hæstv. landsh. hefur þó borið svo örugglega fram. Þó að þetta geti ekki annað en haft mjög óþægileg áhrif, er þó þess að gæta við þetta ráðgjafasvar, að það er í meira rökstuddu formi en áður. Það var áður mjög óljóst, hvers vegna vjer fengum engum kröfum vorum framgengt: hin eldri svör voru svo stutt og svo dularfull, að vjer vorum í raun rjettri engu nær um það, hver atriði væru óyfirstíganlegur þröskuldur, og hindruðu allan framgang mála vorra. Það var þetta eina orð: „alríkiseiningin“, sem oss var svarað með, og þetta orð er svo dularfullt, að oss gat ekki verið það vel ljóst, hvernig það gat verið málum vorum til fyrirstöðu og valdið því, að vjer komumst enga leið. Nú höfum vjer fengið skýrara svar, en sem vjer vorum óundirbúnir að heyra. Nú eru það grundvallarlög Dana, sem hafa gjört oss og gjöra oss alla þessa fyrirstöðu; við þessu hefðum vjer ekki búizt og höfum jafnan álitið það fjarstæðu. Vjer mundum kalla það óðs manns æði, ef dómstólar vorir byggðu á því, að grundvallarlög Dana væru undirstaða undir stjórnarskipun vorri. Vjer mundum aldrei geta fellt oss við þetta, og vjer höfum hæstv. landsh. með oss í þessu.

Jeg vil taka undir þau viðurkenningarorð, er h. framsögum. (S. St.) mælti til hæstv. landsh.; það lát, sem komið er þó á stjórnina í þessu máli, eigum vjer án efa að miklu leyti honum að þakka.

Það er síðast í ráðgjafabrjefinu, sem

vjer finnum þetta litla lát á stjórninni, þar sem dregið er í efa, að þótt stjórnin byði þau boð, er hæstv. landsh. hefur stungið upp á, væri gjörandi ráð fyrir að því boði yrði af oss tekið.

Í þessu liggur þó einhver umleitun í þá átt, að til mála gæti komið, að sinna þessum tillögum hæstv. landsh., og bjóða oss þær, svo framarlega sem vjer mundum þiggja þær og gjöra oss þær að góðu.

Það er engin ástæða til að fara eins niðrandi orðum um yfirlýsing stjórnarinnar í þessu máli, sem komið hefur fram á þinginu í tilefni af frv. því, sem fyrir liggur, eins og gjört hefur verið, og velja því svo óvirðuleg nöfn. Það er þó yfirlýstur vilji stjórnarinnar um það, hvernig hún snúi sjer gagnvart þessu máli; og fyrir því er nú um það að ræða fyrir oss: er það sem oss er boðið þess virði, að vjer skulum taka því?

Nefndin er öll fullkomlega á þeirri skoðun, að þótt þetta frv. sje að eins brot af öllum þeim kröfum, sem vjer höfum gjört áður, þá felist þó í því töluverðar bætur á þeim göllum, sem vjer höfum svo sjerlega fundið til á stjórnarháttum vorum og fyrir því sje það alvarleg skylda þingsins, að íhuga það rækilega. Það má ef til vill segja sem svo: Þó að vjer tökum ekki þessu boði nú, verður það boðið oss aptur og þá máske með einhverri viðbót. En þetta er engan veginn víst, og ef vjer tökum tilboðinu, eigum vjer að gjöra það nú þegar og svo eindregið, að stjórnin ekki sjái sig um hönd, því að á þann hátt erum vjer vissir um, að geta nú þokast þetta áfram.

Rennum snöggvast augunum yfir það, hvernig stjórnarfyrirkomulag vort hefur verið undanfarið.

Því verður ekki neitað, að ofmikill skortur hefur verið á samvinnu stjórnarinnar við þingið, og fyrir því leggjum vjer allar lagasynjanirnar stjórninni á herðar með öllum sínum þunga. En vjer getum þó ekki neitað því, að lagasynjanirnar eru sumar sjálfum oss að kenna, stjórnin hefur getað sýnt þá formgalla á ýmsum frv., að ógjörlegt hefur verið að staðfesta þau. En hvort sem þessar lagasynjanir eru stjórninni að kenna eða sjálfum oss, þá er það mjög óheppilegt ástand, enda spillandi og skapar kergju. Það er jafnvel ekki laust við, að stundum sje skákað í þessu hróksvaldi og leikið sjer að því að senda frá þinginu lög, sem þm. vita fyrirfram að verða ekki staðfest. Allt þetta minnkar tilfinningu fyrir hinni pólitísku ábyrgð, bæði þings og stjórnar. Jeg vil nú spyrja h. þingd.: Halda menn að slíkt gæti átt sjer stað, ef ráðgjafinn sjálfur mætti á þinginu og segði til, hvað hann gæti aðhyllzt og hvað ekki? Jeg hygg að hjer mundi fara sem hjá öðrum þjóðum, að þá er þingið sæi, að það gæti ekki fengið einhverju máli framgengt, og ráðgjafinn segði: Þetta fæst ekki, þá mundi þingið hætta við að halda því máli til streitu, nema því að eins að því væri það mál slíkt kappsmál, að það vildi láta það verða honum að fótakefli. Á þennan hátt skerpist meðvitund þingsins um ábyrgð sína og jafnframt neitar eigi ráðgjafinn nema í ítrustu nauðsyn, og þegar samvizka og sannfæring hans heimtar það. Jeg hygg, að engum geti blandazt hugur um, að í þetta er mikið varið. Vjer viðurkennum allir hina lipru framkomu landshöfðingja vorra á þinginu, en staða þeirra er opt og tíðum allt annað en þægileg; þeir eru ekki ráðgjafi og vita opt ekki, hver hans vilji kann að vera. Þó að ráðgjafi fari opt eptir skoðunum landshöfðingjans og tillögum hans, þá kemur þó eigi allsjaldan fyrir, að hann gjörir það ekki, og einmitt þetta gjörir tillögur landshöfðingjans til málanna óákveðnari og þýðingarminni. Vjer vitum það, að alþingi hefur opt samþ. lfrv., sem landshöfðinginn hefur lagt á móti; en þingið hefur þó sagt: Þú veizt ekki með vissu, hver vilji ráðgjafans kann

að vera í þessu máli, og þó að hann hafi einhvern tíma verið á móti þessu, þá kann honum að hafa snúizt nú hugur. En þetta gæti ekki komið fyrir, ef ráðgjafinn mætti sjálfur á þinginu.

Það hefur verið talað um það, að ábyrgð sú, sem gjört er ráð fyrir í frumv. sje ófullkomin. Það er þó ekki hægt að neita því, að hún er meira virði en ábyrgðin eptir núgildandi stj.skrá, og þó höfum vér engin ábyrgðarlög fengið þau 23 ár, sem hún hefur nú verið í gildi. Jeg hygg, að það liggi í augum uppi, að ábyrgðarákvæðin hlytu að hafa þó minni þýðingu, eða væri eigi eins nauðsynleg, þegar sá ráðgjafi ætti í hlut, sem gæti varið öllum sínum kröptum í vorar þarfir, beint öllum sínum áhuga að vorum málum. Ráðgjafar vorir hafa verið hinir mestu ágætismenn, og enginn vafi er á því, að þeir mundu hafa orðið stórum nýtari menn, en raun er á orðin, ef þeir hefðu verið alveg vorir, eins og flestir munu hafa búist við, að þeir yrðu eptir stj.skrá vorri. Jeg hygg, að margur hafi þótzt grípa í tómt, þegar hin ísl. sjermál voru sameinuð við annað mjög umfangsmikið starf, þegar íslenzku málin voru gjörð að ógn litlu broti af mjög yfirgripsmiklu starfi. Það er sízt að undra, þótt ráðgjöfum Íslands hafi hingað til verið nær huga hin dönsku mál heldur en hin íslenzku, að þeim sé nær huga mál þau, er þeir hafa kynnzt frá barnæsku, sem snerta föðurland þeirra beinlínis og sem þeim er unnt að skilja út í æsar, heldur en mál, sem eru þessum málum allt ólík, talsvert einkennileg og sem þeir hljóta að hafa haft óljósa þekkingu á. Jeg efast þó ekki um, að þessir menn hefðu orðið oss allt aðrir, ef þeir hefðu haft kringumstæður til að koma til lands vors, skilið tungu vora, kynnt sjer til fullnustu mál vor og tekið þátt í meðferð þeirra á þinginu. En sakir þess, að þeir gátu þetta ekki kringumstæðanna vegna, hafa þeir eigi orðið oss eins nýtir og ella.

Svo lengi hafa nú skoðanir allra nefndarmanna getað fylgzt að. Um þetta atriði höfum vjer allir verið einhuga. Þetta hefur verið aðalatriðið fyrir mjer, að vjer gætum fengið sjerstakan ráðgjafa, sem mætti á þinginu, og hefði ábyrgð á öllum stjórnarathöfnum sínum. Hver rólega hugsandi maður verður að viðurkenna það, að þegar það þýðir öldungis sama, að heimta allt og að fá ekkert, þá sje hið eina rjetta, að velja samningsleiðina, taka á móti því, sem fram er boðið, í þeirri von, að vjer með tíma og tækifæri getum komizt lengra, og vonirnar um það eru því sterkari, þar sem áhöldin til þess verða í höndum ráðgjafa, sem vinnur saman við þingið.

Jeg er hæstv. landshöfðingja mjög þakklátur fyrir það, að hann hefur komið oss á þennan rekspöl í þessu velferðarmáli og sömuleiðis fyrir bendingar þær, sem hann gaf í dag nefndinni um tálmanir þær, er á till. hennar væru, til að geta komizt á rjetta samningsleið. Jeg tel sjálfsagt, að nefndin muni íhuga athugasemdir hans gaumgæfilega, og leitast við að nema þessa agnúa á burtu.

Jeg get ekki viðurkennt það, að það sje sama sem að kannast við, að sá skilningur á stjórnarskránni sje rjettur, að ráðgjafinn skuli sitja í ríkisráði Dana, að taka ekki fram með berum orðum í frv. þessu, að hann skuli ekki hafa þar sæti. Vjer látum að eins þetta liggja nú á milli hluta, þar sem oss er það kunnugt, að ef ákvæði þetta væri sett í frv., yrði það málinu til falls. Vjer erum ekki bundnir á neinn klafa með því. Og ef þgsál till. nefndarinnar gæti orðið þröskuldur fyrir öllu málinu, mun heppilegra að nefndin taki hana aptur. Vjer hverfum alls eigi þar með frá efninu, en viðurkennum, að málið er ekki tímabært.

Jón Jónsson: H. framsögum. (Sig St.) og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hafa farið mörgum orðum um samvinnu milli þingsins og stjórnarinnar, og hvað hún væri mikilsverð, og hvert útlit væri fyrir, að hún færi batnandi og jykist, ef ráðgjafinn mætti á alþingi. Jeg játa einnig, að samvinnan er nauðsynleg, og ómissandi ef hún gæti farið vel, en jeg sje ekki að hún verði langgæð eða til frambúðar eptir þessu frv., því jeg skil ekki annað, en að meðan ráðgjafinn mætir í ríkisráðinu, reki hann sig á það, að hann megi ekki alltaf fara eptir sínum eigin vilja, heldur verði hann opt að fara eptir danska ríkisráðinu, og þess vilja. Jeg álít, að ráðgjafinn yrði eptir sem áður að dansa eptir vilja ríkisráðsins, og mundi þess vegna opt verða að halda öðrum skoðunum fram á alþingi, heldur en sínum eigin, og þótt ábyrgðarlög yrðu samin, og vjer gætum komið fram ábyrgð á hendur honum eptir þeim, yrði árangurinn eigi annar en sá, að hann færi frá embætti, og og svo kæmi nýr ráðgjafi, sem færi eins að, og svo gengi koll af kolli og ekkert hefðist upp úr þessu, nema að við yrðum að borga mörgum ráðgjöfum eptirlaun, og þá segi jeg fyrir mitt leyti, að heldur vildi jeg landshöfðingja ábyrgðarlausan en ráðgjafa með ábyrgðarnefnu, sem ekkert fæst upp úr annað, en að verða að greiða mörg eptirlaun. (*Landshöfðingi:* Ríkissjóður greiðir eptirlaun ráðgjafans). Það getur gjarnan verið, að þetta sje misskilningur minn.

H. framsögum. (Sig. St.) áleit mótsögn í því, að vera ekki þm. Vestm. (V. G) þakklátur fyrir frv. það, er hann hefur komið með í þessu máli, þar sem vjer mundum hafa þakkað honum, ef hann hefði komið með annað frv., þar sem allar kröfur vorar hefðu verið teknar til greina, og getað gefið oss von um, að það yrði samþykkt. Jeg skal svara því með dálitlu dæmi. Eigi jeg 1000 kr. hjá einhverjum manni, sem mjer gengur örðugt með að fá borgaðar, þá mundi jeg ekki vera þakklátur þeim manni, sem færði mjer vissu frá honum um, að mundi borga mjer 10 kr. af skuld þessari, ef jeg sleppti öllu tilkalli til alls sem eptir stæði, en jeg sæi ástæðu til að þakka honum, ef öll skuldin yrði borguð.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) talaði um, að vjer hefðum ekki notað heimild þá, sem oss er gefin með að semja ráðgjafaábyrgðarlög nú um 23 ár. Hversvegna höfum vjer ekki gjört það? Eingöngu af því, að vjer höfum álitið það þýðingarlaust, meðan ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu. Mjer er óhætt að fullyrða, að sú skoðun er hjá öllum þorra landsmanna. Það getur verið, að það sje misskilningur hjá mjer, að vjer þyrftum að greiða ráðgjafanum eptirlaun, en jeg álít þó lítinn hag í honum, þegar vjer fengjum einn ráðgjafann ókunugann, eptir annan, sem bæri lítið skyn á hagi vora, og sem þar á ofan væri jafnábyrgðarlaus, þegar til framkvæmdanna kæmi, eins og landshöfðingi er nú. Þá vil jeg þó heldur hafa sama landshöfðingjann, sem þekkir vel mál vor.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. nefnd. (C. 350) 1. stafl. við 1. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 4; breyt.till. n. (C. 350) 2. stafl. við 2. gr. samþ. með 7 samhlj. atv. 2. gr. frv., er verður 1. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv. Breyt.till. n. (C. 350) 3. stafl. við 3. gr. samþ. án atkv.gr; breyt.till. n. (C. 350) 4. stafl. við 3. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv. 3. gr. frv., er verður 2. gr. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv. Breyt.till. n. (C. 350) 5. stafl., ný gr., er verði 3. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; breyt.till. n. (C. 350) 6. stafl. ný gr. er verði 4. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.; breyt.till. n. (C. 350) 7. og 8. stafl. við 4. gr. án atkvæðagr. 4. gr. frv., er verður 5. gr. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv. 5. gr. frv., er verður 6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv. Breyt.till. n. (C. 350)

9. stafl. við 6. gr. frv. samþ. með 7 samhlj. atkv.; breyt.till. n. (C. 350) 10. stafl. við 6. gr. frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. 6. gr. frv., er verður 7. gr. breytt samþ. með 9 samhlj. atkv. Breyt.till. n. (C. 350) 11. stafl. við fyrirsögn frv. samþ. með 7 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 6 atkv. gegn 5.

Frv. til laga um lögaldur (C. 385); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í einu hljóði og sent aptur til Nd.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu (C. 383) 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Frv. til laga um stofnun lagaskóla (C. 384) 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Till. til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðstyrk til barnakennslu. (C. 377); hvernig ræða skuli.

Sigurður Stefánsson stakk upp á tveimur umr. og var það samþ.

Þrítugasti og fjórði fundur, laugardag 14. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga frrir árin 1894—95 (C. 319); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1894 og 1895 (C. 404); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í einu hljóði, og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð (C. 318); 3. umr.

Jón A. Hjaltalín: Við 2. umr. var beðið um upplýsingar í þessu máli. Mjer er málið kunnugt, en ástæðan til að jeg stóð þá ekki upp, var sú, að jeg hjelt að það væri verið að ræða um annan verzlunarstað.

Hjalteyri liggur vestanvert við Eyjafjörð, hjer um bil 2 vikur sjávar frá Oddeyri, og hefur þau skilyrði, sem mikið hefur verið rætt um, að verzlunarstaðir eigi að hafa, hefur góðan stað til að byggja á, og þegar fyrir mörgum árum hefur verið töluvert byggt þar, og ein verzlun, að mestu sveitaverzlun, hefur verið þar um nokkur ár. Yrði staðurinn löggiltur, mundu menn úr Svarfaðardal og Ólafsfirði einkanlega sækja þangað, og spara sjer hinn langa veg inn allan Eyjafjörð.

Staðurinn er því eins líklegur til löggildingar og flestir þeir staðir, sem undanfarandi þing hafa staðfest.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef að vísu fengið þær upplýsingar, sem jeg óskaði við 2. umr. En mjer finnast þær ekki svo lagaðar, að þær hafi getað sannfært mig. Jeg efast ekki um, að orð h. 5. kgk. (J. A. H.), um, að staðurinn liggi vel og að þar sjeu öll skilyrði fyrir því, að verzlun geti þrifizt, sjeu sönn. En þar sem hann upplýsti, að staðurinn lægi að eins 2 vikur sjávar frá Oddeyri, þar sem verzlun er, þá virðist mjer álitamál, hvort ekki sje skaðlegt að löggilda nú Hjalteyri. Við Eyjafjörð gæti verið ein stór verzlun á Akureyri og Oddeyri, en ef allir þessir staðir eru löggiltir allt í kring, þá er hætt við, að í stað eins öflugs verzlunarstaðar rísi upp upp 3—4 verzlunarstaðir, sem allir verði kraptlausir. Jeg veit, að Svalbarðseyri var sjerstaklega þess vegna lög-

gilt sem verzlunarstaður, að þar var hentugur staður til út kipunar á kvikfje. En jeg hef ekki heyrt neitt líkt um Hjalteyri, og verð því að efast um, að rjett sje að löggilda nýjan verzlunarstað svo nærri Akureyri.

H. 5. kgk. þm. (J. A. H.) skýrði frá, að verzlun hefði um nokkur ár verið á Hjalteyri, en sveitaverzluu. Jeg get ekki betur sjeð, en að flestir þeir, sem sækja til þessarar sveitaverzlunar eigi hægt með að sækja til Akureyrar, þar sem vegalengdin 2 mílur, ekki er teljandi tálmun. Og þegar menn eru komnir sjóveg frá heimili sínu til Hjalteyrar, er þeim ekki mikið áhugamál að komast í kaupstaðinn ef þeir telja á sig þessar 2 mílur, sem eptir eru til Akureyrar, þar sem þar að auki er miklu betri verzlun á Akureyri vegna samkeppninnar, og hlýtur allt af að verða, þó föst verzlun kæmist á á Hjalteyri.

Sami h. þm. sagði, að mikill hagur fyrir menn væri að geta sparað sjer veginn inn allan Eyjafjörð. Mjer finnst þetta ekki vera nógu gild ástæða til að löggilda staðinn. Því þetta yrði tvíeggjað sverð fyrir Akureyri, og mjer finnst ekki rjett að draga úr krapti hinna eldri verzlunarstaða. H. 5. kgk. þm. (J. A. H.) býr á næstu grösum við alla þessa staði, og þó honum sje hlýtt til Hjalteyrar, ímynda jeg mjer, að hann vilji þó fremur hlynna að Akureyri og Oddeyri.

Jeg get af þessum ástæðum ekki gefið atkv. með þessu frv. og ræð jeg einnig h. deild frá að gjöra það.

Jón A. Hjaltalín: Jeg held að jeg hefði ekki staðið upp til þess að gefa þessar upplýsingar, ef jeg hefði átt von á slíkri ræðu. En þar sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) taldi engar torfærur á því, að sækja kaupstað utan frá Hjalteyri inn til Akureyrar, þá vil jeg minna hann á, að Hörgá er á leiðinni, sem getur orðið æði ill yfirferðar, og þröskuldur á veginum, að minnsta kosti þangað til búið er að brúa hana, en það getur nú dregizt í nokkur ár enn. En þar sem um sjóveg væri að ræða, þá vildi jeg óska að við h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) værum komnir 2 á bát inn til Hjalteyrar og hefðum barið þangað inn allan Eyjafjörð, og þá þætti mjer gaman að vita, hvort honum þætti ekki muna um kippinn, sem eptir er inn til Oddeyrar. Hvað það snertir, að löggilding þessi mundi draga frá Akureyri, þá hefur sú raun orðið á, að verzlun hefur aukizt þar á síðustu árum, þó fleiri verzlunarstaðir hafi risið upp í grenndinni, enda ætti það ekki að standa fyrir löggildingu nýrra verzlunarstaða, því þeir verzlunarstaðir eiga einir að lifa, sem heppilegast eru í sveit komnir, en slíkt er ekki hægt að sjá nema með því, að löggilda þá. Akureyri liggur óhentuglega, þar sem hún er við botn Eyjafjarðar, sem er 8 mílur á lengd. Forfeður vorir höfðu þó höfnina einni viku sjávar utar á Gæsaeyri, en höfnin þar hefur grynnkað sökum framburðar úr Hörgá.

Þrátt fyrir mótmæli þau, er fram hafa komið, hika jeg ekki við að gefa frv. atkv. mitt og hygg, að það fái nægan meiri hluta.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 6 : 2 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum (C 401); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er komið frá h. Nd. og hefur það orðið þar fyrir talsverðum breytingum frá því, sem stjórnarfrv. var, sem lagt var fyrir þingið og stafa breytingar þessar eðlilega frá því, að eptir að þingið kom saman hafa ýmsar skýringar komið fram, sem standa í nánu sambandi við byggingu spítalans. Eins og kunnugt er, hafa menn verið gjörðir

út hingað frá fjelagi sem gengizt hefur fyrir því, að gefa og safna fje til spítalans, sem sje form. fjelagsins og annar fjelagsm. og við komu þessara manna hefur margt orðið skýrara um fyrirkomulag spítalans og hvers mundi þurfa við til að gjöra hann fullkomlega úr garði. Af þessu stafa breyt. þær, sem gjörðar hafa verið á frv., en jeg hygg, að nú sjeu allar þær skýrslur framkomnar, sem vænta má og þörf er á, og öll nauðsynleg atriði sjeu nú tekin upp í frv.

Af því að jeg hygg, að frv. hafi verið rækilega íhugað, álít jeg að ekki þurfi að setja nefnd í málið, heldur að eins að greiða sem bezt fyrir því, svo það fái nú að ganga til 2. umr., án þess nefndarkosning eigi sjer stað, því hún kynni að tefja svo fyrir málinu, að því yrði ekki lokið á þessu þingi, þar sem svo mjög er liðið á þingtímann.

Landshöfðingi: Eins og h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók fram, hefur frv. þetta tekið ýmsum breytingum, sem stafa af ýmsum skýrslum, sem þingið hefur fengið frá þeim mönnum, sem ætla að gefa spítalann, hvað hann mundi þarfnast til þess að vera í fullkomnu standi. Þetta hefur verið tekið til greina af nefnd þeirri, sem var skipuð í málið í h. Nd. En það er athugavert, að eins og frv. liggur nú fyrir, þegar það kemur frá Nd., að uppástungur nefndarinnar hafa ekki verið teknar fullkomlega til greina í Nd., hvað fjárveitinguna snertir. Nefndin í Nd. komst að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri, að verja 18000 kr. til þess að útbúa spítalann að fullu og öllu, en með breyt.till. við 3. umr. var þessi upphæð sett niður í 16000 kr. Þetta álít jeg óheppilegt, því þegar landið fær spítalann gefins, ætti það ekki að skera við neglur sjer það fje, er það verður að kosta til hans, til þess að gjöra hann sómalega úr garði. Hið annað atriði eru laun spítalalæknisins. Nefndin hafði stungið upp á, að þau yrðu sett 3000 kr., en þau hafa verið færð niður í 2700 kr. Hefur það víst vakað fyrir þeim, er settu launin niður, að þeir hafa miðað þau við laun hjeraðslæknisins hjer í Rvík, sem hefur 1900 kr. laun, sem hjeraðslæknir og 800 kr. fyrir kennslu á læknaskólanum, og þetta samanlagt væri 2700 kr. En þeir hafa ekki gætt þess, að hjeraðslæknir þessi fær nokkuð meira úr landssjóði nfl. borgun fyrir læknisstörf við latínuskólann og hegningarhúsið og þar að auki annarsstaðar að fyrir læknisstörf við spítalann hjer og barnaskólann o. fl., fyrir utan að praksis hans er meiri en holdsveikislæknirinn mundi hafa og þetta allt verður þó miklu meira en 2700 kr. Það hefur vakað fyrir mönnum hjer, að hjeraðslæknirinn hjer í Reykjavík yrði holdsveikislæknir, því bæði er hann velmetinn læknir og sá sem ber einna mest kennsl á holdsveiki, þar sem hann var sá maður, sem sendur var til Noregs, til að kynna sjer holdsveikislækningar. En það þarf ekki að hugsa, að hann yfirgefi embætti sitt, sem hann hefur nú, nema laun holdsveikislæknisins verði sett 3000 kr., eins og nefndin stakk upp á, og það er áreiðanlegt, að hann þiggur ekki þetta embætti með 2700 kr. launum. Yrði hjeraðslæknirinn hjer holdsveikislæknir, er eitt unnið með því, að þá hættir hjeraðslæknirinn að verða kennari við læknaskólann, því holdsveikislæknirinn tekur við þeim starfa, en starf það og þau 800 kr. laun, er því fylgja, er ekki hægt að taka af hinum núverandi hjeraðslækni. En þegar hjeraðslæknisembætti þetta verður veitt næst, falla þessar 800 kr. niður, svo jeg hygg, að það verði ekki sparnaður, að setja laun holdsveikislæknisins 2700 kr. í stað þess að hafa þau 3000 kr., eins og nefndin lagði til.

Jeg hefi vakið athygli á þessu, því jeg hefi í hyggju að koma með breyt.till. til 2. umr. um þessi 2. atriði, nfl. að fje það, sem veitt er til að fullgjöra spítalann, verði ákveðið 18000 kr. og laun

holdsveikislæknisins 3000 kr. í stað 2700, svo að frv. sje fært í sama ástand og hjá nefndinni í Nd.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (C 256, 411); frh. 1. umr.

Framsögum. (Jón Jakobsson): Jeg finn ekki ástæðu til að tala langt mál um frv. þetta, sem nú kemur aptur frá nefndinni, því frv. er svo einfalt og óbrotið, að jeg er viss um, að allir h. þingdm. hafa gert sjer ljósa grein fyrir því. En meiri hluti nefndarinnar álítur sjer þó skylt að skýra frá því með nokkrum orðum, hvers vegna hann getur ekki ráðið h. deild að samþykkja frv.

Frv. þetta gjörir enga breytingu á ástandi skólans, eins og hann er nú, og eina breytingin, sem frv. fer fram á, er að lögleiða skólann eða gjöra hann að fastri stofnun og kennara hans að föstum kennurum, með föstum launum úr landssjóði, þar sem laun þeirra hingað til hafa að eins verið veitt með fjárlögunum. Meiri hluti nefndarinnar gat nú alls ekki sjeð, að svo illa hefði farið um skólann á fjárlögunum, að brýna nauðsyn bæri til að koma honum í fastara form. Sjerstaklega vakti það fyrir nefndinni, að öll okkar skólamál væru svo á lausum kili og engu þar ráðið til úrsíita, svo spurning væri, hvort rjett væri að svo komnu að gjöra alþýðuskólann í Flensborg að fastri lögstofnun.

Eins og menn muna, er nýfarið hjeðan frv. viðvíkjandi kennslunni í lærða skólanum hjer í Reykjavík, þar sem farið er fram á að skipta skóla þessum í tvo hluti, þannig, að gagnfræði sje kennd í þrem neðri bekkjum skólans, en klassisk fræði í þrem hinum efri. Nú hugsaði nefndin, að ef frv. þetta gengi fram, þá kynni mönnum að detta í hug eptir svo sem 4—6 ár, að setja kennarafræðslu í samband við latínuskólann. Í öðru lagi datt nefndinni í hug, að ef kennarafræðslan væri sett í samband við barnaskólann hjer í Reykjavík, þá væri hjer mestur möguleiki fyrir kennaraefnin að njóta verklegra æfinga og setja sig þannig inn í starf sitt. En hvor leiðin, sem farin yrði síðar meir, þá væri jafnóheppilegt að vera búinn með lögum að festa skóla þennan við vissan stað, sem síðar mundi reynast óhentugur. Ennfremur vakti það fyrir nefndinni, að óviðkunnanlegt væri að samþykkja frv. sem færi fram á, að skipa 3 fasta kennara við einn skóla með alls 6000 kr. launum, til að kenna mönnum, sem hefðu svo auma lífsstöðu, að fádæmi væru. Á fjárlagafrv. stjórnarinnar var farið fram á, að veita til barnaskóla í sjóplássum og verzlunarstöðum utan kaupstaða alls 4500 kr. og til umgangskennslu í sveitum 5500 kr. eða alls 10000 kr. Þessa upphæð vill þingið nú hækka um 1000 kr., svo hún verði alls 11000 kr., handa öllum barnakennurum landsins. Það er tekið fram í skilyrðunum um sveitakennara, að allt að 80 kr. af landssjóðsstyrknum greiðist til hvers þeirra, en almennt munu þeir fá 40—80 kr. þóknun og til að ná í þessi laun eiga þeir að ganga á skóla í 3 ár, og get jeg ekki annað sjeð, en að það sje harla ólíklegt að menn, sem ekki eiga ljósari lífskjör í vændum en svo, að þeir mega búast við að fá minna kaup en daglaunamenn og lausamenn fyrir lífsstarf sitt, fari að leggja á sig svo langt og kostnaðarsamt undirbúningsnám sem þetta frv. gjörir ráð fyrir.

Nefndin gat því ekki sjeð, að lífskjör þessara manna væru svo vænleg, að þeir mundu sækja þennan skóla til að fá þetta í aðra hönd.

Hvað þær fræðigreinir snertir, sem eru kenndar við Flensborgarskólann, þá virðist nefndinni eiga að kenna hinar

sömu og áður og frv. komi með engar breytingar í því efni. Væri mönnum því kappsmál með að veita kennurunum meiri laun en áður, getur nefndin ekki betur sjeð, en að jafnhægt sje að gjöra það á fjárlögunum sem í sjerstöku frv. og að fjárlaganefndin og þingið í heild sinni hefði getað hækkað laun kennaranna um þær 800 kr., sem frv. munar frá því, sem skóla þessum er veitt eptir fjárlögunum. Meiri hluti nefndarinnar gat því ekki sjeð, að nein brýn ástæða eða þörf væri til þess, að samþykkja frv., en á hinn bóginn gat nefndinni ekki dulizt, að ef frv. yrði samþykkt, þá gæti það orðið Þrándur í Götu, ef menn vildu síðar koma á kenna afræðslu á öðrum stað.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að vísa til nefndarálitsins, því þó það sje stutt, þá felur það í sjer öll höfuðatriði þessa máls.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og nefndarálitið sýnir, hef jeg ekki getað orðið samferða h. samnefndarmönnum mínum í þessu máli, enda þótt það sje mjer alls ekki kappsmál. Í raun rjettri kom oss einnig saman um öll aðalatriði þess. Það efast víst enginn um það, að það sje mjög gott og nauðsynlegt, að kennarafræðsla sje veitt þeim mönnum, er kennslu eiga að stunda á eptir, og að þeir, sem þeirrar fræðslu hafa notið, verði færari á eptir til að hafa barnakennslu á hendi en hinir, sem ekki hafa notið hennar. Þetta sjest á því, að allir álíta það sjálfsagt, að styrkja þessa kennslu með fjárframlagi á fjárlögunum; en það álíta h. meðnefndarmenn mínir vera fullnægjandi.

Jeg, sem einn liður í kennslumálastjórninni, stend nú þessu máli nokkru nær en h. meðnefndarmenn mínir, þótt þeir hafi sýnt það, að þeim sje annt um öll fræðslumál; það hafa þeir sýnt með till. sínum í öðru máli, er komið hefur hjer fram í h. þingd. Jeg verð að álíta, að kennarafræðslan sje svo stórt og alvarlegt mál, að alþingi geti ekki vísað því frá sjer, að gefa stofnun þeirri festu sem hjer er um að ræða, og gjöra hana svo úr garði, að hún þurfi ekki að vera árlega háð fjárveitingarvaldinu, hvernig sem á því kann að liggja. Það fer ekki vel á því, ef slík stofnun fengi eitt fjárhagstímabilið styrk sinn, en svo væri þessum styrk kippt burtu næsta fjárhagstímabil af einhverjum tilviljanlegum ástæðum. Það er ekki fýsilegt fyrir hlutaðeigendur, að verja öllum kröptum sínum til þess starfa, sem ef til vill má búast við að verði kippt fótunum undan, þegar mönnum býður svo við að horfa. Auk þess eiga þeir viðurkenningu skilið fyrir það, sem þeir hafa lagt í sölurnar til að afla sjer sem beztrar þekkingar á öllu því, sem að þessum fræðslumálum lýtur, svo að þeir geti öðlazt fastari stöðu og geti varið kröptum sínum til þess að útvega æskulýð landsins sem bezta kennslukrapta.

H. framsögum. meiri hl. (J. Jak.) kvaðst ekki vilja gefa kennslustofnun þessari þá festu, sem jeg tel svo heppilega, þar sem hin önnur kennslumál vor væru enn ekki komin á fastan fót. Mjer getur þó ekki betur virzt, en að þetta mál ætti að vera fyrir utan hinn hávaxna öldugang um samband lærðu kennslunnar og gagnfræðakennslunnar. Þessi fræðsla getur þó ekki snert nema hina almennu gagnfræðakennslu, og hún á að geta gengið sinn rólega gang, hvað sem hinum æðri kennslumálum líður. Skóli þessi verður eptir sem áður gagnfræðaskóli; hann kennir eptir sem áður hinar almennu gagnfræðakennslugreinir auk kennarafræðslunnar, enda hlýtur svo að vera. Það dettur engum í hug, að halda áfram að styrkja Flensborgarskólann í sama formi sem nú, og auk þess stofna slíkan skóla, sem farið er fram á í frv. þessu. Það væri að kasta út fje að óþörfu. Kennaraefnin eiga að geta fengið almenna gagnfræðamenntun

og að auki fræðslu í því, eigi að eins að njóta ávaxtanna sjálfir, heldur einnig gjöra hana ávaxtarsama hjá öðrum. Það er mjög mikið í það varið, að kenna vel, og til þess útheimtist sjerstakt nám, sjerstök þekking á því, hvernig barnssálin er byggð, hvernig helzt á að uppljúka dyrunum að henni, til þess að geta glætt skilning þess og lagað lyndiseinkunnir þess eða ‚karakter'. Þá fyrst, þegar kennarinn hefur þessa þekkingu, kemur kennslan að fullum notum. Þetta er ekki kennt á almennum gagnfræðaskólum, heldur á þessi skóli að hafa slíka fræðslu fram yfir þá, þótt hinar aðrar námsgreinir sjeu sameiginlegar fyrir þá.

H. framsögum. meiri hl. (J. Jak.) vildi ekki nú þegar binda þessa kennarafræðslu við þennan vissa stað. Það kann vel að vera, að hún væri eins vel komin hjer í Rvík, annaðhvort sameinuð gagnfræðadeild í lærða skólanum, barnaskóla eða þá einhverjum þriðja skóla. En þó svo væri, sje jeg ekki, að það þurfi að vera þessu máli til tálmunar. Frv. þetta segir, að stofna skuli fastan kennaraskóla, en eins og nú stendur á, er ekki um annan stað að ræða en Flensborg fyrir slíkan skóla; þar er nú sem stendur sjálfsagt að hafa hann. Þar eru fleiri menn, er hæfastir eru til slíkrar kennslu, þar er húsnæði til, sem nota má enn þá í allmörg ár, svo og áhöld til kennslunnar. Og þegar mönnum svo sýndist, er það engum erfiðleikum bundið, að flytja skólann aptur þaðan; það kostar að eins 2—3 línur: Kennaraskólann í Flensborg skal flytja til Reykjavíkur. Þá yrði og gagnfræðaskólinn einnig fluttur ásamt kennurunum; þeir mundu að sjálfsögðu ekki verða látnir verða þar eptir, ganga um og gjöra ekki neitt, en látnir nota hæfilegleika sína og þekkingu þjóðfjelagi voru til gagns, svo að ástæðulaust er að gjöra ráð fyrir, að þeir yrðu iðjulausir ómagar landssjóðs. — Eins og nú stendur á, er það ekki auðgjört, að setja kennarafræðsluna í samband við lærða skólann, nje heldur barnaskólann hjer í Rvík. Þar sem barnaskólann skortir húsrúm til þess að geta fullnægt þeim kröfum, sem bæjarbúar gjöra til hans, þá liggur í augum uppi, að hann muni skorta húsrúm til að bæta við sig kennarafræðsludeild. — Hið sama er að segja um latínuskólann. Húsrúm það, sem hann hefur nú, er af mjög skornum skammti og hugsi maður sjer það, að frv. það, sem nýlega hefur verið samþykkt hjer í þessari h. þingd, kæmi til framkvæmda, mun aðsókn til skólans að sjálfsögðu aukast að miklum mun og við það yrði skorturinn á húsrúmi þar enn þá tilfinnanlegri. Jeg hygg því, að maður megi þakka fyrir, að geta haft húsrúm fyrir kennaraskólann í Flensborg.

H. sami þm. gat þess, að þar eð til barnafræðslu væru að eins árlega veittar á fjárlögum 11,000 kr., væri sú þóknun, sem barnakennarar ættu í vændum, svo sáralítil, að ekki væri líklegt, að margir vildu leggja þá kennslu fyrir sig, og aðsóknin að skólanum mundi þessvegna verða lítil. Mjer virðist h. þm. sanna eiginlega of mikið með þessari setningu. Með þessi aumu laun fyrir augum í framtíðinni hefur það þó sýnt sig, að menn hafa gengið á Flensborgarskólann, og er því ekki ástæða til að ætla, að menn muni síður sækja hann, þótt námstíminn verði lítið eitt lengri og menntun sú, sem hann veitir, þannig fullkomnari. Enda er svo fyrir að þakka, að menn sýna lofsverða löngun til að gjöra sig hæfa til að takast á hendur barnakennslu, þótt lítið sje borgað fyrir hana á eptir. Það mætti einnig með dálitlum námsstyrk ljetta mönnum aðgang til skólans; 4—500 kr. á ári mundi í þessu tilliti geta gjört töluvert gagn.

Þrátt fyrir hin lágu launakjör, sem barnakennarar hafa við að lifa, hafa þó ýmsir þeirra sýnt ekki alllítinn áhuga á

að auka menntun sína; þeir hafa á eigin kostnað farið til útlanda, til Danmerkur, Svíþjóðar og jafnvel Noregs, og verið þar á kennarafundum og sýningum kennsluáhalda, til þess að gjöra sig sem hæfasta til starfs síns. Þetta meðal annars ber gleðilegan vott um það, að kennaraskóli, er settur yrði á fastan fót, mundi ekki þurfa að standa auður.

Þess ber einnig að gæta, að þær 11,000 kr., er landssjóður leggur fram til barnakennslu, er ekki nema annar liðurinn; væri engu öðru fje til hennar varið, væri ástandið þó enn aumara en það nú er. Auk þessarar upphæðar leggja kaupstaðirnir fram til hennar allmikið fje, svo og ýms sveitarfjelög og einstakir menn, og þessi upphæð er alltaf í vexti. Það er heldur engin ástæða til að efast um, að þingið mundi fúst til að auka þá upphæð, sem nú er veitt til barnakennslu, og það því fremur, sem trygging fengist fyrir því, að það kæmi að sem fyllstum notum, og sú trygging fæst bezt með því, að undirbúa sem bezt barnakennarana.

Það vantar auðvitað mikið á það, að barnakennarastaðan sje fýsileg, en það, sem veldur því, að menn sjá sjer þó fært að vinna að henni á veturna fyrir svo tiltölulega litla borgun, er það, að þeir geta opt á ýmsan hátt bætt sjer það upp að sumrinu til Þess ber enn fremur að gæta, að kennararnir við barnaskólana eru þó talsvert betur settir en hinir svonefndu sveitakennarar. Laun þeirra skipta þó nokkrum hundruðum króna fyrir kennsluárið.

Jeg verð að leggja mikla áherzlu á það, að kennarafræðslan er mjög þýðingarmikið verk og er í raun rjettri undirstaðan undir allri alþýðumenntun. Jeg hef lesið það eptir merkan rithöfund og það hefur verið endurtekið af mörgum mönnum, að sigurvinning Þjóðverja yfir Frökkum 1870 hafi verið alþýðukennurunum þýzku að þakka. Þeir höfðu lagt grundvöllinn til heraga þess, upplýsingar, dugnaðar og atorku, er varð þess valdandi, að þeir unnu sigur á hinum glæsilegasta her Norðurálfunnar. Það er nú ekki blóðugur vígvöllur, sem vjer ætlum oss að reyna krapta vora á, heldur starfsvöllur fósturjarðarinnar, og jeg hygg, að menntunin gefi oss til þess beztan undirbúning, en kennarafræðslan er grundvöllur hennar.

Ef til vill kann ýmsum að þykja, að hugur minn hafi svifið nokkuð vítt yfir í þessari ræðu minni, en af því að þetta er 1. umr. málsins, hef jeg leyft mjer það. Það getur haft talsverða þýðingu í mörgum málum, að líta vítt yfir; skoðanirnar verða þá síður of þröngar, sem þó opt er hætt við að verði. Og í þessu máli óska jeg, að menn hafi rúman sjóndeildarhring.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): H. 2. kgk. (H. Sv.) gat þess í ræðu sinni áðan, að mjer mundi þykja svo sem hann hefði svifið of mikið á við og dreif í svari sínu upp á ræðu mína; jeg vil ekki segja, að svo hafi verið, enda hef jeg ávallt gaman af að hlýða á hans skipulegu ræður. Hann gaf ýmsar góðar bendingar sínum málstað til stuðnings, en þær hafa samt sem áður ekki sannfært mig um, að meiri hlutinn ekki byggi sínar ástæður á góðum og betri grundvelli. Jeg tók svo eptir orðum hans, að hann áliti það athugavert og varasamt, að láta fjárveitinguna til skólans vera undir því komna, hvort vel eða illa lægi á fjárveitingarvaldinu. Þetta tel jeg einmitt vera stóran kost, því jeg geng út frá því, að aldrei muni liggja illa á fjárveitingarvaldinu í þessu máli, nema ástæða sje til, og að því er sjerstaklega snertir Flensborgarskólann, þá hefur það sýnt sig hingað til, að það hefur legið ljómandi vel á fjárveitingarvaldinu. Tillagið til hans hefur farið sihækkandi. Á 2 undanförnum fjárlagaþingum hefur fjárlaganefndin bæði í efri og neðri deild jafnan tekið fjárbeiðsl-

um til þessa skóla með kostum og kynjum og svo mun enn verða, og þar sem þingið hingað til ekki hefur fundið neina verulega ástæðu til að gjöra hann að föstum skóla, þá álít jeg heppilegra, að ríghinda ekki fjárveitinguna til hans svo, að ekki sje hægt að snúa aptur, ef óvænlega þætti áhorfast með hann. H. 2. kgk. (H. Sv.) tók einnig fram, að laun kennaranna við þennan skóla væru næsta lítil. Jeg skal að vísu játa það, að þau eru ekki há, ef miðað er við hin hærri embættismannalaun, en 2000 kr. kalla jeg þó allviðunanleg laun og að því er 2. kennarann snertir, þá er hann ekki ver launaður en margir fastir embættismenn þessa lands; laun hans eru jafnvel ríflegri; jeg vil taka til dæmis prestana. Annar kennarinn við skóla þennan er mjög góður kennari að allra dómi; hann hefur tekið guðfræðispróf á prestaskólanum; hann hefur 1600 kr. laun. Þessi laun eru goldin í peningum, og standa þau ekki fyrir ofan meðaltal prestalaunanna? Jú, vissulega gjöra þau það. Svo er líka aðgætandi, að þessir menn vinna ekki nema rúmlega hálft árið við skólann; hinn tímann, sem eptir er af árinu, leika þeir lausir. Þetta eru stór hlunnindi. Jeg get líka tekið ýmsa sýslunarmenn landssjóðs, sem eru bundnir allt árið um kring við 900– 1200 kr. laun; gagnvart þeim eru því þessir menn vel settir. Við höfum ekki ráð á að launa öllum eins vel, eins og þeir gjarnan vildu óska; við verðum að taka tillit til kraptanna.

H. 2. kgk. (H. Sv.) játaði enn fremur, að skóli þessi sje gagnfræðaskóli. — Hann játaði líka, að sjer dytti ekki í hug, að hann stæði við hliðina á öðrum gagnfræðaskóla. Hjer falla skoðanir okkar saman. En þegar við nú erum búnir að samþykkja gagnfræðakennslu í neðri deild latínuskólans í Reykjavík, þá er óheppilegt, að lögfesta realskóla, sem kenni því nær alveg það sama á næstu grösum við Reykjavíkurskólann. Jeg get ekki betur sjeð, en að það ætti að vera mögulegt, að fá kennarafræðslu — og annað er það ekki, sem skóli þessi hefur fram yfir aðra gagnfræðaskóla — setta sem sjerstakan lið einhversstaðar, annaðhvort við barnaskólann hjer eða latínuskólann. Þetta finnst mjer vera heilbrigð hugsun, heilbrigðari en sú hugsun, að lögfesta skóla, sem kennir alveg það sama og skóli sá, er þingið vill koma á.

H. 2. kgk. (H. Sv.) gat þess enn fremur, að það væri nauðsynlegt, að kenna mönnum að kenna. Jeg skal fyllilega játa það, að „Pædagogik“ sje nauðsynleg; en jeg vil taka það fram, að það má ekki taka þetta of einstrengingslega, af því að jeg álít, að kennslugáfan sje aðallega náttúrugáfa. Eins viss og jeg er um það, að sumir af þeim alþýðukennurum, sem nú eru, sjeu ágætir uppfræðarar, eins viss er jeg um það, að engin kennarafræðsla getur skapað vel góðan kennara úr þeim manni, sem ekki er það meðfætt. Jeg skal játa það, að kennarafræðslan getur hjálpað mikið upp á meðfædda hæfilegleika, en hún getur ekki skapað þá, þar sem þeir ekki eru fyrir. Jeg álít það sjálfsagt, að styðja þetta með fjárframlögum; enda álít jeg, að fjárveitingarvaldið hafi bæði sýnt og sannað, að það hafi viljað styrkja þessa kennslu, þar sem það hefur veitt 2000 kr. á fjárlögunum til þess.

H. 2. kgk. (H. Sv.) gat þess enn fremur, að hann ekki gæti sjeð, að það væri til tálmunar, þótt fjárveitingin væri bundin við vissan stað. Jú, það er tálmun vegna þess, að samkvæmt 3. gr. frv. festir það 3 kennara með samtals 6000 kr. launum. En í framtíðinni getur vel verið, að fjárveitingarvaldið sæi ekki þörf á nema 1 eða 2 kennurum fyrir þessa fræðigrein. Þá er það tálmun í framtíðinni, að þessir menn sjeu búnir að fá lagalega staðfestingu sem fastlaunaðir kennarar. En það er fyrirsjáanlegt, að það er ekki

nauðsynlegt að hafa 3 slíka kennara, ef kennslan í þessari grein væri sett í samband við einhverja æðri kennslustofnun.

H. 2. kgk. (H. Sv.) minntist ennfremur á, að slík kennsla gæti ekki sameinast við húsleysið í latínuskólanum.

Jeg skal geta þess í sambandi við þetta, að það hefur verið farið fram á, að lærisveinar latínuskólans sofi ekki í skólanum framvegis, heldur út í bæ, og að þegar búið er að segja „a“ þá er líklegt, að bráðum muni einnig verða sagt „b“, það er að segja, að þegar skólinn er búinn að sleppa umsjóninni yfir piltum á kvöldin, þá muni hann einnig sleppa henni á daginn, og við það að heimavistunum yrði sleppt, mundi sparast svo mikið rúm, að nægilegt pláss fengist fyrir kennarafræðslu í skólanum. Reynslan hefur nú þegar sýnt, að aðsóknin að kennarafræðslunni í Flensborg hefur ekki verið svo mikil, að hægt sje að byggja langar vonir á henni í framtíðinni. Jeg get hugsað mjer, að þótt nokkrir menn hafi notað kennarafræðslu hingað til, þá muni öll líkindi til, að því meir sem kröfurnar hækka og tíminn verður lengdur, því minni ástæðu muni menn finna til að verja fleiri dyrmætum árum af lífi sínu til slíkra iðkana, og eiga svo ekki von á betri kjörum á eptir en óbreyttir vinnumenn. Það er ekki nema mannlegt, þó menn ályktuðu þannig, og allt sem er mannlegt er fyrirgefanlegt. Við megum ekki hugsa okkur fólk almennt sem nein „ideöl“, það er miklu minna af þeim en vanalegu fólki.

Það er langt frá því, að jeg hafi nokkuð á móti þeim mönnum, sem hjer eiga hlut að máli, jeg játa, að það sjeu góðir menn, sem sjeu vel hæfir til sinnar stöðu, og eins og jeg hef tekið fram áður, þá hefur þingið viðurkennt skólann og þá menn, sem starfa við hann með því, að veita fje til hans á fjárlögunum.

Loks tók h. 2. kgk. það fram, að sveitarfjelögin hefðu bætt við styrkinn til sveitakennara og barnaskóla. Að því er barnaskólana snertir, þá er það hugsanlegt, að menn vildu leggja nokkuð í sölurnar til að fá þá stöðu, sem þeir hafa að bjóða, því að þar er þó um nokkur hundruð króna laun að ræða; en til sveitakennslunnar, er víða mjög lítið eða nálega ekkert lagt af sveitafjelögunum annað en fæðið. Það er aðallega hin litla, óverulega upphæð úr landssjóði, sem sveitakennararnir gangast fyrir að fá. Þar sem jeg þekki til, er ekki einum eyri varið til þeirrar kennslu nema landssjóðstillaginu. Jeg játa það fyllilega, að uppfræðsla æskulýðsins sje mjög þýðingarmikill starfi; en jeg get í þessu sambandi ekki neitað mier um, að láta í ljósi sorg mína yfir því, að hin holla og notadrjúga heimilisfræðsla skuli vera nálega horfin. Þetta fyrirkomulag með sveitakennarana, fjarlægir börnin frá foreldrunum, er eiga að standa þeim næstir. Einnig getur þetta fyrirkomulag, sem nú er á sveitakennslunni, haft slæm eptirköst. Það geta verið eilíf skipti á kennurum. — Í ár er það Árni, næsta ár Bjarni, svo Pjetur svo Páll og svo koll af kolli. Hver hefur sitt lag á kennslunni, svo að börnin fá ekkert „kontinuitet“ í uppfræðslunni, eins og þau hafa fengið áður, meðan kennslan fór fram við móðurknjen. Hið gamla fyrirkomulag hefur reyndar stundum þá agnúa við sig, að sumir foreldrar eru ekki færir um að leiðbeina börnum sínum í þeim fræðum, sem hjer er um að ræða. En allur fjöldinn er svo fær um það, að þetta land, löngu áður en þessi kennsla var styrkt, var alkunnugt fyrir, að alþýða þess væri svo vel upplýst, að í fáum löndum væri betur ástatt í því efni. Þessi orð vildi jeg láta koma fram í þessum sal, áður en jeg skilst við þetta mál.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vil ekki tala mikið til þess, að lengja ekki umr.

Að eins ætla jeg að svara h. framsögum. (J. Jak.) nokkrum orðum.

Hann kvað mig hafa talað um, hvað laun kennaranna við Flensborgarskólann væru lág. Jeg talaði meira um launakjör tilvonandi kennara, sem fengju fræðslu á skólanum. Jeg skal játa, að laun kennaranna við skólann eru sæmileg, einkanlega í samanburði við kjör prestanna, enda þarf ekki mikið til að jafnast við þau. En jeg legg meiri áherzlu á, að staðan yrði föst, heldur en á launauppbæðina.

H. framsögum. (J. Jak.) vildi gjöra kennsluna í kennaraskólanum og gagnfræðaskólanum alveg hina sömu. Þetta get jeg ekki fallizt á. Kennslan er í mörgu hin sama en í sömu önnur, nokkru er bætt við 1. árið, meiru 2. og mest 3. og kennaraskólinn leysir því meira starf af hendi, en almennur gagnfræðaskóli, enda hlýtur það svo að vera að öðru jöfnu, að þriggja ára kennsla veiti meiri fræðslu en tveggja ára skóli.

H. framsögum. (J. Jak.) sagði, að menn yrðu óþægilega bundnir, ef kennararnir við Flensborg væru gjörðir að föstum embættismönnum, því ef skólinn væri fluttur, gæti farið svo, að ekkert væri handa þeim að gjöra, en þeir ættu heimting á fullum launum eigi að síður. Jeg held, að ef þetta er hugsað ekki almennt heldur „konkret", sje ekkert að óttast. Það mun altaf vera þörf fyrir góða kennara, og þessir kennarar væru t. d. heppilegir við gagnfræðadeild latínuskólans. Svo á, eins og menn vita, að stækka barnaskólann hjer í Reykjavík að miklum mun, svo að þar verði fleiri bekkir, þá þarf einnig fleiri kennara við hann. Þessir kennarar mundu vera velkomnir sem kennarar við hann. En setjum svo, ef verst færi, að þessi staða sje ekki eins góð og sú, sem þeir höfðu, þá yrði landsjóður að borga mismuninn og gæti það aldrei orðið tilfinnanleg upphæð. Þetta getur ekki vegið svo mikið, að menn sjeu af þeirri ástæðu móti svo gagnlegri stofnun, sem þessari, eins og h. framsögum. (J. Jak.) er.

H. framsögum. (J. Jak.) kvað allt skólafyrirkomulag vort vera í lausu lopti nú sem stæði. Það er satt, en hve lengi mun það verða svo? Jeg er hræddur um, að mörg ár líði, áður en allt verður þar orðið svo fast og ákveðið, að að eins þurfi að útfylla þá umgjörð, sem eitt sinn sje ákveðin. Eptir þeirri reglu ímætti aldrei stofna kennaraskóla.

Þá var h. framsögum. (J. Jak.) vongóður með að hægt væri að fá húsrúm fyrir kennaraskóla í latínuskólanum. Þetta finnst mjer of ljóst litið á málið. Því í fyrsta lagi er sennilegt að ýmsir piltar fengju að lesa í skólanum, þótt þeir hefði annan stað til að sofa og matast á, þar sem þeir mundu hafa betra næði til lesturs í skólanum, einkanlega ef kennari yrði til að leiðbeina þeim í undirbúningstímunum, eins og stungið hefur verið upp á. En þótt latínuskólinn legði niður heimavistirnar, þá er efasamt, hvort húsnæði yrði afgangs eigi að síður. Nú sem stendur er skólinn í mikilli þröng með húsrúm, hefur t. d. orðið að kljúfa hátíðarsalinn í sundur til þess að fá stofu fyrir einn bekkinn, og hefur salurinn verið svo óprýddur með þessu, að hann hefur mátt heita næsta óhátíðlegur á vorin, þegar skilrúmið hefur verið tekið burt. Þetta þyrfti nú fyrst að laga. Svo hefur kennarinn, sem býr í skólanum mjög takmarkað húsrúm; við hann þyrfti að bæta einni góðri stofu. Þá hafa söfn skólans ljelegt húsnæði. Jeg bið menn því að varast að treysta upp á húsnæði til óviðkomandi hluta í latínuskólanum.

Viðvíkjandi því, sem framsögumaður sagði um heimilisfræðsluna, þá er það satt og rjett. En það mælir hvorki með nje móti stofnun kennaraskóla. Fræðslufyrirkomulagið er breytt, og þetta lag, sem komið er á, helzt áfram, hvort sem kennara-

fræðslan er eða ekki. Jeg játa að það er sorglegt, hversu fræðslan er alltaf meir og meir að komast úr höndum foreldranna, en til grundvallar fyrir breytingunni liggur þörf, sem ekki verður hægt að stöðva. Það er jafnan svo, að þegar eitthvað gott ryður sjer til rúms, tekur það með sjer ýmislegt, sem er gott og gagnlegt. Góð heimilisfræðsla er ágæt, en því miður mun hún ekki alstaðar hafa verið jafn holl, og enginn þorir að fullyrða, að *allar* mæður, sem kenndu börnum sínum, hafi verið alvarlegar, skylduræknar og kristilegar mæður, þó margar þeirra hafi vissulega verið það og lagt góðan grundvöll í sálum barna sinna.

Það er eitt atriði enn þá, sem jeg vildi minnast á. Það er frv. um skilyrði fyrir styrkveitingu til lægri kennslu. Þar er gjört ráð fyrir kennarafræðslu og að þeir kennarar, sem hennar hafa notið, gangi að öðru jöfnu fyrir þeim, sem hana hafa ekki fengið; og þar sem jeg ímynda mjer að það frv. verði samþykkt, er nokkur trygging fengin fyrir þá, sem gengju á kennaraskólann, fyrir því að þeir ynnu ekki fyrir gíg, heldur væri rjetthærri en aðrir til þeirrar stöðu.

Jeg vona, að þessar athugasemdir mínar standi nokkurnveginn óhaggaðar gegn andmælum framsögumanns, eins og mjer ekki heldur kemur til hugar, að jeg hafi kollvarpað öllum röksemdaleiðslum hans. Við viðurkennum báðir, að kennarafræðsla sje nauðsynleg, en skoðanir okkar eru aðeins mismunandi á því, hvort tíminn sje kominn til að löggilda þessa kennslu og gjöra hana fasta. Jeg álít enga hættu, þótt þetta væri gjört, og það er sannfæring mín, að þessir menn, eins og allir aðrir nýtir og dugandi menn, mundi fá tækifæri til að beita kröptum sínum, þótt seinna yrði gjörð breyting á þessum skóla.

ATKVÆÐAGR: Frv. vísað til 2. umr. með 6: 5. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um að afnema konunglega staðfestingu á stofnunarskrá prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins (C 374); ein umr.

Landshöfðingi: Af því að þingsályktun þessi er nokkuð einkennilegs efnis, og jeg hyyg að mörgum þingmönnum sje málið ekki fullkunnugt, skal jeg leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar.

Jeg kallaði ályktunina einkennilegs efnis, þar sem hún fer fram á að þingið fari að blanda sjer í mál, sem er alveg umboðslegs efnis, en slíkt ætti þingið að varast, því það er ekki heppilegt nje æskilegt.

Málið er svo vaxið, að fyrir 45 árum, eða 1852, var stofnsett prentsmiðja á Akureyri með samskotum; hún fjekk konunglega staðfestingu og var kölluð prentsmiðja norður- og austuramtsins. Svo var prentsmiðjan rekin í mörg ár, leigð einstökum mönnum til að láta prenta bækur, dagblöð og fl. En 30. ágúst 1878 hjeldu eigendurnir með sjer almennan fund, þar sem ákveðið var að leggja prentsmiðjuna niður og selja hana, leggja peningana í sjóð og verja vöxtunum til styrktar efnilegum körlum og konum til að ganga á gagnfræðaskóla og kennaraskóla. Þessi sjóður fjekk svo konunglega staðfestingu og skipulagsskrá var gefin út 29. júlí 1886.

Nú í fyrra komst amtsráðið svo að þessari niðurstöðu, að rjettara væri að verja fjenu öðruvísi en nú, og hafa það til prentsmiðju, eins og upprunalega. Amtsráðið bjó til nýja skipulagsskrá fyrir prentsmiðju og sótti um konunglega staðfestingu á henni. En þegar til stjórnarinnar kom, neitaði ráðgjafinn að leggja með því, að hans hátign konungurinn samþykkti skipulagsskrána, af þeirri ástæðu, að gefendurnir hefðu ákveðið að verja sjóðnum til námsstyrks, og þessari ákvörðun gefendanna væri amtsráðinu óheimilt að breyta. Við þetta stendur.

Jeg get ekki skilið, hvernig þingið getur blandað sjer í þetta mál og farið að skora á ráðgjafann að leggja með þessari breytingu, þar sem hann álítur hana óheimila. Jeg álít ekki sæmandi fyrir þingið, að blanda sjer í slíkt, heldur láta það hlutlaust. Þegar þingið samþykkir slíkar ályktanir, ætti þó að vaka fyrir því, að það treysti því, að þær fengju staðfestingu, en hjer gæti slíkt ekki átti sjer stað, þar sem ráðgjafinn hefur lýst því yfir, að hann álíti óheimilt að breyta hinni núverandi skipulagsskrá.

Af þessari ástæðu, að ályktunin fer fer fram á, að skora á ráðgjafann að gjöra það, sem hann álítur ekki rjett, er jeg henni mótfallinn, og álít vansa fyrir þingið að samþykkja hana. Jeg skora því á h. þingmenn, að fella ályktunina eða taka hana aptur, svo hún aldrei komi fram fyrir ráðgjafann.

ATKVÆÐAGR.: Þingsályktunartillfelld með 6 samhlj. atkv.

Þrítugasti og fimmti fundur, mánudag 16. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi nema J. A. Hjaltalín, er hafði tilkynnt forseta forföll.

Frv. til laga um stofnun lagaskóla (C. 384); 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Jeg hef, ásamt h. þm. Barðstr. (Sig. J.) leyft mjer að koma fram með breyt.till. við frv. þetta.

1. breyt.till. er við 3. gr. frv. Í frv. er ákveðið, að það megi verja allt að 2500 kr. árlega til aukakennslu við skóla þennan. Þessi upphæð virtist oss vera of há, og höfum við þess vegna stungið upp á, að hún verði færð niður í 1000 krónur.

Úr því að gjört er ráð fyrir, að 2 fastir kennarar skuli vera við skóla þennan, þá má búast við, að aðsóknin að skóla þessum yrði ekki meiri en svo, að þessir kennslukraptar yrðu fullnægjandi. Þegar lítið er til þess, að ekki eru veittar nema 1700 kr. til tímakennslu við latínuskólan, þá virtist okkur, að sú upphæð, sem við hjer höfum stungið upp á, mundi vera nóg. Auðvitað stendur í frv., að það sje að eins heimilt að verja 2500 kr. upphæð árlega til aukakennslu við þennan skóla, en okkur fannst óþarfi að hafa upphæð þessa hærri en líkindi eru til, að til þessarar kennslu verði notað, og meðan ekki koma fram skýringar fyrir því, að stærri upphæð til hennar sje nauðsynleg, getum vjer ekki sjeð annað, en að þessi breyt.till. okkar sje á góðum rökum byggð.

2. breyt.till. er við 5. gr. frv. Sú breyt.till. fer fram á, að þegar skólinn hefur staðið í 5 ár, eigi þeir einir, sem leyst hafa af hendi burtfararpróf í skólanum, aðgang að þeim embættum á Íslandi, sem lögfræðingar eru skipaðir í. Þessi breyt.till. er byggð á þeirri skoðun okkar, að þó að það sje bæði rjett og gott, að fá lagaskóla hjer á landi, þá getur okkur samt ekki blandazt hugur um, að þetta muni verða nokkuð dýr stofnun. Eptir öllu útliti eru engin líkindi til, að skóli þessi verði sóttur að neinum mun fyrstu árin, embættanna vegna. Nú sem stendur eru milli 10 og 20 lögfræðiskandídatar og lögfræðisnemendur; allir þessir mundu verða látnir ganga fyrir þeim kandidötum, sem útskrifuðust frá þessum skóla. Við höfum reynsluna fyrir okkur með prestaskólann og læknaskólann. Áður en prestakosningarlögin komu í gildi, gengu háskólakandídatar í guðfræði ávallt fyrir þeim, sem útskrifaðir voru hjeðan af prestaskólanum, og að því er læknana snertir, þá ganga háskólakandídatarnir ávallt fyrir hinum. Það eru því öll líkindi til, að skóli þessi verði hjer um bil tómur, að öðru en kennurum, að minnsta kosti fyrstu árin. Þótt það auðvitað sje gott að fá innlenda lagakennslu, þá er það ofdýrt, að launa skóla, sem að eins örfáir lærisveinar sækja, og ef til vill að

eins kennararnir sjálfir. Við búumst ekki við því, að hafi þeir, sem þennan skóla kynnu að sækja, engin sjerrjettindi fram yfir þá, sem ganga á háskólann, þá muni haldast úlveg sama ástandið og áður, að allur fjöldinn streymdi til Kaupmannahafnar í von um, að verða teknir fram yfir hina, sem útskrifaðir yrðu frá þessum skóla. Við álítum sjálfsagt, að svo mundi fara, af því að reynslan hefur sýnt, hvernig gengið hefur með kandidata frá prestaskólanum og læknaskólanum. En þegar menn játa, að sú þekking, sem lögfræðiskandidatar fá í íslenzkum lögum á háskólanum sje ónóg, þá er það að fara aptan að siðunum, að þeir, sem minni þekkingu hafa, gangi fyrir þeim, sem hafa betri þekkingu í íslenzkum lögum.

Að vísu álítum við það eðlilegast, að 5. gr. væri breytt þannig, að þeir einir, er leyst hafa af hendi burtfararpróf í lagaskólanum, eigi aðgang að lögfræðisembættum á Íslandi; en við höfum samt ekki viljað fara svo langt; þess vegna höfum við farið miðlunarveg, nfl., að þeir hefðu það, þegar skólinn hefði staðið í 5 ár. Á þeim tíma má búast við, að þeir lögfræðisnemendur, sem nú eru byrjaðir á námi sínu við háskólann, muni hafi lokið sjer af á þessu tímabili og sumir komist í embætti; en þótt þeir ekki hafa fengið embætti er rjettur þeirra ekki fyrir borð borinn fyrir það, þeir þurfa ekki annað en taka próf í íslenzkum lögum við lagaskólann og það ætti ekki að kosta háskólakandídata langan tíma. Það er ekki nema eðlilegt, að úr því að við höfum skóla, þar sem íslenzk lög og rjettur eru sjerstaklega kennd, að þeir einir, sem hafa notið þeirrar menntunar, hafi rjett fram yfir aðra, sem ekki hafa þá menntun, til lögfræðisembætta hjer á landi.

Loks fer 3. breyt.till. fram á, að á eptir 5. grein komi ný grein, nfl. að lög þessi komi til framkvæmda, þegar alþingi hefur á fjárlögum veitt fje til skólans. Þessi breyting byggist á þeirri skoðun okkar, að þótt lagakennsla sje bæði góð og nauðsynleg, þá sje það samt viðurhlutamikið fyrir sama þingið, sem samþykkir fjárlögin með hátt á annað hundrað þúsund króna tekjuhalla að samþykkja mörg lög, sem hafa stórkostleg útgjöld í för með sjer fyrir landssjóð; og þótt hagur landssjóðs sje góður nú sem stendur, þá eigum við ekki víst, að þær góðu tíðir haldist; þess vegna þykir oss það ekki eiga við, að þetta sama þing samþykki lög um önnur útgjöld en þau, sem eru bráðnauðsynleg.

Það lítur út fyrir, að við förum svo heim af þessu þingi, að við getum sagt kjósendum vorum frá, að við höfum aukið nógum embættum við þau, sem nú eru upp á liðug 40,000 kr. og jeg efast um, að gjaldendur landssjóðsins kunni oss miklar þakkir fyrir þá ráðsmennsku á fje landsins. Lagaskólinn hefur verið svo lengi á döfinni, að það skiptir litlu, hvort hann kemur einu ári fyr eða síðar; en betra er að bíða með að stofna hann, en að kasta 8—9 þúsund kr. í kennara, sem enga lærisveina hafa, og sú ánægja að eiga lagaskóla á landi voru verður óneitanlega nokkuð dýrkeypt á þann hátt. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki skiljast svo við nokkurt frv. hjer á þingi, að jeg geti verið stjórninni þakklátur fyrir, að ráða frá staðfestingu á því, en verði þetta frv. samþykkt án þeirra breytinga, sem hjer er farið fram á, þá þykir mjer þakkarvert af stjórninni að synja því staðfestingar. Jeg mun því greiða atkv. á móti því, verði breyt.till. felldar, sjerstaklega 3. breyt.till., því því að eins getur þekking á íslenzkum lögum aukizt, að skólinn fái nemendur.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 1. br.till. (C 436) samþ. með 7 samhlj. atkv.; 3. gr. með breyt. samþ. með 9 samhlj. atkv.; 4. gr. samþ.

með 9 samhlj. atkv.; 2. br.till. (C 436) felld með 6 : 4 atkv.; 5. gr. samþ. með 6 : 2 atkv.; 3. br.till. (C 436) samþ. með 8 : 2 atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 3 atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hallgeirsey í Rangárvallasýslu (C 383); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 7 samhlj. atkv. Fyrirsögn frv. samþ. með 7 samhlj. atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 7 samhlj. atkv.

Frv. til laga um breyting á reglugjörð 3. maí 1743, 69. gr. og konungsúrskurði 26. sept. 1833 (C 399); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um brú á Örnólfsdalsá (C 400); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr, með 6 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (C 415); 1. nmr.

Sigurður Jensson: Jeg hef af flutningsmanni þessa frv. í Nd. verið beðinn að gjöra grein fyrir ástæðunum til þess, að óskað hefur verið eptir löggildingu þessa verzlunarstaðar. Það má segja að hjer sje eiginlega um stækkun verzlunarlóðar að ræða. Grafarnes er nálægt svo kölluðum Grundarkampi, sem er löggiltur verzlunarstaður, þannig að mjög stutt er á milli þessara staða, hjer um bil jafnlangt eins og milli Vatneyrar og Geirseyrar á Patreksfirði, og þeir staðir hafa þó báðir verið löggiltir. Ástæðan til þess, að beðið hefur verið um, að löggilda þennan verzlunarstað er sú, að kaupmaður sá, sem ætlar að setjast þar að, vildi fá útmælda lóð á Grundarkampi, en hefur ekki enn getað fengið það. Annar kaupmaður, sem býr á Ísafirði, hefur keypt lóð á Grundarfirði og það hefur staðið í vegi fyrir, að þessi kaupmaður, sem hjer á í hlut, hafi getað fengið útmælda lóð þar. Sýslumanninum, sem átti að mæla út lóð eptir skipun amtmanns og landshöfðingja hefur einhvernveginn tekizt að vefja málið svo, að það hefur ekki lukkast að fá nægilega lóð útmælda; þess vegna hefur þessum kaupm. komið til hugar að setja sig niður á Grafarnesi og fá löggilding á þessum stað.

Svo er líka önnur ástæða til þess, að farið hefur verið fram á þessa löggildingu og hún er sú, að Grafarnes er betra fiskiverkunarpláss; þar er nægileg og góð lóð til fiskiverkunar; en aðaltilgangurinn fyrir kaupmanninn er að hafa sjávarútveg, að láta þilskip ganga þaðan, og leggja þeim þar upp og útbúa þau með vistir á þessum stað. Grundarfjörður er sá eini staður á Breiðafirði, sem er hentugur fyrir þilskipaútveg; það er líka betri lending á Grafarnesi og það hefur mikla þýðingu. Þar er enn fremur hægra að ná í grjót til húsabygginga en á gömlu lóðinni. Eins og jeg gat um áður, þá er aðaltilgangurinn að hafa þar þilskipaútveg, og hafa þannig gagn af þessum stað, sem nú um langan tíma hefur verið ónotaður. Allir, sem kunnugir eru á Breiðafirði vita það, að Eyrarsveit er mjög fátæk sveit; þar hefur lengi vantað efnaða dugnaðarmenn. Menn þar eru þess vegna mjög ánægðir með, að dugandi kaupmaður setjist þar að og eru vongóðir um, að hann geti bætt nokkuð efnahaginn þar í sveitinni. Jeg álít þess vegna, að h. þingd. þurfi ekki að hika við að samþykkja löggildingu á þessum verzlunarstað.

Jeg skal að endingu taka það fram, að menn þurfa ekki að vera hræddir um, að beðið hafi verið um þessa löggildingu til að verzla þarna með áfenga drykki. Þessi kaupmaður, sem hjer er um að ræða

verzlar ekki með áfengi og ætlar sjer ekki að gjöra það.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum (C 414); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Fyrir mig, sem er ókunnugur á þessum stað, væri það æskilegt að fá upplýsingar um það, hvernig á því stendur, að menn óska að fá löggildingu á þessum stað eða hverjar alvarlegar ástæður sjeu til þess, að mönnum finnist löggilding þessi nauðsynleg. Það má gera ráð fyrir, að ekki hafi verið beðið um þessa löggildingu, nema brýn nauðsyn reki á eptir. Eptir allan þann aragrúa af verzlunarstöðum, sem löggiltir hafa verið á undanfarandi þingum, á það nú ekki langt í land að löggilding komist á á hverri vík. Samt sem áður álít jeg nauðsynlegt, að fá skýringu á, hver skynsamleg rök liggi til þess, að menn vilji fá þeim fjölgað. H. deild var svo heppin að fá skýringar á líku máli, sem rætt var næst á undan; í þessu máli hefur hún ekki fengið það, en jeg vænti, að hún muni fá þær innan skamms.

Jón Jakobsson: Jeg skal verða við áskorun h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) um að gefa h. deild þær upplýsingar, sem mjer er unnt í þessu máli.

Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að vekja athygli manna á því, að þegar frá þingbyrjun hefur fylgt þessu máli ítarleg lýsing á þessum stað, höfninni og öllu sem við hana er að athuga; þessa lýsingu vona jeg, að h. þingdm. hafi kynnt sjer, svo að ekki verði neitt til fyrirstöðu með þessa löggildingu. Þar er góð höfn og dýpi gott; höfnin er varin fyrir hafsjó og er einhver hin bezta í Skagafjarðarsýslu. Þessi staður er í hinni mestu snjókistu, sem til er í Skagafirði, nfl. í Fljótum, í sveit, sem er sve óhentug og óþægileg til aðdrátta á landi, að jeg get tekið það sem dæmi, að opt og einatt er ekki hægt að komast á Siglufjörð, næsta kaupstað, með hesta í júnímánuði. Það er því lítið hagræði, þó kaupstaðurinu sje nærri, ef ekki er hægt að komast á hann, enda er hjer yfir hinn versta fjallveg að fara; það er hátt og bratt skarð, sem heitir Siglufjarðarskarð.

Það hefur líka verið verzlað þar á næstu grösum; þar hefur verið borgari í mörg ár, en það er svo góðkunnur maður, að engin ástæða er til að ímynda sjer að hann mundi fara að setja þar upp brennivínssölu, þótt staður þessi yrði löggiltur.

Jeg get tekið upp orð h. þm. Barðstr. (S, J.) við umræðurnar um aðra löggildingu, að það er engin hætta á, að tilgangurinn með þessari löggildingu sje sá að setja þar upp brennivínssölu. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en vona að þessi staður njóti hinnar sömu hylli hjá h. þingd, sem hinir aðrir staðir, sem legið hafa fyrir henni til löggildingar.

ATKVÆÐAGR.: Frv. víseð til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsál. um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (C 377); fyrri umr.

Hallgrímur Sveinsson: Við þessa till. er ekki svo lítið athugavert eptir minni skoðun, þegar gætt er að skilyrðum þeim og ákvörðunum, sem settar eru fyrir styrkveitingu til barnaskóla og sveitakennslu. Eins og h. þm. er kunnugt eru þau skilyrði, sem hingað til hafa verið notuð, 8 ára gömul, frá 1889. Skilyrði þau, sem hjer eru sett, eru að nokkru leyti hin sömu og að nokkru leyti önnur. Jeg skal fyrst minnast á styrkveiting til barnaskóla. 1. tölul. er samkvæmur núgildandi skilyrðum, nema ef vera skyldi, að seinasta línan „samkvæmt reglugjörð, er

stiptsyfirvöldin samþykkja". Nú er spurningin sú, hvort þessi orð eiga að eins við seinasta atriðið, sem nefnt er á undan, „og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar, svo sem um byggingu mannlegs líkama, lopthita og þyngd", þar sem engin greinarmerki eru á milli, en líklegra er þó, að það eigi við öll atriðin, sem nefnd eru og dreg jeg það af núgildandi venju, að styrkur til barnaskóla er nú að eins veittur þeim skólum, þar sem kennt er eptir reglugjörð, sem er samþ. af stiptsyfirvöldunum. Jeg hygg því, að orðin „samkvæmt reglugjörð" o. s. frv. eigi við alla liði greinarinnar og mætti gjöra þetta ljóst með því að setja kommu á undan orðinu „samkvæmt". Ákvörðun um, að stiptsyfirvöld samþykki reglugjörðirnar, er til þess að fá vissu fyrir, að kennslunni sje ekki hagað mjög mismunandi í hinum ýmsu skólum. 2., 3. og 4. tölul. eru í öllu verulegu samhljóða núgildandi skilyrðum. 5. og 6. tölul. setja aptur á móti ný skilyrði.

5. liður ákveður, að ákveðin kennsluáhöld sjeu til við skólann, samkvæmt því sem stiptsyfirvöldin ákveða nánar. Slík ákvæði voru ekki áður til. Ekki eru heldur nein ákvæði um, hvernig kennslustofunum skuli fyrir komið. Jeg hygg, að það hafi komið til tals í nefndinni, að setja slík ákvæði inn í till., en nefndin hafi hætt við það sökum þess, hve erfitt er að framkvæma slík ákvæði. Því er opt svo varið, að nota verður sem skólahús þær stofur, sem upphaflega hafa verið notaðar til alls annars, og efnaleysi veldur því, að ekki er hægt að ummynda kennslustofur þessar nje rífa þær niður og byggja aðrar nýjar í stað þeirra. Þótt þess vegna að þörf væri á og ástæða til, að gefa nánari ákvarðanir um, hvernig kennslustofurnar skuli vera útbúnar, hve mikinn gluggaflöt þær skuli hafa í samanburði við gólfflöt, hvernig gluggum skuli fyrirkomið, hve hátt undir lopt, o. s. frv., þá hefur nefndin í h. Nd. þó horfið frá þessu og að eins sett undir þennan lið, að ákveðin kennsluáhöld sjeu til við hvern skóla. Jeg er þessu ákvæði samþykkur og álít nauðsynlegt, að hver skóli eigi t. d. landabrjef, jarðlíkan eða eitthvað af slíkum áhöldum, því mjer er ekki grunlaust um, að til sjeu þeir skólar nú, þar sem gjörsnautt sje af slíku, og ekkert sje til, nema fáeinar kennslubækur. Þar sem þessi liður ákveður, að stiptsyfirvöldin skuli nánar ákveða, hvaða áhöld skuli vera til á hverjum skóla, þá er erfitt fyrir þau að segja um, hvað sje hæfilegt, án þess að gjöra fátækum skólum erfitt fyrir.

6. liður ákveður, að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sjeu að öðru jöfnu látnir ganga fyrir öðrum, þá er nýir kennarar eru ráðnir. Jeg minntist á þetta atriði um daginn, þegar rætt var um frv. um kennaraskólann. Auðvitað er kennarfræðslan nú til sem viðbót við fræðsluna í Flensborgarskólanum, en jeg álít, að það hafi sjerstaka þýðingu, ef kennarafræðslan yrði ákveðin með lögum. Hvað efni ákvæðisins snertir, hef jeg ekkert við það að athuga, því það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem fengið hafa kennarafræðslu, gangi fyrir öðrum að öðru jöfnu. Það er ekki ætlun þessa ákvæðis, að ríða í bága við það, að gamlir kennarar, sem langa reynslu hafa fengið og þótt góðir, sjeu teknir fram yfir nýja og óreynda kennara, þótt þeir hafi fengið kennarafræðslu.

Þá kemur ákvæðið um það í þessum lið, að kennararnir sjeu ráðnir af skólanefnd, og er það samkvæmt því, sem nú mun tíðkast víðast hvar, þó hreppsnefndir kunni sumstaðar að ráða kennarann.

Þá er enn undir sama tölulið, að minnsti uppsagnarfrestur skuli vera eitt missiri. Að ákveða uppsagnarfrest er nauðsynlegt og má hann ekki styttri vera, en farið er fram á.

Þá kemur ný málsgrein undir þessum lið, sem ákveður, að nákvæm skýrsla skuli fylgja styrkbeiðslum frá skólunum og er þetta samhljóða núgildandi ákvæðum.

Enn kemur ný málsgrein um, hvernig umsóknarbrjef skuli vera stíluð, hvernig afgreidd og hvenær. Er þar ákveðið, að þau eigi að vera komin til stiptsyfirvaldanna fyrir lok júnímánaðar. Það er vafasamt, hvort þessi tími er ekki nokkuð tæpur, þar sem ýmsum skólum er sagt upp í miðjum maí, og þannig verður ekki nema hálfur annar mánuður til að hlaupa upp á til að semja skýrsluna með tilheyrandi reikningum yfir tekjur og gjöld skólanna og koma henni síðan til stiptsyfirvaldanna. Ákvæði þetta hefur reyndar gilt að undanförnu, en þó aldrei verið stranglega framfylgt, og það hefur jafnvel komið til tals meðal stiptsyfirvaldanna, hvort ekki væri rjett, að rýmka um frestinn, svo sem til júlímánaðarloka eða fram í miðjan ágúst, og álít jeg það hyggilegt og hættulaust. Jeg veit, að flestir skólar hafa verið á eptir tímanum með þessar skýrslur og álít, að það hafi ekki ætíð verið hirðuleysi að kenna, heldur opt örðugleikum á því, að fá skýrslurnar fullgjörðar. Jeg vil því gjöra ráð fyrir breytingu um lenging á þessum fresti.

Þá er að minnast á styrkveitinguna til sveitakennslu og eiga þau skilyrði, sem sett eru fyrir henni, sammerkt við skilyrðin hjer á undan í því, að þau í nokkru eru hin sömu, en að nokkru breytt frá núverandi skilyrðum.

1. liður ákveður, að kennarinn kenni hinar sömu námsgreinar og áskilið er að kenndar sjeu við barnaskóla. Meiningin mun vera, að hann eigi að kenna *allar* hinar sömu námsgreinar, og væri þá rjettara, að skjóta orðinu „allar“ inn á undan orðunum „hinar sömu“, því þótt ekki væru kenndar nema 2— 3 námsgreinar, svo sem skript og reikningur, þá væru þær hinar sömu og í barnaskólum, en ekki *allar* hinar sömu. En nú er að athuga, hvort sanngjarnt sje og eðlilegt, að sveitakennurum sje gjört að skyldu, að kenna allt hið sama og kennt er í barnaskólum. Jeg er í efa um, að það sje ráðlegt, því þar sem sveitakennarinn verður að fara frá einum bæ til annars og hefur opt lítilfjörlegt herbergi og illt næði, verður kennslan erfiðari fyrir hann en þann, sem kennir í föstum skóla á einum og sama stað. Þetta sama á líka við 3. lið, þar sem ákveðið er, að tiltekin kennsluáhöld sjeu til til afnota við kennsluna. Þegar kennarinn verður að flytja frá einum bæ til annars, verður erfitt fyrir hann, að flytja mikið af áhöldum með sjer. Stiptsyfirvöldin yrðu því að beita þessum ákvæðum mjög vægilega og taka tillit til kringumstæðanna.

2. töluliður er um, að sveitafjelög eða aðrir hlutaðeigendur leggi fram að minnsta kosti helming til móts við landssjóðsstyrkinn, og er þetta nýtt ákvæði. Jeg hygg, að þetta skilyrði sje ekki óeðlilegt, þegar þess er gætt, að landssjóðsstyrkurinn til sama kennara fer aldrei fram úr 80 kr., og þetta fjárframlag því ekki geti orðið hærra en 40 kr. handa hverjum kennara. Þó þetta sje lítið gjald, þá er það þó meira en sagt er, að sumir kennarar fái nú, ef fæðispeningar eru ekki reiknaðir með. Og þótt sum sveitafjelög haldi fleiri en einn kennara, jafnvel 4—5, gæti þetta aldrei orðið mjög mikil byrði. Við skulum gjöra ráð fyrir 3 kennurum í sömu sveit, og að hver þeirra fái af opinberu fje 60 kr. eða allir 180 kr., þá yrði sveitarfjelagið sjálft að greiða 90 kr. fyrir utan fæðispeninga, og er það ekki neitt geysimikið.

4. tölul., um „að kennarinn kenni að minnsta kosti 6 mánuði á ári, og hvert barn, sem hann kennir, njóti tilsagnar hans 2 mánuði að minnsta kosti“ er nýtt og verulegt ákvæði. Hingað til hefur

engin ákvörðun verið um það, hve lengi kennarinn eigi að kenna, nje hve lengi hvert barn eigi að njóta tilsagnar, svo styrkur sje veittur. Kennslutíminn hefur verið mjög mismunandi, hjá sumum 30 vikur, hjá öðrum ekki nema 3—5 vikur. Börnin hafa einnig verið mjög mismörg. Sumir hafa haft 60—70 börn, aðrir ekki nema 5—8. Vitanlega hafa stiptsyfirvöldin orðið að setja einhverja minnstu tölu sem skilyrði fyrir meðmælum til styrkveitingar og skemmri tíma en 7—8 vikna kennslu alls og 7—8 börn hafa þau ekki álitið hægt að taka til greina, til að mæla með styrkveiting; en lengra niður en þetta hafa þau heldur ekki sjeð sjer fært að ganga. Auðvitað hafa þeir kennarar, sem kennt hafa stuttan tíma og haft fá börn, að eins fengið lítinn styrk: 10—20 kr., en álitamál er, hvort stiptsyfirvöldin hafi ekki verið of væg í kröfum sínum, og hefur það verið álit h. Nd. samkvæmt 4. tölulið. Jeg er þó töluvert ragur með að samþykkja þessi ákvæði, því mjer finnst 8 vikna kennsla alls og 1—3 vikur fyrir hvert barn og 6 mánaða kennsla alls og minnst 2 mánuðir fyrir hvert barn vera svo mismunandi, að varhugavert sje, að setja svo ströng skilyrði, þegar tekið er tillit til hinna miklu örðugleika, er sveitakennararnir hafa við að stríða. Jeg játa, að þegar barn nýtur kennslu að eins 1—3 vikur, muni kennslan optast vera svo lítilvæg, að spurning sje, hvort taka eigi hana til greina til styrkveitingar, þó mögulegt sje, að liprir kennarar geti kennt dálitið á þeim tíma, sje húsnæði gott, nægileg ró og börn á hæfilegum aldri. Jeg hafði hugsað mjer, að ekki væri rjett, að neita að taka til greina börn, sem nytu kennslu í 6 vikur, þar sem 3 vikna tilsögn hefur áður verið nægileg til lítils styrks, því þegar kennara er veittur styrkur, eru það verðlaun fyrir vinnu hans, og á því að taka meira tillit til, hve langan tíma hann hafi kennt í heild sinni, heldur en hvað mörg börnin hafi verið, eða hve langan tíma hvert þeirra hafi notið tilsagnar, þar sem fyrirhöfnin er því meiri sem tíminn er lengri. Það er því viðsjárvert, að gjöra of strangar kröfur um lengd kennslutíma fyrir kennarann, og sýnist mjer því, að taka mætti til greina 4 mánaða kennslu, þar sem hvert barn hefði að minnsta kosti notið tilsagnar 6 vikur. Það mun víða erfitt að stofna fasta sveitakennslu, sem haldist við í 5—6 mánuði, og þori jeg ekki að segja, nema 4 mánaða kennsla geti gjört töluvert gagn. Jeg gjöri ráð fyrir, að h. deildarmenn skýri frá skoðunum sínum í þessu efni, og ef til vill reynslu sinni, og verði samdóma mjer um nauðsynlegar breyt. á þessum tölulið.

5. töluliður um, að kennarar, sem hafa aflað sjer kennarafræðslu, sjeu að öðru jöfnu látnir ganga fyrir öðrum, þegar nýir kennarar eru ráðnir, er í samræmi við fyrri hluta till. í 6. tölul. viðvíkjandi barnaskólunum. Ákvæði þetta finnst mjer sjálfsagt, að þeir að öðru jöfnu sjeu látnir ganga fyrir.

Skilyrðin í 6. tölulið um að sveitakennarar sjeu ráðnir með samþykki hlutaðeigandi prests og sóknarnefndar er hið sama og nú á sjer stað. Reyndar er í núverandi ákvæðum gjört ráð fyrir, að ráða megi kennara einnig með samþykki hreppsnefndar, en þar sem sömu menn eru opt í hreppsnefnd og sóknarnefnd og sóknarnefndin hefur nánari afskipti af kennslumálum en hreppsnefnd, er eðlilegast, að fela sóknarnefndinni að ráða kennarann.

Þá er ákvæðið í sama lið, að nákvæm skýrsla skuli fylgja umsóknarbrjefunum, hið sama og nú. Hvað umsóknarbrjefunum viðvíkur og að þau skuli komin til stiptsyfirvaldanna fyrir lok júnímánaðar, þá er það í samræmi við það, sem áður er tekið fram um barnaskólana, og er hið sama um þetta skilyrði að segja og jeg tók þar fram, að mjer finnst bæði gjörlegt og sanngjarnt, að rýmka um þetta

skilyrði og færa frestinn til júlímánaðarloka eða í miðjan ágúst, þar sem styrkveitingin fer vanalega ekki fram fyr en á haustin.

Mjer virðist athugavert, að það skilyrði hefur ekki verið tekið upp hjer, sem sett er fyrir styrkveiting þessari á fjárlögunum, að styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda, þar sem mjer er ekki ljóst, hvort meiningin sje, að ákvæði þetta falli burt eða skuli standa samhliða þeim skilyrðum, sem hjer eru sett. Þetta ákvæði um, að sýslunefndirnar gefi upplýsingar og meðmæli, er án efa byggt á því, að stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hafa ekki aðra þekkingu á umsækjendum en þá, sem skýrslurnar gefa, en að skýrslurnar segi ekki allt, sem þörf er á. Í sýslunefndinni eru menn úr hverjum hreppi, sem hlýtur að vera kunnugt um, hverjir umsækjendur sjeu styrksverðir og hverjir ekki, og þess vegna ættu þær að geta gefið góðar upplýsingar. Stundum kemur máske styrkbeiðni frá illa skrifandi og fáfróðum mönnum, sem efasamt er, hvort geti kennt unglingum að nokkru gagni. Ef sýslunefndirnar vildu láta taka til sín og neituðu að gefa slíkum mönnum meðmæli sín, þá hefði það töluverða þýðingu. Einnig geta verið til kennarar, sem hafa góða hæfilegleika, en sem vegna óreglu eða einhverrar ósiðsemi eru óhæfir til kennslustarfa. Ljetu nú sýslunefndirnar fylgja skýrslum þessara manna upplýsingar um framferði þeirra, hefði það mikla þýðingu, því það er mikið óheppilegt, ef slíkir menn slæðast með og fá styrk, sem kunnugir menn segja um: „Er þessi maður kennari? og nýtur hann styrks af almannafje? En mögulegleiki er fyrir því nú, að slíkir menn geti slæðst með, þar sem stiptsyfirvöldin vantar hinar verulegu upplýsingar. En þótt sýslunefndirnar gætu verið til mikils gagns í þessu, þá vantar mikið á, að þær hafi enn skilið svo störf sín í þessu efni, heldur munu þær jafnaðarlegast hafa mælt með öllum „holt og bolt“ og jafnvel gefið oddvita sýslunefndarinnar umboð til að mæla með styrkveitingu handa þeim kennurum, sem ekki voru búnir að senda styrkveitingarbeiðnina. Þó skal jeg geta þess, að sumar sýslunefndir hafa sent sundurliðuð meðmæli og upplýsingar og hafa flokkað kennarana t. d. í 3 flokka og beðið um, að þeir væru teknir til greina eptir þessari flokkaskipun:. Þetta er að vísu gott, en stundum hefir flokkaskiptingin ekki verið í nógu samræmi við skýrslurnar, og í flestum tilfellum hefir stiptsyfirvöldunum komið saman um að meðmæli sýslunefndanna hafi hvergi nærri verið svo skýrandi og leiðbeinandi, sem vera skyldi og til hafi verið ætlazt.

Eitt atriði er enn, sem jeg get ekki sneitt hjá. Það hefir stundum komið styrkbeiðni frá kennurum, sem, þótt þeir hafi haft meðmæli, hafa auðsjáanlega að eins verið heimiliskennarar á einum bæ og jafnvel ekki kennt öðrum en systkinum sínum, enda þótt slíkt sje ótrúlegt, þar sem kennarinn á að vera ráðinn með samráði við hreppsnefndina, að hún gefi meðmæli með styrkveitingu handa þeim manni, sem að eins hefir kennt systkinum sínum, eða að landssjóður borgi þá kennslu, sem hverjum manni er sjálfum skylt að kosta handa börnum sínum.

Jeg sagði áður, að jeg væri ekki viss um, hvort þetta ákvæði um meðmæli sýslunefndarinnar ætti að vera í gildi samhliða tillögum þessum, og þótt svo sje ekki, tel jeg ekki skaðann mikinn, nema gjöra megi sjer vonir um, að sýslunefndirnar standi betur í stöðu sinni í þessu efni, en hingað til.

Guttormur Vigfússon: Það má nú kalla það óþarft af mjer að standa upp og tala í máli þessu, þar sem h. 2. kgk. (H. Sv.), sem auðvitað er manna kunnugastur í þessum sökum, hefir gefið svo góðar bendingar um till. þessar. Samt vildi jeg minnast á fáein atriði.

Skilyrðin fyrir styrkveitingunni til barnaskólanna eru hjer, eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram, nær því alveg hin sömu sem þau, er farið hefur verið eptir, síðan 1889; hinar sömu reglur eru hjer settar sem þá, nema 2 nýjum er nú bætt við. En um þær hef jeg ekkert nýtt að segja; jeg fellst á það, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) sagði um þær.

En skilyrði þau, sem hjer eru sett fyrir styrkveitingu til sveitakennara finnast mjer aptur á móti töluvert athugaverð; mörg þerrra eru alveg ný og frábrugðin hinum eldri skilyrðum, en mjer virðast þau flest vera lakari en þau eldri.

Hið fyrsta skilyrðið ákveður, að sveitakennarar kenni hinar sömu námsgreinar og áskildar eru að kenndar sjeu við barnaskólana; þetta kveðst h. 2. kgk. (H. Sv.) skilja eins og það ætti að vera: „Allar hinar sömu“ o. s. frv., það orð mundi vanta inn í. En þá virðist mjer þetta ákvæði þannig vaxið, að varla sje mögulegt að samþykkja það, einkum þegar það er borið saman við 4. skilyrðið, þar sem heimtað er, að hvert barn njóti að minnsta kosti 2 mánaða tilsagnar. Jeg get ekki sjeð, að barnið geti haft full not af kennslu í svo mörgum námsgreinum svo stuttan tíma. Mjer virðast ákvæðin í hinum eldri reglum vera í þessu tilliti betri, og vildi jeg því helzt, að þessi till. fjelli.

Hið 2. skilyrðið er þannig orðað, að það getur valdið misskilningi. H. 2. kgk. (H. Sv.) taldi víst, að hjer væri meint peningatillag frá sveitarfjelögum eða öðrum, en jeg hygg að sveitarfjelögin muni muni skilja þetta öðru vísi, nfl. þannig að reikna mætti sem tillag fæði kennarans, þjónustu o. fl., og það allt látið vega upp á móti landsjóðsstyrknum, enda virðist það sanngjarnt, þá er gætt er að 4. skilyrðinu fyrir styrkveiting til barnaskóla, því eg skoða einmitt tillag það, sem þar er heimtað, eins og fæðispeninga kennarans, því það mun vera algild regla við barnaskólana, að kennarinn fæðir sig sjálfur og kostar sig að öllu leyti og styrkurinn verður þannig eiginlega að skoða sem fæðispeninga hans. Jeg vildi því helzt, að þetta skilyrði um skyldu hlutaðeiganda til að leggja fram jafnmikið fje og landssjóðsstyrkur nemur fjelli burtu, og það yrði framvegis sem hingað til, að sveitarstjórnirnar ráði sveitakennarann með þeim kjörum, sem hún og sveitarkennarinn koma sjer saman um, og hann geti svo fengið landssjóðsstyrkinn eptir sömu reglum, sem gilt hafa hingað til.

Hið 3. skilyrði hljóðar um áhöld við kennsluna. Jeg hygg að eigi sje unnt að gjöra stórar kröfur um kennaraáhöld. Um annað getur varla verið að ræða, en landabrjef, því að t. a. m. landabrjefahnött er varla ætlandi til, að þeir hafi og flytji með sjer milli bæja.

Viðvíkjandi 4. skilyrði hallast jeg að því, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að það er ekki gott að svipta sveitakennara öllum landsjóðsstyrk, þótt hann kenni ekki í fulla 6 mánuði, eða að taka alls ekki til greina kennslu neins barns, sem nýtur hennar styttri tíma en 2 mánuði. En eptir minni reynslu verð jeg þó að leggja talsverða áherzlu á, að hvert barn njóti kennslunnar nokkuð langan tíma. Jeg vil borga þeim sveitakennara meira, sem kennir þó ekki sje meira en 5 börnum 2 mánuði í senn á 2—3 bæjum, en öðrum, sem fleiri börn hefur, er á mörgum stöðum og ekki meira en 2—3 vikur í einu, vegna þess að þegar kennslan fer fram svo stuttan tíma fyrir hvert barn er hætt við, að hún komi að litlum notum og barnið gleymi fljótt aptur því litla, sem það lærir. Jafnvel þó jeg því hallist að, að tíminn sje ekki ákveðinn lengri en 4—6 vikur, gjöri jeg það með hálfum huga, og með sjerstöku tilliti til þess, hvernig til hagar í sveitum út um landið.

5. skilyrðið álít jeg eðlilegt en óþarft, því að sjálfsagt er að hlutaðeigendur ráði

þann mann er, hæfastur er til kennslunnar.

Um tímatakmarkið, hvenær umsókarbrjefin og skýrslurnar eigi að vera komin til yfirvaldanna er jeg samdóma h. 2. kgk (H. Sv.) Það væri til hægðarauka, að það tímatakmark væri fært dálítið lengra fram á tímann.

Það stendur venjulega svo á í sveitinni, að erfitt er að hafa þessar skýrslur til fyrir sýslunefndarfund, sem optast er haldinn i aprílmánuði og þegar svo þessar skýrslur ná ekki í fundinn hefur sýslunefndin ei önnur ráð en að fela formanni sínum að athuga þær og mæla með þeim, þegar þær koma, eptir því sem hann sjer sjer fært. Jeg veit það, að í N.-Múlasýslu hefur þetta tíðkazt, og er alveg ómögulegt að haga því öðruvísi. Jeg hygg því, að það sje með ráði gert í till. þessum, að skýrslurnar skuli ekki þurfa að koma fyrir sýslunefnd.

Það má sjálfsagt til með að breyta þessum till. að ýmsu leyti, ef þær eiga að ganga fram, en jeg vil þó ekki stinga upp á nefnd að svo stöddu, því það yrði máske til að tefja ofmikið fyrir málinu, en hef þar á móti ásett mjer að koma fram með ýmsar breyt. við síðari umr. málsins, ef enginn annar stingur upp á nefnd.

Jón Jónsson: Jeg er samdóma háttv. þm. sem talað hafa, um það að skilyrði þau fyrir styrk til barnakennslu, sem hjer eru sett, sjeu lakari en skilyrði þau, sem nú gilda. Jeg finn ekki ástæðu til að fara langt út í einstaka liði þeirra, en vil þó benda á það, að ákvæðið um, að hvert barn skuli að minnsta kosti njóta kennslunnar í 2 mánuði, til þess að það sje talið með við styrkveitinguna, er beinlínis aptur för frá reglu þeirri, sem nú gildir. Jeg hygg, að þeir háttv. þm., sem samið hafa þessi skilyrði, hafi ekki sett sig vel inn í það, við hve mikla örðugleika fátækir foreldrar í sveitum hafa að stríða til þess að geta útvegað börnum sínum kennslu. Margir foreldrar, sem hafa innilega löngun til að mennta börn sín hafa ekki húsrúm eða aðrar kringumstæður til að taka kennara heim til sín og verða því að koma börnum sínum burt á aðra bæi, þar sem hentugri kennslustaður er. Menn verða opt að láta sjer nægja með nokkurra vikna kennslu; kringumstæðurnar leyfa ekki, að öll börnin sjeu allan kennslutímann og verða þau því að skiptast á og eru tekin til kennslunnar á víxl. Jeg verð því að vera fastlega á móti þessari till.

Mjer þykir það einnig óheppilegt að sleppa úr skilyrðunum ákvæðinu um, að hreppsnefnd ráði sveitakennarann. Það mun þó vera reglan, að hreppsnefndir hafi meiri áhuga á sveitakennslu en sóknarnefndir, því að í þær eru menn opt valdir einungis með tilliti til þess, hvort þeir eru góðir sem meðhjálparar.

Það er öldungis rjett, sem h. þm. S.-Múl. (G. V.) sagði, að þegar sveitakennslan stendur þar til í byrjun maímánaðar, en sýslunefndarfundur er haldinn í marz eða apríl eða fyrst í maí, er ómögulegt, að skýrslurnar sjeu tilbúnar og nái í fundinn. Sýslunefndum er því opt nauðugur einn kostur að fela sýslumanni að mæla með styrkbeiðslunum eptir beztu þekkingu.

Eins og þessar till. eru nú vil jeg ekki gefa þeim atkvæði. Jeg vil stinga upp á því, að þeim sje vísað til skólamálanefndarinnar til íhugunar; þótt tíminn sje orðinn svo naumur, að skeð geti, að þær verði ekki útræddar álít jeg engan skaða skeðan.

Sig. Stefánsson stakk upp á, að sjerstök 3 manna nefnd væri kosin, og var það samþ. með 6 atkv. og í hana kosnir.

Hallgr. Sveinsson með 8 atkv.
Gutt. Vigfússon — 5 —
Sig. Stefánsson — 5 —

Þrítugasti og sjötti fundur, þriðjudag 17. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. jan. 1874 (C. 425, 434); 3. umr.

Kristján Jónsson: Þótt jeg sje ekki framsögumaður nefndarinnar í þessu máli, ætla jeg að minnast fám orðum á breyt.-till. þær, sem hjer liggja fyrir, þar sem jeg hef verið beðinn um það fyrir nefndarinnar hönd, þó breyt.till. þessar sjeu ekki mikilsverðar í sjálfu sjer.

1. breyt.till. á við inngangsgreinina og fer fram á, að orðunum „í stjórnarskránni" sje bætt inn á eptir orðunum: „um stundarsakir". Gjörir það engan mun á efni, en gjörir orðfærið ljósara.

2. breyt.till. er ef til vill ekki vel greinileg, og ætla jeg að skýra hana nánar. Meiningin er, að á eptir greinatölu hverrar greinar í frv. sje í svigum vitnað til greinar þeirrar í stjórnarskránni, sem þar með breytist þannig: að á eptir „1. gr." komi (2. gr. stj.skrár), á eptir 2. gr. (3. gr. stj.skrár), á eptir 3. gr. (8. gr. stj.skrár), á eptir 4. gr. (19. gr. stj.skrár), á eptir 5. gr. (25. gr. stj.skrár), á eptir 6. gr. (34. gr. stj.skrár) og á eptir 7. gr. (2. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni). Vona jeg að menn sjái, að þetta kemur frv. í meira samræmi við hið upprunalega frv, eins og það lá fyrir þinginu fyrst, en er alls engin breyting á efni þess.

3. breyt.till. er við 7. gr., nefnilega, að tilvitnuninni til 3. gr. frv. sje þar breytt í 2. gr., sökum þess að greinatala frv. hefir breyzt við atkvæðagr. við 2. umr., því hjer er vitnað til 2. gr. þessa frv., en ekki stjórnarskrárinnar.

Hæstv. landsh. minntist á það um daginn, hvort ekki væri ástæða til að breyta tveimur ákvæðum í þessu frv., nfl. ákvæðinu í 2. gr. um að „Konungur eða alþingi geti kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans" og að í stað þess verði sett ákvæðið: „alþingi getur fyrir sitt leyti" o. s. frv. Nefndin hefur íhugað þetta atriði vandlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki beri að breyta frv., að því er þessi orð snertir, því væri hin orðin „alþingi getur fyrir sitt leyti" samþykkt, mætti ef til vill skilja það svo, að með því hefði þingið óbeinlínis játað, að grundvallarlög Dana giltu hjer á landi, en nefndin vill bægja öllu því frá, sem á nokkurn hátt gæti stutt eða styrkt þá skoðun, að grundvallalög Dana, hvort heldur er hin eldri frá 1849, eða hin endurskoðuðu frá 1866,. hefðu nokkurt lagagildi fyrir þjóð vora. Það verður að nefndarinnar áliti, að taka það berlega upp í frv., hverjir hafi ákærurjettinn, en það eru konungur og alþingi. Sje því sleppt, að minnast á hinn sjálfsagða ákærurjett konungsins, mundi það ekki verða skilið á annan hátt en þann, að grundvallarlög Dana giltu hjá oss um það atriði. En þann skilning vill nefndin ekki viðurkenna, og ekki gefa neitt tilefni til þess með lagasetningunni, að álitið verði, að vjer höfum viðurkennt hann.

Annað atriðið, sem hæstv. landsh. tók fram, var viðauki sá, sem bætt hefur verið við 19. gr. stjórnarskrárinnar, sem tekin er upp í 4. gr. þessa frv., þar sem þessum orðum er bætt við: „Breyta má þessu með lögum". Mjer virtist hæstv. landsh. bera kvíðboga fyrir, að yrði þetta samþykkt, þá væri hægt að svipta alþingi þeim rjetti, að koma saman annaðhvort ár. Nefndin álítur, að engin ástæða sje til að álíta, að þetta valdi neinum misskilningi á þennan hátt, en henni þótti betur við eiga, að þessu mætti breyta með einföldum lögum, ef síðar kynni að þykja hagfelldara, að þingið kæmi saman *á hverju ári,* og getur nefndin ekki skilið, að stjórnin geti álitið þetta ákvæði var-

hugavert, því að henni verður það einlægt innan handar, og hún hefur það á valdi sínu, að fá hans hátign konunginn til að neita að samþykkja lög í þá átt, ef þau koma fram, og þá þykja varhugaverð. Meining nefndarinnar var því engin önnur en sú, að eigi skuli eptirleiðis þurfa stjórnarskrárbreyting til þess, að ákveða annan samkomudag alþingis en nú er, t. d. ákveða að það komi saman í september á haustin, eða apríl á vorin, sem hvorttveggja hefur áður komið til tals, að hagfellt kynni að vera.

Jeg hef þá minnst á breyt.till þessar, sem nefndin álítur að ekki gæti verið því til fyrirstöðu, að frv. fái samþykki stjórnarinnar, en miða að því, að færa frumv. í það form, sem nefndin þykist hafa ástæðu til að ætla, að sje geðþekkast meiri hluta þingmanna í h. Nd.

Úr því jeg stóð upp, þykir mjer vera ástæða til þess, að minnast dálítið frekar á afstöðu mína í þessu máli, sjerstaklega með tilliti til þess, að jeg hef tvívegis áður á þingi greitt atkvæði um endurskoðun stjórnarskrárinnar, og þá á móti frv. því, sem þá lá fyrir. En til þessa verð jeg að fara töluvert fram í tímann. Á alþingi 1873 þegar óskað var, að konungur gæfi landinu svo frjálslega stjórnarskrá, sem hann frekast gæti, var jafnframt settur sá varnagli, að slíka stjórnarskrá mætti endurskoða að 6 árum liðnum. Þetta var ítrekað árið 1875 eptir því, sem jeg bezt veit, og var því að mínu áliti eðlilegt, að þegar hefði verið byrjað á endurskoðunarbaráttunni árið 1881, en það varð þó ekki fyr en árin 1885—1886, að endurskoðunarfrv. náði fram að ganga, en konungur neitaði því þá staðfestingar, eins og kunnugt er. Árið 1887 kom nokkurt rugl á þingið í þessu máli, og það virtist vera í vafa um, hvort þá ætti að halda málinu áfram eða ekki. Ef jeg þá hefði setið á þingi, hefði jeg *þá* ekki haft á móti því, að baráttunni væri haldið áfram í þá átt, sem hún hafði verið hafin, og að á hverju einasta þingi hefði verið samþykkt frv. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, og ekki hefði jeg haft á móti þeim stöðugu aukaþingum, sem af því hefði leitt. En á árunum 1887—90 kom það í ljós, að endurskoðunarstefnan dó út hjá almenningi og þar af leiðandi hefur hún eigi síðan haft öruggt fylgi á þinginu; almenningur gat eigi lengur sjeð, að þessi stefna væri vænleg til nokkurs árangurs. Þegar jeg því kom á þing, eptir að þessi stefnubreyting var á komin, nefnilega árið 1893, áleit jeg að sjálfsagt væri að yfirgefa endurskoðunar-stefnuna, og reyna heldur alvarlega að ná umbótum á stjórnarfarinu á annan hátt, sumpart með almennum lögum og sumpart með því, að ráðast á þau *einstök* ákvæði í stjórnarskránni, sem standa oss mest fyrir þrifum og athugaverðust eru og mikilsverðust. Samkvæmt þessari skoðun minni greiddi jeg atkvæði á móti stjórnarskrár - endurskoðunar-frumvarpinu árið 1893, enda þótti mjer það ekki svo vel lagt niður og orðað, sem jeg hefði óskað eptir, og auk þess mislíkaði mjer stórlega aðferð sú, sem formælendur frv. framfylgdu, til þess að koma því fram á þinginu, og einkanlega í gegnum þessa h. þingd. Jeg var ekki *einn* þeirrar skoðunar, að aðferðin hefði verið óheppileg og ógætileg. Ýmsir aðrir þingmenn voru samdóma mjer um það, að rjett og skynsamlegt hefði verið, að fleiri þingmenn hefði verið kvaddir til þess, að taka þátt í samningu frv., og undirbúningsumræðunum utanþings um það, hvernig skyldi framfylgja frv. gegn um þingið. En þetta var ekki gjört; við vorum ekki virtir viðtals, frumv. var valdboðið á okkur, ef jeg má svo að orði komast, — og jeg greiddi þó atkvæði á móti því.

Þegar kom til tals að breyta stefnu í þessu máli, varð jeg einna fyrstur til að fylgja þeim flokk, sem áleit, að rjett væri að falla frá gagngjörðri endurskoðun

allrar stjórnarskrárinnar í einu, eða halda fram öllum kröfum vorum í einu, og hyggilegra væri að taka í svipinn nokkur þýðingarmestu atriðin, og fitja sig svo smámsaman upp á skaptið. Af þessu leiddi, að jeg var fullkomlega samþykkur tillöguleiðinni á þinginu 1895. En jafnframt skal jeg taka það fram, að það var þá álit mitt, að ef stjórnin gæfi ekkert svar upp á tillöguna eða alls ófullnægjandi svar, að þá væri það skylda þingsins, að taka upp í máli þessu hinar ítrustu og víðtækustu kröfur. Satt að segja vonaðist jeg eptir, að stjórnin kæmi fram með eitthvert viðunanlegt frumv. fyrir þingið. Nú hefir ekki sú raun orðið á, en allt fyrir það er þó komið frv. fyrir þingið, sem von getur verið um, að fái staðfestingu stjórnarinnar, fari það ekki út fyrir viss takmörk, hvað kröfurnar snertir. Jeg hef vandlega skoðað huga minn um, hvort ætti að samþykkja frv. þetta, en eptir ítarlega hugleiðing hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að ganga að því. Jeg skal ekki fara út í, í hverju þær umbætur eru fólgnar, sem eru í frv., því það er greinilega tekið fram í nefndarál og h. framsögum. (S. St.) hefur útskýrt það.

Að eins vil jeg taka það fram, að úr því að þá má álíta það viðurkennt, að frv. hafi umbætur á stjórnarfarinu í sjer fólgnar, þá álít jeg, að það sje skylda mín að styðja að því, að þessar umbætur fáist. Þetta er skoðun mín um þá spurningu, hvernig nú eigi að fara með málið á þinginu, en á hinn bóginn er það sannfæring min, sem jeg nú vil lýsa yfir, að vjer eigum aldrei að hætta sjálfsstjórnarbaráttunni, fyr en vjer höfum fengið fullnaðaratkvæði í öllum vorum eigin málum, fullnaðaratkvæði um allt það, sem snertir sjerstaklega land vort og þjóð. Þessa skoðun hef jeg haft staðfesta og örugga um síðastliðin 25 ár, eða fullan fjórðung aldar, og henni hef jeg áður lýst við umræðurnar um annað mál, sem ekki er óskylt þessu hjer á þingi, en þá verður spurningin, hvernig hægast er að koma þessu fram. Jeg held, að með þessu frv. sje fengin von um, að vjer getum komizt dálítið lengra en áður. En falli frumv. þetta, — því jeg álít, að það sje sama sem fellt, ef í það eru sett ákvæði, sem stjórnin hefur lýst yfir, að hún vilji aldrei ganga að, sem sje ákvæðið um, að ráðgjafi Íslands skuli ekki sitja í ríkisráðinu, þá er öll barátta okkar fyrir því þýðingarlaus, og vjer stöndum á eptir miklu ver að vígi en áður, þrátt fyrir það þó stjórnin hafi komið fram með samkomulagstilboð. Mjer finnst þetta mjög athugavert og vona, að h. þm. þessarar deildar samþykki frumv., því jeg álít það mikinn ábyrgðarhluta fyrir oss, ef vjer með atkvæði voru komum í veginn fyrir það, að það fái framgang á þinginu. Verði frv. samþykkt af þinginu, verður stjórnin annaðhvort að gjöra, að samþykkja það, eða neita því staðfestingar og þá er það sama sem hún lýsi því yfir, að hún vilji ekki neitt samkomulag. Hjer er farið fram á að gjöra breyting á stjórnarfyrirkomulagi voru, sem vjer álítum vera til bóta, og sem vjer höfum fullkomna von um, að stjórn vor muni aðhyllast, en neiti stjórnin henni samþykkis, er það sýnilegt, að henni hefur verið það að eins leikur, að gefa oss það í skyn, að svona lagaðar breytingar á stjórnarskipuninni mundu fást, og þá er hætt við, að eptirleikurinn frá okkar hálfu verði verri en áður, því jeg ímynda mjer, að þá byrji sú barátta, sem ekki verður af minna kappi sótt, en áður var.

Það hefur verið ráðgjört í þessari h. þingd., að bera upp till. um, að skora á stjórnina, að gæta þess, að sjermál Íslands verði ekki eptirleiðis borin upp í ríkisráði Dana, og var ætlazt til þess, að þessi till. væri alveg frálaus við stjórnarskrárbreytingarmálið. En jeg verð nú að láta í

ljósi, að ef tillaga þessi yrði því til fyrirstöðu, að stjórnin samþykkti frumv. um stjórnarskrárbreytinguna, þá ættum vjer ekki að gjöra hana að kappsmáli; en einkennilegt virðist það þó, að mega ekki bera upp sjálfstæða tillögu, sem er alveg laus við stjórnarskrárbreytingar frumvarpið, og sem er alveg samkvæm till., sem þingið hefur áður látið frá sjer fara, samkvæm skilningi landshöfðingja á stjórnarlögum vorum og skilningi allra þeirra, sem athugað hafa þetta mál, og þegar það jafnframt er athugað, að krafan um, að ráðgjafi vor skuli endilega sitja í ríkisráði Dana, er eingöngu byggð á þeirri skoðun, og getur ekki stuðzt við neitt annað en það, að grundvallarlög Dana gildi hjer á landi, en það mun enginn maður hjer á landi nokkru sinni fallast á.

Jafnframt og frv. þetta fer frá þinginu álít jeg sjálfsagt, að lýsa því yfir, að það sje skoðun þingsins, að seta ráðgjafans í ríkisráðinu sje heimildarlaus, og jafnframt vil jeg lýsa því yfir skýrt og afdráttarlaust, að það er skoðun alls þingsins, að grundvallarlög Dana bæði hin eldri frá 5. júní 1849 og hin endurskoðuðu, sem gefin voru út árið 1866 hafi aldrei öðlazt lagagildi hjer á landi, og að þingið neitar í kröptugasta máta skoðun þeirra manna, sem halda því fram, að lög þessi sjeu gildandi lög hjer á landi. Þessi yfirlýsing virðist mjer nauðsynleg og hún getur ekki tálmað því, eða ætti að minnsta kosti ekki að geta tálmað því, að frumv. þetta fengi staðfestingu konungs.

Eitt atriði hefur verið tekið fram, sem hefur verið skoðuð sem ein heppileg úrlausn þessa máls, nefnilega það, að senda sendinefnd til stjórnar vorrar í Danmörku, til að semja um ágreiningsatriðin milli vor og stjórnarinnar. En væri það meiningin, að dönsk stjórnarvöld útnefndu jafnmarga menn í nefndina af sinni hálfu, eins og vjer af vorri hálfu, getur ekki komið til tals að sinna þessu máli. Því hefur verið hreyft, að ríkisþingið danska ætti að útnefna þessa menn, en væri slíkt samþykkt af okkar hálfu, þá væri það án efa uppgjöf á hinni allra helztu og merkilegustu rjettarkröfu í máli þessu, þeirri sem sje, að vjer eigum einir að fjalla um það ásamt konungi vorum. Vjer verðum að varast þetta og megum aldrei leyfa ríkisþinginu danska að gefa atkvæði í okkar málum, nje hleypa dönskum mönnum, sem engar „Interesser“ hafa fyrir Íslandi og málum þess, til að fjalla um þau.

Landshöfðingi: Jeg heyrði á ræðu h. 3. kgk. þm. (Kr. J.), að h. nefnd hefur ekki fundið ástæðu til að taka til greina bendingar þær, sem jeg gjörði við 2. umr. um, að tryggilegra væri fyrir þá, sem vildu vera vissir um það, að frv. þetta gæti öðlazt staðfestingu á sínum tíma, að breyta frv. í fleirum atriðum, en stungið var upp á í nefndarál.; jeg minntist því sjerstaklega á eitt atriði viðvíkjandi ábyrgð ráðgjafans; jeg tók það fram þá, að sú einasta breyting á ábyrgðinni, sem ráðgjafinn hefur lýst yfir, að hann vildi samþykkja, er sú, að ráðgjafinn bæri ábyrgð á stjórnarathöfninni; en hann hefur ekki gefið neina yfirlýsing um, að hann vildi samþykkja þá breyting á stjórnarskránni, sem gjörð er í síðari málsgr. 2. gr. í frv. þessu. Hjer stendur í 2. gr.: „Konungur eða alþingi geta kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans o. s. frv. og eptir 7. gr. eiga slík mál að dæmast í hæstarjetti. Í þessu er fólgin mikil breyting á stjórnarskránni, því að í 3. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Alþingi kemur *fyrir sitt leyti* ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum“ o. s. frv., en þar er ekkert minnst á konung. Ef til vill er með þessu ákvæði ekki loku skotið fyrir, að konungur geti komið ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum, en það er ekki ákveðið, að það mál skuli dæmast í hæstarjetti, enda er líklegra, að það ætti að dæmast af ríkisrjetti

og þá er það bert, að með þessu er gjörð breyting á stjórnarskránni, sem ráðgjafinn hefur ekki gefið neina yfirlýsing um, að hann vildi samþ. Ennfremur er það ekki útilokað úr orðum stjórnarskrárinnar, að ríkisþingið geti einnig komið fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum, en með orðum frv. er því slegið föstu, að það eru að eins tveir málsaðilar, konungur og alþingi, sem geta kært ráðgjafann. Þetta er mikil breyting á stjórnarskránni, sem ráðgjafinn hefur enga yfirlýsing gefið um, að hann vilji samþ. Það er því ekki á minni ábyrgð, þótt frv. þetta strandi á þessu skeri á sínum tíma, þar sem jeg hef bent h. þm. á þetta.

Jeg hugði, að h. nefnd hjer í h. Ed. vildi gjöra frv. þannig úr garði, að hún gæti verið viss um, að það mundi öðlast staðfestingu, en eptir því sem það er orðið nú, álít jeg ekki að nein trygging sje fyrir því, eptir því, sem ráðgjafinn hefur skrifað mjer, að það muni öðlast hana, sjerstaklega vegna þessarar 2. gr.

Jeg verð einnig að halda því föstu, sem jeg sagði við 2. umr. um 4. gr. frv. Ráðgjafinn hefur ekki lofað, að samþ. þá breytingu á stjórnarskr. Samkv. þessari nýju grein er hægt að ákveða það með alm. lögum, að alþingi skuli koma saman t. a. m. á hverju ári, en hvort ráðgjafinn vill samþ. að slíka breyt. sje hægt að gjöra með alm. lögum, skal jeg ekkert fullyrða um; hann hefur enga yfirlýsing gefið um það. Hans yfirlýsing náði að eins til frv., sem væri eins og frv. það, sem fyrst kom fram á þinginu.

Jeg hef álitið mjer skylt að taka þetta fram, sakir yfirlýsingar þeirrar, sem mjer hefur verið boðið að gjöra á þinginu fyrir hönd ráðgjafans; það er því á ábyrgð þingsins, hvernig það býr frv. úr garði.

Þorkell Bjarnason: Jeg vil með fáum orðum leyfa mjer að lýsa afstöðu minni til þessa frv.

Jeg var svo óheppinn, eptir því sem aðrir sögðu, en jeg segi, heppinn, að vera í stórum minni hluta á þingi 1885 í þessu máli. Það var ekki af því, að jeg væri lakari Íslendingur eða vildi ekki ættjörð minni eins vel og aðrir að jeg ætla, heldvar það það sem olli því, að jeg gat ekki búizt við, að slíkt frv., sem þá var til umr. á þinginu, mundi nokkurn tíma geta öðlazt staðfestingu — nema þá ef til vill að svo löngum tíma liðnum, að allir vjer sem að því unnum, yrðum komnir undir græna torfu; og jeg bjóst ekki við að þjóðin mundi hafa þrek til þess að halda baráttunni um það frv. svo lengi áfram, að von væri til að hún mundi bera sigur úr býtum. Jeg áleit því ekki rjett, að eyða tíma sínum og kröptum til þess máls, er svo lítil von er um, að mundi fá framgang; flest málefni vor lágu þá í kalda koli og var því ótölulega margt annað, sem nytsamlegra og til meiri hagsmuna var fyrir landið, að beita kröptum sínum til. Þegar svo till. kom fram á síðasta þingi, var jeg fljótt með henni. Mjer virtist sú leið praktisk, sem með henni var vikið inn á, að reyna að fá yfirlýsing stjórnarinnar um, hvort hún væri ekki fáanleg til að gjöra einhverjar breytingar á stjórnarskránni. Þessi aðferð hefur nú haft þann árangur, að nú er á daginn komið, að hæstv. landsh. hefur fyrir ráðgjafans hönd gefið yfirlýsing um, hverjar breytingar stjórnin gæti aðhyllzt. Þá er jeg heyrði yfirlýsing hæstv. landsh. í h. Nd. blandaðist mjer ekki hugur um, að vera með á þeirri leið, sem gæti leitt til samkomulags við stjórnina. — Það finnst nú mörgum, að yfirlýsing þessi feli ekki í sjer nægilega stjórnarbót og að allmikið vanti á, að kröfur vorar uppfyllist, en með þessu er þó þjóð vor komin inn á praktiska leið, sem beztu vonir eru um, að leiði til æskilegra endurbóta. Og nái þetta frv. fram að ganga, býst jeg við, að menn muni gjöra sig ánægða með það um hríð, meðan menn eru að reyna það

Það hafa svo margir tekið fram kosti þessa frv., að það er óþarft af mjer að gjöra það nú. Það liggur í augum uppi, hve mikið í það er varið, að fá íslenzkan mann fyrir ráðgjafa; honum mun þó í flestum tilfellum renna blóðið til skyldunnar, — í samanburði við að hafa útlendan mann, sem aldrei stigur fæti sínum hjer á land. Vjer höfum að vísu landshöfðingja, sem millilið til að túlka mál vor; en hvernig fer, þegar hann er að segja ráðgjafanum frá kröfum vorum og óskum, og sem byggðar eru á stjórnarskrá vorri? Þá segir ráðgjafinn, að allt sje misskilningur. Allt annað mundi verða uppi á baugi, ef vjer hefðum íslenzkan mann fyrir ráðgjafa. (*J. A. Hjaltalín:* En ríkisráðið?) Auðvitað verður hann að sitja í ríkisráðinu og bera þar upp mál vor, en ef ríkisráðið verður því til fyrirstöðu, að hann fái þeim framgengt, segir hann af sjer; og gangi svo koll af kolli, mun Dönum leiðast það til langframa.

Vjer getum í þessu efni tekið dæmi af Íslendingum sjálfum, sem erlendis hafa aldur sinn alið; þeir hafa margir sýnt sig ötula í því, að vinna gagn ættjörðu sinni. Jeg vil í því tilliti minna á Árna Magnússon. Meðan hann lifði, gátu kaupmenn eigi fengið því framgengt, að eitt verzlunarfjelag einokaði verzlun vora (*J. A. Hjaltalín:* Hann var ekki í ríkisráðinu). Nei, hann var heldur ekki ráðgjafi Íslands, en samt fjekk hann þessu hamlað. Jeg vil einnig benda á Jón Eiríksson sem dæmi. Vjer vitum það, að flest allar endurbætur, sem urðu á högum þessa lands á hans tímum, voru að meiru eða minna leyti honum að þakka.

Sem sagt, þótt endurbót sú, sem er í frv. þessu virðist máske eigi mikil, getur hún þó orðið vegurinn til enn meiri endurbóta.

Jeg vildi helzt óska, að ekkert atriði væri í frv. þessu, sem spillt gæti samkomulagi milli þings og stjórnar, en eptir ummælum hæstv. landsh. getur vel farið svo, að ákvæði 2. gr. verði þröskuldur fyrir framgangi þessa máls; og sje h. deild hrædd um það, þá er þó enn sá vegur til að kippa því í lag, að taka málið nú í dag út af dagskrá.

Viðvíkjandi sendinefnd þeirri, sem h. þm. Skagf. (J. Jak.) minntist á við 2. umr. og ber svo mikið traust til, — skal jeg benda á, að frá sögu landsins höfum vjer þess mörg dæmi, að árangur hefur jafnvel orðið verri en enginn af slíkum sendinefndum. Þegar landsmenn kvörtuðu til konungs yfir verðlagi kaupmanna á einokunartímunum, bauð hann að senda nefnd manna til Kaupmannahafnar, til að koma sjer saman við kaupmenn um verðlagið, en afleiðingin varð sú af hverri slíkri sendiför landsmanna, að Danir báru sendimenn ofurliða, og taxti sá, sem þá kom út, var verri en hinn eldri. — Þetta er reynsla vor af sendinefndum.

Jeg skal svo ekki orðlengja meir um þetta mál; að eins skal jeg láta það í ljósi, að síðan jeg heyrði yfirlýsing hæstv. landsh. í Nd. um þetta mál, er mjer svo hughaldið um, að það gangi fram, að jeg mundi glaður gefa sliku frv. atkv. mitt, þótt jeg væri í meiri minni hluta en 1885.

Kristján Jónsson: Nefndin er að sjálfsögðu þakklát hæstv. landshöfðingja fyrir hans skýru og ljósu yfirlýsingu, og hún ætti að vera leiðbeinandi fyrir nefndina, ef hún væri samdóma skoðunum þeim, sem yfirlýsing þessi byggist á.

Jeg tók það fram áðan, að skoðun nefndarinnar væri sú, að ákvæðið í 3. gr. hinnar núgildandi stjórnarskrár: „Alþingi kemur *fyrir sitt leyti* ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum“, gæti skilizt svo, að hún fæli í sjer viðurkenningu um, að grundvallarlög Dana gildi hjer á landi. Slíka yfirlýsingu fæst jeg fyrir mitt leyti ekki til að gjöra. Jeg hef barizt á móti því, nefndin öll var mótfallin því, og jeg vona,

að h. þingd. sje samdóma nefndinni í þessu efni. Það er að vísu sorglegt, ef þetta skyldi verða frv. til falls hjá stjórninni, en ef svo skyldi verða, þá sjáum vjer líka, að svo mjög sem vjer teygjum okkur, og þó vjer teygjum okkur eins og hrátt skinn, þá fæst stjórnin ekki til að gjöra neina tilslökun, og þá er ekki nein samkomulagsvon við hana; það sýnir oss þá, að vjer verðum þá að hugsa um aðra leið í þessu máli, aðrar tillögur, sem þá kunna að þykja heillavænlegri. Þetta er mín skoðun á þessu máli og hún er ekki ný; hún er mjög gömul, margyfirveguð og hugsuð út í yztu æsar. —

Hitt ákvæðið um breytingu á 4. gr. frv. skal jeg játa, að ekki hafi verið brýn þörf á að taka upp. En eptir umtali við nokkra Nd.-menn og tillögum þeirra, hefur það verið tekið upp í frv.; nefndinni virtist það vera svo óendanlega meinlaust, að það ætti ekki að geta haft nein áhrif á stjórnina, þegar frv. kemur til hennar kasta, því að konungur og ráðgjafi geta ávallt notað neikvæði sitt í þessu efni. Jeg get þess vegna fyrir mitt leyti ekki ráðið nefndinni til að taka málið út af dagskrá, til þess nú að fara að koma með nýjar breyt.till. við það, því að þótt þetta ákvæði í 4. gr. frv. megi missa sig, þá má hitt ákvæðið í 2. gr. frv.: „konungur eða alþingi“, alls ekki missa sig. Fleiri ágreiningsatriði hafa ekki komið fram nú við þessa umr. málsins og býst jeg því við, að frv. fái góðan byr hjá h. þingd.

Sigurður Stefánsson: H. 3. kgk. (Kr. J.) hefur svarað fyrir hönd nefndarinnar athugasemdum hæstv. landshöfðingja við 2. og 4. gr. frv. svo rækilega, að jeg hef þar engu við að bæta. Jeg vil að eins taka það fram, að jeg vil ekki, fyrir þær umbætur, sem hjer eru í boði, samþykkja einn staf eða jafnvel eina kommu í þessu frv., sem á nokkurn hátt gæti orðið til þess, að með nokkrum minnstu rökum yrði sagt, að jeg teldi grundvallarlög Dana gildandi hjer á Íslandi. Væri ákvæðið: „alþingi fyrir sitt leyti“ sett í 2. gr. frv. í stað orðanna: „konungur eða alþingi“, þá mætti eptir því sem orð hins hæstv. landsh. fjellu, ef til vill leiða út úr þeirri breytingu, að þingið að minnsta kosti óbeinlínis viðurkenni þann skilning stjórnarinnar rjettan að vera, að grundvallarlögin dönsku giltu hjer á landi. En til þess vil jeg ekki gefa nokkurt tilefni, og verð því eins og h. 3. kgk. (Kr. J.) að halda fast við tillögur nefndarinnar um þetta atriði. Hæstv. landsh. hefur alls ekki sagt fyrir víst, að þetta ákvæði 2. gr. frv. mundi standa í vegi fyrir því, að stjórnin gæfi frv. samþykki sitt. En þó svo væri, að hann hefði sagt það, þá mundi það ekki hafa haft þau áhrif á mig, að jeg slakaði hið minnsta til frá þeim kröfum, sem farið er fram á í frv. þessu. Hæstv. landsh. tók það fram í ræðu sinni áðan, að þetta atriði í 2. gr. og önnur fleiri atriði hefðu ekki staðið í hinu upphaflega frv., sem ráðgjafinn hefði lofað að samþykkja; en af þessum orðum hæstv. landsh. getur maður ekki ályktað, að ráðgjafinn muni synja frv. staðfestingar, þótt þessum nýju atriðum sje bætt inn í það, og það því síður sem þessi atriði eru svo lítilfjörleg. Einmitt þetta, sem hjer hefur farið fram nú í dag í þessari þingd., sýnir ljóslega, hversu miklir agnúar það eru á stjórnarfari voru, að geta ekki talað við ráðgjafann persónulega hjer á þinginu; hjer sjáum við ljóst dæmi upp á það, hve samvinnuleysið við stjórnina, sem jeg minntist á í ræðu minni um daginn, getur verið bagalegt. Hvorki fulltrúi stjórnarinnar nje þingið veit, hvort 3 eða 4 orð í frv. muni standa í vegi fyrir staðfesting þess eða ekki. En eitt er víst og það er það, að eptir þeirri skoðun, sem hæstv. landsh. hefur látið í ljósi á þessu máli, þá getur þingið búizt við, að hann mæli fram með aðalbreytingum þeim, er frv. fer fram á, að gjörð-

ar sjeu á stjórnarskránni, þar sem þær koma heim við hans eigin skoðun á máli þessu. En það hlýtur aptur að sjálfsögðu að vera mikill stuðningur fyrir framgang þessa máls, að hæstv. landsh. er því meðmæltur, ef hann annars leggur nokkuð orð í belg við stjórnina um það; það, að hann er því meðmæltur, getur ekki annað en mælt fram með því, að það sje rjett skilið og rjett skoðað. Að því er 4. gr. frv. snertir, þá þarf jeg ekki að taka það fram, að mjer er ekkert kappsmál með það ákvæði, sem þar er tekið fram um samkomudag alþingis; en jeg get ekki skilið, að það þurfi að vera frv. þessu að fótakefli hjá stjórninni; en það hefur praktiska þýðingu, að ekki þurfi stjórnarskrárbreytingu til þess að þingið kæmi saman t. d. 1. okt. eða 1. maí. Jeg held ekki, að það væri fjarri mönnum, að sú breyting kæmist í kring. Þessi samkomudagur þingsins, sem nú er fastákveðinn, er óhentugur fyrir alla nema Reykjavíkurbúa. Það var að eins þessi hugsun, sem kom nefndinni til að gjöra þessa breyt. Þingið verður sett þennan dag annaðhvort ár, nema konungur hafi ákveðið öðruvísi; þess vegna er rjettur hans ekkert skertur með þessu ákvæði, heldur var það að eins sett til hægðarauka fyrir þing og þjóð.

Það er mín hjartans sannfæring, að við eigum að grípa þetta tækifæri, sem nú býðst, til endurbóta á stjórnarfari voru; með því að gjöra það, eru þó stigin nokkur spor fram á við til meira sjálfstæðis en við höfum nú og vinnum með því þjóð vorri nokkurt gagn. En jeg fer hryggur burt af þessu þingi, ef árangurinn af erfiði okkar í þessu máli ekki verður annar en sá, að við höfum slegið hendinni á móti þessu boði stjórnarinnar í því máli, sem hingað til hefur ekki leitt til annars árangurs en að baka þjóðinni kostnað og öllum þeim mönnum áhyggjur, sem nokkurn áhuga hafa á því, að verklegar umbætur fáist á stjórnarhögum Íslands. Hjer er stigið spor, sem getur orðið upphaf til pólitískrar vegferðar þings og þjóðar, sem á ókomnum tímum getur orðið stráð eins mörgum blómum ánægju og gleði, eins og hún hingað til hefur stráð mörgum þyrnum og þistlum óánægju og margra annara óþæginda.

ATKVÆÐAGR: 1. breyt.till. (C 434) samþ. með 7 samhlj. atkv.; 2. breyt.till. (C 434) samþ. með 8 samhlj. atkv.; 3. breyt.till. (C 434) samþ. með 8 samhlj. atkv. Frv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 6 : 5 atkv. og sent aptur til Nd.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C 368, 398, 438); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Það sem maður fyrst rekur augun í, þegar maður lítur á fjárlagafrv. Nd., er hinn mikli tekjuhalli, rúmar 165,000 kr. En ekki er þó allt þar með búið, heldur má samkvæmt 18. gr. verja allt að 80,000 kr. til þess að byggja steinhús í sambandi við landsbankann, og ef önnur frv., sem krefja aukin útgjöld fyrir landssjóð, verða samþykkt, t. d. brúargerð á Örnólfsdalsá, sem kostar 14,000 kr., og læknaskipunarmálið, — sú breyting kostar 14,000 kr. að minnsta kosti, — verður tekjuhallinn enn þá meiri, um 273,000 kr., sem allur lendir á viðlagasjóði og nemur $^1/_4$—$^1/_5$ hluta sjóðsins.

Einhver kynni að ætla, að tekjurnar verði hærri en áætlað er, en nefndin er á allt annari skoðun og hyggur tekjurnar of hátt reiknaðar. Nd. hefur fært tekjurnar upp um 42,000 kr. frá áætlun stjórnarinnar. Nefndin hyggur, að tollarnir sjeu of hátt settir, þar sem útlit er fyrir, að fjárhagur manna verði fremur þröngur á komandi fjárhagstímabili. En það hefur jafnan áhrif á tollana, sem verða því lægri, sem ver lætur í ári.

Eptir því sem frv. kemur frá h. Nd., er tekjuhallinn 52,000 kr. meiri en eptir stjórnarfrv., og þar sem tekjurnar voru

hækkaður í Nd. um 42 þús. kr., þá verður mismunurinn 94 þús kr., sem Nd. hefur hækkað útgjöldin um. Ef þetta er nákvæmara aðgætt, þá sjest, að Nd. hefur með því að bæta inn nýjum fjárveitingum og hækka aðrar, hækkað útgjöldin alls um 109 þús. kr., en aptur lækkað útgjöldin nm 15. þús. kr., svo hin eiginlega hækkun verður 94 þús. kr. Þegar nánar er aðgætt, liggur hækkunin ekki í afarstórum upphæðum, því 10 þús. kr. er stærsta upphæðin, sem bætt hefur verið inn. Jeg skal nefna nokkrar hinar stærstu af þessum upphæðum, þær sem nema 3000 eða þar yfir:

Styrkur til búnaðarfjelaga . .	10	þús.
Til búnaðarfjelags landsins . .	4	—
Vetrarlægi fyrir þilskip . . .	10	—
Til hins eyf. skipaábyrgðarfjel. .	5	—
Til spítalabyggingar á Akureyri	5	—
Til sýsluvega	14	—
Brú á Hörgá	10	—
Til verkfróðra aðstoðarmanna .	3	—
Til bygg. kvennask. í Norðurl. .	10	—
	Kr. 71	þús.

Hinar aðrar upphæðir, sem Nd. hefur sett inn í, eru æðimargar, en fremur litlar, og skal jeg ekki fjölyrða um þær, en alls hafa útgjöldin hækkað um 94 þús. hjá Nd., eins og jeg hef áður tekið fram.

Nefndin áleit þennan mikla tekjuhalla frv. og hin auknu útgjöld ísjárverð í mesta máta. Það var því aðalstefna hennar að leggja til að nema burt þær fjárveitingar, sem ekki verða álitnar bráðnauðsynlegar, og lækka þær fjárveitingar, sem hún áleit að gætu komizt af, þótt væru minni. Á þennan hátt hefur nefndin lagt til, að lækka útgjöldin um 42 þús., en hækka um 3 þús. til spítalabyggingar á Patreksfirði; eptir tillögum hennar lækka þá útgjöldin um 39 þús. og þar að auki hefur nefndin fært fjárveitinguna til húsabyggingar niður um 50 þús. Lækkunin eptir tillögum nefndarinnar verður því alls 89 þús. kr.

Jeg ímynda mjer, að h. deild hafi sömu skoðun á þessu og nefndin, að nauðsyn sje á að draga úr hinum mikla tekjuhalla. Jeg lýsi að eins yfir þessari stefnu nefndarinnar, en skal ekki fara út í einstök atriði.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi (C 219, 412); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 7 : 3 atkv.

Frv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æzta dóms í íslenzkum málum úr lögum (C 416); 1. umr.

Sigurður Jensson: Jeg sting upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Sakir óljósrar atkv.gr. var viðhaft nafnakall og sögðu:

já:	*nei:*
Þorleifur Jónsson,	J. A. Hjaltalín,
Gnttormur Vigfúss.,	Jón Jónsson,
Hallgrímur Sveinss.,	Kristján Jónsson, og
Jón Jakobsson,	L. E. Sveinbjörnsson.
Sigurður Jensson,	
Sig. Stefánsson, og	
Þorkell Bjarnason.	

Nefndarkosning þannig samþykkt með 7 : 4 atkv. og voru kosnir:

Sigurður Stefánsson	með 7 atkv.
Hallgrímur Sveinsson	— 5 —
L. E. Sveinbjörnsson	— 5 —

Frv. til laga um að gjöra landsyfirdóminn í Reykjavik að æzta dómi í íslenzkum málum (C 417); 1. umr.

Sigurður Jensson: Jeg sting upp á, að þessu máli sje vísað til sömu nefndar.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. að vísa frv. til þeirrar nefndar, með 7 samhlj. atkv.

Frv. til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi (C 371, 429); frh. 1. umr.

Framsögum. (Jón Jónsson): Það er fátt um nefndarálitið að segja.

Aðalbreyting nefndarinnar er sú, að ráðstafanirnar um varnir gegn fjárveikíndum, skuli ekki að eins ná til hreppanna, heldur einnig til kaupstaðanna, því þar sem í sumum kaupstöðum er margt fje, t. d. til Seyðisfjarðarkaupstaðar, hèyra 3. jarðir, 2 þar sem hægt mun vera að hafa 1000 fjár eða meira, verður að gæta sömu varúðar þar, sem í hreppunum, ef nokkurt gagn á að verða að þessum ráðstöfþví það er augljóst, að kindur í einum kaupstað geta vel sýkt fje í 2 eða 3 sýslum, og hygg jeg að gömul reynsla í fjárkláðamálum sanni það. 1., 6. og 7. breytingartill. ganga allar í þessa átt. Þá er önnur lítil breyting, að dýralæknir skuli skera úr, hvort einhver fjárveikindi sjeu næm, ef vafi þykir á því. Það er svo um ýms fjárveikindi, að vafi leikur á, hvort þau sjeu næm eða ekki, t. d. lungnaveiki, sem getur verið mjög margvísleg. Það er í slíkum tilfellum ekki rjett, að að láta ólærðan mann skera úr. Menn munu skera úr þessu með því, að ómögulegt sje að framkvæma þetta, meðan að eins einn dýralæknir sje á öllu landinu. Það er nú að vísu svo nú sem stendur, að ekki er nema 1 dýralæknir, en það er vonandi, að sá tími fari bráðum í hönd, að dýralæknir verði skipaður í hverju amti og þá er þetta vel framkvæmanlegt.

Hinar aðrar breytingar eru að eins orðabreytingar, sem mjer þykir óþarfi að tala nánar um, en jeg vona að h. þm. átti sig á þessu og greiði atkv. með öllum breytingum nefndarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um frestun og framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C 428); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (C 402); 1. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Annar fundur í sameinuðu þingi, þriðjudag 17. ágúst kl. 5 e. h. Allir á fundi.

Nefnd kosin til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna.

Kosningu hlutu:

Sigurður Stefánsson	með 18	atkv.
Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.	— 17	—
Ólafur Briem	— 14	—
Sigurður Gunnarsson	— 12	—
Þorleifur Jónsson	— 12	—

Lagður fram reikningur um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ og skýrsla frá verðlaunanefndinni (C 306, 307).

Kosin verðlaunanefnd samkvæmt 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.

Í nefndina voru kosnir:

Björn Ólsen	með 25	atkv.
Steingr Thorsteinsson	- 26	—
Eiríkur Briem	— 22	—

Lögð fram skilagrein fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1895 (C 421).

Frv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum (C 230); ein umr.

Landshöfðingi: Það hafa ekki komið fram neinar breytingaruppástungur við frv. þetta. Það liggur fyrir eins og það var samþykkt við eina umr. í Nd. og það var áður búið að ganga gegnum Ed. Jeg

vona þess vegna, að það verði samþykkt í sameinuðu þingi, eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 25 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Þrítugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 18. ágúst kl. 1. e. h. Allir á fundi nema 1. kgk. (L. E. Sv.), er tjáð hafði forföll.

Frv. til laga um útbúnað og ársútgjöld við spítala handa holdsveikum mönnum (C. 401, 431, 465.); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg hefi komið fram með 2 breyt.till. við þetta frv., sem nú er hjer til umr., og gjörði jeg við 1. umr. þessa máls grein fyrir þeim. Síðan hefi jeg þó hugsað betur um þetta, og þar eð þingtíminn er orðinn nokkuð naumur fyrir frv. þetta, sem nauðsynlega þarf að verða útkljáð af þinginu, ef breyt.till. þessar yrðu samþykktar, en jeg vil ekki verða orsök þess með breyt.till. þessum, og tek jeg breyt.till. því aptur.

Jafnframt vil jeg skjóta því til h. 2. kgk. (H. Sv.), hvort hann vilji hætta á, að halda breyt.till. sinni fram, þar hún einnig gæti tafið fyrir frv. Að sönnu er þar eigi um neina fjárupphæð að ræða, og er breyt.till. hans því ekki eins hættuleg fyrir framgang málsins, og breyt.till. mínar, en jeg er hræddur um, að ekki verði tími til þess fyrir málið, að hrekjast milli deilda og fara ef til vill síðan í sameinað þing. Jeg lýsi því þá yfir, að jeg tek breyt.till. mínar aptur.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hafði ekki athugað, að málið stæði svo tæpt, eða hugsaði, að h. Nd. hefði neitt á móti breyt.till. þessari, þar sem hún er aðeins „redaktions"-breyting. Aptur á móti játa jeg, að hún er ekki mikilvæg, og má gjarnan bíða, og tek jeg hana því aptur, samkvæmt áskorun hæstv. landsh., til þess að koma ekki málinu í neinn vanda.

ATKVÆÐAGR.: 1.—5. gr. frv. samþ. í e. hlj. hver. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (C. 256, 411); 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Má jeg leyfa mjer að biðja um, að mál þetta verði tekið út af dagskrá, þar sem jeg er veikliðaður mjög í nefndinni í máli þessu: 1 á móti 4, en einn mann vantar á þing í dag, jeg mundi kjósa, að máli þessu væri ekki ráðið til lykta, án þess að allir þingmenn væru á þingi. Óska jeg því, að málið megi bíða til morguns.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Frv. til laga um breyting á reglugjörð 3. maí 1743 69. gr. og konungsúrskurði 26. sept. 1833 (C. 399); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv.gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um brú á Örnólfsdalsá (C. 400); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv.gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum (C. 414); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv.gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (C. 418); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv.gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um stofnun lagaskóla (C. 440); 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg tók ekki til máls við 2. umr. þessa máls, og iðrast jeg þó eptir það, þar sem jeg var mótfallinn einni breyt.till., sem þar var samþ. því jeg álít, að hefði jeg verið búinn að færa rök gegn henni, mundi hún hafa verið felld. Breyt.till. þessi fór í þá átt, að rýra það fje, sem ætlað var til tímakennslu við lagaskólann, en það álít jeg miður heppilegt, því það mun reynast, að þó tveir efnilegir kennarar verði skipaðir við skólann, muni þeir hafa ærið mikið að starfa, og varla má búast við, að þessir 2 kennarar sjeu jafnfærir í öllum kennslugreinum, eða svo, að þeir geti tekið að sjer að kenna þær. Við erlenda háskóla eru, svo sem kunnugt er, margir kennarar í sömu vísindagreininni, og við háskólann í Höfn hef jeg heyrt, að væru 5—6 kennarar í lögfræði og ef til vill fleiri. Laganámið í hverri einstakri grein verður auðvitað miklu fullkomnara, ef til eru nægir kennslukraptar, en þótt kennararnir væru vel hæfir menn, yrðu þeir varla færir um að kenna meira en svo, að þeim yrði að skipa aðstoðarkennara í svo sem 2 eða 3 námsgreinir og þá væru 1000 kr. oflítið fje til þess. Jeg stóð ekki upp við 2. umr. til að benda á þetta, og verður því að standa við það, sem komið er, enda er þetta ekki svo hættulegt, þar sem öll útgjöld til skólans verða greidd úr landssjóði, og mundi þá verða hægt að fá aukafjárveiting á fjárlögunum, ef á þyrfti að halda. Læt jeg því þetta atriði ekki verða því til fyrirstöðu, að jeg greiði atkvæði með frv. — Það sem jeg því vildi segja nú, er frumv. er að fara hjer út úr deildinni, er, að þótt margt hafi verið haft á móti lagaskólanum, sje jeg ekki, að það sje á nægum rökum byggt, því þótt tormerki sjeu á framgangi málsins, og sumum finnist ekki þörf á lagaskóla nú sem stendur, sökum þess, að nú sje skipað í öll lögfræðisembætti hjer á landi og margir nemendur nú við lögfræðisnám, svo að ekki sje sjáanlegt, að þrot verði á lögfræðingum, þá virðist mjer engu að síður, að lagaskólinn hafi við góð rök að styðjast, enda hefur hann verið á dagskrá þingsins, frá því fyrsta, bæði á ráðgjafaþingum og löggjafarþingum, og það hefur alltaf verið borið fram sem ein hin brýnasta nauðsyn, að fá kennslu í íslenzkum lögum, en lögfræðingum vorum dygði ekki að hafa að eins numið löggjöf annara landa. Og vegna þess, að lagaskólinn er góð og gömul krafa, og jafnframt nauðsynleg krafa, þá gef jeg frv. atkvæði mitt, enda þótt ekki sje sýnilegt, að vjer þurfum strax á lagaskólanum að halda, enda tekur hann ekki fyr til starfa, en fje er veitt á fjárlögunum handa honum, og getur það verið nægilega tryggt ákvæði fyrir því, að engu fje sje kostað til hans, fyr en tími er kominn til að láta hann taka til starfa.

Sigurður Jensson: Við 2. umr. kom jeg og 2 aðrir h. þm. með nokkrar breyt.till. í þessu máli, og voru þar af samþykktar tvær. Nú sýnist, sem allir sjeu ekki ánægðir með þessar breytingar, og verð jeg að segja, að jeg heldur ekki er ánægður, þar sem breytingarnar gengu ekki nógu langt og voru ekki allar samþykktar.

Mín skoðun á málinu er, að jeg vil engan lagaskóla hafa að svo stöddu. Jeg álít, að oss vanti fyrst og fremst góða kennslukrapta, því það mun ekki vera meiningin, að nýútskrifaðir kandídatar frá háskólanum verði kennarar á lagaskólanum, og því finnst mjer, að vjer, sem stendur, ekki getum stofnað lagaskóla. *(Hallgr. Sveinsson:* Assessorarnir). H. 2. kgk. nefndi assessorana, en jeg álít það ekki meiningu laganna að draga eldri embættismenn, sem alls ekki hafa undirbúið sig undir kennarastöðuna; frá embættum sínum, og gjöra þá að kennurum við skólann,

enda er ekki ástæða til að halda, að eldri lögfræðingar sæktu um þessi kennaraembætti; en að gjöra unga kandídata, nýkomna frá examensborðinu, að prófessórum, lízt mjer ekki á. Það eru heldur engar líkur til, að lærisveinar sæki skólann, nema ef til vill einn eða sárfáir, máske enginn, eptir þeim fjölda af lögfræðingum að dæma, sem nú eru við nám í Khöfn. Jeg er með lagaskóla sem framtíðarhugsjón, að hann komist á, þegar þörf og kennslukraptar eru fyrir hendi, því lagamenntun og sjerstaklega kunnátta á íslenzkum lögum er nauðsynleg í landinu. En til þess að stofna fullkominn lagaskóla höfum vjer enga krapta nú sem stendur, og jeg er á móti því, að verja miklu fje til þess að stofna ófullkominn skóla, sem allir verða að játa um, að veiti verri lagamenntun og búi til verri kandídata, en vjer höfum nú. Málið vantar því undirbúning, það þarf fyrst að veita mönnum þar til hæfan margra ára styrk til að búa sig undir að verða kennarar við þennan skóla. . Meðan þennan undirbúning vantar, er rangt að semja svona löguð lög og stofna ný embætti, sem ekki eru til annars en eyða peningum.

Við 2. umr. var talað um hin fjöldamörgu, um 30, nýju embætti, sem verið er að hugsa um að stofna á þessu þingi. Þetta, að þingið nærri því á hverjum degi stofnar ný embætti, kemur illa heim við hinar almennu umkvartanir um, hvað óþarflega margir embættismenn sjeu í landinu og hve eptirlaunabyrðin sje orðin þung á landsjóðnum.

Jeg óska því, að frv. verði fellt frá 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg hef alveg þveröfuga skoðun á þessu máli við h. þm. Barðstr. (S. J.).

Ef hann játar, að lagaskóli sje nauðsynlegur sem framtíðarstofnun, þá verðum vjer að búa oss undir hann með að semja lög um, að skólann skuli setja á stofn.

H. þm. Barðstr. tók fram, að ef skólinn væri stofnaður strax mundi vanta kennara, þar sem aðeins ungir menn nýorðnir kandidatar mundi sækja. Jeg er ekki á þessari skoðun, heldur ímynda jeg mjer, að vel mætti gjöra ráð fyrir, að annarhvor assessoranna, sem ekki eru gamlir menn, hneigðust svo mjög að rannsókn laga vorra, að þeir kysu heldur þessa stöðu, en sitt núverandi embætti, þótt þeir með því ekki ættu eins mikla von um launahækkun í framtíðinni. En vildu þeir ekki takast þetta á hendur, efast jeg ekki um, að út um land sje sýslumenn, sem sjeu svo góðir lagamenn, að þeir gætu orðið kennarar við skólann. En ef vjer höfum enga menn nú, hvenær fáum vjer þá? Eru líkindi til, að breyting yrði hjá oss í þessu efni á næstu 4, 6 eða 8 árunum? Nei, jeg held það verði eins ár frá ári, þar sem lögfræðingar fá hina sömu lagamenntun frá háskólanum, og engir búi sig undir að vera kennarar við þennan lagaskóla. Sama ástandið verður því alltaf og vjer getum aldrei sagt, að nú sjeu nógir kennarar og lærisveinar til og nú sje tími til að byrja á skólanum. Einmitt að samþykkja stofnun skólans er að undirbúa hann.

H. sami þm. sagði, að þetta væri að eins til þess að auka embætti í landinu, en það er eigi rjett. 6. gr. ákveður, að lög þessi komi þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefur í fjárlögum veitt fje til skólans. Þessi grein er lykillinn til að ljúka þessu húsi upp. En þrátt fyrir þetta, er ekki ástæðulaust eða meiningarlaust að samþykkja þetta frv., því þar með er sagt: Nú er von um lagaskóla, þess vegna er ástæða til fyrir duglega menn að búa sig undir að verða kennarar þar. Einnig getur fjárveitingarvaldið, þegar það vill, veitt efnilegum mönnum styrk til þessa undirbúnings. Meðan engin vissa er fyrir, að skólinn verði stofnaður, hljóta lögfræðisnemendur að rása til Kaupmannahafnar, en ef vissa fengist um,

að lögin um stofnun þessa skóla yrðu framkvæmd eptir vissan áratíma, t. d. 6 ár, þá mundu sumir stúdentar bíða með að sigla 2—3 ár, og aðrir jafnvel koma heim frá háskólanum til að nema við þennan skóla.

Þess vegna, ef þörfin er knýjandi fyrir þennan skóla og menn álíta rjett, að hann komist á í framtíðinni, þá er rjett að samþykkja frumv., því með því sjáum vjer, hvert vjer viljum stefna, en lögin hafa engin útgjöld í för með sjer, fyr en alþingi vill og álítur sjer fært. Það er rjett að samþykkja frumv. nú, þótt töluverður efi sje á, hvort það strax muni fá staðfestingu hans hátignar konungsins.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 : 3 atkv. og afgreitt til Nd.

Fvv. til laga um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu (C. 383); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 7 : 1 atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti í Þingeyjarsýslu (C. 439); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Þrítugasti og áttundi fundur, fimmtudag 19. ágúst, kl. $11^1/_2$ f. h. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C 368, 398, 438, 444, 446, 463, 464, 466, 468, 470); 2. umr.

Framsögumaður (Þorl. Jónsson): Við frh. 1. umr. gat jeg um hinn mikla tekjuhalla, sem er á frv., eins og það er hingað komið frá h. Nd., og að auk þessa tekjuhalla væru þar að auki lögð mikil útgjöld á viðlagasjóð. Jeg skal ekki telja þetta aptur með tölum, en jeg vil benda á, að breytingar nefndarinnar eru flestar sprottnar af þessum tekjuhalla og miða til að gjöra hann minni. Það hefur verið meginregla nefndarinnar, að þó að hún viðurkenni ýms fyrirtæki nauðsynleg í sjálfu sjer, þá sje rjett fjárhagsins vegna, að láta þau bíða betri tíma, en láta hitt sitja í fyrirrúmi, sem óhjákvæmilegt er.

Jeg skal svo minnast stuttlega á breyt.till. nefndarinnar.

1. Stj.frv. fer fram á það, að veittar sjeu 1000 kr. til þess að kaupa járnskápa fyrir handa amtmannsembættinu í Norður- og Austuramtinu og öllum sýslumönnum í þeim ömtum. Þessu hefur h. Nd. breytt á þann hátt, að veita 3000 kr. til að útvega eldtrausta járnskápa handa sýslumönnum og póstafgreiðslumönnum. Nefndin vill nú bæta inn ákvæði um, að einnig skuli kaupa járnskáp handa amtmannsembættinu, úr því að það vantar slíka hirzlu.

2. breyt. er fólgin í, að færa styrkinn til búnaðarfjelaganna úr 20,000 kr. niður í 18,000 kr. Á þinginu 1889 var þessi styrkur ákveðinn 8000 kr. hvort árið; 1891 var hann hækkaður upp í 10,000 kr. og sama upphæð var ákveðin á þingi 1893. En á síðasta þingi var hann ákveðinn 13,000 kr. fyrir 1896 og 15,000 kr. fyrir 1897. Nú vill nefndin leggja til, að hann verði 18,000 kr. hvort árið, sem sje 5000 kr. hærri en 1896 og 3000 kr. hærri en fyrir árið í ár. Þetta er allmikil hækkun, og þótt búnaðarfjelögum fjölgi töluvert jafnvel árlega, álítur nefndin, að þessi upphæð muni nægileg.

3. breyt.till. er einungis til skýringar og er því sjálfsögð.

4. breyt.till. er um það, að fella burtu 1500 kr. fjárveitingu til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við vitann á Skagatá. Nefndin áleit, að ef nauðsyn væri á þessu húsi, mundi stjórnin hafa beðið um þessa fjárveiting; en það hefur hún ekki gjört. Nefndin áleit einnig, að þar sem 2 bæir

eru í nánd við vita þennan, mundi bygging sjerstaks húss handa vitamanni vera síður nauðsynleg. En ef hún væri nauðsynleg, mundi fjárupphæð þessi ekki hrökkva til, og þá væri óviðkunnanlegt, að veita oflitla upphæð. En síðan hef jeg fengið nánari upplýsingar um þetta og mun mjer því ekki verða breyt.till. þessi neitt kappsmál, enda vænti jeg, að h. þingd. muni fá úr annari átti nákvæmari upplýsingar um þetta atriði.

5. breyt.till. er um það, að fella burt fjárveitinguna til vetrarlægis fyrir þilskip. Á fjárveitingu þessari stendur svo, að útgjörðarmannafjelagið hjer í Rvík hefur sótt um hana. Svo er sem sje ástatt, að hin smærri þilskip eru að haustinu til dregin upp á land, en þetta er mjög erfitt og sumpart ómögulegt, að gjöra við hin stærri skip, með þeim áhöldum, sem til eru; þau eru því látin liggja úti á sjó veturinn yfir, en það er ekki hættulaust bæði sakir ísreks, er getur grandað þeim, svo og sjávarmaðks, sem borar sig inn í þau og eyðileggur þau. Útgjörðarmannafjelagið setti því nefnd manna á síðastl. hausti, til þess að sjá út hentugan uppsátursstað eða skipalægi, og valdi hún tjörnina norðan og vestan við Bessastaði; er hugsunin sú, að hlaða garð fyrir mynni tjarnarinnar með hliði á; skipin skulu svo dregin þar inn með flóði, en eptir að fjarað hefur út, skal hliðinu lokað og liggja þá skipin á þurru fyrir innan. Hjer er nú sá galli á, að engin áætlun fylgir um, hvað verk þetta muni kosta; að vísu er það lauslega gefið í skyn, en á því er ekkert að byggja. Nefndin komst því að þeirri niðurstöðu, að mál þetta væri enn svo illa undirbúið, að ekki væri gjörlegt, að veita þessa upphæð og styrktist hún í því við það, hvernig fjárveiting þessi er orðuð, sem sje: „Styrkur til að gjöra vetrarlægi fyrir þilskip, allt að helmingi kostnaðar, þó ekki yfir 10,000 kr.“ Hjer er ekkert um það talað, hvar þetta vetrarlægi á að vera, á Austurlandi, Norðurlandi, Vesturlandi eða Suðurlandi; hjer er ekkert talað um, að það eigi að vera hjer við Faxaflóa. Bæði vegna þessa og eins vegna hins, að allan undirbúning vantar, álítur nefndin rjettast, að bíða með þessa fjárveitingu að sinni; hún gengur að því vísu, að það muni fá betri undirbúning fyrir næsta þing, og þá sje hinn rjetti tími til að styrkja slíkt fyrirtæki.

6. breyt. er við 11. gr., um að fella burtu 600 kr. styrk til utanfarar handa hjeraðslæknum. Að vísu verður því ekki neitað, að gott getur af því leitt, að hjeraðslæknar fari utan og mennti sig meira, en þó því að eins, að þeir dvelji erlendis nokkurn tíma og ferðist til fleiri landa, en til þess eru 600 kr. öldungis hverfandi styrkur; læknar mundu því þurfa að verja til þessa allmiklu fje frá sjálfum sjer, sem hæpið er að þeir geti, og ber nefndin því ekki traust til þess, að hinum góða tilgangi með fjárveitingu þessari verði náð. Annaðhvort sje því, að hafa styrk þennan töluvert hærri, eða veita hann alls ekki. Nefndin ræður því til að fella hann alveg.

7. breyt. er ný viðbót, 3000 kr. styrkur til spítalabyggingar á Patreksfirði. — Málið er svo vaxið, að sýslumaður Barðastrandarsýslu hefur fyrir hönd sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu sent til þingsins beiðni um styrk til þessa fyrirtækis; er þar frá því skýrt, að Patreksfjörður sje aðal-viðkomustaður á Vesturlandi franskra fiskiskipa; er það alltítt, að þau koma þangað með sjúka menn, og með því, að þar er ekkert sjúkrahús til, eru ekki nema tveir kostir fyrir hendi; annar sá, að vísa þeim svo búnum á burt aptur, sem er harðýðgislegt og lífshætta fyrir hina sjúku, eða þá að koma þeim fyrir á heimilum hjá einstökum mönnum. Þetta er, eins og gefur að skilja, mjög erfitt og getur enda haft í för með sjer hættulegar afleiðingar, „Smitte“. Undanfarin ár hefur illkynjuð taugaveiki geng-

ið í þessari sýslu, og er því kennt um, að hún hafi útbreiðzt frá slíkum sjúklingum. Sýslunefndin hefur leitað til Frakka um styrk til þessarar spítalabyggingar og er ekki vonlaust um, að þeir veiti eitthvert fje til hennar. Því verður þess vegna alls eigi neitað, að mikið mælir með að styrkja þetta fyrirtæki af landssjóði, ef hálfu meira fje fæst til þess annarstaðar frá. Það ber einnig opt við, að fiskiskip hjeðan frá Faxaflóa koma þangað inn með sjúka menn, því að Patreksfjörður liggur bezt við fyrir þau, þegar þau eru að fiskiveiðum við Vesturland. Það er þess vegna mikið hagræði fyrir þilskipaeigendur hjer við Faxaflóa, að sjúkrahús sje þar til.

Um 8 breyt. get jeg sagt hið sama sem um húsbygginguna handa vitamanninum; óskir um slíka fjárveitingu eiga að koma frá stjórninni, ef hún álítur þær nauðsynlegar. En þar sem stjórnin hefur ekki beðið um þetta fje, álítur hún þess ekki þörf, og það álítur nefndin heldur ekki. Hún álítur, að verkfræðingur sá, sem landið styrkir muni komast yfir meira en hingað til, en þurfi hann aðstoð, álítur hún stjórninni heimilt, að verja til slíkrar aðstoðar af fje því, sem ætlað er til hvers einstaks fyrirtækis. Ef t. a. m. mæla þarf einhvern sjerstakan veg, megi taka kostnaðinn við það af því fje, sem til vegagjörðarinnar er ætlað; þess vegna sje sjerstök fjárveiting ónauðsynleg.

9. breyt. er í því fólgin, að ákvæðið um, að 14,000 kr. af fjenu til flutningabrautanna skuli varið til flutningabrautar fram Eyjafjörð, falli burtu. Nefndin álítur, að fjenu til flutningabrautanna skuli fyrst og fremst varið til að leggja flutningabraut frá Eyrarbakka upp á hina nýju flutningabraut milli ánna. Enn fremur sje eðlilegt, að samelnaðir sjeu þeir 3 kaflar í Húnavatnssýslu, sem þegar hafa lagðir verið, og settir í samband við verzlunarstað sýslunnar, Blönduós. Og í þriðja lagi skuli leggja þessa umræddu flutningabraut fram Eyjafjörð. En þessa síðustu vegagjörð virðist engin ástæða til að taka sjerstaklega fram, úr því að hinna tveggja er ekki getið; ef fjeð endist til þess, verður hún að sjálfsögðu gjörð.

Breyt.till. 10.—15. eru um styrkina til sýsluvega. Í frv. eru 14,000 kr. ætlaðar til að styrkja lagning sýsluvega og er það nýtt „princip“. Þegar nýtt „princip“ er innleitt í fjármálum, álítur nefndin rjett, að gjöra það með varúð; hún vill því ekki hafa þessa upphæð mjög háa í fyrsta skipti, sem það er innleitt. Geðjist mönnum að slíkum fjárveitingum með reynslunni, þá er ætíð hægurinn hjá, að auka við slíkar fjárveitingar. Nefndin vill því að eins láta standa nú fjárveitingu til Strandasýslu, en færa hana þó niður í 5000 kr. Nefndin álítur, að helzt eigi að styrkja sýsluvegalagning í þeim sýslum, þar sem engar flutningabrautir eru, eða þjóðvegir eða fjallvegir. En þar sem þó sýsluvegir eru einungis til gagns fyrir sýslubúa sjálfa, vill nefndin, að þeir leggi sjálfir til á móti jafnmikið fje og þeim er veitt úr landssjóði; með því sýna þeir, að þeim sje slík vegagjörð full alvara og nauðsyn. Strandasýsla er nú ein af þeim sýslum, sem ekki hefur flutningabrautir eða þjóðvegi, og þar sem þar eru vondir vegir, álítur nefndin hana standa næst í þessu tilliti.. Líkt mun ástatt með Snæfellsnessýslu og ætti hún þá að sitja fyrir, þegar meira fje er fyrir hendi. Aptur á móti liggur þjóðvegur eptir báðum Skaptafellssýslunum endilöngum Vegurinn yfir Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu álítur nefndin ekki að muni mjög fjölfarinn og mætti sú vegagjörð því bíða.

16. breyt. er um það, að styrkurinn til að brúa Hörgá falli burtu. Nefndin álítur, að brýr á þeim ám, sem mest er þörf að brúa, eigi að sitja fyrir, og blandaðist henni ekki hugur um, að meiri þörf væri annarstaðar víða en hjer. Jeg er að

sönnu ekki persónulega kunnugur þessum sveitum, er að ánni liggja, en jeg hef heyrt kunnuga menn segja, að þessi brú yfir Hörgá kæmi ekki langferðamönnum að notum, en mundi helzt að notum fyrir hjeraðsbúa sjálfa og þá, er þar næstir byggja. Nefndin áleit því, að brúargjörð þessi mætti bíða. Þar sem nú líka er komin fram tillaga um, að verja á fjárhagstímabilinu 75,000 kr. til að brúa Lagarfljót, og líklegt er, að sú tillaga verði samþykkt hjer í Ed., virðist fremur ástæða til að fella fjárveitinguna til brúargjörðar á Hörgá.

Líkt er að segja um 17. breyt.till., brúargjörð á Bakkaá. Á þessi mun fremur lítil og þar sem hjer er að eins um 250 kr. að ræða, virðist hjeraðsbúum ekki ofætlun að koma á brúnni, þótt þeir fái ekki þennan styrk úr landssjóði.

18. breyt.till. er um ferðir gufuskipanna. — Eins og sjest á nefndarálitinu, var samningunum við sendimann gufuskipafjelagsins því nær lokið, þá er frv. kom frá Nd., og var því ekki auðvelt, að fá þeim breyt. í þessu tilliti framgengt, er ef til vill hefðu verið æskilegar. Nokkuð hefur nefndinni þó orðið ágengt. Aðalatriði samningsins eru þau, að 2 gufubátar gangi milli Reykjavíkur og Akureyrar, annar austan um land, en hinn vestan um land. Auk þess fara svo stærri gufuskip milli landa og í kringum landið. Þessar hringferðir eiga að verða 12 fyrir stóru skipin og eiga þau að koma við á fáum höfnum, en bátarnir síðan flytja menn og flutning milli stærri skipanna og hinna smærri staða. Hugsunin var sú, að þessar hringferðir hinna stærri skipa væru svo fljótar, að langferðamenn geti komizt fljótt og þurfi ekki að eyða tímanum í það, að koma við á mörgum millihöfnum; en þessi tilgangur getur ekki náðst, ef skipunum er leyft að koma við á 10 höfnum í hverri ferð, eins og gjört er í frv., því að þá verða slíkar ferðir ekki nema lítið eitt fljótari en þær eru nú með strandferðaskipunum. Eptir samkomulagi við sendimann gufuskipafjelagsins hefur því nefndin sett inn ákvæði um, að í 3 hringferðum skuli viðkomustaðirnir vera hinir sömu, sem nú tíðkast, en að hinar aðrar hringferðir skuli vera fljótari og viðkomustaðirnir í þeim ekki fleiri en 6—8. Þetta er hugsunin í 18. breyt.till. nefndarinnar.

Í 19. breyt.till. felst að eins, að fella burt það ákvæði frv., að 4 af hringferðunum sje lokið fyrir miðjan júlí.

20. breyt.till. er að eins leiðrjetting á prentvillu.

21. breyt till. er um það, að setja inn ákvæði um, að strandbátunum sje skylt að flytja póstsendingar án sjerstaks endurgjalds; það hefur gleymzt í Nd.

Í 22. breyt till. felst, að kaupafólk frá Suðurlandi skuli fá fljóta ferð til Norðurlands bæði að heiman og heim, og í 23. breyt. er tekið fram, að skipið komi á Blönduós, því að ferðir þessar eru gjörðar mest vegna Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, og til þess að fullt gagn sje að, þarf skipið að koma á Blönduós.

Með 24. breyt. er að eins bætt inn einu orði, og 25. breyt. er sömuleiðis lítil breyting, eiginlega ekki annað en orðabreyting.

Því næst er komið að gufubátaferðunum Nefndin vill fella burtu, að því er Sunnlendingafjórðung snertir og Breiðaflóa skilyrðin um tillög frá sýslufjelögunum og hlutaðeigandi bæjarfjelagi. Reynslan hefur þegar sýnt það, að mjög torvelt er fyrir sýslufjelög, að verða öll á eitt sátt um ferðir bátanna. Það gengur afarlangur tími í þann málarekstur milli sýslufjelaganna og þegar svo loks fæst eitthvert samkomulag, er ferðaáætlunin óhentug útgjörðarmanni, og heldur ekki haganlegri sýslubúum, en ef hann hefði búið hana til einn. Það virðist því full ástæða til að fella burtu þessi skilyrði, og það

því fremur, sem líkur eru til að gufubátur sá, sem nú gengur um Faxaflóa, muni næstu ár ganga einnig til Breiðafjarðar, og ef öll hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag eiga að verða samtaka með ferðaáætlun, styrkveiting o. s. frv., er hætt við, að það kosti mikinn tíma og erfiðleika.

28. breyt.till. nefnd. við 12. gr. C 3 er um, að fjárveitingin til flutningavagnferða frá Reykjavík austur að Þjórsárbrú falli burt. Þessi fjárveiting er of óákveðin, þar sem ekki er hægt að sjá, hvort ætlazt er til, að landsstjórnin kaupi vagna og hesta og haldi þessum ferðum uppi, eða að veita skuli styrk til einstakra manna. En hvort heldur af þessu tvennu er tilætlunin, þá getur nefndin ekki verið með styrknum. Tilgangurinn mun vera, að ljetta mönnum flutning á vörum og gjöra ferðir hægari að Þjórsárbrúnni; en þessum tilgangi verður því að eins náð, að flutningsgjald verði lægra en nú er unnt að fá, en fyrir því gefur þessi fjárveiting enga tryggingu. — Jeg ímynda mjer, að ekki þurfi að fjölyrða um þennan lið, því fáir af h. þingd.m. munu vera með þessum styrk.

29. breyt.till. nefnd. er við 13. gr. A. b. 6, um að bráðabirgðaruppbótin til síra Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi verði færð úr 600 kr. niður í 100 kr. fyrra árið. Nefndinni þótti fjárveitingin nokkuð athugaverð.

Fyrir 6 árum fjekk þessi prestur brauðið. Áður hafði það verið venja, að presturinn í Bjarnanesi hefði Bjarnanesumboð, og telur presturinn tekjurnar af því á ári 150 kr., eða 900 kr. alls þessi 6 ár. Nú sækir hann um að fá uppbót úr landssjóði fyrir það, að umboðið hafi verið tekið af sjer. En nefndin telur þetta hæpið af ástæðum þeim, sem nú skal greina:

1) Það er skakkt, að telja umboðstekjur með brauðinu, því að eptir hlutarins eðli eru umboðsstörf ekki nein prestsembættisstörf og presturinn hefur ekki haft tekjurnar af því sem prestur,heldur sem umboðsmaður. En líti maður samt sem áður svo á, að honum hafi borið tekjurnar sem presti, þá hefur landstjórnin gjört glappaskot með því að taka umboðið af honum, og með því að veita honum þetta brauð, ef ekki mátti trúa honum fyrir umboðinu. (*Landshöfðingi:* Sóknarmenn kusu hann). Hafi fleiri sótt, átti landstjórnin kost á að kasta honum, en hafi eigi fleiri sótt nær athugasemd mín ekki lengra. — Jeg tek það aptur fram, að jeg álít ekki rjett að telja umboðstekjurnar með tekjum brauðsins.

2) Fyrir hvað eru þessar umboðstekjur? Auðvitað fyrir unnið verk, en þar sem presturinn hefur ekki leyst verkið af hendi, hefur hann ekki heldur tilkall til teknanna. Jeg fyrir mitt leyti vildi því helzt, að þessi liður hefði verið felldur, en meiri hluti nefndarinnar vildi fara meðalveg og láta prestinn fá 100 kr. hvort árið. Menn kynnu að segja, að að þetta væri ósamkvæmni, að veita prestinum ekki allt, en nokkuð, þar sem þar með sje viðurkennt rjettmæti kröfu hans. Jeg játa, að svo er, en þetta var gjört til samkomulags, og þegar svo er, er opt vikið frá hinni ströngu samkvæmni.

30., 31., 32. og 33. breyt. nefnd. er viðvíkjandi námsstyrknum til prestaskólans, læknaskólans og lærða skólans og um húsaleigustyrkinn til læknaskólans. Nefndin fer fram á, að námsstyrkurinn megi eigi fara fram úr 200 kr. til hvers nemanda fyrir skólaárið, og að húsaleigustyrkurinn við læknaskólann skuli vera 80 kr. handa hverjum nemanda. Eptir frv. Nd. gat styrkurinn verið hærri, en jeg vona, að enginn hafi á móti þessari ákvörðun.

34. breyt.till. er um styrk til tímakennslu við stýrimannaskólann. Jeg skal hlaupa yfir þessa breyt.till. hjer, þar sem önnur breyt.till. þessu viðvíkjandi er komin, og jeg ætla að tala um þær báðar í einu.

35. breyt.till. er við 13. gr. C 6: styrkurinn til húsbyggingar á Þingvöllum. Þessi fjárveiting er nokkuð óákveðin, þar sem að eins er tekið fram, að byggingin sje ætluð, bæði fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn, en ekkert sagt um, undir hvers stjórn húsið eigi að vera, þótt sett sje sem skilyrði, að jafnmikið fje skuli lagt fram annarsstaðar frá. Nefndin áleit, að hús, sem gæti fullnægt hinum settu skilyrðum, yrði að vera stórhýsi, sem kostaði miklu meira fje, en hjer er farið fram á. Þar að auki áleit nefndin þessa húsbyggingu ekki svo bráðnauðsynlega, að hún gæti ekki beðið. Enn fremur veit jeg ekki til, að bænarskrá hafi komið frá nokkrum um þetta fje, en án þess finnst mjer undarlegt að leggja fje úr landssjóði.

36. breyt.till. fer fram á, að af styrknum til náttúrufræðisfjelagsins sje 100 kr. á ári varið til umsjónar við náttúrugripasafnið. Nefndin hefur í áliti sínu sagt frá, hvernig á þessari br.till. stæði: Benedikt Gröndal, sem hingað til hefur haft umsjón með náttúrugripasafninu fyrir ekki neitt, sótti um 200 kr. styrk fyrir þetta sitt ómak. Nefndin áleit ekki rjett, að hann hefði þessa fyrirhöfn fyrir enga þóknun, og ætlast því til að hann fái þessar 100 kr. fyrir umsjónina.

37. br.till. 13. gr. C. 14: styrkurinn til kand. mag. Boga Melsteð. Nefndin fer fram á, að styrkurinn sje veittur til að semja en ekki til að gefa út sögu Íslands. Eptir því, sem mjer er kunnugt, er hann ekki búinn að semja neitt enn þá, enda hefur styrkurinn verið veittur til að safna, en ekki til að semja. Ef styrkurinn nú væri veittur til að gefa út, yrði hann jafnóðum að semja söguna, og væri slíkt óheppilegt, þegar um jafnvandasamt rit er að ræða, því svo gæti farið, að þegar hann væri búinn að semja og gefa út stóra kafla, að hann þá liti öðruvísi á sumt og óski þá að hafa sumt af því, sem hann hefur áður samið öðruvísi. Jeg legg því til, að honum nú sje veittur styrkur til að semja, en síðar til að gefa út sögu Íslands.

38. br.till. er um að styrkurinn til bindindisfjelagsins „Hvítabandsins“ falli burt. — Fjelag þetta hefur sent þinginu beiðni um 300 kr. styrk, og jafnframt getið þess, að það hafi sent kvennmann út, sem hafi orðið talsvert ágengt með að breiða út bindindi. En það vantar skýrslu um, hve margir meðlimir sjeu í þessu fjelagi og hve útbreitt það sje. Þar sem annað bindindisfjelag er styrkt af opinberu fje, finnst mjer því ekki ástæða til að taka þessa beiðni til greina. Þó er mjer þetta ekkert kappsmál, þar sem upphæðin er svo lítil.

39. br.till. fer fram á að fella burt styrkinn til skólakennara Geirs Zoëga. — Nefndin hefur ekkert á móti manninum, viðurkennir hæfileika hans og veit að vönduð rit eru komin frá hans hendi, en álítur þó, að styrkurinn megi bíða í þetta sinn.

40. br.till. er um að styrkurinn til útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa falli burt. Nefndin álítur þessa fjárveitingu þýðingarlausa, þar sem ekki muni vera hægt að fá erlendan skipasmið til að setjast hjer að fyrir svo lítinn styrk.

41. br.till. Nefndin leggur einnig til, að styrkurinn til sjera Bjarna Þorsteinssonar falli burt, þótt hún álíti manninn hafa mikla þekkingu og vera vel hæfan til að safna íslenzkum þjóðsöngvum. En þar sem jeg er ekki að öllu samþykkur nefndinni í þessu, skal jeg ekki fara fleirum orðum um þennan lið.

42. br.till. er við 13. gr. C. 34, að M. Magnússon fái styrk til að kenna ókeypis líkamsæfingar í Reykjavík, Nefndin vill fella orðin „í Reykjavík“ burtu, því hún vill ekki veita styrkinn til þess að kenna að eins í Reykjavík, heldur einnig annarsstaðar á landinu, því víða er meiri þörf á slíkri kennslu, en hjer í Rvík, þar sem

leikfimiskennari er við skólana. Jeg veit að menn á Akureyri hafa leitað liðs hjá leikfimiskennaranum í Reykjavík, um að fá mann til þess að kenna þar líkamsæfingar, en gátu engan fengið, þar sem ekki var völ á neinum slíkum manni. Ef þessi maður væri styrktur, gæti hann ferðazt á milli og einnig verið á Akureyri.

43. br.till. við 13. gr. C. 36. Nefndin vill veita Jóni Ólafssyni styrk til ritstarfa, en ekki til að vekja eptirtekt á Ísl. í útl. tímaritum og blöðum. Maðurinn er alþekktur, svo jeg skal ekki fjölyrða um þessa fjárveitingu.

44. br.till. við 18. gr. til hússbyggingarinnar úr steini í sambandi við landsbankann. Hús þetta á að vera bankahús, pósthús og fyrir forngripasafnið, málverka- og náttúrugripasafnið o. fl. — Nefndin áleit varhugavert að veita styrk til slíks húss. En þar eð skoðun nefnd. er lýst nokkuð greinilega í nefndarál., þarf ekki að fara mikið út í þetta hjer. Hún hyggur, að óhjákvæmilegt sje að byggja innan skamms hús fyrir landsbókasafnið, þar sem einnig sje rúm fyrir hin bókasöfnin öll: presta- lækna- og latínuskólabókasöfnin. Við það fengist nóg húsrúm í alþingishúsinu fyrir öll hin söfnin. Póststofu virðist nefndinni mega byggja í sambandi við bankann, en það er landsstjórnarinnar að ákveða slíkt nánar, það getur ekki verið verk þingmanna að fást við slíkt. Þingið fjekk tilboð frá bæjarstjórninni um, að selja landinu barnaskólahúsið fyrir pósthús. Það er ekki hægt að ætlast til, að nefndin geti sett sig svo inn í það mál, að hún sjái sjer fært að ákveða, hvað heppilegt sje í þessu efni. Hún vill fela landsstjórninni að ákveða, hvort byggja skuli út af fyrir sig, í sambandi við bankann, eða kaupa barnaskólahúsið. Byggingarfróðir menn verða að skoða barnaskólahúsið og segja, hvort hægt er að breyta því svo, að það geti orðið hentugt pósthús og hvað breytingarnar kosti, áður en ákvörðun verður tekin um það.

En þar sem óhjákvæmilegt er, að pósthús fáist, áleit nefndin rjett að setja, að verja mætti allt að 30 þús. kr. til pósthúsbyggingar. Hún vissi ekki, hvort þessi upphæð mundi vera nógu há, en tiltók hana af því, að hún vissi, að veita mætti meira á fjáraukalögunum, ef þörf væri á. Jeg skal geta þess, að þar sem verð barnaskólahússins er talið 25 þús., er það prentvilla. Nefndin vildi leggja til, að kaupa mætti barnaskólahúsið fyrir 26 þús. kr, ef landsstjórnin teldi það heppilegt.

45. br.till. er hin síðasta af breyt.till. nefndarinnar. Það er um lánin til jarðabóta. Jeg skal ekki tala um þessa br.till., þar sem jeg er henni mótfallinn og maður sá, sem kom fram með þessa tillögu í nefndinni, færir væntanlega ástæður fyrir henni.

Þá skal jeg minnast stuttlega á aðrar breytingartillögur, sem fram hafa komið, eptir röð þingskjalanna.

Fyrst eru á þingskj. 398 breyt.till. frá hæstv. landsh. Nefndin er með fyrstu breytingunni. En um 2. breyt., að leggja 100 kr. meira til útsendingar á stjórnartíðindunum, er nefndinni ekki fullljóst, lætur því bíða með að segja álit sitt um hana; nefndin er með 3., 4. og 5. breytingunni, sem fer fram á að hækka nokkuð fjárveitinguna til holdsveikraspítalans, og fjárveitinguna til flutningabrautar, en lækka að sama skapi fjárveitinguna til þjóðvega, án þess þó aðalupphæðin til veganna breytist. Nefndin er aptur á móti andstæð 6. breyt. um 350 kr. til að kaupa harmóníum í Vestmannaeyjakirkju. Söfnuðurinn í Vestmannaeyjum tók óliðlega undir, að söfnuðurinn tæki að sjer kirkjuna. Jeg vil ekki gefa söfnuðinum harmóníum í kirkjuna, sem viðurkenningu fyrir þetta svar. Látum þá fyrst taka að sjer kirkjuna og svo má tala um harmóníum á eptir. Nefndin er

með 7. breyt., upphæðin er svo lítil að engan munar. Jeg skal bíða með að tala um 8. breyt., þangað til upplýsingar hafa verið gefnar og ástæður færðar fyrir henni.

Þá kem jeg að br.till. á þingskj. 444 frá h. 5. kgk. þm. (J. A. H.); sú br.till. fer fram á, að sú upphæð, sem ætluð er til skólahússins utan og innan, sje færð niður úr 7500 kr. í 6367 kr. eða að hún sje lækkuð um 1133 kr., en sama upphæð var einmitt ætluð til að breyta svefnherbergjum latínuskólans í lestrarstofur handa piltum. Í stjórnarfrv. er sem sje uppástunga um, að afnema, að piltar sofi í skólanum, en breyta svefnloptunum í herbergi handa 36 piltum, til að lesa í síðari hluta dags, en veita þeim 20 kr. húsaleigustyrk hverjum, til að leigja sjer svefnherbergi út í bæ.

Meiningin með br.till. er því að fella uppástunguna um breytingu á svefnloptunum. Nefndin var á móti þeirri br.till. af þeirri ástæðu, að það mundi verða tilfinnanlegt fyrir fátæka pilta, að leigja herbergi til að lesa í, þótt þeir fái húsaleigustyrk til svefnherbergis. Það yrði þá töluverður kostnaður fyrir þá að auki til hita o. fl. Jeg hef heyrt, að ýmsir piltar hjer í Reykjavík læsu í skólanum síðari hluta dags, en sváfu heima. Fyrir þá pilta, sem svo er ástatt fyrir, mundi það verða töluvert óþægilegt, ef br.till. þessi kæmist að.

Þá koma næst br.till á þingskj. 446 um 75000 kr. fjárveitingu til brúargjörðar á Lagarfljóti og um 9000 kr. lán úr viðlagasjóði til að kaupa gufubát til flutninga á Lagarfljótsós. Jeg skal lýsa því yfir, að meiri hluti nefnd. er hlynntur báðum þessum br.till.; en af því að jeg gjöri ráð fyrir, að flutningsmennirnir muni færa ástæður fyrir báðum þessum br.till., skal jeg leiða hjá mjer að fara fleirum orðum um þær að svo stöddu. Nefndinni var ekki ljóst um 3. br.till. á sama þingskj. um 1200 kr. til að undirbúa vitabygging fyrir Austurlandi og geymi jeg mjer rjett til að tala frekar um það, þangað til jeg hefi heyrt ástæður h. flutningsm. fyrir þessari fjárbeiðni.

Jeg get sagt um þessa br.till., eins og ýmislegt annað, að mjer finnst, að þessi fjárbeiðni hefði átt að koma frá stjórninni, en ekki frá einstökum þingmanni.

Þá kem jeg næst að br.till. á þingskj. 463. Hin fyrsta fer fram á, að færa styrkinn til hússtjórnarskólans í Reykjavík úr 2000 kr. niður í 1000 kr., og er það tekið sjerstaklega fram, að það skuli vera í eitt skipti fyrir öll. Jeg verð að geta þess, að mjer finnst þýðingarlaust að orða br.till. þannig. Þar sem það stendur í frv. að það skuli að eins vera fyrra árið, þá kemur það í sama stað niður. Þetta getur aldrei bundið hendur þingm. á næstu þingum.

En hvorki jeg eða meiri hluti nefndarinnar var með því að færa þennan styrk svo mikið niður, eins og farið er fram á í þessari br.till. Við álítum að þetta sje þarfleg stofnun og að það sje ekki vert að skera svo mjög við nögl sjer styrkinn til þessa skóla. Þeger hann er að komast á laggirnar, þá þarf að kaupa æði margt til hans; jeg held einmitt, að sú upphæð, sem ráð er fyrir gjört í frv. sje hæfileg.

Næsta br.till. á sama þingskj. fer fram á, að styrkurinn til Páls Ólafssonar skálds falli burt. Jeg fyrir mitt leyti er á móti þessari br.till. og svo hygg jeg, að meiri hluti nefndarinnar sje líka. Þessi maður er einn af vorum beztu skáldum og hefur notið mikilla vinsælda hjá Íslendingum; hann er nú orðinn gamall maður og á við erfið kjör að búa. Mjer fiunst það ekki sanngjarnt að láta þann mann, sem með ljóðum sínum hefur vakið fjör og gladværð í margra hjörtum líða neyð og örbirgð síðari hluta æfi sinnar; jeg verð þess vegna að greiða atkv. með þessari styrkveitingu.

Þá kem jeg næst að 3. br.till. á þingskj. 463 um að styrkurinn til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomnast í hljóðfæralist, falli burt. Jeg og meiri hluti nefndarinnar er á móti þessari br.till. Þetta er að vísu lítill styrkur, ef hann á að verða að nokkru gagni, og jeg fyrir mitt leyti hefði helzt kosið, að hann hefði getað orðið nokkuð hærri; en af því að þetta er mjög efnilegur maður í sinni mennt, þá áleit nefndin ekki heppilegt að styðja hann þó ekki að nokkru leyti.

4. br.till. á sama þskj. fer fram á, að styrkurinn til kand. Magnúsar Magnússonar falli burt. Jeg er þessari br.till. mótfallinn og svo hygg jeg, að meiri hluti nefndarinnar sje líka. Jeg hef það traust á þessum manni, að kennsla hans í leikfimislist verði að nokkrum notum. Hann hefur gengið í skóla á Englandi, þar sem líkamsæfingar eru mjög útbreiddar. Jeg hef heyrt, að hann sje mjög vel að sjer í þessari grein, og þess vegna álít jeg ísjárvert að fella burtu þennan styrk til hans; en jeg vil að skilyrðunum fyrir honum sje breytt, eptir því sem nefndin hefur lagt til í nefndarálitinu.

Þá kemur næst br.till. á þingskjali 464 við 27. br. á þingskj. 438 síðari málsgrein, að fyrir $^1/_4$ komi $^1/_5$ á móti $^4/_5$ úr landssjóði. Þessa br.till. hefur nefndin fallizt á. Þá kem jeg að br.till. á þingskj. 466; 1.—5. br.till. eru aðeins orðabreytingar, sem enginn mun finna ástæðu til að hafa neitt á móti; en 6. br.till. á sama þingskj. fer fram á bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum, 200 kr. hvort árið. Það getur vel verið, að þær ástæður komi fram fyrir þessari fjárbeiðslu, að meiri hluti nefndarinnar verði henni meðmæltur; en jeg þori ekki að fullyrða það, fyr en jeg hef heyrt þær ástæður, sem mæla með því. Þá kem jeg næst að 8. br. á sama þingskj. við 13. gr. A b 7, nfl. að styrkurinn til sjera P. H. Hjálmarssonar, til að byggja upp staðinn, verði hækkaður úr 500 kr. upp í 750 kr. Jeg tel það dálítið hæpið, að færa upp þennan styrk; 500 kr. er þó nokkur styrkur. Jeg treysti því, að landssjóður veiti viðkomandi presti lán, svo að hann geti byggt staðinn upp.

Þá kemur 9. br. á sama þingskj. við 13. gr B. III C. 13., nfl., að styrkurinn handa leikfimiskennaranum verði færður úr 500 kr. upp í 700 kr. Jeg fyrir mitt leyti verð að leggja á móti þessari br.-till. Allir verða eitthvað til að vinna, til þess að standa vel í stöðu sinni, og kosta sjálfir nám sitt, að meira eða minna leyti; en mjer er ekki kunnugt um, að þessi maður hafi neitt gjört til þess; auk þess er hann orðinn roskinn maður, og getur maður þess vegna ekki vonazt eptir eins miklum árangri af ferð hans, eins og ef það væri yngri maður. En samt sem áður þótti nefndinni ekki rjett, að synja honum alveg um styrk til utanfarar, og áleit hún þá, að 500 kr. væri hæfileg upphæð.

10.—11. br.till. á sama þingskj. eru um stýrimannaskólann.

Jeg hljóp yfir br. nefnd. áðan af því, að jeg vildi tala um hana í sambandi við þessar br.till. Í frv. stjórnarinnar er farið fram á, að skipa aðstoðarkennara við stýrimannaskólann, með 1000 kr. launum, þar af helminginn fyrra árið, en síðara fullar 1000 kr., svo að launin verði hækkuð upp í 2,500 kr. fyrra árið og 3000 kr. síðara árið, og svo að varið verði þar að auki 1000 kr. til tímakennslu hvort árið. Nú vill h. 2. kgk. (H. Sv.) færa þessar upphæðir í sama horfið, eins og farið er fram á í frv. stjórnarinnar. En jeg verð að ætla, að hægt sje að fá næga krapta til tímakennslu, bæði til að kenna mál og annað. Jeg get ekki ímyndað mjer annað, en að ýmsir, sem leyst hafa af hendi próf í stýrimannafræði, sjeu færir um að kenna stýrimannafræði sem tímakennarar við skóla þennan, en ef hæfur tíma-

kennari fæst til þess, þá er það kostnaðarminna en fastakennari, og meðan hægt er að fá nóga tímakennara, þá vil jeg fyrir mitt leyti, helzt komast hjá, að skipaður verði fastur kennari í viðbót. En nefnd. virtist 1400 kr. upphæðin vera of lág, og þess vegna lagði hún það til, að hún yrði hækkuð upp í 1500 kr., svo að þessi liður yrði eins og upphæð, sú, sem gjört er ráð fyrir fyrra árið í stjórnarfrv. — 12. br.till. á þingskj. 466 er að eins um röðina á töluliðunum, og þarf jeg því ekki að orðlengja frekar um hana.

Þá kemur næst viðaukatill. á þingskj. 468 frá h. 1. kgk. (L. E. Sv.) um að í greininni um lán til þilskipakaupa, á eptir orðinu „þilskipakaupa“ í 1. línu greinarinnar bætist við: frá útlöndum. Meiningin með þessari viðaukatill. er sjálfsagt sú, að styðja að því að auka innlendan skipastól, og hefur auðvitað enginn neitt á móti því; en það er að eins það athugavert við þetta, að ef einhver vill smíða nýtt þilskip og vill selja það, þá fær sá, sem vill kaupa það, ekki lánið, ef br.till. verður samþykkt. Það var að eins þetta, sem nefndin hafði á móti þessari aukatill.

Þá kem jeg næst að br.till. á þingskj. 470 við 13. gr. B. VI. b. 2., að orðin: „sýslunefnda og“ falli í burtu. Þegar þetta ákvæði kom fyrst inn í fjárlagafrv. á þingi, þá var jeg með því, að styrkur sá til sveitakennara, sem hjer er um að ræða, skyldi veitast eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna; en eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef fengið á þessu þingi um þetta atriði, finnst mjer meðmæli sýslunefnda þýðingarlítið; jeg mun þess vegna greiða atkvæði með br.till. og hygg jeg, að allir muni vera með henni. Jeg hef nú stuttlega minnzt á allar þær br.till., sem fram hafa komið, og finn jeg því ekki ástæðu til, að orðlengja frekar um þetta mál að svo stöddu.

Landshöfðinginn: Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta grein fyrir br.till. þeim, sem jeg hef leyft mjer að koma fram með við frv. þetta.

1. br. þarf jeg ekki að orðlengja um, úr því að h. framsögum. hefur tekið það fram, að nefndin hafi samþykkt hana. Eins og menn vita, þá er meðfram göflum og nokkrum parti af suðurhlið hegningarhússins, trjegarður, sem er orðinn svo fúinn, að hann ekki getur staðið til lengdar, og úr því að þörf er á, að nýr garður sje gerður, þá er betra að hann verði gerður úr steini en trje, af því að trjeð fúnar á stuttum tíma, enda hefur þingið áður veitt fje til steingirðingar um fangagarðinn. Aptur á móti hefur h. framsögum. ekki sagt neitt um, hvort fjárlaganefndin væri meðmælt 2. br.till. minni á þingskj. 398. Svo er mál með vexti, að á þingi 1895 var farið fram á, að hækka fje til kostnaðar við útsending stjórnartíðindanna; en þá fjekkst samningur við mann hjer í bænum um að taka að sjer þessa útsending fyrir sömu upphæð og áður hafði verið, nfl. einar 100 kr. fyrir öll stjórnartíðindin; en allir hljóta að sjá, að það er engin borgun og að það er varla nóg fyrir umbúðunum. Nú hefur þessi sami maður neitað að hafa þessa útsendingu á hendi framvegis, nema hann fái til þess 200 kr. á ári, en ef sú upphæð ekki fæst, þá horfir til vandræða með að fá mann til að hafa þessa útsending á hendi.

Það er ákvörðun þingsins sjálfs, sem hefur ráðið hinu núverandi fyrirkomulagi og þá álít jeg sjálfsagt, að þingið veiti fje til þess, að það fyrirkomulag haldist, sem það hefur óskað.

H. Nd. var ekki á móti því að veita þá viðbót, sem þessi br.till. mín fer fram á, og það var að eins af formlegum ástæðum að hún ekki komst að. Það var þá stungið upp á að slengja fjárveitingunum undir b, c og d saman í eitt, og hækka þær nokkuð, en það var ekki samþykkt, vegna þess að það þótti rjettara að halda

B og C deild Stjórnartíðindanna aðgreindum; af þessum formlegu ástæðum var samsteypingin ekki samþykkt og þess vegna heldur ekki þessi litla viðbót. Jeg vona því, að h. deild veiti þessari litlu viðbót samþykki sitt; og ef hún gjörir það, þá efast jeg ekki um, að h. Nd. verði fús á að gjöra það líka.

3. br.till. mína hefur h. framsögum játað, að nefndin væri fús á að samþykkja, enda er hún í samræmi við það, sem þingið hefur þegar ákveðið, nfl að allir sjúklingar fái ókeypis hjúkrun á holdsveikis-spítalanum; sömuleiðis er hún í samræmi við nppástungur nefndarinnar útaf samningum við Oddfellowmennina hjer á dögunum.

Sama er að segja um 4. og 5. br.till.; þar eru að eins færðar 6000 kr. á milli, vegna þess að fjárveiting sú, sem nú er í frv. til flutningabrauta, er ekki nægileg til hinna ráðgjörðu vegagjörða á flutningabrautum og viðhalds á þeim, sem þegar eru gjörðar.

Þar sem h. framsögum. (Þ. J.) talaði um, að fjenu til flutningabrauta skyldi varið til þeirra 3 flutningabrauta, sem nefndar eru í nefndarálitinu, nfl. 1. til flutningabrauta frá Eyrarbakka upp að Selfossi, 2. til flutningabrautar vestur Húnavatnssýslu og 3. til flutningabrautar fram Eyjafjörð, þá býst jeg ekki við, að nægilegt fje verði til alls þessa, en að eins til brautarinnar upp Árnessýslu frá Eyrarbakka og annararhvorrar hinna.

H. framsögum. (Þ. J.) gat ekki fallizt á fjárveitinguna til harmoniums í Vestmannaeyjakirkju, og bar fyrir sig sem ástæðu til þess, sem líka kom fram í h. Nd., að Vestmannaeyingar hefðu snúizt illa við málaleitun stjórnarinnar, um að taka að sjer fjárhald kirkjunnar. En í þessu efni held jeg, að þeim hafi verið gjört fremur rangt til, því að orsökin til þess, að þeir gáfu ekki nein svör upp á áðurnefnda málaleitun, var sú, að ekki fjekkst lögmætur fundur; það var ekki af því, að þeir ekki vildu sinna málinu, heldur af því, að í bæði skiptin voru svo margir fjarverandi, á Austfjörðum og víðar, að ekki var hægt að koma á lögmætum fundi. Það er hart, að veita ekki Vestmannaeyjakirkju styrk til harmonium, eins og svo mörgum öðrum landssjóðskirkjum. Jeg vil sem bezt mæla með því, að henni verði veitt þetta lítilræði. Það er skylda landssjóðs að gjöra sínar kirkjur svo vel úr garði, að þær ekki standi ekki að baki almennum bændakirkjum.

7. breyt till. fer að eins fram á 150 kr. hækkun; en hún er að eins orsökuð af því, að 19,850 kr., sem standa í frv., er svo ákveðin upphæð, alveg eins og með henni væri haft eitthvert sjerstakt tilboð fyrir augum; en það hlyti að vera á valdi stjórnarinnar, hvaða uppdrátt og áætlun hún vildi nota; en það vantaði í báðar áætlanirnar borgun fyrir lóð undir húsið.

Síðasta (8.) breyt.till. mín er svo til komin, að sá maður, sem þar er nefndur, og sem talinn er flinkastur skipasmiður hjer, hefur sótt um styrk til að kynna sjer skipasmíðar erlendis. Hann hefur frá barnæsku fengizt við slíkar smíðar og er að náttúrufari mjög hagur bæði á trje og járn, svo að ekki er hægt að velja annan betri mann til slíkra starfa. En það er alveg nauðsynlegt, að hjer í Reykjavík sje einhver maður, sem kann að gjöra við og vera skoðunarmaður við þilskip, sjerstaklega þar sem þilskipum hjer við Faxaflóa fjölgar svo mjög ár frá ári, eins og það er líka nauðsynlegt, að hjer sje skipasmiður, sem geti tekið að sjer aðgerð á útlendum skipum, enda er það minnkun fyrir landið, að slíkur maður ekki sje til. Nú sem stendur er að eins einn maður, sem gefur sig að því, en sem þó ekki hefur það fyrir aðalatvinnu. Einmitt þessi maður, sem nú fæst við þessar smíðar, tók í sumar að sjer frakkneskt skip, mikið laskað, til aðgjörðar. Bæði foringinn á

hinu frakkneska herskipi og maður, sem sendur var hingað frá skipaábyrgðarfjelagi á Frakklandi, voru mjög ánægðir með viðgerðina og ljetu í ljósi, að þeir mundu leita hans í hvert skipti, er þeir þyrftu á slíkri aðgerð að halda. Þessi maður hefur mælt með því, að Otti Guðmundsson fengi styrk til að dvelja 1 ár í Danmörku til að fullkomna sig í skipasmíðum á „Værft" þar niðri, og hann efast ekki um, að Otti hefði þá lært svo mikið, að hann gæti tekið að sjer allar þær aðgjörðir, sem koma fyrir hjer, bæði á innlendum og útlendum þilskipum. Jeg álít þess vegna rjett, að h. þingd. veiti samþykki sitt til þess, að honum verði veitt þessi upphæð í eitt skipti fyrir öll. Jeg álít miklu meiri þörf á góðum skipasmið, en málara og myndasmiðum, sem þó hefur verið veittur styrkur. Jeg álít ekki þörf á að fara mörgum orðum um breyt. nefndarinnar og einstakra h. þingd.m., þar sem h. framsögum. (Þ. J.) hefur tekið þær svo greinilega til íhugunar; yfir höfuð get jeg mjög vel fellt mig við breyt.till. nefndarinnar. Það er að eins ein breyt.till., sem jeg óska, að ekki nái fram að ganga, nfl. 4. breyt.till. (við 10. gr. C 7 d 5) um að fella burt 1500 kr. til að byggja íbúðarhús handa vitamanni á Skagatá; þessi breyt. óska jeg að verði ekki samþykkt. Framsögum. (Þ. J.) gat þess, að það hefði ekki verið í hinu upprunalega frv. af því, að þessi fjárveiting hafi ekki verið álitin nauðsynleg. En þess verður hjer að gæta, að þegar stjórnarfrv. var samið, var ekki búið að skoða og athuga allan útbúnað og kostnað til vitanna, eins og nú hefur verið gjört. Það var ráðgjört, að vitamaðurinn á Skagatá gæti notað lítinn klefa, sem er við vitann, og er nægilegur að eins fyrir eitt rúm. En nú hefur þessi viti verið gjörður að leipturvita (Lynfyr), sem er mjög viðkvæmur og vandfarið með, þarf lítið til að skemmast, hvað lítið sem út af ber með ljós-prismin, t. d. ef klúturinn, sem þurkað er með, er ekki vel hreinn, en rispar glerin. Þess vegna er á þessum stað sjerstaklega nauðsynlegt, að hafa mann, sem kann að fást við vita. Nú hefur maður verið skipaður við vitann, sem hefur verið 5—6 ár aðstoðarmaður við vitann á Reykjanesi, og sem að dómi umsjónarmannanna dönsku er vel hæfur til þessa starfa. En nú hefur maðurinn þann galla, að vera giptur, og getur því ekki komizt af með þennan klefa, sem ætlaður var vitamanninum. Nú er engin von um, að geta haldið þessum manni, nema hann fái íbúðarhús, en ekki verður ætlazt til, að hann byggi sjálfur, þar sem laun hans eru að eins 400 kr. Reyndar mætti segja, að hann gæti leigt á 2 næstu bæjum, Lambastöðum eða Hofi, en bæði liggja þessir bæir of langt frá vitanum til þess að hann geti búið þar, sjerstaklega í illviðrum á vetrardag, og svo er ofætlun fyrir hann, að leggja mikið til húsaleigu. 1500 kr. er að vísu lítil upphæð til að byggja fyrir, en eptir því sem nú er farið að byggja smá timburhús með pappa og járnklæðningu, þá hygg jeg að megi byggja sómasamlegt hús fyrir þetta fje, einkanlega ef vitamanninum sjálfum væri falið að byggja húsið og fengnar þessar 1500 kr. til umráða því hann mundi geta byggt það ódýrara, en hið opinbera sjálft.

Jeg mæli því með því, að þessi fjárveiting sje látin standa, þar sem það er mín sannfæring, að mjög nauðsynlegt sje, að koma þessu húsi upp. Nd. var þessum lið meðmælt.

Jeg skal að eins gjöra litla athugasemd viðvíkjandi 12. gr. B 2, styrk til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur, sem nefndin lagði til að yrði felldur burt Eptir því sem jeg skildi flutningsm. í Nd. er þetta fje ætlað til aðstoðar við sýsluvegabætur, sem ekki er hægt að borga af því fje, sem nefnt er undir 3. og 4. lið, því fje, sem

veitt er til flutningabrauta og þjóðvega. Þetta byggist á því, að verkfræðingur landsins hafi ekki tíma til slíkrar hjálpar, en nægir menn sjeu, sem hafa verið við vegavinnu og sem landsstjórnin gæti sent til hjálpar, ef fje væri fyrir hendi.

Jón Jónsson: H. frams.m. (Þ. J.) hefur talað svo ýtarlega um breyt till. nefndarinnar, að þar er ekki miklu við að bæta.

Þó leiddi hann hjá sjer, að tala um 45. breyt.till. nefnd., af því að annar nefndarmaður mundi minnast ýtarlega á hana Þetta mun hafa verið meint til mín.

Töluliður þessi er breyting á skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir lánveitingu til jarðabóta. Vjer, sem fylgjum þessari breyt., byggjum hana á því, að hægra sje fyrir hvern einstakan mann, að semja við sveitarstjórnina, heldur en við landssjóð, og að hver góð sveitarstjórn vilji styðja menn í sveitinni til að fá lán til jarðabóta með góðum kjörum. Eins og kunnugt er, eru margar jarðir veðsettar bankanum með 1. veðrjetti, en jeg hygg, að sveitastjórnirnar, sem þekkja svo vel bæði mennina og jarðirnar í sveitinni, mundu taka lán til að lána mönnum gegn 2. veðrjetti, máske líka gegn sjálfskuldarábyrgð og ýmsum tryggingum, sem landssjóður getur ekki og má ekki taka gildar. Jeg vona því, að mönnum skiljist, að þessi breyt. á lánsskilyrðunum stuðli til þess, að sem flestir geti orðið lánsins aðnjótandi, án þess að landssjóður missi hina nauðsynlegu tryggingu. Þessi breyt. átti að koma fram í Nd., en þegar ekki varð úr því, var jeg beðinn að bera hana fram og var mjer það ljúft verk, af því að hún kemur saman við mína skoðun á þessu atriði. Jeg skal geta þess, að einn þm. í Nd. hefur sagt mjer, og leyft mjer að segja það hjer, að þessi lánveiting yrði alls ekki samþykkt í Nd. aptur, nema svona löguð skilyrði verði fyrir henni.

Jeg hefði helzt kosið, að öll upphæðin, sem veitt er til eflingar búnaði, hefði verið veitt sem lán. En jeg vil ekki koma fram með þá till. nú, vegna þess, að það er nú í undirbúningi, að búnaðarfjelag komist á fyrir allt landið, og má þá ef til vill búast við þeirri mikilvægu breytingu, að því búnaðarfjelagi yrði veittur allur búnaðarstyrkurinn til umráða.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. mínar og h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) á þingskj. 446. Jeg hef heyrt, að sumum þyki þessar breyt.till. nokkuð stórskornar. Jeg ætla fyrst að minnast á 1. breyt.till. um 75,000 kr. til brúargjörðar á Lagarfljóti.

Sú skoðun hefur komið fram á þingi að undanförnu, að rjett sje að brúa eina stórá á hverju fjárhagstímabili. Jeg hygg, að ekki sjeu skiptar skoðanir um, að Lagarfljót eigi að vera sú næsta stórá, sem brúuð sje. Frv. um þetta var einnig borið upp í Nd., en fjell vegna þess, að menn vildu í stað þess að brúa nokkra stórá á þessu fjárhagstímabili fá hingað norskan vegfræðing, sem rannsakaði brúarstæði á mörgum ám, sem hugsað væri til að brúa, og landssjóður legði svo fram fje til að brúa þær ár allar í einu. En svo fjell sú tillaga og getur hún því ekki framar færzt sem ástæða gegn þessari fjárveitingu. Svo voru ýmsar aðrar ástæður færðar gegn frv., t. d. illur undirbúningur, vafasamt, hvar brúin ætti að vera, ókannaður væri botninn í Fljótinu, óvíst, hvort hægt væri að reisa stöpla o. fl. Jeg hef hjer ekki hjá mjer lýsingu Sigurðar Thoroddsen, en jeg hef lesið hana lauslega og man, að hann telur nokkurn veginn víst, að botninn sje nógu tryggur, þótt hann hafi ekki kannað hann. Jeg sje ekki neitt því til fyrirstöðu, að landsstjórnin að sumri láti kanna botninn og fleira þar að lútandi.

Þá höfðu menn sem ástæðu gegn frv., að vafasamt væri, hvar brúin ætti að vera, hvort heldur í Hróarstungu hjá Litla-Steinsvaði, eða á Einhleypingi. Sigurður Thoroddsen áleit gott brúarstæði á Steinsvaði,

en þar þyrfti járnbrú. En jeg hygg, að engum, sem þekkir til í Fljótsdalshjeraðinu, blandist hugur um, að það væri óheppilegt brúarstæði. Við þingmenn N.-Múlas. höfum báðir haldið því fram, að brúin ætti að vera á Einhleypingi, en ekki á Litla-Steinsvaði. Og jeg vona, að h. þingd. sje óhætt að taka tillit til orða okkar um þetta, því við höfum báðir eigingirninnar hvöt til að mæla með, að brúin sje á Litla-Steinsvaði, bæði fyrir okkur persónulega og okkar sveitarfjelög, og auk þess fengjum við þá nýjan veg yfir Tunguna, frá Jökulsárbrúnni, sem landssjóður yrði að kosta og ekki einungis yfir Tunguna, heldar líka yfir Eyðaþinghána og yfir Vestdalsheiði til Seyðisfjarðar. Það hagar svo til í Hjeraðinu, að ef brúin kemst á Steinsvað, hafa að eins 3 hreppar gagn af henni, en ef hún yrði á Einhleypingi, hefðu allir hrepparnir á Hjeraðinu gagn af henni nema 2 og þó getur annar þeirra haft nokkurt gagn af henni.

Það er svo margt, sem mælir með að Lagarfljót sje brúað, að það mætti tala um það langan tíma. Menn hafa opt orðið að liggja við fljótið með stóra fjárhópa, sem áttu að fara til útlanda, og hefur það eigi verið lítill bagi, þegar skip hefur beðið eptir rekstrinum og verið tregt á að bíða; það er sannkallað „Dyrplageri“ að leggja hesta í fljótið, ekki sízt á haustin, þegar farið er að frjósa og jafnvel um hásumarið eru þess mörg dæmi, að hestar hafa dáið á sundi í fljótinu, og því skil jeg ekki, hvernig menn, sem hlynntir eru dýraverndun geta verið á móti brú á Lagarfljóti. Á síðastliðnu hausti varð jeg að bíða 2 daga við fljótið einmitt hjá Einhleypingi og komst á 3. degi yfir með því að láta hestana brjóta krapann á eyrunum við fljótið á miðjar síður í versta illviðri og með lífshættu fyrir ýmsa, sem í förinni voru.

Jeg held því, að engum, sem þekkir til, geti blandazt hugur um, að nauðsyn sje að brúa Lagarfljót.

Samþingsmaður minn hefur spurt hæstv. landsh., hvort nokkuð geti verið því til fyrirstöðu, að setja þessa fjárveitveitingu í fjárlögin, og kvað hann ekkert því til fyrirstöðu.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þennan lið í trausti til þess, að h. deild samþ. hann.

2. liðurinn í br.till. okkar fer fram á, að 9000 kr. lán sje veitt úr viðlagasjóði til að kaupa gufubát til flutninga á Lagarfljótsós. Jeg vona, að deildin taki ekki þetta lán eitt út úr hinum lánunum, þar sem það er til nytsamlegs fyrirtækis. Fyrir nokkrum árum veitti þingið 5000 kr. til gufubátsferða upp í Lagarfljótsós. Otto Wathne tók að sjer ferðirnar og sýndi, að það væri vel hægt að komast upp í ósinn með þessum hætti. En O.W. smeygði sjer út úr því, að halda ferðunum áfram og hætti flutningunum, svo að sýslubúar hafa sjeð, að einasti vegurinn til, að þessum flutningum verði haldið áfram, sje, að þeir sjálfir kaupi bát, og þar sem farið er fram á lán, en ekki styrk, til þessa fyrirtækis, vona jeg að allir sjeu því meðmæltir.

Mönnum mun flestum ljóst, hvílíkum erfiðleikum það er bundið fyrir menn ofan úr Fljótsdalshjeraði að sækja vörur sínar til Seyðisfjarðar eða Vopnafjarðar. Sem dæmi þess, hve erfiðir allir flutningar eru, má nefna, að flutningur á timbri er dýrari en timbrið sjálft, og eru húsabætur því mjög erfiðar, ef samgöngur batna ekki í Fljótsdalshjeraði, því það er dýrara að flytja timbrið, en að kaupa það; það má líka nefna flutninga á kolum. Það hagar svo til á Hjeraðinu, að víða er ekki hægt að fá svörð, kol eru því bráðnauðsynleg, til þess að ekki þurfi að brenna sauðataðinu og á þann hátt eyðileggja einhvern hinn bezta áburð. Jeg skal enn geta þess, sem dæmi, hve erfið-

ar og snjóþungar eru heiðarnar á Austurlandi, sem við hjeraðsbúar þurfum að flytja yfir, að daginn áður, en jeg fór til þings í vor 17. júní, þá fjekk jeg svo vonda ófærð á Hellisheiði, að jeg þurfti annan mann til að koma yfir hana þremur hestum lausum.

Þar sem engin mótmæli hafa komið gegn þessari fjárveitingu, finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um hana, en verði mjer bent á breytingar, sem gjöra þurfi á lánsskilyrðunum, mun jeg taka þær fúslega til greina.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg á nokkrar br.till. við fjárlagafrv., sem menn munu ætlast til, að jeg skýri að nokkru og færi vörn fyrir.

Jeg skal þá fyrst minnast á breyt. minar, og því næst líta á aðrar greinir fjárlaganna í sambandi við aðrar breyttill.

Framsögum. minntist vingjarnlega á 5 fyrstu br.till. minar, sem orðabreyt. og þarf jeg því ekki að vera fjölorður um þær.

1., 2. og 3. br.till. eru að eins orðabreyting, og kannaðist framsögum. við, að þær væru til bóta.

4. br.till. er samkyns, en fer lengra. Mjer þótti ekki viðfeldið, eins og stóð í frv., að styrkur væri veittur til stöðugra gufuskipaferða „milli landa“ og kringum landið, því þetta er svo óákveðið, þar sem fjelag það, sem samið er við á skip í förum milli allra landa Norðurálfunnar og víðar. Mjer virðist því eiga betur við að segja: „milli Íslands á eina hlið og Danmerkur og Stóra Bretlands á hina, og umhverfis Ísland“, því sú breyt. tekur af allan vafa.

5. br.till. er nokkuð meira en orðabreyting. Í frv. stendur, að ferðir milli landa sjeu 16—18 hvert ár, og með því er sagt, að þær skuli ekki vera fleiri en 18. Mjer finnst fara betur á, að bætt sje inn í „eigi færri en“, svo gefið sje til kynna, að við sláum ekki hendi við eða sjeum mótfallnir fleiri ferðum ef þess væri kostur, eins og gufuskipafjelagið mun jafnvel hafa gefið ádrátt um, eptir að samningar voru gjörðir, og beinlínis bauð í áætlun sinni, þar sem gjört var ráð fyrir 19 millilandaferðum.

6. br till. er veruleg efnisbreyting. H. framsögum. fór ekki mjúkum orðum um hana og kvaðst ekki tilleiðanlegur til að taka hana til greina að svo stöddu; en hann gat þess þó um leið, að hann mundi ekki taka svo mjög hart á henni og mundi jafnvel ekki horfa í að greiða atkv. með henni, ef hann heyrði rökstudd meðmæli með henni.

Br.till. þessi fer fram á, að veitt verði bráðabirgðaruppbót á Meðallandsþingum 200 kr. hvort árið.

Eins og kunnugt er, þá er þetta eitt af hinum minnstu prestaköllum landsins; það er sem sje metið 720 kr.; en það brauðamat, sem það er metið eptir, er 19 ára gamalt, en í raun og veru er það yfir 20 ára gamalt, ef tekin er til greina sú lýsing á brauðinu, sem fyrst var lögð til grundvallar fyrir þessu mati. En eins og kunnugt er, hefur bæði hjeraðið, sem brauð þetta liggur í og brauðið sjálft orðið fyrir stórkostlegum afföllum af sandroki og sandfoki á hinum síðari árum.

Jeg veit eigi með vissu, hversu langt er síðan þessi spell af náttúrunnar völdum byrjuðu að gjöra vart við sig, en jeg hygg, að það muni vera ein 8, 10 eða 12 ár síðan; þessi spell hafa sv0 haldið áfram á hverju ári og einmitt nú í ár hafa þessar skemmdir farið stórkostlega í vöxt. Mjer er kunnugt um, að frá hjeraðsfundum þar hafa komið fram kvartanir yfir því, hversu rýrt brauð þetta sje og að brýn nauðsyn beri til að bæta það upp. Nú er það metið alls og alls 790 kr. og vona jeg, að allir geti sjeð, hversu fjarskalítil upphæð þetta er til að lifa af fyrir mann, sem ekki getur aukið tekjur sínar á annan hátt. Ef hann gæti haft góðan búskap, þá gæti hann bætt nokkuð úr þessum rýru tekjum með því móti, en nú

getur ekki verið um það að ræða, því að sandfokið hefur sjerstaklega lagzt á bújörð prestsins, svo að túnið er hjer um bil í eyði, og engjarnar eru þar að auki svo stórskemmdar af sandfoki, að varla má heita að nokkurt teljandi engjastykki sje eptir, er nýtilegt sje. Jeg vona þess vegna, að enginn h. þingdm. geti sagt, að presturinn geti aukið tekjur sínar með búskap, þar sem grasræktin er engin og tún og engjar nálega gjöreytt. Jeg þori þess vegna að fullyrða, að þetta prestakall hefur mætt svo þungum búsifjum af völdum náttúrunnar, að það er hin mesta þörf og nauðsyn á að veita því nokkra uppbót. Hjer við bætist einnig, að það er ekki einungis prestssetrið sjálft, heldur eiunig allt hjeraðið, sem beðið hefur stórtjón af þessu sandfoki. Þar af hefur leitt, að búendunum hefur fækkað og lambsfóðrunum líka, en þeir búendur, sem eptir eru orðnir fátækari og síður færir um að standa í skilum með gjöld sín. Víðast hvar eru tekjurnar goldnar eptir minnstu reikningsupphæð, en þegar allt er fokið í sand, getur maður ímyndað sjer, hversu færir búendurnir muni vera um, að gjalda þau gjöld, sem þeim ber að greiða. Þegar jeg var á ferð í hjeraði því, sem hjer er um að ræða, fyrir 3 árum síðan, var mjer sýnt, hversu hátt sandskaflarnir hefðu náð á húsunum og jeg verð að segja, að mjer ofbauð að sjá það.

Í tíð næst-síðasta prestsins voru sandfláka rnir svo háir, að það varð að ryðja frá húsunum, til þess að geta sjeð út; og síðast þegar jeg var þar á ferðinni, furðaði jeg mig á, að sandsýkin lágu alveg heim að bæ, svo að þar verður aldrei tún aptur; og nú í síðustu skýrslum hefur mjer verið skýrt frá, að meiri partur þess hafi horfið í hinum síðasta áfelli. Heyskapnum þar er svo varið, að presturinn hefur áður leigt dálitla engjaspildu annarstaðar, en nú er það engjastykki líka komið í sand, svo að eigandinn getur því síður misst nokkuð af þeim slægjum, sem hann á eptir. Yfir höfuð er ekki annað fyrirsjáanlegt, eptir því sem fram hefur komið, en að hjerað þetta leggist alveg í auðn; en meðan það þó er nokkurnveginn byggilegt, þurfa íbúar þess nauðsynlega að hafa sinn prest, og það er ósk þeirra og von, að landsstjórnin hlutist til um, að honum geti verið mögulegt að haldast þar við. Ef þeir ættu að sækja prest eitthvað annað, þá er Prestsbakki næsta prestssetrið, en þangað er full þingmannaleið, eða þá þeir þyrftu að fara vestur yfir Kúðafljót, en það er ekki árennilegt H. 6. kgk. þm. veit, að það er ekki hægt að vera án prests.

Það kom fram í málinu um að afhenda landssjóðskirkjurnar, að sýslumaður nokkur taldi einn af kostunum við að afhenda Langholtskirkju, að þar sem byggðin eyðilegðist, húsin færu í uaðn og fáir bæir eptir, þá væri ekki annað fyrir að sjá en að kirkjan legðist í eyði; en ef þetta hefur verið ástæða fyrir landssjóð til að afhenda þessa kirkju, þá er því fremur ástæða til að styrkja þennan prest til þess að fá þessa litlu 200 kr. viðbót, svo að hann sjái sjer fært að haldast við í þessu prestakalli. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að sá prestur, sem hjer er um að ræða, er ungur, ötull og duglegur maður, en hann er giptur og hefur ómegð og hefur sagt, að sjer væri nauðugur einn kostur, að komast burtu frá brauðinu, ef hann ekki fengi dálítinn styrk. En vjer vitum, hversu hægt það er eptir hinum núgildandi kosningarlögum en ekki verður það hægra, ef það frv. verður samþykkt, sem nú er fyrir þinginu, því að þá verður alveg ómögulegt fyrir veitingarvaldið að ráða nokkru um veitinguna.

Jeg vona nú, að h. þingdeild verði styðjandi að því, að þessi breyt.till. kom-

ist að, og jeg sem óvilhallur maður verð að biðja hana að líta mildum augum á þessa litlu fjárupphæð.

7. br.till. er að eins lögunarbreyting, því að mjer þótti betra, að bústaður viðkomandi prests væri tekinn fram.

Við 8. br.till. hefur læðst inn prentvilla, það stendur A, en það átti að standa A, b. Þessi br.till. fer fram á, að hækka styrkinn til viðkomandi prests úr 500 kr. upp í 750 kr. til að byggja upp staðinn. Að vísu veit jeg, að h. þ.d. er kunnugt um þetta, en h. framsögum. tók fram, að nefndinni hefði fundizt rjettara, að landstjórnin hjálpaði þessum presti með hagfelldu láni, svo að hann gæti komizt af með 500 kr. styrk. Jeg get gefið skýrslu um, hvernig hjer er ástatt. Bærinn á Helgastöðum brann í fyrra til kaldra kola og sömuleiðis meiri parturinn af hinum litlu efnum prestsins, sem nýlega var kominn þangað. Svo eru þar að auki ýms atvik, sem bæta ofan á þetta. Presturinn var ekki búinn að fá brauðið, en hafði gengið að því vísu, að úttektin haustið á undan mundi gilda eins og sú í næstu fardögum. Af þessu leiddi, að allur skaðinn lenti á honum. Prestur sá, sem var þar og hafði fengið Grímsey, þurfti að fara strax þangað; þess vegna þurfti einhver að þjóna brauðinu til næstu fardaga. Nú tekur hinn tilkomandi prestur að sjer að þjóna brauðinu og að taka við úttekt þeirri, sem síðast hafði verið gjörð, en svo brennur bærinn. Hitt raunalega atriðið í þessari harmasögu var það, að þegar bærinn brann, þá var presturinn ekki heima, en á góunni, þegar hann kemur heim, kemur hann að húsunum alveg í kaldakolum. Hann var fátækur frumbýlingur og missti ekki að eins allt sem hann átti, heldur líka það, sem hann ekki átti. Hið opinbera ætti þess vegna að álíta það helga skyldu sína að bæta honum upp þetta tap. Í fyrra sumar hlaut hann því að byggja upp staðinn, hann vildi byggja timburhús, og sótti til landssjóðs um 3000 kr. lán; áætlunin sýndi að, hann ekki gat byggt viðunanlegt hús fyrir 3000 kr., heldur mundi þurfa töluvert meiri upphæð til þess. Þegar nú þetta brauð ekki er metið nema 912 kr. þá getur engum heilvita manni blandazt hugur um, að það er óðs manns æði að taka 3000 kr. lán upp á það og afborga það á 28 árum. Rentubyrðin er yfir 100 kr.; af þeim 912 kr., sem brauðið er metið, á þá presturinn að leggja út yfir 200 kr. á ári, og þetta á að ganga framundir 30 ár; þar sem hann nú er ungur maður, eru því öll líkindi til. að hann verði að borga þetta allt. Stiptsyfirvöldin hlutu því að draga nokkuð af þessari 3000 kr. upphæð, og gátu ekki mælt með að hann fengi meira en 2500 kr., hjer voru engir aðrir vegir færir. Ef þessi beiðni hefði komið til stiptsyfirvaldanna nú í vor, þá hefðu þau vísað til þingsins um styrk, og ráðið prestinum til að taka lán í viðbót. En nú stóð svo á, að það var ekki þingár, þegar hann sótti um lánið, en hann varð að byggja upp staðinn, og þess vegna sneri hann sjer til stiptsyfirvaldanna og þau lögðu þá til, að hann tæki 2500 kr. lán úr landssjóði með vildustu kjörum; en samt sem áður álitu þau þetta lán allt of hátt. Landshöfðingi veitti leyfi til, að hann fengi þetta lán, en ekki úr viðlagasjóði. Svo stóð nfl. á, að búizt var við stór-miklum útgjöldum á fjárlögunum, en sem ekki komu til framkvæmda. Það var gjört ráð fyrir láni til hafnarbryggju, til útgerðar „Vestu“ o. s. frv. og þess vegna áleit landshöfðingi sjer ekki fært að veita þetta lán úr viðlagasjóði. Þá sneri þessi prestur sjer til allra um hjálp. Hjer er engin lánsstofnun nema bankinn, og neyddist hann þess vegna til að sæta þeim erfiðu kjörum að taka lánið upp á 28 ára afborgun með $^1/_{10}$ auk vaxta; þetta var sama sem beint afsvar en þó kjörin væru svo hörð, þá neyddist hann samt til að ganga að þeim. Þar

að auki voru viðarkaupin svo þungbær, að hann varð að láta draga sumt frá Akureyri og sumt frá 2 öðrum stöðum. Þannig varð allt á erfiðasta hátt fyrir hann. Helminginn af fjenu fær hann fyrirfram, en helminginn á eptir, upp í von um að einhver hjálp mundi vekjast upp. Hann sendi þá á ný beiðni til stiptsyfirvaldanna um að fá lánið hækkað, þau neituðu honum um það, en ráðlögðu honum að skrifa bænarskjal til þingsins um 1000 kr., svo að lánið gæti orðið 2000 kr. Stiptsyfirvöldin álitu ekki, að þingið mundi verða svo harðbrjósta, að neita þessari beiðni.

Af því, sem jeg nú hef tekið fram, vona jeg, að h. þ.d. sje það ljóst, að þessi prestur er hjálparverðari en margir aðrir, sem ekki þurfa annað en rjetta út hendina til þess að þingið snari í þá 1200 kr.. Hjer er um mann að ræða, sem ekki biður um neitt handa sjálfum sjer, en biður um styrk til þess, að verja honum til að bæta prestakallið, opinbera eign, og til þess að gjöra staðinn betri en áður. Húsið er metið á 4000 kr., og presturinn hefur lagt fram töluverða upphæð frá sjálfum sjer, til að gjöra það byggilegt, reisulegt og aðgengilegt. Hjer er því hin mesta sanngirnisástæða fyrir þingið, til að veita honum þessar 1000 kr. Þó hef jeg ekki þorað að fara fram á svo mikið, en farið bil beggja til samkomulags og stungið upp á 750 kr. Jeg vil taka það fram aptur, að þegar um slíkt voðatilfelli sem eldsvoða er að ræða, þá álít jeg, ef það kemur fyrir á prestssetri, að hið opinbera eigi ekki að skorast undan að veita styrk til þess að bæta skaðann. Það má auðvitað segja, að prestakallið eigi að borga það, en NB, ef það getur, en ef það ekki er fært um það, þá er það skylda landssjóðs að hlaupa undir bagga, því að eptir því, sem stendur í stjórnarskránni, er hið opinbera skylt til að styðja og vernda þjóðkirkju þessa lands.

Þá kem jeg að 9. tölulið í breyt.till. mínum við 13. gr. B. III, c. 13. um að styrkurinn til utanfarar leikfimiskennarans verði hækkaður úr 500 kr. í 700 kr. Við lið þennan er prentvilla í frv., því þar vantar „í“ á undan „Danmörku“. Eins og menn muna, þá var fjárveiting þessi upphaflega ætluð 1000 kr. í stjórnarfrv., en h. Nd. færði hana niður í 500 kr., en það er sama sem að gjöra þessa fjárveitingu ómögulega. — Jeg heyrði, að það var sagt í h. Nd. og sömuleiðis af h. framsögum. (Þ. J.) hjer í deildinni, að meiningin væri, að leikfimiskennarinn ætti að leggja fram nokkuð fje frá sjálfum sjer til fararinnar. En að segja slíkt við fátækan mann, sem ekki hefur einu sinni 1000 kr. árlega frá því opinbera, er ekki eins fyndið svar og menn kunna að ímynda sjer, þegar betur er að gætt. — Maður sá, sem hjer er um að ræða, er fátækur og getur ekki látið konu og börn lifa á engu, meðan hann er að heiman. Þar að auki hefur hann skrifstofustörf á hendi og verður annaðhvort að sleppa þeim eða kaupa mann í sinn stað, meðan hann er að heiman og þá verða svo 200 kr. eptir af fjárveitingunni og fyrir þetta á hann að kosta ferðina og dvöl sína í Danmörku um 3 mánuði. Jeg hefði því kunnað betur við, að fjárlaganefndin hefði strykað þessa upphæð út, en vilja veita hana af svona skornum skammti.

Þá kem jeg að 10. og 11. breyt.till. minni um stýrimannaskólann. H. framsögum. (Þ. J.) kvaðst ekki geta gengið að tillögum mínum, þar sem jeg hef fært launaupphæðina til hans í sama horf og stóð í frv. stjórnarinnar, og það er sannfæring mín, að þetta sje gjört af fullri nauðsyn, þegar þess er gætt, að ekki er nema einn kennari við skólann, en nemendum fjölgar við hann ár frá ári. Í þau

7 ár, sem hann hefur staðið, hafa nemendurnir verið: 13, 15, 18, 21, 27, 32; þetta kalla jeg stórkostlega fjölgun. Nú í ár eru umsækjendurnir að skólanum orðnir 40, svo að nemendurnir hafa þrefaldast á þessu tímabili, og þeim hlýtur stöðugt að fjölga. Og þegar skóli þessi á að standa eða falla með einum föstum kennara, forstöðumanninum, þá mun engum blandast hugur um, að þetta er hæpið fyrirkomulag, ef hann skyldi verða veikur og þó ekki væri nema svo sem 3 daga, að jeg ekki tali um, ef hann dæi, því þá verður skólinn að leggjast niður. Er þetta forsvaranlegt, má jeg spyrja? H. framsögum. (Þ. J.) sagði, að hægt væri að fá hæfa menn til tímakennslu og játa jeg það satt vera; en er þar fyrir víst, að þessir tímakennarar sjeu færir um að stjórna skólanum í forföllum skólastjóra. Vjer höfum nú ágætan mann, sem stendur fyrir skólanum, sem hlotið hefur lof prófdómendanna, liðsforingjanna af herskipinu, en ef hann fellur frá, þá verðum vjer að trúa tímakennurum fyrir að hafa stjórn og umsjón skólans á hendi. Það er auðsjeð, að menn gjöra ekki mikið úr því, að vera skólastjóri. Hjer er aðgætandi, að um skóla er að ræða, sem er í slíkum uppgangi, að hann sprengir húsið utan af sjer, svo að 2 síðustu veturna hefur þar verið kennt frá því kl. 8 á morgnana þar til kl. 8 á kvöldin, eða í tveim deildum fyrri hluta og síðari hluta dags. Þetta veldur auðvitað miklum erfiðleikum fyrir skólastjóra. Það er að vísu satt, að þar á að fara að byggja skólahús, en það verður ekki gjört fyr en á næsta ári, en þá verður þar ekki ein skólastofa, heldur fjórar, sem verða sundurlausar og án alls sambands, ef skólastjórinn fjelli frá. Þetta álít jeg ekki forsvaranlegt, þó landssjóður spari við það einar 500 kr., að neita fyrir jafnlitla upphæð, að taka annan kennara, sem gæti kennt hinar vandasamari námsgreinar og stjórnað skólanum í forföllum forstöðumannsins. Aðgætandi er einnig, að þó hægt sje að fá góða tímakennara í dönsku, ensku, íslenzku og sjórjetti, þá verður ekki sagt hið sama um aðalnámsgreinina, stýrimannafræðina, því þar er ekki völ á mörgum kennurum, því þó nokkrir hafi tekið próf í henni erlendis, þá er ekki víst að þeir sjeu viðlátnir; og þeir, sem tekið hafa próf enn þá hjer á landi, eru flestir enn þá unglingar, 16 til 20 ára, og þótt þeir hafi sumir haft góða námshæfilegleika og hafi hlotið góðar einkunnir, er ekki sagt, að þeir sjeu góðum kennarahæfileikum gæddir. Og þar sem nemendurnir eru á mjög misjöfnu reki og með misjöfnum hæfileikum og kennt er í 3 stofum í einu 5—6 stundir á dag, þá er ekki ofsögum sagt, að kennarinn þurfi að hafa auga á hverjum fingri, ef vel á að fara. Slíkt verður ekki heimtað af ungum og óreyndum manni. En ef 2 kennarar yrðu skipaðir við skólann, mundi eptirlit verða miklu hægara. Skólastjóri hefur auga á 2 mönnum sjerstaklega til að taka að sjer kennarastörf, en hvorugur þeirra mundi vilja binda sig við skólann, nema hann ætti von á, að það yrði að fastri stöðu, því þótt hin fyrirhuguðu laun 2. kennara sjeu lág, að eins 1000 kr., þá er aðgætandi, að hann er ekki bundinn við skólann nema helming ársins og gæti unnið sjer töluvert inn hinn helming ársins, eða aðalútgjörðartímann. Jeg sje því ekki ástæðu til að láta þessar 500 kr. vera þess valdandi, að skólinn lenti í molum. Nú sem stendur er ekki kennt nema í einni kennslustofu, en að ári verður kennt í 3 eða 4, og er það lítið vit, að láta mestalla þá kennslu fara fram af tímakennurunum, enda á slíkt sjer alls ekki stað við opinbera skóla, sem kostaðir eru eingöngu af landstjórninni, heldur að eins smærri skóla, svo sem barnaskóla og kvennaskóla. Það er líka athugandi, að það er ekki öllum tímakennurum trúandi

fyrir húsi, kennslu-áhöldum og umsjón, sem fá eina 90 aura um tímann.

Þessar 3 breyt.till. er mjer reglulegt áhugamál um, en hvað 12. breyt.till. snertir, þá fer hún ekki fram á neina efnisbreytingu, heldur að eins að sameina skylda liði og til að koma þeim í eðlilega röð.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á nokkrar aðrar breyt.till. Er þá fyrst í 10. gr. fjárlaganna B. 3. b. í neðstu línu við hegningarhúsið: „arður af verkum talinn" 615 kr. Vildi jeg vekja athygli h. nefndar á því, hvort ekki mundi rjettara, að bæta þar inn í orðunum „er" eða „skal" talinn.

Jafnframt vil jeg vekja athygli á því, að smá prentvillur eru í frv. á sumum stöðum og töludálkarnir standa sumstaðar skakkt út undan greinum þeim eða liðum, er þeir eiga við.

Jeg leyfi mjer að biðja h. nefnd, að falla frá 4. breyt.till. sinni um, að fella burt 1500 kr. til húsbyggingar við vitann á Skagatá, því jeg álít, að hæstv. landsh. hafi fært gildar ástæður fyrir því, að sú fjárveiting megi ekki missa sig.

Hvað 5. breyt.till. nefndarinnar snertir við 10. gr. C. 9. um, að fella burtu styrkinn til að koma upp skipakví, þá viðurkenni jeg, að mál þetta er ekki svo undirbúið sem skyldi, og yrði fje þetta veitt, þyrfti að laga orðfæri þessa töluliðs, því það sjest ekki, hvort landshöfðingi á að semja reglur fyrir notkun skipakvíarinnar eða fjárins, sem til hennar er veitt.

Við skilyrðið við 11. gr. 6. um fje til utanfarar læknum, er skammstafað orðið „tillögum", en jeg kann ekki við, að hafa skammstafanir í lögum og vildi hafa slíkt ritað fullum stöfum.

H. framsögum. (Þ. J.) virðist hafa fært gildar ástæður fyrir 7. br.till. nefndarinnar um 3000 kr. fjárveiting til spítalabyggingar á Patreksfirði og að sú fjárveiting sje nauðsynleg.

Þá er fjöldi af tillögum, er jeg vil hlaupa yfir.

Viðvíkjandi 12. gr. C. III. um gufubátaferðir í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, vildi jeg spyrja h. nefnd, hvort hún hafi aðgætt, að þegar gjört er ráð fyrir, að tillög sýslufjelaganna hverfi, hvort þá eigi við, að setja orðin „allt að" við landssjóðsstyrkinn, því mjer finnst þau að eins miðast við það, þegar ætlað er, að sýslufjelög leggi til vissa fjárupphæð móti landssjóðsstyrknum. Annars álít jeg heppilegt, að sleppa því, að sýslufjelög greiði til þess konar ferða sökum örðugleika, sem eru á því, að koma samningum á milli svo margra málsaðila, og gæti jeg trúað, að útgjörðarmenn gufubáta gætu eða mundu jafnvel gjöra sig ánægða með minni styrk, sem veittur væri úr landssjóði eingöngu.

Þá kem jeg að næsta tölul. um 1000 kr. fjárveiting á ári til flutningavagnferða austur að Þjórsá. Þessi töluliður er að vísu nýgræðingur, enda hefur hann átt æði örðugt uppdráttar og verið valin vond nöfn og kallaður ófæra, barnaskapur, hjegómi, heimska og þar fram eptir götunum. En þótt h. Nd. hafi valið honum hörð orð, hefur henni þó ekki heppnazt, að koma honum fyrir kattarnef. H. nefnd er á móti þessum lið og finnst hann mega bíða, og getur vel verið, að svo sje. En jeg segi fyrir mig, að það gladdi mig, þegar jeg sá þennan tölulið, því mjer finnst þetta spor í rjetta átt, því þegar búið er að kosta svo miklu til vagnvegar, væri æskilegt, að geta sjeð vagna fara eptir veginum. Það má taka fram, að það er auðgefið, að láta þessa vagnflutninga ljetta undir með póstflutningum, og ef stöðugar flutningaferðir kæmust á, mundu landsmenn komast í skilning um gagnsemi vagnflutninga í samanburði við hestflutninga, og líklegt, að þeir mundu vilja nota þá. Setjum svo, að bóndi í Austur-Árnessýslu þyrfti að senda mann

hingað með 2 hesta um bjargræðistímann, og þá mundi sú ferð kosta hann fleiri tugi króna, en fengi hann vörur þær, er flytja skyldi, með vagnflutningum kostaði flutningurinn ef til vill ekki nema $^1/_{20}$ ferðarinnar. — Þetta er svo auðskilið mál, að það liggur í augum uppi; það vita allir, að það er hægara, að aka byrði á hjólbörum, en bera hana á bakinu, betra að flytja byrði á vagni með 4 hjólum, en að skipta byrðinni á 4 hesta, og þegar er að ræða um að kenna mönnum skynsamlegan sparnað vinnukraptarins með hagfelldara fyrirkomulagi, og þegar er að eins að ræða um einar 1000 kr. á ári, en sem gætu veitt 5—6000 manns ýmsan ljetti í flutningum og kennt þeim að koma á hjá sjer nytsemdarfyrirtæki, þá get jeg ekki sjeð, að slíku fje sje á glæ kastað eða illa varið. — H. framsögum. (Þ. J.) sagði, að nefndinni væri ekki ljóst, hvort landsstjórnin ætlaði að takast þessar ferðir á hendur eða styrkja til þeirra fjelög eða einstaka menn. Að líkindum mundu einstakir menn verða styrktir til að halda þessum ferðum uppi; en það er augljóst, að það er ekki að hugsa til þess, að nokkur einstakur maður ráðist í að kaupa vagn, hesta, fóður og annað, sem útheimtist til slíkra ferða, nema hann eigi vissa von um styrk til fyrirtækisins, þótt hann rjeðist í það, þegar styrk væri að fá. — Mundu slíkar ferðir til mikilla bóta, flutningar verða greiðari, ódýrari og hagfelldari og mikill vinnukraptur sparast, bæði manna og hesta, og flutningabrautirnar þá fara að koma að tilætluðum notum. — Jeg vil því biðja h. þingd. að hugsa sig vel um, og h. framsögum. (Þ. J.) að líta þetta fyrirtæki mildari augum, en hann hefur gjört, því þó það sje satt, að þetta *gæti* beðið, þá er svo margt, sem gæti beðið. Við gætum líka beðið með að byggja stýrimannaskólann og kúldast svo sem 10 ár í sömu kytrunni, og svo er um fjarska margt fleira. En sje eitthvað gott og nauðsynlegt, er ekki rjett, að láta það bíða, heldur að framkvæma það svo fljótt, sem auðið er.

Þá kemur næst 6. br.till. hæstv. landsh. um 350 kr., til að útvega harmóníum í Vestmannaeyjakirkju. Jeg fyrir mitt leyti vil mikillega leggja til, að þessi litla fjárupphæð verði veitt; jeg sje enga ástæðu til, að hafa neitt á móti henni. Mjer virðist Nd. og nefndinni mislítast á þetta mál.

Þótt Vestmannaeyingar hafi þótt stirðir í samningum við stjórnina, þegar um kirkjumálið var að ræða, og þeir hefðu getað sýnt sig liprari og meðfærilegri, þá get jeg samt ekki sjeð, að það sje neitt brot, sem hegningarvert sje.

Hjer er um skyldu að ræða, en ekki um það, hvort Vestmannaeyingar hafi verið góðir og liprir í samningum. Hafi það verið skylda landssjóðs, að styrkja 3 kirkjur í V.-Skaptaf.sýslu, til að fá harmóníum, þá er það einnig skylda hans að styrkja Vestmannaeyjakirkju til þess.

Menn verða einnig að íhuga hina „estetisku“ þýðingu þessa máls. Það er almennt viðurkennt, að sönglistin hafi hætandi áhrif á skaplyndi manna, að hún geti dregið fram úr djúpi sálarinnar blíðar og fagrar tilfinningar. Á nú ekki að leitast við að mýkja skaplyndi Vestmannaeyinga með því, að veita þeim góðan söng? Eigum við nú ekki að launa illt með góðu? Eigum við nú ekki að reyna að safna glóðum elds yfir höfði þeim og framkalla allt hið fagra og góða í djúpi sálar þeirra; þá munu þeir segja við okkur á næsta þingi: Við viljum gjarnan taka kirkjuna að okkur. Jeg hygg, að þessi fjárveiting hafi dýpri þýðingu, en menn halda. Jeg hygg, að þeir muni fúsir á, að taka kirkjuna að sjer með svo sem 4000 kr. uppbót, ef þeir sjá, að landsstjórnin er þeim velviljuð; en ef þeir komast að raun um, að hún vill

koma fram sem slingur kaupmaður gagnvart þeim, þá hygg jeg, að það muni draga úr; en sem sagt, þá er það mín sannfæring, að áhrifin af þessari litlu fjárveitingu muni verða svo góð, að ekki muni verða ástæða fyrir fjárveitingarvaldið til að sjá eptir því.

Þá kem jeg næst að br.till. á þingskj. 444 við 13. gr. B III c. 3 frá h. 5. kgk. þm. (J.A.H.) um að lækka upphæð þá, sem ætluð er í frv. til skólahúss latínuskólans utan og innan, um 1133 kr. nfl. upphæð, sem ætluð er til að breyta svefnloptunum í lestrarherbergi. Jeg vil mikillega biðja h. þm. um að vera ekki harður á þessari br.till. sinni; jeg er viss um, að það fyrirkomulag, sem hjer er gjört ráð fyrir, muni verða bæði hollt og gott fyrir lærisveinana. Það er ekki mikils í misst, þótt hinar núverandi heimavistir verði afteknar; en það er aptur á móti mikið unnið við það, sem sje að útvega piltunum hollari vistarverur og hjálpa fátækum piltum til að fá góðan og rólegan stað til undirbúningslesturs.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, geta þeir ef til vill fengið gott svefnhús niðri í bæ fyrir þá upphæð, sem til þess er ætluð, en ekki til lesturs, og ef þetta fje bætti úr þessari þörf, þá er því ekki illa varið.

Jeg vona því, sem sagt, að h. þm. verði ekki harður á, að fá þessari br.till. sinni framgengt.

Jeg sje, að tíminn hefur liðið fljótar, en mig varði, svo að jeg verð að hlaupa yfir margt, sem jeg gjarnan hefði viljað minnast á; en áður en jeg lýk máli mínu, vildi jeg gjarnan mæla fáein orð með brúargjörðinni á Lagarfljóti. Jeg vona að h. till.menn og h. deild þekki mig svo vel, að þeir kannist við, að jeg ekki vilji spilla fyrir svo góðu fyrirtæki, eins og það er, sem hjer er um að ræða. Jeg segi ekki um þetta fyrirtæki, að það megi gjarnan bíða betri tíma. Ef landsstjórnin vill leggja fram fje til þess, þá álít jeg rjettara, að það sje gjört ári fyr, en ári síðar, og ef ekki verða sýnd nein tormerki á, að undirbúningurinn sje nógur, þá er jeg fullkomlega meðmæltur því, að þetta fyrirtæki sje gjört ári fyr en ári seinna, og að það sje því meiri bót, því fyr sem það er gjört. Svo framarlega sem vjer eigum að gjöra samgöngurnar sem greiðastar, þá hygg jeg, að það sje góð regla, að brúa eina stóra á hverju fjárhagstímabili.

Jeg hef sjálfur komið í það hjerað, sem hjer er um að ræða; það er mjög fagurt hjerað og fljótið er til mikillar prýði, en það er tálmun og breiður þröskuldur fyrir því, að hinar 2 hliðar hjeraðsins nái saman. Verði það nú gjört með góðu móti að tryggja skilyrði þau, er vanta fyrir því, að þetta fyrirtæki nái fram að ganga, þá verður að hafa svo mikinn hraða á, sem frekast er unnt. En jeg hef að eins það við þessa brúargjörð að athuga, að mjer virðist það vera skoðunarmál, hvort trjestólpar í botninum verði nægilega sterkir til að standa á móti ísreki og öðru, sem á þá leggst. Jeg efast mikillega um það. En jeg skal játa, að jeg ber ekki nægilegt skyn á þetta mál, til að geta dæmt um það með vissu; brúfræðingarnir vita betur og hljóta að geta gefið upplýsingar um það. En jeg vil að eins taka það fram enn þá, að ef það er unnt, að brú þessi verði gjörð á þessu fjárhagstímabili, þá álít jeg æskilegt, að það verði gjört ári fyr en seinna. Það verður nóg af ám til að brúa síðar, þótt þessi komist frá.

Þá kemur 2. br.till. á þingskj. 446 og get jeg sagt alveg hið sama um hana, að jeg vil gjarnan styðja hana; það er ekki nema sanngjarnt, því að það er ekki fjárstyrkur, heldur lánsveiting með þægilegum og sanngjörnum kjörum, sem þar er farið fram á; og úr því hjeraðsmenn eru svo trúaðir á þetta fyrirtæki, þá get

jeg ekki sjeð, hvers vegna landssjóður ætti að neita þeim um að lána fje til þess.

Að því er 3. br.till. á sama þingskj. snertir, þá er það að vísu alvarlegt mál, en á hinn bóginn er mjer miður ljóst, hvernig menn ætla, að þessi fjárupphæð geti komið að notum. Jeg hef haft tal af mörgum foringjum, sem hafa talað um, að nauðsyn bæri til, að stærri viti væri gjörður á Austurlandi, og hafa þeir helzt haft augastað á Seley, sem hentugum stað til slíks vita, til að leiðbeina sjómönnum, sem kæmu úr hafi og færu austur og norður um land. En jeg skil ekki, hvernig 1200 kr. geti verið nægileg upphæð til þessa. Jeg tel víst, að h. uppástungum. muni gjöra grein fyrir þessari fjárbeiðslu, og ef jeg sannfærist um, að 1200 kr. sjeu nauðsynlegar til þessa undirbúnings, þá mun jeg greiða atkv. með því, að þær verði veittar, af því að jeg þykist vita, að hjer muni vera að eins um tímaspursmál að ræða. Menn vildu fá vitaskipið austur; en svo stóð á, að skipið hafði svo mikið að gjöra, að landshöfðinginn gat ekki komið því við, að tala við formanninn. Það mætti ef til vill fá vitamann til að skreppa hingað upp, til að athuga þetta. Ef undirbúningurinn ekki kostar nema 1200 kr., þá álít jeg sjálfsagt að veita þetta fje til þess.

Jón A. Hjaltalín: H. nefnd hefur leyft sjer að gjöra athugasemd við 12. gr. B 7 í frv. um styrk til brúargjörðar á Hörgá við Staðarhyl, og hefur þessi liður ekki fundið náð hjá nefndinni. Þessi staður er á póstvegi og allmikil umferð þar utan með Eyjafirði, og þess verður ekki langt að bíða, að Eyfirðingar fái flutningabraut út í Hörgárdal og þá er bráðnauðsynlegt, að brú sje á Hörgá. Menn þar hafa sýnt, að þeim er alvara með þetta mál, með því að þeir hafa skotið saman um 3 þúsund kr. til brúargjörðarinnar, og sýslunefndin hefur, að mig minnir, lofað öðru eins; jeg get því ekki fallizt á þá tillögu nefndarinnar, að fella burtu úr frv. þann lið, sem gjörir ráð fyrir styrk til þessarar brúargjörðar.

Þá er annað atriði, sem jeg þarf að minnast á, nfl. br.till. þá, sem jeg á á þingskj. 444, um að færa þá upphæð, sem ráð er gjört fyrir í frv. niður um 1133 kr. H. framsögum. tók það fram, að þessi upphæð væri ætluð til að gjöra svefnloptin í latínuskólanum að lestrarstofum, en sem að eins 36 piltar gætu lesið í. Hann tók ennfremur fram, að það væri rjett og gott að afnema heimavistirnar; en hann fann það helzt á móti breytingunni, að það væri tilfinnanlegt fyrir fátæka pilta, að leigja herbergi út í bæ, til að lesa í. Mjer er það ekki vel kunnugt, hver munur er á lestrarherbergi og svefnherbergi pilta; jeg hygg, að sumir hafi sama herbergið til hvorstveggja; en ef það væri tilfinnanlegt fyrir þá að leigja herbergi, til að lesa í, þá er alltaf hægurinn hjá að auka húsaleigustyrkinn. H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gat þess, að þessi breyting á svefnloptunum miðaði til þess að gjöra skólann hollari og viðunanlegri fyrir pilta; það sje fjarri mjer, að ráða til, að gjöra annað við skólann, en það, sem hollt er og gott, en bekkirnir mundu standa auðir hvort sem væri. H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gat þess enn fremur, að það væri notalegt fyrir pilta að hafa rólegt herbergi til að lesa í. Jeg skal ekkert um það segja hversu rólegt það muni verða; en eptir því, sem tíðkaðist í minni tíð, held jeg, að það muni verða órólegt og enn þá órólegra en þá. En mjer finnst óheppilegt, að það sje að eins fyrir nokkra ef ekki alla, og vísa þeim svo út kl. 10 á kvöldin, hvernig sem veðrið er.

Jeg álít það ónotalegt, ef ekki skaðlegt fyrir heilsu pilta, að vísa þeim út úr heitum herbergjum, hvernig sem viðrar kl. 10 á kvöldin. Jeg hygg heldur ekki, að það væri sem hentugast fyrir reglusemi sumra pilta, að losna ekki fyr en

kl. 10 á kvöldin og nota svo ef til vill það sem eptir er af kvöldinu til einhvers annars en þess, sem þeim er ætlað og ættu að gjöra. Jeg er mjög hræddur um, að þessi tilhögun verði alls ekki holl fyrir pilta, auk þess, sem hún verður töluvert kostnaðarsamari; ef það er erfitt fyrir þá að leigja lestrarherbergi, þá er hægt að bæta úr því, með því að auka húsaleigustyrkinn. Jeg skal svo ekki þreyta menn á að tala meira.

Sigurður Jensson: Það er að eins ein af breyt. nefndarinnar nfl. 7. töluliðurinn i nefndarálitinu, um styrkinn til spítalabyggingar á Patreksfirði, sem jeg vildi fara fáum orðum um. Reyndar hefur h. framsögum. talað svo vel og rækilega með því og h. nefnd tekið svo vel í það og líka einn h. þm. utan nefndar, að jeg hef góða von um, að það verði samþykkt með öllum atkv. í þessari h. deild.

Eins og h. framsögum. tók fram, þá koma mörg útlend skip af ýmsum þjóðum mjög opt með sjúka menn á þennan stað, og þess vegna hefur það komið fyrir, að það hefur sýnt sig alveg nauðsynlegt að hafa sjúkrahús á þessum stað. Menn hafa opt og einatt orðið að koma sjúklingunum fyrir hjá prívatmönnum og það hefur opt veitt mjög erfitt. Það hafa komið fram kvartanir yfir því, að ýmislegt illt hafi leitt af slíku fyrirkomulagi, og læknirinn þar álítur t. a. m., að sá illkynjaði typhus, sem geisað hefur þar vestra nú síðustu árin, stafi af útlendum sjúklingum, sem teknir hafa verið í hús einstakra manna til hjúkrunar. Auk þess kemur líka mesti fjöldi af íslenzkum fiskiskipum til Patreksfjarðar, bæði frá Faxaflóa og Vestfjörðum og hafa þau opt sjúka menn innanborðs, og þá er nauðsynlegt að hafa sjúkrahús, sem þau geti lagt hina sjúku sjómenn inn á. Þessi fiskiskip halda sig mikinn hluta sumarsins fram undan Vestfjörðum; það er þess vegna hægast fyrir þau að skreppa þangað inn, til að koma af sjer sjúkum mönnum. Allir, sem þekkja nokkuð til þess, hvernig aðbúnaður er á fiskiskipum vorum vita, að hann er ekki svo góður, sem hann ætti að vera og að það er ekki nema fyrir hrausta menn og heilsugóða að lifa við slíka aðbúð. Þegar sjúkdómar svo bera að höndum, þá er bágt að hafa ekkert hæli, þar sem hægt sje að leggja sjúklingana inn. Það er bæði óþægilegt fyrir þá, sem sjúkir eru, að þurfa að liggja um borð með svo ljelegum aðbúnaði, sem þar er, og svo getur það líka verið hættulegt, bæði fyrir þá og skipshöfnina, og þess vegna er það nauðsynlegt, að geta komið sjúklingunum af sjer sem fyrst, og þá helzt þangað, sem innsiglingin er hægust og hægast er að komast út aptur. Fiskiveiðum á seglskipum er þannig háttað, að það er ekki þægilegt fyrir þau, að þurfa að taka á sig langa króka til innsiglingar, því að það getur kostað margra daga afla, og hver dagurinn er dýrmætur, og þess vegna er áríðandi fyrir þau að geta komizt fljótt inn og út, þegar svo ber undir, að þau hafi sjúka menn innanborðs, og þess vegna hygg jeg, að þessi staður, sem hjer er um að ræða, sje einkar vel valinn. Ef sjómenn, sem stunda fiskiveiðar, væru spurðir um þetta, þá er jeg sannfærður um, að þeim mundi þykja mjög vænt um að geta komið af sjer sjúkum mönnum, einmitt á þessum stað. Reynslan sýnir líka, að þeir fara einmitt þangað með þá nú, þótt enginn spítali sje þar; en þeir mundu miklu fremur gjöra það, ef hann væri þar. Jeg gæti nefnt dæmi upp á það, að einstakir menn á þessum stað hafa verið svo veglyndir, að þeir hafa tekið við veikum sjómönnum og hjúkrað þeim, en gefið þeim upp allan kostnað af því, að þeir hafa ekki haft brjóst í sjer til að taka borgun af fátækum mönnum. Menn geta sjeð, hversu mikið áhugamál þetta er mönnum þar vestra, á því, að sýslunefndin hugsar sjer, að taka 5000 kr.

lán til þessarar stofnuar, ofan á stórkostlegt lán til vegabóta í vesturhluta sýslunnar, sem hún hefur hugsað sjer að borga sjálf með sýslusjóðsgjöldum, án þess að fá styrk til þess úr landssjóði, eins og svo margar sýslur ætla nú að gjöra. Jeg hef sterka von um, að þes i h. þ. d, samþykki tillögu þessa í einu hljóði.

Jeg vil segja, að skilmálarnir sjeu nokkuð harðir, en jeg er þó ekki vonlaus um, að sýslunefndin gangi að þeim, ef hún eins og hún hugsar sjer, getur gjört samninga við aðrar þjóðir, og þá sjerstaklega við Frakka, um að leggja einhvern skerf til þessa fyrirtækis.

Jeg vona nú, sem sagt, að h. þ. d. samþykki þessa tillögu í einu hljóði og Nd. líka; því að þetta mál snertir ekki eitt sýslufjelag, heldur snertir það líka mikinn hluta alls landsins, þar sem hjer er um þann atvinnuveg að ræða, sem snertir framtíð alls landsins í heild sinni. Jeg skal ekki fjölyrða meira, hvorki um þessa br.till. eða aðrar; jeg fylgi nefndinni aðallega í öllum tillögum hennar; en þótt jeg ekki sje henni samþykkur í einstöku atriðum, þá gef jeg atkvæði mitt öllum þeim fjárveitingum, sem miða til einhvers gagns og þarfa fyrir landið.

Guttormur Vigfússon: Jeg ætla að minnast á br.till. mína og h. 2. þm. N. Múlas. (J. J.) á þingskj. 446. 1. br.-till. er um að stjórninni veitist heimild til að verja allt að 75 þús. kr. til brúargjörðar á Lagarfljóti. H. flutningsmaður talaði fyrir þessari fjárveitingu og h. 2. kgk. (H. Sv.) tók svo vel í málið, að mjer þykir ekki ástæða til að fjölyrða um þetta H. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) benti á nauðsyn þessa fyrirtækis, og verð jeg að taka undir það og segja, að ef ætti að fara að lýsa til hlítar nauðsyninni á að fá Lagarfljót brúað gæti mælskumanni enzt það í 2—3 kl.tíma ræðu. Það mætti nefna ótal mörg tilfelli lík þeim, sem h. 2. þm. N.-Múl. tók. Það er ekki neitt nýtt að draga þurfi hesta upp úr Lagarfljóti á bráðónýtum ís, að hestar deyi í því á sundi eða af kulda eptir að vera komnir að landi, að fje farist í fljótinu og reki upp dautt hrönnum saman; slík tilfelli mætti telja í það óendanlega. Þegar menn athuga þetta í sambandi við, að vatnið er 200 faðma breitt á einum fjölfarnasta ferjustað landsins, mun engum blandast hugur um nauðsyn fyrirtækisins.

Það er farið fram á 75 þús. Þetta er sama upphæðin, sem stungið var upp á í Nd., þessvegna tók jeg hana. En jeg er nærri fullviss um, að ekki þarf alla þessa upphæð, þar sem jeg hallast mest að áætlun Sigurður Thoroddsen, sem gjörir ráð fyrir trjebrú. Mjer er nokkuð kunnur botninn í Lagarfljóti og álít jeg, að trjestöplar sjeu góðir og heppilegir. H. 2. kgk. (H. Sv.) talaði um, að ísrek kynni að verða slíkum stólpum að falli. En jeg þori að fullyrða, að slíkt getur ekki komið fyrir, því þar kemur nærri aldrei ísrek.

Í Nd. var mikið talað um, hve mál þetta væri illa undirbúið; það er aðeins til að bera blak af verkfræðingnum, að jeg minnist á þetta atriði. Jeg get ekki skilið, að hann sje neitt vítaverður í þessu tilliti, eða að hann gæti gjört annað en hann hefur gjört, reiknað út, hvað trjebrú með trjestöplum kostaði, og til vara gjört áætlun um, hvað brúin yrði dýrari, ef botninn reyndist þannig, að grjótstöpla þyrfti að byggja.

Það hefur verið sagt, að vjer gætum beðið. Jeg skal játa, að vjer gætum það, gætum misst hesta og fje og hætt lífi enn þá í 2—3 ár, en það er annað atriði, sem gjörir, að jeg hef fylgt málinu með miklum spenningi og sæki það með kappi: Mjer finnst það heiðursspursmál fyrir oss að láta ekki 19. öld. líða svo, að vjer sjeum ekki búnir að ljúka þessu stórvirki.

Um 2. br. talaði flutningsm. nægilega.

3. br. er um fje til að undirbúa vitabyggingu fyrir Austurlandi.

Tillögu þessari er svo varið, að í vor áður en jeg fór til þings, var mjer skrifað af ýmsum mönnum úr kjördæminu um að reyna að stuðla til þess, að lög yrðu samin um vitabyggingu í Seley, og var þar sagt, að sýslumaðurinn í N.-Múl. mundi hafa gjört sitt til að undirbúa það til landshöfðingja, svo það gæti komið fyrir þingið. Það getur verið, að þetta hafi verið skrifað af ókunnugleika, og vonast jeg því eptir upplýsingum og leiðrjettingum frá hæstv. landshöfðingja.

Það hefur opt verið talað um, hve bráðnauðsynlegt væri, að fá vita á Austurlandi; var þessu fyrst hreyft á þingi 1893 með þeim árangri, að lítill viti var byggður á Dalatanga, sem er alls ekki fullnægjandi. Jeg leitaði á dögunum upplýsinga hjá hæstv. landsh. þessu viðvíkjandi; sagði hann mjer þá, að málið væri svo illa undirbúið, að ekki væri hægt að koma með frv., því 1) hefur enginn vitafróður maður gefið álit sitt, og 2) eru sjómenn á reiki um, hvar vitinn eigi að standa, eða hvort Seley sje eini heppilegi staðurinn, því Seley er eyja utarlega út í firði, og þyrfti að halda þar mann, sem ekkert annað gæti haft fyrir stafni.

Mjer datt nú í hug eptir bendingum hæstv. landsh., að fá vitafróðan mann, sem undirbyggi málið, svo von væri um að stjórnin legði frv. um þetta fyrir næsta þing.

Sigurður Stefánsson: Af því að jeg á nokkrar br.till. við fjárlagafrv., skal jeg leyfa mjer að fara örfáum orðum um þær.

Á þingskj. 470 er breyt. við 13. gr. VI b. 2, og fer hún fram á, að orðin: „sýslunefnda og“ falli burt í skilyrðunum fyrir styrkveitingu til sveitakennara. Að setja sem skilyrði, að sýslunefndir gæfu álit og meðmæli, sýndist þýðingarlítið, þar sem sýslunefndarfundir vanalegast eru í marz—apríl, en kennslu óvíða lokið fyr en í maí, enda hefur það opt átt sjer stað að, oddvitum hefur verið falið að gefa meðmælin og þau þannig verið þýðingarlítil. Af þessum ástæðum kom jeg fram með þessa br.till og þar sem framsögum. nefndarinnar er henni meðmæltur, þá orðlengi jeg ekki frekar um hana.

Þá eru breytingar á þingskj. 463.

Fyrsta breyt. er við 13. gr. B. VI. 6., um að hússtjórnarskóla þeim, sem heyrzt hefur að væri í Reykjavík, væri veittur 1000 kr. í eitt skipti fyrir öll. Jeg þekki ekki þennan svonefnda skóla, en hef heyrt að þar eigi að kenna allt, sem að hússtjórn lítur. Jeg skyldi ekki vera á móti þessari stofnun, ef hún í raun og veru byggi húsmæður undir að gegna sem bezt hinni vandasömu stöðu sinni, ef hún gjörði konur hæfari til að stjórna öllu og sjá um innan húss og utan. En þetta mun alls eigi eiga sér stað, heldur mun þessi stofnun að eins vera matreiðsluskóli. En matreiðsla og hússtjórn er sitt hvað; matreiðsla er að eins lítill partur hússtjórnarinnar, svo þótt húsmóðir geti búið til marga góða rjetti, getur hún verið óhæf til þess, sem mest er um vert, að kunna að segja fólki fyrir verkum, og halda reglu á öllu svo vel fari, innan húss og utan. Þegar um slíkan skóla er að ræða, sem að eins er matreiðsluskóli, þá kemur sú spurning upp, hvort landssjóður eigi að styrkja menn til að læra að búa til mat. Matartilbúningur er auðvitað þýðingarmikið atriði, og gott að sem flestir kunni að búa til góðan mat, en þegar tekjuhalli landssjóðs er um 200,000 kr., eins og nú lítur út fyrir að verða muni, þá er vert að líta vel í kring um sig, áður en stórfé er kastað svo að segja í hvern sem hafa vill. Það getur verið gott, að stúlkur læri matreiðslu og hússtjórn, en þótt þær sjeu nokkrar vikur á þessum skóla, mun mega segja, að þær kunni hvorki að koma mjólk í mat, né ull í fat. Að hafa slíkan skóla í Reykjavík, er mjög óhyggilegt, því það er ekki hægt að kenna að búa til velverkaðan sveita-

mat. Smjörgerð t. d. lærist lítið á því, þótt stöku sinnum sjeu keyptir nokkrir pottar af mjólk. Að mínu áliti væri helzt vit í, að styrkja slíkan skóla, ef hann væri í sambandi við stórt heimili eða búnaðarskóla; þá væri þó meiri líkindi til, að kvennmenn lærðu annað en pjatt og prjál, eins og algengast er að þær læri á þessum skólum, hvort sem þeir heita kvenna-hússtjórnarskólar eða aðrir skólar. Mjer er ekki kunnugt um, að raddir hafi heyrzt um, að nauðsynlegt væri að bæta þessum skóla við alla hina mörgu, sem þegar eru fyrir. Jeg hefði því ekki saknað þess, þótt þessi liður hefði ekki verið á fjárlögunum, en fyrst hann er þar, óska jeg að sem minnstu fje sje varið til þessa, og að 2000 kr., sem frv. fer fram á, sjeu færðar niður í 1000 kr., þótt mjer þyki varhugavert, að kasta svo miklu fje út eptirlitslaust, þegar fjárhagurinn er svona. Þessi skólanefna, sem ekki er annað en „Restauration“ er komin á fót án opinbers styrks eða afskipta landstjórnarinnar, og er því enn minni ástæða til að styrkja hana. Jeg veit ekki til þess, að stórar erlendar þjóðir styrki „Restaurationer“ sínar, því ef margir kaupa hinn góða mat, sem þar er búinn til, borgar það sig ágætlega, og er bezta gróðafyrirtæki.

Þar að auki heyri jeg, að stúlkur gefi með sjer 1 kr. á dag, til þess að fá að vera á þessari stofnun, og þætti okkur í sveitinni það gott, að fá vinnukonur fyrir þá meðgjöf. Jeg skil því ekki, að þetta fyrirtæki geti ekki borgað sig án styrks. En auðvitað vilja menn, að landssjóður styrki allt, sem nefnist skóli, hversu mikið humbug sem það er.

2. br. (463) við 13. gr. C. 16. Jeg skal taka fram um alla töluliðina í þessari grein, að það er óskemmtilegt að þurfa að tala um þá. Jeg væri fús á að veita einhverja ákveðna upphæð til þessara útgjalda, og trúa góðri landsstjórn fyrir útbýting hennar, heldur en að vera að rífast um það á hverju einasta þingi, hvort Pjetur eða Páll eigi að fá 500 eða 600 kr. Þessi 16. tölul. er um, að Páll Ólafsson, austfirzkt skáld nokkurt, fái 500 kr. styrk hvort árið. Jeg sje ekki ástæðu til, að vera að leita að mönnum í ýmsum landsfjórðungum, þótt þeir sjeu allvel hagmæltir, til þess að ausa í þá mörg hundruð krónum úr landssjóði. En jeg kalla, að þessi maður hafi verið leitaður uppi, þar sem mjer er ekki kunnugt um, að hann hafi sent nokkra bænarskrá til þingsins. Jeg sje ekki meiri ástæðu til að “honorera“ þennan hagyrðing en mörg önnur skáld á Íslandi. Þegar veitt eru skáldlaun, má gæta þess, að gjöra ekki öðrum órjett, en ef þessum manni eru veitt skáldlaun, er þar með sagt, að hann sje verðugri en önnur af skáldum vorum. Jeg álít Pál Ólafsson alls ekki eitt af vorum beztu skáldum, eins og framsögum. (Þ. J.) nefndi hann. Jeg veit, að hann er í miklu uppáhaldi á Austfjörðum, en mest fyrir þann skáldskap, sem hefur ekkert bókmenntalegt gildi, og margar þær lausavísur hans, sem eru í mestu uppáhaldi hjá alþýðu, og berast mann frá manni, eru þannig að efninu til, að hann myndi hika sjer við, að kannast við þær sem sínar, ef vitni væri við. Að hlaupa upp til handa og fóta, til að „honorera“ slíkt, er ekki rjett að mínum dómi; vjer Íslendingar höfum fjölda marga hagyrðinga, og mætti það æra óstöðugan, ef ætti að leita þá alla uppi til þess að gefa þeim skáldastyrk af landssjóði. Sjeu kjör þessa manns eins bágborin og framsögum. (Þ. J.) lýsti þeim, þá skal jeg ekki vera síðastur manna til að gefa honum nokkrar krónur ásamt Múlsýslingum, án þess að leita þurfi í vasa landssjóðs, til þess að forða honum frá fátækrastyrk, því jeg veit, að Austfirðingar muni unna svo þessu skáldi sínu, að þeir láti hann ekki fara á sveitina.

3. breyt.till. fer fram á, að fella styrk-

inn til Brynjólfs Þorlákssonar burt. Jeg hef heyrt flesta játa, að þessi styrkur væri svo lítill, að hann væri til einskis gagns. En hvers vegna er þá verið að setja svona nánasarlegan styrk á fjárlögin. Jeg álít að landið líði ekkert tjón, þó þessi styrkur sje látinn bíða.

4. breyt.till. er um að fella 34. lið þessarar greinar, leikfimisstyrkinn, eða handleggjahreyfingarstyrkinn handa íslenzku ungmenni nokkru, sem nýlega er kominn til Reykjavíkur. Mjer þykir að menn sjeu farnir að leita langt til að koma út fje landsins, þegar þeir hlaupa upp til handa og fóta, þótt unglingar komi frá öðru landi, sem geti hreyft hendur og fætur öðru vísi en fólk flest. Það er óhætt að segja, að þetta sje gjört að þjóðinni fornspurðri, því hefði þessi maður ekki komið upp, mundi engum hafa dottið í hug að veita þetta fje, en af því hann var svo heppinn að koma hingað, meðan alþingi var saman komið, er strax flýtt sjer að ausa í hann 1200 kr. styrk á ári. Jeg játa fyllilega, að nauðsynlegt sje að iðka líkamsæfingar, en jeg get ekki annað en kallað það unggæðislegt af þinginu, að hlaupa upp til handa og fóta, þó þingmenn sjái mann, sem þeir ekkert þekkja hreyfa hendur og fætur inni á stofugólfi, og kalla slíkt leikfimi. Væri þörf á slíkum manni, skyldu menn ætla, að einhver bænarskrá hefði komið um að byrjað væri á slíkri kennslu. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji lasta manninn, en jeg verð að segja, að jeg hef ekki sjeð hann sýna þær íþróttir, að jeg álíti nauðsynlegt, að honorera hann með fje úr landssjóði. Jeg álít meiri ástæðu til að styrkja þann mann, sem kennir leikfimi við lærða skólann, og sem meiri trygging er fyrir, að hafi lærisveina en þessi maður, sem óvíst er að nokkur læri hjá, þótt hann verði hálaunaður af landsfje. Jeg er meðmæltur að hækka utanfararstyrkinn til leikfimiskennarans; reyndar hjelt jeg að hann væri orðinn nokkuð gamall til þess að læra leikfimi, en jeg hef nú fengið upplýsingar um, að hæfilegleikar hans væru hinir sömu nú og þegar hann var ungur, en þá þekkti jeg til, að hann stóð framar öllum jafnöldrum sínum í líkamsíþróttum.

Jeg kem þá að breyt.till. á þingskj. 464. Eins og nefndarál. ber með sjer leggur h. nefnd það til, að það skilyrði fyrir styrkveiting af landsjóði, að sýslunefndirnar leggi $^1/_4$ til á móti honum, skuli strykast út, að því er snertir gufubát á Faxaflóa og á Breiðafirði, og hefur það fyrir ástæðu, að svo erfitt sje fyrir sýslunefndirnar að koma sjer saman. Þótt mjer þyki nú þetta reyndar ekki atgetileg ástæða, skal jeg þó ekkert fara út í það að hrekja hana, en á það vil jeg benda, að það virðist ekki bera mikinn vott um áhuga fyrir slíkum gufubátsferðum og nauðsyn þeirra, ef sýslunefndir geta ekki orðið á eitt sáttar um, að leggja þeim dálítið tillag. En nefndin hefur eigi verið svo náðug í till. sínum, að þetta ákvæði skyldi ná til Ísafjarðarsýslu og gufubáts á Ísafjarðardjúpi. Jeg skal nú játa það, að sýslunefnd Ísafjarðarsýslu hefur ekkert á móti því, að greiða nokkurt fje af hendi til gufubáts síns; hún vill sýna það, að nauðsyn þess báts sje meiri en í munninum, hún vill einnig sýna það í verki; undanfarin ár hafa 9 hreppar sýslunnar styrkt bátinn með 800 kr. árlega. Samt sem áður virðist mjer það dálítið misrjetti, að ætla þannig einni sýslu að borga till. til gufubáts, en að allar aðrar sýslur landsins skuli vera lausar við það. Jeg fer þó ekki fram á það með breyt.till. minni, að styrkurinn frá sýslunefndinni sje afnuminn, heldur að eins að hann sje ögn lækkaður, gjörður $^1/_5$ á móti $^4/_5$ úr landssjóði, og væri jeg h. þingd. þakklátur, ef hún vildi samþ. þessa breyt.till. Jeg álít það lífsspursmál fyrir Ísafjarðarsýslu að hafa gufubát, og fyrir

því vil jeg ekki mæla hana undan því, að borga nokkuð til hans, þegar landsjóður leggur honum ríflegan styrk. Svo vildi jeg minnast lítið eitt á fáein önnur atriði.

Undir tölulið 37. stingur nefndin upp á því, að orða styrkveitinguna til cand. Boga Melsteð þannig: „Til að semja sögu Íslands“. Mjer virðist h. nefnd vera hjer nokkuð mislagðar hendur. H. framsögum. (Þ. J.) fór um það nokkrum orðum, að nefndin vildi ekki veita skólakennara G. Zoëga styrk til að semja orðabók, heldur til að gefa hana út á sínum tíma; og viðurkendi hann þó, að sá maður ætti viðurkenning skilið og að orðabók sú, sem um er að ræða væri nauðsynleg. Jeg skal ekkert setja út á eða finna að þessari skoðun h. nefndar, en svo mikið er víst, að þessi maður hefur aldrei narrað þingið, og haft árum saman styrk af því árangurslaust. Hann hefur sýnt það, að sá styrkur, sem hann hefur eitt sinn fengið, hefur borið praktiskan árangur, og ritstörf hans hafa komið þjóðinni að gagni, og hið sama má með fullu trausti ætla um það ritverk, sem hann er nú að vinna. En mjer virðist það undarlegt, að neita slíkum manni um lítinn styrk til að semja gagnlegt rit, en á sama augnabliki leggja með því, að annar maður fái styrk til að „semja“ rit, maður sem í 6 ár hefur haft 600 kr. á ári til að „safna til og semja“, að hann skuli nú samt eitt fjárhagstímabil hafa styrk til að „semja“, án þess hann enn hafi sýnt eða eigi enn að sýna nokkur skilríki fyrir því, að þær 3600 kr., sem hann hefur þegar fengið hafi nokkurn ávöxt borið. Mjer er ekki kunnugt um, að árangurinn af þessum 3600 kr. sje nokkur annar en ein 14 blaða ritgjörð í búnaðarritinu, og sem ekki er mikilvægari en svo, að hver nokkurn veginn flinkur stúdent hefði getað skrifað hana. Jeg vil, eins og h. Nd. hefur stungið upp á, að þessi maður sýni það nú, hvað hann hefur unnið fyrir það fje, sem hann hefur þegar fengið, sýni það með því að gefa út nokkrar arkir; þá sjest verklegur árangur. Jeg er hræddur um, að vjer þurfum lengi eptir því að bíða, ef — eins og h. framsögum. (Þ. J.) vildi — ætti að bíða með að gefa nokkuð út þangað til, að hann væri orðinn svo fullnuma, að hann vildi engu breyta síðar af því, sem hann áður kynni að hafa skrifað.

Hæstv. landsh. hefur komið fram með breyt.till. um, að 1000 kr. styrkur sje veittur Otta Guðmundssyni til að kynnast erlendum skipasmíðum. Jeg verð að álíta, þessa till. heppilegri heldur en till. Nd. um að fá erlendan skipasmið til að setjast hjer að. Í þessu sambandi vil jeg þó benda á, að tveir menn hafa áður fengið styrk í þessum sama tilgangi, án þess þó að kunnugt sje um nokkurn árangur af þeirri fjárveiting. Hugsanlegt er því, að hjer geti eins farið, þótt maður þessi sje efnilegur; þeir voru líka taldir efnilegir menn. En jeg þekki mann, sem hefur verið 3 ár nú í Noregi að læra skipasmíðar, og er einkar efnilegur. Jeg er viss um það, að hann mundi koma hingað upp, ef hann hefði tryggingu fyrir því, að hafa hjer atvinnu. Hann fór til Noregs með mínum styrk en ekki landsjóðsins, og mundi jeg hvetja hann til að koma hingað upp, ef hann hefði tryggingu fyrir því, að hafa hjer næga atvinnu, eins og hann hefur nú í Noregi. Honum er það fyrir mestu, að hafa atvinnu, og mundi hann eigi ófúsari að vinna hjer en annarstaðar.

Jón Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að svara h. þm. Ísf. (S. St.) fáum orðum út af því sem hann beindi til vor Austfirðinga viðvíkjandi Páli Ólafssyni. Jeg vil gjarnan, að kjósendur mínir lesi í þingtíð. það álit mitt, að jeg álít, að þjóðfjelagið eigi, eins og hver einstakur maður, að verja dálitlu fje til andlegrar nautn-

ar, að það eigi að styrkja fagrar listir og allt það, er að þeim lýtur, þegar það getur ekki þrifizt styrklaust, eða getur þrifizt betur með slíkum styrk.

H. þm. Ísf. (S. St.) áleit Pál Ólafsson ekkert annað en hagyrðing. Jeg býst nú við, að dómur h. þm. Ísf. (S. St.) verði meira metinn en minn dómur í þessu efni, þar sem hann er skólagenginn maður og sjálfur hagyrðingur. En Páll Ólafsson hefur fengið fleiri dóma en þennan dóm, dóma frá mönnum, sem jeg þori í þessu efni að setja við hlið h. þm. Ísf. (S. St.). Nú síðast á umliðnum vetri hafa 2 af yngstu og efnilegustu skáldum vorum lokið miklu lofsorði opinberlega á skáldskap Páls Ólafssonar, og annar þessara manna sagði með berum orðum, að Páll hefði haft áhrif á sinn eigin skáldskap, að því er formfegurð snertir. Jeg minnist þess einnig, að þá er ljóðmæli Páls Ólafssonar komu út í síðustu útgáfunni af „Snót", kvað ritstjóri „Ísafoldar" upp þann dóm, að Páll væri hið bezta talandi skáld Íslands, og kvæði hans, þau er um var að ræða, væru sum ein hin beztu kvæði, er til væru á ísl. tungu. Ritstj. „Ísafoldar" er þó viðurkenndur gáfumaður og smekkvís á kveðskap; um það ber blað hans vott, að hann er vandur að vali í þeim efnum. Jeg vona, að h. þingd. meti samhljóða dóm allra þessara manna eins mikils og dóm h. þm. Ísf. (S. St.).

H. sami þm. (S. St) sagði, að við Austfirðingar mundum skjóta saman, ef á þyrfti að halda, handa Páli, svo að hann liði ekki neyð í ellinni eða þyrfti að fara á sveit. Jeg vona nú, að til þessa þurfi ekki að koma. Páll hefur enn svo mikið þrek, að hann liggur alls ekki við sveit; en það er sitt hvað, að hafa við þröng kjör að búa, eða beinlínis að fara á sveit. Og það skal jeg fullyrða, og h. þm. þarf ekki að hafa það í skopi, að Austfirðingar mundu aldrei láta til þess koma, að Páll færi á sveitina. En hann er orðinn ellihrumur og þrotinn að heilsu og þar sem hann er fjelítill maður, getur hann ekki lifað áhyggjulausu lífi; og það vita menn, að slíkt hefur áhrif á tilfinningar manna og hnekkir andlegu fjöri.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að sama „princip" sje fyrir styrknum til sjera Matth. Jochumssonar, að hann sje veittur honum af því, að hann á við þröng kjör að búa, til þess að hann geti lifað áhyggjuminna lífi. Það ber ekki að skoða það eingöngu sem skáldastyrk, því að slíkt væri ekki rjettlátt t. a. m. gagnvart Stgr. Thorsteinsson. Matthíasi eru ekki veitt skáldlaun, fremur en Steingrími, af því að þjóðin sje samhuga um, að hann sje meira skáld en Steingrímur. En Matth. er í fjárþröng og þjóðin vill ljetta honum erfiðið og ellina. Það væri því engin mótsögn, þótt Páll Ólafsson fengi einnig dálítinn styrk í elli sinni.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta. Jeg ber það traust til h. þingd, að hún meti eins mikils dóm þeirra manna, sem jeg hef nefnt, eins og dóm h. þm. Ísf. (S. St.) og láti Pál Ólafsson halda þeim styrk, sem h. Nd. hefur ætlað honum.

L. E. Sveinbjörnsson: Jeg á hjer ofurlitla breyt.till. á þingskj. 468.

Það er rjett skilið hjá h. framsögum. (Þ. J.), að breyt.till. þessi er gjörð í þeim tilgangi, að auka þilskipaeign í landinu. Það er engin aukning þilskipaflotans, þótt einhver kaupi gamlan þilskipsskrokk af einhverjum öðrum hjer innanlands og jeg vil koma í veg fyrir, að þessum fyrirhuguðu lánum verði varið til þess konar kaupa. Hitt skal jeg játa, að það er aukning þilskipafjöldans, ef ný skip eru byggð hjer, en jeg hygg, að engin hætta sje á því, að á næstu tveimur árum muni nokkur smíða hjer þilskip til þess að selja öðrum. Sá maður, sem hefur byggt þilskip hjer, hefur ekki gjört það hingað til.

Framsögum. (Þorleifur Jónsson): Jeg þarf ekki að minnast á sjerlega margt,

því að breyt.till. nefnd. hafa fengið mjög góðar undirtektir hjá þeim, sem talað hafa.

Jeg vil fyrst snúa mjer að ræðu hæstv. landsh. Hann gaf þær upplýsingar um 2. breyt.till. sína, að jeg mun gefa henni atkv. mitt. Hann gaf einnig þær upplýsingar, að þó að samþykkt verði breyt.till. hans um fjárveiting til flutningabrautanna, muni það fje samt ekki nægja til allra þeirra þriggja staða, sem um er að ræða. En þá virðist eðlilegast, að ljúka við flutningabrautirnar þar, sem þegar er byrjað á þeim, láta þannig Árnessýslu sitja fyrir, því næst Húnavatnssýslu, þar sem þegar hafa lagðir verið 3 kaflar, eins og jeg hef áður tekið fram, sameina þessa 3 kafla og setja þá í samband við aðalverzlunarstað sýslunnar, en láta helzt Eyjafjarðarsýslu sitja á hakanum í þetta skipti. Till. um styrkinn til Otta Guðmundssonar mun jeg gefa atkv. mitt, en mjer er ekki kunnugt um, hvað aðrir nefndarmenn gjöra.

Því næst minntist hæstv. landsh. á 2 breyt.till. nefnd., sem hann var ekki samþykkur. Önnur var tölul. 8., nfl. að fella burt 1500 kr. til verkfróðra aðstoðarmanna. Hann gaf þær upplýsingar, að þessir aðstoðarmenn ættu að segja fyrir um lagning sýsluvega. Þetta vissi ekki nefndin og mun jeg því ekki halda þessari breyt.till. fast fram. Hin breyt.till. var stafl. 4., nfl. 1500 kr. til að byggja íbúðarhús handa vitamanni við vitann á Skagatá. Eptir þeim upplýsingum, sem hæstv. landsh. hefur gefið, tekur nefndin þessa breyt.till. aptur.

H. 2. kgk. (H. Sv.) hjelt eina mjög langa ræðu og minntist á margt, en það gekk eins og rauður þráður gegnum hana alla, að nefndin hefði sparað helzt til mikið, en það ætti alls ekki að spara; ef eitthvað væri nauðsynlegt, ætti að gjöra það í dag, en ekki fresta því til morguns. En jeg hef nú aðra skoðun en þessi h. þm. Mín skoðun er sú, að úr því að fjárhagur vor stendur svo sem jeg hef áður lýst, þá eigum vjer á næsta fjárhagstímabili að eins að gjöra það nauðsynlegasta, en láta hitt bíða, sem ekki styðst við neina knýjandi þörf.

H. sami þm. minntist fyrst á breyt.till. sína um bráðabirgðaruppbót til Meðallandsþinga. Jeg get lýst yfir því, að eptir þeim upplýsingum, sem hann gaf mun jeg gefa till. þeirri atkv. mitt. En jeg get ekki sagt hið sama um 8. breyt.till. hans, að færa styrkinn til prestsins á Helgastöðum úr 500 kr. upp í 750 kr. Að vísu var það mikil raunasaga, sem hann sagði og sem er tilefni til þessa styrks, og jeg skal játa það, að öll sanngirni mælir með því, að prestur þessi verði einhvers styrks aðnjótandi, en mjer virðist styrksupphæðin geti vel verið 500 kr., eins og h. fjárlaganefnd Nd. hefur ákveðið hana og Nd. samþykkt. En jeg get ekki stillt mig um, að minnast á þá lántökusögu, sem hann sagði af presti þessum. Jeg verð að segja að mjer virðist landsstjórninni sjeu nokkuð mislagðar hendur, að lána honum ekki þessar 2500 kr. úr landssjóði. Jeg trúi því ekki, að hagur landssjóðs hafi nokkurn tíma staðið svo illa, að hann hafi ekki getað lánað upphæð ekki stærri en þessa. Jeg vil nú skjóta því til h. 2. kgk. (H. Sv.), að hann bæti hag prestsins á þann hátt, að hann útvegi honum þetta 2500 kr. lán úr landssjóði, svo að hann geti borgað bankaskuldina. Fáist lánið úr landssjóði, sem jeg hef sterka von um, þá er þó mikið fengið. Jeg skal, meira að segja, kenna h. 2. kgk. (H. Sv.) ráð til að fá þetta lán handa prestinum. Hann þarf ekki annað en greiða nú í dag atkvæði móti föstu flutningavagnferðunum austur að Þjórsárbrú, þá sparast landssjóði 2000 kr. á fjárhagstímabilinu, svo og á móti 500 kr. launahækkuninni til stýrimannaskólans og á móti fjárveitingunni til harmoniums í Vestmannaeyjakirkju. Á þann hátt getur

h. þm. sparað landssjóði meira fje en lánsupphæðinni nemur til prestsins á Helgastöðum.

Viðvíkjandi breyt.till. sama h. þm. (H. Sv.) um að hækka utanfararstyrkinn til fimleikakennarans, get jeg vísað til þess, sem jeg sagði í dag Það er venjan, að hver maður kosti sjálfur þá menntun og þann undirbúning, sem nauðsynlegur er til að geta gegnt stöðu sinni, og jeg álít þessum manni ekki ofætlun að gjöra það einnig. H. þm. hugði, að jeg hefði talað það af fyndni, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni um þetta, en mjer var og er full alvara. Hann studdi breyt.till. sína með því, að þessi maður væri svo fátækur. Jeg er sjálfur þessu ekki svo kunnugur, en jeg hef heyrt menn, sem vel þekkja til, láta það í ljósi, að maður þessi muni vel fær um, að standast þennan kostnað. Auk þessa hef jeg minni trú á árangrinum af utanför þessa manns, þar sem hann er talsvert farinn að reskjast.

Eitt af aðalatriðunum í ræðu h. 2. kgk. (H. Sv.) var það, að hann vill, eins og farið er fram á í stj.frv., setja fastan aðstoðarkennara við stýrimannaskólann með 1000 kr. launum, en lækka svo fjárveitinguna til tímakennslunnar. En jeg heyrði ekki h. þm. leggja áherzlu á það, að ekki væri hægt að fá hjer nægilega tímakennslu handa skólanum; jeg hjelt því fram og mjer fannst h. þingm. ekki vefengja það. Þessu verð jeg enn að halda fram, að hjer í Reykjavík sjeu nógir tímakennslukraptar, er aðstoðað geti við kennslu í stýrimannafræði, — menn, sem þá fræði hafa numið utanlands eða innan. En aðalástæða h. þm. virtist mjer sú, að það mætti til að hafa fastan aðstoðarkennara til taks, ef skólastjórinn sjálfur fatlaðist; það var eins og það stæði fyrir dyrum. H. 2. kgk. (H. Sv.) kom þar fram eins og spámaður. En jeg fer þá að spá líka. Jeg spái því, að skólastjóri fatlist ekki á næsta fjárhagstímabili. Og úr því að h. þm. fer út í þessa spádóma, hefði hann átt að fara lengra. Hvernig færi, ef bæði skólastjóri og aðstoðarkennari fatlaðist? Það liggur í augum uppi, að ef skólastjórinn fatlast eða deyr, þá verður skipaður nýr skólastjóri, og það er alls ekki víst, að aðstoðarkennarinn verði til þess valinn. Jeg skal taka það fram, að allir munu vera á eitt sáttir um það, að að því muni reka, að skipa þurfi annan kennara við skóla þennan; en jeg vil láta það bíða næsta þings; þá er hægt að haga því, eins og þinginu sýnist.

Um styrkina til gufubátanna vildi sami h. þm. (H. Sv.) nema burtu orðin „allt að“. En mjer virðist það ekki geta haft neina sjerstaka þýðingu.

Svo mælti hann mjög rækilega með flutningavagnaferðunum austur að Þjórsá. Hann sagði, að það mundi spara mikið fje fyrir einstaka menn og landssjóðinn — sjálfsagt með póstflutninginn — að flytja á þessum flutningavögnum. En jeg get ekki sjeð, að mikið muni geta sparazt fyrir landssjóðnum, þótt póstflutningurinn væri fluttur á þennan hátt austur að Þjórsárbrú, þar sem hann þarf að fara lengra. Öðru máli væri að gegna, ef hægt væri að aka alla leið austur að Odda; fyrri getur ekki verið um neinn verulegan sparnað að ræða fyrir landssjóð. Hann lagði og mikla áherzlu á það, að með þessu væri mönnum kennt að nota flutningabrautirnar á rjettan hátt. En mjer virðist ekki, að nauðsynlegt sje, að sýna mönnum, hvernig farið er að keyra, til þess að þeir komist upp á það. Annars skal jeg ekki fjölyrða um þennan lið. Jeg hygg, að h. þm. hafi ekki tekizt að sannfæra nokkurn þingd.m., og mig hefur hann heldur ekki getað sannfært.

Þá minntist h. 2. kgk. (H. Sv.) á fjárveitingu til orgelkaupa handa Vestmannaeyjakirkju; hæstv. landsh. tók í sama strenginn og þótti hart, að neita Vestmanneyingum um þetta, en jeg verð að segja, að það er

ekki harðara að neita þeim um orgel, en öðrum kirkjum á landinu. Auk þess vona jeg, að söfnuðurinn taki bráðum við kirkjunni og þá er hægt að taka þetta til greina við álagið á kirkjuna.

Þá minntist h. 5. kgk. (J. A. H.) á brúna yfir Hörgá. Hann játaði, að brú þessi yrði ekki á þjóðvegi. Um þetta atriði læt jeg mjer nægja það, sem jeg sagði í dag, enda eru ýmsar fleiri ár, sem þarf að brúa og þessi brú yrði mestmegnis fyrir hjeraðsbúa.

Viðvíkjandi br.till. hans um að fella burtu fjeð til að breyta svefnloptum skólans í lestrarstofur, skal jeg ekki fjölyrða nú, þar sem bæði h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) og jeg höfum talað móti br.till. þessari og læt jeg mjer það nægja.

Þá talaði h. þm. Ísf. (S. S.) langt erindi á móti hússtjórnarskólanum og gjörði hann að eins að matreiðsluskóla og á þessum misskilningi byggði hann alla sína langloku, en þar sem skólinn er ekki einungis matreiðsluskóli heldur hússtjórnarskóli, þá eru þessi ummæli hans fallin. Forstöðukona skólans hjelt í vetur fróðlegan fyrirlestur um hinn tilvonandi skóla, og sýndi þar fram á, að hann ætti ekki aðeins að vera til matreiðslukennslu, heldur öllu, sem að hússtjórn lýtur. Það er leitt, að jeg skuli ekki hafa fyrirlesturinn hjá mjer til að sýna h. þ. m. Ísf. (S. St.) enda þó jeg þykist vita, að hann hafi lesið hann. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta atriði, því það er nóg, að jeg hafi sýnt fram á, að ummæli h. þm. eru byggð á misskilningi og þegar sá misskilningur er leiðrjettur, þá eru ummælin auðvitað fallin. H. þm. gat þess, að enn væru ekki nema 4—5 stúlkur á skólanum. Þetta er satt, en skólinn byrjar heldur ekki fyrir alvöru fyr en í haust og þá koma fleiri þangað til náms. Það er aðeins eitt í orðum h. þm. um þetta atriði, sem jeg samþykki, að skólinn ætti heldur að vera í sveit en hjer í Reykjavík, en þar sem enginn hefur orðið til þess að setja skólann á stofn upp í sveit, þá er ekki um slíkt að ræða, enda þarf eins að kenna hússtjórn við sjóinn eins og upp í sveit. En þar sem h. þm. sagði, að skólinn ætti að standa í sambandi við búnaðarskóla, þá hefur hann viðurkennt nauðsyn hans, því væri skólinn ekki nauðsynlegur, þá ætti hann hvergi að vera.

H. þ.m. N.-Múl. (J. J.) hefur svarað h. þ.m. Ísf. (S. St.) út af ummælum hans um styrkinn til Páls Ólafssonar, og jeg get látið það nægja. En þar sem þm. Ísf. þóttist geta dregið það út úr orðum mínum, að hjer væri um nokkurs konar fátækrastyrk að ræða, þá neita jeg því, að hægt hafi verið með rjettu að þýða orð mín á þann veg. Hvað hinar persónulegu fjárveitingar að öðru leyti snertir álít jeg rjettast að hafa engin ummæli um þær, heldur aðeins greiða atkvæði um þær eptir sannfæringu sinni, og því leiði jeg hjá mjer að svara orðum h. þm. Ísf., um þá kandidatana Boga Melsteð og Magnús Magnússon.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. 5. kgk. (J. A. H.) viðvíkjandi breyt. á svefnloptum latínuskólans í lestrarsali. Taldi hann lítið varið í það, ef heimavistirnar væru afnumdar. Einkanlega neitaði hann því, eptir sinni reynslu, að hægt væri að fá ró til lesturs í skólanum. Jeg skal fúslega játa, að opt er þar órólegt, en það er munur á því fyrirkomulagi sem nú er, þar sem bekkirnir eru dreifðir um allan skólann, og því eðlilegt, að einum manni sje örðugt að sjá fullkomlega um, að allt fari fram með kyrrð og spekt, eða hinu fyrirhugaða fyrirkomulagi, því það er ætlazt til, að herbergi umsjónarkennarans sje í miðju og lestrarstofurnar til beggja handa með að eins þunnu þili í milli, og þá getur naumast orðið mikil ókyrð hjá þeim 24 piltum, sem eru í lestrarstofum þessum, án þess kennarinn

verði þess var. Það mætti ef til vill heldur segja, að hætt yrði við ókyrð í þriðju lestrarstofunni, hinu núverandi minna svefnlopti, en þó mun naumast hætt við því, þar sem ekki er nema stuttur gangur þar á milli og herbergis kennarans. Jeg hygg því, að hjer verði miklu rólegra en áður, og að breytingin verði töluvert til batnaðar. Þar sem h. 5. kgk. (J. A. Hj) kom með þá mótbáru, að það væru ekki nema sumir piltar, sem gætu notað þetta, þá má segja alveg hið sama um heimavistirnar, sem h. 5. kgk. (J. A. H.) vildi halda. (*J. A. Hjaltalín:* Jeg sagði aldrei þetta). Jú, 36 af rúmu hundraði eru ekki nema sumir, og 40, sem hafa heimavistirnar eru ekki heldur nema sumir. Ennfremur talaði sami h. 5. kgk. (J. A. H.) um, að það gæti verið miður heppilegt, að hleypa piltum út í náttmyrkrið kl. 10 á kvöldin, því það gæti orðið orsök til þess, að þeir kynnu að villast út á ýmsa glapstigu. Jeg neita því ekki, að þetta gæti ekki komið fyrir, en þetta getur eins komið fyrir nú, enda ekki dæmalaust, að piltar hafi komizt út hjá umsjónarkennaranum, honum að óvörum. Það mætti segja alveg hið sama um bæjarsveina, að þeir gætu komizt út á glapstigu, með því að fara út á kvöldin, en fyrir það verður ekki girt. Jeg verð sjerstaklega að taka fram, að það hefur opt komið fyrir, að bæjarsveinar hafa fengið leyfi til að lesa í skólanum, og þá hafa þeir orðið að fara niður í bæinn kl. 10, og hefur það ekki orðið að neinum voða, enda þótt slíkt sje dálítil áhætta, en sem ómögulegt er að sneiða fyrir.

Þá ætla jeg að minnast á ræðu h. framsögum. (Þ. J.) með nokkrum orðum. Jeg er honum þakklátur fyrir, að hann hefur tekið upplýsingar mínar um Meðallandsþingin svo til greina, að hann ætlar að greiða fjárveitingunni atkvæði sitt, og jeg vildi óska, að jeg hefði getað sannfært hann um fleiri atriði, en það hefur ekki orðið því að heilsa. Hann hefur t. d. lýst því hátíðlega yfir, að hann geti ekki orðið með breyt.till. minni við stýrimannaskólann. En jeg verð að segja, að það er leiðinlegt, þegar færð hafa verið góð og gild rök fyrir einhverju máli, að fá ekki önnur svör en þetta: „Jeg hef ekki getað látið sannfæra mig“. En það hlýtur að koma af því, að menn hafa misjafna möguleika til að sannfærast, og aðrir hafa mismunandi sannfærandi afl í orðum sínum, en við því er ekki hægt að gjöra.

Þar sem h. framsögum. (Þ. J.) minntist á styrkinn til utanfarar leikfimiskennarans, þá hjelt hann, að jeg hefði verið að bregða sjer um fyndni. Hafi jeg sagt nokkuð í þá átt, þá hefur það verið orðaskjátl af mjer, því jeg ætlaði alls eigi að bregða honum um það, heldur sagði jeg, að fjárveiting þessi væri nokkuð fátækleg, þegar fimleikiskennarinn yrði að kaupa annan mann til að gegna skrifstofustörfum sínum, meðan hann væri í burtu, og þá mundi hann naumast hafa nema 200 kr. eptir af þessum 500 kr., og þá væri sjálf fjárveitingin nokkurskonar fyndni. Hvað fjárhag leikfimiskennarans snertir, þá þekki jeg hann auðvitað ekki nákvæmlega, en jeg get gizkað á, eins og ræður að líkindum, að hann muni ekki hafa getað safnað miklu fje, þótt hann kunni að hafa sparað lítið eitt til elliáranna, þegar vinnuafl hans brestur, þar sem hann hefur lítil laun og töluvert heimili fram að færa. H. framsögum. (Þ. J.) tók fram, að það mundi til lítils, að veita þessum manni styrk til utanfarar til fimleikanáms, þar sem hann væri farinn að eldast. Jeg vil spyrja: Hversu gamall er maðurinn? Er hann fimmtugur eða sextugur? Nei, jeg get upplýst á því, að hann er ekki nema 45 ára, og hvað snarræði og röskleika snertir, mun óhætt að setja hann á móti mörgum mönnum á þrítugsaldri. Hann er óvenjulega fimur maður, og jeg er viss um,

að hann mundi ekki verða landinu til skammar, þótt hann sýndi sig meðal fimleikakennara annara landa, sem væru á sama aldri og hann. Það er og mikil ástæða til að halda, að hann yrði fljótari og móttækilegri til að læra margt, er að leikfimi lýtur, en aðrir, sem hafa minni reynslu í því efni, eða þá alls enga, og það því fremur, sem hann hefur töluverðan áhuga á þessu og hefur lært töluvert á bókina af sjálfum sjer. Tel jeg því víst, að ef hann gæti farið utan, mundi það verða skólanum til töluverðs gagns og er því ástæða til að styrkja hann til utanferðar, þar sem búið er að veita fje til að byggja nýtt fimleikahús handa lærðaskólanum, og þá er nauðsynlegt að hafa leiðbeining manns, sem skyn ber á, hvernig slíkt hús á að vera úr garði gjört, svo að það samsvari kröfum tímans, og sje sem hagfelldast til þess, sem það er ætlað.

Jeg vona því, að þó jeg hafi ekki sannfært h. framsögum. (Þ. J.) um, að hækka beri fjárveitinguna til utanfarar fimleikakennarans, þá hafi jeg þó sannfært aðra h. þm., og þó jeg hefði engan sannfært, sá jeg skyldu mína, að leiðbeina mönnum í þessu máli.

H. framsögum. ljet ekki sannfærast af orðum mínum viðvíkjandi styrknum til prestsins að Helgastöðum, til hússbygginga á staðnum og tel jeg það illa farið. Það er að sönnu vonandi, að landssjóður geti veitt prestinum lán, en þótt hann fái það lán, er langt frá, að hann geti komið húsinu upp, nema með því að leggja fram töluvert fje frá sjálfum sjer. Hús það, er hann hefir byggt, kostar hátt á 4. þús. króna, en hús þau, er hann tók við voru ekki meira en 3—400 kr. virði og þótt hann fengi 2500 kr. vantar hann enn töluvert fje, en ekki óskandi, að lánið þyrfti að vera hærra en 2000 kr., því prestakallið þolir naumast hærri lántöku.

Þar sem h. framsögum. (Þ. J.) bar mjer á brýn, að jeg hefði verið að spá viðvíkjandi stýrimannaskólanum, þá hefur mjer ekki dottið í hug að bera okkur saman sem spámenn. Jeg sagði alls ekki, að jeg væri sannfærður um, að forstöðumaður stýrimannaskólans fatlist frá á næsta fjárhagstímabili. en jeg leyfi mjer að segja, að það er illt, að forstaða skóla með 40 nemendum og umsjón skólans og dýrra áhalda er eingöngu komin undir einum manni, og enginn annar til að taka við, ef hann fatlast, því allir eru með því marki brenndir, að þeim getur orðið misdægurt. Það er því lítil vörn mót ástæðum mínum, að segja, að jeg hafi spáð, að forstöðumaðurinn fatlaðist á næsta fjárhagstímabili en það getur svo margt komið fyrir á 700 dögum, að það er enginn spádómur, þó gjört sje ráð fyrir, að manni kunni að verða misdægurt um jafnlangan tíma, og að ekki sje hyggilegt að enginn sje til að taka við forstöðumannsstarfinu, ef á þyrfti að halda.

Ekki hef jeg heldur getað sannfært h. framsögum. um nauðsyn styrksins til vagnflutninganna. Það get jeg reyndar betur skilið, en með stýrimannaskólann, en jeg álít þó, að hvert orð, er jeg sagði um það, hafi verið á góðum og gildum rökum byggt. Það er ekki lítil upphvatning fyrir menn að sjá dæmin fyrir augum sjer í lífinu, því það er margt, sem menn þurfa að sjá til þess, að skilja það, því þó menn hafi lesið opt um eitthvað þarflegt, þá humma menn það fram af sjer, en sjái menn eitthvað framkvæmt fá menn „initiativ“, eða hvöt til að setja það í gang, til að sýna það í verkinu. Jeg held, að menn hljóti að játa, að það mundi verða lærdómur fyrir almenning að sjá vagnflutninga í framkvæmdinni, og það er sýnilegt, að þær 1000 kr., sem til þess yrði varið, gætu ekki riðið neinn baggamun fyrir landssjóð.

Þar sem h. framsögum. benti mjer á, að með því að spara þennan fjárlið og nokkra aðra, mætti fá nóg fje í lánið

handa prestinum á Helgastöðum: þá gæti jeg bent h. framsögum. á, að hið sama mætti og segja um ýmsar af fjárveitingum þeim, sem hann mælir með. Það má segja um það: „Þetta ber að gjöra, en hitt ekki að vanrækja“. Það er auðvitað, að svo má segja um margt, að það mætti bíða, en þó svo færi, að dálítill tekjuhalli yrði, þá er öllu óhætt, því hingað til höfum vjer safnað fje í viðlagasjóð á ári hverju. Það er auðvitað ánægjulegt, að þurfa ekki að taka á honum, en til þess er hann þó, að geta leitað í hann, þegar á þarf að halda.

Hvað fjárveitinguna til orgelkaupa handa Vestmannaeyjakirkju snertir þá gat jeg þess í dag, að vjer ættum ekki að láta það hafa áhrif á okkur, þótt Vestmanneyingar hafi orðið nokkuð stirðir í svörum, með að taka á móti umsjón og fjárhaldi kirkjunnar. Jeg held og að þessi fjárveiting mundi gjöra þá greiðari til góðra svara í því máli, enda get jeg verið með hæstv. landsh. í því, að það muni fremur hafa verið óheppilegar kringumstæður hvað fundartímann snerti, sem ollu því, að samkomulag náðist ekki, heldur en tregða eða stirðlyndi safnaðarins.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á till. um styrkinn til Otta Guðmundssonar. Það er kunnugt, að þessi maður hefur þá hæfilegleika, sem töluvert eru sjaldgæfir. Hann hefur frá barnsbeini alizt upp við smíðar og ýmsan hagleik og svo að segja inndrukkið hann hjá þeim, er færastir hafa verið hjer við skipasmíðar. Það má og ganga að því vísu, að þessi maður vitji hingað aptur og ílengist hjer, þar sem hann er giptur maður og heimisfastur hjer, en engin trygging og litlar líkur til þess um erlendan mann, sem hingað yrði fenginn fyrir stuttan tíma; hann mundi ef til vill flýta sjer burtu aptur og eigi verða að neinum verulegum notum.

H. þm. Ísf. (S. St.) gat um það, að ísl. maður væri nú í Noregi við skipasmíðar. Það er gleðilegt og væri einnig æskilegt, að skipasmíðar gætu farið fram bæði hjer í Rvík og einnig á Vesturlandi og Norðurlandi. Það væri og ef til vill vel ráðið, að þessi maður kæmi einnig til Rvíkur, því að opt kemur það fyrir, að full þörf er á 2 æfðum skipasmiðum auk unglinga þeirra, sem þeir hafa með sjer.

Jafnvel þótt það sjeu ýmsar fleiri till., sem jeg vildi minnast á, vil jeg þó láta hjer staðar numið og ekki taka tímann frá háttv. þd.

Guttormur Vigfússon: Jeg hef hugsað mjer að minnast sjerstaklega á einn lið í br.till. n. Það er 12. tölul: styrkur til sýsluvegagjörðar í Austur-Skaptafellssýslu. Það er auðsjeð, að þessi sýsla hefur engan kunnugan mann átt að í h. fjárlagan., úr því að hún stingur upp á því að fella burtu styrkinn, sem þó h. Nd. hefur lagt til að veita skyldi. Eins og kunnugt er, er algjört hafnaleysi í Austur-Skaptafellssýslu, nema Hornafjarðarós; og þar sem h. framsögum. sagði, að eigi væri ástæða til að styrkja sýsluv gina, þar sem þjóðvegur lægi eptir endilangri sýslunni, þá er auðsjeð, að hann er ekki kunnugur þar eystra. Jeg hygg, að engu sje varið af landsfje til þessa þjóðvegar. (*Landsh:* Það er varið fje til hans á hverju ári.) Jeg hafði þetta eptir kunnugum manni; og jeg hygg að eigi sje til þess vegar varið miklu fje árlega. En það kemur heldur ekki svo mikið þessu við, því að hjer er um annað bráðnauðsynlegt fyrirtæki að ræða. Á síðastliðnu vori var föst verzlun stofnuð á Hornafjarðarós, en hún getur ekki notazt, nema að hálfu leyti, af því að vegurinn þangað má heita ófær. Hann er illfær lausum hestum auk heldur hestum með áburði, og er því mikið nauðsynjamál, að vegur sje lagður til þessa verzlunarstaðar, og þar sem menn þar eru út undan öllum strandferðum mælir öll sanngirni með því, að þeir fái styrk til þessa vegar.

Jeg vildi einnig minnast á aðra br.till. h. fjárl.n.: nfl. styrkinn til verkfróðra að-

stoðarmanna. H. framsögum. (Þ. J.) lýsti yfir því, að hann væri ekki á móti þeim styrk, eptir að hann hafði heyrt, að þessir menn eiga að aðstoða við sýsluvegagjörð. En mjer finnst þessi styrkur standa í nánu sambandi við þessa styrki til sýsluveganna úr landssjóði. Verði sýslunum veittur styrkur til sýsluveganna hygg jeg styrkinn til þessara aðstoðarmanna nauðsynlegan, en annars ekki. Jeg skil ekki í, að sýslurnar þurfi á launuðum verkfróðum mönnum að halda, þótt þær vinni upp sýsluvegagjaldið til ýmsra vegaspotta. Ef það verður ofan á, að sýslurnar fái hinn fyrirhugaða styrk til sýsluveganna, mun jeg greiða atkvæði með styrknum til þessara aðstoðarmanna, en annars ekki.

Kristján Jónsson: Vjer töluðum um það í fjárlaganefndinni, að þar sem nefndin sjálf gjörði engar sjerstakar uppástungur, þar skyldi atkvæði hvers eins nefndarmanns vera óbundið. Jeg mun því fyrir mitt leyti greiða atkvæði á móti ýmsum liðum frv., þótt jeg hafi ekki gjört við þá breyt.till., einkum og sjer í lagi í 13. gr. C. Jeg vænti þess, að hver liður þar verði sjerstaklega borinn undir atkvæði út af fyrir sig.

Yfir höfuð kom nefndin sjer vel saman í till. sínum um fjárlögin, en það var hennar regla, að þar sem ekki fjekkst meiri hluti í nefndinni til að gjöra breyt. við einstaka liði, þar skyldi hver einstakur nefndarmaður hafa heimild til að greiða atkv. á móti þeim lið fjárlaganna.

H. framsögum. (Þ. J.) hefur tekið fram öll þau aðalatriði, sem nauðsynlegt var að minnast ýtarlega á, og vil jeg því að eins drepa á einstök smáatriði.

Nefndin hefur orðið fyrir talsverðu álasi frá h. 2 kgk. (H. Sv.) fyrir það, hve ör hún hefur verið á, að stryka út ýmsar fjárbeiðslur. Jeg hygg þó, að þessi aðferð nefndarinnar rjettlætist, þegar litið er á niðurstöðuna, að tekjuhallinn verður þó samt sem áður á annað hundrað þúsund krónur. Þessi tekjuhalli þótti nefndinni svo athugaverður, að hún áleit rjett, að þær fjárveitingar, sem bíða mættu, ættu að bíða.

Búskapshorfurnar hjer á landi eru ekki glæsilegar nú, og má ganga út frá því sem vísu, að tekjur landssjóðs muni verða rýrari á næstu 2 árum, en gjört er ráð fyrir í frv. Það er ekki hægt með neinni vissu að reikna út, hve mikið; en jarðskjálftarnir á síðastliðnu hausti, fjárfellirinn í vetur og vor, erfiður heyskapur í sumar, — allt þetta bendir ótvírætt á það, að framtalið fje muni fækka og að skattar og tollar muni minnka. — Jeg tek það því upp aptur, að jeg hygg, að það sje ekki á rökum byggt, að liggja nefndinni á hálsi fyrir það, að hún hafi farið of sparlega í till. sínum, því að henni ber meðal annars að athuga það, *hvernig* tekjuvonin er.

Jeg ætla að minnast lítið eitt á brúna á Hörgá. Mjer þótti það leitt í nefndinni, að geta ekki verið með henni, og hafa helztu ástæðurnar fyrir því verið teknar fram. Þessi á getur ekki kallazt á aðalþjóðvegi, því að hann liggur norður og austur Öxnadal til Akureyrar, alla leið austan eða sunnan Hörgár. Norðan Hörgár eru engar mannmargar sveitir; aðalsveitin er Svarfaðardalurinn og svo smáfirðir þar norður með Eyjafirði að vestan. Nefndin áleit því, að brúargjörð á þessa á mætti bíða. En þegar jeg sá viðaukatill. um brúargjörð á Lagarfljót, var jeg ekki hikandi um, að þær væri um nauðsynjamál að ræða; jeg mun því gefa atkv. með því, að hrinda því máli áleiðis.

Þá er uppbótin til prestsins í Bjarnanesi. Nefndin vill fella burtu þær 500 kr., sem honum eru ætlaðar fyrir tekjumissi undanfarin ár, en leggur þó til, að hann fái 100 kr. eins fyrra árið eins og síðara árið í uppbót á prestakallið. Jeg byggi mína skoðun á því, að þótt prestur þessi hafi, þá er hann sótti um brauðið,

búizt við því, að umboðið fylgdi með, hafði stjórnin fulla heimild til, að láta það ekki fylgja með; og að það ekki var látið fylgja með, hefur komið til af því, að stjórnin hefur ekki treyst prestinum til að hafa á hendi það umstang og þann vanda, sem umboðinu er samfara. Umboðslaunin eru gjald fyrir unnið starf, og hefur því presturinn, úr því að hann ekki hefur haft umboðið á hendi, ekki neina sanngirniskröfu, nje heldur rjettarkröfu, til umboðslaunanna. Aptur á móti hefur sú spurning komið fram, hvort ekki sje sanngjart, að bæta lítið eitt upp brauðið, og það hefur verið viðurkennt og til þess eru veittar 100 kr. hvort árið, og sem ætlazt er til, að haldist framvegis.

Till. um að fella burtu fjárveitingu til steinhússbyggingar í Reykjavík 80,000 kr., en setja í hennar stað 30,000 kr. til pósthússbyggingar hjer, er útlistuð af h. framsögum. (Þ. J.).

Hugsun nefndarinnar er sú, að landsbókasafnið, skólabókasafnið og fleiri bókasöfn þurfi nú bráðlega að fá húsrúm; en til þess að þetta geti komizt í kring, þarf allmikinn undirbúning; þess konar bygging verður ekki reist nema eptir sjerstökum reglum, sjerstöku „plani“ þeirra manna, sem vit hafa á því máli. En allan þennan undirbúning vantar gjörsamlega. En þar sem rúm það, sem landsbókasafnið hefur nú, fyllist óðum, rekur að því innan skamms, að slíka byggingu þurfi að reisa, en þá losnar hjer í þinghúsinu nægilegt rúm fyrir hin önnur söfn landsins, forngripasafnið, náttúrugripasafn o. fl. En þar sem nú er knýjandi þörf á pósthúsi, sem að nefndarinnar áliti gæti byggzt í sambandi við pósthús og landfógetaskrifstofu, þegar þörf kynni að verða fyrir hana, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að veita 30,000 kr. til pósthúss, er stjórnin svo rjeði, hvort hún keypti fyrir hús það, sem stendur til boða, eða byggði fyrir nýtt hús, annaðhvort í sameiningu við banka, eða eitt út af fyrir sig.

Jeg vil minnast á till. um fjárveitinguna til að kaupa harmoníum handa Vestmannaeyjakirkju. Þrátt fyrir hin sterku meðmæli h. 2. kgk. (H.Sv.) virðist mjer ekki ástæða til að samþykkja hana. Jeg hygg, að eins heppilegt sje, að bíða með það þangað til sú spurning er útkljáð, hvort söfnuðurinn vill taka kirkjuna að sjer, og vilji hann það, þá kemur einnig sú spurning fram, hvaða tillag eigi að fylgja kirkjunni, og einnig það, hvort henni skuli ekki fylgja sæmilegt hljóðfæri.

Um breyt.till. nefnd. viðvíkjandi stýrimannaskólanum álít jeg mig hafa óbundnar hendur. Jeg mun greiða atkv. með breyt.till. h. 2. kgk. (H Sv.) og hygg jeg, að jeg hafi á nefndarfundum drepið á hin helztu atriði, sem mæla með því, að það fyrirkomulag, sem stj.frv. stingur upp á, gangi fram. En jeg fjekk ekki áheyrn í nefndinni.

Með flutningavögnunum treysti jeg mjer ekki til að greiða atkv.; jeg mun þar fylgja till. nefndarinnar. Jeg er ekki viss um, að vegurinn austur geti kallazt fullfær vagnvegur, að minnsta kosti hef jeg heyrt efasemdir um það, að því er snertir kaflann undir Ingólfsfjalli. Jeg efast einnig um, að okkar íslenzku hestar dragi hlaðinn vagn upp eptir veginum austan í Hellisheiði, þó að hann sje vel lagður.

Jeg get ekki gefið atkv. breyt.till. h. 5. kgk. (J. A. H.) viðvíkjandi heimavistunum í latínuskólanum. Mjer virðist full rök vera færð í stj.frv. fyrir því, sem þar er stungið upp á.

Um hina einstöku liði í 13. gr. C. skal jeg lítið tala. Jeg mun fylgja till. nefnd. við tölulið 14, styrknum til cand. Boga Melsteð. Að vísu gæti það verið vafasamt, hvort ekki mundi rjettast, að sleppa honum alveg; en í öllu falli er

það tilgangslaust að orða hann: „til að gefa út“ o. s. frv.

Jeg mundi greiða atkv. með styrk til Páls Ólafssonar, ef hann væri orðaður sem ellistyrkur; eins og hann nú er orðaður, get jeg alls ekki greitt atkv. með honum.

Þá ætla jeg að minnast á 13. gr. C 34. tölul. um styrkinn til Magnúsar cand. Magnússonar. Þessi tölul. komst inn í fjárlögin í Nd. og hefir lítið verið minnzt á hann fyr en nú að einn h. þm. (S. Stef.) hefur reynt til að gjöra hann hlægilegan og vítt nefndina fyrir að hafa ekki fellt hann í burtu. Jeg held að ekki sje ástæða til þess. Þessi maður, sem hjer er um að ræða, hefur notið fullkominnar skólamenntunar á Englandi, bæði í undirbúningskólum þar og síðar við háskólann í Cambridge, en eins og kunnugt er, er við skóla þessa iðkuð leikfimi og þreyttar líkamsæfingar eptir vísindalegum reglum, og hefur þetta sýnt þann árangur, að Englendingar eru nú manna hraustastir, þegar um líkamlegt atgjörfi er að ræða. Jeg er í engum vafa um, að maður sá, sem hjer er um að ræða, hafi fengið þá uppfræðingu í þessu, að enginn maður hafi slíka hjer á landi og hvað það snertir, sje ekkert við hann að athuga. Það er og kunnugt, að hann kom ekki út hingað í þeim tilgangi að leita atvinnu á þennan hátt, en þegar h. Nd. vissi, að hjer var um efnilegan mann að ræða í þessari grein, var fært í tal við hann, að takast kennslu í leikfimi á hendur og lofaði hann því, og finnst mjer viðurhlutamikið, að hafna boði hans, og vil því styðja það með atkvæði mínu, og að minnsta kosti virðist mjer rangt, að draga dár að þessum manni, eins og h. 1. þm. Ísf. (Sig. Stef.) hefur gjört. Þá er enn eitt atriði, er jeg vildi minnast á, sem sje það, að nefndin vill fella burtu 21. tölul. C í 13. gr. styrkinn til skólakennara Geirs Zoëga til útgáfu ísl.-enskrar orðabókar; það er ekki af því, að nefndin viðurkenni ekki, að störf þessa manns sjeu hrósverð, heldur af því, að henni virðist ritverk það, sem hjer er farið fram á að styrkja, ekki svo bráðnauðsynlegt, að það megi ekki bíða að leggja fje úr landssjóði til þess nú, þegar um svo margar aðrar þarfir er að ræða.

Jón A. Hjaltalín: Hvað br.till. um brú á Lagarfljót snertir, þá er búið að færa svo góð og gild rök fyrir nauðsyn brúar þessarar, að jeg mun gefa henni atkvæði mitt. En það eru fleiri ár, er brúa þarf, og þó margir hafi ráðizt á Hörgárbrúna, þá væri víst hægt að segja margar sögur um ferðatálmanir þær, er Hörgá veldur. Hafa bæði menn og hestar opt farið ofan í hana og ekki langt síðan maður drukknaði í henni. Umferð yfir hana er og mjög mikil, og þar af leiðandi ber því meira á farartálma þeim, er hún veldur, og væri því mjög mikil nauðsyn á, að fá hana brúaða, að jeg ekki tali um, hverja þýðingu það hefði fyrir Möðruvallaskólann. En menn munu ráðnir í atkvæði sínu í þessu máli og því ekki þýða, að fara um það fleiri orðum.

Þar sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði, að jeg hefði verið meðmæltur heimavistunum, þá var það ekki rjett hermt. Það, sem jeg sagði, eða að minnsta kosti ætlaði að segja, var það: Að jeg teldi það vel ráðið, að afnema heimavistirnar, þar eð allir lærisveinar skólans gætu ekki verið heimasveinar. En að því er kemur til annara orða hans um þetta efni, þá skal jeg hafa ástæðu Catonis: „Contra verbosum noli contendere verbis“.

ATKVÆÐAGR.: I. kafli:

2. gr. samþ. í e. hlj.
3. gr. samþ. í e. hlj.
4. gr. samþ. í e. hlj.
5. gr. samþ. í e. hlj.
6. gr. samþ. í e. hlj.
1. gr. samþ. í e. hlj.

II. Kafli:

8. gr. samþ. í e. hlj.

9. gr. samþ. í e. hlj.
10. gr. A samþ. í e. hlj.
1. br. (466) samþ. án atkv.gr.
2. br. (466) samþ. án atkv.gr.
1. br. (398) samþ. í e. hlj.
1. br. (438) samþ. með 10 samhlj. atkv.
10. gr. B breytt samþ. í e. hlj.
2. br. (398) samþ. í e. hlj.
2. br. (438) samþ. með 10 samhlj. atkv.
3. br. (438) samþ. með 10 samhlj. atkv.
3. br. (466) samþ. með 10 samhlj. atkv.
4. br. (438) var tekin aptur.
3. br. (466) samþ. með 7 samhlj. atkv.
5. br. (438) samþ. með 10 samhlj. atkv.
10 gr. C breytt samþ. í e. hlj.
6. br. (438) við 11. gr. 6. samþ. með 9 samhlj. atkv.
3. br. (398) við 11. gr. 7. samþ með 8. samhlj. atkv.
7. br. (438) við 11. gr. 11. samþ. með 10 samhlj. atkv.
11. gr. breytt samþ. í e. hlj.
12. gr. A samþ. í e. hlj.
8. br. (438) við B 2. samþ. með 6 : 3 atkv.
4. br. (398) við B 3. samþ. með 7 samhlj. atkv.
9. br. (438) við B 3. samþ. með 6 : 4 atkv.
5. br. (398) a við B 4. samþ. með 7 samhlj. atkv.
5. br. (398) b við athugasemdina samþ. með 10 samhlj. atkv.
10 br. (438) við B 6 a. samþ. með 7 samhlj. atkv.
11. br. (438) við B 6 b samþ. með 8 samhlj. atkv.
12. br. (438) við B 6 c samþ. með 9 samhlj. atkv.
13. br. (438) við B 6 d samþ. með 9 samhlj. atkv.
14. br. (438) við B 6 samþ. án atkv.-greiðslu.
15. br. (438) við B 6 samþ. með 10 samhlj. atkv.
16. br. (438) við B 7 samþ. með 7 : 2 atkv.
17. br. (438) við B 8 samþ. með 8 samhlj. atkv.
12. gr. B breytt samþ. í e. hlj.
4. br. (466) við 12. gr, C 1 samþ. í e. hlj.
5. br. (456) við 11. gr. C 1 samþ. með 10 samhlj. atkv.
18 br. (438) við 12. gr. C I 4 samþ. í e. hlj.
19. br. (438) við 12. gr. C I 5 samþ. í e. hlj.
20. br. (438) við 12. gr. C II. 1 samþ. í e. hlj.
21. br. (438) við 12. gr. C II. 1 samþ. í e. hlj.
22. br. (438) við 12. gr. C III. 2 c samþ. í e. hlj.
23. br. (438) við 12. gr. C III. 2 c samþ. með 10 shlj. atkv.
24. br. (438) við 12. gr. C III 4 samþ. í e. hlj.
25. br. (438) við 12. gr. C III 5 samþ. í e. hlj.
26. br. (438) við 12. gr. C 2 með 10 shlj. atkv.
Br. (364) við 27. br. nefnd. (438) samþ. með 10 shlj. atkv.
27. br. (438) við 12. gr. C 2 samþ. í e. hlj.
28. br. (438) við 12. gr. C 3 samþ. með 8 atkv.
12. gr. C breytt samþ. í e. hlj.
12. gr. D samþ. í e. hlj.
12. gr. breytt samþ. í e. hlj.
6. br. (466) við 13. gr. A b 4 samþ. í e. hlj.
2. br. (438) við 13. gr. A b 6 samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Guttormur Vigfúss.,
Þorl. Jónsson,	Hallgr. Sveinsson,
Jón Jakobsson,	Sigurður Jensson,

Jón Jónsson, Sig. Stefánsson,
Kristján Jónsson, Þorkell Bjarnason.
L. E. Sveinbjörnsson.

7. br. (466) við 13. gr. A b 7 samþ. án atkv.gr.

8. br. (466) við 13. gr. A b 7 samþ. með 6 : 3 atkv.

6. br. (398) við 13. gr. A b 9 felld með 7 : 3 atkv.

13. gr. A breytt samþ. í e. hlj.

30. br. (438) við 13. gr. B I b 2 samþ. í e. hlj.

31. br. (438) við 13. gr. B II b 1 samþ. í e. hlj.

32. br. (438) við 13. gr. B II b 5 samþ. í e. hlj.

Br. (444) við 13. gr. B III. c 3 felld með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.gr. og sögðu

já:	*nei:*
Jón A Hjaltalín,	Þorl. Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	Hallgr. Sveinsson,
Jón Jakobsson,	Kristján Jónsson,
Jón Jónsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sig. Stefánsson,.	Sig. Jensson,
	Þorkell Bjarnason.

33. br. (438) við 13. gr. B III c 5 samþ. í e. hlj.

9. br. (466) við 13. gr. B III c 13 felld með 8 : 3 atkv.

10. br. (466) við 13. gr B V a samþ. með 6 : 3 atkv.

11. br.(466)við 13. gr. B V b 1 samþ. með 9 shlj. atkv.

34. br. (438) við 13. gr. B V b 1 þar með fallin.

7. br. (398) við 13. gr. B V b 5 samþ. í e. hlj.

1. br. (463) við 13. gr. B VI 6 samþ. með 6 : 1 atkv.

Br. (470) við 13. gr. B VI b 2 samþ. með 10 shlj. atkv.

13. gr. B breytt samþ. í e. hlj.

35. br. (438) við 13. gr. C 6 samþ. með 10 shlj. atkv.

36 br. (438) við 13. gr. C 12 samþ. í e. hlj.

37. br. (438) við 13. gr. C 14 samþ. með 6 : 3 atkv.

2. br. (463) við 13. gr. C 16 felld með 6 : 4 atkv.

38. br. (438) við 13. gr. C 19 samþ. með 6 : 1 atkv.

39. br. (438) við 13. gr. C 23 felld með 6 : 5 atkv.

40. br. (438) við 13. gr. C 26 samþ. með 10 shlj. atkv.

8. br. (398) við 13. gr. C 26 samþ. með 6 shlj. atkv.

12. br. (466) við 13. gr. C samþ. með 6 samhlj. atkv.

41. br. (438) við 13. gr. C 28 felld með 6 : 4 atkv.

3. br. (463) við 13. gr. C 29 samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkv.gr. og sögðu

já:	*nei:*
Jón A. Hjaltalín,	Þorleifur Jónsson,
Hallgr. Sveinsson.	Guttormur Vigfússon,
Kristján Jónsson,	Jón Jakobsson,
L. E. Sveinbjörnss.	Jón Jónsson,
Sig. Stefánsson,	Sig. Jensson.
Þorkell Bjarnason.	

4. br. (463) við 13. gr. C 34 samþ. með 6 : 5 atkv.

42. br. (438) við 13. gr. C 34 þar með fallin.

43. br. (438) við 13. gr. C 36 samþ. með 10 shlj. atkv.

13. gr. C breytt samþ. í e. hlj.

13. gr. breytt samþ. í e. hlj.

14. gr. samþ. í e. hlj.

15. gr. samþ. í e. hlj.

16. gr. samþ. í e. hlj.

17. gr. með áorðnum breyt. samþ.í e. hlj.

44. br. (438) við 18. gr. samþ. í e. hlj.

18. gr. þar með fallin.

1. br. (446) við 19 gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

19. gr. sem verður 20. gr. samþ. í e. hlj.

Br. (468) við athugas. samþ. með 7 shlj. atkv.

2. br. (446) við athugas. samþ. með 10 shlj. atkv.

45. br. (438) við 4. niðurlagsatriði samþ. með 7 shlj. atkv.

Niðurlagsatriðin breytt samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. í e hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (C 402); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 9 shlj. atkv; 2. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 3. gr. frv. samþ. með 10 shlj. atkv.; 4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.; 5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.; 6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. með 8 shlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895, um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs (C 428); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi (C 371, 429); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. br. (429) við 1. gr. samþ. í e. hlj.; 2. br. (429) við 1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.; 1. gr. breytt samþ. með 9 shlj. atkv.; 3. br. (429) við 2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.; 4. br. (429) við 2. gr. samþ. í e. hlj.; 2. gr. breytt samþ. með 9 shlj. atkv.; 5. br. (429) við 3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.; 3. gr. breytt samþ. með 9 atkv.; 4. gr. samþ. með 9 atkv.; 5. gr. samþ. með 9 atkv; 6. br. (429) við 6. gr. samþ. með 9 atkv.; 6. gr. breytt samþ. með 9 atkv.; 7. br. (429) við 7. gr. samþ. í e. hlj.; 7. gr. breytt samþ. í e. hlj.; 8. gr. samþ. í e. hlj. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þrítugasti og níundi fundur, föstudag 20. ágúst, kl. 1 f. h. Allir á fundi, nema L. E. Sveinbjörnsson.

Frv. til laga um útbúnað og ársútgjöld við spítala handa holdsveikum mönnum (C 401); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breyt. á reglugjörð 3. maí 1743 69. gr. og konungsúrskurði 26. sept. 1833 (C 399); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um brúargjörð á Örnólfsdalsá (C 400); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum (C 414); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð (C 415); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti í Þingeyjarsýslu (C 439); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 8 atkv.; 2. gr. samþ. með 8 atkv. Fyrir-

sögn frv. samþ. með 8 atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Frv. til laga um áfangastaði (C 448); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
J. A. Hjaltalín	Þorleifur Jónsson
Guttormur Vigfússon	Jón Jakobsson
Hallgrímur Sveinsson	Sigurður Stefánsson
Jón Jónsson	Þorkell Bjarnason
Kristján Jónsson	
Sigurður Jensson.	

Frv. til laga um afnám ítaksrjettar hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls í Hallormsstaðaskógi (C 450); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Mjer er ekki alveg ljóst, af hvaða toga þetta frv. er spunnið. Jeg sje ekkert annað en þessi orð: „Ítaksrjettur hins fyrv. Þingmúlaprestakalls til skógarhöggs í Hallormsstaðaskógi er afnuminn“. Jeg hefði búizt við því, að þessi ítaksrjettur mundi ekki verða afnuminn, nema eitthvert endurgjald kæmi í móti. Ástæðan fyrir frv. mun vera sú, að vernda skóg þennan frá skemmdum og eyðileggingu og því sje frv. komið fram. En jeg veit ekki, hvort það getur náð þessum tilgangi. Ítak það, sem prestakallið á í Hallormsstaðaskógi, mun vera 60 rapta högg eða 60 trje. — Það er alls ekki sagt, að það þurfi að vera til nokkurs tjóns eða skemmda á skóginum, þótt svo lítið sje úr honum höggvið árlega, ef hyggileg aðferð er höfð og ekki höggvin önnur trje en þau, sem feyskin eru orðin eða eitthvað gölluð. Jeg minnist þess, að fyrir 12—13 árum síðan var af stjórninni gjörð ráðstöfun til að vernda skóginn fyrir frekari skemmdum; var þá boðið, að gæta þess, að svo miklu leyti, sem unnt væri, að beita hann ekki á vetrum, gæta þess, að brjóta ekki nje kljúfa stofnana, að höggsárið væri sljett og á snið, og einkum, að höggvin væru hin feysknu trje. Jeg man það ekki með vissu, hvort þessar reglur áttu að gilda fyrir aðra en ábúanda jarðarinnar eða hvort ítakið kom nokkuð hjer til greina, en hitt mun víst, að reglum þessum mun hingað til hafa verið fylgt, síðan þær voru settar, og eru til skrifleg vottorð fyrir því. Prestur sá, sem hjer á hlut að máli, er samþykkur því, að sleppa tilkalli til ítaksins, en eins og eðlilegt er, vill hann fá eitthvert dálítið gjald á móti. Hjer getur ekki verið um neina stóra gjaldupphæð að ræða, — jeg hygg, að ítak þetta hafi við síðasta brauðamat verið lauslega virt á 6 krónur; — en presturinn á fulla heimting á, að fá sannsýnilegt andvirði ítaksins endurgoldið; það getur enginn láð honum, þótt hann krefjist þess. Hjer í þessu frv. er samt ekki gjört ráð fyrir neinu endurgjaldi, og mótmæli jeg því fastlega, að ætla nú að brjóta þá meginreglu, sem skyldugt er að fylgja, að afnema engin rjetttindi svo, að ekki komi fullt gjald fyrir. Jeg vona það, að h. þingd. verði svo rjettlát, að samþykkja ekki slíkt frv. sem þetta. Mjer finnst, satt að segja, að sómi þingsins leyfi það varla, svona hvað eptir annað, að samþykkja frv., sem næstum því er vissa fyrir, að stjórnin geti ekki staðfest; og eitt af þeim frv. er þetta.

Guttormur Vigfússon: Jeg er ekki vel kunnugur þessu máli, þótt það sje upprunnið úr mínu hjeraði og jeg hef ekki verið beðinn að flytja það; en þrátt fyrir það finn jeg mjer skylt, að fara um það nokkrum orðum.

Hugsun frv. er sú, að vernda Hallormsstaðaskóg — einn af þeim merkilegustu gripum, sem landið á — frá skemmdum og eyðileggingu. Þetta er hinn eini skógur á landinu, sem hægt er að segja um, að enn haldist í blóma.

Eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) tók fram,

voru gjörðar ráðstafanir til þess 1885 af stjórninni, að vernda skóg þennan frá eyðileggingu; ábúandanum var bannað, að beita hann, nema sem minnst og höggva ekki önnur trje úr honum en þau, sem feyskin væru og kalin, og jeg er því vel kunnugur, að ábúandinn hefur síðan fylgt þessum reglum, gætt fyrirmæla þeirra og ekki höggvið úr honum annað en þau trje, sem skemmd hafa verið. En reglur þessar ná alls ekki til ítaksrjettar Þingmúlaprests. Presturinn hefur haft eptir sem áður rjett til þess að höggva þann við, sem hann hefur viljað, og eins og menn vita, höggva menn ekki kalvið til húsabyggingar. Frv. þetta er því fram komið til þess að vernda nú þennan kjörgrip fyrir frekari eyðileggingu með því að taka alveg fyrir notkunarrjett prestsins, sem auðvitað hlýtur að verða skóginum til mikils skaða. Hvort það sje svo óeðlilegt eða ranglátt, að taka þetta ítak frá prestinum í Vallanesi, skal jeg ekki dæma um; það er að mínu áliti mikið undir því komið, hvort ítakið hefur verið bundið við Þingmúlaprestakall, svo að það þar af leiðandi hafi fylgt með prestakallinu við sameiningu brauðanna, eða það hefur að eins fylgt jörðunni Þingmúla sem ábúðarjörð. Í öllu falli sje jeg ekki, að það sje fremur skerðing á rjetti prestsins, en reglurnar frá 1885 voru, sem eru skerðing á rjetti ábúandans á Hallormsstað til afnota skógarins. En þó nú presturinn á Vallanesi ætti heimting á endurgjaldi fyrir tekjumissi, þá hefur slíkt ítak ekki verið metið meira en einar 6 kr., eins og h. 2. kgk. (H. Sv.) hefur upplýst. Það árlegt gjald mundi presturinn geta fengið, ef hann höfðaði skaðabótamál á hendur landssjóðnum fyrir þennan ítaksmissi. Í öllu falli gæti endurgjald fyrir ítakið aldrei orðið meira en 20 kr., en það hygg jeg sje vel tilvinnandi að greiða, til þess að losa skóginn við ítakið.

Mjer er þetta ekkert kappsmál, en landssjóðsins sjálfs vegna og til þess að bjarga þessum kjörgrip, Hallormsstaðaskógi, frá frekari eyðileggingu, ætla jeg að rjettast væri, að Hallormsstaður allur með gögnum og gæðum væri lagður til umboðsins, með sjerstöku eptirliti frá landsstjórnarinnar hálfu. Þetta fyrirkomulag álít jeg væri það heppilegasta, en þar sem það liggur nú alls ekki þannig fyrir að þessu sinni, er ekki ástæða til að fjölyrða um það, en jeg vil leyfa mjer að óska þess, að málið, eins og það nú liggur fyrir, nái fram að ganga.

Kristján Jónsson: Samkvæmt frv. þessu og ræðum þeim, sem haldnar hafa verið í málinu, má sjá, að hið fyrverandi Þingmúlaprestakall á skógarhöggsítak í Hallormsstaðaskógi, sem frv. fer fram á, að tekið sje frá prestakallinu; en það er hið sama sem að viðurkennd eign sje tekin frá rjettum eiganda, og á þetta eptir frv. að vera endurgjaldslaust. Nú er ákvæði í stjórnarskránni um það, að ekki megi taka eignir manna eða fjelaga af þeim, nema fullt endurgjald komi fyrir, en hjer er ekki farið fram á, að neitt endurgjald sje veitt, eins og jeg tók fram. Hygg jeg, að þetta eitt sje nægilegt til þess, að málið geti ekki fengið framgang. Jeg hef ekki haft tíma til að rannsaka undirbúning málsins, en eptir þeim upplýsingum, sem komnar eru fram, virðist auðsætt, og mjer blandast ekki hugur um, að málið má ekki fá og getur ekki fengið framgang, eins og það nú liggur fyrir þinginu. Það væri allt öðru máli að gegna, ef setja ætti reglur um skógarhöggið í Hallormsstaðaskógi, sem tryggði það, að ítakið væri ekki misbrúkað skóginum til skaða; en nú er beint farið fram á, að taka frá Þingmúlaprestakalli ítak, sem er fullkomin eign þess og sem hefur verið það um langan aldur, án þess að endurgjald komi fyrir; þetta kemur í beinan bága við stjórnarskrána og alla löggjöf vora. Jeg álít því mjög athugavert

fyrir deildina að samþykkja frv. þetta, og held eg að rjettara sje að fella það nú þegar.

Guttormur Vigfússon: Mjer þótti slæmt að heyra, að mál þetta væri svo illa undirbúið, að sjálfsagt væri að fella það. Jeg veit ekki, hvort það er rjett, að ítakið sje eign Vallanesprestakalls. Það var auðvitað eign hins fyrverandi Þingmúlaprestakalls en nú er það ekki til, heldur að eins Vallanesprestakall. *(Hallgrímur Sveinsson:* Það er erfingi) Jeg sje því ekki, að Vallanesprestinum sje gjört neitt rángt til, þótt ítakið sje afnumið. *(Kr. Jónsson:* Eign er ekki lakari fyrir það, þótt hún sje fengin að erfðum) Satt er það, ef það er fremur eign Þingmúlaprestakalls en jarðarinnar Þingmúla. *(Landsh.:* Það stendur í frv. Þingmúlaprestakall) Veit jeg það, en mjer datt í hug, hvort það væri rjett, því það eru margar jarðir, sem eiga ítak í Hallormsstaðaskógi og Hallormsstaður á aptur fyrir það ítak á öðrum stöðum í þeim jörðum. Að öðru leyti hef jeg ekkert á móti því, að presturinn í Vallarnesi fái ítakið endurgoldið. Jeg heyrði ekki, að hæstv. landsh. hefði neitt á móti frv. í h. Nd. og hjelt því ekki, að það væri svo illa undirbúið, sem orð er á gjört.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skil vel, að h. 2. þ.m. S.-Múl. álíti sjer skylt að halda vörn uppi fyrir málinu úr sínu kjördæmi og stuðla að því, að Hallormsstaðaskógur verði verndaður. Mjer skildist líka, að hann vildi ekki láta gjöra prestinum mikinn órjett, en þar sem hann ekki vildi gjöra hann verri en aðra menn, þætti mjer æskilegt, að hann hefði tekið skrefið fullt út og viðurkennt, að prestinum ætti engan órjett að gjöra. Jeg hef brjef frá umboðsmanninum, Björgvini Vigfússyni, í höndum mjer, þar sem hann biður um árlegt endurgjald úr landssjóði til prestsins fyrir að eptirláta ítakið, sem hann telur sjálfsagða eign prestakallsins og því eptirlátssemi að gefa upp. Hann getur þess, að presturinn af eigin hvötum hafi látið ítakið ónotað í nokkur ár, og að sjer virðist endurgjaldskrafa prestsins, 40 kr., vera sanngjörn. Jeg skal leyfa mjer að lesa kafla úr þessu brjefi, svo menn heyri álit umboðsmannsins á þessu máli. (Hjer las þ m. kafla úr brjefi umboðsm. B. V.). Vilja nú h. þ.m., sem lítið þekkja til þessa, gjöra þessi orð umboðsmannsins ómerk? Hann hefur að eins beðið um, að alþingi verndaði kjörgrip landsins, Hallormsstaðaskóg, og gjörir ráð fyrir, að það vilji kosta 40 kr. til þess, en hann fer ekki fram á, að presturinn sje sviptur rjetti sínum.

Einnig fylgir umsóknínni brjef frá amtmanninum yfir Norður- og Austur-amtinu, stöddum á Seyðisfirði. Hann vill láta vernda skóginn, en telur líka sjálfsagt, að presturinn fái endurgjald.

Enn fremur er vottorð frá Þorvaldi Thoroddsen. Hann leggur til, að skógurinn sje verndaður, og telur honum hættu búna og vitnar þar til Sæmundar Eyjólfssonar, sem allra manna var skógum landsins kunnugastur.

Allir eru þannig samdóma um, að vernda þurfi skóginn, en þar sem h. 3. kgkj, (Kr. J.) hefur sýnt fram á, að lögleysa væri að taka ítakið endurgjaldslaust af prestinum, verður annaðhvort að koma með breytingar við frv. eða fella það að öðrum kosti.

Landshöfðingi: H. 2. þ.m. S.-Múl. (G. V.) skírskotaði til mín og gaf í skyn, að jeg mundi ekki vera mótfallinn þessu frv. Jeg lýsti því yfir í neðri deild, eptir ósk flutningsmanns, að jeg áliti sjálfsagt, að presturinn ætti tilkall til endurgjalds, enda mundi hann geta fengið skaðabótakröfur fyrir dómstólunum, ef þingið neitaði honum um endurgjald. Hins vegar sagðist jeg álíta það æskilegt, að skógurinn væri friðaður. Flutningsmaður bjóst þá við að gjöra breytingu við frv. í þá átt að veita prestinum endurgjald, en

ekkert varð úr því, og frv. var samþykkt, eins og það liggur hjer fyrir þessari deild. Það er aldrei rjett af neinum einstökum manni að gjöra það, sem búast má við, að dómstólarnir dæmi hann í skaðabætur fyrir, en því síður er slíkt þá rjett af löggjafarþingi. Jeg vil annaðhvort bæta inn í frv, eða fella það. Viðvíkjandi því lagalega í málinu er jeg hinum h. 3. kgk. (Kr. J.) fyllilega samþykkur.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Fertugasti fundur föstudag 20. ágúst kl. 5 e. h.

Allir á fundi nema 1. kgk. þm. (L. E. Sveinbjörnsson).

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. 496) 3. umr.

Framsögumaður (Þorl. Jónsson): Þar eð engar breytingartill. hafa komið við frv., er ástæðulaust að tala um það. Það er ekki um annað að gjöra en samþykkja það, eins og það er. Jeg vil að eins geta um nokkrar prentvillur: bls. 3, arður af verki talinn, ætti að vera er talinn; bls. 5: tölurnar um búnaðarstyrkinn á skökkum stað og bls. 15 á talan, sem flutt er að vera 21,700 í báðum dálkum. Svo held jeg ekki, að fleiri prentvillur sjeu í frv. en ef það er verða þær leiðrjettar, áður en frv. verður afhent neðri deild.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþykkt í e. hlj. og endursent Nd.

Frv. til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi (C, 219, 412), 2. umr.

Framsögum. minni hl. (Jón Jakobsson): Það urðu engar umræður um málið, þegar það kom úr nefndinni um daginn, og af því að jeg álít, að jeg hafi gjört glögga grein fyrir atkvæði mínu í nefndarálitinu, finn jeg ekki ástæðu til, að skýra ástæður mínar frekar, meðan þær eru ekki hraktar.

En þar sem jeg ásamt 2 öðrum h. þm. á br.till. við frv., vil jeg gjöra nokkra grein fyrir á hverju þær byggjast. Jeg gat þess í nefndarálitinu, að mjer finnst óviðfelldið og óeðlilegt að gjöra hreppsnefndum og bæjarstjórnum að skyldu, að kalla saman fund, hvort sem þær vildu veita leyfi til vínsölu eða ekki, þar sem það segir sig sjálft: að ef þær ekki vilja veita leyfið, fæst það ekki, hvað sem almennur fundur þar um segir. Það er því óþarfa umstang að vera að kalla saman fund, sem er þýðingarlaus, einkanlega í kaupstöðum, þar sem opt er erfitt að fá komið á lögmætum fundum. Einhverjir kynnu að segja, að það væri ástæða eigi að síður, því ef hreppsnefndirnar og bæjarstjórnir væru óráðnar í, hvort þær ættu að veita leyfið eða eigi, þá kynni almennur fundur að hafa áhrif á þær og atkvæði þeirra. En þegar að er gáð, þá hefur þessi athugasemd eigi þýðingu fyrir málið, því hjer er einungis farið fram á, að hreppsnefnd og bæjarstjórn hafi frumkvæðisrjettinn *til þess* að þær geti fyrirbyggt allar umræður og fundarhöld um málið, *þegar* þær eru mótfallnar vínsöluleyfinu, og virðist sú tilhögun fullkomlega vera í anda þessara laga. Það liggur í augum uppi, að þótt þetta ákvæði, að fyrst skuli leggja málið undir almennan fund hafi staðið í veitingalögunum 1888, er engin ástæða til að taka það upp í þessi lög, þar sem ákvæðið er óþarft, og allir munu vilja gjöra þessi lög sem bezt úr garði.

1. br. fer fram á, að fyrir: „það, og skal hreppsnefndin síðan“, komi: „það. Samþykki meiri hluti hreppsnefndarinnar beiðnina, skal hún.“

2. br. vill láta orðin: „og auk þess samþykki meiri hluta hreppsnefndarinnar“ falla burt.

3. og 4. br. eru samsvarandi breytingar áhrærandi kaupstaðina, því 2. gr. er tvískipt, fyrri hlutinn er um hreppa og sveitir, hinn síðari um kaupstaði. Og þótt þessi ákvæði

hafi litla þýðingu í sveitunum, þar sem hægt er að bera allt slíkt upp á hreppaskilaþingum, þá á það ekki við í kaupstöðum, þar sem allir þekkja, hve erfitt er að ná mönnum saman, t.d. hjer í Reykjavík.

Framsögum. meiri hlutans (Sig. Stefánsson): Það gleður mig, að framsögumaður minni hlutans sjer nú ástæðu til að lappa upp á frv. En jeg er honum ekki samdóma um breytingarnar, þótt þær ef til vill bæti formið að nokkru. Aðalmismunurinn milli okkar er sá, að vjer, meiri hlutinn, viljum leggja aðalvaldið í hendur hrepps- eða kaupstaðarbúa, en minni hlutinn vill leggja það í hendur hreppsnefndum og bæjarstjórninni. En ef hreppsnefnd og bæjarstjórn hefur ein úrskurðarvald, er þýðingarlaust að leita atkvæða fjöldans, því allt er þá afráðið og fastákveðið, þegar hreppsnefndin eða bæjarstjórnin hafa sagt vilja sinn. Frv. gjörir ráð fyrir, að málið sje lagt undir almennan fund, hvort sem hreppsnefndin eða bæjarstjórnin er með eða mót, og að það sjeu allir atkvæðisbærir menn, sem veita eða synja um leyfið. Mjer þykir ólíklegt, ef fundurinn hefði aðra skoðun en hreppsnefndin, að hún ljeti sína persónulegu skoðun verða ofan á, þar sem hún ekki er annað en „Repræsentant“ almennings viljans. Fundurinn getur því óbeinlínis þvingað hreppsnefndina til að vera í samræmi við meiri hluta almennings, þótt hún sje á annari skoðun.

Framsögum. minni hlutans talaði um, hve erfitt væri að fá lögmæta fundi í kaupstöðum. Þetta tel jeg fremur kost en löst, að lögin sjeu svo útbúin, að erfitt sje að fá leyfið. Það er sorglegt, þegar hver kaupmaðurinn rís upp við hliðina á öðrum, sem ekkert annað hefur á boðstólum en áfengisvörur, og þó hygg jeg, að h. minni hl., sem er búsettur hjer í Reykjavík, hafi sjeð mörg dæmi þessa. — Jeg hefði samt ef til vill getað greitt atkvæði með þessum breytingum, ef tíminn væri ekki svona naumur, og jeg óttaðist, að þær yrðu því til fyrirstöðu, að málið fengi framgang á þessu þingi.

Framsögum. minni hlutans tók fram, að erfitt væri, að ná almennum fundi, en þetta er ekki tilfellið í sveitinni, því þar eru hreppaskilaþingin lögskipaðir fundir. Í kaupstöðum á þetta sjer reyndar stað, en jeg tel það kost, hvað þessu máli viðvíkur. En jeg held þó, að þetta sje of mikil hræðsla, og hvað sýnir það svo, ef ekki næst lögmætur fundur? Það sýnir, að mönnum er enginn áhugi með að veita leyfið og skaðinn er þá ekki mikill, þótt það dragist.

Jeg hef svo ekki meira að taka fram, en skal að eins geta þess, að ef deildin samþykkir breytingarnar, hefur hún að mínu áliti dæmt frv. til dauða, og tel jeg það skaða, þar sem hjer er um gott frv. að ræða, og góðu frv. munu ekki verða of þung í vösum þingmanna, þegar heim af þessu þingi kemur, þótt þetta fylgi með.

Framsögum. minni hl. (Jón Jakobss.): Jeg gat varla fallizt á eina einustu setningu af því, sem h. framsögum. minni hl. sagði.

Hann sagði, að valdið væri flutt yfir á hreppsnefndir og bæjarstjórnir frá hreppsog kaupstaðarbúum, ef breytingartillaga mín kæmist að. Þetta er ekki rjett, ekki valdið, heldur „Initiativið“ frumkvæðisrjetturinn er fluttur, því hreppsnefndum og bæjarstjórnum er í lófa lagið, þótt frv. meiri hlutans yrði samþykkt, að segja nei, þótt fundurinn hefði sagt já.

Framsögum. hugði ekki, að hreppsnefndir mundu ganga móti vilja fjöldans. Jeg fyrir mitt leyti vona, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir yfirleitt sjeu svo sjálfstæðar, að þær fylgi sannfæringu sinni, hvað sem svo fjöldinn segir.

Þá segir framsögum. að það væri kostur, að ákvæðið um fundinn gjörði

mönnum svo erfitt fyrir að ná vínsöluleyfi, þar sem opt væri svo örðugt að koma á reglulegum, lögmætum fundum. Hann virðist því ganga út frá, að fundurinn mundi vanalega veita leyfið, ef hann kæmist á, en fundurinn getur alveg eins neitað og játað, og framsögum. á alls ekki heldur víst, að allir þeir, sem ekki sækja fund, sjeu á móti leyfinu, eins og kom fram í ræðu hans, því það eru margar ástæður aðrar, en áhugaleysi, sem hindra menn frá að sækja fundi, einn er í róðri, annar í kaupavinnu o. s. frv.

Svo kom rúsínan í pylsuendanum, þar sem framsögum. gat þess, að frv. gæti ekki gengið fram á þessu þingi, ef það væri bætt með breytingum. Jeg hefði getað skilið þessa ástæðu, ef breytingarnar hefðu verið eins „radikalar“ og farið er fram á í nefndaráliti minni hlutans, en þegar breytingarnar að eins eru til þess, að gjöra frv. þýðara og aðgengilegra, get jeg ekki skilið, að Nd. samþykki þær ekki. Frv. gekk með 16 samhlj. atkv. gegnum Nd.; mjer finnst því gengið nokkuð nærri heiðri h. systurdeildar, með því að gjöra henni getsakir um, að hún felli frv., þótt því hafi verið breytt talsvert til batnaðar að efninu til.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg er því meðmæltur, að heppileg lagaákvæði sjeu sett um það, að kaupmenn þeir, er byrja verzlun, skuli eigi að sjálfsögðu fá um leið leyfi til að verzla með áfengi, er jafnan mun verða öllum miður styrkum mesta ólyfjan. Þá er þetta frv. kom fyrst hingað til h. þingd. áleit jeg, að það væri í þessu till. í rjetta stefnu, en að ske mætti að ákvæði þess stæðu til bóta, og fyrir því var jeg eigi á móti því, að nefnd væri sett til að hugleiða það. Nú hefur meiri hluti nefndarinnar komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettast sje, að samþ. frv. óbreytt, en minni hlutinn aptur á móti, að það beri að fella það. Þó hefur minni hlutinn nú síðar komið fram með br.till. við frv. sjálft.

Breytingar þessar eru að minni hyggju til bóta. Það er talsvert hagræði, einkum í kaupstöðum, að þurfa eigi að kalla saman almennan fund, nema hlutaðeigandi bæjarstjórn vilji fyrirfram fyrir sitt leyti veita hið umbeðna leyfi. Jeg verð að ganga út frá því, að bæjarstj. muni að jafnaði hafa sjálfstæða skoðun á slíku máli, og þar sem um tvo málsaðila er að gjöra, verður jafnan að ganga út frá því, að hvor um sig hafi sjálfstæða skoðun, annars eru slík ákvæði tilgangslítil. Í hreppunum hefur þetta aptur á móti minni þýðingu, þar sem frv. gjörir ráð fyrir, að slík mál skuli útkljá á hreppaskilaþingi. Jeg mundi því óhikað greiða atkv. með br.till. þessum, ef engin hætta væri fyrir því, að frv. næði fram að ganga, þótt þær yrðu samþ. En jeg minnist þess, að hæstv. landsh. tók aptur br.till., sem hann átti við frv. hjer í þessari h. þingd. og rjeði einum þm. til hins sama af ótta fyrir því, að málið kynni að daga uppi, ef breyt. kæmust að. Síðan eru þó liðnir 3—4 dagar. Jeg verð því að álíta, að það sje mjög vafasamt, að frv. þetta hafi nægilegan tíma til að útkljást, ef nú verða gjörðar breyt. við það hjer í h. þingd. Jeg neyðist því til, að vísu á móti betri vitund, að greiða atkv. á móti br.till. af því að mjer er annt um frv. þetta, og vil eigi verða þess valdandi, að það dagi upp í þinginu. Jeg bið h. flutningsm. br.-till. að virða mjer þetta til vorkunnar.

Framsögum. meiri hl. (Sig. Stef.): Jeg ætla mjer ekki að reyna að sannfæra h. framsögum. minni hl. (J. Jak.); jeg hef játað það, að br.till. hans eru til bóta formlega, en að því er meginreglu frv. snertir, virðist mjer það ekki. 2. gr. þessa frv. er tekin orðrjett eptir veitingalögunum frá 1888, og væru ákvæði þeirra laga mjög óheppileg, mundu hafa komið fram

raddir um, að breyta þeim; en þær hafa engar heyrzt enn og þó eru þau lög nú orðin 9 ára gömul, svo að nokkur reynsla er þegar fengin fyrir notkun þeirra. Þetta sýnir, að ákvæði það í þessu frv., sem hjer er nú að ræða um að breyta, mun ekki vera eins óhyggilegt, eins og h. minni hl. vill álíta, enda er ætíð hægurinn hjá, að fá lögum þessum breytt síðar, ef svo reynist í framkvæmdinni, að þau sjeu miður hentug; það munu þá koma fram óskir um það frá landsmönnum.

Framsögum. minni hl. (J. Jak.): H. framsögum. meiri hl. (S. Stef.) hefur með berum orðum játað það, að br.till. mínar sjeu til bóta, en samt vill hann ekki aðhyllast þær; hann ber svo mikinn ótta fyrir því, að frv. muni þá ekki hafa nægilegan tíma til að útkljást á þessu þingi. Jeg get nú ekki sjeð, að svo mikið sje í húfi, þótt frv. þetta bíði til næsta þings; lög þessi verða hvort sem er ekki svo fljótverkandi. En jeg sje eigi nokkra ástæðu til, að bera þennan ótta; úr því að h. þm. finna það, að breyt. eru til bóta, er full ástæða til að ætla, að h. Nd. muni einnig viðurkenna það og samþ., svo frv., eins og það kemur hjeðan úr þingd., þar sem frv. það, sem nú liggur fyrir hjer, var samþ. á sínum tíma í Nd. með yfirgnæfandi atkv.fjölda. Jeg hygg, að það sje einnig fullkomlega ómaksins vert, að losna við slík ónauðsynleg „plebiscita“, sem gjört er ráð fyrir í frv. þessu. Jeg segi fyrir mig, að jeg er fullsaddur á þeim samþykktarfundum og prestakosningarfundum o. s. frv., sem þegar hafa verið lögleiddir, þótt ekki sje gjörður leikur til að fjölga enn slíkum fundum, og það enda fundum, sem enga minnsta þýðingu geta haft, eins og í því tilfelli, sem hjer er um að ræða.

Guttormur Vigfússon: Jeg mun greiða atkv. á móti frv. þessu, enda þótt br.till. þessar verði samþ. og skal jeg fara fám orðum um ástæður mínar fyrir því.

Jeg get ekki skilið, hvernig á því stendur, að h. þingd.m. er svo mikið kappsmál, að fá frv. þessu framgengt endilega á þessu þingi; jeg get ekki sjeð þær bráðu umbætur, sem af því mundu leiða. Jeg gæti skilið það, að manni, sem væri nýbúinn að stofna einhverja brennivinsholu og hræddur væri um, að annar mundi setjast að við hlið sjer og verzla með áfengi, — gæti verið frv. eins og þetta, kappsmál. En jeg fæ eigi sjeð, að það hafi mikla þýðingu fyrir landið í heild sinni. Frv. fer alls eigi í þá stefnu, sem jeg álít nauðsynlegt, nfl. að takmarka vínsölu og vínnautn í landinu, því nú eru þegar komnar upp á hverri vík umhverfis allt land verzlunarstaðir, sem leyfi hafa til að verzla með áfengi um óákveðið langan herrans tíma; jeg get því eigi sjeð, að það geti gert til nje frá, hvort frv. þetta verður að lögum 2 árum fyr eða síðar. En sje frv. geymt til næsta þings, kann að vera, að frv. komi fram, er frekari og betri skorður reisir á móti vínsölu og vínnautn, og það álít jeg vel til fallið.

Það helzta, sem frv. þetta gjörir, virðist mjer vera það, að veita einstökum mönnum og verzlunarhúsum einkaleyfi til vínsölu fram í aldir, því jeg hefi þá skoðun, að t. d. verzlunarhús eða fjelög, þar sem opt kann að verða eigendaskipti, hljóti að halda vínsöluleyfinu meðan nafn fjelagsins er það sama. Jeg vænti frá einhverjum lögfræðingi deildarinnar skýringar á því, hvort þessi skilningur er ekki rjettur, hvort verzlunarleyfi muni eigi fylgja verzlunarstað og verzlunarhúsum, þótt eigandaskipti verði, þegar sama nafnið helzt. Jeg vil taka t. d. Örum & Wulff. Það verzlunarhús hefur víst rekið hjer verzlun nærri heila öld og heitið þessu sama nafni, þótt opt hafi skipt um eigendur. Sje það nú svo, að verzlunarleyfið fylgi verzlunarnafninu, þá geta verzlanir þær, sem nú eru til á þennan hátt, öðlazt

einkarjett til vínsölu um ókomnar aldir. og jeg fæ eigi sjeð, að það sje nokkur takmörkun á vinnautn eða vínsölu. Það mundi betur verka í takmörkunaráttina að leggja hátt gjald á þá, sem vínsölu hafa, segjum 3—400 kr. árlegt gjald; þá mundi tilganginum betur hafa orðið náð og þá mundi jeg hafa getað orðið með.

Framsögumaður meiri hlutans (Sigurður Stefánsson): H. þm. S.-Múl. (G. V.) hafði ekki mikla trú á þessu frv. og áleit það ekki nauðsynlegt. Hann játar þó, að brennivínsholur sjeu komnar upp víðsvegar umhverfis landið, en hann álítur ekki bráðnauðsynlegt, að stemma stigu fyrir því, að nýir hópar af slíkum áfengisþröngurum bætist árlega við. Honum virtist frv. helzt geta verið kappsmál fyrir munn, sem nýbúinn væri að búa sjer til brennivínsholu, en væri hræddur við að fleiri fengju verzlunarleyfi við hliðina á sjer. Það mætti alveg eins snúa þessu við og segja, að þeim manni væri kappsmál, að frv. þetta gengi ekki fram, sem einhverra hluta vegna gæti nú sem stendur ekki keypt sjer verzlunarleyfi, en ætlaði síðar meir að gjöra það.

Það liggur þó í augum uppi, að frv. þetta, ef það verður að lögum, stemmir stigu fyrir því, að framvegis fjölgi mjög þessum brennivínsholum, sem h þm. svo kallar; og því fyr byrja þessar verkanir frumv., því fyr sem það verður að lögum. Og þó að frv. nái ekki til þeirra, sem nú þegar hafa fengið verzlunarleyfi, þá gjörir það í sjálfu sjer minna til; þær verða ekki allar langlífar verzlanirnar hjer á landi, og eptir því sem þeim verzlunum fækkar með tímanum, sem nú eru til hjer á landi, eptir því fækkar einnig þeim, sem áfengi selja. Og þó að sá tími komi, að þeim sje fækkað svo mjög, að ekki verði eptir nema einstöku kaupmenn eða verzlunarhús á öllu landinu, sem rjett hafa til að selja áfengi, þá álít jeg engan skaða skeðan. Því færri sem áfengissalarnir eru, því meiri líkur eru til, að áfengisnautnin einnig minnki, með því að því örðugra verður að ná í áfengið. Vjer höfum reynslu fyrir því, að slíkt hefur mikla þýðingu; optast er drykkjuskapur mestur í kring um þessar brennivínsholur og liggur það einmitt í hægðinni að afla sjer þess. Þó að svo fari á ókomnum öldum, að áfengissalan verði hreinasta einokun, ber jeg engan kvíðboga fyrir því, að þjóð og þing muni ekki finna nóg ráð til að ráða bætur á því.

Jeg er ekki lögfróður, en mjer virðist eðlilegt, að ef nýr eigandi verður að einhverri verzlun, verði hann að kaupa sjer nýtt borgarabrjef.

H. þm. Skagf. (J. Jak.) sagði, að hann væri saddur á þessum almennu mannfundum, og vildi ekki láta lög gefa tilefni til að fjölga þeim. Jeg segi nú fyrir mitt leyti, að mjer þykja þessir almennu mannfundir hinir skemmtilegustu fundir. Mjer þykir það reglulega skemmtilegt að heyra alþýðumenn færa ástæður fram með og móti málum þeim, sem liggja fyrir á slíkum fundum. Slíkir mannfundir eru og einkar nauðsynlegir til þess að reka burtu alla sjervizku og eintrjáningsskap en glæða fjelagslíf og alla samvinnu manna í milli. Og fyrir því álít jeg öll þau lög fara í rjetta átt, sem miða til þess að auka vald hjeraðanna, og þar af leiðandi fjölga þessum almennu mannfundum.

Jeg álít því, að frv. þetta fari í rjetta átt, og þar sem tilgangur þess er góður ber jeg það traust til landsmanna, að afleiðingarnar verði einnig góðar og heppilegar.

Þar sem h. Nd. hefur svo einhuga samþ. frumv., vænti jeg og, að þessi h. þingd samþ. það einnig.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg er samdóma h. framsögum. meiri hl. (S. St.) um að mál þetta sje fullrætt. Jeg get þó ekki stillt mig um að koma með eina at-

hugasemd, sem minnst var á við 1. umr., sem mjer þykir hlýða, að drepið sje á á ný. H. þm. S.-Múlas. (G. V.) sagði, að ekki væri þörf á lögum þessum og þau mættu bíða, því þau væru ekki bráðnauðsynleg, en játaði þó, að bennivínsholunum væri stöðugt að fjölga út um allt land. En jeg verð að taka undir með h. framsögum. (S. St.), að því fleiri, sem þessar brennivínsholur eru, því meiri verður áfengissalan, og því nauðsynlegra að stemma stigu fyrir þeim.

Það sem jeg vildi taka fram er, að eins og kunnugt er, hafa nokkrir kaupmenn þegar af sjálfshvötum hætt að verzla með áfengi, af því þeir hafa ekki álitið það gróðaveg fyrir sig, og beinlínis til skaða fyrir skiptavini sína. Mjer virðist að þessa kaupmenn ætti að styðja, svo þetta verk þeirra gæti borið sem beztan árangur. En hvernig á þá að styðja þá? Það verður bezt gjört með því, að sporna við því, að aðrir eyðileggi það, sem þessir kaupmenn hafa byrjað á. En nú má búast við, að einhverjir smákaupmenn setjist niður við hliðina á þessum kaupmönnum og taki að selja áfengi drykki, en því getur sá kaupmaður, sem fyrir er, með engu móti spornað við, þó hinn nýi kaupmaður, sem hefir þúsund sinnum minna vörumagn, eyðileggi í þessu efni allt það er hinn eldri kaupmaður hefur gjört. Þetta atriði gjörir ný lög, sem takmarka slíkar nýjar vínfangaverzlanir, bráðnauðsynleg, lög, sem styrkja góða stefnu, en tálma hinni, sem fer í gagnstæða átt.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Jakobsson): Jeg vildi mótmæla því, sem h. framsögum. (S. St.) sagði, að það gætu verið til menn, sem vildu byrja á vínfangaverzlun, en gætu ekki. Mjer skilst ekki betur en hverjum manni sje frjálst að kaupa borgarabrjef á 10—20 höfnum, eða svo mörgum sem hann óskar, áður en lög þessi gætu öðlazt gildi, án nokkurs tillits til, hvort hann ætlaði eða gæti byrjað verzlun þá þegar í stað, og að svo gæti farið, að lög þessi hefðu þau áhrif, að fleiri keyptu borgarabrjef, áður en þau kæmu í gildi, en ella mundi orðið hafa á næstu 5—10 árum.

Hvað frumv. þetta snertir, þá má fljótt reka sig á það, að það er einn slæmur galli á því, svo að það er í mínum augum óvænlegt til árangurs. Það má ímynda sjer, að lögin gætu notið sín í þeim sveitum, þar sem bindindishreyfingin hefir náð góðri fótfestu, en þar þarf aptur á móti minnst á þessum lögum að halda, en í þeim hjeruðum aptur á móti, þar sem lítið ber á bindindi, og þörfin væri því mest á að sporna við aukinni vínfangasölu eru lög þessi ólíkleg til að hafa nokkurn árangur, því þar mun í flestum tilfellum leyfið verða óhikað veitt. Væri aptur á móti farin sú leið, sem jeg hef stungið upp á, að leggja hátt gjald á allar verzlanir, sem verzla með áfenga drykki, ímynda jeg mjer, að margir kaupmenn mundu ganga í samband með að hætta allri vínfangasölu og hvetja aðra til að gjöra slíkt hið sama, og slík lög hefðu einnig þann mikla kost fram yfir þetta frumvarp, að þau næðu jafnt yfir alla, en yrðu ekki einokunarlög til hags fyrir einstakar verzlanir. Það getur verið, að meiri vínföng verði keypt á þeim stöðum, þar sem eru 10 verzlanir, heldur en þar sem þær eru að eins 4 eða 5, en jeg geng þó út frá því, að litlu muni um, þó nokkrar smáverzlanir bætist við, því gömlu verzlunarhúsin hafa aðalverzlunarafl ið í höndum sjer.

H. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) tók fram, að þar sem „firma“ væri, sem hefði fleiri eigendur en einn, þá hjeldi það vínsölurjettinum; þó einn eigandinn dæi, þá tæki annar við; aptur væri öðru máli að gegna þar sem ekki væri „firma“, og álít jeg að þetta sje rjett, enda hefur hvorugur lögfræðingur deildarinnar mótmælt því og sýnir það bezt, að lög þessi munu verða

nokkru seinvirkari en meðmælendur þeirra hyggja.

H. framsögum. (S. St.) kvað það vera mjög ánægjulegt, að koma á samþykktarfundi í hjeruðum, því vilji hjeraðsbúa kæmi þar svo vel í ljós. Jeg get trúað því þar sem allt fer skikkanlega og skaplega fram, en skyldi hann þá ekki stundum hafa sjeð viljann lýsa sjer í rifrildi, að jeg ekki segi handalögmáli. Það getur vel verið, að slíkir fundir sjeu fjörugir, en það er þá í öfuga átt, og að maður, sem er þingmaður og prestur, sem á að vaka yfir siðferði manna, skuli hafa gaman af slíkum fundum er mjer alveg óskiljanlegt.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gat þess, að þeir kaupmenn væru til, sem væru hættir að verzla með áfengi. Þetta er satt, en aðgætandi er, að þeir kaupmenn út um land, sem tekið hafa þessa stefnu eru einir um hituna og ráða yfir viðskiptunum á viðkomandi verzlunarstöðum, og þeim gjörir það því engan viðskiptahnekki, þótt þeir hætti að selja áfengi, en ef 2—3 kaupmenn aðrir eru við hliðina, mætti telja sjálfsafneitun, ef þeir hættu áfengissölu, því þeir gætu verið hræddir um, að það drægi úr viðskiptum sínum. Og í þessum lögum er engin trygging fyrir því, að þeir geti ekki fengið „Konkurrenta", er flytja sig til þeirra frá öðrum stöðum.

Af því að jeg er meðmæltur tilgangi frv. og vildi, að það færi sem bezt úr garði gjört frá þinginu, og ekki er útlit fyrir, að frv. strandi, þó breyt.till. mínar sjeu samþykktar, þá get jeg ekki fylgt bendingu h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) um, að taka þær aptur, en óska að þær verði samþykktar, því jeg álít, að þær miði til að bæta frumv. til muna.

Guttormur Vigfússon: Jeg er samdóma h. framsögum. (S. St.) í einu einasta atriði, nefnilega í því, að ekki sje ástæða til að halda lengri ræðu um þetta mál. En jeg stóð þó upp að eins til þess, að lýsa því yfir, að það er ekki rjett, sem hann sagði, að jeg hafi sagt, að það væri ekki ástæða til að stemma stigu fyrir vínsölu í landinu. En hitt sagði jeg, að jeg áliti, að frv. næði ekki tilgangi sínum og jeg tel líklegt, að ef frumvarpið væri fellt nú, muni síðar meir finnast betri ráð til að stemma stigu fyrir vínsölu, en þetta frumv. gjörir, sem jeg álít til einskis gagns.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 7 samhlj. atkv.; 1. breyt.till. (C. 480) við 2. gr. felld með 6 atkv. gegn 4, og voru þá hinar breyt.till. teknar aptur.; 2. gr. frv. samþ. með 6 samhlj. atkv. Fyrirsögn frumv. samþ. með 6 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 6 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (C. 211, 256); 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Það hefur verið talað töluvert um þetta frumv. við frh. 1. umr. og virðist því ekki ástæða til að tala mikið um það nú, einkanlega þar sem engar breyt.till. liggja fyrir. Jeg vona, að menn kannist við, að það sje ekki ástæðulaust, að stofnaður sje skóli hjer á landi, þar sem alþýðukennendur geti fengið menntun, hvort heldur þeir eiga að kenna börnum í barnaskólum eða að vera umgangskennarar í sveitum. Jeg vona, að menn kannist við, að bezt sje, að þessir kennarar geti fengið sem bezta fræðslu, því það sje ekki vandalaust verk, sem þeir eiga síðar að inna af hendi, að hafa áhrif á allt eðli barnanna í rjetta átt, vona að menn finni, og játi, að það borgar sig að gjöra þessa menn svo vel úr garði sem unnt er, finni að þó það fje sje ekki mikið, sem varið er til alþýðufræðslu af því opinbera, þá sje þó ástæða til að tryggja, að því fje sje sem bezt varið, enda sje um meira fje að ræða,

því ótalið sje það fje, sem einstakir menn og sveitafjelög og bæjafjelög veiti til uppfræðslu barna. Þó þetta fje fari ekki allt til kennaranna, heldur sumpart til annars kostnaðar við skólahaldið, þá er þó allmikið í húfi og það varðar miklu, að þetta fje geti komið að sem beztum notum, en það má bera kvíðboga fyrir því, að kennslan fari meira eða minna í handaskolum, ef kennararnir eru ekki starfi sínu vaxnir. Jeg hygg, að allir muni kannast við, að til þess að kennarar þessir geti fengið nauðsynlega menntun þurfi skóla, er sjerstaklega sjeu til þess sniðnir. En hjer er ekki aðgangur að neinni þeirri stofnun, er kennaraefni geti fengið vísindalega og verklega menntun til að búa sig undir kennarastörf, nema þessi kennarafræðsluvísir, sem nú er farið fram á að fullkomna. Jeg játa að vísu, að til sjeu þeir menn, sem hafi orðið góðir kennendur án þess að hafa gengið á kennaraskóla, en það eru þó menn, sem hafa haft sjerstaklega góða kennarahæfileika, sem fyrir einlægan áhuga og gáfnalag eru undantekning frá almennri reglu, en þetta er undantekning, fleiri eru þeir, sem hafa að eins meðalgáfur og þurfa langan tíma til náms til að búa sig undir starf sitt.

Kennarakennslan hefur reyndar átt sjer stað áður um nokkur ár en í ófullkomnum og litlum stil og lítil trygging er fyrir því, að þessari kennslu verði haldið áfram. Það, sem frv. þetta fer fram á, er, að koma kennslu þessari í fastara horf, og fullkomnara og að binda þá menn við þetta starf, sem hafa gjört sig hæfa til að inna það af hendi, svo þeir sjái að verk þeirra sjeu viðurkennd, og að löggjafarvaldið hafi tryggt starf þeirra, svo þeir megi óhræddir gefa sig við því, og þurfi ekki að hafa það í hjáverkum. Yrði frv. samþykkt gæti gagnfræðakennslan sameinast kennarafræðslunni á eðlilegan hátt. Það hefur verið tekið fram, að landssjóður gæti bundið sjer byrðar á herðar með stofnun kennaraskólans, en jeg skil það ekki, þar sem hið opinbera hefir þegar styrkt kennarafræðsluna og er fúst að veita aukið fje til hennar. Gjaldauki sá, sem um væri að ræða væri í hæsta lagi 3000 kr., þar af er beinn gjaldauki 800 kr. til launa, en svo mundi bætast við ýmislegt fleira í óbeinum útgjöldum, sem kynni að nema 12—16000 kr. En þótt svo færi, að útgjöldin yrðu meiri, yrðu þau þó naumast meiri, en þau kynni að aukast á fjárlögunum á næstkomandi 10 árum, og hygg jeg því, að munurinn yrði ekki stórvægilegur en aðaláherzlan er, að tryggingin fyrir skólanum yrði meiri og notin af honum fullkomnari.

Jeg vil því biðja h. deild að líta með velvild á frv., sem miðar til þess, að koma einu af velferðarmálum vorum í gott horf. En þar sem deildin er ekki fullskipuð vona jeg að þeir, sem eru mótfallnir frv. láti ekki alla mótstöðu sína koma fram á „þessu stigi málsins“, heldur leyfi frv. að ganga til 3. umr.

ATKVÆÐAGR: 1. gr. frv. samþ. með 6. atkv. gegn 4. að viðhöfðu nafnakalli. og sögðu.

já:	*nei:*
Guttormur Vigfússon	Jón A. Hjaltalín
Hallgrímur Sveinsson	Þorleifur Jónsson
Jón Jónsson	Jón Jakobsson
Kristján Jónsson	Sigurður Jensson
Sigurður Stefánsson	
Þorkell Bjarnason	

2. gr. frv. samþ. með 6 atkv. gegn 4

3. gr. samþ. með 6. atkv. gegn 4.

4. gr. — — 6. — — 4.

5. gr. — — 6. — — 4.

Við 2—5. gr. var einnig viðhaft nafnakall og voru sömu neitendur og játendur og við 1. gr.

6. gr. samþ. með 6. shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 6. samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Fertugasti og fyrsti fundur, laugardag 21. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi nema L. E. Sveinbjörnsson 1. kgk. þm.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1896 og 1897 (C 402); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. sþ. í e. hl. og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi o. s. frv. (C 428): 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. sþ. í e. hl. og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um lögaldur. (C 449, 487); ein umr.

Framsögum. (Kr. Jónsson): Það er kunnugt, að frv. þetta er upphaflega komið frá h. Nd. Nefnd sú, sem skipuð var í þetta mál hjer í deildinni, lýsti því yfir að hún áliti það ekki sjerlega nauðsynlegt að breyta gildandi lögum í þessu efni, en úr því að menn vildu breyta þessum lögum, þá virtist henni rjett, að setja þau í það horf, að þau gætu komizt í sem mest samræmi við hina eldri löggjöf vora, og yrðu jafnframt sem samkvæmust hinum gildandi lögum vorum um skyld málefni. Á þetta fjellst þessi h. þd., samþykkti frv., er samið var með tilliti til þessarar grundvallarskoðunar, og sendi það síðan til h. Nd. Nú hefur Nd. breytt því og tekið upp aptur ákvæðið um 21 árs aldurinn sem það aldurstakmark, þá er menn skuli vera fullveðja, en hefur ekki aðhyllzt ákvæði þessarar deildar um breytingu á hálfmyndugs-aldurstakmarkinu. Nefndin hjer í deildinni hefur enn ekki getað aðhyllzt þetta 21 árs aldurstakmark, og álitur ástæður þær, sem færðar voru fyrir þessari skoðun í nefndarálitinu hjer í deildinni í sumar, vera á gildum rökum byggðar. Ástæðurnar, sem nefndin færir fyrir að breyta 25 ára aldurstakmarkinu fyrir fullmyndugsaldri þannig, að það verði 20 ára aldur, en ekki 21 árs aldur, eru aðallega þær, að 20 ára aldurstakmarkið var í gildi hjer á landi fram yfir 1830, og er þannig í samræmi við hina eldri löggjöf vora, sem enn mun eigi vera gleymd almenningi hjer á landi. Í öðru lagi er það í samræmi við annað aldurstakmark, nfl. það hvenær karlmenn megi giptast, því að samkvæmt tilsk: 20. apríl 1824 mega þeir giptast 20 ára gamlir. Vegna þessa virtist nefndinni hjer í deildinni rjettara að miða fullmyndugleikatakmarkið við 20 ára aldur, þar sem henni þótti óviðkunnanlegt, að giptir menn væru ekki fullmyndugir til að ráða fjármálum bús síns, úr því að þeir annars sem kvongaðir menn hljóta að veita búi forstöðu. Þetta er önnur aðalástæðan, sem nefndin hjer færir fyrir því, að þetta aldurstakmark sje bundið við 20 ára en ekki 21 árs aldur.

Jeg hygg, að Nd. hafi byggt breytingu sína um 21 árs aldurinn á því, að það muni vera almennt lögtekið í mörgum öðrum löndum, en það er þó ekki enn gjört, svo mjer sje kunnugt í Danmörku eða Svíþjóð. Og þó það sje lögtekið í ýmsum öðrum löndum, þá hefur þetta ákvæði um myndugleika manna (e: hvenær þeir skuli vera fullveðja), enga verulega þýðingu „internationalt"; það er að öllu leyti innlent löggjafarspursmál, og jeg hefi ekki í neinum samningum þjóða á milli („internationale Traktater") sjeð ákvæði um myndugleika-aldur, þannig að löggjöf eins ríkis í þessu efni ætti að lagast eptir löggjöf annars ríkis.

Það eru til ýms svo kölluð millirikjalög milli Dana, Svía og Norðmanna, en jeg veit ekki til þess, að í þessum lögum sje nokkurt ákvæði um það, að myndugsaldurinn skuli vera hinn sami í öllum löndum. Þetta hvorttveggja sýnir, að löggjöf hvers lands sem er, um "myndugleika" hefur eigi þýðingu í „international" tilliti.

Allt að einu hefur það nú lengi verið efst á baugi bæði í hinum skandinavisku löndum og öðrum löndum, að koma á laga-

setningu, sem væri „international“, eða að minnsta kosti að gjöra lagaskipunina sameiginlega fyrir nálægar og skyldar þjóðir, og vil jeg í því efni minna á sjólög, „concurs“-lög, rjettarfarslög o. fl., en það hefur aldrei verið minnst á það, að gjöra lögin um myndugleiks-aldur að *„international“-lögum*, eða að taka þau upp í *„millirikjalög“*, eða yfir höfuð að laga og liðka það eptir annars lands lögum. Jeg verð því að ætla, að það sje rjett, að h. Ed. haldi fram frv. því, sem hún samþykkti í sumar; jeg hygg að þær ástæður, sem færðar voru fyrir því þá, sjeu fullgildar. Jeg vil þess vegna að endingu leyfa mjer, að mæla með breyt.-till. þeim, sem farið er fram á í nefndaráliti þessarar deildar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 487) samþ. með 9 samhlj. atkv. Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta sameinaðs þings til þess þar að leggjast fyrir þingið.

Frv. til laga um horfelli á skepnum (C. 452, 471); ein umr.

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Eins og tekið er fram í nefndarálitinu hjer í deildinni, getur engum blandazt hugur um, að frv. þessu hafi verið stórum spillt í h. Nd. Hinum þýðingarmestu ákvæðum þess hefur verið breytt svo, að minni trygging er fyrir því, að frv. verði að tilætluðum notum, jeg á hjer sjerstaklega við ákvæðin í 2. 3. og 4. grein um skoðunargjörðirnar. Mig furðar stórlega á því, að jafnmargir fjárbændur, sem í h. Nd. skuli ekki hafa betra vit á þessu.

Í 3. gr. frv. er dregið úr valdi skoðunarmannanna þannig, að eptirlit þeirra hlýtur að verða slælegra eptir ákvæðum h. Nd.; en aðalbreytingin er þó á 5. gr. því að þar stendur, að brot gegn lögum þessum skuli varða sektum frá 10—200 kr. eða einföldu fangelsi allt að sex mánuðum; en í Ed. frumv. átti að dæma slík brot eptir hegningarlögunum. En þrátt fyrir það, þó h. Nd. þannig hafi spillt þessu frumv., álítur nefndin hjer þó töluverðar rjettarbætur í því enn þá, en sem eingöngu eru þessari h. þingd. að þakka, og vegna þess, að tími þingsins er orðinn svo naumur, ræður hún h. Ed. til að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir, og þótt hún sje óánægð með það í þeirri mynd, sem það hefur komið í frá h. Nd., þá vill hún láta bíða næsta þings með breytingar á því.

Nefndin vill þess vegna eptir atvikum ráða h. Ed. til að samþykkja frumv., þrátt fyrir þá stórgalla, sem orðið hafa á því í h. Nd.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 8 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um bann gegn botnvörpuveiðum (C. 453, 477); ein umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það virðist svo sem frumv. þetta hafi átt örðugt uppdráttar. Það kom hjer fram í deildinni 1. eða 2. dag þingsins, og var afgreitt fljótt hjeðan. Nú er það fyrst komið hingað aptur fyrir 2 eða 3 dögum og þá með nokkrum, en þó lítilfjörlegum breytingum. Nefudin í þessari deild hefur aptur rannsakað frumv., og hefur nú lagt það til, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það síðast fór frá þessari h. Ed.

Breytingar h. Nd. eru 3. Í 2. gr. hefur verið bætt inn í ákvæði um dragstrengi. Nefndinni hjer þótti ekkert athugavert við þessa viðbót, þótt hún reyndar á hinn bóginn ekki gæti betur sjeð, en að hið gamla ákvæði væri full ljóst, því að dragstrengir hljóta að falla undir ákvæðið: „öll veiðarfæri“. 2. breyt.till. h. Nd. er við 1. tölul. 3. gr.; í staðinn fyrir orðin: „er leita lands“ hefur h. Nd. sett: „er leita þurfa lands“. Þetta ákvæði fannst nefndinni ljósara en áður, og vill þess vegna mæla með því. Þessar tvær

breytingar eru þannig alveg meinlausar, og ekkert athugavert við að samþykkja þær.

3. breyt.till h. Nd. er athugaverðari.

Í frumv. h. Ed. stóð í 3. gr.: „Heimilt skal o. s. frv., og skulu þá öll veiðarfæri höfð í búlka innanborðs“. Þetta hefur h. Nd. fellt burt úr frv.

Þetta ákvæði stóð ekki í stjórnarfrv. en það var tekið upp í það hjer í deildinni eptir tillögum eins h. þingm., sem átti sæti í nefndinni, enda kannaðist nefndin við, að það væri á rjettum rökum byggt. En þar sem nú h. Nd. hefur fellt þetta ákvæði úr frv, þá álítur meiri hluti nefndarinnar í þessari deild nú mjög varhugavert, að taka það aptur upp í frv.

Nefndin hefur það fyrir augum, að það megi óttast, að frumv. þetta fái ekki framgang nú á þessu þingi, ef þetta ákvæði verður tekið aptur upp í það; á þetta vildi nefndin ekki hætta, og það því fremur, sem hún ekki álítur þetta ákvæði bráðnauðsynlegt. Nefndinni er kunnugt um það, að enginn *hjerlendur eða hjer á landi búsettur maður* rekur enn sem komið er fiskiveiðar með botnvörpum hjer við land; og þó að jeg skýrði frá því hjer í sumar við fyrri umræður þessa máls, að jeg hefði heyrt, að einn hjerlendur maður væri í undirbúningi með að reka fiskiveiðar með botnvörpum hjer við land, þá hef jeg enga vissu fyrir því, að svo sje, og er enda í vafa um, að sögumaður minn hafi hermt mjer rjett um þetta; jeg finn þess vegna ekki ástæðu til að halda fast við þetta ákvæði, með því að það að eins er sett vegna þeirra manna, sem einhvern tíma í framtíðinni kunna að stunda þessar fiskiveiðar hjer við land, en engin vissa og jafnvel ekki útlit fyrir, að þessi atvinnuvegur verði bráðlega rekinn hjer af innlendum mönnum. Þar sem nú bæði jeg og nefndin óttaðist fyrir, að ákvæði þetta gæti orðið frumv. til falls, þá vildi hún ekki, að það væri tekið upp í það aptur.

Jeg hef talað við hæstv. landsh. um áhrif þau, sem ákvæði þetta kynni að hafa á framgang málsins, en jeg hygg, að hann hafi ljósasta hugmynd um það, og jeg veit að afstaða málsins er engum manni hjer á landi kunnari en honum. Hann hefur sagt, að það væri mjög varhugavert, ef ákvæði þetta væri tekið upp aptur í frv. Jeg hygg því, að hin h. þingd. ætti að hugsa sig mjög vel um, áður en hún lætur þetta nauðsynjamál hrekjast aptur niður í h. Nd., og mæta þar sömu meðferð sem í sumar, þar sem það var 3—4 vikur í nefnd, slapp nauðuglegá frá nefndinni, og síðan nauðuglega út úr deildinni.

Það er mín innileg ósk, að frv. verði samþykkt, eins og það liggur nú fyrir, því að annars óttast jeg, að það fari alveg forgörðum í h. Nd.

Jón Jakobsson: Eins og sjá má af nefndarálitinu, hefur nefndin ekki öll getað orðið ásátt um þetta frv. Jeg hafði áskilið mjer rjett til þess, að setja aptur inn í frumv. niðurlagsákvæði 3. gr. um innlend botnvörpuveiðiskip, sem stóð í frumv., þegar það fór hjeðan úr deildinni, en sem h. Nd. felldi úr því. Jeg hef gjört það því meira óhikandi, sem jeg vissi, að af öllum þeim breyt.till., sem nefndin í h. Ed. gjörði við frumv. í sumar var þessi sú eina, sem samþykkt var í einu hljóði. Mjer finnst því varhugavert af h. þingd., þótt sú breyting, sem h. Nd. gjörði á frumv. merðist í gegn með eins atkvæðismun, að hlaupa nú upp til handa og fóta og segja já og amen við henni að ástæðulausu. Það sem vakti fyrir mjer og gjörði, að jeg ekki get gefið breytingu h. Nd. atkv. mitt var það, að það er „anomali“ í lögunum, að öllum þjóðum sje leyft að hafa gagn af auðæfum sjávarins kringum Ísland nema landsbörnum sjálfum

Mjer finnst þetta vera svo mikilsvert atriði, að jeg vil með engu móti sleppa því, enda valt það að eins á einu atkvæði í h. Nd., að frumv. ekki yrði samþykkt. Það sem hefur verið fundið ákvæði þessu til foráttu er leppagrýlan, það er að segja, að ef Íslendingar mættu afferma afla sinn, þá mundu þeir fljótt verða „leppar“ fyrir útlenda auðmenn, en af hvaða ástæðu menn eru hræddir um þetta, veit jeg ekki með vissu. Jeg hygg, að þegar gefin eru út lög, þá sjeu þau gefin út fyrir ærlega menn, eða fólk eins og fólk er flest, en ekki í þeirri meiningu, að meiri hluti manna sjeu þjófar, bófar og illþýði, því að fyrir þá er ekki hægt að setja nein lög, er vissa sje fyrir, að ekki verði fótum troðin. Ef frv. þetta verður samþykkt, eins og það kom frá h. Nd., þá er engu að síður ómögulegt að tryggja það, að útlend botnvörpuskip ekki komi á innstöðvar eða til hafna, þegar þau vilja, því að í frumv. stendur, að þau megi það, þegar þau vanti vistir og kol, en með vistum verður að telja vatn sem eina af aðalnauðsynjum hvers skips. Þeim er þess vegna allt af í lófa lagið að hella úr tunnunum, og segja að sig vanti vatn. Íslendingum er ekki heldur leyft að reka fiskiveiðar með botnvörpum í landhelgi, en að eins afferma aflann. Ef nákvæmari skorður þyrfti síðar, þá væri hægt að bæta það með lögum.

Jeg sje enga ástæðu til að gera Íslendingum ómögulegt að nota auðæfi sjávarins, þar sem allar aðrar þjóðir mega gjöra það. Aðrar þjóðir mega færa afla sinn heim, en Íslendingar mega það ekki. Það sjá allir, hversu öfug ákvæði þetta eru.

Framsögum. meiri hlutans gat þess, að ef þetta ákvæði væri sett aptur inn í frumv., þá væri hann hræddur um, að það gæti orðið til þess, að frumv. yrði fellt í h. Nd. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki gjöra h. Nd. þær getsakir, að hún muni fella svo mikilsvarðandi mál sem þetta er, þótt svo eðlilegu ákvæði sje bætt inn í það.

Jeg hef talað við merkan og mikils metinn þm í Nd. um þetta niðurlagsatriði, sem greitt hafði atkvæði á móti því, og sagði hann, að sjer dytti ekki annað í hug en samþykkja frv. óhikað, er það kæmi þangað aptur. H framsögum. gat þess enn fremur, að niðurlagsatriði þetta væri ekki bráðnauðsynlegt, af því að engir innlendir menn rækju sem stendur fiskveiðar með botnvörpum hjer við land. En jeg skal geta þess, að það eru litlar líkur til að þeir geti byrjað á því, fyr en einhver staður er í lögunum fyrir því, að þeir megi gjöra það. En þar sem jeg, eins og h. framsögum. meiri hlutans, hefi heyrt, að einn af framtakssömustu borgurum þessa lands hafi haft þetta alvarlega í hyggju, þá ætti það að vera nóg ástæða til að herða á þinginu með að setja þetta niðurlagsatriði inn í frv. þetta.

ATKVÆÐAGR. Viðaukatill. á þskj. 502 samþ. með 6 atkv. gegn 4.

Frv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. með 8 samhlj. atkv. og endursent Nd.

Frv. til laga um endurgreiðslu á epirtlaunum frá Hólmaprestakalli (C. 478, 498); ein umr.

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Það er líkt ástatt með þetta frv. og horfellisfrv., að það hefur ekki batnað við meðferðina í neðri deild.

2. gr. frv., eins og það var samþykkt í þessari h. deild, fór fram á, að árgjaldið frá prestakalli þessu, væri fært niður um helming. Þessa gr. frv. hefur h. neðri deild fellt, án þess að nokkur skynsamleg ástæða hafi heyrzt fyrir því. Nefndin sjer sjer ekki fært að samþykkja þessa breytingu neðri deildar, en vill þó fara skemmra í lækkuninni en áður, og færa árgjaldið að eins niður um 200 kr., svo að 400 kr. verði eptir. Frá nefndarinnar

hálfu voru færðar nægar ástæður fyrir helmingi niðurfærslunnar, það ætti því að vera enn meiri ástæða til að samþykkja þetta. Jeg vona, að deildin fylgi lækkuninni fram eigi síður en áður.

Það er komin br.till. á þingskj. 503, er fer fram á, að ný grein bætist við frv. Mjer virðist það óheppilegt, þegar komið er með breytingar á síðasta augnabliki, og jeg hygg, að þessi breyting hafi við lítil skilríki að styðjast. Þar sem þessi br.till. getur orðið til að spilla miðlunartillögu nefndarinnar, get jeg ekki gefið henni atkvæði mitt.

Sigurður Jensson: Jeg hef leyft mjer að koma með br.till., og bið jeg hina h. deild að afsaka, að hún af sjerstökum ástæðum kemur svo seint fram. Jeg kom með hana til nefndarinnar í neðri deild, en hún vildi ekki sinna henni.

Það heyrist opt, að leiðinlegt sje, að sinna þessum fjárbænum presta og breyta lögum þeirra vegna. Það er satt, að það er leiðinlegt, að þingið skuli ekki geta gefið lög, sem aldrei þarf að breyta, en til þess að lögin verði sem bezt úr garði gjörð, þarf þingið að gefa sjer tíma til, að yfirvega allar ástæður og hugsa málið sem bezt, og sýna rjettlæti og sanngirni, þeim sem það eiga skilið, og þá er síður hætt við, að þingið þurfi að breyta lögum sínum aptur eptir stuttan tíma.

Þessi prestur, sem hjer á í hlut, ætlaði að koma suður og flytja með sjer umsókn sína, en þetta fórst fyrir af ýmsum ástæðum, og því kom ekki bænarskrá hans hingað, fyr en mál þetta var komið til Nd. Þangað sendi jeg svo umsókn hans, en nefndin í Nd. vildi ekki sinna henni.

En jeg vona, að þessi h. deild vilji sýna þessum presti sama rjettlæti og öðrum prestum, þar sem sömu ástæður mæla með honum og hann því hefur sömu sanngirniskröfu. Hjer er alveg eins ástatt og í Hólmaprestakalli: Hlunnindi falla í verði og tekjurnar hafa við það rýrnað svo mikið, að brauðið getur ekki borið árgjöld og eptirlaun. Þetta hefur þingið viðurkennt, sjer í lagi þessi h. deild, með því að samþykkja að afnema alveg árgjaldið af þessu brauði, en í stað þess að gæta hjer rjettlætis og afnema árgjaldið alveg, þóknaðist Nd. að láta helming árgjaldsins standa, jafnvel þó það væri viðurkennt, að árgjaldið væri ranglega til komið. Þegar svo prestaskipti urðu, bættust svo eptirlaunin við og við það varð afgjaldið hærra en áður. Neðri deild fann það að, að málið vantaði undirbúning og nýtt mat vantaði af brauðinu. En þegar umsókn um afnám árgjaldsins var fyrir undanfarandi þingum, þá voru sendar hingað allar upplýsingar og mat á brauðinu og þetta liggur í skjalasafni alþingis og nefndinni var innanhandar að fá skjöl þaðan og lesa. Brauðið er metið af dómtilkvöddum mönnum 989 kr. 86 aurar. Þar af á að borgast 200 kr. í árgjald til landssjóðs og 215 kr. til uppgjafaprests. Eptir verða þá rúmar 500 kr., og það sjá allir, að það eru allt of lítil laun fyrir prestinn. Jeg veit ekki betur, en að presturinn neyðist til að segja af sjer, ef hann fær enga leiðrjettingu á þessu. Hann er heilsuveikur og ráðlagði læknir honum að koma hingað suður til lækninga, en hann gat það ekki vegna fjárskorts. Hjer eru alveg sömu ástæður og eins ástatt og með Hólmaprestakall. Jeg vona því, að fyrst deildin hefur sýnt einum presti rjettlæti, að hún einnig sýni þessum presti sama rjettlæti, úr því að alveg stendur eins á með báða.

Jeg vona, að h. deildarmenn rengi ekki að orð mín og ummæli um þetta mál sjeu sönn, enda er jeg reiðubúinn til að leggja fram skýrslu um, að jeg hjer fer með rjett mál, fyrir hvern þann, sem óskar nákvæmrar skýrslu um málið.

Þorkell Bjarnason: Jeg mun gefa

breytingunni atkvæði mitt, því eptir því sem h. þm. Barðstr. (S. J.) hefur skýrt frá er eins ástatt fyrir Staðarprestinum, að báðir hafa svo litil laun. Auk þess er aðgætandi, að á Hólmum eru ágætar fiskistöðvar, en slíkt er ekki á Stað á Reykjanesi. Presturinn þar er því enn ver staddur eu Hólmapresturinn, þar sem mikill munur er á jörðunum að þessu leyti. Mjer finnst því breytingin sanngjörn í alla staði og ekki rjett að fella hana.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg fyrir mitt leyti efast ekki um, að flutningsm. segi rjett frá, og eptir tilfinningu minni er mjer því ljúft að styðja málið. En jeg ber kvíðboga fyrir, að ef breytingin kemur inn á þessum tíma, geti það orðið málinu til falls. Jeg er hræddur um, að Nd. þurfi ef til vill ekki mikið til að láta málið falla, en heldur vil jeg vera móti þessari breytingu, en vera valdur að því, að frv. falli.

En jeg get ekki heldur kannazt við, að alveg eins sje ástatt fyrir prestinum á Stað og fyrir Hólmaprestinum, því 1) þegar Hólmapresturinn fjekk brauðið, taldi hann víst, að sjer væri ekki skylt að borga uppgjafapresti eptirlaun. En jeg hygg, að presturinn á Stað hafi fullvel vitað, að honum bæri að greiða eptirlaunin samkvæmt lögum. 2) Presturinn á Stað er ógiptur maður, hinn er giptur maður, sem á við erfiðan heimilishag og heilsuleysi að búa.

Þó vil jeg ekki segja, að ekki sje ástæða fyrir prestinn á Stað að beiðast lækkunar á fjárgreiðslum sínum, en jeg álít, að hann hefði átt að gjöra meiri gangskör að því, að fá máli sínu framgengt, fyrst hann er svo nauðuglega staddur; jeg álít, að hann hefði átt að búa svo um, að hann gæti borið fyrir sig atkvæði hjeraðsfundar og leita milligöngu kirkjustjórnarinnar. En þetta hefur hann ekki gjört og verður því ekki neitað, að hann hefur vanrækt undirbúning málsins. En jeg læt fyrir mitt leyti yfirlýsingu flutningsmanns, sem er málinu kunnugur, koma í stað alls þessa.

Mjer er því, þrátt fyrir allt, næst skapi að greiða atkvæði með breytingartillögunni, þó það sje með hálfum huga, þar sem jeg er hræddur um, að breyt. verði málinu til falls í Nd.

En þó jeg sjálfur greiði atkv. með br.till., get jeg ekki farið fram á, að telja öðrum þm. hughvarf, þar sem jeg að eins með athugasemd og kvíðboga er með br.-tillögunni.

Guttormur Vigfússon: Jeg hef ekki talað í þessu máli, síðan jeg flutti það inn á þing, enda hefur þess ekki verið þörf, þar sem h. deild og nefndin tóku því svo vel og það var samþ. óbreytt með miklum atkvæðafjölda. Það eina, sem kom mjer til að standa upp, er að mjer finnst deildin ætla að spilla öllu með þessum breyt.till. Jeg skal alls ekki efast um, að allar ástæður sjeu rjettar, sem flutningsm. tók fram viðvíkjandi Staðarprestakalli. En það er ekki nóg, þar sem vjer vitum, hvaða kröfur Nd. gjörir til undirbúnings, og hve ófús hún er yfir höfuð að tala, til þess að bæta upp hin rýrarí prestaköll. Mjer er það ljóst, að ef br.till. verða samþykktar, er það verulegt banatilræði við frv., og það því fremur, sem sama beiðni um uppgjöf á eptirlaunum frá Stað áður hefur verið fyrir Nd. og var felld þar með miklum atkvæðamun. Mjer er þetta svo mikið áhugamál, að jeg vil nærri fremur óska, að bæði br.till. á þingskj. 503, og líka br.till. nefndarinnar í þessari deild, verði felldar, en málinu verði frestað, því ef frv. fær framgang, eins og það nú liggur fyrir, er þó vissa fengin fyrir því, að Hólmapresturinn fái endurgreiðslu á eptirlaunum þeim, sem hann hefur greitt af brauðinu til uppgjafaprestsins, en ef frv. færi nú frá deildinni með þeim breyt., sem

fram á er farið, er mjer til efs um, að hann fái nokkuð, heldur verði frv. í heild sinni fellt í Nd.

Sigurður Jensson: Jeg er h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) þakklátur fyrir meðmæli hans með breyt.till. minni, en jeg hefði óskað, að hann hefði treyst sjer til að mæla eindregið með breytingunni við h. deild, að hún gæfi henni öll atkvæði sitt, því hann er í þeirri stöðu, að meðmæli hans hafa í þessu máli mikla þýðingu. *(Hallgrímur Sveinsson:* Ekki hjer í deildinni).

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók fram, að heimilisástæður hinna tveggja presta væri mismunandi, þar sem annar væri giptur, en hinn ekki. En þetta getur breyzt, svo þeir verði jafnir í þessu. Þar að auki er Staðarpresturinn heilsuveikur, og laun hans eru svo lítil, að hann getur alls ekki komizt af með þau.

Þá bar h. 2. kgk. það fram mót málinu, að prestur hefði ekki gjört rækilega gangskör að því, að koma máli sínu fram hjá kirkjustjórninni. Þetta mun hafa stafað af því, að presturinn er ungur og þekkir ekki til, hverning heppilegast hefði verið að bera málið fram, heldur hefur staðið í þeirri meiningu, að hann ætti að eins að halda sjer til alþingis og vænta úrslita þaðan. Viðvíkjandi meðmælum hjeraðsfundar, var óþarfi að leita hans um þetta, þar sem hjeraðsfundur hefur áður látið í ljósi álit sitt um þetta mál, og lýst yfir, að prestakallið gæti ekki þolað svo mikil útgjöld, enda var ekki hægt að fá álit hjeraðsfundar í þetta skipti, þar sem fundurinn var ólögmætur, vegna þess að of fáir sóttu hann. Hitt hefði presturinn getað, að snúa sjer til stiptsyfirvaldanna og beðið þau að annast málið, Þó veit jeg ekki, hvort kirkjustjórnin eða landsstjórnin er svo viljug til að taka slík mál að sjer, til þess að koma þeim fyrir alþing.

Ef breytingin verður felld, þá kemur málið aptur og aptur fyrir þing, og er það leiðinlegt fyrir þá, sem verða að flytja það, en til tafar fyrir þingið.

Jeg vona, að h. þingd. taki málinu vel, og jeg er ekkert hræddur um, að það spilli fyrir Hólmaprestinum í Nd., því jeg er sannfærður um, að ef nefndin í Nd. hefði tekið umsóknina til greina, lægi frv. fyrir í sama formi og jeg nú sting upp á.

Jeg skal að síðustu geta þess, að ef breyt. nefndarinnar verður samþykkt, en mín felld, þá verður fyrirsögn frv. ekki rjett, og því verður þá að breyta í Nd.; ef mín breyt. þar á móti er samþykkt, er fyrirsögnin rjett, og allt í góðu lagi.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C 498) samþ. í e. hlj.; breyt.till. (C 503) 1. liður samþ. með 6 samhlj. atkv.; breyt.till. (C 503) 2. liður samþ. með 9 samhlj. atkv. Frv. með breyt. samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Frv. til laga um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl. (C 475); ein umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): H. Nd. hefur gjört allmiklar breytingar á frv. þessu og eru sumar þeirra svo lagaðar, að það má til að breyta þeim. Nefndin hjer í deildinni hefur þess vegna komið fram með nokkrar breyt.till. og skal jeg fara fáum orðum um þær.

1. breyt.till. er að eins málleiðrjetting. 2. breyt.till. er að eins til þess að fá þann lið í samræmi við aðra liði, þar sem lík ákvæði eru.

3. breyt.till. fer fram á, að breyta nafninu Borðeyrarhjerað í Hrútafjarðarhjerað. Meining nefndarinnar var sú, að nafnið benti til, að læknirinn ætti að vera búsettur á Borðeyri. En nefndin vildi fyrirbyggja það með því, að breyta nafninu í Hrútafjarðarhjerað. Eptir því ætti læknirinn að geta setið einhverstaðar annarstaðar í Hrútafirði en á Borðeyri. Við hjeraðaskipunina hefur h. Nd. gjört breytingar á Húnavatns- og Stranda-sýslum,

en þær breytingar eru heldur til hins verra. Eins og lesa má í frv. frá Ed., þá er Húnavatnssýslu þar skipt í 2 læknishjeruð. Átti Bæjarhreppur í Strandasýslu að fylgja vestara hjeraðinu. Nú hefur Nd. tekið 1 hrepp frá Strandahjeraði, sem nú heitir Steingrímsfjarðarhjerað, og bætt honum við Borðeyrarhjerað, sem er sama sem Miðfjarðarhjerað, en Svartárdalur er settur í Seiluhjerað. Þótt nefndinni þyki þetta lakara, að því er Húnavatnssýslu snertir, þá hefur hún samt ekki viljað breyta því, en leyfir sjer að skjóta þeirri spurningu til hæstv. landsh., hvernig framkvæmd laganna muni verða að því er Húnavatnssýslu snertir. Reyndar veit jeg, hvernig svarið muni falla, en mjer þykir betra, að það komi í þingtíðindunum.

4.—6. breyt till. eru að eins málleiðrjettingar og í 7. breyt.till. hefur verið leiðrjett slæm prentvilla. 8. breyt.till. fer fram á, að bæta inn í ákvæði um ábýlisjörð handa læknunum.

9. breyt.till. fer fram á, að nema Berufjarðarhjerað úr 4. flokki og setja það í 3. flokk. 10. og 11. breyt.till. fara fram á, að koma frv. í sama horf, sem það var í, er það fór hjeðan frá Ed. Hinar breyt.till. frá 12—17 ganga út á að færa taxtann í sama horf, sem hann var í, er frv. fór frá Ed. og að færa dagpeningana úr 4 kr. niður í 3 kr. Nefndin hjer í deildinni átti fund með nefndinni í Nd. til að leita samkomulags um málið; en með því að ekkert varð úr samkomulagi þá samdi nefndin hjer í deildinni breyt. till. þær, sem standa á framhaldsnefndarálitinu og ætlaðist til, að nefndarmenn leituðu frekara samkomulags á eptir, áður en umræðurnar byrjuðu. Eptir þær samkomulagstilraunir má jeg fullyrða, að nefndin í Nd. gengur að 11 fyrstu br.till. og sömuleiðis 17. br.till., nema framsögum. nefndarinnar; honum er það kappsmál. Í nefndinni í Nd. voru menn algjört á móti 12.—16. br.till., og þess vegna hefur meiri hluti nefndarinnar hjer komizt að þeirri niðurstöðu, að taka þær aptur, til þess að frv. fari ekki í mola á þinginu. Ef þessar br.till., 12.—16, yrðu samþykktar hjer, má búast við, að frv. komist ekki fram á þessu þingi, úr því að eins fáir dagar eru eptir til þingloka. Jeg held þess vegna, að þó hinar br.till. verði samþykktar hjer í deildinni, þá muni h. Nd. samþykkja frv. orðrjett, eins og það kemur hjer frá deildinni.

Landshöfðingi: Þar sem h. framsögum. (Þ. J.) lagði fyrir mig þá spurningu, hvernig farið yrði að með 18. og 19. læknishjerað, að því er framkvæmd laganna snertir, þá get jeg svarað honum því, að það verður farið með þau alveg eins og hin önnur hjeruð, nfl. á þann hátt, að fyrst verður leitað álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda um það, hvar hver læknir um sig eigi að sitja.

Í Borðeyrarhjeraði er enginn læknir; sá læknir, sem þjónar þar nú, býr ekki innanhjeraðs; þess vegna er ekkert til fyrirstöðu fyrir því, að læknirinn verði settur þar sem landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefndar. Aptur á móti er öðru máli að gegna með Blönduóshjerað, því að þar situr læknirinn innanhjeraðs; ef þess vegna sýslunefndin ákvæði annan stað, þá verður hann væntanlega að flytja sig þangað. — Eins og hjeruðunum var skipt í stj.frumv. þá gat verið vafasamt, hvort læknirinn í Húnavatnssýslu gæti setið kyr, ef sú skipting yrði ofan á, þar sem hann nú situr úti í Vesturhópi. Að öðru leyti er jeg hræddur um, að frv. þetta geti varla orðið að lögum, eins og það nú liggur fyrir. Að vísu hefur h. framsögum (Þ. J) von um, að h. Nd. muni samþykkja það, eins og það kemur hjeðan frá deildinni, ef br.till. 1.—11. og 17. verða samþykktar. En það er eitt ákvæði í þessu frv., sem gjörir það vafa-

samt, hvort stjórnin muni samþykkja það nfl. ákvæðið um eptirlaunin, því að þau fara í allt aðra átt, en eptirlaun annara embættismanna hjer á landi.

Jeg get hugsað mjer, að stjórninni þyki ísjárvert að samþykkja það, sjerstaklega þar sem það er tekið úr frv, sem stjórnin hefur synjað um samþykki sitt optar en einu sinni. En það væri æskilegt, að stjórnin vildi samþykkja frv. og það skal ekki verða mjer að kenna, ef þetta ákvæði verður því til falls, en jeg þori samt ekki að ábyrgjast, að það kunni að fara svo.

ATKVÆÐAGR.: 1.— 5.br till.(C512)samþ. með 9 samhlj. atkv. hver; 6. br.till. samþ. án atkv.gr.; 7.—10. br.till. (C 512) samþ. með 9 samhlj. atkv.hver; 11. br.till. (C 512) samþ. án atkv.gr.; 12.—16. br.till. teknar aptur; 16. br.till. (C 512) samþ. með 8 samhlj. atkv. Frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Frv. til laga um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi (C 500); 3. umr.

Hallgr. Sveinsson vakti athygli á nokkrum prentvillum og lofaði forseti að þær skyldu verða leiðrjettar.

ATKVÆÐAGR: Frv. í heild sinni samþ. með 8 sa hlj. atkv. og endursent Nd.

Frv. til laga um sjerstakt gjald til brúargjörða (C 492); 1. umr.

Þorleifur Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla vel fram með frv. þessu. Það er svo til komið, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu samþykkti í vetur, að reyna að fá slíkt frv. lagt fyrir þingið, og hefur sýslum. í Húnavatnssýslu sent þingmönnum sýslunnar áskorun um að koma því inn á þingið; er brjef sýslumanns og sýslufundargjörðirnar framlagðar hjer á lestrarsalnum. Eins og sjá má á frv., er að eins farið fram á, að veita sýslunefndunum heimild til að leggja sjerstakt gjald á sýslubúa til brúargjörða í hverri sýslu. Það hefur í mörg ár verið lagt líkt gjald á menn í Skagafirði, ekki með lögum, heldur með frjálsum vilja og með frjálsu samþykki.

Jeg hygg ekki, að það þurfi að fjölyrða um þetta mál, en vil að eins biðja um, að það fái að ganga áfram mótmælalaust og breytingalaust.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla mjer ekki að mæla móti frv. þessu, en vil að eins vekja athygli á, að málið á því er mjög ólögulegt. Í 1. gr. er orðið „hversu“ ónauðsynlegt.

Í öðru lagi kemur orðið „samtals“ í sömu grein óþægilega við, þar sem það stendur. Í 3. gr. er prentvilla, þar sem stendur „reiða“ fyrir „greiða“. Yfir höfuð virðist málið í frv. þessu vera ólögulegt, og væri því æskilegt, að það yrði lagað, en nú er ekki tími til þess. Frv. verður því að fara, eins og það liggur fyrir, enda er þessi galli svo lítill, að frv. ætti að geta gjört sitt gagn; en það hefði verið æskilegt, að fengizt hefði tækifæri til að laga það. Jeg vildi að eins vekja máls á þessu, til að vekja athygli á þessum misfellum, en ekki til að hepta gang málsins og mun jeg ekki breyta atkv. mínu við það.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 samhlj. atkv.

Frv. til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða (C 391); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um dýraverndun (C 488); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Hallgr. Sveinsson,	Þorleifur Jónsson,

Jón Jónsson, Jón .A Hjaltalín,
Kristján Jónsson, Gutt. Vigfússon,
Sigurður Jensson, Jón Jakobsson.
Sig. Stefánsson,
Þorkell Bjarnason.

Till. til þingsályktunar um skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til barnakennslu (C 377, 472); frh. fyrri umr.

Framsögum. (Hallgr. Sveinsson): Um mál þetta urðu töluverðar umræður við fyrri hluta fyrri umr. og er því ekki ástæða til að tala langt mál nú. Skoðun nefndarinnar er tekin fram í nefndarálitinu og þar sem það hefur nú legið frammi fyrir h. þingd.m. í 2 daga, er vonandi, að þeir hafi kynnt sjer, hvernig nefndin lítur á málið. Prentvilla hefur slæðst inn í 12. br.till. nefndarinnar, því þar stendur „janúarmánaðar" fyrir „júnímánaðar" sem jeg leyfi mjer að biðja menn að leiðrjetta.

Jeg skal þá lauslega skýra frá aðalástæðum nefndarinnar í málinu. Nefndin gat yfir höfuð fallizt á fyrri hluta till., um skilyrðin fyrir landssjóðsstyrk til barnaskóla, en þar á móti ekki á síðari hlutann, hvað sveitakennsluna snertir, því henni virðist þau ákvæði ekki nægilega hugsuð, og ástæðurnar í sveitum væru þannig, að ekki gæti átt við að binda með ítarlegum lagaskilyrðum styrkveitingu til kennslu þeirrar, er þar færi fram.

Jeg skal svo lauslega minnast á breyt.till.

1. br.till. fer að eins fram á, að laga formið þannig, að orðin „Alþingi ályktar" standi út af fyrir sig, en síðan standi I, II fyrir framan hvorn aðallið tillögunnar.

2. br.till. fer fram á, að nema burtu óþörf orð: „annarsstaðar en í kaupstöðum", því það er hvort sem er ekki heimild til að veita landssjóðsstyrk nema til barnaskóla utan kaupstaða.

3. br.till. er um, að bæta inn orðinu „allt", og er það gjört til skýringar, svo sem jeg gat um við fyrri hluta tillögunnar.

4. br.till. er við 6. tölul. fyrstu málsgrein í fyrri hlutanum, og er gjörð til þess að hún fari betur og sje í betra samræmi við núverandi skilyrði.

5. br.till. er yfir höfuð að eins orðabreyting. Þó má taka fram, að strangt tekið getur skoðazt efnisbreyting í orðunum „fyrirkomulag og framkvæmd", þar sem svo er áskilið, að styrkbeiðninni skuli fylgja dálítið ítarlegt yfirlit yfir framkvæmdir skólanna. Með þessu vill nefndin gefa skólunum bendingu um, hvað slíkar skýrslur eigi inni að halda t. d. hvað margar stundir kennt hefði verið í hverri námsgrein á viku hverri, hvort kennararnir hefðu verið 1 eða 2, hvort skólinn hefði verið í einni eða tveimur deildum og þá um samband deildanna innbyrðis, hvort skólinn hafi orðið að liggja niðri um tíma og þá af hvaða ástæðum, hvort vanrækt hafi verið að sækja skólann, hvort mikilvæg reglubrot hafi átt sjer stað, og yfir höfuð allt, sem að skólann varðar. Allt þetta vill nefndin innilykja undir orðin „framkvæmd og fyrirkomulag". — Það getur verið, að orðin sjeu ekki góð, en nefndin gat ekki í svipinn fundið önnur betri.

6. br.till. fer fram á, að rýmka tímatakmarkið um samning skólaskýrslnanna um 6 vikur eða frá júnímánaðar lokum til 15. ágúst samkvæmt því, sem tekið var fram við fyrri hluta þessarar umr.

Að því er síðari bálkinu, um sveitakennsluna snertir, þá virtist nefndinni ekki takandi í mál, að setja svo strangar reglur, sem farið er fram á, t. d. að þar skuli kenna allar hinar sömu námsgreinar og í barnaskólum nje að ákveðin kennsluáhöld sjeu til við kennsluna, því þó gjört sje ráð fyrir, að stiptsyfirvöldin ákveði, hver þau ættu að vera, væri þar naumast um annað ræða en landabrjef,

því forskriptir vil jeg ekki telja, enda væri ef til vill óheppilegt, að ákveða, að hafa þær meðal áhalda, ef kennarinn væri góður skrifari sjálfur. 2. liður tillögunnar, að sveitafjelag eða aðrir hlutaðeigendur leggi fram fje, að minnsta kosti helming við landssjóðsstyrkinn, er líka of hörð. Kringumstæðurnar til sveita eru margvíslegar, og ekki hægt að setja reglur um hvað eina, og þó þetta ákvæði eigi að vera til þess, að bæta kjör kennaranná, þá gæti það ef til vill orðið kennurunum til óhægðar og er bezt að hafa slíkt eptir samkomulagi.

Þá þótti nefndinni ákvæðið í 4. gr. ofstrangt, að kennslan skyldi að minnsta kosti vara í 6 mánuði og áleit ekki gjörlegt, að ákveða lægsta tímabilið lengra en 4 mánuði eða eins og í breyt.till. stendur 15 vikur, því nefndinni fannst, að 15 vikna kennsla hlyti að gjöra töluvert gagn og að vert væri að taka tillit til hennar við styrkveitingar, þótt auðvitað væri tekið meira tillit til þeirrar kennslu, sem varað hefði um lengri tíma.

Hinar breyt.till. eru ekki stórvægilegar, nema tímabreytingin úr júnímánaðarlokum til 15. ágúst.

11. breyt.till. fer fram á, að nema burtu fyrstu málsgrein 6. töluliðar, vegna þess að efni hennar er komið inn í II. 1. tölul.

Þá kemur breyt.till. frá h. 6. kgk. þm. (Þ. B.), að bæta við orðunum „og sóknarprestur“ á öðrum stað, og „sóknarpresti“ á hinum. Nefndin hefur ekkert á móti þessum breyt.till., þó hún álíti þær óþarfar, þar sem sóknarprestur er í sóknarnefnd, og getur þannig haft umsjón með kennslunni og áhrif á kennsluna. En af því sóknarprestur stendur á tveim stöðum í tillögunni í sambandi við sóknarnefnd, finnur nefndin ekki ástæðu til að hafa á móti þessari breytingartillögu.

Þorkell Bjarnason: Jeg þarf ekki að mæla fram með breyt.till. mínum úr því h. nefnd. hefur ekkert á móti þeim og læt jeg mjer því yfirlýsingu hennar nægja.

Jón A. Hjaltalín: Jeg veit ekki, hvernig jeg á að skilja I 6. fyrstu málsgrein og II. 5. um, að kennarar, sem hafa notið kennarafræðslu sjeu að öðru jöfnu látnir ganga fyrir, þegar kennarar sjeu ráðnir, hvort þar sjeu átt eingöngu við þá menn, er hafi gengið mörg ár á kennaraskóla eða jafnframt þá, er hafi gengið á aðra skóla, og numið flest sama, að undantekinni uppeldisfræðinni. Ennfremur skil jeg ekki, hvernig á að meta eptir ákvæðinu „að öðru jöfnu“, og hvernig að menn hafi hugsað sjer, að landsstjórnin ætti þannig að meta mann, sem hún þekkti ekki. *(Hallgrímur Sveinsson:* Hjer er átt við ráðning kennaraus en ekki landssjóðsstyrkinn.). Jeg hefi skilið svo, að landstjórnin sje bundin við skilyrðin, sem hjer eru sett, og þó verður hún einnig að meta, hvort hlutaðeigandi kennarar hafi verið ráðnir samkvæmt þeim, en jeg er hræddur um, að það yrði nokkuð erfitt fyrir hana í þessu efni. Samkvæmt fyrirsögninni eru þetta skilyrði fyrir landsjóðsstyrk til barnakennslu og annaðhvort eru þessi orð ekki í samræmi við fyrirsögnina eða þau munu lítt framkvæmanleg.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal að vísu játa, að ekki er beinlínis talað um hvers konar kennarafræðsla það eigi að vera, sem hjer er nefnd. En jeg held, að allir hafi talið það sjálfsagt, að ekki væri átt við almenna fræðslu á skólum, heldur hina sjerstöku kennarafræðslu, sem veitt er á kennaraskólanum í Flensborg, og það má sjálfsagt gjöra ráð fyrir því, að ef einhver notar slíka kennslu muni hann vera tekinn til greina. En hvað sjerstaka hæfileika manna snertir til að takast kennslu á hendur, þá er það ekki landstjórnin, sem á að meta slíkt, heldur þeir, er kennarann ráða.

Hvað það snerti, sem h. 5. kgk. þm.

(J. A. H.) sagði, að orðin „að öðru jöfnu“ væri ekki í fullkomnu samræmi við fyrirsögn tillögunnar þá má auðvitað bæta úr því með því að rýmka fyrirsögnina þannig, að setja. „o. fl.“ aptan við hana, því það kunna að vera fáein atriði, sem ekki heyra beinlínis undir fyrirsögnina. En þar sem ekki er hægt að koma fram með br. till. við hana, mætti ef til vill bæta úr þessu með orðunum „o. fl.“ aptan við fyrirsögnina, með leyfi hins h. forseta, því slíkt getur að eins skoðast sem „redaktions“ breyting.

ATKVÆÐAGR: 1. breyt.till. (C 472) samþ. án atkvæðagr.

2. breyt.till. (C472) samþ. í einu hlj.

3. —— (C472) við I. 1. tölul. samþ. með 8 samhlj. atkvæðum.

1. töluliður breyttur með inngangínum, felldur með 6 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkvæðagreiðslu og sögðu

já:	*nei:*
Gutt. Vigfússon,	Jón A. Hjaltalín,
Hallgr. Sveinsson,	Þorleifur Jónsson,
Kristján Jónsson,	Jón Jakobsson,
Sig. Stefánsson,	Jón Jónsson,
	Sigurður Jensson,
	Þorkell Bjarnason,

og var I. tölul. 1—6 þar með fallinn.

2. breyt.till. (499) við breyt.till. nefndarinar (C472) við II. 1. lið. samþ. með 8 samhlj. atkv.

7. breyt.till. (472) við II. 1. tölul. samþ. með 8 samhlj. atkv.

8. breyt.till. (472) við II. 2. tölul. samþ. með 8 samhlj. atkv.

II. 2. tölul. þar með fallinn.

9. breyt.till. (472) við II. 3. tölul. samþ. í einu hlj.

II. 3. tölul. þar með fallinn.

10. breyt.till. (472) við II. 4. tölul. samþ. með 6 samhlj. atkv.

II. 4. tölul. þar með fallinn.

II. 5. tölul. felldur með 6 atkv. gegn 4.

11. breyt.till. (C 472) við II. 6. tölul. samþ. með 9 samhlj. atkv.

12. breyt.till. (C 472) við II. 6. tölul. samþ. með 9 samhlj. atkv.

II. 6. tölul. breyttur samþ. með 6 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 7 samhlj. atkv.

Till. þannig breytt felld frá síðari umr. með 6 : 4 atkv.

Till. til þingslályktunar um sóttvarnarhús (C 482); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um landsspítala (C 481); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um að sjermál Íslands verði ekki borin upp í ríkisráði Dana (C 388); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Fertugasti og annar fundur, mánudag 23. ágúst, kl. 1 e. h. Allir á fundi, nema L. E. Sveinbjörnsson.

Frv. til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum (C 489); ein umr.

Framsögumaður (Jón Jakobsson): Það er óþarft, að tala langt nú um frv. þetta, það hefur verið svo ýtarlega rætt hjer í þessari h. þingd. Frv. er nú aptur hingað komið frá h. Nd.; það hefur tekið þar nokkrum breytingum, en jafnvel þótt nefndinni virðist þær ekki allar til bóta, vill hún þó leggja til, að frv. verði samþykkt, eins og það liggur fyrir.

Jeg skal stuttlega minnast á breyt. þær, sem orðið hafa á frv. í h. Nd.

Í 3. gr. er verulegasta breytingin, þar sem fellt er burtu ákvæðið um yfir-

kennara, sem þessi h. þingd. hafði samþykkt að bæta við vegna gagnfræðakennsludeildarinnar. Jeg læt ósagt, hve heppilegt það er, að fella burtu kennara þennan. Jeg benti á það um daginn hjer í deildinni, að nú sem stæði væri tímakennslan ofmikil í lærða skólanum og ráðið til þess að bæta úr því væri, að auka við einum föstum kennara. En þetta hefur h. Nd ekki þóknast að taka til greina. Nefndinni er þetta þó ekki kappsmál, enda má bæta úr þessu síðar, þá er lögin koma til framkvæmda og það sýnir sig, að kennaraviðbót þarf með.

Á 5. gr. eru gjörðar 2 breytingar og skal jeg lýsa yfir því, að jeg álít þær báðar til bóta. 5. gr. frv. Ed. hefur verið skipt í 2. gr., sem í frv. eru 5. og 6. gr. Í fyrri gr. er ákveðið, að ráðgjafinn, en ekki landshöfðingi, semji reglugjörð skólans.

Í 6. gr. er nákvæmar útlistað og nokkru fyllra tekin fram ákvæði síðari hluta 5. gr. fyrra frv. Það er tekið fram, að eptir það, að 3 ár eru liðin frá því, að frv. þetta kemur til framkvæmda, skuli þeir, er útskrifast af Möðruvallaskólanum, geta próflaust fengið inntöku í 4. bekk lærða skólans. Þegar þessi tími er kominn er sem sje trygging fengin fyrir því, að þeir hafi lært eins mikið og þeir lærisveinar, sem hafa gegnumgengið gagnfræðadeild lærða skólans í Rvík.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um frv. Nefndin ræður sem sagt til þess, að samþykkja það, eins og það liggur nú fyrir, svo að vissa sje fyrir því, að það komist nú í gegnum þingið. Máli þessu hefur verið tekið hlýlega í báðum h. þingd., enda er það áríðandi, og æskilegt, að hlutaðeigandi kennsluvöld utanlands og innan geti sem fyrst látið álit sitt í ljósi um það.

Hallgrímur Sveinsson: Þó að jeg hafi nú skrifað með undir þetta framhaldsnefndarálit, án þess að gjöra við það sjerstakt ágreiningsatkvæði, er staða mín til frv. óbreytt hin sama sem áður var, þá er málið var hjer fyrir þessari h. þingd. áður. Mjer hefur ekki snúizt hugur, eins og jeg hygg að öllum h. þingd. þyki eðlilegt.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 9 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti í Þingeyjarsýslu (C 439); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 8 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um stofnun kennaraskóla í Flensborg við Hafnarfjörð (C 256); 3. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Þetta mál hefur verið töluvert vandlega rætt í þessari h. þingd. og þar sem nokkur tími hefur liðið milli umræðanna, hefur h. þingdm. gefizt kostur á að hugleiða það, hvernig þeir vilja greiða atkvæði um það. Engin br.-till. hefur framkomið hjer í Ed. og liggur því frv. fyrir, eins og það var samþ. í h. Nd. og sent hingað upp í þessa þingd.

Síðast, þá er frv. var hjer til umræðu, voru allar greinar þess samþykktar með nokkrum atkvæðamun, og þó að allmargir h. þingdm. kunni ef til vill ekki að vera allskostar ánægðir með frv., leyfi jeg mjer þó að vænta, þar sem þetta mál er svo mikilsvert, að það verði nú samþykkt og afgreitt sem lög frá þessari h. þingd. — Með þessu væri lagður fastur grundvöllur fyrir alþýðumenntun vorri, sá grundvöllur, sem alþingi hefur þegar áður viðurkennt, að væri hinn rjetti, og önnur lönd hafa fyrir löngu komið á hjá sjer.

Jeg vona, sem sagt, að h. þingd. fari nú vel með frv. þetta við þessa síðustu umræðu.

Sigurður Stefánsson: Jafnvel þótt mjer þyki það leitt, get jeg samt ekki gefið frv. þessu atkvæði mitt, og skal jeg

stuttlega skýra frá ástæðum mínum fyrir því.

Jeg get fyllilega verið samþykkur mörgum af ástæðum þeim, sem h. 2. kgk. (H. Sv.) hefur komið með; þær eru margar á góðum rökum byggðar. Það er áríðandi, að þingið sjái um, að góður grundvöllur sje undir alþýðumenntuninni; en jeg get samt ekki sjeð, að það sje bráðnauðsynlegt, að stofna slíkan fastan skóla, sem farið er fram á í frv. þessu, sjerstaklega þar sem ekki er búizt við, að breyta honum að neinu leyti frá því, sem hann er nú. Fje það, sem skólanum er ætlað eptir frv., er ekki miklu meira en honum er lagt nú á fjárlögunum, og er því ekki gjört ráð fyrir nokkurri verulegri breytingu á honum til batnaðar; hann verður í líku formi og hann er nú, líku formi og aðrir realskólar, nema að því leyti, að þar á að kenna tvær vísindagreinir, guðfræði og uppeldisfræði, sem á gagnfræðaskólum munu ekki kenndar vera. Án þess að jeg vilji gjöra lítið úr uppeldisfræðinni, vil jeg þó gjöra svo mikið úr hinum almennu gagnfræðum og námi þeirra, að jeg hygg, að þeir, sem slíka fræðslu hafa fengið, sjeu nægilega undirbúnir til að takast á hendur barnakennslu á eptir, sjeu þeir hneigðir fyrir hana. Jeg hef líka nokkra reynslu í þessu efni, og vegna þess efast jeg um, að realstúdentar muni sýna meiri alúð og kenna með meiri árangri, þótt þeir hafi lært uppeldisfræðina og fyrir því sje hægt að gefa ofmikið fyrir hana. Auk þess efast jeg um, að menn þeir, er vilja ganga þennan veg og búa sig undir barnakennslu, álíti það tilvinnandi, að eyða 3 ára tíma og þeim kostnaði, sem til þess útheimtist, að ganga á þennan skóla, þar sem lítið er í aðra hönd á eptir; staðan sem barnakennari er ekki svo launuð, að hún geti verið mjög eptirsóknarverð. Jeg vil líka bæta því við, að það eru ekki að eins realstúdentar, sem bjóða sig fram sem barnakennarar; það eru opt einnig stúlkur af kvennaskólunum, búfræðingar frá búnaðarskólunum, kandídatar frá prestaskólanum og stúdentar frá lærða skólanum. Og án þess jeg gjöri á nokkurn hátt lítið úr kennarafræðslunni, blandast mjer þó ekki hugur um, að ýmsir af þessum mönnum geti, að því er barnakennslu snertir, staðið þeim á sporði, sem notið hafa kennarafræðslunnar. Jeg hygg, að það sje hægt að gefa of mikið fyrir kennarafræðsluna og að öllu vel íhuguðu sje nú sem stendur nægilegt, að styrkja hana með 2200 kr., eins og nú er gjört á fjárlögunum,— að þessi fjárveiting sje nægileg þetta næsta fjárhagstímabil; en hitt sje ekki bráðnauðsynlegt, að setja nú á stofn fastan skóla vegna þessarar einu fræðslu. Það getur enda komið til íhugunar síðar, hvort ekki sje æskilegra heldur að bæta þessari einu vísindagrein við í gagnfræðaskólunum, heldur en að stofna hennar vegna sjerstakan skóla.

Jeg skal játa það, að menn þeir, sem hjer eiga hlut að máli, eru alls góðs maklegir, enda hefur þingið jafnan sýnt það, þar sem fjárframlag til þessa skóla hefur vaxið ár frá ári, en mjer virðist ekki ástæða til einungis þeirra vegna að setja á stofn fastan skóla. Jeg álít ekki, að nokkur hætta sje á, að framtíð þeirra sje neitt ótrygg; eptir reynslu undanfarinna tíma hygg jeg ekki, að styrk þeim, sem árlega hefur verið veittur skóla þessum á fjárlögunum, muni verða kippt í burtu, og jeg vil segja svo mikið, að jeg vil heldur greiða atkvæði með því, að auka þann styrk, heldur en að fara nú að lögfesta skólann og takast á hendur allan ókominn tíma allan þann kostnað, sem það hefur í för með sjer, — einkum þar sem á hina hliðina hinn andlegi árangur af því er ekki meiri en vænta má eptir frv. þessu. Jeg get ekki betur sjeð, en kjör þau, sem þessir kennarar hafa nú, sjeu all-viðunanleg. Jeg skal benda á,

að einn af kennurunum er cand. theol., sami undirbúningur, sem prestar landsins hafa fengið. Hann hefur í laun nú 1600 kr., og hygg jeg, að vjer prestar mundum þakka fyrir að hafa slíka stöðu. Frá þeirri hlið virðist því ekki ástæða til að binda sjer nú þann bagga, að lögfesta skólann. Vjer eigum það ekki víst síðar meir, ef nauðsynlegt virðist, að leggja þennan skóla aptur niður, að vjer getum sett þessa menn í fasta stöðu við annan skóla, svo afleiðingin getur orðið sú, að það þurfi að gjalda þeim biðlaun í lengri eða styttri tíma. Jeg get því ekki gefið frv. atkvæði mitt; jeg er fúsari til að auka heldur þann styrk, sem Flensborgarskólanum er veittur á fjárlögunum; það er þá ætíð víss ákveðin upphæð, sem til þessarar kennslu er varið; en með því að lögfesta heilan skóla hefur maður lagt þá byrði sjer á herðar fyrir óákveðinn tíma, sem ekki verður sjeð, hve þung kann að verða í framtíðinni.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal ekki gjöra mál þetta að neinu kappsmáli og heldur ekki fara langt út í það, að svara h. þm. Ísf. (S. St.). Jeg hygg, að svar upp á ræðu hans liggi í því, sem jeg hef áður tekið fram viðvíkjandi þessu máli.

H. þm. sagði, að kennslan í þessum skóla mundi ekki, þótt hann yrði settur nú á fastan fót með lögum þessum, verða neitt fullkomnari en hann nú er. En þetta getur þó ekki samrýmzt við hitt, að skólatíminn á að lengjast um 1 ár. Það má þó búast við því þegar vegna þessa, að kennslan verði þar allmikið fullkomnari. Og þar sem sami h. þm. (S. St.) sagði, að skólanum væri eptir frv. ætlað litlu meira fje, en honum er nú ætlað á fjárlögunum, þá getur kostnaðaraukinn ekki verið ástæða á móti frv.

H. þm. benti á, að það væru fleiri menn, sem gæfu kost á sjer til barnakennslu en þeir, sem útskrifast af þessum skóla, og það er satt; en það er alls ekki óhugsandi, að slíkir menn kynnu að vilja auka þekkingu sína á kennslumálefnum á þann hátt, að ganga einhvern dálítinn tíma á þennan skóla, og gæti hann þá orðið einnig þessum mönnum að góðum notum.

En sem sagt, jeg skal ekki vekja neitt kapp í þessu máli, enda hygg jeg, að atkvæði hvers einstaks h. þm. sje svo ákveðið, að ekki sje að vænta, að hægt sje að telja þeim nú hughvarf.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 6 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Hallgrímur Sveinsson	J. A. Hjaltalín
Jón Jónsson	Þorleifur Jónsson
Kristján Jónsson	Gutt Vigfússon
Þorkell Bjarnason	Jón Jakobsson
	Sigurður Jensson
	Sigurður Stefánsson

Frv. til laga um áfangastaði (C 448); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Meginmál frv. samþ. með 6 shlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. með 7 shlj. atkv. Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Frv. til laga um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi (C 219); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 6 shlj. atkv. Málið afgreitt til landsh. *sem lög frá alþingi.*

Frv. til laga um sjerstakt gjald til brúargjörða (C 492); 2. umr.

Jón Jónsson: Jeg held að frv. þetta sje eitt með þeim allranauðsynlegustu. Mig furðar því á, að Nd. skuli hafa dregið málið svo lengi.

Á seinni árum hefur vaknað mikill áhugi á að brúa ár. Margar ár hefur landssjóður brúað, en hinar, sem ekki hafa fengið neinn slíkan styrk, hefur orðið að brúa á kostnað sýslusjóða, en til þess hefur sýslusjóði vantað fje, þar sem

tekjur þess sjóðs verður að nota til margs annars. Nú hefur vaknað áhugi á, og í 3 sýslum verið gjörð samtök um, að leggja svona gjald á sig, þótt það sje eigi lögboðið. Það sýnist því ástæða til, að gjöra þetta að lögum, svo öllum sýslufjelögum sje heimilt að leggja slíkt gjald á. Þótt gjaldið sje ekki hátt, getur það orðið til mikils gagns.

Jeg óska, að frv. þetta verði samþ. og komist út úr þinginu, þótt það væri með afbrigðum frá þingsköpunum.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. samþ. í e. hlj. hver. Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj. Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýsluvegasjóða (C 491); 2. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg sje, að þeir menn, sem bezt eru færir til að tala um frv. þetta, draga sig í hlje. Mjer dettur ekki í hug, þar sem jeg er málinu ókunnugur, að bera neina meiningu fram. En þar sem h. deildarmenn álíta frv. hagfellda rjettarbót, og að nefndin í Nd. hafi hitt heppilegri ákvæði, en áður voru í gildi, er jeg öruggur og mun greiða atkv. með frv.

Úr því jeg tók til máls á annað borð nota jeg tækifærið til að benda á prentvillu í síðustu línu í 2. gr., t vantar (stendur „ölu“ fyrir „tölu“).

Sigurður Stefánsson: Jeg get fallizt á aðalstefnu og grundvöll frv., sem er, að taka af búnaðarskólagjald, sem nú er jafnað niður á hvern einstakan mann og breyta því þannig, að amtsráðin jafni niður á sýslufjelögin og sýslufjelögin aptur á hreppana. Og niðurjöfnunin er heppileg, þar sem ekki er einungis farið eptir tölu lausafjár- og fasteignarhundraða, heldur skiptast gjöldin á sýslufjelögin eptir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða að $^2/_3$ og eptir tölu verkfærra karlmanna að $^1/_3$ í hverju sýslufjelagi.

En þó er galli á frv., það er 4. gr sem er nokkurs konar óþarfa „appendix“ frv. til byrði. Þessi gr. gefur hreppsnefndum rjett til að fela sýslumanni innheimtu á gjöldum hreppsbúa til sýslusjóðs. En í frv. er ekki talað um sjerstaka niðurjöfnun á þessu gjaldi, og því yrði því jafnað niður með aukaútsvörum, eins og nú. En jeg tel vandkvæði á, að hreppsnefnd geti látið sýslumann heimta inn nokkuð af aukaútsvarinu, en ekki allt, og heimild til þessa er ekki gefin með þessu frv. Það lítur því út, sem 4. gr. hafi verið sett inn í frv. í Nd. af þeim, sem lítið vit hafa á þessu máli. En þetta mun þó ekki vera tilfellið og hef jeg heyrt fært sem ástæðu fyrir greininni, að peningaútgjöld hreppsins mundu vaxa við þetta fyrirkomulag og því nauðsyn fyrir hreppinn að eiga heimtingu á, að þessi gjöld sjeu borguð í peningum. En ef 4. gr. getur ekki samrýmst öðrum ákvæðum gildandi laga, er hún ekki heppileg fyrir þessa ástæðu.

Jeg er í tölnverðum vafa um, hvort ekki sje rjettara, að láta frv. bíða, en senda það út með þessari grein. Yfir höfuð er það mjög óheppilegt, þegar slík frv. sem þetta, sem gjörir gagngjörða breytingu á núverandi gjaldmáta, koma á síðustu stundu, svo ekki er hægt að setja nefnd til að íhuga það. Hver grein í þessu frv. er verð þess, að vera vandlega yfirveguð, og það styrkir mig í, að rjettast sje, að greiða atkv. móti frv., þótt það í heild sinni eigi við góð og gild rök að styðjast.

Þorkell Bjarnason: Jeg get ekki verið h. þm. Ísf. (S. St.) samdóma í því, að 4. gr. sje svo mikill agnúi, að rjett sje hennar vegna að fresta málinu. Jeg þekki af eigin reynslu, að sýslusjóðsgjaldinu hefur verið jafnað niður sjerstaklega sem aukaútsvarinu og hefur síðan verið sett sem sjerstakur gjaldliður á hverjum gjaldseðli, af því að það hefur átt að borgast í peningum. Mjer finnst því þetta

ekkert athugavert, þegar þessu gjaldi er jafnað niður á sama hátt og eptir sömu reglu og aukaútsvarinu. Jeg væri á móti frv., ef það færi fram á, að þessu gjaldi væri jafnað niður eptir öðrum mælikvarða en útsvarinu, en það er ekki tilfellið, heldur má kalla, þó það sje haft sjerstakt, að aukaútsvarið sje eins og klofið. Þegar sýslusjóðsgjaldið hækkar, er nauðsynlegt, að setja það sem sjerstakan lið, til þess að það borgist beinlínis í peningum. Hreppsnefndin þarf að eins að sjá, hve hátt sýslusjóðsgjald hvers er og draga það frá aukaútsvarinu; öðruvísi niðurjöfnun þarf ekki. Þetta hefur Nd. sjeð.

En jeg er aptur samdóma h. þm. Ísf. (S. St.) í því, að frv. komi meiri jöfnuði á gjöldin en verið hefur með búnaðarskóla- og jafnaðarsjóðsgjald, sem hingað til hefur eingöngu verið lagt á lausafje og fasteign, en nú á eptir frv. að leggjast að þriðjungi á tölu verkfærra manna.

Frv. er í mínum augum aðgengilegt og á góðum rökum byggt.

Jón Jónsson: Jeg er samdóma h. 1. þm. Ísf. (S. St.), að það hafi verið rangt af h. Nd., að draga að afgreiða þetta mál til Ed., sem er svo þýðingarmikið, þar sem það hefur nýjan gjaldmáta í sjer fólginn, og hefði því ekki verið vanþörf á, þótt deildin hefði getað íhugað það vandlega. Jeg er í engum vafa um, að jeg gef atkvæði með þessu frv., því eins og h. þm. Ísf. (S. St.) tók fram, kemur hjer fram meiri jöfnuður í gjöldum sjávarsveita og landsveita, en áður hefur átt sjer stað. Mjer er kunnugt úr Múlasýslum, að þar er óánægja með, hversu sýslusjóðsgjaldið kemur ójafnt niður, þar sem það kemur miklu meira á sveitarhreppa en sjávarhreppa. Sjerstaklega hefur þó borið á þessu vegna þess, að þar hefur verið varið töluverðu sýslusjóðsfje til strandbáta, sem sjávarhrepparnir hafa eingöngu haft gagn af. Gjald þetta er reyndar fallið þar úr sögunni, en það getur komið upp aptur á ný. Jeg held því, að aðalhugsun frv. þessa, sem hjer liggur fyrir, sje til bóta, en mjer finnst þó, að 4. gr. þess mætti missa sig, því mjer virðist hún eingöngu lýsa smásálarskap, en jeg sje þó ekki ástæðu til að fella frv. hennar vegna. Jeg hef verið í hreppsnefnd, og get jeg ekki sjeð, að sjerstök niðurjöfnun þurfi að eiga sjer stað, þótt frv. þetta verði að lögum, heldur reiknar hreppsnefndin hvað mikið af aukaútsvarinu hver maður eigi að borga í peningum, og greiði hann ekki þetta peningagjald, er engin frágangssök að beita lögtaki. Reikni hreppsnefndin út, hvað mikið hver gjaldandi eigi að borga af sýslusjóðsgjaldinu í aukaútsvarinu, þyrfti enga sjerstaka niðurjöfnun. Jeg get ekki sjeð, að neinum sje íþyngt með þessu, því þetta gjald þarf að borga í peningum hvort sem er.

Kristján Jónsson: Jeg ætla litlu einu að bæta við það, sem sagt hefur verið um frv. þetta. 1. gr. fer fram á, að búnaðarskólagjaldið skuli vera tekið úr lögum, og að jafnaðarsjóðnum skuli vera skylt að annast búnaðarskólana eða greiða þeim jafnt gjald og búnaðarskólasjóðirnir hafa gjört hingað til, og hef jeg ekkert við það að athuga. Enn fremur hef jeg ekkert sjerlegt að athuga við ákvæði 2. og 3. gr.; grundvallarhugsunin í þeim þykir mjer rjett. Aptur á móti álít jeg, að 4. gr. sje heldur óheppileg, það er að segja þetta ákvæði, að hreppsnefnd megi fela sýslumanni innköllun á sýslusjóðsgjöldum. Jeg get ekki almennilega skilið það, hvernig hægt er eptir gildandi lögum að ákveða gjöldin til sýslusjóðs fyrir hvern einstakan mann, því að gjald þetta er ekki persónulegt gjald, og verður það heldur ekki eptir frv., heldur hvílir það á hreppssjóðunum, og kemur fram í aukaútsvarinu, eins og önnur almenn skyldugjöld hreppanna. — Hreppsnefndir hafa ekki heimild til að jafna gjaldi til sýslusjóðs sjerstaklega á hreppsbúa, en þær hafa heimild til hins,

að ákveða, að svo og svo míkið af aukaútsvari, t. d. 5 eða 10 af hundraði skuli greiðast í peningum, og með því er það fengið, sem þetta frv. miðar að.

Málið er nú til 2. umr., og er því mjög líklegt, að það muni verða til þess að fella frv., að setja nefnd í það. En á hinn bóginn sje jeg ekki, að það þurfi að verða frv. að falli, þótt 4. gr. þess sje felld burt og það er hægt að gjöra við atkv.greiðsluna. Það hefur verið minnst á það, að 4. gr. eigi að vera til þess að hjálpa hreppsnefndum að ná inn peningum til nauðsynlegra útgjalda. Hvers vegna er þá ekki farin hin leiðin, sem jeg drap á áðan? Þegar jafnað er á einn mann t. d. 100 kr. sem aukaútsvari, má gjöra honum það að skyldu, að borga svo sem $10_0/^0$ í peningum, en komi til lögtaks, verða hreppsnefndir að láta taka alla hina ógoldnu upphæð, en hún getur ekki sjerstaklega látið taka þessa upphæð lögtaki, eða einungis þann hluta útsvarsins, sem átti að borgast í peningum *(Jón Jónsson:* „Jú, ef hún stendur eptir"). Það er ómögulegt að segja, að einmitt það standi eptir, sem borgast átti í peningum, eða að einmitt *það* standi eptir af aukaútsvarinu, sem er sýslusjóðsgjaldið. Þó 4. gr. sje felld, get jeg ekki sjeð, að það verði frv. að falli, en jeg álít, að 4. gr. sje óhafandi, eins og hún er, og mun jeg því greiða atkvæði á móti henni.

Þorkell Bjarnason: Jeg held að það sje víst, að frv. geti ekki fengið framgang, ef 4. gr. verður felld, því þá verður frv. að fara aptur niður í h. Nd., en til þess er of stuttur tími nú orðið. Jeg ímynda mjer einnig, að 4. gr. verði ekki opt notuð, en hafi menn þá venju, að heimta sýslusjóðsgjaldið í peningum, eins og sjálfsagt er, þá verður að hafa það sem sjerstakan gjaldlið á reikningi hvers gjaldanda og þá sje jeg ekki betur en hægt sje að láta sýslumanninn innkalla það.

Guttormur Vigfússon: Jeg held að allir sjeu ásáttir um það, að frv. sje talsverð rjettarbót og 3 fyrstu greinarnar sjeu óaðfinnanlegar, en 4. gr. svo óheppileg, að helzt ætti að nema hana burtu úr frv. Það er spursmál um, hvort 4. gr. eigi að verða frv. til falls, því það er engum vafa undirorpið, að sje frv. breytt, muni það daga uppi á þessu þingi, þar sem það var álitið, að annað frv. kæmist ekki fram, ef því væri breytt, en síðan eru þó liðnir 2 eða 3 dagar. Jeg er samdóma h. þm. Ísf. (S. St.), að 4. gr. sje óþörf, en jeg legg ekki svo mikla áherzlu á, að hún sje skaðleg, því hún mun aldrei verða notuð. Í 4. gr. er hreppsnefndinni að eins gefin heimild til að láta sýslumanninn innkalla sýslusjóðsgjaldið, en eptir minni reynslu mundi það aldrei verða notað og hreppsnefndum mundi standa á sama, hvort þær kölluðu inn krónunni meira eða minna hjá þeim manni, sem eitthvað þarf að kalla inn hjá. Aptur á móti er bændum þægilegra, að greiða gjöld sín til hreppsnefndar í einu lagi, heldur en að greiða jafnaðarsjóðsgjald og búnaðarskólagjald til sýslumanns á manntalsþingum, því það verða þeir venjulega að greiða í peningum, en hreppsnefnd getur opt gefið eptir peningagjald, en tekið gjöldin í innskript til kaupmanna. Jeg hef verið í hreppsnefnd milli 10 og 20 ár og þekki því þetta vel og veit, að hreppsnefnd getur optast tekið innskript, en svo borgar hún sýslumanni sýslusjóðsgjaldið sumpart með peningum, sem hún á miklu hægra með að fá út úr reikning hreppsins, en hver einstaklingur, eða þá með ávísunum, sem sýslumönnum geta opt komið eins vel og peningar. Jeg álít því, að frv. gjöri gjaldendum hægra fyrir, þar sem jeg þekki til, og legg því ekki mikla áherzlu á, að 4. gr. sje felld, því jeg held, að ákvæði hennar yrði lítið notuð, og þó svo væri, að einhver hreppsnefnd vildi nota þau, sje jeg ekkert á móti því, þar sem auðvelt

er að reikna út, hvað mikill hluti útsvars hvers einstaklings er sýslusjóðsgjald, og gefa svo innheimtulistann til sýslumanns eptir því.

Jeg vil því ekki breyta frv., þótt það sje svona úr garði gjört, því jeg álít það töluverða rjettarbót, og að 4. gr. sje ekki svo skaðleg, að neinu nemi.

Kristján Jónsson: Það er sjerstaklega athugavert, hvernig ein smágrein getur farið í þveröfuga átt við hin gildandi lög, með því að gjöra breytingu á löggjafar-principinu, án þess að menn hafi ætlazt til þess.

Hjer er farið fram á, að leggja sýslusjóðsgjald á hvern einstakan mann, en það þekkist alls ekki í hinni gildandi löggjöf, heldur hvílir það að eins á hreppssjóðunum. Það er þess vegna að mínu áliti enginn vafi á því, að þessi gr. frv. (4. gr.) getur ekki staðizt. Hún kemur nfl. í bága við sveitarstjórnarlögin. Jeg hafði í hyggju, að koma með breyt.till. í þá átt, að fella greinina burtu, en jeg þarf ekki að gjöra það við 2. umr. málsins, því að jeg get greitt atkvæði beinlínis á móti greininni, og það mun jeg gjöra; verði hún, þessi grein samþykkt, mun jeg greiða atkv. á móti frv. í heild þess. Jeg tek það enn fram, að sýslusjóðsgjald hvílir ekki á hverjum einstökum borgara, heldur á hreppsfjelögunum, og meðan það er ekki ákveðið í lögunum, að það hvíli á hverjum einstökum gjaldþegni, getur 4. gr. frv. ekki staðizt.

ATKVÆÐAGR.: 1.—3. gr. frumv. samþ. í e. hlj. hver. 4. gr. frumv. samþ. með 7 : 3 atkv. Fyrirsögnin samþ. með 9 samhlj. atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um dýraverndun (C. 488); 2. umr.

Jón Jakobsson: Það má segja um þetta frv., eins og mörg fleiri, að það er leitt, hversu seint það er komið frá h. Nd., því að ef komið væri með breyt.till. við það nú, þá væri það sama sem að fella það. En þegar jeg les frumv. þetta, þá virðast mjer vera ýmisleg ákvæði í því, sem eru all athugaverð.

Jeg skal geta þess, að því er snertir 3. gr., að mjer er ekki ljóst, hvað skilið er við „vanfær hross".

Jeg hygg, að það mætti heimfæra allt mögulegt undir þessa táknun; það mætti t. a. m. kalla vanfært hross, sem hefði staurfót, en það getur verið traustasti gripur fyrir því, og gengið þjáningalítið eða þjáningarlaust. Jeg tek þetta að eins sem dæmi til að sýna, hversu orðatiltæki frv. eru vafasöm, og hversu örðugt það er að gera greinarmun á, hvað heyri undir frv. og hvað ekki, og að það opt og einatt hlýtur að verða „skönsag" hjá lögreglustjóra, sem ræður.

Sama má líka segja um 4. gr. frv. Þar er tekið fram, að járna skuli hross, sem af mörkuðum eru rekin, ef sú leið, sem þau skulu rekin, er lengri en þingmannaleið. Þetta ákvæði sýnir bezt, hve örðugt er með lögum að gefa reglur um þetta efni. Því það getur, ef til vill verið verri meðferð á einni skepnu, að reka hana stutta leið en á annari, sem máske er rekin langar leiðir. Það er allt undir því komið, hvernig ástatt er. Það er t. d. verra fyrir hófsárt tryppi, að það sje rekið hálfa þingmannaleið, en fyrir annað, sem hefur heila, óskemmda hófa að það sje rekið helmingi lengra; svo er líka talsvert komið undir jarðveginum, sem skepnan er rekin á.

Um 5. gr. verð jeg að taka það fram, að mjer þykir nokkuð langt gengið að láta lögreglustjóra í sjálfsvald sett með hegninguna eptir því, hvernig hann persónulega lítur á það, og að taka t. d. lítið eitt halt hross af eigandanum, hvernig sem á stendur og skipa honum að fara heim með það, og leggja baggana niður í forina. Mjer þykir leitt að þetta mál,

sem á skilið, að það væri komið á betri leið, skuli ekki vera betur úr garði gjört. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að neinn tími sje til að athuga það nú og breyta því, svo að jeg geti með góðri samvizku gefið því atkv. mitt.

Jeg mun á sínum tíma stinga upp á, að nefnd verði sett í málið. Jeg vil gjöra það af því, að sú leið er mildari en að fella frv., en það verðskuldar ekki annað en hina beztu meðferð. Reyndar veit jeg að nefnd, þegar svona er orðið áliðið tímans, kemur í veg fyrir, að frv. geti orðið útrætt á þessu þingi, en það er hvorki mjer að kenna nje öðrum hjer í h. þingd., þótt málið komi svo seint hingað upp í deildina, að ómögulegt sje að lagfæra það, sem virðist miður fara.

Þorkell Bjarnason: Á síðasta þingi kom fram frumv. í líka stefnu og frumv. það, sem hjer liggur fyrir.

Jeg minnist þess, að h. þm. Skagf. (J. Jak.) mælti þá á móti því og stakk upp á, að skipuð væri nefnd í það. Frv. gat þá ekki gengið fram vegna tímaleysis. Mjer er ekki kunnugt um, hvern árangur sú nefndarkosning hefur haft. Ef nefndin hefði komizt að einhverri heppilegri niðurstöðu, þá hefði þetta frumv. átt að vera svo undirbúið, að ekki hefði þurft að skipa nefnd í það nú; en að stinga upp á nefnd í það nú, er sama sem að segja, að menn ekki vilji, að það nái fram að ganga. En af því að jeg er hlynntur frv. þessu og vil láta fara vel með skepnur og að t. d. hestar ekki sjeu brúkaðir meiddir eða haltir, eða á annan hátt vanfærir, þá vil jeg, að frumv. fái að ganga fram, af því að það miðar til að bæta meðferð á skepnum, enda er sannarlega ekki vanþörf á því hjer á landi. Það er löggjöfinni skylt að styðja þann hugsunarhátt, sem nú er farinn að vakna, að fara eigi vel með skepnur. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje að eins til að eyðileggja frv. þetta, að setja það í nefnd, en að því vil jeg ekki stuðla.

Jeg mun því gefa frumv. atkv. mitt, en greiða atkv. á móti nefndarkosningu.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg get tekið alveg í sama strenginn, eins og h. 6. kgk. þm. (Þ. B.). Jeg hygg, að það sje kominn tími til að vernda skepnurnar fyrir hinni miskunarlausu og harðýðgisfullu meðferð, sem við opt og einatt höfum átt að venjast hingað til. Þar sem h. þm. Skagf. (J. Jak.) tók fram, að lögreglustjórum væri gefið of mikið vald eða of mikið í sjálfsvald sett, þá er jeg ekkert hræddur við það. Ef það væri linara ákveðið, þá væri jeg hræddari um, að það yrði ekki að gagni. Eptir þeirri skoðun og þeim hugsunarhætti, sem verið hefur ríkjandi frá gömlum tímum, þá er miklu hættara við, að ákvæðum þessum verði fremur linlega en harðlega beitt. Menn eru orðnir svo vanir við að láta afskiftalaust, þótt þeir sjái hest haltan, meiddan, gjarðasáran eða með blóðugum munni, að þeir hlaupa ekki upp til handa og fóta fyrir því, og lögreglustjórarnir eru fremur hægfara til að skerast í leikinn, þótt eitthvað sje að.

H. þm. Skagf. (J. Jak) tók til dæmis staurfót á hesti, sem eitt af þeim atvikum, sem heimfæra mætti undir vanfærar skepnur, en að slíkur hestur gæti verið mesti traustagripur fyrir því og gengið þjáningalaust. Ef þetta er áreiðanlegt, þá mun engum skynsömum mönnum detta í hug að telja slíka hesta vanfæra og munu alls ekki hneykslast á því, þótt þeir sjeu notaðir. Það má líka taka fleiri dæmi. Það mætti til dæmis segja, að eineygðir hestar sjeu vanfærir; ef það er af meiðslum og er gróið, þá eru þeir að vísu vanfærir, þar sem þeir ekki eru eins og náttúran ætlaðíst til að þeir væru; en þar fyrir eru þeir ekki miður brúkunarfærir. Það væri þess vegna óskynsamlegt, að

banna mönnum að brúka hesta, þótt þeir sjeu eineygðir. Á sama hátt má meta hesta með staurfót; ef engin þjáning er því samfara, þá hygg jeg ekki, að neinn mundi meina eigandanum að nota slíkan hest. En lögin *geta* gefið lögreglustjórunum meira aðhald en nú er og meira vald til að skerast í leikinn fyrir illa meðferð á skepnum.

Það er ekki langt síðan menn hafa sjeð hesta hjer á götum bæjarins hörmulega útleikna eptir meðferð útlendinga, sem ekki báru skyn á, að fara með þá eða það var sprottið af harðýðgi þeirra. Ef nú slík lög, sem þessi hefðu verið til, þá hefði verið beint tilefni fyrir lögregluvaldið til að skerast í leikinn, svo að skepnunum yrði ekki misþyrmt meira. Nú efast jeg um, að lögregluvaldið, þótt það skærist í leikinn, mundi ganga svo langt að taka skepnuna eða heimta tryggingu fyrir hjúkrun hennar með því að senda hana til læknis.

Jeg held, að þessi lög geti orðið skepnunum til mikillar verndar, til þess að líkna þeim og koma í veg fyrir, að þeim verði misþyrmt.

Jeg vil þess vegna, að þau fái framgang, enda þótt sum ákvæði þeirra sjeu þannig löguð, að þeim ef til vill geti orðið misbeitt. Jeg er hræddari við lina eptirgangsmuni en stranga í því að beita þessum lögum.

Jón Jakobsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 6 : 4 atkv. að kjósa nefnd í málið og hlutu kosningu:

Þorkell Bjarnason með 6 atkv.
Hallgrímur Sveinsson með 5 atkv.
Jón Jakobsson með 4 atkv.

Frv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi (C. 209, 501); frh. 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 5 : 5 atkv.

Till. til þingsál. um sóttvarnarhús (C. 482); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. í e. hlj. og afgreidd til landshöfðingja sem *tillaga frá alþingi.*

Till.. til þingsál. um milliþinganefnd í fátækramálefnum (C. 505); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Till. til þingsál. um landsbankann (C. 497); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Kosinn endurskoðunarmaður landsreikninganna.

Kosningu hlaut:
Sigurður Jensson með 8 atkv.

Fertugasti og þriðji fundur, mánudag 23. ágúst kl. 5. e. h. Allir á fundi nema 1. kgk. þm. (L. E. Sveinbjörnsson), sem tilkynnt hafði forföll.

Till. til þingsál. um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags (C. 535); hvernig ræða skuli.

ATKVÆÐAGR.: Ein umr. samþ. í e. hlj.

Till. til þingsál. um að kjósa 3 manna nefnd til að semja ávarp til konungs (C. 540); hvernig ræða skuli.

Forseti lagði til, að till. skyldi skipta þannig, að fyrst skyldi ákveðið um kosning nefndarinnar, og nefndin kosin, og þá hvort ávarpið skyldi rætt í einni eða tveimur umræðum.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþ. í e. hlj. og kosnir:

Jón A. Hjaltalín með 9 atkv.

Hallgrímur Sveinsson með 9 atkv.

Kristján Jónsson með 9 atkv.

Forseti lagði til að ræða ávarpið í einni umr. og var það samþ. í e. hlj.

Fertugasti og fjórði fundur, þriðjudag 24. ágúst kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um aðflutningsgjald af smjörlíki (C. 493); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá 2. umr. með 7 : 3 atkv.

Frv. til laga um stofnun búnaðarsjóðs (C. 494); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 6 samhlj. atkv.

Frv. til laga um ófriðun á sel (C. 506); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá 2. umr. með 6 : 5 atkv.

Frv. til laga um einkarjett (C. 507); 1. umr.

Hallgrímur Sveinsson: Þetta langa frv. kann að vera að mörgu leyti hyggilegt og gott, en þar sem sýnilegt er, að deildin getur ekki fengizt við það, nema með því að setja í það nefnd, og auðsætt er, að það er töluvert verk að íhuga málið, virðist mjer ekki hægt að gjöra neitt við málið að þessu sinni. Eins hjegómlegt og það væri, að setja málið í nefnd, eins meiningarlaust væri að greiða atkvæði með því.

Mín tillaga er því, að fella þetta frv., af því að svona stendur á.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt frá 2. umr. með 8 samhlj, atkv.

Till. til þingsál. um landsspítala (C. 481, 530, 548); ein umr.

Hallgrímur Sveinsson: Vjer 3 þingmenn, sem gjörzt höfum flutningsm breyt. till. á þingskj. 530, höfum komið með þá till. af því, að oss virtist málið vert stuðnings. Þingsál.till. um landsspítala kom til þessarar deildar frá h. Nd., og var svo til ætlazt, að hún kæmi fram í nafni alls þingsins, en h. Nd. hafði fært hana svo úr lagi með breytingum þeim, er hún gjörði á henni, að ómögulegt var að senda hana í því formi, er hún hafði þá fengið, þar sem hún bar ljósan vott þess, að fyrri parturinn var rifinn burt. Til þess að bæta úr þessu, höfum vjer 3 þingmenn komið með þá breyt.till, að efri deild skori á stjórnina 1. að leggja fyrir alþingi 1899 áætlun um kostnað við bygging landsspítala í Reykjavík, er rúmi um 45 sjúklinga, og 2. að leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ, hvort og að hve miklu leyti bæjarsjóður vill styrkja byggingu spítala þessa, og bera árlegan kostnað hans. (Orðið að „bera“ vantar í breyt.-till. og þarf að skjóta inn í).

Ástæður okkar fyrir því, að koma með þessar breyt.till eru þær, að okkur virðist ástandið, sem nú er í Reykjavík óhæft, að enginn spítali sje í höfuðstaðnum, nema spítali, sem er eign „prívat“ fjelags, sem hvorki er viðunanlega úr garði gjörður nje nægilega stór, þar sem aðstreymi er mikið af sjúklingum, bæði af bæjarmönnum, mönnum utan af landi og útlendingum. Reyndar veit jeg ekki til, að sjúklingum hafi verið beinlínis vísað burtu af spítalanum, en húsrúm er þar mjög takmarkað. Þegar gætt er að kröfum nútímans verður að segja, að spítali þessi sje að öllu leyti ófullkominn og ófullnægjandi og því sje bráðnauðsynlegt, að spítali sje sem fyrst reistur, með sem allra beztu og nýjustu fyrirkomulagi, eptir því sem efni vor leyfa. Hjer er ekki að eius verið að ræða um spítala, þar sem hægt sje að veita sjúklingum, bæði úr bænum og aðkomandi, aðhjúkrun, heldur

einnig um stofnun, sem geti verið hæfilegt verkfæri til æfingar og lærdóms fyrir nemendur á læknaskólanum, því þar sem aðsóknin hefir aukizt að læknaskólanum og styrkurinn til skólans verið aukinn, er einnig nauðsynlegt, að fá viðunanlega útbúinn spítala. Læknanámið er að vísu aðallega bóklegt, en þó einnig að nokkrum hluta verklegt. Kennararnir þurfa að sýna nemendunum, hvaða aðferð eigi að brúka við sjúklingana, kenna þeim að rannsaka og þekkja sjúkdómana og sýna verklega, hvernig bezt megi hjálpa sjúklingnum. Og líka þegar sjúklingurinn er dáinn, er mikilsvert, að hægt sje að sýna nemendunum, hvert dauðamein sjúklingsins hafi verið og hvernig bygging mannlegs líkama er varið. En það er kunnugt, að á læknaskólanum hjer er ervitt að veita nemendunum þessa tilsögn, vegna þess hve spítalinn er ófullkominn og hve fá lík er hægt að fá til að æfa sig á. Væri spítalinn stærri mundi allt verða hægra viðfángs, því auk þess hvað þá yrðu fleiri sjúklingar, mundi einnig verða hægra að fá lík, þar sem hleypidómar þeir, sem menn hafa nú mót líkskurði, mundu hverfa, við það að meiri trygging fengist fyrir því, að líkin yrðu sæmilega meðhöndluð. Þetta eru hinar knýjandi ástæður fyrir því, að gjöra þurfi gangskör að því, að spítali verði byggður í Reykjavík, því núverandi spítali fullnægir ekki vægum kröfum, enda er engin vissa fyrir því, að honum verði haldið áfram, þar sem hann er „prívat manna eign“ Þess vegna er rjett, að þingið taki ákvörðun um málið, svo að allt megi undirbúa undir næsta þing. Þessi spítalabygging væri einnig þýðingarmikil fyrir sjálfan Reykjavíkurbæ, og eru því líkur til, að bæjarsjóður vildi styrkja byggingu slíks spítala. Breyt.till. fer því einnig fram á, að bæjarstjórninni í Reykjavík sje gefinn kostur á, að segja álit sitt um málið.

Þá er komin breyt.till. frá h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) á þingskj. 548, sem gengur ennþá lengra en breyt.till. okkar, og fer fram á, að eigi aðeins sje leitað álits hjá Reykjavíkurkjördæmi, heldur einnig hjá nærliggjandi sveitum, um hvort, og að hve miklu leyti hver vildi styrkja spítalabyggingu þessa, og bera árlegan kostnað við hann. Spítalinn liggur hjer um bil í miðri Gullbringu- og Kjósarsýslu, og væri því ekki ómögulegt, að sú sýsla vildi styrkja til þess, að þessi spítali yrði reistur. Hinar sýslurnar, Borgarfjarðar- og Mýrasýsla á aðra hliðina, og Árness- og Rangárvallasýsla á hina, mundu síður vilja leggja fje til þessa, en þó væri engu til spillt, þó þær væru spurðar um það. Jeg hef því ekki neitt á móti þessari breyt.till.

Forseti: Jeg vil vekja athyli h. Ed. á till. í formlegu tilliti. Frá h. N.d. kemur till. um, að alþingi skori á stjórnina, að grennslast eptir hjá Reykjavíkurbæ, hvort og að hve miklu leyti bæjarsjóður vill styrkja byggingu spítala þessa, og bera árlegan kostnað við hann. Svo kemur hjer fram í þessari deild breyt.till. þess efnis, að h. Ed. skori á stjórnina, að leggja fyrir alþingi 1899 áætlun um kostnað við byggingu landspítala í Reykjavík, og að leitast fyrir hjá Reykjavíkurbæ og nærliggjandi sýslum, hvort bæjarsjóður og sýslusjóðir vilji styðja að því, að slíkur spítali verði reistur. Af þessu leiðir, að ef br till. á þingskj. 530. og 548. verða samþykktar, þá kemur til að liggja fyrir þingsál. frá Ed., en hin upprunalega áskorun h. Nd. um að alþingi skori á stjórnina er fallin niður.

Jón Jónsson: Jeg á stutta breyt.till. á þingskj. 548. H. 2. kgk. (H. Sv.) hefur tekið svo vel í hana, að jeg vona, að hún verði samþykkt. Jeg get fyllilega undirskrifað allar ástæður hans fyrir nauðsyn landsspítala, og mjer finnst, þegar greiða á atkvæði um þennan spítala, þá sje um leið verið að greiða atkvæði um það, hvort leggja eigi niður læknaskólann

eða ekki. En nú liggur í augum uppi, að þótt þessi spítali eigi að verða landsspítali, verður hann sjerstaklega fyrir Reykjavík og nærliggandi hjeruð, og það er álit mitt, að Reykjavík hafi jafnmikla skyldu til að kosta sinn spítala og önnur hjeruð, sem hafa komið upp eða eru að koma upp spítölum hjá sjer. Mjer sýnist því sanngjarnt, að Reykjavík og nærliggjandi hjeruð hjálpi til við byggingu spítalans. Jeg skal geta þess, að til byggingar spítalans á Seyðisfirði hefur sýslufjelagið í Norður-Múlasýslu lagt 2000 kr. og er þó sá spítali sjerstaklega fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Jeg vonast því til, að sýslufjelögin hjer skorist ekki undan að leggja nokkurt fje fram, þótt landssjóður verði auðvitað að leggja til stærstu upphæðina.

Hallgrímur Sveinsson: Við 3 þingm., sem komum með breyt.till. á þingskj. 530, álitum till. h. Nd. ómögulega án breyt.till. og gjörðum ráð fyrir, að breyt.till. okkar kæmi í stað hinnar upprunalegu till., sem þá yrði álitin fallin, ef okkar till. yrði samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C 530) 1. liður samþ. með 8 samhlj. atkv.; breyt. till. við breyt.till. (C 548) samþ. með 8 samhlj. atkv.; breyt.till. við breyt.till. (C 530) 2. liður samþ. með 10 samhlj. atkv.; breyt.till. (C 530) 2. liður þar með fallinn. Fyrirsögn till. samþ. með 10 samhlj. atkv. og till. svo afgreidd til landshöfðingja.

Till. til þingsályktunar um að sjermál Íslands verði ekki borin upp í ríkisráði Dana (C 388); ein umr.

Sigurður Stefánsson: Fyrir hönd nefndarinnar í stjórnarskrármálinu leyfi jeg mjer að taka þingtillögu þessa aptur.

Jón A. Hjaltalín: Jeg leyfi mjer að taka tillöguna upp aptur.

Sigurður Stefánsson: Tillaga þessi var borin fram af nefndinni eptir tillögum hæstv. landsh. í brjefi hans til stjórnarinnar. Hann hafði lagt til, að sjermál Íslands yrðu losuð við afskipti hins danska ríkisráðs, en að til þess þyrfti ekki breytingu á stjórnarskránni. Það var þess vegna í samræmi við skoðun hæstv. landsh., að nefndin kom fram með tillögu þessa, en vildi ekki gjöra það í frv.formi, af því að það, eptir skýrum orðum stjórnarinnar, mundi verða frv. til falls. Nú hefur frv., eins og menn vita, verið fellt í h. Nd.; en hún hefur, ef jeg mætti svo segja, farið aptan að siðunum og fellt frv., ekki að eins eins og það kom frá h. Ed, heldur felldi hún líka allar breyt.till. Nd. og þar með bæði frv. Þessi aðferð er þannig löguð, að nefndin hjer sá ekki ástæðu til að halda tillögunni lengra fram, og þess vegna vildi hún taka hana aptur, þótt hún sje á góðum rökum byggð; hún hefur enga þýðingu nú, úr því að málið, sem hún var miðuð við, er fallið. Ef stjórnarskrárfrv. hefði ekki verið á ferðinni, þá hefði nefndinni ekki þótt þörf á tillögu; þá hefði verið nóg að láta koma fram yfirlýsingu á skoðun nefndarinnar á þessu spursmáli, sem er hið sama sem hefur verið fyrir þinginu bæði fyr og síðar, en sem nefndin vildi að kæmi svo ljóst og skýrt fram, að stjórnin sæi, að Ed. áliti það ekki lögum samkvæmt, að sjermál Íslands væru borin upp í ríkisráði Dana.

Jeg finn enga ástæðu til, að h. Nd. sendi till. nú, þar sem málið er í þessari óreiðu. En ef ávarp væri samþykkt, þá gæti þar komið yfirlýsing Ed. um skoðun hennar á ríkisráðssetu ráðgjafans. Jeg er af þessum ástæðum á móti till., en býst við að það væri hægt, að láta slíka yfirlýsingu koma fram í ávarpi. Jeg vil ekki senda það tvöfalt, en álít betra, eins og jeg hef áður tekið fram, að h. Ed. sendi þessa yfirlýsingu í ávarpsformi en þingsályktunarformi, eins og nú stendur á.

Jón A. Hjaltalín: Einmitt af því, að ekkert frv. hefur verið afgreitt frá þing-

inu um þetta mál, vil jeg halda áfram þingsályktunarforminu, af því að brjefi stjórnarinnar til landshöfðingja 29. maí þ. á. má ekki vera ómótmælt af þinginu.

Jeg er alveg samdóma h. 1. þm. Ísf. (S. St.) um það, að það kemur alveg í sama stað niður, þótt það sje í ávarpsformi, ef það verður tekið þar upp; en það er alls ekki víst, að það komist þar inn. Það var einmitt *það*, sem kom mjer til að taka tillöguna upp aptur. Jeg vildi sem sje ekki, að mál þetta fjelli niður og að þingið tæki þegjandi við þessari yfirlýsingu stjórnarinnar í brjefi hennar 29. maí þ. á. Ef jeg hefði vissu fyrir, að það kæmi fram í ávarpinu, þá mundi jeg láta mjer það nægja; en af því að það er ekki sannað enn, þá held jeg fast við þingsályktunartillöguna.

Sigurður Stefánsson: Jeg get gefið h. 5. kgk. þm. (J. A. H.) gott ráð til að komast fram úr öllum vanda; það er ekkert annað en bíða með tillöguna, þangað til ávarpið kemur. Jeg vil þess vegna skjóta því til h. forseta, hvort hann ekki vill taka málið út af dagskrá að þessu sinni.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Till. til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækramálefnum (C 505); ein umr.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins benda á, að þar sem hjer er farið fram á að skipa milliþinganefnd í fátækramálefnum, þá mundi það leiða af sjálfu sjer, að framkvæmdin hefði töluverðan kostnað í för með sjer. Það gæti jafnvel verið spursmál um, hvort stjórnin hefði vald til að skipa menn, sem búsettir væru hjer í Reykjavík, í slíka nefnd án endurgjalds; en svo mikið er víst, að menn, sem búsettir væru fyrir utan Reykjavík, gæti hún ekki skipað í slíka nefnd án þess að gjalda þeim bæði ferðakostnað og dagpeninga; en það væri óheppilegt, ef stjórnin væri bundin eingöngu við menn í Reykjavík í þessa nefnd. Jeg tel þess vegna hæpið, að tillagan geti náð tilgangi sínum. Þar sem nú h. þingd. þar að auki hefur samþykkt frv. um fátækramál, þá er þar með fengin góð undirstaða fyrir málið til næsta þings; það hefði þess vegna verið full ástæða til að tillagan hefði verið borin fram, áður en frv. það, sem jeg áður nefndi, kom fram; þá hefði verið fallin burtu sú ástæða, sem vakti fyrir uppástungumanni þessarar tillögu. Jeg held þess vegna, að það sje tilgangslaust, að samþykkja þessa þingsál.till.

ATKVÆÐAGR.: Till. felld með 9 : 1 atkv.

Till. til þingsályktunar um landsbankann (C 497); ein umr.

Þorkell Bjarnason: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að prentvilla hefur læðst inn í breyt.till. mína á þingskj. 553, þar sem orðið „ef“ hefur komið í staðinn fyrir „er“. Jeg vil þess vegna biðja h. forseta um, að láta bera breyt.till. upp með þessari leiðrjettingu. Jeg vildi gefa hæstv. landsh. tíma til að undirbúa þetta mál, og þess vegna kom jeg fram með þessa breyt.till, sem jeg vona, að allir h. þingd.m. sjái, að muni vera fremur til bóta. Auðvitað er meiningin sú sama í þingsál.till.; en jeg vildi að hún væri svo orðuð, að hún sýndi, að undirbúningurinn ætti að verða rækilegur.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C 553) samþ. með 8 samhlj. atkv.; till. í heild sinni með breyt. samþ. með 6 samhlj. atkv.

Till. til þingsályktunar um viðkomustaði strandbáta hins sameinaða gufuskipafjelags (C 535); ein umr.

Sigurður Jensson: Jeg og 2 aðrir h. þm. höfum leyft oss að koma fram með breyt.till. við þessa þingsál.till. Breyt.till. þessar eru fólgnar í því, að skipta viðkomustöðunum í 3 flokka, og höfum við

farið eptir því, hversu áríðandi væri, að skipin kæmu við á þessum stöðum. Í fyrsta flokki eru þeir staðir, sem ætlazt er til að helzt sje þörf á að þeir komi á, og eru þeir 15 vestur um land, en 19 austur um land; þar ætlumst vjer til að bátarnir komi við helzt í hverri ferð.

Í öðrum flokki eru þeir staðir, þar sem bátarnir koma nokkrum sinnum, en sjaldnar en í 1. flokki; og eru þeir staðir 15 vestur um land, en 9 austur um land.

Loks höfum við í 3. flokk skipað þeim stöðum, þar sem vjer viljum ekki að alþingi fastsetji, að bátarnir komi við, nema beiðni eða ósk komi frá hlutaðeigendum um það, svo að vissa sje fengin fyrir því, að eitthvað sje þar fyrir strandbátana að gjöra. Vjer ætlumst til, að þessari beiðni fylgi álit eða meðmæli hlutaðeigandi sýslumanns.

Um suma staðina vitum vjer með vissu, hvort nokkur veruleg þörf er á þessum bátum, en sje þörf á því, þá ætlumst vjer til, að það komi fram óskir um það, ef hlutaðeigendur vilja og hafa eitthvað við bátana að gjöra.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að það hefur komið villa inn í breyt.till.; þar sem stendur Ólafsfjörður í II. vestur um land, þar átti að standa Dalvík, sem stendur undir III.; aptur átti Ólafsfjörður að standa undir III. Ef h. forseti leyfir, bið jeg að því megi verða breytt nú; það er hrein og bein ritvilla eða prentvilla.

Vjer höfum borið mál þetta undir kunnuga menn norðan og austan, og höfum ekki orðið varir við annað, en að menn væru allir ánægðir með það. Að öðru leyti höfum við látið viðkomustaðina vera, eins og þeir standa á till. frá h. Nd., nema að því leyti, sem við höfum bætt við einum stað vestur um land undir III, og einum eða tveimur stöðum austur um land sömuleiðis undir III. Sömuleiðis höfum við sett inn litla breytingu í endanum, nfl. að báturinn, sem fer vestur um land, komi við á Straumfirði eða Borgarnesi á suðurleið í maí eða júní; en á þessum stöðum ætlumst við til, að Faxaflóabáturinn komi að jafnaði, svo að ekki sje brýn nauðsyn til, að þessi bátur komi þar optar en hjer er farið fram á, nema sjerstakar ástæður sjeu til þess.

Jeg vona, að h. þingd. hafi ekkert á móti þessum breyt.till. okkar. Vjer höfum, eins og jeg gat um áðan, borið þær undir ýmsa menn í báðum deildum, og þeir hafa ekkert haft við þær að athuga.

Forseti gat þess, að það mætti skoða sem misritun, að Ólafsfjörður stæði undir II. í staðinn fyrir undir III., þar sem Dalvík stendur, og mætti flytja Dalvík og Ólafsfjörð.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C 550) samþ. með 10 samhlj. atkv. Till. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreidd til landshöfðingja.

Kosning gæzlustjóra við landsbankann.

Kosningu hlaut:
Kristján Jónsson (3. kgk.) með 7 atkv.

Kosning gæzlustjóra við Söfnunarsjóð Íslands.

Kosningu hlaut:
Jón Jensson með 8 atkv.

Fertugasti og fimmti fundur, miðvikudag 25. ágúst kl. $8^1/_2$ f. hád. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C. 551, 556, 558, 559); ein umr.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Þegar þetta mál var fyrir deildinni um daginn voru gjörðar allmiklar breyt. við frv. frá því, sem það hafði verið samþykkt í h. Nd., sem einkum voru í því fólgnar,

að teknar voru í burt ýmsar fjárveitingar, sem deildin gat ýmist ekki álitið nauðsynlegar eða þá ekki svo bráðnauðsynlegar, að þær mættu ekki bíða. H. Nd. hefur nú sett inn margar af þessum fjárveitingum aptur, og liggur því hjer fyrir sú spurning, hvað deildin eigi að gjöra. Sumum kann að virðast að rjett sje, að nema burtu allt það, er h. Nd. hefur sett inn í frv. og setja frv. í sama ásigkomulag og það var, þegar það fór hjeðan um daginn. En nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að fara miðlunarveg við h. Nd., og því hefur hún að eins komið með breyt.till. þær, sem eru á þingskj. 556.

1. breyt.till. er við 10. gr. C. 10. um að nema burt þá fjárveitingu, sem þar stendur til að láta gjöra skipakví. Eins og fjárveitingin nú er orðuð, er hún miku ljósari en um daginn, því þá var ekki tekið fram, hverjum fjeð ætti að vera veitt, eða hvar skipakvíin ætti að vera, en nú er ákveðið, að fjeð skuli veitt til Útgerðarmannafjelagsins við Faxaflóa. Útgerðarmannafjelagið hefur hugsað sjer að hafa skipakvína í Bessastaðatjörn, en ýmsir halda því fram, að þar muni óhentugur staður til slíkra framkvæmda, og þar sem verkfræðingur landsins hefur ekki skoðað staðinn og málið er að öðru leyti ófullnægjandi undirbúið, þá virðist mál þetta geta beðið um eitt ár, því þar sem Útgerðarmannafjelagið getur naumast látið byggja skipakvína fyr en sumarið 1899, yrði biðin 1 eða í hæsta lagi 2 ár, því gjöra má ráð fyrir, að næsta þing veiti þetta fje, þegar málið er nægilega undirbúið.

2. breyt.till. nefndarinnar er við 11. gr. 7. tölul., að nema burtu styrkinn til utanferðar lækna. Jeg skal taka upp aptur það, sem jeg sagði um daginn um þetta atriði, að til þess að utanfarir þessar verði að nokkru gagni, verða læknarnir að dvelja nokkuð langan tíma erlendis, og þurfa þá á allmiklu fje að halda, en ef þeir verja ekki meiru fje til slíkra utanferða en hjer er veitt, álít jeg að utanför þeirra verði gagnslaus. Það mætti reyndar ætla, að sumir læknar legðu fram fje frá sjálfum sjer, en jeg hygg þó, að svo verði ekki, en jeg efast ekki um, að einhver læknir noti fjeð til utanferðar, sem þó hafi engan árangur.

3. breyt.till. er við 11. gr. 12. lið um, að sú athugasemd falli burtu við þann lið, að nota megi spítalann á Patreksfirði jafnframt sem sóttvarnarhús, ef á þarf að halda, því meiri hluti nefndarinnar áleit, að sóttvarnarhús gæti ekki samrýmzt við spítalann.

4. breyt.till. er við 12. gr. B. 3. um að ráða norskan vegfræðing til að kanna brúarstæði á nokkrum ám hjer á landi sumarið 1898. Nefndin ræður til, að fjárveiting þessi sje lækkuð um 1000 kr. og verkfræðingurinn sje fyrir það látinn kanna brúarstæði á Jökulsá í Axarfirði og á Hjeraðsvötnunum hjá Ökrum, en að kostnaður sá, sem leiddi af að skoða brúarstæði á Lagarfljóti, yrði greiddur af þeim 75,000 kr., sem ætlaðar eru til að brúa Lagarfljót. Nefndin vildi ekki leggja á móti þessari fjárveitingu, þar sem töluverður skoðanamunur er milli vegfræðings landsins og hlutaðeigandi hjeraðsbúa, hvar leggja eigi brýrnar yfir Jökulsá. Aptur á móti áleit nefndin ekki þörf að kosta útlendan mann til að skoða brúarstæði á Fnjóská og Norðurá, því þær ár mundu ekki verða brúaðar svo fljótt, að verkfræðingur landsins gæti ekki komizt yfir að skoða slík brúarstæði.

5. breyt.till. fer fram á, að athugasemdin við 12. gr. B. 4. um fjárveitinguna til flutningabrautanna, að þar af veitist 14,000 kr. til flutningabrautar fram Eyjafjörð, falli niður. Nefndin verður enn sem fyrri að halda því fram, að fjenu til flutningabrauta eigi að verja til 3 vegagjörða: 1. til flutningabrautar frá Eyrarbakka upp Árnessýslu, 2. til að sameina

flutningabrautarkaflana í Húnavatnssýslu og koma brautinni allt að verzlunarstaðnum Blönduósi, og 3. að verði þá fje afgangs, að byrjað sje á, eða ef fjeð nægi, að gjörð sje flutningabraut fram Eyjafjörð, en aptur á móti sje ekki rjett, að taka fjárveitinguna til flutningabrautar fram Eyjafjörð fram yfir hinar með sjerstöku skilyrði.

Þá koma breyt.till. 6.—9. um fjárveitinguna til sýsluvega. Hefur nefndin þar viljað leita samkomulags við h. Nd., og því ekki lagt til að stafl. a—c verði felldir burt, en að fjárveitingar þessar verði lækkaðar nokkuð. Jeg gat þess um daginn, að hjer væri um nýtt princip að ræða, um að landssjóður styrkti með fjárveitingu vegagjörðir á sýsluvegum en þegar um nýtt princip er að ræða, er rjett að fara varlega, en færa sig heldur upp á skaptið, ef principið reynist vel. Fyrir því vill nefndin lækka nokkuð þrjár hinar fyrstu fjárveitingar, láta Strandasýslu sitja fyrir, en telur sízt þörf þessarar fjárveitingar í Austur-Skaptafellssýslu, þar sem þjóðvegur liggur eptir endilangri sýslu, og því sje rjett, að minnstu fje sje varið til þessara vegabóta þar. Aptur á móti leggur nefndin til, að styrkurinn til vegagjörða á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu sje felldur burt í þetta sinn, því þótt þar kunni að þurfa veg, álítur nefndin, að hann megi bíða þar til síðar.

10. og 11. breyt.till. fara fram á, að lækka styrkinn til brúargjörðar á Hörgá, úr 10,000 kr. niður í 7500, og að fjárveitingin sje bundin því skilyrði, að héraðsbúar leggi á móti $^1/_5$ í stað $^1/_3$, eins og áður var ákveðið. Það kom fram við umræðurnar um daginn, að brú þessi yrði ekki á þjóðvegi og yrði því mest fyrir hjeraðsbúa, en lítið fyrir langferðamenn. Það er sjálfsagt, að þær brýr, sem mest ríður á, sje látnar sitja í fyrirrúmi, en hinar sjeu látnar bíða, og svo ætti að vera um þá brú, sem hjer er um að ræða. En til samkomulags vill nefndin þó ekki fella heldur að eins lækka fjárveitingu þessa. Það hefur verið gjört ráð fyrir, að brúin mundi kosta 15,000 kr. Nú vill nefndin veita 7500 kr., en að hjeraðsbúar leggi hitt fram, ef þeim er slíkt áhugamál, að fá brúna á þessu fjárhagstímabili, sem orð er á gjört.

12. breyt.till. er við 12. gr. C. III. 4 um skilyrðin fyrir strandbátunum, og fer fram á, að farmeyrir og farmgjald milli hafna með þeim sje hjer um bil hið sama og þetta ár með strandbátnum „Bremnæs“ í stað þess, að því hefur verið breytt þannig í h. Nd., að það skuli ekki vera hærra en með þeim bát. Orðfæri það, sem hjer er farið fram á í breyt.till., er samkvæmt samningi þeim, sem fjárlaganefndin hjer gjörði við sendimann hins sameinaða gufuskipafjelags, og að breyta þessu væri því að ganga á gefin loforð, en maður þessi hefur nákvæmlega þýðing af samningi þessum í vörzlum sínum. Jeg varð því að leggja áherzlu á, að þessu ákvæði sje ekki breytt frá því, sem samningar hljóðuðu, enda þótt jeg kysi það heldur persónulega, að svo mætti standa, sem nú er í frv.

13. breyt.till. fer fram á, að hækka styrkinn til kennarafræðslu úr 2200 kr. upp í 3200 kr. Kemur hún fram af því, að forstöðumaður kennaraskólans hefur sent umsókn til fjárlaganefndarinnar um 1300 kr. fjárveiting fram yfir það, sem áður var, og getur þess, að skólann vanti mörg áhöld, og við hann sjeu 3 kennarar, og hafi einn þeirra ekki ekki nema 600 kr. laun, og geti því skólinn átt á hættu að missa þennan mann, sje ekki hægt að bæta laun hans, og telur það skaða, því hann sje efnilegur maður. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að 1000 kr. sjeu veittar í viðbót til skóla þessa, en sjálfur er jeg á móti þessari hækkun.

14. breyt.till. fer fram á, að fella burtu fjárveitinguna til húsbyggingar á

Þingvelli. Þessi fjárveiting er mjög óákveðin, því hjer er ekki sagt, hverjum landssjóður eigi að veita hana, hver eigi að byggja húsið, nje undir hvers stjórn það eigi að vera, enda veit jeg ekki til, að til þingsins hafi komið nein bænarskrá um þessa fjárveiting. Nefndin álítur fjárveitingu þessa ekki bráðnauðsynlega, enda nær jafnlítil fjárupphæð ekki tilgangi sínum, svo að byggt verði hús, er hægt verði að hafa til þjóðlegra samkomna og til gistingar fyrir útlenda ferðamenn, því til að byggja slíkt hús þyrfti miklu meira fje. Nefndin ræður því til að fella þessa fjárveiting burt.

15. og 16. breyt.till eru við styrkveitinguna til Jóns ritstjóra Ólafssonar. Leggur nefndin til að athugasemdin sje felld burt, og að í stað þess komi til rit starfa, eins og samþykkt var hjer í deildinni um daginn, og skal jeg ekki fjölyrða um þessa till., meðan jeg heyri ekki mótmæli gegn henni.

17. breyt.till. er við 13. gr. (C 36) um að nema burtu orðin „í Reykjavík“ við styrkveitinguna til leikfimiskennslu Magnúsar cand. Magnússonar, því nefndin verður að halda því fram, að sje þessum lið haldið, þá eigi leikfimiskennsla þessi að fara fram víðar á landinu en í Reykjavík. Auk þess er hægt að fá hjer leikfimiskennslu hjá leikfimiskennara skólans, og annarstaðar á landinu er því miklu meiri þörf á að fá slíka kennslu en hjer í Reykjavík.

Loks fer 18. breyt.till. fram á að veita 500 kr. til præp. hon. Benedikts Kristjánssonar, sem viðbót við eptirlaun hans. Þessi maður er öllum að góðu kunnur, hann hefur haft á hendi opinbert starf, sem nú var tekið af honum í gær, sem jeg skal ekki lá h. þingd., en jafnframt og það hefur verið gjört, virðist nefndinni rjett, að honum sje veittur sjerstakur sómi, sem komi fram í viðbót við eptirlaun hans. Hann hefur lengi verið embættismaður og staðið vel í stöðu sinni sem slíkur, auk þess hefir hann verið þingmaður og hefur hið sama þar verið ofan á, og í hjeraði hefur hann hvervetna stutt að framförum, hvervetna þar sem hann hefur getað átt hlut að máli. Auk þess er maður þessi sannkallaður heiðursmaður, hvort sem litið er á hann sem prest, þingmann eða mann, og ætla jeg því, að ekki sje ástæða til að mæla móti till. þessari.

Þá koma breyt.till. frá 2 h. þingdeildarmönnum.

1. breyt.till. er frá h. þm. S.-Múlas. (G. V.) á þingskj. 558 um, að veittar sjeu 1500 kr. til undirbúnings landsspítala og sóttvarnarhúsa. Mjer finnst slík fjárbeiðni ætti að koma frá stjórninni, en ekki frá einstökum þingm. Stjórnin verður að segja til, hvenær hún vill láta reisa þessi sóttvarnarhús og því er það hún, sem á að koma með slíka beiðni. Jeg veit að sönnu ekki, hvernig nefndin lítur á þetta mál, en jeg er persónulega á móti þessari fjárveitingu.

Þá eru 3 breyt.till. frá h. 1. þm. Ísf. (S. St.) á þingskj. 559. 1. breyt.till. fer fram á, að ferðaáætlun gufubátsins á Ísafjarðardjúpi sje ekki samin af landshöfðingja, eins og ferðaáætlanir gufubátanna á Breiðafirði og Faxaflóa. Jeg hef ekkert á móti þessu, en jeg vildi að eins skjóta því til h. þm., hver eigi þá að semja ferðaáætlunina, *(Landshöfðingi:* Sýslunefndin) hvort það eigi að vera útgjörðarmaðurinn einn, því þá álít jeg ver farið, heldur en ef það væri gjört af landshöfðingja.

2. breyt.till. á sama þingskj. fer fram á, að lækka styrkinn til húsmæðraskólans niður í 1000 kr. Jeg álít óþarfa að endurtaka umræður þær, sem urðu um daginn um þessa fjárveiting, en hvað mig snertir, mun jeg greiða atkvæði á móti breyt.till.

3. breyt.till. er sú sama, sem um daginn um að fella burtu styrkinn til Magn-

úsar cand. Magnússonar til leikfimiskennslu. Um þetta atriði urðu nokkrar umræður um daginn, sem jeg álít óþarfa að taka upp aptur, því jeg mundi segja hið sama og áður. Annars er bezt að láta atkvæðagreiðsluna skera hjer úr, því mjer er illa við að hafa miklar umræður um persónulegar fjárveitingar.

Jón Jónsson: Það er einkum 12. breyt.till. h. nefndar, sem kemur mjer til að standa upp. Jeg vil taka undir það, sem h. framsögum. (Þ. J.) sagði, að það á ekki við að setja hjer inn í frumv. á kvarðanir um skilyrði fyrir styrknum til gufuskipaferðanna, sem eru í ósamkvæmni við samning þann, er nefndin hefur gjört við sendimann gufuskipafjelagsins. Mjer er það kunnugt, að það er ekki hentugt að miða farmgjald þessara skipa og báta hins sameinaða gufuskipafjelags við farmgjaldið á „Bremnæs", eins og það var í fyrra. Jeg sendi í fyrra 6 tunnur af korni með „Vestu" milli tveggja hafna og kostaði það 3 kr. 10 au., svo sendi jeg og með „Bremnæs" 6 tunnur fjórðungi styttri veg, en það kostaði 5 kr. 40 au. Jeg hef viljað gefa þessar upplýsingar og þessa bendingu til þess, að menn hugsi sig vel um, áður en menn vilja fastbinda það mjög, að láta farmgjald gufuskipanna miðast við „Bremnæs". Það kann að vera, að farmgjaldið með „Bremnæs hafi nokkuð verið lækkað nú í ár, og mjer er kunnugt, að það hefur lækkað farmgjald fyrir kornflutninga, en hvort það hefur tiltölulega lækkað fyrir annað, það er mjer ekki kunnugt.

Út af þessu vil jeg leyfa mjer að minnast lítið eitt á gufuskipaferðirnar.

Það er mitt álit, að það sje vanhugsað að hætta við útgerð gufuskipsins „Vesta". Jeg veit, að þetta hneykslar marga, að segja þetta, en það er samt sem áður mín skoðun. Mjer er það kunnugt, að þingið hefur fengið talsvert miklar ákúrur fyrir það, að leggja út í að gera út gufuskip til þessara ferða, en menn hafa ekki getað bent á, hvað þingið átti að gera í hitt eð fyrra í þessu máli, annað en það gjörði. Fyrir þinginu lá ekkert tilboð um auknar gufuskipaferðir, svo að því var nauðugur einn kostur, að stofna til þessarar útgerðar. Og jeg vil segja, að þessi útgerð hafi haft svo góðar afleiðingar, að hún hafi margborgað sig. Það er henni að þakka, að farmgjald allra gufuskipanna hefur lækkað að tals erðum mun, og það er henni að þakka að vjer höfum nú fengið svo gott tilboð um gufuskipaferðir, sem nú hefur komið til þingsins. Jeg greiði satt að segja nauðugur atkv. með samningnum við gufuskipafjelagið, jafnvel þótt þetta sje sá langbezti samningur, sem til þingsins hefur komið. Jeg hygg vafalaust, að enn betri samningur hefði þó náðst, ef „Vesta" hefði verið haldið lengur út, og jeg álít því, að það sje þolleysi af þinginu, að hætta svo fljótt við hana. En það hefur eðlilegar orsakir; þingmenn hafa verið úthrópaðir fyrir það fyrirtæki og ekkert mál verið lagt eins í einelti, eins og þetta. Það hefur jafnvel verið sagt, að þingmenn hafi í því máli greitt atkvæði fyrir bón eins manns, og útgerðin sje sett á fót vegna hans. Jeg hef varla sjeð annað óskammfeilnara. Það hefur sært mig að lesa þetta og jeg álít nauðsynlegt að bera þetta af sjer einmitt hjer á þessum stað. *(Sig. Stef:* Hvar hefur þetta verið sagt?) Þetta stóð í blaðinu „Íslandi". Það hefur verið talað um farstjórnina, og það þar farið þeim orðum um það, að það lá nærri að skilja það svo sem þingmenn hefðu selt atkv. sitt í þessu máli, og farið óvirðulegum orðum um fargæzlumennina, en þess er ekki getið, að einmitt annar fargæzlumaðurinn hefur útvegað „Vestu" farmgjald, er nemur frá 40—50 þús. kr., líklega nær 50 þús. kr. fyrir þann tíma, sem liðinn er, og auk þess veit jeg með vissu, að hann

ætlar ekki að þiggja þær 1000 kr., sem honum bera sem fargæzlumanni.

Eins og jeg sagði áðan er ferðaáætlun sú, sem þinginu er nú boðin, sú langbezta, sem boðizt hefur, en sá agnúi er þó á, að þingið þarf að binda sig fyrirfram fyrir 5 ár. Þetta virðist mjer svo mikill galli, að jeg hef að eins getað verið með þessu knúður af meiri hluta. Það var þegar bersýnilegt fyrir þing, að menn kusu heldur að semja við það fjelag um gufuskipaferðirnar, sem menn hafa áður ausið skömmum yfir, heldur en að láta landssjóð kosta sjálfan gufuskip eða gjöra út. Jeg hef viljað taka þetta fram gagnvart kjósendum mínum til að skýra mína framkomu í þessu máli. Jeg greiði samningnum atkv., af því að hann er sá bezti samningur, sem oss hefur boðizt, þótt jeg álíti, að hann hefði getað orðið betri, ef við hefðum haft þol til að halda lengur áfram samkeppninni. Jeg dansa því nauðugur með. Og mjer kemur það ekki á óvart, þótt vjer sjáum það áður en 5 ár eru liðin, að óheppilegt sje að binda hendur sínar svo langan tíma.

Sigurður Stefánsson: Jeg á hjer 3 breyt.till., sem jeg vildi minnast lítið eitt á.

1. breyt.till. er um það, að undanþiggja gufubátinn á Ísafjarðardjúpi afskiptum landshöfðingja. Það er kunnugt, að þessi gufubátur hefur orðið fyrir því sjerstaka óláni, að styrkurinn af landssjóði er bundinn því skilyrði, að sýslunefndin leggi fram víst fje á móti honum. Það virðist því ekki sjerstök ástæða til, að ferðaáætlun hans standi undir samþ. landsstjórnarinnar, eins og eðlilegt er um ferðaáætlanir þeirra gufubáta, sem styrk hafa frá landssjóði einum. Hingað til hefur landshöfðingi heldur ekki komið neitt nærri ferðaáætlun þessa gufubáts á Ísafirði; sýslunefndin hefur samið hana í samráði við útgerðarmanninn og allt af farið vel á því. Jeg hygg því ekki, að nein þörf sje á þessari breytingu. Ekki svo að skilja, að jeg vantreysti í minnsta máta landshöfðingjanum í þessu efni, en það veldur óþarfa vafningum og fyrirhöfn, því að sjálfsögðu fer landshöfðinginn eingöngu eptir tillögum sýslunefndarinnar. Jeg leyfi mjer því að vona, að h. þingd. samþ. þessa breyt.till. mína.

Um hinar tvær breyt.till. mínar skal jeg ekki fjölyrða.

Jeg get tekið undir með h. framsögum. (Þ. J.) um, að rjettast sje, að tala sem minnst í þingsalnum um slíka styrki til einstakra manna. Um báða þessa liði var allítarlega talað hjer áður, og allt sem þá var sagt stendur enn óhrakið. Jeg leyfi mjer því að vona, að h. þingd. hafi ekki breytt skoðun sinni, síðan hún um daginn greiddi atkv. sitt, færði annan liðinn niður og felldi hinn burtu. Jeg skal bæta því við, að mjer virðist það vera nokkuð undarlegt, að þingið sje eins og að leita að mönnum til að láta fje í vasa þeirra, og það á því ári, sem mikill tekjuhalli er á fjárlögunum og í því árferði, þegar aðalbjargræðisvegur landsins stendur ver að vígi en vant er, og helzt útlit fyrir, að markaði fyrir sauðfje sje lokað í útlöndum. Vjer erum ráðsmenn landssjóðsins og sú skylda hvílir oss á herðum að verja eigi fje hans til ónauðsynlegra útgjalda. Vjer eigum eins og góður búmaður að segja, þó að hann vilji fá sjer einhvern hlut: „Ástæður mínar eru nú þannig í ár, að jeg verð að neita mjer um þetta, en batni hagur minn að ári royni jeg að kaupa hlutinn“.

Jeg greiði því glaður atkvæði með þeim till., sem að sparnaði lúta, og mun þar fylgja h. fjárlaganefnd.

Mjer virðist það þó vera ósamkvæmni hjá h. nefnd, að stryka út með öllu styrkinn til sýsluvega í einni sýslu, en láta alla hina styrkina standa. Jeg hygg þó, að h. nefnd hafi verið jafn ókunnug öllum

þessum stöðum. Jeg hygg, að það sje ekki fjölfarnari vegur nje nauðsynlegri sá vegur í Strandasýslu, sem veita á til 5—6 þús. kr., heldur en vegurinn yfir Breiðadalsheiði, því að þar er fjarskamikil umferð um. Sýslunefndin hefur og varið afarmiklu fje í þennan veg og síðastliðið ár 3000 kr. og þó er eptir mikið að honum að gjöra enn þá. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji beinlínis halda því fram, að vegagjörð þessi sje styrkt af landssjóði, því að jeg álít það nýja „princip“, að fara nú að styrkja sýsluvegina af landssjóði, vera hættulegt „princip“, sem leiðir þann dilk á eptir sjer, að allar sýslur komi smámsaman með slíkar styrkbænir, úr því að þessar sýslur komust nú að. Þingið er venjulega alls ekki svo kunnugt á hinum ýmsu stöðum, að það sje fært um að gjöra upp á milli sýslanna og segja, hvar þörfin er stærst, og afleiðingin verður sú, að tíma og fje er eytt, án þess trygging sje fyrir því að það komi rjettlátlega niður. — Jeg get varla kallað það annað en fordild af þinginu, að fara að kasta fje burtu til vega, sem landssjóður hefur enga skyldu að styrkja, en láta þá vegi sitja á hakanum, sem landssjóður á að leggja. Þetta álít jeg algjörlega rangt. Jeg álít því, að ef h. þingd. samþykkir, að fella burtu styrkinn til Breiðadalsheiðar, eigi hún einnig að fella burtu styrkina til allra hinna sýsluveganna, og með því móti væri hreinsað vel til á fjárlögunum.

Jeg get að vissu leyti verið h. þm. N.-Múl. (J. J.) samdóma um landssjóðsútgerðina. En jeg álít þó ekki, að það hafi verið rangt af þingiuu að hverfa nú frá því, að gjöra út, en hitt álít jeg rjett, að þingið hafi bundið hendur sínar fyrir of langan tíma með því að gjöra samning við gufuskipafjelagið fyrir 5 ára tíma; og þó að þessi samningur sje sá bezti, sem þinginu hefur hingað til boðizt, þá líkar mjer hann þó ekki að öllu leyti. En því var nú svo varið, að mál þetta kom ekki hingað til h. Ed., fyr en á síðustu dögum þingsins, og þar sem h. Nd. hafði þá gjört fastan samning og sendimaður gufuskipafjelagsins var á förum, þá var hvorki tími nje tök á að gjöra neinar verulegar breytingar við samninginn. Samt sem áður hef jeg gefið samningsatriðum þessum atkvæði mitt, enda þótt jeg álíti, að æskilegt hefði verið, að gjöra við hann ýmsar breytingar. En hitt þykist jeg vera viss um, að 5 ára tími muni reynast oflangur tími.

Jeg hefði betur getað fellt mig við, að 4. breyt. nefndarinnar hefði verið í þá átt, að fella alveg burtu þennan styrk til nýs verkfræðings. Jeg hygg, að það sje ekki nauðsynlegt, að taka nú útlendan verkfræðing, því að landssjóður muni varla byggja fleiri brýr en verkfræðingur landsins getur skoðað og gefið áætlanir yfir. Jeg hygg því, að rjettast væri, að þessi fjárveiting fjelli alveg burtu.

Guttormur Vigfússon: Af því að br.-till. frá mjer liggur fyrir h. þingd., vil jeg fara um hana fáeinum orðum. Eins og h. þingdm. er kunnugt, eru nýlega afgreiddar 2 þingsályktunartillögur frá deildinni til landshöfðingja og fer önnur þeirra fram á, að skora á stjórnina, að leggja fyrir alþingi 1899 áætlun um kostnað við byggingu sóttvarnarhúsa, en hin, að alþingi skori á stjórnina, að leggja fyrir sama þing áætlun um kostnað við byggingu landsspítala. Eins og gefur að skilja, verða áskoranir þessar ekki að notum og verkið verður ekki framkvæmt, nema fje sje fyrir hendi til að standast kostnað þann, er af því leiðir. Til þess að sýna því, að alþingi hafi verið alvara með þingsályktunartillögur þessar, virðist rjett, að setja einhverja upphæðina á fjárlögin í þessu skyni, og þess vegna hef jeg lagt til, að 1500 kr. yrðu veittar á fjárlögunum til þessara framkvæmda. — H. framsögum. (Þ. J.) sagði, að sjer fyndist ekki

eiga við, að þingmaður kæmi með slíka tillögu, heldur ætti hún að koma frá stjórninni. En mjer fannst stjórnin ekki hafa tækifæri til að koma með slíka tillögu, þar sem farið var fram á, að árangurinn af tillögunni yrði lagður fyrir næsta þing. Auðvitað hefur þingmaðurinn beint því að hæstv. landsh., en mjer finnst hverjum einstökum þingmanni liggja eins nærri að koma með slíkt frumatkvæði. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, heldur leggja till. undir atkvæði h. þingd.

Jón A. Hjaltalín: Það lítur svo út, sem h. fjárlaganefnd hafi horn í síðu Eyjafjarðar, þar sem 5. breyt.till. hennar fer fram á, að nema burtu, að 14000 kr. verði varið þar til flutningabrauta á fjárhagstímabilinu. Hvað notkun hinnar fyrirhuguðu flutningabrautar snertir, þá mundi ekki þurfa að veita Eyfirðingum sjerstaka fjárveitingu til þess að læra að nota hana, því jeg hygg, að hvergi á landinu sjeu eins margar kerrur og vagnar, sem einmitt þar, og virðist því eðlilegt, að flutningabrautir væru fyrst byggðar þar, sem þær yrðu notaðar bezt.

Þá hefur nefndin lagt það til í 10. breyt.till. sinni, að styrkurinn til Hörgárbrúarinnar yrði lækkaður, þrátt fyrir það, þó hin upprunalega upphæð hefði verið samþykkt aptur í h. Nd. með miklum atkvæðamun. H. framsögum. (Þ. J.) tók það enn þá fram, að brú þessi yrði ekki á þjóðvegi, en hún er þó á þjóðvegi, eins og jeg hef áður sagt, og vegur sá er að minnsta kosti eins fjölfarinn og margir þjóðvegir, enda sje jeg ekki betur, en að líf og eignir manna sje eins dýrmætt, þótt farið sje skammt að heiman frá sjer og þótt farið sje í langferðir. Jeg sje því ekki ástæðu til breyt.till. þessarar og mun greiða atkv. á móti henni.

Þá hefur nefndin breytt athugasemdinni við 13. gr. C 35, svo sem hún var samþykkt í h. Nd. En jeg verð að segja, að jeg hefði miklu betur kunnað við athugasemd h. Nd., heldur en athugasemdina hjer úr h. Ed., einmitt vegna þess, að styrkurinn var þá miðaður við eitthvað víst, en hjer er farið fram á, að veita hann að eins til ritstarfa, sem getur verið allt og ekkert. Það heyrðist að sönnu í h. Nd., að það ætti að vera til þess, að vekja eptirtekt á Íslandi í útlendum blöðum. Slíkt er hjegómi og hefði lítið að þýða, þótt einstöku sinnum sæist brjefkafli um Ísland í blöðum erlendis; þá mundu þeir, er mikið hafa að gjöra, hlaupa yfir slíkt, án þess að lesa það, en hinir, er hefðu tíma til að lesa það, væru búnir að gleyma því daginn eptir. Og eigi ritstörf þau, sem hjer eru nefnd í breyt.till., að þýða þetta, álít jeg, að þau komi að litlum eða engum notum.

Framsögum. (Þorleifur Jónsson): Það er ekki margt, sem jeg þarf að minnast á.

Það er fyrst ræða h. þm. Ísf. (S St.). Hann sagði, að það væri ósamkvæmni í því, að láta styrkina til allra sýsluvega standa, en afnema styrkinn til sýsluvegagjörðar á Breiðadalsheiði. Í fljótu bragði virðist þetta vera rjett, en er það ekki, ef nánar er litið á það. Ef samkvæmni ætti að vera í þessum styrkveitingum, ætti ekki að eins að taka þessar sýslur, heldur einnig aðrar sýslur, þar sem líkt er ástatt, t. d. Barðastrandarsýslu, sem meiri ástæða er til að taka en Austur-Skaptafellssýslu. Meining nefndarinnar var, að láta þær sýslur sitja fyrir, þar sem þörfin væri mest, og veita einni sýslu á þessu þingi og annari á næsta o. s. frv. Þar sem h. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að eins mikil þörf væri að veita styrk til vegagjörðar á Breiðadalsheiði, eins og ausa út 6000 kr. til sýsluvega í Strandasýslu, þá er jeg á annari skoðun. Þessu fje til Strandasýslu á að verja til vegar yfir Stikuháls og Snartartunguheiði, sem er aðalvegur milli Norðurlands og Vesturlands, og mundi vera gjörður að þjóðvegi, ef þessi fjárveiting fengist ekki.

Sami h. þm. (S. St.) vildi, að liðurinn um að ráða æfðan norskan verkfræðing (Ingeniör) til að kanna brúarstæði á ýmsum stórám, væri felldur. En í þessu get jeg ekki verið honum samdóma, þar sem ágreiningur er um, hvar leggja eigi brýrnar yfir slíkar stórár sem Lagarfljót og Jökulsá í Axarfirði, og ekki er lítið í húfi, ef jafn kostnaðarsamar stórbrýr eru byggðar á skökkum stað. Um önnur atriði í ræðu þessa h. þm. skal jeg ekki tala.

En þá er að minnast á ræðu h. 5. kgk. (J. A. H.). Hann sagði, að svo liti út, sem nefndin hefði horn í síðu Eyfirðinga. En jeg skil ekki, hvernig hann getur talað slíkt, þar sem gjört er ráð fyrir á fjárlögunum, að leggja 5000 kr. til endurbyggingar spítalans á Akureyri, 5000 kr. til hins eyfirzka skipaábyrgðarfjelags og 7500 kr. til brúargjörðar á Hörgá, og þar að auki fje til flutningabrautar fram Eyjafjörð, eptir því sem það fje endist. Það er öðru nær en þessi sýsla sje höfð út undan, þar sem miklu fremur hefur verið lagt einna mest fje til hennar. H. þm. sagði, að líklegt væri, það flutningabraut fram Eyjafjörð yrði notuð fyrst allra flutningabrauta, því þar fyrir norðan þyrfti ekki að kenna mönnum að nota vagna til ferða nje flutninga. Þetta getur satt verið, en það liggur í augum uppi, að fyrst verður að klára þær flutningabrautir, sem byrjað er á, og hætta ekki þar við hálfgjört verk; ef fje svo verður afgangs, verður því varið til flutningabrautar fram Eyjafjörð.

Þá minntist hann á Hörgárbrúna og kvað mikla ástæðu til að brúa hana, þar sem leiðin væri fjölfarin o. s. frv. Það má koma með mjög margar ástæður fyrir því, að brúa þurfi hverja einustu á í landinu, en nefndin álítur, að fyrst eigi að brúa þær ár, sem mest nauðsyn sje á, og hyggur, að meiri nauðsyn sje á, að brúa aðrar ár en Hörgá. En nú hefur nefndin gengið inn á, að 7500 kr. sjeu veittar til þessarar brúargjörðar, og sje Eyfirðingum áhugi með að fá ána sem fyrst brúaða, munu þeir vilja vinna til, að leggja til það, sem á vantar, en vilji þeir bíða, munu þeir að líkindum fá meiri upphæð á næsta þingi.

Þá hefur verið minnzt á styrkveitinguna til Jóns Ólafssonar. En eins og jeg sagði áðan, er mjer óljúft að tala um þessar persónulegu fjárveitingar, og skal því leiða hjá mjer, að fara frekar út í það.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg skal ekki tala langt að þessu sinni.

Jeg vildi að eins styrkja tillögu h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) (C 558), að 1500 kr. sje varið til undirbúnings landsspítala og sóttvarnarhúsa, en þar sem h. þm. hefur sjálfur gjört grein fyrir þessari viðaukatill. sinni, er ekki þörf á að bæta miklu við.

Það er eðlilegt, að þegar þingið ályktar að skora á stjórnina, að undirbúa eitthvert mál eða rannsaka, þá sje um leið veitt fje til að framkvæma ályktunina. Reyndar getur stjórnin búizt við að fá þetta fje með fjáraukalögum, en slíkt er þó alltaf hæpið, þar sem verið getur, að þinginu þyki of mikið fje brúkað til þessa undirbúnings. Rjettara er, að þingið ákveði nokkra fjárupphæð til þessa, eins og gjört var hjer nýlega til undirbúnings vitabyggingar á Austurlandi og hjer er farið fram á. Reyndar rennir þingið blint í sjóinn með, hve há upphæð sje nægileg, en ef þessi fjárveiting reynist ekki nægileg, mun þingið fúsara á að veita nokkurt fje í uppbót eptir á, t. d. 2– 5000 kr., heldur en ef ekkert hefði verið veitt fyrir fram.

Jeg vildi einnig minnast á 14. breyt.-till. nefndarinnar, þar sem stungið er upp á, að styrkurinn til húsbyggingar á Þingvöllum falli burt. Framsögum. (Þ. J.) bar þær ástæður fram fyrir þessari breyt.till., að málið væri lítt undirbúið, að það væri

óákveðið, hverjum skyldi veita styrkinn og hvernig ætti að verja honum, og að hús, sem byggt væri fyrir svona litla upphæð, gæti ekki fullnægt kröfum þeim, sem settar væru, að vera fyrir þjóðlegar samkomur og erlenda ferðamenn. Jeg vil ekki bera á móti því, að þetta hafi við töluverð rök að styðjast, en þar sem hann sagði, að vjer gætum enn þá beðið með þessa fjárveitingu, þá finnst mjer það ekki rjett, heldur finnst mjer, að vjer höfum beðið allt of lengi með að veita fje til þessa. Þegar vjer viljum fá ferðamenn til að ferðast um land vort, verðum vjer að gjöra þeim ferðina mögulega og dvölina hjer viðunanlega. Það er af flestum talið gott, að fá aukinn ferðamannastrauminn inn í landið, þó jeg viti, að það mál hefur tvær hliðar, sem jeg ekki hjer skal fara út í. Það er heppilegt, að útlendingar komi hingað til þess að vekja athygli á landi voru og þjóð, þegar þeir aptur eru komnir heim í ættland sitt, og svo er það einnig hagnaður fyrir íbúana, eins og sýnir sig í hinum miklu ferðamannalöndum Noregi og Sviss. Ferðamenn þeir, sem hingað hafa komið, lofa mjög náttúrufegurðina, þykir landið fagurt og einkennilegt, og finnst það geta jafnast, hvað fegurð snertir, við þau lönd, sem fjölförnust eru, en þeir finna allir það að, hve lítið sje gjört hjer af mannanna hálfu: náttúran hafi hjer gjört allt, mennirnir svo sem ekkert. — Það fyrsta, sem þurfti að gjöra til þess, að útlendingum væri mögulegt að ferðast um landið, var að leggja vegi, og það hefur landssjóður gjört lofsamlega hin síðustu árin. En hið næsta, sem þarf að gjöra, er að byggja skýli fyrir ferðamenn, svo þeim geti orðið dvölin viðunanleg. Þetta vantar enn þá; jafnvel á hinum þjóðkunna sögustað, Þingvöllum, er ekki nokkurt skýli til fyrir útlendinga, og sú þegjandi kvöð liggur á prestinum þar, að taka á móti þeim og hýsa. En þetta er ósanngjörn kvöð, því hvernig er hægt að búast við, að prestur á tekjurýru brauði, sem bundinn er við embættisstörf og búsumhyggju, geti gjörzt gestgjafi eða nærri því „hótelhaldari“. Þetta er öfugt og á þessu verður að ráða bót. Fyrst biðu menn og bjuggust við, að einhver af veitingamönnunum mundi ef til vill byggja þar gestaskála og setja upp greiðasölu að sumrinu til. En enginn hefur enn þá ráðizt í þetta, og jeg hygg, að ekki sjeu neinar líkur til, að það verði í bráðina. Svo var nýlega stofnað hjer fjelag, ferðamanna- eða túristafjelag. Markmið þess var meðal annars, að bæta eitthvað úr þessari brýnu þörf og setja upp skýli á Þingvöllum og víðar, en framkvæmdirnar hafa því miður verið veikar og ófullkomnar; þó hafa tjöld verið send til 2 staða, og er það betra en ekki neitt, en það gjörir útlendingum þó ekki fýsilegt að dvelja hjer. Mjer er kunnugt um, að 5 menn hafa sent áskorun út um allt land um, að styrkja með hlutabrjefum húsbyggingu á Þingvöllum. Eðlilegast væri, að styrkurinn frá landssjóði lenti hjá þessu fjelagi, og sje jeg ekki neitt á móti því, ef landssjórnin teldi fullnægjandi eptir ástæðum skýrslur þær, sem fjelagið gæfi. Það er þó meiri ástæða til að halda, að fjelagið gæti komið áformi sínu fram, ef það er styrkt af landssjóði, því fyrir 2500 kr. frá tveimur pörtum eða 5000 kr. alls má byggja viðunandi skýli, þar sem 10—20 manns gætu gist, og þótt það væri í smáum stýl, mundi útlendingum finnast það viðunandi, þar sem slík smáhús eru víða byggð í öðrum löndum, þar sem ekki er mikil umferð. — Það er ekki rjett af h. þingd. að segja, að þetta mál megi bíða, því ef þessi húsbygging er nauðsynleg, á ekki að draga lengur, að veita fje til hennar, enda er fjárupphæðin ekki svo há, að landssjóð muni mikið um hana. Jeg hef líka sýnt fram á, að ekki mundu miklir erfiðleikar á að finna þá, sem gætu notað þessa fjárveitingu. Þessi fjárveiting

hafði svo eindregið fylgi í h. Nd., að tvísýnt er, hvernig fara mundi um hana í sameinuðu þingi, yrði hún felld hjer.

Þá koma nokkrar persónulegar fjárveitingar og er satt, sem h. framsögum. (Þ. J.) sagði um þær, að það er óþægilegt að tala um þær hjer á þingi, en það er líka óþægilegt, að greiða atkvæði um sumar hverjar hinar, því þótt maður sje sannfærður um, hvaða meginreglu sje rjettast að fylgja viðvíkjandi þeim, þá getur maður þó verið í efa um hverja einstaka af þeim, þar sem stundum verður að sveigja frá meginreglunni, ýmist vegna þeirra, sem maður vinnur saman við, eða þeirra persóna, sem í hlut eiga. Jeg vildi helzt leiða hjá mjer að minnast nokkuð á þessar fjárveitingar, en þó skal jeg fara fáum orðum um 35. tölul. í 13. gr. C., styrkinn til Jóns Ólafssonar. Mjer finnst annaðhvort af tvennu eiga að gjöra við þennan styrk, að stryka hann út, en um það hefur engin breyt.till. komið, eða binda hann ekki þeim skilyrðum, sem gjöra hann ómögulegan. En slík skilyrði sýnist mjer hafa verið sett í h. Nd. Þess vegna finnst mjer rjett að fylgja breyt.till nefndarinnar. Sömuleiðis fellst jeg á breyt.till. nefndarinnar við tölul. 36, verði sá tölul. látinn standa, þar sem komið hefur breyt.till. frá einum h. þm. um að fella hann burt. En falli atkvæðagreiðslan ekki svo, að tölul. verði felldur, finnst mjer sjálfsagt að laga hann eptir till. nefndarinnar. Jeg vil ennfremur taka það fram um þennan tölul., að hann hefur ekki svo lítið fylgi í h. Nd., svo tvísýnt er, hvernig fara muni um hann í sameinuðu þingi.

Þó jeg kynni að hafa fleira að athuga við breyt.till. þær, sem komið hafa, skal jeg þó ekki lengja umræðurnar með því að fara út í þær.

Jeg skal að lokum að eins fara nokkrum orðum um samninginn við sameinaða gufuskipafjelagið, og lýsa yfir, hvort mjer líkar hann vel eða illa. Samningurinn er eptir minni skoðun ekki svo fullnægjandi, sem æskilegt væri, og mjer finnst aðferð nefndarinnar, sem skipuð var í h. Nd í þessu máli, ekki hafa verið sem bezt hugsuð. Nefndin hefði gjört betur í því að vera búin að hugsa málið rækilega, áður en sendimaður fjelagsins kom, og hafa ákveðin boð að leggja fram fyrir sendimann sameinaða gufuskipafjelagsins, en það ætla jeg að hún hafi ekki gjört. Sömuleiðis hygg jeg, að nefndin eða nefndirnar hefðu átt að hafa sjer við hlið einhvern mann utanþings, vel kunnugan þessu máli, og nota bendingar hans í samningunum. En úr því samningurinn er gjörður, dugar ekki að fást um það, En þar sem h. 2. þm. N.-Múlas. (J. J.) sagði, að við hefðum ekki átt að binda oss í 5 ár við þetta fjelag, þá er jeg honum ekki samdóma, því það er efasamt, hvort fjelagið getur fengið nokkra verulega reynslu á styttri tíma, og það er eðlilegt, að þegar það hefur gjört breytingar á ferðunum, ef til vill keypt sjerstök skip til þeirra eða látið breyta öðrum, að það þá heimti, að samningurinn standi um nokkuð langan tíma, svo það þá vinni ekki fyrir gýg. Hitt skal jeg játa, að það er landssjóðsútgerðinni að þakka, að samningur sá, sem vjer höfum fengið, er eins góður og hann er, því hún hefur brotið ísinn til að ráða fram úr agnúum þeim, sem gufuskipaferðir vorar áttu við að búa. Linun í fargjaldi og aðrar breytingar til batnaðar mega skrifast á tekjudálk útgerðarinnar, það er nóg sem kemur á gjaldadálkinn fyrir því. Vjer höfum grætt og lært töluvert á útgerðinni. Þess vegna er ekki ástæða til að bera sig hörmulega, því sjaldan fást miklar umbætur að kostnaðarlausu.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Jeg vil að eins leyfa mjer að mæla fáein orð á móti ræðu h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) um húsið á Þingvöllum. Hann taldi húsbyggingu þessari það til gildis, að það

mundi verða til þess að laða útlenda ferðamenn hingað til landsins; en það getur ekki laðað þá nema að Þingvöllum, og þá lendir sá peningastraumur, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gat um í þeim sveitum, sem næstar liggja við Þingvelli, og þá liggur þeim næst að koma upp þessu húsi, sem hjer er um að ræða. Það er ekki rjett, að menn vestur á Hornströndum eða norður á Langanesi veiti fje til húsbyggingar á Þingvöllum. Ef h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) eða aðrir, sem halda þessu húsi fram, hafa svo mikla trú á, að það muni laða útlenda ferðamenn í þær sveitir, sem liggja þar í grennd við, þá verða þeir líka að halda því fram, að fyrirtækið borgi sig fyrir hvern mann, sem hefur fje til að koma húsinu upp. Ef h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hefur trú á, að peningastraumurinn komi með útlendum ferðamönnum, þá ætti það að borga sig fyrir prestinn á Þingvöllum að koma upp þessu húsi, og þá ætti það að standa honum næst. H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gjörði mikið úr þeim átroðningi, sem presturinn á Þingvöllum hefði af útlendum ferðamönnum, en það er aðgætandi, að hann fær þann átroðning borgaðan.

H. 2. kgk. þm. gat þess ennfremur, að ferðamannafjelagið ætti að fá þennan styrk til meðferðar; en mjer er ekki kunnugt um, að það hafi sótt um hann, og ef það hefði álitið þetta nauðsynlegt, þá hefði það átt að sækja um þennan styrk.

Jeg man ekki allt, sem h. þm. sagði, það var svo margt og mikið; en eitt man jeg að hann sagði, og það var það, að hann taldi ólíklegt, að það mundi hafast fram í sameinuðu þingi, að fella þennan styrk burt, af því að svo margir hefðu greitt atkvæði með honum í h. Nd. En það er þó ekki alveg víst að svo verði. Hjer í deildinni var hann felldur um daginn með 10 samhlj. atkv., og það er þess vegna ekki víst, að það verði svo margir með honum í sameinuðu þingi, að hægt sje að vita, hvernig úrslitin muni verða.

Sá eini þm., sem ekki greiddi atkv. móti þessari fjárveiting hjer í deildinni um daginn greiðir ekki atkv. í sameinuðu þingi, af því að hann er forseti þess.

Hvað sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) segir um húsbyggingu þessa, þá er hún ekki svo bráðnauðsynleg, að hún ekki megi bíða.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg ætla mjer að eins að tala örfá orð og skal ekki þreyta h. þingdm. á langri ræðu. H. framsögum. (Þ. J.) tók það fram, að presturinn á Þingvöllum fengi borgun fyrir gestrisni sína og svo ennfremur, að það stæði honum næst, að byggja það hús, sem hjer er um að ræða. Þetta er hreinasta fjarstæða. Presturinn veit ekki, hvort hann verður þar daginn á morgun; líf hans er sömu lögum háð sem annara; þar að auki gæti líka komið fyrir, að hann vildi flytja sig þaðan eitthvað annað. Hann ætti þá að leggja 5000 kr. eða meira í kostnað til að byggja slíkt hús, og eiga svo á hættu að fá alveg ófullnægjandi verð fyrir það, þegar hann flytti þaðan. Þetta er sú fjarstæða, sem engu tali tekur. Hann tekur á móti ferðamönnum eptir föngum, og veitir þeim þann greiða, sem kostur er á fyrir hann; en hann vildi helzt vera laus við það, og telur sjer það bæði mjög óþægilegt og jafnvel ósamboðið stöðu sinni sem prestur. Þar sem h. framsögum. (Þ. J.) gat þess, að það væri ekki rjett, að menn vestur á Hornströndum eða norður á Langanesi legðu fje til húsbyggingar á Þingvöllum, þá mætti segja alveg það sama um svo margt annað fje, sem veitt er á fjárlögunum nú; jeg gæti varið hálfum tíma eða meira til að telja það upp og tala um það. Mjer finnst koma fram dálitill keimur af hreppapólitík hjá h. framsögum. (Þ. J.) í þessu efni, sem ekki ætti að koma fram við 4. umr. fjárlaganna í þessari h. þingd.

Jeg vona, að h. þingd. leggi ekki áherzlu á mótmæli h. framsögum. og finni þau ekki á góðum rökum byggð.

Framsögumaður (Þorleifur Jónsson): Hvort sem presturinn á Þingvöllum reisir hús þetta sjálfur eða ekki, þá þarf hann í öllu falli ekki að tapa 5000 kr., þótt hann flytji burtu, því að ef 2,500 kr. fást með fjárveiting úr landsjóði, þá er honum ekki síður innanhandar að fá 2,500 kr. til húsbyggingarinnar annarsstaðar frá; hann mundi því í mesta lagi tapa 2,500 kr.; og ef húsið yrði einskis virði, þá sýnir það, að h. þm. er ekki trúaður á, að fyrirtækið mundi borga sig; en ef það borgar sig ekki, þá á ekki að reisa það, en ef það borgar sig eða er gróðafyrirtæki að byggja það, þá á landssjóður ekki að styrkja það.

ATKVÆÐAGR.: 1. br.till. (C 556) samþ. í e. hlj.

2. br till. (C 556) samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. br.till. (C 556) samþ. með 8 samhlj. atkv.

Viðaukatill. (C 558) samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já.	*nei.*
Jón A. Hjaltalín,	Þorleifur Jónsson,
Gutt. Vigfússon,	Jón Jakobsson,
Hallgr. Sveinsson,	Kristján Jónsson,
Jón Jónsson,	L. E. Sveinbjörnsson,
Sigurður Jensson,	Þorkell Bjarnason.
Sigurður Stefánsson.	

4. br.till. (C 556) samþ með 10 samhlj atkv.

5. br.till. (C 556) samþ. með 6 samhlj atkv.

6. br.till. (C 556) samþ. í e. hlj.

7. br.till. (C 556) samþ. í e. hlj.

8. br.till. (C 556) samþ. í e. hlj.

9. br.till. (C 556) samþ með 8 : 3 atkv.

10. br.till. (C 556) samþ. með 9 samhlj. atkv.

11. br.till. (C 556) samþ. með 9 samhlj. atkv.

12. br.till. (C 556) samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. br.till. (C 559) samþ. í e. hlj.

2. br.till. (C 559) samþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já.	*nei.*
Gutt. Vigfússon,	Jón A. Hjaltalín,
Hallgr. Sveinsson,	Þorleifur Jónsson,
Jón Jónsson	Jón Jakobsson,
Kristján Jónsson,	L. E. Sveinbjörnssen,
Sigurður Jensson,	Þorkell Bjarnason.
Sigurður Stefánssnn.	

14. br.till. (C 556) samþ. með 9 : 2 atkv.

15. br.till. (C 556) samþ. með 6 : 5 atkv.

16. br.till. (C 556) samþ. með 8 samhlj. atkv.

3. br.till. (C 559) samþ. með 6 : 3 atkv.

17. br.till. (C 556) þar með fallin.

18. br.till. (C 556) samþ. með 8 samhlj. atkv.

7. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.

17. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.

Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og sent forseta sameinaðs þings.

Fertugasti og sjötti fundur, miðvikudag, 25. ágúst kl. 5 e. h. Allir á fundi.

Frv. til laga um sjerstakt gjald til brúargjörða (C 492); 3. umr.

ATKVÆÐAGR: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um áfangastaði (C 448); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 8 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um breytingar á gjald-

heimtum til amtssjóða og sýsluvegasjóða (C 492); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um, að sjermál Íslands verði ekki borin upp í ríkisráði Dana (C 338); ein umr.

Málið var tekið út af dagskrá.

Fertugasti og sjöundi fundur, fimmtudag 26. ágúst kl. $8^1/_2$ f. h. Allir á fundi.

Tillaga til þingsályktunar um að sjermál Íslands eigi skuli borin upp í ríkisráði Dana (C 338); ein umr.

Jón A. Hjaltalín: Jeg þarf ekki að mæla mikið með þessari tillögu, þar sem jeg hef ekki heyrt neinn h. þingd.m. vera á móti henni, og allir vita, hvernig á henni stendur.

Hallgrímur Sveinsson: Jeg vil að eins lýsa því yfir, að þingsályktun þessi var samin og send til prentunar, þegar öðruvísi stóð á, en nú. Og það sem er vel til fallið undir sumum kringumstæðum, á ekki við, þegar öðruvísi stendur á. Jeg hugsaði tillögu þessa í sambandi við stjórnarskrárfrv., því til árjettingar, til að koma fram áliti þingsins á ríkisráðsatriðinu, á þann hátt, sem ekki þyrfti að vera frv. að fótakefli, er það hlyti að falla um. Nú horfir málið allt öðruvísi við, þá er frv. þetta er úr sögunni að þessu sinni. Jeg læt mjer nú nægja ávarpið, með þeim bendingum, sem í því eru, þó veikar sjeu. Þótt jeg því áður hafi verið með þessari till., er jeg móti henni nú í þessu sambandi.

Sigurður Stefánsson: Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði. Nefndin kom fram með þessa till., til þess að engum skyldi blandast hugur um, að hún væri þeim skilningi á stjórnarskránni ekki samþykk, að sjermál Íslands væri borin upp í ríkisráði Dana, þótt vjer ekki settum það ákvæði í stjórnarskrárfrumvarp það, er samþ. var hjer í deildinni. Jeg er till. þessari eins samþykkur nú og áður, en jeg álít ekki „politiskt“ að senda hana, því jeg vil reyna að ná samning við stjórnina, án þess að hreyfa við þessu. Jeg vil ekki láta þetta atriði standa í vegi fyrir, að allar aðrar rjettarbætur fáist, eða rjettara sagt, jeg vil ekki ergja stjórnina með þessari tillögu, um leið og mikill hluti þingsins æskir verulegra bóta á stjórnarskránni, sem fengist geta, án þess að taka þetta ríkisráðsspursmál með. Þingdeildin getur á annan hátt lýst skilningi sínum á málinu, og til þess að það verði gjört, legg jeg til að deildin samþ. rökstudda dagskrá.

Forseti: Mjer hefur borizt till. til rökstuddrar dagskrár, svo hljóðandi:

„Um leið og deildin lýsir því yfir, að hún heldur fast við þann skilning á 1. gr. stjórnarskrárinnar, að sjermál Íslands ekki skuli borin upp í ríkisráði Dana eða lögð undir atkvæði þess, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá“.

Jón A. Hjaltalín: Ef h. þingd. samþykkir hina rökstuddu dagskrá, þá er jeg ánægður og get tekið aptur till.

Forseti: Jeg verð að benda þingdeildinni á, að till. er ekki í rjettu formi, þar sem þar stendur: „Alþingi ályktar“, en till. þessi getur ekki orðið nema frá Ed.

ATKVÆÐAGR.: Hin rökstudda dagskrá samþ. með 8 samhlj. atkv.

Þriðji fundur í sameinuðu þingi, fimmtudag 26. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið brjef frá landshöfðingja, þar sem hann hefði tilkynnt, að alþingi yrði slitið sama dag kl. 4 e. h.

Frv. til laga um lögaldur (C 522); ein umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að taka fram, að breyting sú, sem jeg flutti fram við frv. þetta við eina umr. í Nd. var byggð á þeirri ástæðu, að ekki væri til neins að fara fram á annað lögaldurstakmark hjá oss, en það, sem er í gildi hjá flestum Norðurálfuþjóðum, nfl. 21 árs aldurinn, þar sem engin líkindi eru til, að annað aldurstakmark mundi fá staðfesting stjórnarinnar. Jeg verð því að leggja á móti, að frv. þetta verði samþ, í því formi, sem það liggur hjer fyrir.

Kristján Jónsson: Jeg skal geta þess, að nefnd sú, sem skipuð var í mál þetta í Ed., var meðmælt málinu í því formi, sem það nú liggur hjer fyrir, og jeg vil lýsa því yfir, að Ed. áleit, að ekki væri fremur ástæða til að vænta staðfestingar þessa frv. af hálfu stjórnarinnar, þótt 21 ár væri sett sem lögaldurstakmark, en 20 ár, því að stjórnin í Danmörk, sem hefur mál vor til meðferðar, mun ekki vilja hafa neina breyting á lögum vorum í þessu efni, fyr en þeim hefur verið breytt í Danmörku.

Þar sem Ed. leit þannig á málið, þótti henni rjett við samningu lagafrv. þessa, að taka fullkomið tillit til vorra eldri laga, sem gilt hafa í þessu efni, svo og annara lagaákvæða um náskyld efni, sem enn eru í gildi, og sem gjöra þetta 20 ára takmark eðlilegt lögaldurstakmark, t. d. ákvæðið um, hvenær karlmenn megi kvongast eptir tilsk. 30. ágúst 1827, þ. e. giptingaraldurinn.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 23 : 12 atkv.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 (C 561, 563, 564, 565, 566, 567, 568, 569, 570, 572, 573, 574, 575, 577); ein umr.

Forseti gat þess, að þar sem öll atriði fjárlaganna væru rækilega rædd í báðum deildum, óskaði hann, að umræðurnar yrðu stuttar og það því fremur, sem tíminn væri af skornum skammti, þar slíta ætti þinginu kl. 4.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg álít athugasemdir h. forseta með öllu rjettar, að breyt.till. sjeu svo rækilega ræddar í báðum deildum, að menn muni ekki bæta sig á löngum umræðum.

Jeg vil að eins benda á breyt.till. á þingskj. 564 frá 6 þm. og lýsa því yfir, að þær eru ekki framkomnar fyrir ofur kapp, heldur af því, að þær hafa orðið fyrir því óhappi, að hrekjast milli deilda, þótt þær flestar hverjar hafi haft töluverðan atkvæðafjölda í báðum deildum. Vjer vildum því með rósemi leggja þær undir úrskurð sameinaðs þings. Jeg skal taka það fram, að 12. tölul. viðvíkjandi styrknum til húsbyggingar á Þingvöllum er tekinn aptur, þar eð aðrir h. þm. hafa komið með breyt.till. í sömu átt, þar sem skilyrðin fyrir fjárveitingunni eru ítarlegri. Þá tökum vjer einnig 13. tölul. aptur, þar sem einn h. þm. hefur komið fram með samhljóða breyt.till.

Vjer 6 höfum tekið þessar breyt.till. upp í þeirri von, að menn greiði atkvæði um þær með ró og stillingu. Jeg skal leiða hjá mjer að gjöra grein fyrir breyt.till. þessum, en aptur á móti vildi jeg minnast á breyt.till. frá mjer einum, á þingskj. 365 við 11. gr. 11. tölul., en sem er misprentað 12. tölul. um að styrkurinn til spítalabyggingar á Patreksfirði falli burt. Þessi styrkveiting kom inn í fjárlögin í h. Ed. og hefur verið samþ. í báðum deildum, en í h. Nd. var fjárveiting þessi með athugasemd, sem hefur verið felld burtu í Ed.

Jeg er algjörlega á móti þessum lið, hvort sem athugasemdin er felld burt eða ekki. Ástæða mín til þess er sú, að jeg vil halda fast við þá reglu, sem hingað til hefur fylgt, að styrkja að eins einn

spítala í hverjum landsfjórðungi. Væri farið að styrkja spítala, hvar sem væri, mundi afleiðingin að líkindum verða sú, að fjárbænir streymdu inn til þingsins um styrk til spítala í hverju læknishjeraði landsins. Jeg ímynda mjer, að flestir h. þingmenn mundu vera á móti slíkri stefnu, þar sem með því yrði ausið miklu fje út úr landssjóði og vissa fyrir því, að flestir spítalarnir mundu verða lítt nýtir. Auk þess vil jeg benda á, að hingað til hefur styrkur að eins verið veittur til þeirra spítala, sem hafa verið byggðir eða verið að byggja, en hjer er tekin ný stefna, þar sem á að fara að styrkja spítala, sem alls ekki er farið að reisa. Þar að auki hefur heyrzt, að útlendingar mundu leggja fje til spítalabyggingar þessarar, og finnst mjer rjett, að taka það fje og hjeraðsbúar bæti sjálfir við og sæki svo um styrk til þingsins. Hitt er hættuleg stefna, að leggja fje til slíkrar stofnunar, áður en byrjað er á henni. Á síðasta þingi kom beiðni um styrk til spítala á Sauðárkróki og var því neitað, þótt þar væri miklu meiri tryggíng fyrir, þar sem hjeraðsbúar höfðu skotið saman miklu fje á móti. Þetta vil jeg benda á til samanburðar, að þar voru öll skilyrði fyrir betri en hjer, en þó var fjárveiting sú felld. Vitanlega er eitt alþingi ekki bundið við annað, en þó væri óviðkunnanlegt, að það væri gjört á einu þingi, sem næsta þing á undan hefur álitið rangt. Jeg er því á móti þessum lið.

Jeg lofaði að tala ekki lengi, þar sem flestar breyt.till. eru margþvældar, en þó vil jeg benda á eina breyt.till., sem er nýmæli, á þingskj. 573, sem fer fram á, að breyta til með fjárupphæðir þær, sem veittar eru til flutningabrauta og þjóðvega og fella burt styrkinn til sýsluvega, og þannig breyta því, sem samþykkt hefur verið bæði í Ed. og Nd., en þar sem jeg býst við, að h. flutningsm. muni skýra þessar breyt.till., skal jeg ekki fara frekara út í þær.

Þorkell Bjarnason: Jeg hef ekki tekið til máls í fjárlögunum og skal ekki heldur halda langa tölu nú. Þó hef jeg tekið eptir því, sem fram hefur farið, og mjer hefur ekki dulizt heldur en öðrum, að útgjöldin hafa hækkað langt fram yfir það, sem þau áður hafa verið nokkru sinni. Sum þessara útgjalda eru reyndar mjög þörf, t. d. fjárveitingin til málþráðar, en sum gjöldin finnst mjer að hefðu vel mátt missa sig. Eptir fjárlagafrumv. er tekjuhallinn 154,000 kr. og auk þess á að taka af viðlagasjóði 30,000 kr. til að byggja pósthús fyrir og 75,000 kr. til brúar á Lagarfljót. Tekjuhallinn verður því alls um 260,000 kr. En auk þess hafa tekjurnar verið hækkaðar um 42,000 kr. fram yfir það, sem stjórnin hafði áætlað þær, en eptir útlitinu að dæma, eru ekki mikil líkindi til, að tekjurnar reynist að mun hærri, en stjórnin hefur áætlað. Vjer vitum allir, að harðindi gengu síðastliðið vor, svo að sauðfje fjell að mun á sumum stöðum, og framtíðarhorfurnar eru ekki heldur glæsilegar, þar sem lítil líkindi eru fyrir fjársölu framvegis og sumarið bendir á, að menn verði að fella pening sinn að mun í haust. Jeg gæti því hugsað mjer, að tekjurnar mundu varla reynast hærri en stjórnin hefur áætlað, eins og jeg sagði áður, og mætti þá segja, að viðlagasjóður eptir fjárlagafrv. verði skertur um 300,000 kr., auk þeirra útgjalda, sem að sjálfsögðu bætast við, t. d. 14,000 kr. til Örnólfsdalsárbrúarinnar, og ef læknafrv. verður staðfest, mun það auka útgjöldin um 10—14 þús. kr. Það má því ætla á, að $^1/_3$ af viðlagasjóði verði eytt á fjárhagstímabilinu, og haldi sama áfram mundi viðlagasjóðurinn verða horfinn eptir 6 ár og þá mundi þurfa að leggja skatt á þjóðina, sem næmi að minnsta kosti 350,000 kr.. því úr því þingið er lagzt á viðlagasjóðinn, mun það ekki kunna við að hætta því, heldur færa sig upp á skaptið, þangað til hann er búinn, og þá tapast renta af honum, sem

nú mun vera nær 50,000 kr. Nú vil jeg spyrja h. þm.: „Hvaðan á að taka þetta fje? Er hægt að 6 árum liðnum að leggja nær 400,000 kr. á þjóðina í sköttum eða tollum? En það er ekki nóg með þetta. Menn eru ekki ánægðir með að verja 300,000 kr., eða þó raunar töluvert meira, af viðlagasjóði á þessu fjárhagstímabili, heldur hafa 6 h. þingm. komið fram með breyt.till. á þingskj. 564, um að auka útgjöldin enn frekar um 20—30,000 kr. — Þessir h. þingm. eru þess verðir, að skýrt sje frá, hverjir þeir sjeu. Það er 2. þm. Eyf. (J. J.), 1. þm. S.-Múl. (S. G.). *(Kl. Jónsson:* „Það þarf ekki að lesa þetta upp, því við erum eins læsir og h. 6. kgk. (Þ. B.)"). Jeg ætla samt að lesa það upp, því það má gjarnan sjást í ræðu minni, hverjir þessir heiðruðu herrar eru. Það er þm. Strandam. (G. G.), 1. þm. N.-Múl. (E. J.), 1. þm. Árn. (Tr. G.) og 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. (Þ. Th.). Þessir 6 h. þm. vilja bæta við þessar 300,000 kr., sem taka á af viðlagasjóði, 20—30,000 kr. upphæð. Jeg skal ekki fara út í neinar einstakar af þessum breyt.till., en að eins geta þess, að jeg mun gefa atkv. móti allri hækkun, því jeg álít ekki neinn lið af þessum fjárveitingum svo bráðnauðsynlegan, að ekki megi bíða.

Jeg vil að síðustu minnast á eitt af kjördæmum landsins, sem sýnir, hve gagnlegt það er, að eiga duglega þingmenn og eptirgangssama. Það er Eyjafjarðar-kjördæmið. Eptir frv. eru ætlaðar um 18,000 kr. til þessa kjördæmis í sjerstökum útgjöldum, en svo fara þessir 6 h. þingmenn fram á, að bætt sje við þessa upphæð 14,000 kr. til flutningabrautar fram Eyjafjörð og að 10,000 kr. sjeu veittar til Hörgárbrúarinnar, í stað 7500 kr., eða að fjárveitingin til þessa kjördæmis sje aukin um 16,500 kr. Þetta kjördæmi á þá að fá 30—40,000 kr. Svona hefur hinum h. þingmönnum þessa kjördæmis tekizt að sníða af landssjóði handa því! Það eru ekki konungkjörnu þingmennirnir, sem hafa verið með flestum af þessum miður nauðsynlegu fjárveitingum á fjárlögunum. Nei, það eru þjóðkjörnu þingmennirnir og jafnvel sumir bændurnir hafa staðið framarlega í því, að auka útgjöld landssjóðs að þessu sinni. Jeg hjelt þó, að þeir þekktu ofvel, hvar skórinn kreppir að þjóðinni.

Sigurður Jensson: Jeg skal geta þess, að mjer kemur kynlega fyrir sjónir breyt. till. h. 2. þm. Eyf. (J. J.) á þingskj. 565, þar sem talað er um að breyta 11. tölul., en ekki hinum 12. Jeg efast um, að það geti komizt að, því það mun vera rangt prentað. Mig furðar á því, að h. 2. þm. Eyf. (J. J.) talar þannig um þetta mál, þar sem hann brestur kunnugleika til þess. Mig furðar á því, að h. framsögumaður fjárlaganna í Nd. skuli tala á móti fjárveitingu, án þess að kynna sjer málavexti. Hann segir, að þetta sje brot á „principi", en mig furðar á, að hann skuli tala um brot á „principi", þar sem hann sjálfur kemur hjer með hið mesta brot á „principi", þar sem hann kemur hjer með breyt.till., sem fer fram á, að landssjóður skuli leggja fram stórfje til sýsluvegagjörðar. En landssjóður á ekki að kosta sýsluvegina, heldur sýslufjelögin, og það er ‚princip', sem er fastsett með lögum. Svo segir hann, að þetta fje sje eingöngu veitt einu sýslufjelagi, og það telur hann rangt. Mig furðar á því, að einmitt þessi þingmaður skuli tala svona, því að hann er þingm. Eyfirðinga, og allir tala nú um, að það er einmitt Eyjafjörður, sem mestur peningastyrkur er veittur á þessu fjárhagstímabili, líklega bæði eptir en líka móti öllum „principum".

Þar á móti er spítalabyggingin á Patreksfirði ekki fyrir eitt sýslufjelag og styrkur sá, sem landssjóður veitir til hennar ekki fyrir eina, heldur fyrir fleiri sýslur. Spítalinn er einkanlega til þess, að hin mörgu þilskip, sem þangað koma,

geti komið af sjer sjúklingum þeim, sem þau kunna að hafa með sjer, en þessi þilskip geta bæði átt heima við Vestur- og Suðurland og jafnvel Norðurland, svo spítalinn verður fyrir fleiri gjörður en Barðstrendinga. Svo segir h. þingm., að hann vilji ekki veita þetta fje vegna þess, að það sje ætlazt til, að útlendingar leggi til spítalans fje, en ekki sýslufjelagið, en hjer sjest það bezt, að hann hefur ekki kynnt sjer skjölin, því það stendur í skjölunum, að sýslufjelagið hugsar líka til að leggja fram fje. Hinn h. þm. er auðsjáanlega öldungis ókunnugur málinu. Jeg vona, að h. þingd. taki ekki tillit til þess manns, sem talar án þess að vera kunnugur því máli, sem hann talar um. Svo framarlega sem mjer hefur ekki tekizt að sannfæra menn um það, að spítalabygging þessi sje fyrir fleiri en eitt sýslufjelag, þá ætla jeg að taka það rólega, ef málið verður fellt, en vona, að aðrar fleiri tillögur falli þá líka, sem eru fjárveitingar til einstakra sýslna. Jeg fel svo öruggur þetta mál hinu h. þingi.

Klemens Jónsson: Á þingskj. 574 er breyt.till., sem jeg á. Hún fer fram á, að styrkurinn til Brynjólfs Þorlákssonar verði færður úr 600 kr. upp í 800 kr. — Styrkurinn hefur verið samþykktur með meginþorra atkvæða í Nd. og sömuleiðis í Ed. En jeg hef helzt heyrt menn finna að því, hvað styrkurinn væri lítill, og því engin líkindi til, að hann mundi verða að tilætluðum notum, og þess vegna hef jeg farið fram á aukinn styrk. Það veitir ekki af 800 kr. styrk og er jafnvel oflítið. Mjer finnst rjett, að styrkja þennan mann, því hann er viðurkenndur að vera mikill hæfilegleikamaður, að því er að sönglist lýtur.

Það hafa fallið hörð og ósæmileg orð í garð okkar þingmanna Eyfirðinga frá h. 6. kgk. (Þ. B.) og hlýt jeg að vísa þeim til baka sem ósönnum og óviðurkvæmilegum og með dýpstu fyrirlitningu. Okkur er borið það á brýn, að við viljum sem mest halda Eyjafjarðarsýslu fram, að því er snertir styrkveitingar úr landssjóði, en þetta er ekki satt. Við höfum greitt atkvæði okkar með því, sem okkur hefur fundizt miða að því, að efla samgöngur hvar á landinu sem var og með hverju því, er til framfara heyrir. En hins vegar er ekki ónáttúrlegt, þó umkvartanir um þetta komi frá mönnum, sem eru í nágrenni við Reykjavík. Þeir eru þegar búnir að njóta mikils styrks af landssjóði til að bæta sína vegi, þar sem aptur hefur minna verið gjört fyrir hinar aðrar sveitir landsins. Það er ekki ónáttúrlegt, þó menn úr nærsveitum Reykjavíkur, eptir hugsunarhætti þeirra, að láta ekkert til annara vegagjörða en kringum Reykjavík, amist við þessum 14,000 kr. styrk, sem breyt.till. á þingskj. 564 fer fram á til flutningabrautar fram Eyjafjörð. Nauðsyn þessarar flutningabrautar virðist hafa verið ljós hinni h. Ed. og hjer í deildinni hefur það og verið skýrt fyrir mönnum, hve nauðsynleg hún er, og málið hefur fengið hjer góðan byr. Nauðsyn flutningabrautar er margfalt meiri í Eyjafirði en víðast annarstaðar. H. 6. kgk. (Þ. B.) sagðist vera á móti hækkun útgjaldanna úr landssjóði. Hinn h. þm. þurfti ekki að fullyrða þetta, það hefur aldrei neinn búizt við því, að *hann* yrði með neinu, sem að framförum lýtur.

Hvað Hörgárbrú viðvíkur, þá þykir mjer kynlegt, að fram skuli hafa komið breyt.till. um, að fella styrkinn til hennar, einkum þar sem menn hafa tvisvar samþykkt hann áður, með 17 atkv. í annað skiptið, en 18 atkv. í hitt skiptið. En þetta er komið frá þeim h. þingm., sem sagt var um um daginn, að hann sæti ávallt úti í horni, þegar um framfarir væri að ræða. En jeg vil taka það fram, að Eyfirðingar standa ekki öðrum Íslendingum að baki, hvað framfarir og dugnað snertir. Þeir hafa af eigin ramleik brúað

Þverá, Hörgá, Öxnadalsá og Djúpadalsá, og hafa lagt til þess um 9000 kr. og auk þess hafa þeir brúað 5 aðrar smáár, og þetta hafa þeir gjört, án þess að sækja um nokkurn styrk til þess. En jafnstórt fyrirtæki og það að brúa Hörgá, geta þeir ekki ráðizt í án styrks af landsfje. Það er talið svo, að brúin muni kosta 15,000 kr., og auk þess þarf að leggja dýran veg að henni, og sjá þá allir, að sýslan verður að leggja mjög mikið fje fram. Það hefur verið talað um það í efri deild, hve fáir færu yfir Hörgá. En jeg vil taka það fram, að menn úr 2—3 stærstu hreppunum í Eyjafjarðarsýslu þurfa að fara yfir hana, og þess utan margir úr Skagafirði, sem fara yfir Heljardalsheiði. Jeg vil því vona það, að breyt.till. frá hinum h. 6 þingmönnum verði samþykkt.

Menn hafa talað um, hve horfur manna væru slæmar og í sambandi við það hafa þeir talað um, að þeim þætti ísjárvert, að klippa mikið af viðlagasjóði. En jeg tel það mikið efamál, hvort heppilegra er, að hrúga alltaf meira og meira fje í hann, heldur en að nota það til nytsemdarfyrirtækja og framfara fyrir landið. Hvort myndi sá maður vera betri búmaður, sem alltaf safnaði saman peningum og ljeti þá liggja á kistubotninum, án þess einu sinni að koma þeim á vöxtu, eða sá, sem verði peningum sínum í framfarafyrirtæki, í túnasljettur eða eitthvað þess konar? Vafalaust hinn síðari. Jeg er sannfærður um, að eptirkomendur vorir yrðu oss ekki þakklátari fyrir það, þó vjer skiluðum þeim einni miljón kr. í viðlagasjóði, heldur en ef vjer hefðum varið þeim peningum til brúargjörða og vegagjörða eða annara samgöngubóta. Annars ætla jeg ekki að fara neitt út í hinar aðrar breyt.till.

Tryggvi Gunnarsson: Jeg er samdóma h. 6. kgk. þm. (Þ. B.) um það, að bezt sje að spara sem mest landsins fje. En jeg held ekki, að það sje ætíð sparnaður, að greiða atkvæði á móti allri útgjaldahækkun. Þannig er jeg á því, að það sje eyðsla á fje, en ekki sparnaður, að neita að veita 10,000 kr. til þess að búa til skipakví. Jeg skil ekki í því, að menn skuli geta verið á móti þeirri fjárveiting, þar sem samþykkt hefur verið, að veita allt að 30,000 kr. lán úr viðlagasjóði til þilskipakaupa. Jeg skil ekki í, hvernig þeir hugsa sjer að lána fje landsins móti veði í skipunum, sem eins og nú stendur, hljóta að skemmast, þegar þau eru látin vera úti á sjó allan veturinn. Ef jafnharður vetur kemur og veturinn 1881, þá frýs utan að skipunum, svo þau skemmast, og máske reka burt með ísnum; við það getur veð landssjóðs stórskemmzt eða eyðilagzt. Á veturna eru skipin hjer og þar inn um sundin hjer nálægt Rvík og á Hafnarfirði í hættu fyrir stórviðri, ísalögum, og trjámaðki, á byrgðarlaus og mannlaus og er nú þetta tryggt veð og er það heimtufrekja, þó menn vilji, að til væri tryggur staður fyrir þau? Það líður aldrei langur tími þangað til menn verða neyddir til að byggja skipakví, því annars eyðileggjast skipin og verða ónýtt veð. Ísinn eyðileggur þau og þau ormskemmast. Nú bjóða menn fjárframlag nálægt 10,000 kr. móti landssjóði, en verði það ekki tekið nú, er líklegt að slíkt boð komi ekki síðar, og yrði landssjóður þá einn að byggja skipakvína. Það er ómögulegt, að skylda menn til að hafa menn á skipum sínum á vetrum. Jeg vil því segja, að það er ekki ávallt sparnaður, að spara hvað sem er, undantekningarlaust. Í þessu efni getur leitt stórtjón af sparnaðinum, ef br.till. er felld.

Hvað viðvíkur styrkveitingunni til erlends verkfræðings til að kanna brúarstæði, þá tel jeg mikla nauðsyn á, að þingið veiti fje til þess. „Það skal vel vanda, sem lengi á að standa“. Það er

mjög mikilsvert, að næg trygging sje fyrir því, að stórfje, sem veitt er úr landssjóði, sje að eins veitt gegn tryggu veði. Þó hinn innlendi verkfræðingur segi álit sitt um brúarstæði á hinum ýmsu ám, þá álít jeg betra, að útlendur verkfræðingur skoði þau einnig, því betur sjá augu en auga og alþingi hefði þá um álit tveggja manna að velja. Efri deild hefur komið fram með það, að 75,000 kr. styrkur verði veittur til brúargjörðar á Lagarfljóti. En þetta er sannarlega glæfraleg fjárveiting; þetta verður dýrasta brúin á öllu Íslandi, en lang verst undirbúin. Þar er um 2 staði að velja fyrir brúarstæði og brúin verður margfalt dýrari, ef hún verður á þeim stað, sem hjer er til ætlazt. Jeg ber það traust til stjórnarinnar, að hún fari gætilega í þessu, ef þingið tekur það óráð, að veita fjeð. Það stendur líkt á um þetta atriði, eins og hitt að með því að spara 4 til 5000 kr. til verkfræðings, getur svo farið, að tapið nemi fleiri tugum þúsunda, við óheppilega valið brúarstæði, m. m.

Hvað viðvikur 2. tölul. á breyt.till. á þingskj. 568, um fjárveitingu til Jóns Ólafssonar, þá finnst mjer það betra ákvæðið í henni, heldur en eins og Ed. vildi hafa það. Hún hefur ekkert ákveðið, hvað vinna ætti fyrir þessar 1200 kr., en hjer er aptur nánar tiltekið, fyrir hvað peningarnir eru veittir. Fyrir hlutaðeigandi sjálfan finnst mjer líka viðkunnanlegra, að nákvæmlega sje tiltekið, fyrir hvað hann fái peningastyrkinn.

Þórhallur Bjarnarson: Jeg verð að lýsa óánægju minni yfir hrakning fjárlaganna yfir í sameinað þing og kenni jeg því um, að nefndirnar í báðum deildum hafa ekki borið sig saman og miðlað málum. Þegar fjárveitingar hjer á þinginu verða að kappsmáli og ágreiningsefni innan deilda eða milli deilda, þá er „breiði vegurinn“ sá, að þeir, sem kappsmálin hafa, slá sjer saman, og styðja hvor annars fjárveitingu, en miklu farsælla tel jeg það, að láta sjer skiljast, að fjárveiting, sem á örðugt uppdráttar, sje eigi bráðnauðsynleg og verði í þetta sinn að sitja á hakanum fyrir öðrum viðurkenndum þörfum. Jeg tel sameinað þing mjög óheppilegan stað til fjárveitinga, vegna þess, að þar koma fram nýjar tillögur, sem eigi hafa verið hugsaðar og ræddar nema í annari deildinni og jafnvel í hvorugri, en í annan stað líka farið fram á, að stryka burt fjárveitingar, sem samþykktar hafa verið í báðum deildum. Til þess fyrir mitt leyti, að afstýra slíkri meiningarleysu, mun jeg jafnvel greiða atkv. með fjárveitingum, sem samþykktar hafa verið í báðum deildum, þótt jeg vissast hefði verið þeim mótfallinn, hefði jeg átt atkvæði um þær í deildinni. En í annan stað mun jeg yfirleitt greiða atkv. á móti því, sem fellt hefur verið í annari hvorri deildinni, bæði vegna þess, hvaða óhug jeg hefi á sameinuðu þingi í fjármálum og til þess, að eitthvað yrði klipið af útgjaldamegin. Með því sparast nokkuð fje, og er ekki vanþörf á því. Aldrei hefur verið tekið jafnmikið stökk við útgjaldahækkun og nú. Útgjöldin stíga núna, að ótöldum stórveitingum úr viðlagasjóði um $^1/_4$ hluta miljónar, þar sem þau nokkur undanfarin fjárhagstímabil hafa hækkað um 100,000 kr. í hvert skipti. Þegar svona mikið stökk er tekið á einu þingi, þá ímynda jeg mjer, að fleirum fari að ógna, en mjer. Á sama tíma, sem útgjöldin hafa hækkað um 10 –12% í Danmörku, á sama tima eru þau orðin 70% hærri hjer. Vitanlega hagar hjer töluvert öðruvísi, á landi, sem vanhagar um svo fjarska margt, en hækkunin er samt allt of ör, og reikningslega gæti jeg sýnt, að þegar miðað er við þjóðeign Dana og Íslendinga, þá kemur tiltölulega hærra gjald á hvern gjaldþegn á hinu fátæka Íslandi en í hinni auðugu Danmörku.

Sigurður Stefánsson: Jeg ætla að tala fáein orð um breytingartillögu á þingskj. 577, sem fer fram á, að 3. tölul. við 12. gr. B falli burt. Það hefur verið tekið fram, að horfur væri slæmar með fjárhaginn og þá finnst mjer ætti að fara varlega í útgjöldin, að minnsta kosti þau, sem ekki eru bráðnauðsynleg. Vjer höfum innlendan verkfræðing og hann er eflaust eins fær og einhver og einhver útlendur verkfræðingur. Mjer finnst engin meining í að ráða útlendan verkfræðing, til að skoða öll þessi brúarstæði, því hinn innlendi verkfræðingur getur það alveg eins. Mjer finnst þetta benda til þess, að þingmenn vilji ausa sem mestum peningum út. H. 1. þm. Árn. (Tr. G.) sagði: Það á að vanda, sem lengi á að standa. Það er mikið rjett. En jeg hef þá trú á hinum innlenda verkfræðing (Sig. Thoroddsen), að hann ekki velji verri brúarstæði en aðrir. Jeg er ekkert viss um, að fengin yrði betri trygging fyrir góðu brúarstæði, þó um tveggja manna álit væri að velja og þegar tveggja manna álit væri fengið, þá kynnu menn að vilja fá álit einhvers hins þriðja og þannig gæti það gengið koll af kolli. En það veit jeg, að útlendingar eru ókunnugri íslenzkum staðháttum og íslenzku brúarsmíði, heldur en hinn innlendi verkfræðingur.

Breyt.till. mín á þingskj. 575 er gjörð við breyt.till. sem nú er tekin aptur; en þó að þessi breyt till. hafi verið tekin aptur, liggur ekki þar í, að jeg taki aptur mína breyt.till., heldur getur hún skoðazt breyt.till. við þingskj. 563, því að sú breyt.till. er samhjóða þeirri, sem tekin var aptur.

Jeg hef fáu við það að bæta, sem jeg hef áður sagt um þennan tölul., að eins skal jeg skýra frá, að jeg hef nýlega frjett, að sá unglingur, sem hjer er farið fram á að veita peningastyrk, hann kom hingað til Rvíkur í sakleysi nú í sumar og ætlaði austur á land til að finna þar ættingja sína; en þegar hann kom hingað, þyrptust þingmenn utan um hann og sögðu: „Blessaður vertu ekki að fara austur, vjer höfum nóga peninga handa þjer; vjer viljum hafa leikfimi og þú skalt fá hjá oss nóga peninga“. Þess konar aðferð virðist ekki benda á, að tekjuhallinn á fjárlögunum sje stórt brot úr miljón.

Jeg skal svo eigi orðlengja um breyt.-till. þessa.

Jeg vil taka það fram, að meðan fjárlögin eru að hrekjast milli þingd. er ekki gott að átta sig á því, hve tekjuhallinn muni vera stór; það munu því margir h. þm. ekki hafa varazt það, að tekjuhallinn væri í raun rjettri orðinn svo afskaplegur, eins og nú er fram komið. Jeg mun því fyrir mitt leyti greiða atkv. með flestum þeim breyt.till., sem fara í þá átt, að lækka útgjöldin. Sjerstaklega vil jeg taka það fram, að mjer virðist það öldungis ótilhlýðilegt og enda rangt, að brjóta princip, sem fastákveðið er með eldri lögum, til þess að geta orðið af með fje úr landssjóði, en það er að brjóta princip, að taka að sjer að kosta af landssjóði vegi, sem eptir gildandi vegalögunum eiga ekki að kostast af landssjóði. Í vegalögunum er ákveðið, að landssjóður skuli kosta flutningabrautir, þjóðvegi og fjallvegi, en alls ekki sýsluvegi; meðan því þjóðvegir eru í því ástandi, að lífshætta er að fara um þá, virðist ekki ástæða til fyrir landssjóðinn að fara að leggja fje til vega, sem honum kemur ekkert við. Honum er nær að gjöra fyrst hreint fyrir sínum dyrum, áður en hann fer að punta hjá öðrum.

Jón Jónsson: Jeg á fáeinar breyt.-till. á þingskj. 573 og skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær.

1. breyt.till. er um flutningabrautir. Í frv. er farið fram á, að veita til flutningabrauta 27,000 kr. fyrra árið og 18,000 síðara árið. Á fyrirfarandi fjárhagstíma-

bili og eins í frv. stjórnarinnar voru til sama augnamiðs ætlaðar 50 þús. kr. hvort árið eða alls 100 þúsundir, en nú á að eins að veita 45 þús. til þessara brauta. Af hvaða ástæðu er farið fram á þessa miklu lækkun? Fyrsta tilefnið til hennar var það, að fjárlaganefndinni í h. Nd. hugkvæmdist það snjallræði að framfylgja ekki vegalögunum, sem löggjafarvaldið samþykkti fyrir 2 árum; hún heldur að lögin sjeu ekki heppileg, og vill breyta þeim í framkvæmdinni; hún álítur flutningabrautirnar ópraktiskar, eða gagnslausar og að það sje þess vegna bezt að hætta alveg við þær. Reyndar hefur h. fjárlaganefnd ekki dirfzt að stryka alveg út fjárveitinguna til þeirra, vill þó láta ljúka við þær brautir. Þessi stefna fjárlaganefndarinnar, að hætta við akbrautalagningu og fordæma hana, sem gagnslausa og ópraktiska, þvert ofan í vegalögin, sem samþykkt hafa verið af stjórn og þingi fyrir ekki lengri tíma, en 2 árum, er að mínu áliti mjög ísjárverð; en sjerstaklega verður mjer að þykja það illa farið, að þetta stefnuleysi rjettara sagt, hefur orðið til þess, að í frv. er eigi veitt fje til akbrautarinnar austur í Rangárvallasýslu, lengra en að Þjórsá; þar í óslitinni byggð á að bregða frá akbraut til þjóðvegar og leggja þannig sem framhald akbrautarinnar mjórri veg og óvandaðri austan Þjórsár en vestan hennar er. Þurfi akbrautar vestan Þjórsár, þarf hennar einnig austan hennar, og eigi akbrautin nokkra framtíð og til þess kæmi, að breikka þyrfti veginn austan Þjórsár síðarmeir, og gjöra að reglulegri akbraut, myndi það verða margfalt kostnaðarmeira, en ef vegurinn væri frá byrjun gjörður breiðari. Til þess nú að bæta úr þessari misfellu á frv., er 1. breyt.-till. mín gjörð, sú að færa 30 þús. frá þjóðvegafjenu til akbrautaveitingarinnar.

2. breyt till. snertir sýsluvegi. Að því er þessa vegi snertir, þá kemur fram sama tilhneiging hjá veitingavaldinu til að hringla, og hlaupa frá nýjum lögum, og samþykkja fjárveitingu, sem þau lög ekki ná til. Það er búið með vegalögunum að gjöra upp reikninginn milli landssjóðs og sýslusjóða, hvað vegalagning snertir, og leggja landsjóði stórt hlutverk á herðar auk þess sem hann kostar póstgöngur, gufuskip og gufubáta.

Að því er snertir tilraunirnar til að útvega sýslufjelögunum fje úr landssjóði til vegagjörða, þá mega þingmenn vara sig á, að leiðast ekki á hálan ís, og þess vegna er bezta ráðið, að skella í lás fyrir öllum slíkum ásóknum; hingað til hefur það og verið gjört, en nú hefur fjárlaganefndin í h. Nd. opnað dyrnar og hleypt 2 sýslum inn, en það varð til þess, að 5 komust inn. Jeg get annars vitna ðtil ræðu h. 1. þm. Ísf. (S. St.) og tekið mjer það til inntekta sem hann tók fram um þetta atriði.

Jeg vona, að þingið hafi vakandi auga á því, að það er hægra að komast út á þessa braut en af henni aptur. Tillaga mín verður þá sú, að fella allan styrk til sýsluvega, þar sem ekki sjerstakar ástæður mæla með. Það þarf ekki að færa almennar ástæður fyrir þessu aðrar en þær, að landssjóður hefur í svo mörg horn að líta, að honum veitir ekki af sínum kröptum til svo margs annars, sem hann á eptir að gjöra.

Það stendur nokkuð sjerstaklega á með veginn í Austur-Skaptafellssýslu, og þess vegna vil jeg ekki neita um styrk til hans. Það er landssjóðsjörð, sem vegurinn liggur um, og þar er nú að koma upp verzlun og fastur kaupmaður hefur sezt þar að. Það er vegleysa hin mesta að jörðinni; slægjuland jarðarinnar er eyðilagt af hinni miklu umferð, sem þar er. Ef vegurinn verður lagður, mun það gjöra það að verkum, að jörðin stígí verði, bæði af því, að byggingin eykst og ekki verður undirorpin þeim skemmdum, sem leiða af hinni stöðugu umferð til kaupstaðarins; þessi undantekning er

þannig fremur að skoða sem veitingu til jarðabóta á landssjóðsjörð, heldur en sem styrk til sýsluvegabóta, og er ekki nema sanngjarnt í alla staði, að landssjóðurinn sem landsdrottinn taki höndum saman við sýslubúa í þessu efni.

3. breyt.till. snertir styrkinn til að gjöra brú á Hörgá. Jeg þarf ekki að taka fram neinar sjerstakar ástæður fyrir þessari breyt.till., aðrar en þær, sem jeg hef tekið fram áður, að landssjóður hefur í svo mörg horn að líta, að hann getur ekki gefið sig við því, sem honum er óviðkomandi. Það eru svo margar ár, sem landssjóður á að brúa, að þessi brú, sem er á sýsluvegi, verður að mæta afgangi fyrir beinum skyldum landssjóðs. Jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að jeg hef ekki komið fram með breyt.till. í þá átt, að taka upp fjárveitinguna til flutningavagna, af því að jeg hef orðið þess áskynja, að landsstjórnin vill ekki styðja að þeirri fjárveitingu og helzt vera laus við hana. En jeg legg jafnframt ábyrgðina af því að ekkert verður úr vagnferðum í þetta sinn frá mjer yfir á landsstjórnina.

Einar Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir við ræðu h. 2. kgk. (Þ. B.) viðvíkjandi tekjukaflanum nú á fjárlögunum. Ræða hans var talsvert villandi, og gjörði fjárhagsástandið miklu skuggalegra en það er, og með því að 2 h. þingmenn hafa þegar tekið undir með honum, þm. Bf. og 1. þm Árnesinga, þá er vert að athuga, hvað þeir hafa fyrir sjer. Tekjuhallinn eptir frv. er aðallega 154 þús. kr., og það er auðvitað út af fyrir sig talsvert iskyggileg upphæð, en þegar allt fjárhagsástandið er athugað, þá verður það ekki eins iskyggilegt, eins og virðist í fyrsta áliti, og skal jeg nú benda á hið helzta, sem sýnir það. Jeg skal þá fyrst líta yfir það, hvernig útlitið er með reikninginn fyrir hin yfirstandandi fjárhagstímabil, áður en fjárlög þessi komu til framkvæmda. Ef vjer skoðum landsreikninginn fyrir 1896 þá bendir hann til þess, að yfirstandandi fjárhagstímabil muni hafa *tekjuafgang*, sem nokkurn veginn jafnast við tekjuhalla þann, sem gjört er ráð fyrir nú í frv. fjárlagan. Nd. fjekk upplýsingar hjá hæztv landshöfðinga um það, að tekjuafgangurinn fyrir árið 1896 næmi 82,607 kr. og ástæða er til að ímynda sjer, að tekjuafgangurinn muni ekki verða minni fyrir yfirstandandi ár. Þó að vitnað sje í, að yfirstandandi ár sje slæmt, þá ber þess að gæta, að áhrif þess koma ekki fram fyrri en á næsta fjárhagstímabili. Ef tekjuafgangurinn fyrir 1897 er tvöfaldaður þá kemur út um 165 þús. kr. sem tekjuafgangurinn ætti að geta orðið fyrir allt fjárhagstímabilið 1896 og 97 og þessi upphæð jafnar fullkomlega tekjuhalla fjárlaganna, sem hjer liggja nú fyrir.

Í öðru lagi vil jeg geta þess, að það er ekki rjett að gefa það í skyn, eins og hinn h. 6. kgk. (Þ.B.) gjörði, að fjárlagan. Nd. hafi hækkað tekjurnar ógætilega frá því sem þær voru settar í frv. stjórnarinnar. Það er að vísu svo, að nefndin hækkaði einstöku liði, en hún fór mjög varlega í því. Ef til grundvallar við hækkunina eru lagðar tekjurnar, eins og þær reyndust 1896, þá hafa þeir hinir sömu liðir, sem nefndin hækkaði, hlaupið samtals fyrir það ár 503,000 kr. og þar eð ekki er ástæða til, að gjöra ráð fyrir minni tekjum 1897, þá ættu þessir liðir að hlaupa 1,006,000 kr., en í stað þess hækkaði nefndin eigi meira þessa tekjuliði en svo, að hún áætlaði þá alls aðeins 868,000 kr. eða 138 þús. kr. minna en ætla má eptir reynslu ársins 1896. Jeg bendi á þetta til að sýna, hve nefndin fór varlega í hækkuninni. Reynist nú tekjurnar svipaðar næsta fjárhagstímabil, eins og hið yfirstandandi, þá ætti tekjuhallinn fyrir það út af fyrir sig eigi heldur að verða neitt ægilegur.

Þess ber að gæta, að áhrifin af því, að ekki er gott í ári, koma aðallega niður á einum einasta tekjulið, sem sje lausafjár-

skattinum og þann tekjulið lækkaði einmitt nefndin frá því sem hann var ákveðinn í frv. stjórnarinnar. Í þessu tilliti hafði nefndin hliðsjón af harðindaárunum 1880—1882 og þar á eptir og 1892. Áhrif hörðu áranna á tekjurnar þá voru furðanlega lítil.

Nefndin fjekk enn fremur þær upplýsingar hjá endurskoðunarmanni landsreikninganna, að tollarnir, vínfanga — og tóbakstollar, kaffi- og sykurtollar fara stöðugt vaxandi, jafnvel þótt harðni í ári og fyrir því er ekki hægt að búast við, að árferðið muni hafa mjög mikil áhirf á þá.

Fjárlaganefnd Nd. þótti því ekki tekjuhallinn neitt ægilegur og fann ekki ástæðu til þess vegna að hafna þeim fjárveitingum, sem hún áleit nauðsynlegar og þessa sömu skoðun hafði einnig h. Nd., enda hefur hún aukið á ýmsan hátt við útgjöld þau, sem nefndin stakk uppá. — Jeg hef viljað benda á þetta til að sýna, að það sje villandi að tala um það, að telja megi „í brotum úr milljónum“ það er að segja í mjög stórum tölum, það sem gjört er ráð fyrir að, viðlagasjóðurinn muni skerðast á næsta fjárhagstímbili.

Þær 30,000 kr. sem ætlaðar eru til pósthúss, og þær 75000 kr., sem ætlaðar eru til brúargjörðar á Lagarfljóti geta ekki beinlínis talizt með, þegar um tekjuhallann er að ræða. Það eru gjöld, sem ekki er hægt að komast hjá og auðvitað verður að taka úr viðlagasjóði, eins og áður hefur verið gjört með slíkar upphæðir. Þegar vjer leggjum út í að byggja dýra brýr eða gjöra önnur slík nauðsynleg stórf fyrirtæki, þá er eðlilegt að tekið sje af viðlagasjóði til þeirra hluta, því að tekjurnar sjálfar hrökkva ekki til þess með öðru sem gjalda þarf og þrátt fyrir dýrar brúabyggingar hefur viðlagasjóðurinn þó drjúgum aukizt síðustu ár: tekjurnar hafa reynzt þeim mun drýgri en áætlað hefur verið. Það er auk þess óvíst, hvort betra sje, að eiga stórfje í viðlagasjóði, en að verja nokkru af því smátt og smátt til hinna brýnustu nauðsynjafyrirtækja.

Jeg býst ekki við að þurfa að fara hjer mörgum orðum um br..till. við 19. gr. eða fjártillagið til brúargjörðar á Lagarfljóti. Það var samþykkt með 14 atkvæðum með nafnakalli í h. Nd., og víst með flestum atkvæðum í h. Ed., svo að jeg þykist ekki þurfa að vera í neinum vafa um, hvernig atkvæðagreiðslan muni falla hjer. H. 1. þm. Árn. (Tr G.) þótti málið svo fjarska illa undirbúið. H. 1. þm. Ísf. S. St.) hefur nú að mestu tekið af mjer ómakið að svara því, með því að taka það fram sem áreiðanlega vissu, að verkfræðingur vor mundi vera fullfær um að segja fyrir um brúarsmíði, og gjöra áætlanir þar að lútandi; en hann hefur einmitt gjört áætlun um brú þessa og kannað brúarstæðið, eins og kunnugt er. Að vísu hefur hann ekki fyllilega getað látið uppi álit um fljótsbotninn, en eins og áður hefur verið svo rækilega tekið fram, þá mun ís og straumur varla geta raskað honum, að minnsta kosti hefur slíkt ekki komið fyrir um mjög langan aldur; það mun því óhætt að byggja steinstöplana ofan á botninn, eins og hann er. H. þm. Rvík (J. J.) gjörði mikið úr því, að h. Nd. hefði lítilsvirt gildandi lög í fjárveitingum sínum til vegagjörða; hann talaði jafnvel um, að vegalögin hefðu verið brotin, með því að færa niður fjeð til flutningabrautanna, en hækka að því skapi fje til þjóðvega. En þetta er ekki rjett. Hjer er um ekkert lagabrot að ræða. Það er hvergi í vegalögunum ákveðið, hversu mikið fje eigi að leggja til flutningabrauta á hverju ári, og því ekkert brot á þeim, þó að minna sje lagt til þeirra eitt árið en annað. Hjer er því ekki um annað að ræða, en að tekin hefur verið ný stefna í fjárveitingum til vegagjörða, sú stefna að hægja á sjer með flutningabrautirnar fyrst um sinn, en leggja meira kapp á þjóðvegalagning, með því að það ríður enn

meira á, að þeir sjeu bættir. Og þessi stefna, sem fjárlaganefnd h. Nd. tók upp hefur verið samþykkt með miklum meiri hluta í báðum deildum, svo að jeg get eigi skilið, að þingið hverfi frá þeirri stefnu fyrir þessa breyt.till.. Jeg játa það, að fjárlaganefndin í h. Nd. hefur tekið upp nýtt princip með því að leggja til að veitt sje fje til sýsluvega; en þeir sýsluvegir, sem hún lagði til, að fje væri veitt til voru að eins tveir og það þeir vegir, sem næst standa því að geta talizt þjóðvegir; meira að segja, á síðasta þingi var borið upp að taka annan þennan veg upp í þjóðvegatölu og fjekk sú uppástunga talsvert fylgi á þinginu. En að gjöra þetta að ráði er heldur ekkert lagabrot, heldur er að eins hlaupið undir bagga með hlutaðeigandi sýslum, þar sem þeim er vegagjörðin ofvaxin, en þó mjög nauðsynleg, og verða víst fáir til að álíta, að það sje ranglega farið með landsins fje, þegar eins stendur á og með þá 2 sýsluvegi, er fjárlaganefnd h. Nd. lagði til að fje væri veitt til.

Valtýr Guðmundsson: Jeg skal byrja á því, að minnast fám orðum á breyt.-till. mína við 11. gr. 6, um ársútgjöldin til holdsveikra spítalans. Hæstv. landsh. hefur skýrt mjer frá því, að villa væri komin inn í fjárlögin, þar sem þar stæði 5025 kr.; hann kvað svo væri tilætlazt að þessi útgjöld ættu að vera fyrir einn ársfjórðung og ætti þar því að standa í fjárlögunum 5250 kr. Ef breyt.till. mín kemst að, þá leiðrjettist þetta. Einkum snertir breyt.till. mín þó laun ráðsmannsins. Jeg hef áður tekið það fram, og margir hafa á það fallizt, að laun þessi væru sett of há. Stjórnin hafði ætlað þau 1500 kr. og leigulausan bústað, en nefndin í h. Nd. vildi hækka launin upp í 2000 kr. auk leigulauss bústaðar. Vjer verðum að gæta þess, að ráðsmaðurinn þarf ekki að hafa aflað sjer neinnar sjerstakrar menntunar, hann þarf ekki einu sinni að hafa reikningshald spítalans á hendi, því til þess er ætlað fje handa sjerstökum manni, gjaldkeranum; hver útsjónarsamur bóndi getur tekið að sjer starf þetta. Þegar vjer berum laun þessa manns, sem engu fje hefur þurft að kosta sjerstaklega upp á sig til að geta tekizt þessa sýslan á hendur, þegar vjer berum laun hans saman við laun þeirra hjeraðslækna, sem að eins hafa 1300 kr. og engan leigulausan bústað, þá fer munurinn að sýnast með öllu meiningarlaus og óskiljanlegur á launum þessara manna. Það er jafnvel farið fram á, að maður þessi hafi hærri laun en því nær allir læknar á landinu. Það er jafnan varlegt að setja launin ekki mjög há í upphafi, það er hægra að hækka þau en lækka, ef þörf þykir. Þá skal jeg minnast á breyt.till. við 13. gr. A. b. að á eptir 9. tölulið komi nýr liður, um að útvega harmonium í Vestmannaeyjakirkju. Það hafa þegar komið fram ýmsar till. um þetta. Fyrst fór stjórnin fram á, að veittar væru 350 kr. og síðan fóru eyjarbúar fram á, að upphæð þessi væri hækkuð, en hvorki h. Ed. nje h. Nd. hafa viljað fallast á fjárveiting þessa; en jeg skil þó ekki enn, að h. þing muni ekki geta sansað sig á því, að þessi fjárveiting sje rjettmæt. Þingið hefur þegar tekið það princip, að veita fje til að útvega slík hljóðfæri í landssjóðskirkjur; á síðasta þingi voru samþykktar tvær slíkar fjárveitingar. Það er og óeðlilegt, að landssjóður gjöri kirkjur sínar ver úr garði en aðrir kirkjueigendur. Hann ætti eins og aðrir, að taka tillit til þess, hvílíka þýðingu hljóðfærasláttur hefur fyrir guðsþjónustuna.

Eins og jeg gat um kom bænarskrá frá Vestmannaeyingum til þingsins um að fá veittar 600 kr. til orgelkaupanna, því að þeir töldu upphæð þá, sem til var tekin á stjórnarfrv. oflága til þess að útvega viðunanlegt hljóðfæri í kirkju sína í samanburði við stærð hennar. Nú hef jeg að

eins farið fram á 300 kr., en ætlast til, að söfnuðurinn leggi til það, sem á vantar. Þess ber að gæta, að þetta eru engin bein útgjöld fyrir landssjóðinn, þar sem peningunum á að verja til að kaupa hlut, sem verður eign landssjóðsins. Það er því eins og að taka úr einum vasanum og láta í hinn Það er svo sem sjálfsagt, að söfnuðurinn verður því fúsari á að taka að sjer kirkjuna því betur, sem hún er úr garði gjörð, og jeg sje ekki betur, en að það geti verið hreinn og beinn hagur fyrir landssjóð að veita fje þetta, ef söfnuðurinn leggur fram nokkuð af því fje, sem landssjóður að rjettu lagi ætti að leggja fram. Tvær af breyt.till. mínum, þá við 13. gr. C. 16, sem á að vera 15, og um styrkinn til Þorsteins Erlingssonar, tek jeg aptur, með því að aðrir hafa komið fram með samskonar breyt.till. Jeg vil þó minnast lítið eitt á þessar breyt.-till. Mjer sýnist það óeðlilegt, að ef á að svipta Þorstein Erlingsson styrknum, þá að fara að veita hinu skáldinu hann fremur. Það er þó almennt viðurkennt, að Þorsteinn Erlingsson sje eitt af vorum allra efnilegustu skáldum, og óhætt mun mega telja, að hinn maðurinn jafnist ekki á við Þorstein sem skáld. Það gæti því varla komið til greina, að veita styrkinn öðruvísi en ellistyrk, en á því eru töluverðir agnúar. Ekki verður að vísu á móti því haft, að margar hnyttilegar vísur eru til eptir Pál Ólafsson, en fjöldi þeirra, og það einmitt þær, sem í sjálfu sjer eru bezt kveðnar, eru þess eðlis, að þær mundu naumast þykja þess hæfar, að sjást á prenti.

Loks er þá að minnast á breyt.till. mína, um að nema burt styrkinn til sjera Benedikts Kristjánssonar. Hann hefur nú eptirlaun sem prestur 500 kr., og er það í hæsta lagi, eptir því sem eptirlaun gerast, og mjer er það ekki vel skiljanlegt, hvernig stendur á þessari viðbót, sem hjer á að fara að veita. Jeg hef hugsað um það, en enga sennilega ástæðu fundið. Það er fyrst og fremst óviðkunnanlegt, að þetta kemur ekki fram fyr en nú í þinglok; þó gætu auðvitað verið einhverjar yfirgnæfandi ástæður, sem rjettlættu það. Jeg gæti hugsað mjer, að þessi eptirlaun ættu að veitast hlutaðeigandi, sem fyrverandi þingmanni, eða þá sem öldruðum sómamanni, eða þá í þriðja lagi, sem fyrverandi gæzlustjóra landsbankans. En við allt þetta er töluvert að athuga. Ef fara ætti að veita honum eptirlaun sem fyrverandi þingmanni, þá væri tekið upp nýtt princip, sem gæti dregið eptir sig þungan dilk fyrir landssjóð; ef eptirlaunin ættu að vera handa honum sem öldruðum sómamanni, þá er svo guði fyrir að þakka, að það mundi verða langur uppi, ef setja ætti á eptirlaun alla vora öldruðu sómamenn; jeg held það geti ekki komið til tals að gjöra það, og þá ekki heldur að vinsa úr einstaka þeirra. Það er einnig hættulegt princip að setja hann á eptirlaun sem fyrverandi gæzlustjóra bankans. Til þess að eptirlitið með bankanum geti verið sem tryggast, þarf þingið að hafa sem óbundnastar hendur með að skipa nýja gæzlustjóra, hvenær sem það telur þess þörf; en það bindur nokkuð hendur þingsins, ef sú venja kemst á, að veita fráfarandi gæzlustjórum full laun, sem eptirlaun. En vera má, að maður þessi sje þurfandi, og að þetta eigi að vera eins konar þurfamannastyrkur. Jeg skal ekki segja um, hvernig efnahag hans sjálfs líður, en alkunnugt er það, að hann á efnaða að; vjer vitum það, að hann á sterkríkan stjúpson, er eigi sýnist ofætlun fyrir að styrkja stjúpa sinn og móður. *(Forseti:* Jeg leyfi mjer að minna h. þm. á að vera sem minnst persónulegur í umræðum um mál þetta). Jeg verð að taka þetta fram, sem ástæðu fyrir máli mínu. Jeg get varla annað skilið, en að þessum stjúpsyni hljóti að vera það harla ljúft að fullnægja hinni góðu og gömlu skyldu, að

sjá fyrir sínum nánustu ættingjum; hann þyrfti varla annað til þess að standa jafnrjettur eptir sem áður, en að halda einni eða tveimur færra af veizlum þeim fyrir þingmenn, sem svo misskiptar skoðanir eru um, hve þeim sjeu hollar og hver áhrif þær geti haft á framkomu þeirra í ýmsum málum. (*Klemens Jónsson:* „Fý“!) „Fý“ segja þeir, sem tekið hafa þátt í veizlunum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hef leyft mjer að koma með breyt.till. á þingskj. 566 um að færa 3200 kr. til kennarafræðslu í Flensborgarskóla niður í 2800 kr., og er þessi upphæð þó 600 kr. hærri en hún var í frumv., þegar það fór seinast hjeðan úr deildinni. Jeg skil ekki, af hvaða ástæðu h. Ed. hefur fært þennan lið svona mikið upp. Jeg hef heyrt, að hún hafi gjört það sjerstaklega vegna eins kennaranna, sem skólinn ekki vill missa, en getur líklega ekki haldið af því, að hann hefur ekki nema 600 kr. í laun. Jeg álít að þetta sjeu of lítil laun, en álít hins vegar, að ekki geti komið til mála, að hækka launin um 1000 kr., svo að hann fái alls 1600 kr. Jeg hygg, að hann gæti gjört sig ánægðan með 1200 kr., og á því er breyt.till. mín byggð.

Þá skal jeg snúa mjer að breyt.till. á þingskj. 573, sem fer fram á, að fella úr frumv. nokkra liði, er snerta fjárveitingu til tveggja sýsluvega og einnar brúar. Þegar jeg leit fyrst á þessa breyt.till. og sá nafn tillögumannsins, þá þóttist jeg geta skilið í þessu, en þegar jeg fór betur að aðgæta tillöguna, gat jeg samt ekki skilið í henni.

H. þm. Rvík. (J. J.) sagði áðan, að þar sem hjer væri ekki um lögboðin gjöld að ræða, þá ætti þingið að sneiða hjá að veita þetta fje. Jeg hefði þess vegna getað ímyndað mjer, að hann hefði komið með br.till. í þá átt, að nema burtu allar þessar fjárveitingar, sem hann segir, að ekki sjeu lögboðnar. En þetta hefur hann ekki gjört. Jeg lít svo á, að hann sje ekki mikið fyrir, að vægja til við menn þessi h. þingm. Að minnsta kosti hefur enginn hjer á þingi haft við mig grófari orð utanþings, en hann. Það eru ekki nema ósiðlegir dónar, sem viðhafa slík orð. En samt hef jeg álitið þennan mann ærlegan og samvizkusaman, en að eins svo þveran, að hann vildi ekki vægja fyrir öðrum. En þegar jeg sje, að hann vill fella burtu þá sýsluvegi, sem fengið hafa mest fylgi hjer í h. þingd., og sömuleiðis fjárveitingu til áríðandi brúar, en gengið aptur fram hjá fjárveitingunni til sýsluvegar í Skaptafellssýslu, sem miklu minni sanngirni mælir með, þá sýnist þetta benda á eitthvað annað, en ærlegheit og samvizkusemi. Þessari breyt.till. er þannig varið, að jeg skil jafnvel ekki, að nokkur h. þm. geti með óskertum sóma gefið henni atkv. sitt, því maður hlýtur að ætla, að eitthvað ósæmilegt liggi hjer á bak við.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) o. fl. hafa talað hjer um brot á „principi“. En er það brot á principi að veita fje til fyrirtækja, sem horfa til framfara í landinu? En ef það er meiningin, að veita ekki annað á fjárlögum, en það, sem ákveðið er með lögum, þá þyrfti engin fjárlög. Þau yrðu þá ekki annað, en registur yfir laun embættismanna og þess háttar, og væri stjórninni þá ekki ofvaxið, að skrifa slíkt registur.

Enn fremur skildi jeg ekki ræðu h. 1. þm. Ísf. (S. St.), fremur en ræðu h. þm. Rvík. (J. J.), þar sem hann var að tala um það frá almennu sjónarmiði, að ekki væri rjett að taka það inn á fjárlögin, sem þinginu væri ekki skylt að leggja fje til. Sjerstaklega gat jeg ekki skilið þetta í samanburði við það, sem hann mælti í gær í h. Ed. um fjárveitingu til vegarins á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu, og þó er það ljóst, að sú vegagjörð er ekki eins rjettmæt til að fá styrk úr landssjóði, eins og t. d. sýsluvegurinn í Strandasýslu, sem

í eðli sínu er þjóðvegur, eins og tekið hefur verið fram; enda er þessi vegur sjálfsagður að verða þjóðvegur, svo að þingið sýndi nú að eins hagsýni í því, að veita þetta fje til hans og nota sjer tilboð sýslubúa um að leggja til fje á móti.

Að jeg hef verið með að skrifa undir breyt.till. á þingskj. 564 um að hækka fjárveitinguna til sýsluveganna o. fl., er satt að segja ekki laust við kapp, af því, að oss þótti h. Ed. helzt til breytingagjörn og hafa tekið nokkuð lítið tillit til þessarar deildar. Samt er mjer ekki mikið kappsmál, hverjar upphæðirnar verða teknar. Sjerstaklega var jeg með breyt.till. um að hækka veitinguna til sýsluveganna, af því, að jeg vissi, að þingmenn Ísf. mundu koma með breyt till. um, að vegurinn á Breiðadalsheiði yrði settur inn með sömu upphæð, eins og áður, en það gat mjer ekki þótt sanngjarnt, að sú sýsla ein fengi þessa hærri upphæð. Ef Breiðadalsheiði hefði fengið að vera með hjá h. Ed., eins og hinir sýsluvegirnir og veitingin til hennar hefði verið lækkuð þar eins og veitingin til hinna, þá hefði jeg ekki komið með þessa breyt.till. um hækkun fjárupphæðanna. Jeg vona, að h. þingd. skoði þetta svo sanngjarnlega, að hún hagi atkvæðagreiðslu sinni um Breiðadalsheiði eptir því, hvernig atkvæðin falla um hækkunina í fjárveitingunni til hinna sýsluveganna.

Forseti: Jeg get ekki látið vera að taka það fram og víta það, að h. þm. Strandam. (Guðj. Guðl.s.) viðhafði í ræðu sinni orð um einn h. þingmann, sem ekki voru þinghæf, og sem jeg vildi óska, að ekki hefðu komið fram.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: H. þm. Borgf. (Þ. B.) þótti það illa farið, hversu fjárlögin hefðu orðið að hrekjast deilda á milli í þinginu, og loks í sameinað þing, og kenndi hann það of miklum kappsmunum þingdeildanna.

En jeg verð að vekja athygli á því, að h. Ed. hefur í bæði skiptin, sem frv. kom fyrir hana, gjört miklu fleiri og umfangsmeiri breyt.till. við frv. heldur en h. Nd.; það er h. Ed., sem hefur sýnt sig miklu kappsfyllri í málinu.

Það hefur verið mikið um það talað, að það væri brot á löghelgaðri frumreglu, að veita fje til sýsluvega; en bæði er það nú, að fyrir oss í fjárlaganefnd h. Nd. mun hafa vakað annað princip, en fyrir h. þm. Rvík. (J. J.), og h. 1. þm. Ísf. (S. St.), enda hygg jeg að báðir þessir tveir h. þingmenn hafi á þingæfi sinni brotið meiri princip en Nd. Þó að eitthvert fyrirtæki sje þess eðlis, að það sje að lögum annara skylda en landssjóðs að kosta það, þá sje jeg ekkert principbrot í því, að veita fje því til stuðnings á fjárlögunum.

Væri slíkt principbrot, þá eru víst æði mörg principbrotin á hverjum fjárlögum, því margt er það, sem styrkur er veittur til af landssjóði; en slíkir styrkir eru einmitt veittir til fyrirtækja, sem landssjóður er ekki skyldur að lögum að kosta. Þess vegna er það að eins styrkur; annars yrði landssjóður að borga allan kostnaðinn.

En að því er sýsluvegina snertir, skal jeg geta þess, að það vakti fyrir nefndinni, að alþingi getur svo opt sem það vill breytt vegunum, t. d. sýsluvegum í þjóðvegi eða þjóðvegum í sýsluvegi. Upphaflega lagði nefndin til að styrkja að eins 2 sýslur á þennan hátt, en það voru sýslur, þar sem svo hagaði til að um þær lá enginn þjóðvegsspotti.

Ef nú sýslufjelagið gerir ekki neitt við vegina fyrir efnaleysi, þá rekur þar að, að landssjóður verður neyddur til að gera þá að þjóðvegum, og þá kosta þá alveg. En nú kaupir hann af sjer þessa skyldu í framtíðinni með því að veita þeim þennan styrk.

Jeg stend því kinnroðalaus fyrir þetta principbrot gagnvart h. þm. Rvík. (J. J.)

og hverjum öðrum. H. þm. Rvík. (J. J.) bar það á fjárlagan. Nd., að hún hefði nærri því brotið vegalögin með því að láta sjer nægja þjóðveg í akbrautar stað í Rangárvallasýslu austan Þjórsár. En því var skotið til hæstv. landshöfðingja, hvort það mundi ekki geta samrýmzt rjettum skilningi laganna, og áleit hann svo vera. Annars kom þetta ekki frá fjárlagan. upphaflega.

Hefði annars h. þm. ætlað að gera nokkurt gagn með þessum bendingum, þá hefði hann átt að koma með þær fyrri; nú er það allt um seinan.

Sigurður Gunnarsson: Síðan jeg bað um orðið, hafa 2 eða 3 þm. tekið fram flest það, sem jeg ætlaði að segja, og get jeg því sleppt því.

En það vil jeg fullyrða, að hefðu fjárlögin verið samþykkt í líku formi og því, sem þau voru í þegar þau fóru fyrst úr Nd., þá mundi flestum hafa líkað þau betur; en að svo er ekki orðið, verður ekki kennt nefndinni í Nd.

H. 1. þm. Ísf. (S. St.) fór hjer að segja sögu af Magnúsi Magnússyni frá Cambridge, sem sækir hjer um leikfimisstyrk. Sagan var mjög áheyrileg og söguleg, en hafði bara þann eina galla, að hún var ósönn. Hann sagði, að hann hefði komið hjer upp í orlofsferð og ætlað að bregða sjer til Austurlands til þess að sjá frændur og átthaga; en svo hefðu einhverjir þingmenn hjer gripið við honum tveim höndum og sagt honum að bjóðast til að kenna hjer leikfimi, því að hjer væru nógir peningar handa honum að hafa úr landssjóði. Sannleikurinn er, að jeg veit ekki betur, en að hann kæmi hingað upp beinlínis til þess að bjóða sig fram til þess að kenna leikfimi.

Svo hefur hann sagt mjer.

Það vildi svo til, að jeg var af hendingu staddur í Ed. hjer um daginn, þegar sami h. þm. var að tala þar í þessu máli og kom fram með breyt.till. um, að fella styrk þennan niður með öllu; en á því, hvernig hann talaði um leikfimi, heyrði jeg það, að hann hefur verið álíka heppinn að leita sjer upplýsinga um ástand og gildi líkamsíþrótta, eins og um erindi Magnúsar Magnússonar til landsins. Það ætti að vera öllum þingmönnum kunnugt, að líkamsíþróttir standa hvergi hærra en í Englandi, ekki sízt á latínuskólunum og háskólunum. En þessi maður, Magnús Magnússon, hefur í Englandi gengið á latínuskóla og á háskóla í Cambridge og þótti þar afbragð manna í leikfimi. Hann hefur sýnt hjer mörgum þingmönnum sýnishorn af íþrótt sinni. En 1. þm. Ísf. (S. St.) fann það að íþrótt Magnúsar, að það væri að eins gymnastik með handleggjunum. En jeg er ekki viss um, að h. þm. sje vel bær um leikfimi að dæma, að minnsta kosti mun það ekki vera neinum þingmanni kunnugt, að hann sje atgjörvismaður til fimleika með neinum parti líkamans, nema munninum; en þá er hann líka æfinlega skemmtilegur.

Jeg mæli ekki með þessari styrkveitingu sakir mannsins persónulega; fyrir hans sök skal mig taka það ósárt, þótt þessi styrkur verði felldur; en mig tekur sárt til æskulýðsins á Íslandi, sjerstaklega í Reykjavík, ef hann þarf að fara á mis við góða kennslu í íþróttum. En það mun hann fara, ef styrkurinn verður settur niður í 600 kr. Jeg hefði þá heldur viljað leggja það til, að þessar 600 kr. væru veittar h. 1. þingm. Ísf. (S. St.) fyrir að „gymnastisera“ upp á sína vísu frammi fyrir þinginu, en því miður er nú ofseint, að koma með br.till. í þá átt.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (C 564) felld með 18 : 6 atkv.; 1. breyt.till. (C 569) felld með 23 : 3 atkv.; 2. breyt.till. (C 569) felld með 18 : 14 atkv.; 1. breyt.till. (C 567) samþ. með 18 : 17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Sigurður Stefánsson	Þorleifur Jónsson

já:	*nei:*
Björn Sigfússon	Árni Thorsteinsson
Einar Jónsson	Benedikt Sveinsson
Guðjón Guðlaugsson	Eiríkur Gíslason
Jens Pálsson	Guðl. Guðmundsson
Jón Hjaltalín	GuttormurVigfússon
Jón Jensson	Halldór Daníelsson
Jón Jónsson (A.-Sk.f.)	Jón Jakobsson
Jón Jónsson (Eyf.)	Jón Jónsson (N.Múl.)
Jón Þórarinsson	Klemens Jónsson
L. E. Sveinbjörnsson	Kristján Jónsson
Ólafur Briem	Sighvatur Árnason
Pjetur Jónsson	Skúli Thoroddsen
Sigurður Gunnarsson	Þórður Guðmundss.
Sigurður Jensson	Þórður Thoroddsen
Tryggvi Gunnarsson	Þorkell Bjarnason
Valtýr Guðmundsson	Þorl. Guðmundsson
Þórhallur Bjarnarson	

2. breyt.till. (564) felld með 20 : 14 atkv.

br.till. (565) felld með 22 : 9 atkv.; 1. br.till. (577) felld með 20 : 15 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já.	*nei.*
Sig. Stefánsson	Þorl. Jónsson
Guðjón Guðlaugsson	Á. Thorsteinsson
Guðl. Guðmundsson	Ben. Sveinsson
Jens Pálsson	Björn Sigfússon
Jón A. Hjaltalín	Einar Jónsson
Jón Jensson	Eir. Gíslason
Jón Þórarinsson	Gutt. Vigfússon
Klemens Jónsson	Halld. Daníelsson
L. E. Sveinbjörnss.	Jón Jakobsson
Sig. Jensson	Jón Jónsson þm.A.- S.
Skúli Thoroddsen	Jón Jónsson, þm. Eyf.
Valtýr Guðmundss.	Jón Jónss.þm. N.-Múl.
Þórður Guðmundss.	Kristján Jónsson
Þórður Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Þork. Bjarnason	Pjetur Jónsson
	Sighv. Árnason
	Sig. Gunnarsson
	Tr. Gunnarsson
	Þórh. Bjarnason.
	Þorl. Guðmundsson.

3. breyt.till. (564) felld með 18 : 16 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já.	*nei.*
Á. Thorsteinsson	Sig. Stefánsson
Ben. Sveinsson	Þorl. Jónsson
Björn Sigfúss.	Guðl. Guðmundsson
Einar Jónsson	Jens Pálsson
Eir. Gíslason	Jón A. Hjaltalín
Guðjón Guðlaugss.	Jón Jakobsson
Gutt. Vigfússon	Jón Jensson
Halldór Daníelsson	Jón Jónsson þm. A.-S.
Jón Jónsson þm.Eyf.	Jón Jónsson þm.N.-M.
Jón Þórarinsson	Kristján Jónsson
Klemens Jónsson	L. E. Sveinbjörnss.
Ól. Briem	Sig. Gunnarsson
Pjetur Jónsson	Sig. Jensson
Sighv. Árnason	Skúli Thoroddsen
Tr. Gunnarsson	Þórður Guðmundss.
Valtýr Guðmundss.	Þork. Bjarnason
Þórh. Bjarnason	
Þorl. Guðmundsson.	

1. br.till. (573) felld með 31 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk þessara 8 þingmanna: Eir. Gíslasonar, Pjeturs Jónssonar, Jóns Jónssonar þm. Eyf., Guðjóns Guðlaugssonar, Þórðar Thoroddsens, Jóns Jónssonar 2. þm. N.-Múl., Ól. Briems, Jóns Jakobssonar, Kl. Jónssonar, Sighv. Árnasonar, Halldórs Daníelssonar og Þorl. Guðmundssonar og sögðu:

já.

Sig. Stefánsson
Jón Jensson
Jón Jónsson þm. A.-Skf.
Þórður Guðmundsson,

Hinir allir sögðu *nei*.

2. br.till. (573) þar með fallin; 4. br.till. (564) samþ. með 21 : 7 atkv.; 3. br.till. (573) felld með 27 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já.	*nei.*
Sig. Stefánsson	Á. Thorsteinsson
Þorl. Jónsson	Ben. Sveinsson
Guðl. Guðmundsson	Björn Sigfússon
Jón Jensson	Einar Jónsson
L. E. Sveinbjörnss.	Eir. Gíslason
Sig. Jensson	Guðjón Guðlaugss.
Valtýr Guðmundss.	Gutt. Vigfússon
Þork. Bjarnason.	Halldór Daníelsson

nei:
Jens Pálsson
Jón A. Hjaltalín
Jón Jakobsson
Jón Jónsson þm. A.-S.
Jón Jónsson þm. Eyf.
Jón Jónss. þm.N.-Múl.
Jón Þórarinsson
Kl. Jónsson
Kristján Jónsson
Ól. Briem
Pjetur Jónsson
Sighv. Árnason
Sig. Gunnarsson
Skúli Thoroddsen
Tr. Gunnarsson
Þórður Guðmundss.
Þórður Thoroddsen
Þórh. Bjarnason
Þorl. Guðmundsson.

5. br.till. (564) felld með 20 : 15 atkv.; 6. br.till. (564) tekin aptur; 7. br.till. (564) tekin aptur; 8. br.till. (564) felld með 18 : 17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já.	*nei.*
Sig. Stefánsson	Þorl. Jónsson
Guðl. Guðmundsson	Á. Thorsteinsson
Gutt. Vigfússon	Ben. Sveinsson
Halldór Daníelsson	Björn Sigfússon
Jens Pálsson	Einar Jónsson
Jón A. Hjaltalín	Eir. Gíslason
Jón Jónsson þm.Eyf.	Guðjón Guðlaugsson
Jón Þórarinsson	Jón Jakobsson
Kl. Jónsson	Jón Jensson
Sighv. Árnason	Jón Jónsson þm.A.-S.
Sig. Gunnarsson	Jón Jónss. þm.N.-Múl.
Sig. Jensson	Kristján Jónsson
Skúli Thoroddsen	L. E. Sveinbjörnss.
Valtýr Guðmundss.	Ól. Briem
Þórður Guðmundss.	Pjetur Jónsson
Þórður Thoroddsen	Tr. Gunnarsson
Þórh. Bjarnason	Þork. Bjarnason
	Þorl. Guðmundsson

4. br.till. (573) felld með 23 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Þorl. Jónsson	Sig. Stefánsson
Ben. Sveinsson	Á. Thorsteinsson
Guðl. Guðmundss.	Björn Sigfússon
Jens Pálsson	Einar Jónsson
Jón Jakobsson	Eir. Gíslason
Jón Jensson	Guðjón Guðlaugsson
Jón Jónsson þm.A.-S.	Gutt. Vigfússon
L. E. Sveinbjörnss.	Halldór Daníelsson
Sig. Jensson	Jón A. Hjaltalín
Skúli Thoroddsen	Jón Jónsson þm. Eyf.
Valtýr Guðmundss.	Jón Jónss. þm.N.-Múl.
Þork. Bjarnason.	Jón Þórarinsson
	Kl. Jónsson
	Kristján Jónsson
	Ól. Briem
	Pjetur Jónsson
	Sighv. Árnason
	Sig. Gunnarsson
	Tr. Gunnarsson
	Þórður Guðmundss.
	Þórður Thoroddsen
	Þórh. Bjarnason
	Þorl. Guðmundsson.

9. br.till (564) felld með 21 : 9 atkv.; 10. br.till. (564) tekin aptur; 2. br.till (567) felld með 24 : 9 atkv.; 11. br.till. (564) samþ. með 18 : 17 atkv, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Þorl. Jónsson	Sig. Stefánsson
Björn Sigfússon	Á. Thorsteinsson
Einar Jónsson	Ben. Sveinsson
Eir. Gíslason	Guðl. Guðmundsson
Guðjón Guðlaugss.	Jens Pálsson
Gutt. Vigfússon	Jón A. Hjaltalín
Halldór Daníelsson	Jón Jakobsson
Jón Jensson	Kristján Jónsson
Jón Jónsson þm.A.-S.	L. E. Sveinbjörnss.
Jón Jónsson þm.Eyf.	Sighv. Árnason
Jón Jónss.þm.N.Múl.	Skúli Thoroddsen
Jón Þórarinsson	Valtýr Guðmundsson
Kl. Jónsson	Þórður Guðmundsson
Ól. Briem	Þórður Thoroddsen
Pjetur Jónsson	Þórh. Bjarnason
Sig. Gunnarsson	Þork. Bjarnason

já:	*nei:*
Sig. Jensson	Þorl. Guðmundsson
Tr. Gunnarsson.	

Br.till. (572) felld með 22 : 11 atkv; br.till. (566) samþ. með 22 samhlj. atkv.; 1. br.till. (568) samþ. með 19 : 16 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Ben. Sveinsson	Sig. Stefánsson
Einar Jónsson	Þorl. Jónsson
Eir. Gíslason	Á. Thorsteinsson
Guðjón Guðlaugss.	Björn Sigfússon
Halldór Danielsson	Guðl. Guðmundsson
Jens Pálsson	Gutt. Vigfússon
Jón Jensson	Jón A. Hjaltalín
Jón Jónsson þm Eyf.	Jón Jakobsson
Jón Jónss.þm.N.-Múl.	Jón Jónsson. þm.A. S.
Kl. Jónsson	Jón Þórarinsson
Ól. Briem	Kristján Jónsson
Pjetur Jónsson	L. E. Sveinbjörnsson
Sighv. Árnason	Sig. Jensson
Sig. Gunnarsson	Skúli Thoroddsen
Tr. Gunnarsson	Valtýr Guðmundsson
Þórður Guðmundss.	Þork. Bjarnason
Þórður Thoroddsen	
Þórh. Bjarnason	
Þorl. Guðmundsson.	

12. br.till. (564) tekin aptur; 3. br.till. (567) tekin aptur; 2. br.till. (577) felld með 19 : 11 atkv.; br.till. (570) felld með 19 : 13 atkv.; br.till. (574) samþ. með 18 : 17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Þorl. Jónsson	Sig. Stefánsson
Ben. Sveinsson	Á. Thorsteinsson
Einar Jónsson	Björn Sigfússon
Eir. Gíslason	Jón A. Hjaltalín
Guðjón Guðlaugss.	Jón Jónsson þm.A.-S.
Guðl. Guðmundsson	Kl. Jónsson
Gutt. Vigfússon	L. E. Sveinbjörnss.
Halldór Danielsson	Ól. Briem
Jens Pálsson	Sighv. Árnason
Jón Jakobsson	Sig. Gunnarsson
Jón Jensson	Sig. Jensson
Jón Jónss.þm.Eyf.	Skúli Thoroddsen
Jón Jónss.þm.N-Múl.	Valtýr Guðmundsson
Jón Þórarinsson	Þórður Guðmundsson
Kl. Jónsson	Þórh. Bjarnason
Pjetur Jónsson	Þork. Bjarnason
Tr. Gunnarsson	Þorl. Guðmundsson
Þórður Thoroddsen.	

Br.till (569), síðari liður, felld með 21 : 6 atkv.; 2. br till. (568) felld með 18 : 17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Á. Thorsteinsson	Sig. Stefánsson
Björn Sigfússon	Þorl. Jónsson
Eir. Gíslason	Ben. Sveinsson
Gutt. Vigfússon	Einar Jónsson
Halldór Danielsson	Guðjón Guðlaugsson
Jón A. Hjaltalín	Guðl. Guðmundsson
Jón Jensson	Jens Pálsson
Jón Þórarinsson	Jón Jakobsson
Kl. Jónsson	Jón Jónsson þm.A.-S.
L. E. Sveinbjörnss.	Jón Jónsson þm. Eyf.
Ól. Briem	Jón Jónss.þm.N-Múl.
Sig. Gunnarsson	Kristján Jónsson
Sig. Jensson	Pjetur Jónsson
Tr. Gunnarsson	Sighv. Árnason
Þórður Thoroddsen	Skúli Thoroddsen
Þork. Bjarnason	Valtýr Guðmundsson
Þorl. Guðmundss.	Þórður Guðmundsson
	Þórh. Bjarnason

Br till. (575) samþ. með 18 : 5 atkv.; 36. liður 13. gr. C þannig orðaður samþ. með 19 : 6 atkv; 5. br.till. (567) felld með 19 : 9 atkv.; 6. br till. (567) felld með 18 : 11 atkv.; 7. gr. frv. samþ. í e. hlj.; 17. gr. frv. samþ. í e. hlj. Frv. í heild sinni samþ. í e. hlj.

Fundi frestað til kl. $4^1/_4$ e. h.

Fundur aptur settur kl. $4^1/_4$; var þá fyrst lesin upp gjörðabók frá fyrra fundi

Því næst skýrði forseti frá störfum þingsins og úrslitum málanna.

Þá stóð landshöfðingi upp og lýsti yfir því í nafni Hans Hátignar konungsins, að

alþingi væri slitið.

Stóð þá upp þm. N.-Þing. Ben. Sveinsson og mælti:

Lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi. Tóku þingmenn undir það í einu hljóði og síðan var gengið af þingi.